Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Slippfélagið í Reykjavík.

Á deildafundum 10. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast allt að 2700000 kr. lán fyrir h/f Slippfélagið í Reykjavík (A. 97).

Á 23. fundi í Sþ., 19. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Pétur Magnússon): Ég hef leyft mér að flytja þál. á þskj. 97 þess efnis, að Alþ. álykti að heimila ríkisstj. að ábyrgjast allt að 2700000 kr. lán fyrir Slippfélagið í Reykjavík. Út af því, að mál þetta kemur fram í þessu formi, þ. e. a. s. sem þál., vil ég taka það fram, að þótt það ef til vill mætti teljast eðlilegra, að það kæmi í frv.-formi, þá hef ég fetað í fótspor annarra, sem líkan hátt hafa haft í meðferð mála. Ég þarf ekki að vera margorður um þessa þál. Með þál. er prentuð grg. og bréf frá Slippfélaginu h/f til sjútvmrh., þar sem skýrt er frá, hvernig málið horfir nú við, og get ég látið mér nægja að mestu að vísa til þess. Ég vil þó benda á, að hér eru margar dráttarbrautir úti um landið, sem geta tekið smábáta, en öðruvísi horfir við um togarana. Árið 1932 byggði Slippfélagið tvær dráttarbrautir, sem gátu tekið allt að 800 smálesta þung skip, sú stærri. Þessi dráttarbraut hefur orðið að miklu gagni og hefur án efa sparað landinu stórfé, því ef henni hefði ekki verið komið upp, hefðum við orðið að láta öll okkar stærri skip fara til útlanda til viðgerðar. En árið 1946 bilaði vagn stærri dráttarbrautarinnar, og mun nú ekki hægt að taka stærri skip en 550 til 600 smálestir. Þegar svo umtal hófst um að fjölga fiskiskipastólnum, kom þetta mál, að fá nægilega stóran slipp, fljótt á dagskrá. Menn sáu, að tæplega var hægt að gera þau út, nema þau ættu aðgang að slipp hér í Reykjavík. Nýbyggingarráð mælti með láni til Slippfélagsins og útvegaði því nauðsynleg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, því að það þótti sýnt, að ef Slippfélaginu væri gert mögulegt að ráðast í þessar framkvæmdir, mundi sá nýi slippur geta tekið nýju togarana fullfermda, ef þeir þörfnuðust viðgerðar, áður en þeir færu út með fiskinn.

Ég þarf ekki að hafa þessa sögu langa. Ég býst við, að það þurfi ekki að lýsa fyrir hv. þm. nauðsyn þess, að þetta fyrirtæki komist í framkvæmd. Það má gera ráð fyrir því, að áður en langt um líður, verði gerðir út héðan 50 togarar, en útgerð þeirra er vitanlega svo stór þáttur í atvinnulífi landsins, að allt verður að gera til þess, að svo mikilvægur atvinnuvegur geti blómgazt sem bezt, en einn þáttur þess og ekki sá veigaminnsti er, að skipin geti fengið viðgerð hér heima í stað þess að þurfa að leita út fyrir landsteinana. Ef t. d. skip koma af veiðum og hafa hlotið botnskaf eða misst skrúfu, þá er nauðsynlegt, að þau geti fengið hér bráðabirgðaviðgerð, svo að þau komist með fiskinn á markað, í stað þess að ella yrði að draga þau út til viðgerðar með ærnum tilkostnaði. Það er öldungis óhjákvæmilegt að skapa hér skilyrði til þess að íslenzku togararnir geti verið teknir hér á land til viðgerðar. Ég býst við, að ekki séu skiptar skoðanir um það. En ég þykist þó vita, að einhverjir hv. þm. vilji halda því fram, að hér sé verið að fara út á allhættulega braut. Ég veit að ríkissjóður hefur nóg á sinni könnu, en framkvæmdir í þessu þjóðþrifafyrirtæki eru nú þegar hafnar. Það er t. d. búið að steypa undirstöðu dráttarbrautanna ofan við sjávarborð. Þegar þessar framkvæmdir voru hafnar, var gert ráð fyrir hagkvæmu láni úr stofnlánadeildinni, sem ríkissjóður hefði að sjálfsögðu verið í ábyrgð fyrir. Hér er því í raun og veru ekki farið fram á annað en að staðið sé við fyrri skuldbindingar, þar sem nýbyggingarráð var búið að ákveða lán til fyrirtækisins, sem forystumenn þess treystu á. Hitt er þó augljóst, að enda þótt þessi ábyrgð verði veitt, þá er fyrirtækið verr sett en ef það hefði fengið lán samkv. l. um stofnlánadeildina, því að það mun hvergi geta fengið lán með þeim kjörum, er þar voru veitt, þó að það hafi ríkisábyrgð. Ég geri ekki ráð fyrir, að nú sé fáanlegt lán fyrir minna en 4½% til 5%, en af því má sjá, hversu mikil breyting það er frá því, sem áður hafði verið gert ráð fyrir. Með þessari ábyrgð tel ég því, að verið sé að uppfylla loforð, sem gefið hefur verið. Um það hefur verið spurt, hvaða tryggingar yrðu fyrir þessari ábyrgð. Ég tel sjálfsagt, að um það atriði verði sett skilyrði, um leið og ábyrgðin er veitt, og það er bezt að segja það strax, að ég tel ekki annað koma til greina en 1. veðrétt í fyrirtækinu. Það er rétt að geta þess, að fyrirtækið er nú að auka hlutafé sitt úr 200 þús. í 700 þús. og ef til vill upp í 800 þús., svo að það er ekki hægt að segja annað en um allgóða tryggingu geti verið að ræða.

Ég skal nú ekki þreyta þm. með lengri ræðu, en vil leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjvn. Og um leið vil ég beina þeirri ósk til form. fjvn., að hann hraði málinu eftir föngum, því að málið er mjög aðkallandi. Þó að verkið hafi stöðv-

azt nú vegna frosta, þá er nauðsyn, að það geti haldið áfram, strax og veður leyfir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 20. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 97, n. 138).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar till. til þál. á þskj. 97, um heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast allt að 2700000 kr. fyrir h/f Slippfélagið í Reykjavík. N. hefur rætt þessa þáltill. og leitað nokkurra upplýsinga um málið, og skal ég fara um það nokkrum orðum.

Slippfélagið var stofnað 1902 með nálægt 100 þús. kr. hlutafé, til þess þá alveg sérstaklega að byggja upp dráttarbraut fyrir þáverandi fiskiskipaflota landsins, sem var ekki mikið yfir 100—150 skip. 1903—1904 var byggð braut, sem gæti tekið 150 smálesta þung skip, og var það þá talið hæfilegt fyrir þau skip, sem þá voru í landinu.

Þegar togararnir komu 1907, hafði slippurinn á þeim tíma ekki fylgzt svo með þróuninni sem nauðsynlegt hefði verið. Það var ekki fyrr en 1932, að farið er að hugsa til þess að stækka brautirnar, svo að hægt væri að inna af höndum þau verkefni, er voru í samræmi við hinn vaxandi útveg í landinu. Allt frá 1907 til 1932 var ekki hægt að taka hér upp togara til viðgerða á annan hátt en að leggja skipinu í fjöru sumpart í Reykjavíkurhöfn og sumpart í Hafnarfirði og Gufunesi og hingað og þangað. Þetta hafði í för með sér mikið erfiði og mikinn kostnað og oft margvíslegt tjón fyrir sjálf skipin, sem lögð voru þannig á fjöru vegna skemmda, þannig að t. d. gekk stundum upp í þeim hluti í botni, og hækkuðu þá vátryggingargjöldin vegna slíkra skemmda. Það var því mjög aðkallandi fyrir 1932 að koma hér upp dráttarbraut. Þá hefst annar áfangi félagsins með því, að byggðar eru tvær dráttarbrautir, sem hvor fyrir sig gat tekið upp stærri skip. Fjárhagur félagsins var þá orðinn þannig, að 60 þús. kr. voru í hlutafé af því, sem félagið var stofnað af. Við þetta var þá bætt nýjum 60 þús. kr. sem hlutafé og 90 þús. kr. sem forgangshlutafé. Það ár gekk ríkissjóður í ábyrgð fyrir 125 þús. kr. samkv. l. nr. 81 frá 1932. Mér þykir rétt að geta þess, hvaða verkefni þessar brautir hafa leyst af hendi síðan 1932, og hef ég fengið skýrslur yfir það. Á þessum tíma síðan 1932 hafa verið tekin upp nær 1700 íslenzk skip og nær 400 erlend skip, sem munu samtals vera um 550 þús. brúttósmálestir, og vegna þessara aðgerða hefur verið unnið fyrir á annað hundrað millj. kr. Þetta fé hefði farið að mestu leyti út úr landinu, ef ekki hefði verið horfið að því, og þá einnig fyrir góðan skilning hv. Alþ. á málinu, að koma í framkvæmd þessum mannvirkjum.

Nú er þriðji áfanginn fram undan. Við vitum, að togaraflotinn hefur nú stækkað svo, að þær brautir, sem nú eru, geta ekki tekið upp þau nýju skip, og auk þess hafa þessar brautir verið svo ofhlaðnar, sérstaklega á styrjaldarárunum, að þær hafa alls ekki enzt eins vel og þær hefðu annars gert, ef hægt hefði verið að verja þær þeim ofþyngslum, sem varð að leggja á þessar brautir á þessum ófriðartímum. Og þess vegna er það alveg óhjákvæmilegt, að byggðar séu nýjar brautir, eins og hefur verið hafizt handa um. En skilningur á því máli virðist hafa verið ekki aðeins hjá félaginu sjálfu, sem hefur forgöngu um þetta mál, heldur og landsbankanum, sem hefur lánað til bráðabirgða fé til þessara framkvæmda. Einnig hjá nýbyggingarráði, sem lofaði og veitti alla aðstoð, á meðan það starfaði, og auk þess lofaði beinlínis, að lánað væri úr stofnlánadeildinni til þessarar mannvirkjagerðar. Nú hefur þetta brugðizt, eins og kunnugt er, og vegna þess er fram komin sú þáltill., sem hér liggur fyrir.

Þá vil ég einnig í sambandi við það, sem kemur fram í þessari skýrslu um þau störf, sem unnin hafa verið á þessum brautum á þessum tíma, benda á, og það er þó kannske ekki aðalatriði þessa máls, að á öllum styrjaldartímanum hefði engan veginn verið unnt að tryggja eða skapa togaraflotanum það, sem var gert, ef þessar brautir hefðu ekki verið til hér í landinu, því að vitanlega var einmitt vegna þeirra hægt að halda uppi þessum gömlu skipum, sem oft hafa verið fyrir þann tíma kallaðir ryðkláfar. Þessi skip var hér á landi hægt að endurbyggja svo traust, að hægt var að sækja mörg hundruð millj. kr. á þeim í greipar ægis á styrjaldarárunum, beinlínis vegna þess að þessir menn, sem hér eiga hlut að máli, höfðu staðið að því að koma upp þessum brautum 1932.

Nú erum við komnir í sömu aðstöðu og fyrir 1932, þannig að við getum ekki veitt hinum nýju skipum okkar þá aðstoð, sem þarf. Og þess vegna leggur fjvn. einróma til, að þessi þáltill. verði samþ., eins og hún nú liggur fyrir.

Viðvíkjandi tryggingu fyrir þessu láni vil ég geta þess, að það er gert ráð fyrir, að allt mannvirkið kosti 5 millj. kr. og að 1. veðréttur verði gefinn sem trygging fyrir láninu fyrir öllu þessu mannvirki, eins og það verður fullgert, og auk þess 5 þús. m² lóð, sem látin er fylgja með, svo að unnt sé að starfrækja þetta fyrirtæki, alveg sérstaklega ef til þess kæmi, að þyrfti að ganga að veðinu, sem ég vona, að ekki komi til. Þetta hefur verið boðið til viðkomandi stofnana, þegar rætt var um að lána úr stofnlánadeildinni og Landsbankanum, og þessi trygging hefur verið talin örugg fyrir 2700000 kr., og ég geri ráð fyrir, að þessi trygging verði færð yfir fyrir þessu láni, þegar það verður tekið á sínum tíma. Lítur n. svo á, að þessi trygging sé nægileg hér, enda ekkert raskazt frá þeim tíma, þegar gert var ráð fyrir, að lánið yrði tekið hjá stofnlánadeildinni.

Ég sem form. fjvn. hef rætt þetta við hæstv. fjmrh., sem lýst hefur yfir, að hann muni nota þessa heimild, ef hún verði samþ. af Alþ., eins og gert er ráð fyrir í þáltill.

Þá þykir mér rétt að geta þess hér líka, að síðan 1932, eða nýlega, hefur verið aukið hlutafé fyrirtækisins í 700—800 þús. kr., og þessi aukning er staðreynd og ekki gerð með venjulegum hlutabréfum, heldur er það fé lagt fram af hluthöfum bein-

línis í peningum, þannig að það er tilbúið til rekstrarins.

Þá tel ég rétt að geta þess, að frá 1932—1947 hefur þannig verið greiddur arður, að fyrstu 3 árin var hann ekki greiddur, en síðan frá 2—6% til hluthafa, og þó ekki nema til þeirra, sem hafa forgangshlutabréf, og arðgreiðslan nemur um 90 þús. kr. Það má segja, að ekki hafi verið farið óskynsamlega að af þeim, sem stjórnað hafa fyrirtækinu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál nánar. N. er sammála um að leggja til, að þáltill. verði samþ. óbreytt, og væntir þess, að hv. Alþ. sýni þessu máli sömu samúð nú eins og Alþ. á sínum tíma sýndi 1932, sem hefur orðið til margvíslegrar hagsældar og blessunar fyrir útveginn og landslýðinn í heild síðan.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það er mjög nauðsynlegt, að hér komist á fót fyrirtæki, sem getur tekið á land hina nýju togara, því að vissulega mundi það geta haft alvarlegt tjón í för með sér, ef togararnir þyrftu að fara til útlanda til þess að fá viðgerð, ef eitthvað kemur fyrir. Ég get þess vegna eftir atvikum lýst fylgi mínu við þetta mál. Ég vil þó jafnframt benda á, að þegar nú Alþ. á þennan hátt tekur að sér að uppfylla þau loforð, sem nýbyggingarráð hafði gefið þessu fyrirtæki, þá verður sennilega varla komizt hjá því að uppfylla önnur loforð, sem nýbyggingarráð hefur gefið öðrum fyrirtækjum um lán úr stofnlánadeildinni, sem þegar er þurrausin og meira en það.

Það mun vera svo ástatt, að nýbyggingarráð hefur lofað allmiklu meira en til var nokkurn tíma í stofnlánadeildinni, og annaðhvort hljóta að koma fram kröfur um það, að hv. Alþ. lagi það fyrir stofnlánadeildinni, að hún geti fullnægt þessum loforðum nýbyggingarráðs, eða að Alþ. verði að sjá fyrir því á annan hátt.

Ég vildi aðeins taka þetta fram jafnhliða því, að ég lýsi því yfir, að ég fylgi þessu máli, eins og það liggur hér fyrir.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins í sambandi við aths. hv. þm. Ísaf. leyfa mér að upplýsa það, að þetta var nokkuð rætt í fjvn. undir meðferð málsins, og ég vil alveg sérstaklega, að það komi skýrt fram, að málið er ekki afgr. frá n. vegna þess, að nýbyggingarráð hafði lofað þessu, heldur vegna þeirrar miklu nauðsynjar, sem er fyrir því, að þetta mannvirki komist upp. Það kann vel að vera, eins og hv. þm. benti á, að aðrar óskir komi sambærilegar, og þá verður hv. Alþ. og fjvn. að taka í hverju einstöku tilfelli tillit til þess, hve mikla nauðsyn þar er um að ræða.

Pétur Magnússon: Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir fljóta afgreiðslu á þessu máli og fyrir þann skilning, sem hún hefur sýnt því nauðsynlega vandamáli, sem þarna er um að ræða.

Út af aths. í nál. vil ég taka það fram, að það hefur aldrei komið til orða annað en að taka lánið innanlands, og það er óhætt að fullyrða, að ekki mun verða gerð tilraun til þess að selja hlutabréf erlendis, fyrr en útséð er um, að ekki er hægt að fá markað fyrir þau innanlands.

Út af tryggingunum vil ég aðeins geta þess, að svo vel er frá þeim gengið, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður fái sömu tryggingu fyrir ábyrgðinni eins og landsbankinn fyrir bráðabirgðaláninu, sem hann veitti. Það er gert ráð fyrir, að það lán greiðist upp með skuldabréfum, og þá mundi sá veðréttur verða laus, sem landsbankinn hefur fengið, sem er mannvirkið nýja, sem þarna er áætlað á 5 millj. kr.

Þetta vildi ég, að kæmi hér fram, en að öðru leyti hef ég engar aths. að gera í þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 27. nóv., var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 144).

---

2. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á 32. fundi í Sþ., 20. des., var útbýtt:

Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944 (A. 241).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Það er nú næstum komið fram að jólum og þm. þeir, sem búa utan bæjarins, óska að sjálfsögðu eftir því að geta komizt til heimila sinna, áður en jólin byrja. Það var því einsætt, að fundum þingsins yrði ekki haldið áfram lengur nú að þessu sinni. Hins vegar hefur ríkisstj. orðið þess vör, að margir þm., sem búa utanbæjar, vildu gjarnan hafa nokkru rýmri tíma en fram yfir nýár til þess að annast skyldustörf sín hver á sínum stað, ekki sízt í sambandi við áramótin. Eins er ríkisstj. það ljóst, að áður en verulega geta hafizt störf um fjárl. á Alþ., þarf að gera á þeim mjög miklar breyt. í sambandi við þau l., sem voru afgr. héðan frá Alþ. í dag um dýrtíðarráðstafanir. Bæði fjmrn. og eins fjvn. þurfa því að hafa með höndum allmikinn undirbúning, og af þessum ástæðum öllum þótti rétt að leggja til, að það verði ekki ákveðið, að Alþ. komi saman til funda fyrr en um 20. jan. En samkvæmt 23. gr. stjskr. má ekki fresta fundum Alþ. lengur en 14 daga í senn og ekki nema einu sinni á ári, án þess að Alþ. sjálft samþ. Ég hef því leyft mér að leggja til, að till. sú, sem hér liggur fyrir, verði nú afgr. og ákveðið verði, að frá deginum í dag skuli störfum þingsins frestað um sinn og það kvatt saman til funda eigi síðar en 20. jan. n. k.

Vil ég vænta þess, að hv. alþm. geti orðið þessari till. samþykkir og hún nái fljótt að ganga gegnum hæstv. Alþ.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er dálítið undrandi yfir þessari till. og fæ ekki séð, að þau rök, sem hæstv. forsrh. hefur fært fyrir henni, fái staðizt, ef ekki er einhver annar tilgangur með henni. Það hefur alltaf verið talið eðlilegt og sjálfsagt, að þm. fengju sitt jólafrí og að það væru ekki fundir í þinginu yfir jólahelgina, fram á þrettándann eða svo. Til þess að gera slíkt þarf enga lögbundna þingfrestun. Það hefur líka stundum þótt hentugt, að það liði máske heldur lengri tími, t. d. var það þannig í ársbyrjun 1945, að þing kom ekki saman aftur fyrr en 10. jan., og var samkomulag á milli þingflokkanna, að þessu skyldi svo til háttað. Hins vegar þetta — að leggja til formlega frestun á fundum Alþ. eftir stjskr. — það þýðir, að það er beinlínis þinghlé á meðan. Það þýðir aftur tvennt: Í fyrsta lagi, þó að það sé nokkuð umdeilt atriði, að ríkisstj. getur gefið út brbl., meðan slík frestun varir. Í öðru lagi er þm. ekki starfandi sem þm. og fá þar af leiðandi ekki sitt kaup. Viðvíkjandi aðalatriðinu, hvort ríkisstj. með þessari frestun vilji tryggja sér vald til þess að geta gefið út brbl., þá fæ ég ekki séð, að það væri að neinu leyti réttlátt af ríkisstjórninni að æskja þess né heldur af Alþingi að veita það. Ríkisstj. hefur sýnt það einmitt nú, að hún hefur þann stuðning hér á Alþ., að þurfi hún að setja í gegn einhver mjög þýðingarmikil l., sem svona skyndilega bæri að, þá hefði hún að öllum líkindum stuðning til þess að fá það í gegn með því fylgi, sem hún hefur á Alþ., og ef hún gæti ekki komið þeim l. í gegn á þann hátt, þá álít ég ekki rétt, að ríkisstj. fengi tækifæri til þess að gefa þau l. út sem brbl. Þá er það, hvað snertir störf fjvn. Ég get að ýmsu leyti vel skilið, að það gæti verið heppilegt fyrir ríkisstj., að fjvn. starfaði nokkurn tíma án þess að þingfundir væru um leið, en ég fæ hins vegar ekki skilið, að fjvn. beri skylda til þess að starfa, ef þingið situr ekki. Aðeins einni n. er uppálagt að koma saman, þó að þingið sitji ekki, það er utanrmn. Ég verð að segja það, að það væri óviðkunnanlegt, ef það ætti að fara að láta fjvn. halda sérstaka fundi á miðjum þingtíma, en láta þó ekki þingið vera starfandi. Ég fæ ekki séð samræmið í því.

Út frá þessu, sem ég álít aðalatriðið í þessu máli, fæ ég ekki séð, að það sé nauðsynlegt fyrir ríkisstj. að fara fram á þessa þingfrestun, sem hér liggur fyrir. Ég fæ ekki betur séð en að ríkisstj. gæti með samkomulagi við forseta þingsins ákveðið jólafrí eins og venjulega og samkomulag yrði um það, að ekki yrðu haldnir þingfundir fyrstu dagana eftir jólafríið, en fjvn. væri hins vegar starfandi.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, sem er smærra atriði, að þm., sem venjulega hafa sitt kaup yfir jólin, séu sviptir því, vil ég segja það, að það kann að vera, að marga muni ekki mikið um það, en ég vil samt segja það, að ég álít þess háttar aðferð svona óþarfa „knifiri" af ríkisstj. Ég álít það svona eins og vott um það, að hana langi til þess að sýna þinginu, hvað lítla virðingu hún hafi fyrir því og réttindum þm. Ég álít þetta hvorki stórmannlega gert né sanngjarnt.

Hitt er aðalatriðið, að ég er algerlega andvígur því að gefa ríkisstj. nokkurt tækifæri til þess að gefa út brbl. á næstunni. Ég álít, að ríkisstj. hafi til þeirra verka, sem hún telur nauðsynlegt að vinna, nægilegt þingfylgi sem stendur, eins og hún hefur sýnt, og það sé ekki rétt, að hún fari að leggja í önnur verk en þau, sem hún treystir sér til að hafa almennt þingfylgi fyrir. Náttúrlega getur það svo verið, að það vaki eitthvað annað fyrir ríkisstj., en þá væri æskilegt að það kæmi fram. En vegna þess að þessi réttur er talinn felast í þessari frestun — réttur til að gefa út brbl. —, þá vil ég andmæla því, að þessi frestunartill. sé samþ.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Mér skilst, að aðalatriði andstöðu hv. 2. þm. Reykv. gegn þessari till. sé það, að hann vilji ekki gefa ríkisstj. vald til þess að gefa út brbl. á þessu tímabili, sem gert er ráð fyrir, að frestunin standi. Hann hefur sínar ástæður fyrir því. En út frá þeim almennu hugleiðingum hans um þessi atriði vildi ég segja það, að það er að sjálfsögðu skammgóður vermir fyrir hverja þá ríkisstj., sem vildi nota sér það að gefa út brbl., ef hún er ekki viss um, að hún eigi nægilegt þingfylgi fyrir þeim brbl., sem hún kynni að gefa út. Ég álít þess vegna, að ríkisstj., ef hún gæfi út brbl., sem ég veit ekki, að sé ástæða til, mundi ekki gefa þau l. út, nema hún hefði tryggt sér fylgi stuðningsflokka sinna, svo að þau l. næðu fram að ganga á Alþ. Þetta vildi ég segja út af þessari höfuðröksemd hv. 2. þm. Reykv. gegn till. En hitt atriðið, sem ég drap á í fyrri ræðu minni til stuðnings fram kominni till., er það, að margir alþm., sem eiga heima úti á landi, hafa eindregið látið í ljós þá ósk við ríkisstj., að þeir fengju færi á því að dveljast eitthvað fram yfir nýár heima hjá sér til þess að ljúka af nauðsynlegum störfum, og ef þeir gerðu það, þá væri ríkisstj. ekki heimilt að hafa þinghlé, sem mætti telja, að yrði fram yfir 14 daga, heldur yrði að liggja fyrir samþykkt Alþ. um það að fresta fundum þess um skeið. Bæði þessar skiljanlegu óskir margra utanbæjarþm. og eins það, að ríkisstj. virðist, að það sé mjög eðlilegt að nota þann tíma, sem kynni að vinnast frá nýári og til þess tíma, þegar þing kæmi saman aftur, til að undirbúa fjárl., þá telur ríkisstj. mjög eðlilegt, að frestun verði ákveðin.

Varðandi það atriði sérstaklega, hvort fjvn. hafi skyldu til þess að vinna, meðan þessi frestun væri, þá má vel vera, að það sé vafasamt, að hún hafi til þess skyldu, enda mundi ríkisstj. á engan hátt óska eftir því að þvinga fjvn. til þeirra starfa gegn vilja sínum. Hins vegar vildi ég fyrir mitt leyti álíta, að fjvn. þætti næsta eðlilegt og þáttur í góðum vinnubrögðum að hafa einhvern tíma til umráða, meðan frestunin stendur, til þess að undirbúa nauðsynlegar breyt., sem verður að gera á fjárlagafrv. því, sem fyrir liggur. Finnst mér engin ástæða til annars en ætla, að fjvn. væri ljúft að eyða í það nokkrum dögum, því að með því móti væri hægt að undirbúa betri vinnubrögð á Alþ., þegar það kæmi saman. Ég sé því ekki, að það sé hægt að meta rök hv. 2. þm. Reykv. gegn till., önnur en þau, sem hann bar fram, að sjálfsögðu sem höfuðrök, að hann vill ekki veita ríkisstj. heimild til að gefa út brbl. á þessu tímabili, og fer það þá eftir afstöðu hv. þm. út af því atriði, hvort þeir telja, að nokkuð sé í húfi, að ríkisstj. hafi þetta vald eða ekki.

Um laun þm. vildi ég segja það, að mér virðist eftir l. frá 1919 um þingfararkaup, að þfkn. geti um það úrskurðað, hvort þm. fengju laun eitthvað eða jafnvel allan þann tíma, sem þingfrestunin gilti. Jafnvel finnst mér eðlilegt, að þm. hefðu laun a. m. k. þann tíma, sem venjulegt jólaleyfi stendur yfir, þ. e. frá því í dag og þar til hefur verið talið eðlilegt, ef ekki hefði staðið sérstaklega á, að þingfundir hæfust á ný í byrjun næsta árs. Ríkisstj. hefur enga löngun til þess að svipta neinn þm. sínum eðlilega rétti og sanngjörnum kröfum um það út af fyrir sig, og till. þessi til þál. er sízt af öllu borin fram í því skyni, að þm. gætu ekki notið launa þann tíma, sem venjulegt jólaleyfi stendur yfir. Ég tel því fyrir mitt leyti, að það geti ekki verið nein réttlát ráðstöfun að greiða atkv. gegn till. fyrir aðra en þá, eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv., sem ekki vilja láta ríkisstj. njóta þess valds, sem heimilað er í stjskr., til að gefa út brbl. á þessu tímabili, en ég hygg, að yfirleitt verði það vald ekki tekið af þeirri ríkisstj., sem situr á hverjum tíma, þegar þing er ekki starfandi, og þurfi því ekki af þeirri ástæðu að ganga gegn till. þeirri, sem hér liggur fyrir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég fæ ekki séð, að nokkur ástæða sé til að óttast það, að fyrir stj. vaki að senda þingið heim til þess að fá aðstöðu til að gefa út brbl., og mun ég því ekki ræða frekar um það. Hins vegar get ég sagt það sem mína skoðun, að ég er frekar andvígur því, að nokkur frestun eigi sér stað á störfum þingsins. Ég hefði talið mjög eðlilegt, að þingið yrði kallað saman upp úr áramótum, 6.—8. jan., og héldi þá áfram störfum, því að þá væru meiri líkur til þess, að því tækist að ljúka störfum fyrir 15. febr., og gæti næsta þing þá hafizt á tilsettum tíma, en hins vegar með því að fresta fundum þingsins til 20. jan. eru litlar líkur til, að störfum þessa þings verði lokið fyrir miðjan febr.

Viðvíkjandi fjárhagslegu hliðinni, sem hv. 2. þm. Reykv. minntist á og hæstv. forsrh. einnig, vil ég segja það, að þegar kvisaðist, að til stæði að fresta fundum þingsins til 20. jan., þá létu nokkrir þm. það í ljós við mig sem þingfararkaupsnm., að þeim þætti það miður, ef þetta yrði gert og þannig rofið samhengið í störfum þ. og þm., sem ekki hafa neinar aðrar tekjur heldur en sitt þingmannakaup, yrðu þannig sviptir kaupi. Ég stuðlaði því að því, að þfkn. ræddi um þetta atriði, og kom þá í ljós, að 4 af 5 nm. eru því andvígir, að starfsfólk þingsins og þm. sé svipt kaupi, þótt hlé yrði á störfum þingsins til 20. jan. Hæstv. forsrh. lét í ljós við mig, að hann teldi það valdsvið þfkn. að úrskurða um hina fjárhagslegu hlið málsins, og mun ég sem þfknm. halda mig við þá bendingu hæstv. forsrh. og telja, að þfkn. hafi rétt til þess, og mér hefur skilizt, að 4 af 5 nm. væru þeirrar skoðunar, að ekki kæmi til mála að fella niður kaupgreiðslur starfsfólks þingsins og þm., þó að þetta yrði niðurstaðan, að fundum þingsins yrði frestað til 20. janúar.

Forseti (JPálm): Út af ummælum hv. 3. landsk. vil ég taka það fram, að ég lít að sjálfsögðu svo á, að það heyri undir þfkn. að ákveða um kaup þm., en varðandi starfsfólk þingsins þá heyrir það undir forsetana.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætla fyrst að taka smærri atriðin af þeim, sem hæstv. forsrh. talaði um. Hann talaði um, að þm. utan af landi hefðu sérstaklega látið í ljós þá ósk, að þeir gætu haft nokkurn tíma heima hjá sér. Ég fæ ekki betur séð heldur en að þeir gætu haft það, þó að þingfundir hæfust ekki strax upp úr nýári. Ég fæ ekki betur skilið en að samkvæmt stjskr. og þingsköpum sé algerlega heimilt að hafa samkomulag um það milli flokkanna og þingforseta, að þingfundir séu ekki haldnir um nokkurn tíma eða nokkra daga, það þýðir ekki formlega þingfrestun, það þýðir, að þingfundir eru ekki haldnir og að fyrir fram er samkomulag um það. Þannig er sú röksemd, að einstakir þm. utan af landi hafi sérstaklega óskað eftir því að geta verið eina viku eða svo eftir prettándann heima hjá sér, engin rök fyrir því að láta fara fram eftir stjskr. þingfrestun, því að það er hægt að ákveða með samkomulagi milli flokkanna og forseta þingsins, að þingfundir séu ekki haldnir, en þingið sitji samt sem áður.

Í öðru lagi vil ég segja þetta viðvíkjandi þm. og starfsfólki þingsins: Ég vil mjög efast um það, að það sé heimilt fyrir þfkn. og forseta, þó að þeir vildu, að ákveða starfsfólki og þm. laun yfir þann tíma, sem þing alls ekki situr, ég held, að það sé fordæmalaust. Hitt get ég vel skilið, að hverjum manni finnist það ósanngjarnt að senda bæði þm. og starfsfólk þingsins allt í einu burt og láta það vera kauplaust yfir jólin og einhvern tíma lengur, þegar aðrir atvinnurekendur láta sína föstu starfsmenn fá jólafrí með fullu kaupi, en þm. hafa sama kaup og bílstjórar hjá Mjólkursamsölunni, sem hafa frí jóladagana. Ég held þess vegna, að þetta spursmál viðvíkjandi þm. og starfsfólki þingsins — það sé þar um að ræða, að ekki sé hægt að láta þessa aðila hafa þetta kaup, nema því aðeins að þingið að forminu til sé starfandi þennan tíma, en aðeins að fundir séu ekki haldnir. Þetta mundi líka verða erfitt hvað fjvn. snertir. Hins vegar heyrði ég það á hv. 3. landsk., að hann lýsti því yfir, að hann hefði átt tal við forsrh. og forsrh. hefði litið svo á, að þm. og starfsfólk ættu að hafa kaup þennan tíma. Það sýnir sem sé, að það er ekki sparnaðarráðstöfun, sem veldur því, að ríkisstj. vill gjarnan senda þingið heim. Þá er það sem sé aðeins einn hlutur, sem þarna gengur ríkisstj. til, enda kom það fram hjá hæstv. forsrh., og það er að tryggja ríkisstj. rétt til að gefa út brbl., og það álít ég líka aðalatriðið í þessu máli.

Nú er það svo, að þau brbl., sem ríkisstj. gaf út seinast, eru ekki öll afgreidd ennþá frá þessu þingi og þau aðallög, sem þingið biður eftir í 2½ mánuð, þeim hefur ríkisstj. og þingið breytt þó nokkuð. Hvað er það þá, sem ríkisstj. sérstaklega er að hugsa um, þegar hún, hvað sem það kostar, vill tryggja sér vald til þess að geta gefið út brbl.? Því var lýst yfir hér í umr. um dýrtíðarmálið, að svo framarlega sem þjóðin, þ. e. a. s. sá hluti hennar, sem byrðar eru lagðar á, tæki þessu ekki vel, þá mundi annað verra á eftir fara. Það mundi verða jafnvel gengislækkun, og þetta væri aðeins fyrsta sporið af fleiri — aðeins byrjunin á því, sem verða skyldi. Nú kann að vera, að ríkisstj., þó að hún hafi fengið þingið til að samþykkja þessi l. með nokkrum breyt., mundi ef til vill ekki treysta sér á þann hátt til þess að leggja fyrir þingið slík l. og kysi þess vegna heldur að hafa vald til að gefa út brbl., og er þá

ekki hægt að segja, hvernig slíkt yrði notað, enda kom það fram hjá hæstv. forsrh., að hann dró á engan hátt úr því, að það væri hans hugsun, að ef til vill yrði þetta hlé þannig notað, en færði hins vegar fram þau rök, að það væri ólíklegt, að ríkisstj. gæfi út brbl., sem ekki hefðu stuðning þingsins á eftir. En komið hefur það nú fyrir, að ríkisstj. hefur gefið út brbl., þó að mjög skammt væri til þings og þó svo mikið gengi á í sambandi við útgáfu brbl., að einn ráðh. færi úr stj. og Alþ. á eftir tæki mjög dauflega í þau l., enda sýndi það sig, að l. náðu aldrei fullu gildi. Þetta voru brbl. 8. jan. 1942, sem fjölluðu um gerðardóminn. Það er þess vegna ekki einu sinni trygging fyrir því, að slík ríkisstj. noti ekki vald sitt til að gefa út brbl., jafnvel þó að þing komi saman skömmu síðar og innan ríkisstj. væri mjög mikill ágreiningur um l. Ég álít þess vegna, að það sé ekki rétt af Alþ. að samþykkja þessa till. til þál. Hins vegar mundi ég mjög vel geta skilið þá ósk ríkisstj., að það yrðu ekki haldnir þingfundir nokkurn tíma eftir þrettándann, til þess að henni gæfist betri tími til að sinna sínum málum og láta fjvn. starfa að þeim breyt. á fjárl., sem nauðsynlegar væru. En ég álít mögulegt, að sá starfsfriður fengist með samkomulagi milli þingflokkanna og forseta þingsins, án þess að till. til þál. um frestun á fundum Alþ. sé samþ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er algerlega byggt á misskilningi, að þfkn. geti ráðið kaupi þm., þegar frestað er. Í l. um þingfararkaup frá 1919 er þannig í 1. gr.:

„Alþingismenn skulu hafa 12 kr. þóknun daglega, bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og þann tíma, sem fer til ferða að heiman til þings og heim af þingi.“

Þessa daga eiga þeir að fá 12 kr. og aðra daga ekki. Svo kemur síðar, að þm. fái ferðakostnað og þfkn. ákveður ferðadagana, hvað þeir séu margir og hvaða útgjöld séu á leiðinni. (**SigfS:** Stendur það í lögunum?) Það stendur í lögunum, að þm. skuli fá kaup, 12 krónur á dag, þann tíma, sem setið er á Alþingi, og þá daga, sem þm. eru að ferðast heiman að til þings og heim af þingi. Þetta er tæmandi upptalning um það. Ef það er hins vegar meiningin að borga alþm. kaup einhvern tíma, eftir að störfum er hætt í dag, þá er þingi frestað frá þeim degi, sem því er hætt. Ef það er meining hæstv. ríkisstj. að láta þm. fá kaup jólafrílð, þá er þingi frestað frá 31. des. Fram að þeim tíma teljast þeir starfandi, þótt í fríi séu, og fram að þeim tíma eru þeir skyldugir að mæta, ef forseti kallar þá saman. Þetta var um þingfrí. En ef um frestun er að ræða, verður sjálf ríkisstj. að boða fund og kalla þm. saman með fyrirvara, þegar tími er til kominn. Þegar frestað er, fá þeir ferðakostnað heim og heiman, en það fá þeir ekki, þegar þingfrí er, því að þá eru þeir skyldugir að mæta, ef þörf er á.

Ég er sjálfur með því, að gerð verði þingfrestun. Ég sé enga ástæðu til að borga öllu starfsfólki milli 8 og 10 þús. kr. á dag í meira en mánuð, ef ekkert á að gera.

Ef það er meiningin, að þingið komi saman strax eftir áramótin eða boða þurfi fund milli jóla og nýárs, þá er sjálfsagt að gefa aðeins þingfrí, en fresta ekki. Þetta liggur ljóst fyrir. Ef þingi er frestað, þá situr það ekki einu sinni að nafninu til. Þá er hægt að gefa út brbl. Þá er engum greitt kaup, aðeins ferðakostnaður heim og til þings aftur. Ef þingfrí er gefið, situr þingið að nafninu til, öllum er greitt kaup, en enginn ferðakostnaður er greiddur, hvorki heim né heiman, og þá má ekki gefa út brbl. Það er eðlismunur á þessu tvennu. Ég læt aldrei hafa mig til að samþykkja kaup þvert ofan í lögin. Það er búið að brjóta nóg lög á sjálfu Alþingi.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég er því meðmæltur, að þingi verði frestað, a. m. k. þann tíma, sem talað er um í þeirri till., sem hér er. Til þess eru tvær ástæður.

Það er nauðsynlegt fyrir menn, sem eiga heima úti á landi, að fá tækifæri til þess að koma heim til heimila sinna og dveljast þar nokkurn tíma. Það er svo um suma þeirra, að þeir hafa störfum að gegna heima í sinni sveit, sem sérstaklega kalla að upp úr næstu áramótum. Það eru þeir menn, sem vinna að eignakönnuninni, undirbúningi skattaframtala og fleiri aðkallandi störfum, sem nauðsynlegt er, að þeir fái tóm til að sinna.

Í öðru lagi tel ég, að slík frestun sé hagkvæm með hliðsjón af þeim verkefnum, sem fyrir liggja á Alþingi. Það er vitað, að lögin, sem gengið var frá í dag, eru þannig, að það verður að umsemja fjárl. Þetta verður bezt gert með því, að ríkisstj. láti vinna að því verki í stjórnarráðinu og leggja fram ný fjárl. Þetta getur tekið nokkurn tíma, ásamt þeim störfum, sem ríkisstj. þarf að vinna að í stjórnarráðinu eins og venjulega við undirbúning fjárl. Það gæti verið hagkvæmt samkomulag milli ríkisstj. og fjvn., að hún kæmi saman, áður en þingið verður kallað saman. Það mundi flýta störfum, þegar þingið kemur saman. Ég geri ráð fyrir, að aðalverkefni þess Alþingis, sem saman kemur í næsta janúarmánuði, verði að ganga frá fjárl., auk þess sem eitthvað annað liggur fyrir því, bæði frá þingi því, sem nú er frestað, og sem fram kann að koma, en aðallega verður gengið frá fjárl.

Þessar tvær ástæður tel ég vera fyrir því, að heppilegt sé að fresta Alþingi, a. m. k. þann tíma, sem um ræðir. Hins vegar er mér ekki annað í hug og finnst sjálfsagt, að allar greiðslur falli niður, bæði til þm. og starfsfólks. Það leiðir af sjálfu sér. Ég vil benda á, að það eru gerðar kröfur til Alþingis um að auka ekki, heldur draga úr þeim kostnaði, sem orðinn er á starfrækslu ríkisstofnana og allri opinberri starfsemi ríkisins. Ég teldi það í mjög miklu ósamræmi við þær kröfur, sem Alþingi er búið að gera til borgara þjóðfélagsins um að draga úr ýmsum kostnaði, ef algerlega á að ganga bak við það, hvað snertir starfsemi ríkisins, en það yrði gert með því að greiða þm. kaup þann tíma, sem þeir sitja ekki á þingi, og því starfsfólki, sem ekki þarf að vinna hér þann tíma, sem þingið starfar ekki.

Þetta vildi ég láta koma fram sem mína skoðun á málinu, og á grundvelli þess, sem ég hef sagt, greiði ég atkvæði með því, að þinginu verði frestað.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að svara hv. 2. þm. Reykv. frekar en orðið er, því að það kom ekkert nýtt fram í síðari ræðu hans. Þó vildi ég segja það, að hann taldi, að hægt væri að gefa þingfrí fram til miðs janúar, án þess að fundum væri frestað. Það tel ég mjög mikið vafamál skv. ákvæðum 23. gr. stjskr. Hins

vegar leit stjórnin svo á, að ef störf Alþingis ættu að falla niður um tíma, eða fram undir 20. jan., þá væri nauðsynlegt vegna ákvæða 23. gr. stjskr. að fresta þinginu.

Hins vegar vil ég segja út af skýringu hv. 1. þm. N-M. á l. um þingfararkaup alþm. frá 1919, að ég tel fyrir mitt leyti, að það falli undir verksvið þfkn. að ákveða, hvort þm. skuli hafa laun einhvern þann tíma eða allan, sem þingi kann að verða frestað. Hv. 1. þm. N-M. vitnaði í 1. gr. þessara l. um það, að alþm. hafi ákveðið dagkaup, bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi og fer í ferðir. Ef þessi orð 1. gr. l. væru tekin algerlega bókstaflega, þá ættu þm. alls ekki að fá laun aðra daga en þá, sem þeir sætu á þingfundum. Þannig hefur þetta aldrei verið skýrt. Þm. hafa þess vegna fengið laun, þó að þeir hafi ekki setið á þingfundum nokkra daga, og þó að samkomulag væri um, að forseti lýsti yfir, að næsti fundur yrði ekki fyrr en eftir viku til 10 daga, hafa þm. samt fengið laun fyrir þann tíma. Að vísu má segja með réttu, sem hv. 1. þm. N-M. tók fram, að það hafi verið svo áður, að þm. hafi fengið fullt dagkaup, þó að þingfundir hafi fallið niður um stutt skeið, en ef þingi hafi verið frestað, hafi þeir ekki fengið dagkaup. Þetta stafar af því, að venjulega hefur þingi verið frestað svo verulega eða svo langan tíma, að ekki hefur þótt rétt að greiða þm. kaup á því tímabili. Hins vegar hefur það venjulega verið miklu styttra tímabil, sem fundir Alþingis hafa fallið niður án formlegrar frestunar. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég hef áður lýst, að það sé þfkn., sem ákveður þetta atriði um launakjör þm. En eins og forseti hefur með réttu bent á, þá er það forseta að ákveða kaup annars starfsfólks Alþingis, þegar svona stendur á. Það þarf ekki fleiri orð um þetta.

Ég tel að öll sanngjörn rök mæli með því, að tillaga sú, sem hér er til umræðu, verði samþ., og mér er óhætt að segja, að það hafa verið bornar fram óskir til ríkisstj. frá mörgum þm., sem eiga heima utan Reykjavíkur, um, að þeir þurfi ekki að koma til þings fyrr en seinni hluta janúarmánaðar vegna ýmissa skyldustarfa, sem þeir hafa heima. Hv. þm. Borgf. hefur þegar skýrt þetta fyrir sig, en líkt er ástatt með talsvert marga þm., sem búa utan Reykjavíkur. Mér finnst eðlilegt að taka til greina þessar óskir þm. En þegar þingi er frestað af ríkisstj. og alþm. sjálfum, þá verður að ganga þannig frá því, að sé í samræmi við stjskr., en þingfundir geta ekki fallið niður svona langan tíma, nema Alþingi geri um það samþykkt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Maður heyrir alltaf eitthvað nýtt hvern dag, sem maður lifir. Nú hef ég heyrt lögfræðing koma fram með skýringu, sem er svo fjarstæð, að ég skil ekkert í því. Hann segir, að ef maður vildi skýra bókstaflega 1. gr. l. um þingfararkaup, þá ættu þm. aðeins að fá kaup þá daga, sem þingfundir væru, þá daga, sem þeir „sætu" hér á þingi. Þing er kallað saman með ráðherrabréfi ákveðinn dag, og svo stendur í greininni, að þeir fái þóknun daglega fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og svo er ráðh. hér að draga frá þá daga, sem fundir eru ekki haldnir. Lögfræðingar geta fundið upp á mörgu, þegar þeir eru að reyna að verja málstað sinn. Ég er svo hissa á þessari fjarstæðu, að ég á ekki orð til í eigu minni. Og þessi skýring kemur frá ráðherra!

Það orkar ekki tvímælis, að Alþingi situr frá þeim degi, er forseti kallar það saman, og þangað til því er slitið eða frestað. Þetta er eins auðskilið mál og mest getur verið. (**PO:** Þm. eiga sæti á Alþ. allt kjörtímabilið.) Ef hæstv. ríkisstj. vill láta skilja þetta á annan veg, verður hún að fá einhvern færari en mig í þfkn., ég mun aldrei láta hafa mig til að úrskurða kaup til nokkurs manns, eftir að búið er að fresta Alþ. Hins vegar get ég vel skilið, að hún vilji láta fresta Alþ., með því sparast 200—300 þús. kr., og Alþ. hefur verið að ræða um sparnað landsmanna undanfarið, svo að það er ekki úr vegi, að það reyni sjálft að breyta þar eftir. En nú virðist ríkisstj. sjálf vilja, að þm. fái kaup, þó að þeir geri ekki neitt. Þá verður hún að fá einhvern annan til að samþykkja það. Það verður ekki ég, sem geri það.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég ætla ekki að fara að hætta mér út í lagaskýringar við þessa lögfræðinga, en ég vil skýra frá því að gefnu tilefni, að lagabókstafurinn hefur ekki alltaf verið notaður jafnstranglega og hv. 1. þm. N-M. vill vera láta. Ég man eftir því, að ég hef tvisvar verið kallaður að til þess að standa í stjórnarmyndun eftir kosningar. Það voru þm. úr þeim flokkum, sem stjórnina mundu styðja, sem kallaðir voru saman, en þingið var í hvorugt skiptið kallað saman. Hins vegar var í bæði skiptin ákveðið að greiða þeim þm., sem að stjórnarmynduninni stóðu, þingfararkaup þá daga, sem þeir voru hér í bænum til að sinna þessum störfum. Í annað skiptið að minnsta kosti var hv. 1. þm. N-M. einn af þessum þingmönnum og samþykkti þá að beita ákvæðum þessara laga. (**SigfS:** Eru fleiri þingmenn, sem hafa fengið þetta kaup?).

Einar Olgeirsson: Mér þykir mjög gaman að þessum upplýsingum. Þetta er mjög fróðlegt. Ég hef aldrei heyrt getið um þetta áður. Þeir um það, sem þau laun hafa fengið.

Forsrh. sagði í ræðu sinni, að hann efaðist um, að það væri hægt skv. 23. gr. stjskr. að hafa þingfrí fram til 15. jan. Ég hef undirstrikað það í ræðu minni áðan, að þetta er heimilt. Ég vil minna hæstv. forsrh. á, að 1945, í ársbyrjun, þá var gefið þingfrí a. m. k. fram til 10. jan., og þegar þingfundir hættu í des. 1944, var þinghlé til 10. jan., en ekki þingfrestun. Skv. 23. gr. stjskr. var samkomulag um þetta, og hafði enginn neitt við það að athuga. Ég held það sé þannig, að þessum lögum um formlega frestun á fundum þingsins, sem setja þingið í raun og veru út úr „funktion", þurfi ekki að beita nú, þegar 23. gr. er athuguð. Hins vegar er hægt að framkvæma svona niðurfellingu á þingfundum, án þess að nokkuð slíkt komi til, og það meir en ½ mánuð. Það er á valdi forseta að gera slíkt, en engum forseta þykir rétt að nota slíkt vald án álits Alþingis, og Alþ. hefur fordæmi um það, að þingfundir hafa verið látnir falla niður um tíma, — hvort það væri til 10. eða 15. jan., skiptir ekki miklu. Ef það hefði verið gert, hefði þingið losnað við þessi leiðindi, að reka starfsfólk burt og borga því ekki kaup og ekki þm. heldur og að þrátta um, hvort heppilegt sé, að ríkisstj. hafi rétt til að gefa út brbl. Fyrir þessu er fordæmi. Ég man, að þetta var nokkuð rætt af ríkisstj. Ólafs Thors 1944.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 29:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 29:7 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 257).

3. Alþjóðavinnumálastofnunin.

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um fullgildingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (A. 67).

Á 23. fundi í Sþ., 19. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Eftir styrjöldina 1914—18 var ákveðið að setja á stofn í sambandi við Þjóðabandalagið stofnun, sem fékk nafnið Alþjóðavinnumálastofnunin. Grundvallarhugsunin við stofnun þessara samtaka var sú, að velmegun og varanlegur friður yrði aðeins reistur á félagslegu réttlæti. Þeim vísu mönnum, sem að þessu stóðu, þótti sýnt, að ekki yrði friðvænlegt í heiminum, nema öruggt félagslegt réttlæti ríkti innan allra þjóðfélaga. Alþjóðavinnumálastofnunin starfaði milli styrjaldanna og eftir að styrjöldin hófst 1939. Hún hafði frá upphafi aðsetur sitt í Genf í Sviss, eins og Þjóðabandalagið, en skömmu eftir að styrjöldin 1939—1945 hófst, fluttist hún til Kanada. Það þótti fyrirsjáanlegt, að hún mundi ekki geta haldið störfum áfram ótrufluð mitt á milli stríðsaðilanna. Þegar styrjöldinni lauk og Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar, var Alþjóðavinnumálastofnunin endurskipulögð. Það vakti athygli á Íslandi, hvort ekki væri rétt, að Ísland gerðist þátttakandi í stofnuninni. Eins og réttarstaða Íslands var gagnvart Danmörku, þótti ekki öruggt, að Ísland gæti það. Í sambandi við þetta var vakin athygli á því í stríðinu, að rannsakað yrði, hvort Íslendingar gætu gerzt aðilar. Flutti ég till. um það á Alþ. 1943, að stjórninni yrði falið að rannsaka þetta. Þessi till. var samþ. og Þórhallur Ásgeirsson, þáverandi sendiráðsritari í Washington, sat sem áheyrnarfulltrúi allsherjarþing, sem stjórn Alþjóðavinnumálastofnunarinnar boðaði til í Philadelfíu 20. apríl 1944. Þegar stjórn Ólafs Thors var mynduð haustið 1944, var það eitt atriði í málefnasamningi þeirra flokka, sem að ríkisstj. stóðu, að Ísland skyldi gerast aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni. Samkvæmt því lagði þáverandi félmrh., Finnur Jónsson, till. til þál. fyrir Alþ. 1944 um að heimila stjórninni að sækja um upptöku og greiða kostnað við þátttökuna úr ríkissjóði. Þessi till. var samþ. samhljóða 7. des. 1944. Á fundi, sem háður var í París 1945, sótti stjórnin um upptöku. Ísland fékk inngöngu og tókst þar með á hendur þær skyldur, sem allir meðlimir inna af hendi, og fékk þau réttindi, sem fylgja. Ég gat þess áður, að það hefði verið grundvallarhugsunin við stofnun þessara samtaka eftir heimsstyrjöldina 1914—1918, að almennur og varanlegur friður yrði ekki tryggður, nema með félagslegu réttlæti. Í sambandi við þetta var það talin grundvallarhugsjón að vinna gegn atvinnuleysi, tryggja hæfileg laun til sæmilegrar lífsafkomu, vernda verkalýð gegn sjúkdómum og slysum, vernda börn, ungmenni og konur, koma á ellitryggingum og örorku, gæta hagsmuna verkamanna, sem ráðnir eru til starfa utan heimalands síns, afla viðurkenningar á þeim meginreglum, að sömu laun komi fyrir sama starfa, svo og að menn séu frjálsir að því að stofna félög, þar með talin verkalýðs- og iðnfélög.

Einn þátturinn í því að framkvæma þessa yfirlýstu stefnu þessara samtaka er það, að þing eru haldin árlega um þessi efni, þar sem mæta fulltrúar fyrir þrjá aðila. Í fyrsta lagi fyrir þau ríki, sem í sambandinu eru, í öðru lagi fyrir verkalýðssamtök þeirra þjóða, sem þarna eiga hlut að máli, og í þriðja lagi fyrir atvinnurekendasamtök sömu landa. Þessi þing ræða svo þau málefni í samræmi við yfirlýsta stefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og gera ýmsar ályktanir um þau, og fulltrúar þeirra ríkja, sem þessi þing sækja, leitast svo við að koma slíkum ákvörðunum í l., hver í sínu landi, þar sem þær hafa ekki verið þegar bundnar í l.

Auk þessara þinga starfar svo stjórnin, sem valin er af samtökunum og þingum þeirra, og þar að auki halda samtökin uppi mjög myndarlegri upplýsingarstarfsemi og hafa miklar skrifstofur, sem upprunalega voru í Genf í Sviss. Var þar byggt stórt hús fyrir þessa starfsemi og komið upp því fullkomnasta bókasafni, sem til er í heiminum um félagsmálefni, og árlega sendir skrifstofan frá sér sem allra nákvæmastar skýrslur um hag og horfur í félagsmálefnum þeirra landa, sem eru innan þessara samtaka.

Þegar Alþjóðavinnumálastofnunin var endurreist eða endurskipulögð, því að þessarar starfsemi gætti miklu minna á stríðsárunum, þá var fundur haldinn í Philadelfíu í maí 1944, þar sem gerð var yfirlýsing, sem átti að verða leiðarljós fyrir áframhaldandi starfsemi sambandsins, og segir svo í þeirri yfirlýsingu, með leyfi hæstv. forseta: „Allsherjarþingið staðfestir grundvallarreglur þær, sem stofnunin er reist á, og þá einkum þessar: a) að vinnan er ekki verzlunarvara, b) að málfrelsi og félagafrelsi er frumskilyrði áframhaldandi framfara, c) að fátækt, hvar sem er, stofnar hagsæld um víða veröld í voða, d) að baráttu gegn skorti þarf að heyja með óbilandi þrótti innan sérhvers þjóðfélags og með stöðugri og samræmdri alþjóðaviðleitni, þar sem fulltrúar verkamanna og vinnuveitenda eru jafnréttháir fulltrúum ríkisstjórna og leggja lag sitt saman um að vinna að því með frjálsum umræðum og lýðræðislegum ákvörðunum að auka sameiginlega hagsæld."

Þetta var, eins og ég sagði áðan, eins konar undirstrikun og nánari útfærsla á þeirri grundvallarhugsjón, sem sett var fram við stofnun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Eins og ég gat um áðan, gerðist Ísland aðili að þessum samtökum árið 1945 samkvæmt einróma ályktun Alþ.

Fyrir þá, sem vilja sækja þing þessarar Alþjóðavinnumálastofnunar, þá verða þeir að fara eftir settri reglu um slíkt. Allsherjarþingið er þannig skipað, að þar eiga sæti fjórir fulltrúar að minnsta kosti. Og eru þá tveir þeirra tilnefndir af ríkisstj. hvers lands, þannig að tveir þeirra eru sérstakir fulltrúar ríkisstj., en annar hinna tveggja skal

tilnefndur eftir ábendingu frá heildarsamtökum atvinnurekenda, en hinn eftir heildarsamtökum verkamanna hvers lands. Meðal stærri þjóðanna eru þessir fulltrúar miklu fleiri og hafa sér til aðstoðar ýmsa sérfræðinga, en hægt er að komast af með fulltrúa, sem ekki eru fleiri en þessir fjórir.

Íslendingar greiða árlega samkvæmt reglu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til hennar eina einingu af árstillagi hennar, sem mun nema um 5 þús. dollara. Hins vegar greiða stórþjóðirnar margar slíkar einingar, og mun slíkt tillag jafnvel skipta millj. kr., eins og t. d. hjá Bandaríkjunum. Svíþjóð greiðir 95 þús. dollara, Danmörk 55 þús. dollara, Noregur 44 þús. dollara og Finnland 22 þús. dollara.

Ég skal taka það fram í þessu sambandi, að ég sá nýlega í einu dagblaðinu hér í Reykjavík, að það ætti að geta verið nokkurs konar prófraun á sparnaðarvilja Alþ., hvort það samþykkti eða staðfesti þá þáltill., sem hér liggur fyrir, og var þar gefið í skyn, að með því væru Íslendingar að binda sér fjárhagslegan bagga. Þessi frásögn er algerlega á misskilningi byggð, þar sem íslenzka ríkið hefur fyrir röskum tveim árum síðan tekið þá ákvörðun á lögformlegan hátt að gerast aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni og verið virkur þátttakandi í samtökum þeirrar stofnunar. Till. sú, sem hér liggur fyrir, er ekki neitt annað en það að veita ríkisstj. heimild, eins og það er orðað, til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eins og hún nú liggur fyrir á fskj., sem prentað er með þáltill. þessari.

Í raun og veru var Ísland, með því að gangast undir skyldur og taka þátt í fundum þessarar Alþjóðavinnumálastofnunar, búið að staðfesta stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. En með því að gerðar hafa verið nokkrar breytingar á stofnskrá hennar á síðasta þingi þessara samtaka, þá þykir rétt, að hvert ríki fyrir sig, sem í þessum alþjóðasamtökum er, staðfesti þessa stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eins og henni nú hefur verið breytt á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Íslendingar hafa, að ég hygg, verulegra hagsmuna að gæta í sambandi við þátttöku sína í þessum alþjóðasamtökum. Það er ekki nokkur vafi um það, að ráðagerðir og upplýsingar og áhrif, sem Íslendingar geta fengið og orðið fyrir með þátttöku sinni í slíku sambandi, munu verða til þess að hrinda áleiðis fullkomnari félagsmálalöggjöf og betri og fullkomnari framkvæmd hennar. En ég er þeirrar skoðunar — og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. séu það yfirleitt —, að því betri og tryggari félagsmálalöggjöf sem við höfum, því meira fjárhagslegt öryggi sköpum við íslenzku þjóðinni allri, og þeim mun meiri líkur eru til þess, að íslenzka þjóðin geti lifað í landi sínu meira og betra menningarlífi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þessi stofnskráratriði, sem prentuð eru hér sem fskj. með þáltill., en ég hef leyft mér með þessum orðum að rekja aðdragandann að stofnun þessara alþjóðavinnumálasamtaka og afstöðu Íslands til þeirra.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að umr. málsins verði frestað og því verði vísað til hv. allshn. Sþ. til athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 20. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Á 30., 35., 36. og 37. fundi í Sþ., 11. des. og 21., 22. og 27. jan., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 28. jan., var till. enn tekin til síðari umr. (A. 67, n. 159).

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef lítið um þetta að segja. Ég vísa til grg. hæstv. forsrh. við fyrri umræðu. Allshn. hefur haft till. til athugunar og mælir öll með því, að hún verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 294).

---

4. Hafnargerð við Dyrhólaey.

Á deildafundum 24. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey (A. 132).

Á 25. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Gíslason): Herra forseti. Nú á síðustu árum hefur vaknað áhugi hjá Vestur-Skaftfellingum á því að fá úr því skorið, hvort mögulegt sé að gera höfn við Dyrhólaey. Af þeim rótum er það runnið, að ég flyt þessa þáltill. Það er ekki svo, að þetta mál sé nýtt. Það kom fyrst á dagskrá um síðustu aldamót. Þá buðust Englendingar til þess að gera þarna hafskipahöfn, gegn leyfi til að fá að fiska í landhelgi á svæðinu frá Vestmannaeyjum að Ingólfshöfða um nokkra áratugi. Þetta var af eðlilegum ástæðum ekki veitt. Svo var á Alþ. 1942 samþ. ályktun um athugun á lendingarbótum við Dyrhólaey eða Dyrhólaós, en ekkert varð úr framkvæmdum.

Staðhættir við Dyrhólaey eru þeir, að eyjan stendur fram í sjó, en innan við hana er stöðuvatn, sem heitir Dyrhólaós. Leikmönnum hefur nú dottið í hug, að mögulegt væri að gera þetta stöðuvatn að skipalægi. Vatnið er grunnt, en auðvelt er að dýpka það, því að botninn er sandur og leðja. Vatnið er skilið frá sjónum með sandfjöru og er útfall stundum austan við bergið. Það, sem þyrfti að athuga, er, hvort mögulegt væri að gera innsiglingu í ósinn og halda henni opinni. Dyrhólaey sjálf skapar varnargarð að vestan, en að austan þyrfti að gera varnargarð. En allt er þetta enn órannsakað. — Hvergi er meiri þörf hafnarbóta en við suðurströndina, þar sem segja má, að al-

gert hafnleysi sé frá Reykjanesi til Hornafjarðar, og ekki er annar staður heppilegri en við Dyrhólaey. Allt síðan þetta kom fyrst til tals, hefur það verið óskadraumur Skaftfellinga og líka margra sunnlenzkra fiskimanna. Meðfram ströndinni á þessum slóðum, frá Hornafirði til Vestmannaeyja, eru kraftmiklar fiskigöngur, sem eru lítt eða ekkert notaðar af íslenzkum skipum, nema bátar frá Vestmannaeyjum munu sækja þangað þegar gott er veður, að Kötlutanga og lengst að Kúðaós. Venjulega er það ekki hægt, vegna þess hve vegalengdin er mikil. Erlend skip moka þarna upp afla, en íslenzk skip sér maður ekki. Eins og ég gat um áður, eru þarna á vetrarvertíð kraftmiklar fiskigöngur, og fiskurinn gengur svo nærri, að þess eru hvergi dæmi. Sem dæmi um, hversu nærri landi þessar fiskigöngur fara, get ég getið þess, að algengt er, að þorskurinn syndir upp í fjöruna stundum í hundraða tali. Það er því handhægt að sækja, og ekki langt á miðin. Þess má líka geta, að síldar verður oft vart við suðurströndina á tímabilinu febrúar—ágúst. Fyrir fjórum til fimm árum hef ég sjálfur lent í því um mánaðamótin apríl—maí að tína saman á austanverðum Mýrdalssandi rétt vestan við Dyrhólaey stóra, spikfeita hafsíld, sem farið hafði þar í land. Þriðja dæmið er, að komið hefur fyrir, að síld hefur farið inn í Dyrhólaós og veiðzt þar í silunganet. Fjórða dæmið, sem ég get nefnt, er, að í ágúst 1946 var sléttur sjór í Vík í Mýrdal, og óð þá síldin í stórum torfum inn á Vík dag eftir dag. Þetta vekur menn til umhugsunar um, að á þessum slóðum muni oft vera síld. Ef þess er minnzt, að síldin er búin að vera rétt við hafnargarðinn í Rvík án þess að láta á sér bæra, þá bendir það til þess, að hennar sé ekki síður von á þessum slóðum.

Ég held, að ég hafi nú sýnt fram á, að ef hægt er að gera þarna höfn, verður það mikilsverð fiskihöfn. Það er svo annað atriði, sem ekki þarf að ræða og öllum er ljóst, hve mikils virði slík höfn yrði fyrir hinar afskekktu sveitir Vestur-Skaftafellssýslu og austurhluta Rangárvallasýslu. Skaftfellingar verða að flytja alla flutninga 200—325 km langa leið, eins og nú háttar.

Allar líkur benda til þess, að þarna séu miklir möguleikar til framfara, ef höfn verður byggð. Við Dyrhólaós eru ágæt skilyrði til ræktunar. Hann er í miðjum Mýrdal, sem er ein blómlegasta sveit á Suðurlandi. Þar er nóg land til ræktunar og auðvelt um ræktun. Sömuleiðis eru möguleikar til rafvirkjunar í Skógá, sem ekki er langt burtu.

Ég vona, að þessi þáltill. hljóti góðar undirtektir hjá hv. þm. og geri það að till. minni, að henni verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 27. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Sþ., 4. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 132, n. 285).

Frsm. (Jón Gíslason): Herra forseti. Allshn. hefur haft þessa þáltill. til athugunar á tveimur fundum sínum og hefur sent hana til umsagnar til Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra. Báðir þessir aðilar hafa sent svör. Fiskifélagið, eða stjórnin, lagði til, að hún yrði samþ., en vitamálastjóri og hafnarstjóri hafa skrifað bréf, sem birtist hér með sem fskj. Í því bréfi vaxa þeim í augum þeir erfiðleikar, sem þeir búast við, að séu fyrir hendi við hafnargerð í Dyrhólaey. N. telur málið það mikilsvert, að rétt sé að gera þær athuganir, sem leitt geta í ljós, hvort þarna sé mögulegt að framkvæma verklegar framkvæmdir eða ekki. Að þessum svörum athuguðum hefur n. komið sér saman um að leggja til, að þáltill. yrði samþ. með nokkrum orðabreyt., þannig að Alþ. ályktaði að fela ríkisstj. að láta framkvæma á næsta sumri rannsóknir í þá átt, hvort unnt væri að gera þarna höfn, og að kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Einn nm. var ekki viðstaddur við afgreiðslu þessa máls, en í viðtali við mig síðar lýsti hann yfir því, að hann væri sammála öðrum nm. um afgreiðslu málsins. — N. væntir þess, að málið fái góðar undirtektir hjá þm.

ATKVGR.

Brtt. 285 samþ. með 28 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 305).

---

5. Ljóskastarar í skipum o. fl.

Á 14. fundi í Sþ., 24. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um ljóskastara í skipum o. fl. (A. 51).

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23. fundi í Sþ., 19. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Eins og segir í grg. fyrir þessari þáltill., flutti ég á seinasta þingi þáltill., sem gekk í sömu átt og þessi, og var henni þá vísað til nefndar, en kom ekki þaðan aftur. Ástæðan til þess, að ég flutti þessa þáltill., er sú, að skýrt hefur komið í ljós, að ljóskastarar eru mjög þýðingarmiklir á hverju skipi. Ég hygg, að það megi segja með sanni, að þeir hafa bjargað mörgum mannslífum, þar sem þeir voru í skipum, og með jafnmiklum sanni má segja, að þeir hefðu getað bjargað mörgum mannslífum, hefðu þeir verið þar, sem þeir voru ekki. Auk þessa má það telja víst, að mörgum skakkaföllum mætti afstýra, ef leitarljós væru almennt á skipum. Má þar t. d. nefna, að á vélbátavertíðinni á vetrum hendir það ekki sjaldan í ýmsum veðrum, að veiðarfæri týnast, línur slitna og baujur finnast ekki.

Þá er það svo, að í mörgum tilfellum mundi slíkt finnast aftur, ef leitarljós væru, og mundi þannig afstýra miklu tjóni. Auk þess mundi það tvímælalaust koma í veg fyrir að miklu leyti árekstra, þegar skip koma að bryggju í myrkri og dimmviðri. Á þetta allt benti ég, er ég flutti þáltill. mína á seinasta þingi. Það hafa samt ekki orðið miklar breytingar til úrbóta í þessum efnum af hendi útvegsmanna, en þó er sá áhugi þegar vakinn, að hin nýju togskip flotans eru öll útbúin þessum ljóstækjum. Hins vegar eru ekki ljóskastarar á gömlu togurunum. Rétt er þó að geta þess, áður en málið fer lengra, að eftir að þessi breyting kom fram varðandi þessi öryggistæki, þá hófst eins konar kapphlaup að ná í þau. Það var nokkru eftir að þessi till. kom fram. Útvegsverzlun ein seldi strax tíu ljóskastara og skrifaði strax eftir fleiri tækjum og s. l. föstudag eða fimmtudag veitti viðskiptanefndin innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir 50—60 ljóskösturum, eftir að fjöldi manna hafði undirritað áskorun um þetta. Fróðlegt er í þessu sambandi að athuga l. um eftirlit með skipum, en þar vantar bein fyrirmæli um öryggi á þilfari. Í 42. gr. nefndra l. segir svo: „Ráðherra setur með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig útbúnaði undir þilfari og á skuli hagað til öryggis mannslífum og haffæri skipa. Reglugerðin skal samin að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.“ — Þessi gr. gerir því ráð fyrir, að sett verði reglugerð til öryggis mannslífum. Þess vegna kæmi þessi breyting, sem hér er lagt til, á samræmi við þessa gr. gildandi l. um eftirlit með skipum, og sjálfsagt er að hagnýta þær till., sem Alþýðusambandið og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands kunna fram að leggja.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta, en legg til, að umr. um málið verði frestað og því vísað til hv. allshn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu samþ., að þessari till. verði vísað til n. En ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á það í sambandi við ummæli hans um eldri togara, að mér er kunnugt um, að ljóskastarar hafa verið keyptir og settir á skipin, er þau koma í höfn. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða málið að öðru leyti, en ég er fús til að leggja gögn fyrir nefndina í sambandi við málið í heild.

ATKVGR.
Umr. frestað og till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Sþ., 4. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 51, n. 293).

Frsm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þessa till. og sent hana til umsagnar þremur landssamböndum, sem öll samkvæmt eðli sínu hljóta að fá þessi mál, þ. e. Fiskifélags Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandsins og Landssambands ísl. útvegsmanna. Fiskifélag Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandið voru því meðmælt, að samþ. yrði till. til þál. um ljóskastara í skipum, en svar hefur ekki borizt frá L. Í. Ú. Leggur allshn. því til, að till. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 306).

---

6. *Hreinsun Hvalfjarðar.*

Á deildafundum 16. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um hreinsun Hvalfjarðar (A. 191).

Á 35. fundi í Sþ., 21. jan., utan dagskrár, mælti

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég vildi hreyfa því hér, að það er daglegur viðburður í Hvalfirðinum nú, þar sem fjöldamargir bátar eru að síldveiðum, að þeir rífa þar nætur sínar í ýmsum leifum, sem þar liggja frá styrjaldarárunum, og þetta veldur mjög miklu tjóni á veiðarfærum, auk þess sem það dregur mjög verulega úr möguleikum til aflabragða á þessum slóðum. Það er einkum á svæði því, þar sem girðing lá utanvert við Hvalfjarðareyri, og það vill svo til, að aðalsíldveiðistöðvarnar eru utanvert við þessa girðingu, og heldur síldin sig mjög mikið á þessum slóðum.

Nú hefur verið borin fram hér á þingi þáltill. — frá hv. þm. Barð. (GJ) að ég ætla — um það, að gerð verði gangskör að þessu með því að láta fara fram hreinsun á botninum þarna eða taka burtu þær leifar, sem þarna eru í botninum. Þessi till. var borin fram um miðjan desember, en hefur ekki komið til umr. enn þá. Það er vitanlega mjög mikið verk að láta hreinsa botninn eins og þörf er á, og eins og nú er komið, verður framkvæmdin varla svo hröð og gagngerð, að hún komi í veg fyrir það tjón, sem af þessu stafar, en það er þó eitt, sem hægt er að gera og væri til varnaðar fyrir veiðimennina, þ. e., ef settar yrðu ljósbaujur á þar, sem girðingin liggur. Þó að veiðimennirnir viti vel, hvar girðingin liggur, og geti varazt hana að deginum til, þá er þeim fyrirmunað í næturmyrkri að gera sér grein fyrir því til hlítar, hvar girðingin hefur verið. Nú hagar svo til um síldveiðarnar, að mest er veitt að næturlagi. Það er því mjög mikil nauðsyn á því, auk þess sem þarf að hreinsa botninn í Hvalfirði, að settar yrðu 2—3 ljósbaujur á þetta svæði, og mundi varna því að næturlagi, að mikið tjón hlytist á veiðarfærum. Ég vildi beina máli mínu til sjútvmrh. og heyra undirtektir hans um það, hvort hann vildi ekki vinna að því, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að lýsa upp þetta svæði, auk þess sem hann mundi beita sér fyrir því, að botninn yrði hreinsaður við fyrsta tækifæri. Ég held, að einnig á öðrum stað sé girðing yfir fjörðinn, nokkru innar, en hún veldur minna tjóni, því að síldveiði er þar lítil. Hins vegar er nauðsynlegt að athuga, hvort ekki eru þar í botninum ýmsar leifar frá styrjaldarárunum, sem ráðstafanir þyrfti að gera til að ná upp, þegar farið væri að vinna að þessu. Mér þætti vænt um að heyra undirtektir hæstv. sjútvmrh. um þær bráðabirgðaaðgerðir, sem ég hef nefnt.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. þm. Borgf. hreyfði hér máli, sem er á almannavitorði og hefur verið um nokkurt skeið, síðan Hvalfjarðarveiðin hófst fyrir alvöru, sem sé, hvert tjón fiskimenn bíða, m. a. að sögn vegna einhverra hluta, sem sumir ætla leifar af styrjaldaraðgerðum, sem voru á ákveðnum stöðum í Hvalfirði. Það er vitanlegt, að einhvers konar hervarnir hafa þarna verið á sínum tíma, sem ætla mætti að hefðu verið teknar algerlega burtu, en svo er að sjá, sem eitthvað óhreint sé fyrir hendi. Þegar það vitnaðist, sem endurtók sig hvað eftir annað, að sjómenn yrðu fyrir miklu tjóni á veiðarfærum og afla af þessum sökum, fór ég og leitaði upplýsinga hjá þekktum sjómanni um orsök og ástæðu þessa með *það fyrir augum, sem þegar var komið fram á þingi*, eins og hv. þm. Borgf. minntist á, í þáltill. hv. þm. Barð., að þarna þyrfti að hreinsa. Nú þekki ég það ekki svo, að ég megi með það fara, hverjar skuldbindingar Bretar undirgengust hér á sínum tíma gagnvart þeirri stj., sem sat, þegar landið var hernumið, um hreinsun á þeim hervirkjum, sem þeir gerðu hér, eða bætur á því tjóni, er landsmenn kynnu að bíða af slíkum hervirkjum. Mér kom þó í hug, að þeir mundu skyldir til að hreinsa slíkt skaðræði, er þeir hefðu eftir skilið og verður landsmönnum til tjóns, en til þess að undirbyggja kröfur um slíkt, ritaði sjútvmrn. vitamálastjóra nú fyrir nokkru og bað um rannsókn á því, hvað þarna væri til trafala í botninum, og skýrslu um það. Þessi beiðni til vitamálastjóra kom fram með það fyrir augum að fá öruggan grundvöll að byggja á, ef það reyndist rétt að athuguðu máli, að hægt væri að byggja á þessu kröfu um að fá hreinsaðan botninn, og ef til vill kröfu um skaðabætur fyrir það tjón, sem orðið er. Eins og menn vita, er hæpið að byggja eingöngu á sögusögn sjómanna um þessi mál, því að oft skemmast veiðarfæri, þótt þær orsakir séu ekki fyrir hendi, sem hér eru. Þess vegna taldi ég rétt, að rannsókn færi fram af hálfu vitamálastj. á þessum hlutum. Vona ég, að þessari rannsókn verði brátt lokið, svo að stj. geti vitað, hvernig eða hvort hún á að taka málið upp. Annað erindi hefur sjútvmrn. líka sent vitamálastjóra, en það var til þess að mælast til þess, að vitamálastjóri vildi endurbæta og gera glöggari þau merki, sem mér skilst, að þarna hafi verið sett, setja fleiri ljósbaujur og merki, svo að bátar ættu auðvelt með að forðast hættusvæðin. Þessi tvö skref hafa verið stigin af ráðuneytinu í þessu máli, og taldi ég hvort tveggja vera í samræmi við almennan vilja sjómanna, og er þetta í samræmi við það sem hv. þm. Borgf. sagði, sem og í samræmi við það, sem kom fram hjá hv. þm. Barð. í till. þeirri, sem ég minntist á áðan.

Í þessu sambandi skal ég geta þess, að í viðræðum við kunnuga menn um það, hvernig bezt væri að hugsa til að hreinsa þarna botninn, hefur það komið fram, að þarna muni vera leifar af kafbátagirðingu, sem líklega sé ekki hægt að ná upp nema með öflugri tækjum en við eigum yfir að ráða. Mér er sagt, að Bretar hafi haft inni í Hvalfirði einhvers konar trönuskip með sérstökum trönum til þess að lyfta ákaflega þungum hlutum. Ég býst ekki við, að við höfum nokkuð slíkt hér, og það yrði þá að reyna að fá þess háttar skip til þess að vinna að þessu, þegar hægt væri að eiga við það, og tel ég sjálfsagt að krefjast þess af Bretum, ef rannsókn leiðir í ljós, að hervirki hafi þarna orðið til trafala, að þeir leggi til slíkt skip, og kostnaðinn ættu annaðhvort Bretar að greiða okkur eða Ameríkumenn eða hvorir tveggja.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál. Ég er alveg sammála hv. þm. Borgf. um það, að það þurfi hvort tveggja að gera, að merkja og eins að gera gagngerðar ráðstafanir til þess að hreinsa fjörðinn af því, sem þarna er fyrir, hvað sem það er, ef hægt væri að nema burtu það, sem þarna er til trafala, svo að það verði ekki framar á vegi sjómannanna.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir undirtektir hans í þessu máli og það, sem hann hefur gert. Það leiðir af sjálfu sér, að íslenzka ríkisstj. þarf að gera þá hernaðaraðila, sem hlut eiga að máli, ábyrga fyrir því, að þessar girðingar verði fjarlægðar, svo að þær valdi ekki áfram öðru eins tjóni og þær gera nú. Það er ekkert áhlaupaverk að fjarlægja þetta, því að þarna voru settir niður ákaflega þungir steinsteyptir búkkar, sem bæði voru notaðir til þess að halda niðri girðingunni og til annarra nota. Það eina, sem var tekið burtu, voru flotholtin, og eftir því sem málið horfir við, hefur girðingunum og öllu verið sökkt og liggur þar.

Það, sem gert hefur verið, er það, að látnar hafa verið tvær baujur hvor á móti annarri við innsiglinguna og einnig sett bauja við Hnausasker, sem er hættulegt og einn bátur hefur strandað á. Fleiri lýsingar í firðinum er mér ekki kunnugt um, en það, sem er nauðsynlegt, er að setja eina eða tvær ljósbaujur einmitt á girðingarsvæðið. Það er nauðsynlegt *fyrir fiskimenn* að geta vel áttað sig á því, og vil ég vænta þess, að hæstv. sjútvmrh. geri nú ráðstafanir til að setja ljósmerki þarna, auk þess sem gerðar verði ráðstafanir um að hreinsa fjörðinn. Við þessa girðingu lágu tvö skip, trjónuskip, sem voru til þess að vakta innsiglinguna á fjörðinn og til þess að laga girðinguna, þegar hún var í ólagi, sem átti sér stað oft í vondum veðrum.

Ég vænti, að ráðh. sjái um, að þessar varnarráðstafanir verði gerðar með ljósmerkjum á þessu svæði, því eins og hann sagði munu vera erfiðleikar á því, með þeim skipakosti, sem við höfum, að framkvæma fullnaðarhreinsun þarna.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af því, sem kom fram hjá hv. þm. Borgf., skal ég upplýsa, að tilmæli ráðuneytisins um ljósmerki í Hvalfirði hafa verið send vitamálastjóra, eftir að þær baujur voru settar, sem hann minntist á. Það var farið fram á frekari aðgerðir, og mun ég leitast við að fylgjast með því, að vitamálastjóri fylgi þessu fljótt fram. Um stærra atriðið vil ég vísa til þess, sem ég áðan sagði, en þar erum við á sömu skoðun.

Á 38. fundi í Sþ., 28. jan., var till. tekin til fyrri umr. (A. 191, 219).

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hinn 16. des. var útbýtt hér á Alþ. till. til þál. um hreinsun Hvalfjarðar. Í umr., sem fram fóru um málið utan dagskrár, var upplýst af hæstv. sjútvmrh. að hann hefði leitað álits sjómanna um málið og að von væri skýrslna um það; enn fremur að hann teldi þörf stórvirkra tækja til hreinsunar og mundi gera

kröfu til, að hernámsyfirvöldin tækju þátt í kostnaði af væntanlegum aðgerðum. Vegna þessara upplýsinga er síður þörf á umræðum, og legg ég til, að málinu sé vísað til sjútvn. Vil ég aðeins taka fram, að þetta er stórkostlegt hagsmunamál fyrir útveginn. Tjón það, sem orðið hefur, skiptir þegar hundruðum þúsunda. Bátar hafa hvað eftir annað orðið fyrir tjóni, sem nemur um tíu þúsund kr. í hverri veiðiferð. Segir sig því sjálft, að ráðast verður í framkvæmdir til úrbóta.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins taka undir með hv. þm. Barð. um þá nauðsyn, sem er á aðgerðum í þessu máli, og enn fremur benda á, að fyrir liggur till. frá þm. Siglf. þess efnis, að greiddar verði bætur til þeirra, sem orðið hafa fyrir veiðarfæratjóni í Hvalfirði. Mér finnst eðlilegt, að eins og setuliðið bætti skaða af sínum völdum á landi, bæti það og það tjón á veiðarfærum, sem orðið hefur fyrir aðgerðir þess í Hvalfirði, og tel, að vér verðum hér að standa fast á fullum rétti vorum.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 219 tekin aftur til síðari umr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 18. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 191, 219, n. 343).

Frsm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Eins og greinir í nál. fjvn. á þskj. 343, hefur fjvn. athugað þessa till. á þskj. 191 frá hv. þm. Barð. og fallizt á það, sem fram kemur í henni, sem sé um hreinsun Hvalfjarðar og þá nauðsyn, sem á því er, að að því verki sé gengið. — Eins og segir í nál. fjvn., leggur n. á það megináherzlu, að svo fljótt sem verða má verði þessi hreinsun framkvæmd og að dráttur á því verði ekki lengri en til næsta sumars og að hreinsuninni mætti þá verða að fullu lokið. Einnig er fjvn. sammála því, sem fram kemur í grg. till., að sjálfsagt sé, að ríkisstj. geri kröfu til þess, að þeir aðilar, sem stóðu að hernaðaraðgerðum í Hvalfirði og hafa skilið þar eftir leifar styrjaldarráðstafana á sjávarbotni, framkvæmi þessa hreinsun á sinn kostnað og innan þeirra takmarka, sem n. hefur bent á í nál. sínu, og að því verki verði eigi síðar lokið en á næsta sumri. Fjvn. væntir þess, að hæstv. ríkisstj. gangi ríkt eftir því, að að þessu verki verði gengið og að öll verksummerki frá styrjaldarárunum, sem þarna fyrirfinnast á sjávarbotni og nú hafa orðið þess valdandi, að mikið tjón hefur hlotizt af fyrir fiskimenn, verði tekin upp og flutt á brott. Það er alkunnugt, að á þeirri síldarvertíð, sem nú hefur staðið yfir í nokkra mánuði í Hvalfirði, hafa orðið geysilegar skemmdir á veiðarfærum sökum leifa þeirra styrjaldarráðstafana, sem þarna eru enn á sjávarbotni, og alveg sérstaklega á því svæði, þar sem kafbátagirðing var lögð yfir fjörðinn, því að það hefur viljað svo til í þetta sinn, að síldveiðarnar hafa einna mest farið fram á þessu svæði og hluti girðingarinnar eða meginhluti hennar liggur þarna eftir á sjávarbotni. — Enn fremur er tekið upp í þessa till. ákvæði um það, að ríkisstj. beiti sér fyrir því við þá erlendu aðila, sem þarna voru að verki, að þeir greiði fiskimönnum þær skaðabætur, sem hlotizt hafa af veiðarfæra- og aflatjóni af þeim sökum, hvernig háttað var viðskilnaði þeirra í firðinum, og fjvn. lítur svo á, að það hnígi sterk rök undir þessar skaðabótakröfur, því samkv. þeim samningi, sem gerður var við þessa erlendu aðila, þegar þeir fengu aðstöðu til hernaðaraðgerða hér á landi, áttu þeir að hreinsa og flytja á brott allar minjar um slíkar aðgerðir. Með tilliti til þessa væntir fjvn. þess, að hæstv. ríkisstj. haldi þarna fast á rétti fiskimanna og landsins í heild, þannig að það tjón, sem af þessu hefur hlotizt, verði samkv. beinni kröfu, sem borin verður fram og rökstudd í þessum efnum, að fullu bætt af þessum sömu aðilum.

Þetta er þá meginefni till. eins og hún nú er orðuð af hálfu fjvn., í fyrsta lagi, að hreinsun á Hvalfirði verði framkvæmd næsta sumar, í öðru lagi, að ríkisstj. beiti sér fyrir því, að þau erlendu ríki, sem hér eiga hlut að máli, framkvæmi hreinsunina á sinn kostnað, og í þriðja lagi, að ríkisstj. sjálf beri fram við þessa sömu aðila kröfu um, að þeir greiði tjón það, sem fiskimenn hafa beðið og kunna að bíða vegna þessa viðskilnaðar í Hvalfirði.

Þess er svo að vænta, að hæstv. ríkisstj. reki þetta mál vel og skörulega af hálfu Alþ. og alþjóðar, eftir að till. þessi hefur hlotið samþykki hér á Alþ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér líkar ekki alls kostar þessi till., þótt ég muni líklega greiða henni atkv. Mér er sagt það af fróðum mönnum, að í alþjóðasamþykktum og reglum um hernað sé það ófrávíkjanleg skylda aðila, slíkra sem hér hafa verið að verki í Hvalfirði, að hreinsa algerlega öll verksummerki eftir sig, er styrjöld lýkur, og þess vegna er því ekki þannig varið, að ríkisstj. eigi að beita sér fyrir því við viðkomandi erlenda aðila, að þeir framkvæmi þessa hreinsun, eins og till. fer fram á, heldur ber henni beinlínis að sjá um, að fylgt sé l., er gilda um heim allan, hvað þetta snertir, og eins eiga að gilda hér. Það er hreinasta vanræksla af hálfu ríkisstj. að hafa ekki þegar gengið ríkt eftir þessu við þær hernaðarþjóðir, sem hér voru að verki, og alvarleg vanræksla af þessum hernaðarþjóðum að hafa ekki innt af hendi þessa sjálfsögðu skyldu, sem þeim ber samkv. gildandi alþjóðal. um hernað, að því sem sagt er. — Annars kemur það ekki fram í nál., að n. hafi af sinni hálfu rannsakað, hvort þær sagnir, sem ég hef hér haft eftir öðrum mönnum og sagðar hafa verið af fleiri mönnum, sem telja sig vita nákvæm deili á þessum málum, séu réttar, og ef þetta er rétt, þá finnst mér till. allt of vægt orðuð og eins og ekki sé þorað að segja meiningu sína eða verið að tala við einhvern, sem maður er lafhræddur við. — Ég mun þó fylgja þessari till. og vænti þess, að hæstv. ríkisstj. reynist skeleggari í þessu máli en hún hefur verið, því að hún átti að vera búin að sjá fyrir þessum hlutum fyrir löngu síðan.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 219 brtt., sem fjallar um það að bæta úr ríkissjóði þeim útvegsmönnum tjón sitt, sem orðið hafa fyrir því að eyðileggja eða glata veiðarfærum eða tækjum skipa sinna vegna rusls, sem setuliðin hafa skilið eftir í Hvalfirði, en eins og hv. frsm. fjvn., þm. Borgf., tók fram, hefur kveðið mjög mikið að því, að útvegsmenn hafi beðið mjög mikið tjón af

þessum sökum á yfirstandandi síldarvertíð í Hvalfirði, og er illt til þess að vita, að svo hefur farið. Ég hef leitazt við að taka saman, hverju þetta tjón muni nema, og eftir því sem mér hefur verið sagt, er um að ræða tjón á um 20 nótum. Ef þetta hafa verið nætur í sæmilegu ástandi, hefur hver nót átt að vera 20 til 30 þús. kr. virði, svo að af þessu sést, að hér er um allmikinn skaða að ræða. — Um útvegsmenn er það að segja, að þeir eru þannig staddir fjárhagslega, að það að missa nætur sínar hefur sett þá út úr síldveiðunum í Hvalfirði, af því að þeir hafa ekki getað fengið sér nýjar nætur aftur, og er slíkt ekki einungis þeim, heldur þjóðfélaginu til mikils skaða,

Nú er til í l. ákvæði um að bæta þeim mönnum upp tjón, sem fyrir því hafa orðið af völdum setuliðs í landinu, og er hér einmitt um slíkt að ræða. Vil ég því — með leyfi hæstv. forseta — benda hv. þm. á, að í l. nr. 99 frá 16. des. 1943 eru sérstök fyrirmæli um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi. Þar segir svo í 1. gr.: „Ríkissjóði skal skylt að bæta íslenzkum ríkisborgurum tjón, er þeir hafa beðið eða kunna að bíða vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi eða af völdum manna úr herliði þeirra.“ Síðan er í 2. gr. ákvæði um það, að hámark hverrar kröfu á hendur ríkissjóði skuli vera samkv. l. kr. 50 þús., en næsta ár var þessu breytt með nýjum l., þannig að þá mátti þetta hámark ekki fara fram úr 100 þús. kr. — Að vísu mun sú kafbátagirðing, sem lögð var yfir Hvalfjörð, hafa verið að einhverju leyti sameiginlegt verk Bandaríkjamanna og Breta, en öll síðari stríðsárin, eða frá því í júlí 1941 og fram til stríðsloka, munu það hafa verið Bandaríkjamenn, sem lögðu þessa girðingu og gerðu hana enn öflugri og þar með miklu skaðlegri fyrir veiðarfæri okkar, þegar þeir sökktu henni.

Eitt af því, sem Bandaríkjamenn tóku að sér, þegar þeir tóku við hervernd landsins, sem kölluð var svo, var að skuldbinda sig til að baka Íslendingum ekkert tjón, og þess vegna áttu þeir eðlilega að fjarlægja þessa girðingu í stað þess að sökkva henni á botn og það án þess að ráðfæra sig við íslenzk stjórnarvöld. Þykist ég vita, að þeir hafa enga heimild haft til slíkra hluta, og hafa þeir með þessu sýnt hina megnustu ófyrirleitni að losa sig undan þessari kvöð með þessu hæga móti. En það má kannske segja sem svo, að það hafi ekki verið fyrr en á allra síðustu tímum, sem menn hafa gert sér ljóst, hversu Hvalfjörður er þýðingarmikil veiðistöð, en engu að síður getur þessi aðili ekki komizt undan ábyrgð á því tiltæki sínu að sökkva kafbátagirðingunni þarna og skilja hana eftir. Hv. fjvn. hefur hins vegar ekki tekið afstöðu til þessarar till. minnar og virðist vilja ganga fram hjá þessu atriði. Vil ég líka taka undir það, sem kom fram hjá hv. 1. þm. N-M., að n. gerir þetta að óverulegu atriði með því að setja aftan við tillgr., að krafizt verði bóta fyrir tjón, sem Íslendingar hafa beðið og kunna að bíða af völdum hernámsaðila vegna þessa viðskilnaðar í Hvalfirði, af því að mér finnst þetta mjög veigamikið atriði og tel annað óhjákvæmilegt en að Alþ. taki afstöðu til þess, hvort þeir útvegsmenn, sem hafa orðið svo ólánssamir að eyðileggja nætur sínar í Hvalfirði, eigi að sitja uppi með þennan skaða óbættan og bíða kannske 3—4 ár eftir því að fá einhverjar bætur greiddar. Vil ég benda á það, að með því að láta slíkt viðgangast, að útvegsmenn sitji uppi með þennan skaða óbættan, er verið að margfalda tjónið, því að margir hverjir þeirra eru þannig staddir, að þeir hafa engin tök á að afla sér nóta í stað þeirra, sem eyðilagzt hafa í Hvalfirði. Hafa sumir þeirra þegar orðið úr leik við síldveiðarnar í Hvalfirði, og er viðbúið, að margir útvegsmenn verði einnig úr leik á sumarsíldveiðunum, nema sérstakar ráðstafanir verði strax gerðar, þannig að útvegsmenn, er þetta tjón hafa beðið, geti hagnýtt sér möguleika, sem á því kunna að verða að útvega sér nýjar nætur, þótt vitað sé, að slíkt er mjög erfitt. Þó má vel vera, að úr þessu rætist, og mun ríkisstj. hafa sent mann til Bandaríkjanna til þess að athuga möguleika á nótakaupum, og er því mjög nauðsynlegt að koma í veg fyrir, ef úr nótakaupum rætist, að strandi á því, að útvegsmenn hafi ekki fjármagn til að kaupa nýjar nætur, þannig að þeir geti ekki stundað veiðar á næstu síldarvertíð. — Ég vil því auk viðbótartill. minnar á þskj. 219 við upphaflegu till. á þskj. 191 leyfa mér að leggja fram sérstaka viðbótartill. við brtt. hv. fjvn. á þskj. 343, þannig að aftan við tillgr. komi: „og skal ríkisstjórnin bæta fiskimönnum tjón sitt með greiðslum úr ríkissjóði.“ — Á því leikur enginn vafi, að hernámsyfirvöldum viðkomandi ríkja er skylt að bæta tjón þetta. Og er það meiningin, að útvegsmenn eigi enn í langan tíma að bera tjónið og það að verða til þess, að ríkisstj. gangi ekki eins fast eftir að fá þetta greitt hjá hernámsyfirvöldunum, eins og ef ríkissjóður væri búinn að leggja út fyrir tjóni útvegsmanna þeirra, sem það hafa beðið af þessum sökum?

Forseti (JPálm): Borizt hefur skrifl. brtt. frá þm. Siglf., svo hljóðandi: [sjá þskj. 364]. Leita þarf afbrigða fyrir till.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Ég verð að segja það, að ég á erfitt með að átta mig á óánægju þeirri, sem fram hefur komið hér hjá hv. 1. þm. N-M. út af till. þessari. Ég fæ með engu móti annað séð en að hún feli í sér allt það, sem hv. þm. vill, að þar standi. Till. er byggð á því, að hernaðaryfirvöldum viðkomandi ríkja beri skylda til að hreinsa burt á sinn kostnað allt það drasl, sem í firðinum er og valdið hefur tjóni, og greiða skaðabætur fyrir það tjón, sem orðið er og kann að verða af þessum sökum. Hvernig er hægt að ganga betur og skeleggar til verks en gert er með till. og þeirri breyt., sem n. vill láta gera á henni?

Nú hlýtur öllum að vera það ljóst, að Alþingi getur engum beitt fyrir sig í þessu öðrum en hæstv. ríkisstj. Það getur ekki sjálft beitt sér fyrir því að fá þessu áorkað, það verður ríkisstj. að gera fyrir hönd Alþingis. Hitt er svo annað mál, hvers er að vænta í máli þessu hjá hæstv. ríkisstj. Efni till. er í upphafi það, eins og mönnum er kunnugt, að ríkisstj. geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að hernaðaryfirvöld hlutaðeigandi þjóða hreinsi þegar burt allt drasl í Hvalfirði, sem af hernáminu stafar, en á þessari skyldu, sem á þeim hvílir, byggir fjvn. þá till., að þeir séu einn-

ig skaðabótaskyldir, og fjvn. felur ríkisstj. að gangast fyrir því, að þessir aðilar inni þessar skaðabótagreiðslur af hendi. Frá sjónarmiði þeirra, sem líta svo á, að hernaðaryfirvöldum viðkomandi þjóða sé skylt að bæta tjónið, og hv. þm. N-M. var því mjög fylgjandi, þá skil ég ekki, hvað þeir hafa á móti till. Mér er því óskiljanleg óánægja hv. þm. N-M. út af henni. Hann telur kannske, að það vanti í hana einhver skammaryrði í garð hlutaðeigandi aðila, en fjvn. leit svo á, að þau ættu engan veginn við, og verður hv. þm. N-M. að sætta sig við það.

Viðvíkjandi ræðu hv. þm. Siglf. vil ég segja það, að n. gerði ráð fyrir, að efni brtt. þeirrar, sem hv. þm. hefur nú flutt, fælist í till., en að yfirlögðu ráði var orðalag till. haft eins og það er, sem sagt að beina kröfunum strax til réttra aðila, en ekki til ríkisstj., eins og hv. þm. Siglfirðinga vill, — og áleit fjvn., að það væri sterkara að viðhafa þetta orðalag. *Hitt er svo annað mál, að ef veiðarfæratjón skipa þeirra, sem veiðar stunda í Hvalfirði, er orðið svo tilfinnanlegt, að skipin þurfi jafnvel að hætta veiðum af þeim sökum, þá gefur það út af fyrir sig tilefni til þess, að gripa þurfi til bráðabirgðaráðstafana og að ríkisstj. þurfi að setja viss ákvæði til úrlausnar þeim vanda, en það mál er allt annars eðlis og verður þá síðar að koma til athugunar.* Ég vil því beina því til hv. þm. Siglf., og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn nefndarinnar, hvort hann vilji ekki taka brtt. sína aftur. Hv. þm. Siglf. sagði, að hæstv. ríkisstj. yrði linari í sókninni *til að fá greitt skaðabótafé, ef hún hefði* ekki greitt útvegsmönnum það úr ríkissjóði. Þetta sjónarmið hans skil ég ekki. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. gengur alveg jafnfast eftir fénu, hvort sem hún hefur þegar greitt útvegsmönnum það úr ríkissjóði eða ekki, og ég hefði aldrei komið með slíkar getsakir sem þessar í garð hv. þm. Siglf., ef hann hefði verið ráðherra.

Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en vænti þess, að hv. þm. Siglf. taki brtt. sína aftur, en till. verði samþ. og sú leið farin, sem ég hef bent á varðandi báta þá, sem þegar hafa orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég taldi rétt að láta það koma fram, að till. á þskj. 343 er gerð í samráði við hv. sjútvn., og út af ummælum um orðalag till. vil ég taka það fram, að okkur þótti sjálfsagt að orða hana að síðaðra manna hætti, en hafa ekki í henni nein skammaryrði né slíkt, sérstaklega þar sem hér er um að ræða viðskipti við erlend ríki.

Út af ræðu hv. þm. Siglf. vil ég benda á það, að mikið hefur verið rætt um það í n., að erfitt væri að gera upp á milli, hvað væri raunverulega tjón af drasli því, sem er í botni Hvalfjarðar, og hvað stafaði af einhverju öðru. Það má benda á það, að á hverju sumri verður mikið tjón á veiðarfærum fyrir Norðurlandinu, þar sem engu drasli er þó til að dreifa. Dæmi eru til þess, að útvegsmenn hafa orðið fyrir allt að 60 þús. kr. skaða á veiðarfærum á síldarvertíð norðanlands. — Það er vitað mál, að mikið tjón hefur leitt af þessum óhroða í Hvalfirði, en ekki getur þó talizt réttmætt að kenna því allt tjónið. Menn nota nætur með ákaflega grófa möskva, og þegar svo er, er fremur hætt við, að þær rifni og eyðileggist.

Ég hygg, að beinast liggi við, að útvegsmenn meti tjón það, sem orðið hefur af völdum þessa, og sendi til ríkisstj. skaðabótakröfur þær, sem þeir telja sig réttilega geta gert vegna tjóns á veiði og veiðarfærum. Ég er sammála hv. þm. Borgf. um það að álíta, að hv. þm. Siglf. ætti að taka brtt. sína aftur, þar sem hún á engan hátt er til bóta.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vildi í veikindaforföllum hæstv. sjútvmrh. segja nokkur orð. —

Hvað snertir brtt. hv. þm. Siglf., þá hygg ég, að ekki sé hægt að samþ. hana eins og hún liggur fyrir, því að auðsætt er, að ef Alþingi á að ákveða bætur til einstaklinga úr ríkissjóði, þá þarf til þess töluvert meiri undirbúning heldur en er nú fyrir hendi það varðandi. Engar ákveðnar kröfur hafa enn komið frá þeim aðilum, sem hlut eiga hér að máli, en því aðeins, að þær liggi fyrir, getur Alþingi tekið afstöðu til þessa og e. t. v. ráðið að einhverju bót á því með þáltill. þeirri, sem hér er um að ræða. En eins og málum er nú háttað, hefði verið betra, að borið hefði verið fram sérstakt frv. um þetta, því að þingsályktunarformið á hér ekki við. — Ég er sammála hv. þm. Borgf. um, að ekki verði betra að ná fullum réttarbótum til handa hlutaðeigandi aðilum, þó að ríkið hafi áður greitt þær einstaklingum úr ríkissjóði, heldur þvert á móti örðugra. Ég tel því, að ekki komi til mála að samþ. brtt. hv. þm. Siglf. Í þessu máli koma einnig til greina ýmis atriði, sem alls ekki gilda, þegar um einstaklinga er að ræða.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. lagði áherzlu á tvennt, sem hann fann till. minni til *foráttu. Í fyrsta lagi væri hún of viðtæk, og í* öðru lagi mundi hún veikja aðstöðu ríkisstj. til að heimta bætur af hendi erlendra aðila. Við skulum nú athuga, hvernig þetta yrði í framkvæmd. Um fyrra atriðið mundi þá gangur málsins verða á þá leið, að þeir einstaklingar, sem orðið hafa fyrir tjóni, kæmu með skaðabótakröfur sínar og sjópróf yrði að halda til þess að ganga úr skugga um það, að sá skaði hefði orðið af völdum hernaðaraðgerða. Samþykkt till. mundi sem sagt á engan hátt útiloka það, að kröfuaðilar yrðu að færa sönnur á, að tjón þeirra væri af hernaðarvöldum; það segir sig alveg sjálft, að þessar bótakröfur yrðu takmarkaðar við það tjón, sem sannanlega mætti rekja til aðgerða hinna erlendu aðila í Hvalfirði. Hv. þm. Barð. benti á, að skaði á nótum hefði orðið af fleiri orsökum, og hygg ég það rétt vera og að slíkt tjón hafi jafnvel verið enn algengara. En sá stóri munur á slíku tjóni og hinu, sem stafar af aðgerðum setuliðsins, er sá, að í fyrra tilfellinu hafa menn venjulega náð aftur rifrildinu af nótum sínum, en í því síðara tapað þeim nema einhverju lítilsverðu drasli. Sá skaði hefur því orðið með sérstökum hætti, enda aldrei slík brögð að veiðarfæratjóni, þar til merkin voru sett, og er nú mjög tekið fyrir það. Ég sé ekki, að þessi rök standist hjá hæstv. utanrrh., að þetta sé of víðtækt. Það er ætlazt til, að skýrar sannanir liggi fyrir, ef skaðabótakröfur á að taka til greina.

Varðandi annað atriðið, að það veiki aðstöðu okkar, ef ríkisstj. bæti útvegsmönnum skaðann, eins og gert er ráð fyrir í till. minni, vil ég minna á það, að þegar lögin nr. 99 frá 1943 voru sett, var

einmitt þetta viðhorf ríkjandi, að ríkisvaldið væri sterkari aðili gagnvart hinum erlendu aðilum en einstaklingar. Rökin til þess viðhorfs hafa ekki breytzt nokkurn skapaðan hlut síðan. Þeir aðilar, sem hér er um að ræða, eru enn fremur þannig á vegi staddir, að þeir mega ekki við fjárhagslegu tjóni og þarfnast þessara bóta mjög bráðlega. Og það er misskilningur að mínu áliti, að við höfum sterkari aðstöðu með því að láta einstaklinga leita skaðabóta af hernámsaðilunum. Ef ríkissjóður leysir inn skaðabótakröfurnar, hlýtur ríkisstj. að skipuleggja ýtarlegar rannsóknir á skaðanum, og krafan út á við yrði þá enn sterkari heldur en nokkur óskalisti einstakra manna.

Ég tel það mikið tjón, að ekki var þegar í haust farið inn á þá braut að bæta útvegsmönnum tjón sitt og hefja rannsóknir á því, þar sem fyrnast hlýtur yfir öll gögn, því lengra sem frá líður. Ef svo á að dragast enn lengur, að rannsókn fari fram, er ég hræddur um, að erfitt reynist að afla gildra sannana og gagna, sem auðvelt væri að fá, ef rannsókn færi fram strax.

Ég vil sérstaklega benda á, að Alþingi hefur þá skipt gersamlega um skoðun síðan 1943, ef það telur nú sterkari leik á borði að láta þá, sem tjón hafa beðið, bíða og fá bætur eftir dúk og disk heldur en að ríkið leysi inn kröfurnar að framkvæmdum ýtarlegum rannsóknum og geri svo kröfur á hendur hernámsaðilunum.

Hv. þm. Borgf. vildi halda því fram, að ég hefði verið með ósæmilegar aðdróttanir á hendur ríkisstj., er ég taldi, að hún hefði meira aðhald um framkvæmdir, ef ríkissjóður væri búinn að greiða tjónið. En það er ekki um neitt slíkt að ræða. Það væri ekki nema mannlegt, að það tryggði röggsamlegri aðgerðir af hennar hálfu, ef hún hefði orðið að borga mikið úr kassanum og yrði að krefja það fé inn aftur. Annars má hv. þm. Borgf. taka þetta eins og honum sýnist. Ég tel þetta hina öruggustu leið í málinu og get því ekki tekið till. mína til baka.

Frsm. (Pétur Ottesen): Það er misskilningur hjá hv. þm. Siglf., að það sé eðlismunur í sókn málsins af hálfu Íslendinga eftir því, hvort ríkisstj. hefur greitt bæturnar fyrirfram eða farið er að eins og gert er ráð fyrir í till. fjvn. Strax og búið væri að samþykkja þá till., mundi ríkisstj. hafa þann hátt á að tilkynna þeim mönnum, er tjón hafa beðið, að þeir yrðu að færa sönnur á, að kröfur þeirra væru réttmætar. Þannig lægju fyrir sönnunargögn gagnvart erlendum aðilum, hvort sem ríkið hefði áður greitt bætur eða ekki. — Það er því enginn skilsmunur á þessu tvennu, og skal ég ekki lengja frekar umræður um þetta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 25. febr., var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 343 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 219 tekin aftur.
— 364 felld með 23:5 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 390).

7. Hlutafélög, verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð.

Á 8. fundi í Sþ., 16. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun gildandi laga um hlutafélög og laga um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð (A. 37).

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessari till. felst það, að Alþ. skori á ríkisstj. að láta endurskoða tvo lagabálka, í fyrsta lagi lög um hlutafélög og í öðru lagi lög um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð. Allir, sem þekkja til þessara laga og hafa með þau að gera, sjá, að þau eru orðin úrelt, enda hvor tveggja lögin frumsmíð á sínum tíma. Það er því eðlilegt, að þessir lagabálkar, sem orðnir eru milli 25 og 40 ára gamlir, séu orðnir úreltir og þurfi endurskoðunar við. Síðan við settum okkar hlutafélagalög, sem sniðin voru eftir dönsku hlutafélagalögunum, hafa Danir sett ný lög um þetta efni, enn fremur Norðmenn, Svíar og Þjóðverjar og nú síðast Bretar í fyrra eða á þessu ári, og voru þó brezku hlutafélagalögin aðeins 10 ára gömul. Það er brýn nauðsyn, að við endurskoðum löggjöf okkar í félagarétti með vissu árabili með tilliti til hinna ýmsu breytinga, sem verða á hinni almennu löggjöf. Milli slíkrar endurskoðunar mætti ekki líða lengri tími en 8 til 10 ár, enda telja flestir lögfræðingar brýna nauðsyn þess, að endurskoðun á nefndum lögum fari nú fram. Ég flutti sams konar till. í fyrra, en svo seint, að hún náði ekki afgreiðslu. Ég óska svo að lokum, að till. fari til allshn. og vænti góðs stuðnings hennar og svo allra hv. þingmanna.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af þeirri aðferð hv. 4. þm. Reykv. að flytja till. til þál. um að skora á ríkisstj. að láta endurskoða lög án þess að geta ástæðna eða færa rök fyrir, að hvaða leyti slík endurskoðun sé nauðsynleg. Með þessu vildi ég ekki segja, að endurskoðun sú, sem hv. 4. þm. Reykv. talaði um, sé óþörf, en bendi aðeins á, að hann gat engra sérstakra ástæðna fyrir nauðsyn slíkrar endurskoðunar, en æskilegt væri, að slíkar ástæður kæmu fram þegar. Og það, að endurskoða þurfi lög með vissu árabili, það fær náttúrlega ekki staðizt. Sum lög standa marga áratugi, önnur aðeins stutta stund, allt eftir efni og innihaldi, og það er réttara að koma till. sínum á framfæri við ríkisstj. heldur en mælast til þess, að þingið álykti að endurskoða beri lög, án þess að ástæðna til þess sé getið.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég verð að láta í ljós nokkra undrun út af ræðu hv. 7. þm. Reykv. Honum, sem er lögfræðingur, hlýtur að vera ljóst, að umræddum lögum er mjög ábótavant í geysimörgum atriðum, og ef ég ætti að fara að gera grein fyrir hinum ýmsu atriðum hlutafélagalaganna, þyrfti ég að minnsta kosti til þess tveggja

tíma ræðu. Mér mundi veitast það mjög létt að halda tveggja tíma ræðu um það, sem er ábótavant um hlutafélagalögin, en sé ekki ástæðu til þess á þessum vettvangi, en get sem dæmi nefnt bæði ákvæðin um stofnun hlutafélaga og slit hlutafélaga, og ýmis atriði eru, sem nákvæmar þarf að taka fram en í lögunum er gert. En ég tel ekki þörf á að útlista þetta nánar fyrir hv. 7. þm. Reykv., sem er lögfræðingur og gæti vafalaust haldið 4 klst. ræðu um málið.

Lögunum um verzlunarskrár og prókúruumboð er einnig stórlega ábótavant og ekki einu sinni framfylgt í öllum atriðum. En ég sá ekki ástæðu til þess að halda fræðilegan fyrirlestur um málið, heldur gerði ég ráð fyrir, að ekki yrði dregið í efa, að endurskoðunar væri þörf, og nefndi til, hve gömul lögin væru orðin og að allar nágrannaþjóðir okkar hefðu breytt sínum lögum um sama efni, með því að ég taldi það skýrari rökstuðning heldur en fræðilega ræðu í tiltölulega flóknu máli.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hefði nú reyndar ekki óskað eftir tveggja tíma ræðu hjá hv. 4. þm. Reykv. um þetta mál, en æskilegt væri, að þegar á þessu stigi, þegar stuðlað er að endurskoðun laganna, þá kæmi eitthvað það fram, sem sýndi, að nauðsyn bæri til slíkrar endurskoðunar, og þyrfti ekki langa ræðu til að nefna einhver dæmi því til rökstuðnings. Ég get hins vegar búizt við, að ýmis atriði þurfi endurskoðunar við, og tók ég það fram í fyrri ræðu minni, að ég mótmælti því ekki, en það þarf að koma fram hér á Alþingi, hvaða atriði laganna eigi að endurskoða og hvað eigi að leiðrétta.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umræðu með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 18. febr., var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Sþ., 25. febr., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 37, n. 304, frhn. 376).

Forseti (JPálm): Frsm. allshn., hv. þm. V-Ísf., er ekki viðstaddur, en ég sé, að n. leggur til, að till. verði samþ., og hygg ég því, að ekki saki, þótt hún sé tekin fyrir.

ATKVGR.
Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 391).

---

8. *Ferjur á Hornafjörð og Berufjörð.*

Á 8. fundi í Sþ., 16. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um ferjur á Hornafjörð og Berufjörð (A. 38).

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Sþ., 19. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Á síðasta Alþ. var flutt till. til þál. samhljóða þeirri, sem nú liggur hér fyrir á þskj. 38. Þeirri þáltill. var vísað til hv. allshn. Sþ., en hlaut ekki afgreiðslu hjá n. og dagaði því uppi á því þingi. Ég hef því leyft mér ásamt hv. 8. landsk. og hv. þm. S-M. að flytja þessa þáltill. hér á þingi í annað sinn. Eins og kunnugt er, klýfur Hornafjarðarfljót Austur-Skaftafellssýslu nálægt miðju. Er það mjög breitt og torfarið vatnsfall og aðstaða þannig, að ekki þarf að gera ráð fyrir, að brýr komi á það, að minnsta kosti á næstu tímum. Verzlunarstaður héraðsins stendur öðrum megin fjarðarins, og lætur þá að líkum, að oft þurfi að fara yfir fljótið og halda uppi mjög tíðum ferðum vegna verzlunarviðskipta og annarra erinda, sem íbúar héraðsins þurfa að reka við verzlunarstaðinn, og vegna annarra sambanda sín á milli. Hér kemur og til greina, að andspænis þorpinu er aðalflugvöllur héraðsins og í raun og veru aðalflugvöllur á Suðurlandi, þegar frá er tekinn flugvöllurinn hér við Reykjavík. Og allir þeir, sem þessar ferðir nota, þurfa að fara yfir fljótið til þess, ef þeir þurfa að hafa samskipti við þorpið sjálft.

Þetta mun nægja til þess að sýna fram á það, hversu mikla nauðsyn beri til þess að hafa þarna góða ferju til staðar, og er því farið fram á það með þessari till. til þál., að ríkisstj., þ. e. a. s. hæstv. samgmrh., láti athuga gaumgæfilega, hvers konar ferja muni henta bezt á þessum stað.

Við Berufjörð í Suður-Múlasýslu eru ástæður nokkuð svipaðar og ég hef lýst við Hornafjarðarfljót. En vegasamband er enn ekki komið umhverfis fjörðinn, en að sumarlagi geta bílar farið alveg héðan úr Reykjavík um þjóðbraut Norður- og Austurlands að Berufirði, svo að segja hindrunarlaust, en þar mætir þeim sú hindrun, sem fjörðurinn sjálfur er. Og ekki mun verða sigrazt á þeirri torfæru á næstunni á annan hátt en að hafa þar nægilega trausta og góða ferju, sem getur flutt bíla yfir fjörðinn, svo að hægt sé að halda ferðinni áfram svo langt sem vegasambandið leyfir að öðru leyti. Þess vegna förum við fram á í þessari þáltill., að það verði enn fremur athugað, hvers konar ferja muni henta bezt á þessum stað, og enn fremur, að áætlun verði gerð um það, hvað slíkar ferjur muni kosta, og að slíkar áætlanir liggi fyrir, næst þegar þing kemur saman.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fylgja þessu augljósa máli úr hlaði með fleiri orðum, en ég tel eðlilegt, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn. Sþ., sem fékk þáltill. samhljóða þessari til athugunar á síðasta þingi, en skrifaði þá ekki álitsgerð um málið.

Umr. frestað.
Á 24. fundi í Sþ., 20. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 38, n. 429).

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Hv. frsm. er ekki við látinn, en ég hygg, að málið megi ganga áfram fyrir því, því að n. var sammála um að leggja til, að till. yrði samþ. eins og hún liggur fyrir. Hef ég ekki meira um það að segja, en get vitnað til nál. um þetta atriði. Vil ég vænta þess, að þingið geti samþ. þessa till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 476).

9. *Erfðalög.*

Á 47. fundi í Sþ., 25. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun erfðalaganna (A. 383).

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, er þannig gerð, að óþarft virðist að fjölyrða um hana, því að þar er mjög einfalt mál, sem mörgum mun virðast vera sjálfsagt. Þessu máli hefur verið hreyft áður hér á þingi, því að erfðal. eru nú orðin mjög úrelt og margar breyt. þar á orðnar, sem allir sjá, er það athuga. Áður á tímum fylgdist að erfðaréttur og framfærsluskylda. Nú má heita, að framfærsluskyldan sé horfin nema þar, sem skyldleiki er allra nánastur, en erfðarétturinn er nærri því eins og hann var áður langt fram í aldir. Þau fyrirmæli, sem gilda um erfðarétt okkar, eru í Norsku lögum og þó aðallega í tilskipuninni frá 1850. Margt af þessum fyrirmælum er orðið mjög svo úrelt. Nokkru eftir að þessi till. var lögð fram, barst mér rit, sem dr. Björn Þórðarson hefur skrifað og nýlega er komið út um þetta efni. Sýnir hann fram á með dæmum, hvað þetta er orðið afskaplega úrelt, þar sem arfur getur dreifzt þannig, að þótt hann nemi allur tugum þúsunda, þá geta erfðahlutarnir orðið milli 10 og 20 kr.

Ég geri ráð fyrir, að þótt þessi endurskoðun hafi ekki farið fram hjá fyrrv. stj., þá muni hæstv. núv. stj. taka þessu máli mjög vel. Ég vil eindregið óska þess, að málið nái fram að ganga. En af því að nú er mjög liðið á þingtímann, mun ég ekki gera till. um, að málið fari í n. Ég tel það óþarft, þar sem málið er mjög einfalt. Þess vegna geri ég ekki uppástungu um n., nema hæstv. stj. sjái einhverja ástæðu til þess.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Dal. fyrir að hreyfa þessu máli, af því að ég er honum mjög sammála um, að erfðal. þurfa gagngerrar endurskoðunar. Ég tel svo ástatt um málið, að ég sé ekki ástæðu til, að það fari til n., en vil þó hafa þann fyrirvara, þótt það sé ekki berum orðum fram tekið, að ég mundi telja mér heimilt að verja einhverju fé úr ríkissjóði til að greiða fyrir aðstoð, sem rn. fengi við slíka endurskoðun, því að starfsmenn stjórnarráðsins eru svo störfum hlaðnir, að hæpið er að ætla þeim að vinna að endurskoðun heilla lagabálka, og það er hæpið, að stjórnarráðið hafi næga sérfróða menn, sem hafi tóm til að semja slíka lagabálka. Það hefur verið venja, þegar slíkir lagabálkar hafa verið samdir, að til þess hafa verið kvaddir sérfróðir menn, sem hefur þá verið greitt nokkuð fyrir það úr ríkissjóði.

Ég vil lýsa yfir, jafnframt því sem ég gleðst yfir, að till. er fram komin og vona, að hún verði samþ., að ég mundi telja mig hafa, þó að það sé ekki sagt berum orðum, heimild til að verja hæfilegu fé úr ríkissjóði í þessu augnamiði.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil taka fram, að fyrirkomulag þessarar till. og það, að hæstv. forseti ákvað tvær umr. um hana, sýnir, að gert er ráð fyrir, að fé verði greitt úr ríkissjóði til þessarar endurskoðunar. Ég vil einnig beina því til hæstv. stj., hvort ekki væri rétt að athuga, þó að það sé ekki tekið fram í till., hvort ekki væri rétt að setja nánari reglur um fjárhag ómyndugra, sem hefur verið talið mjög vandasamt atriði, og þyrfti kannske að setja um það efni sterkari fyrirmæli en nú eru í gildi. Ég vil aðeins beina þessu til hæstv. stj., af því að það efni er náskylt því máli, sem hér er til umr., en það liggur í hlutarins eðli, þar sem tvær umr. hafa verið ákveðnar um till., að þá er gert ráð fyrir, að nokkurt fé verði greitt fyrir að starfa að endurskoðun þessara laga.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til síðari umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 549).

10. *Embættisbústaðir.*

Á deildafundum 23. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um undirbúning lagasetningar um embættisbústaði (A. 265).

Á 45. og 49. fundi í Sþ., 18. febr. og 3. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þessa till. Eins og þskj. ber með sér, þá er þessi till. um að fela stj. að láta undirbúa heildarlagasetningu um embættisbústaði og leggja niðurstöðurnar fyrir Alþingi í lagafrv. þegar að athugun lokinni.

Það er kunnugt, að til eru ýmiss konar lagafyrirmæli um embættisbústaði, og er mikil þörf að samræma þau. Í l. um byggingu prestsseturshúsa er ákveðið, að kostnaður við það skuli greiddur að öllu leyti úr ríkissjóði, og líka hvaða leigukjörum prestar skuli sæta. Það eru líka til l. um byggingu íbúðarhúsa fyrir héraðslækna, og er þar ákveðið, að viðkomandi hérað skuli greiða $^3/_5$ kostnaðar, en ríkið $^2/_5$. Enn fremur hefur í seinni tíð verið ákveðið að byggja yfir héraðsdómara að öllu leyti fyrir ríkisfé, en engin ákvæði um, hvaða húsaleigu þeir skuli greiða. Enn fremur eru til ákvæði um bústaði skólastjóra við barnaskóla og aðra slíka heimangönguskóla. Það er þetta misræmi, sem þessi till. fer fram á að lagfæra og að athugað sé um leið, hvað mikið ríkissjóður getur tekið á sig í þessum efnum.

Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum, en legg til, að till. verði vísað til síðari umr. og fjvn.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 265, n. 496).

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað þessa till. og leggur til, að hún verði samþ. óbreytt. Það kom skýrt fram í n., að ýmsir nm. litu svo á, að þetta mál, sem till. er um, sé komið í nokkuð óvænt efni, og að það þurfi að taka til rækilegrar athugunar þessi lög um embættismannabústaði. Nú er ríkjandi mjög mikið ósamræmi í framkvæmdum hins opinbera á byggingu embættismannabústaða. Og margir eru þeirrar skoðunar, að fulllangt sé búið að ganga í því að leggja ríkinu skyldur á herðar til þess að byggja yfir marga embættismenn. — Fjvn. er sammála um að vænta þess, að hæstv. ríkisstj. taki þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar.

ATKVGR.

Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 553).

---

11. Gjaldeyrir til námsmanna erlendis.

Á 12. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis (A. 45).

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 19. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 45, 98).

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Síðan kveða fór verulega að gjaldeyrisörðugleikum þjóðarinnar, hafa þeir bitnað allverulega á þeim námsmönnum, sem stunda nám erlendis, eins og öðrum, sem til gjaldeyrisyfirvaldanna þurfa að sækja. Og afgreiðsla þessara hluta hefur gengið seint og hefur það valdið námsmönnum miklum erfiðleikum. Og auk þess hafa nokkur brögð verið að því, að námsmenn, sem ætluðu á síðasta hausti út til þess að stunda nám erlendis, hafa orðið að láta af þeim fyrirætlunum sökum gjaldeyrisskorts.

Í þessari þáltill. er farið fram á, að hæstv. Alþ. skori á ríkisstj. að hlutast til um, að gjaldeyrisskortur verði ekki þess valdandi, að íslenzkir námsmenn erlendis, sem við gagnleg fræði fást, verði fyrir óþægindum vegna skorts á gjaldeyri erlendis, eða vegna þess verði komið í veg fyrir, að íslenzkir námsmenn leiti til annarra landa til náms, ef um gagnleg fræði er að ræða. Ég tel það ekki orka tvímælis, að þeim gjaldeyri, sem íslenzkir námsmenn þurfa að verja erlendis, sé vel varið, en illa farið, ef vegna skorts á gjaldeyri yrði minna um það, að ungir og efnilegir menn sæktu yfirleitt til annarra landa.

Í þáltill. er gert ráð fyrir, að skipuð verði ólaunuð n. til þess að aðstoða gjaldeyrisyfirvöldin í þessu skyni. Ég hef hér gert ráð fyrir, að þetta verði þriggja manna n. og sé einn tilnefndur af menntamálaráði, annar af háskólaráði og sá þriðji af þeim skólum, sem hafa rétt til þess að brautskrá stúdenta. Skal n. fá til umsagnar allar umsóknir um slík gjaldeyrisleyfi, og er þetta gert vegna þess, að varla er við því að búast, að gjaldeyrisyfirvöldin geti haft nákvæmt yfirlit um það, til hvaða náms nauðsynlegt sé að veita gjaldeyri, og ekki heldur við því að búast, að þau hafi tíma til þess að fylgjast með því, að þessum gjaldeyri sé varið raunverulega í því skyni.

Það munu hafa verið allmikil brögð að því undanfarið, að menn hafi fengið gjaldeyri til náms erlendis, en varið honum til annarra fjarskyldra hluta. Þá er einnig nauðsynlegt að fá um það yfirsýn meiri en nú er, hver framfærslukostnaðurinn er í hinum ýmsu löndum, sem íslenzkir námsmenn dvelja í, en því ætti þessi þriggja manna n. að geta fylgzt með og hafa að ýmsu leyti góð skilyrði til þess að geta fylgzt þar vel með.

Þetta er aðalefni þessarar þáltill., og ég vona, að hv. þm. sé ljóst, að hér er um það mikið nauðsynjamál að ræða fyrir þessa ungu menn, sem nú vilja stunda nám erlendis, að rétt sé, að Alþ. skerist á þennan hátt í leikinn og rétti að þessu leyti hjálparhönd.

Þá skal ég leyfa mér að víkja nokkrum orðum að brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 98. Mér virðist, að hann sé mér sammála um það, að nauðsyn beri til að gera ráðstafanir til þess að tryggja námsmönn-

um yfirfærslu á gjaldeyri vegna nauðsynlegs námskostnaðar. En ég get þó ekki verið honum sammála í einstökum atriðum. Um fyrsta liðinn munum við vera sammála, en um annan liðinn er það að segja, þar sem þar er gert ráð fyrir, að menntamálaráði sé falið að úthluta þessum gjaldeyri, að ef slíkt væri ákveðið, væri það ekki að mínu áliti í samræmi við gildandi l., því að valdið til þess að úthluta öllum gjaldeyri er í höndum viðskiptan. og fjárhagsráðs sameiginlega, og það getur ekki gengið að taka þetta vald af þessum aðilum með einfaldri þáltill. og fela það menntamálaráði. Ég sé því ekki, að hægt sé að samþykkja 2. lið brtt.

Um 3. liðinn, að við úthlutun gjaldeyrisleyfa sé tekið tillit til, hvort aðili stundar nám allt árið eða ekki, og hvort hann hefur fyrir fjölskyldu að sjá, þá finnst mér slíkt svo sjálfsagt, að ástæðulaust sé að ítreka þetta í þáltill.

Um 4. liðinn er það að segja, að ef ákveða ætti upphæð með l. handa námsmönnum, þá tel ég það líka óeðlilegt, að hæstv. Alþ. blandi sér í slíkt framkvæmdaratriði.

Þó að ég geti ekki fellt mig við 2., 3. og 4. liðinn í brtt., þá get ég fellt mig við 1. liðinn, og fara þar óskir okkar hv. þm. Barð. saman, að þeim mönnum, sem stunda gagnlegt nám erlendis, sé tryggð hæfileg yfirfærsla á gjaldeyri til þeirra hluta. Ég vona, að þetta sameiginlega atriði till. okkar nái fram að ganga í þingi.

Þá skal ég fúslega fallast á, ef aðrar betri till. koma um nefndarskipunina, en ég álít, að gjaldeyrisyfirvöldunum sé nauðsynlegt að fá þarna menn sér til aðstoðar, sem ætla mætti, að kunnugir væru þessum málum. Ég skal fúslega verða til viðtals um aðra skipun á þeirri n. en lagt er hér til.

Ég legg svo til, að umr. um málið verði frestað og því vísað til nefndar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Á síðasta Alþ. (66. löggjafarþingi) flutti ég till. til þál. um þetta mál á þskj. 72. Málinu var vísað til allshn., sem þá gaf út nál. á þskj. 196 og hafði þá fengið ýmsar upplýsingar frá viðkomandi aðilum, meðal annars kallað til sín á fund þáverandi formann viðskiptaráðs. Í þessum samtölum og á þessu nál. var upplýst, að í Ameríku mundi þurfa um 200 dollara á ári fyrir hvern nemanda, auk þess sem hann mundi þurfa yfirfærslu vegna bókakaupa og skólagjalds. Á Norðurlöndum var talið, að hver nemandi þyrfti 8 þús. kr., og í Englandi um 10 þús. kr.

Viðskiptaráð hafði þá talið, að ekki væri ástæða til að flytja þá þáltill., sem ég minntist á, vegna þess að ekki hefði verið neitað um yfirfærslu til námsmanna yfirleitt. En ég hélt því fram og færði sönnur á það, að till. þessi til þál. væri flutt af því, að viðskiptaráð hefði margneitað um nauðsynlega yfirfærslu, og væri því full ástæða til að flytja hana. Mér er vel kunnugt um, að hv. 4. þm. Reykv. var á sömu skoðun og viðskiptaráð. Þó að hann virðist nú vera kominn á aðra skoðun, þá var hann þeirrar skoðunar þá, að það hefðu verið skornar svo stórar sneiðar til námsmanna, að þeir hefðu meðal annars getað keypt sér, margir hverjir, dýra og stóra fólksbíla, sem þeir hefðu komið með heim að loknu námi. Og ég hygg, að afstaða hans hafi þá orðið þess valdandi, að málið var ekki afgreitt ákveðnara á því þingi. Sé hér um hugarfarsbreytingu að ræða hjá hv. þm., þá fagna ég því. Það var svo gert að samkomulagi í raun og veru við hv. allshn. og viðskiptaráð, alveg sérstaklega form., að þær upphæðir, sem ég hef talið hér upp, skyldu áframhaldandi greiddar til námsmanna, auk greiðslu vegna hækkandi verðlags í þeim löndum, sem þeir væru í, og auk þess styrkur til bókakaupa og skólagjalds. En mér er fullkunnugt um, að í flestum tilfellum, sem ég þekki til, hefur þetta verið svikið af þjóðfélaginu. Þetta mál var afgreitt hér á þ. með rökst. dagskrá, sem ég vil leyfa mér að lesa upp:

„Í því trausti, að af hálfu ríkisins verði séð svo um, að þeir menn, er dvelja við nám erlendis, fái nægan gjaldeyri yfirfærðan til nauðsynja sinna, sér Alþingi ekki ástæðu til að samþykkja tillögu þessa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þessi dagskrá var samþ. eingöngu í því trausti, að með þetta mál yrði farið svo sem hér segir, og fullkomnasta sönnunin fyrir því, að þetta er ekki gert, er einmitt till., sem hér liggur fyrir frá hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 45, því að ef farið hefði verið eftir dagskrártill., hefði ekki verið ástæða til þess að setja till. fram. En vilji Alþ. um þessi mál hefur aldrei verið uppfylltur, ekki einu sinni meðan nægur gjaldeyrir var í landinu. Ég hef því vegna þeirrar reynslu, sem ég hef á þessum málum, leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 98.

Í 1. lið er ætlazt til að láta námsmönnum þeim, er nú stunda eða vilja stunda nám erlendis í gagnlegum fræðum, sem ekki verða numin hérlendis, nægilegan gjaldeyri í té miðað við framfærslukostnað og námskostnað í þeim löndum, sem þeir dveljast í. Þetta hefur ekki verið gert til þessa dags. Þess vegna er alveg nauðsynlegt, að þetta komi fram í till., svo að einmitt þessir menn, sem fyrir tilverknað Alþ. hafa fengið völdin yfir þessum málum, fái ekki svo óskoruð völd, að þau verði meiri en Alþ. hefur leyft. Það er alveg nauðsynlegt, að það sé tekið fram hér, að ekki skuli eingöngu miðað við framfærslukostnað, heldur líka til að greiða skólagjöld og bækur. Nú skal ég leyfa mér að upplýsa, að það er bæði mismunur á skólagjöldum og dvalarkostnaði og svo, hvort lesið er allt árið, en hér virðist ekki tekið tillit til þess. Það er ekki sama, hvort lesið er eitt semester eða vetur og sumar. Með því að lesa vetur og sumar verður námsmaðurinn að greiða þrefalt skólagjald, en lýkur náminu á þrefalt skemmri tíma. Til þessa hefur þjóðfélagið ekki viljað taka tillit. Það er ekki tekið tillit til, hvort maðurinn þarf að greiða þúsundir kr. í skólagjald, eins og í Ameríku, eða engin skólagjöld, eins og á Norðurlöndum. Og það segir sig sjálft, að þegar nemandinn fær aðeins 2000 dollara og verður að greiða 900 dollara í skólagjöld og 200—300 dollara í bækur, þá er ekki mikið eftir fyrir þann mann að lifa af, og þá er miklu betra að yfirfæra ekki neitt og kalla slíka menn heim.

Í 2. lið er lagt til að fela menntamálaráði að úthluta gjaldeyrisleyfum til námsmanna í samráði við viðskiptanefnd. Ég skal viðurkenna þá aths. frá hv. 4. þm. Reykv., að vafasamt sé, hvort þetta orðalag geti staðizt. En þá þarf ekki annað en að snúa þessu þannig við, að viðskiptanefnd skuli gera þetta eftir till. menntamálaráðs. M. ö. o. viðskiptan. skal viðurkenna þarfir menntamálaráðs. Ég álít rétt, að menntamálaráð hafi með þetta að gera. Þeim er falið að úthluta þessum upphæðum, og þeir hafa gert sér grein fyrir, hvort þær muni

verða nægilegar, og þeir hafa betri aðstöðu til þess. Þess er ekki að vænta, að viðskiptan. geti aflað sér upplýsinga í þessum málum, enda gerir hún það ekki. Hún lætur ekki svo lítið að líta á upplýsingar, sem oft eru undirritaðar af sendiherrum í hinum ýmsu löndum, svo að það er ekki að furða, þótt einhvern aðila þurfi að hafa henni til aðstoðar. Ég sé ekki ástæðu til að skipa sérstaka n. til þessa, en tel nauðsynlegt, að till. þessi ákveði, að viðskiptan. verði að taka til greina þær till., sem koma frá menntamálaráði.

Það er rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það hafa verið yfirfærðar 8 millj. kr. til námsmanna, en mikið af því hefur ekki verið fært til námsmanna, heldur til ýmislegs annars, og á því átti viðskiptan. að bera ábyrgð, og úr því að hún gat ekki gert það, er þess ekki að vænta, að hún geti gert það framvegis. Það verður að gera greinarmun á því, hvort aðeins er um menn að ræða, sem hafa innritað sig í skóla og hanga þar árum saman, en starfa svo að öðru. Allt þetta þarf að upplýsa, og það er eðlilegt, að það þurfi aðra menn en viðskiptan. til þess að fylgjast með þessu.

Í 3. lið hef ég sagt, að hlutast verði til um, að fullt tillit sé tekið til þess við úthlutun gjaldeyrisleyfa, hvort aðili stundar nám allt árið eða aðeins hluta af árinu, og hvort hann jafnframt hefur fyrir fjölskyldu að sjá á meðan á námi stendur. Þetta er sagt alveg að gefnu tilefni. Í nýútkomnum blöðum er tilkynning frá viðskiptan. um yfirfærslu á námskostnaði. Vil ég lesa upp úr þessari tilkynningu.

„Sökum gjaldeyrisvandræða vill n. vekja athygli aðstandenda þeirra manna, er nám stunda erlendis, að framvegis munu gjaldeyrisleyfi til námsmanna aðeins verða miðuð við brýnustu þarfir þeirra sjálfra, en engin leyfi veitt til dvalarkostnaðar kvenna og fjölskyldna námsmanna erlendis."

Já, maður skyldi nú ætla, þegar maður les þessa tilkynningu, að maður væri kominn á það stig, þegar hreppsyfirvöldin stíuðu sundur heimilunum, af því að það var ódýrara. Hver skyldi halda, að slík steinaldarmenning ætti eftir að ríkja hér? En ég veit, að ef þetta kæmi til atkvæða hér, mundu þm. ekki vera á þeirri skoðun, sem kemur fram í auglýsingu þessari. Ég held, að þetta gangi svo nærri einstaklingunum, að þetta sé almennt ekki viðurkennt. Að maður eigi að sundra heimili sínu fyrir það eitt, að hann er að búa sig undir merkilegt starf fyrir þjóðfélagið. Ég vænti, að þessi liður verði samþ., svo að það komi í ljós, að Alþ. ætlast ekki til þess, að menn, sem eru að búa sig undir merkilegt ævistarf fyrir þjóðina, verði að sundra heimilum sínum fyrir það eitt. Mér er kunnugt um það, að einn íslenzkur námsmaður hefur fengið boð um það frá Bandaríkjastjórn, að hann verði kostaður í 1—2 ár, sem hann á eftir, gegn því, að hann undirriti samning um að starfa fyrir þá fyrir lífstíð. Þetta var lagt fyrir viðskiptan. og henni tjáð, að hún bæri ábyrgð á því, hvort hún vildi láta þetta verða eða ekki, því að maðurinn gæti ekki lifað af þessum smánarskammti. Svarið kom í enn minni skammti.

4. liður er um það að láta námsmönnum, sem nú eru erlendis, í té aukagjaldeyrisleyfi fyrir n. k. desembermánuð, er nemi minnst fimm hundruð krónum á nemanda. Hv. 4. þm. Reykv. þótti næsta óeðlilegt, að þetta yrði samþykkt á þinginu. Ég vil benda honum á, að þetta er gert fyrir beina nauðsyn. Það er nú hópur íslenzkra námsmanna, sem beinlínis sveltur. Það hafa komið fleiri bréf frá viðskiptan., þar sem hún staðhæfir, að ekki verði meira veitt fyrir yfirstandandi ár. Það hafa komið margfalt fleiri bréf frá þessum mönnum, þar sem þeir segjast ekki geta haldið áfram námi öðruvísi en það sé þeim til skaða, landinu til skammar og svívirðingar og mest til svívirðingar fyrir gjaldeyrisn. Ég tel það alveg nauðsynlegt að bjarga þessu máli og gera það nú þegar. Ég beini því til hv. allshn., að hún afgreiði þetta mál og afgreiði það strax.

Mér er það fullkomlega ljóst, og enda öllum Íslendingum, að gjaldeyriserfiðleikarnir eru margir og miklir, en mér er það ljóst, að ekkert er eins aðkallandi og að bjarga þessum mönnum, að ekkert er eins nauðsynlegt og að tryggja það, að menn, sem eru að búa sig undir ævistarf sitt erlendis, séu ekki sveltir.

Ég vil svo að síðustu benda á það, að í sumar áleit sjávarútvegsmálarh. svo nauðsynlegt og aðkallandi að halda áfram veiðum yfir síldveiðitímann, að hann bað sjómenn að halda áfram, þótt lítið veiddist. En ég vil spyrja, hvort líkur séu til, að menn vildu sinna slíku kalli í framtíðinni, ef stj. tekur svo allan gjaldeyrinn af þessum mönnum, tekur af þeim gjaldeyrinn, sem þeir eru að skapa, og neitar þeim um það, sem þeir þurfa að fá til þess að geta lifað. Ég vil spyrja stj., hvort hún álíti nokkra sanngirni í þessu. Og ef þessu fer fram, gæti farið svo, að snúizt yrði öðruvísi við slíku ávarpi frá stj. og kæmi þá skorturinn á gjaldeyri fram fyrr eða síðar.

Ég vil beina því til n., að hún taki þetta mál til afgreiðslu og láti ekki duga loforðin ein eins og á síðasta þ., sem fyrir fram var vitað, að mundu ekki verða haldin, þótt meiri hluti alþm. féllist á að afgreiða það á þann hátt, sem gert var, í því trausti, að staðið yrði við loforðin.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Síðan fór að harðna um yfirfærslur, hafa verið mikil vandræði með það, hvernig skyldi haga um yfirfærslur til námsmanna erlendis. Þetta er í höndum viðskiptanefndar, eins og kunnugt er, en mér er kunnugt um, að fjárhagsráð ákveður, hvað mikið skuli veitt til þessara hluta, þótt úthlutunin sé í höndum viðskiptan. Eftir að fór að kreppa að, ritaði ráðun. viðskiptan. bréf og spurði um reglur þær, sem farið væri eftir við þessa úthlutun. Ætlunin var að gera sér grein fyrir, hvort hægt mundi að fá betri reglur. Svar við þessu hefur ráðuneytið enn ekki fengið. Enn fremur hefur ráðuneytið átt tal við menntamálaráð út af þessu og ritað menntamálaráði bréf, þar sem farið er fram á, að menntamálaráð úthluti ekki styrkjum nema vitað væri, hve miklum gjaldeyri væri yfir að ráða, hve mikinn gjaldeyri væri hægt að fá í þessu skyni. Ráðuneytið undirstrikaði, að tekin væri upp samvinna milli menntamálaráðs og viðskiptan. um þetta mál. Aðalatriðið er, að vinstri höndin viti, hvað sú hægri gerir í þessu efni. Það þarf að vera vitað, hversu mikið fé íslenzka stjórnin veitir í þessu efni, og svo aftur, hversu mikill gjaldeyrir er fyrir hendi, og aðalatriðið er að vita, hve marga hægt er að kosta sæmilega erlendis og láta ekki fleiri fara en hægt er að sjá sæmilega farborða. Gjald-

eyrisyfirvöldin eru nú í hinum mesta vanda með að leysa úr þessu vegna hins mikla fjölda námsmanna, sem ráðið hefur sig erlendis, styrktir með opinberum styrk, en án sannana og nokkurra plagga um það, hvort hægt sé að fá gjaldeyri. Tel ég gott, að þetta kom hér, og vil, að brtt. sé vísað til n., og vildi ég, að n. hefði um þetta fund með form. menntamálaráðs og form. viðskiptan. og mér og reyni að koma heildarskipan á þessi mál og rífa sig úr því ástandi, sem nú er.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða meira um þetta og sé ekki ástæðu til að setja í þetta nýja n. Við höfum n. í þessu. Aðalatriðið er að fá n. til að vinna saman og að fá samræmi í það, sem menntamálaráð og viðskiptan. gera. Ég geri ráð fyrir því, ef samvinna yrði góð, að hægt yrði að koma betri skipan á þessi mál framvegis.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég finn ástæðu til að leiðrétta dálítið mishermi, sem kom fram hjá hv. þm. Barð. í hinni annars mjög skeleggu ræðu hans um þarfir þeirra námsmanna, sem stunda nám erlendis. Hann komst svo að orði, að ég hefði tekið mjög illa undir kvartanir manna um gjaldeyrisleysi og talað um gjaldeyrisspangól hjá námsmönnum. Þetta er fjarri öllum sanni. Ég hef ekki gert þetta að umtalsefni á neinum stað eða neinni stund, nema við útvarpsumr. fyrir nokkru síðan hér á Alþ., og var ég þar að víta undirtektir eins stjórnmálaflokksins hér í bænum undir kvartanir námsmanna yfir því almenna gjaldeyrisleysi, og vítti ég það sérstaklega, að það blað líkti námsmönnum við hunda og segði, að þeir væru með gjaldeyrisspangól. Ég hafði þá alveg sérstaka ástæðu til að víkja að þessum ummælum. Og það var fjarri öllu lagi hjá hv. þm. Barð., að ég vildi gera þau orð að mínum, heldur taldi ég þau mjög óviðurkvæmileg í alla staði.

Ég skal ekki gera þessa þáltill. eða brtt. við hana að umtalsefni. Mér er það vel ljóst, að það eru eflaust margir námsmenn utanlands, sem hafa miklu minni gjaldeyri en þeir þurfa á að halda, og má vel vera, að í úthlutun gjaldeyris til þeirra eigi sér einhver mistök stað. En hins vegar ber að gæta þess, að ef það er rétt, sem ég hef heyrt, að það séu um 1200 námsmenn nú utanlands, þá eru sjálfsagt ekki nokkrar líkur til þess, að hægt sé að fullnægja jafnvel brýnustu þörfum alls þessa fólks. Og það hlýtur að leika nokkur vafi á, hvort allt þetta fólk, sem er við nám utanlands, sé við það nám, sem þjóðinni er þarflegt og gagnlegt. Það væri sjálfsagt æskilegast að láta alla, sem sækja um gjaldeyri til náms erlendis, fá þann gjaldeyri, sem þeir vilja, ef hægt væri. En meðan svo er ástatt í landinu, að mikill vafi er á, að landsmenn, sem heima eru, geti fengið gjaldeyri fyrir brýnustu nauðsynjum, þá þarf aðgæzlu um úthlutun gjaldeyris til námsmanna. Nú hefur sú n., sem ég hef með að gera, gripið inn í þetta á miðju ári og sennilega ekki haft tækifæri til þess að greina þá í sundur eins og æskilegt hefði verið, sem stunda nám erlendis, með tilliti til nauðsynar á námi þeirra og þar með ástæðu þjóðarinnar til að láta þá hafa gjaldeyri. Það er eflaust rétt, að við höfum þörf fyrir að fá ýmiss konar menntun frá útlöndum. En sjálfsagt er á meðal námsmanna okkar erlendis nokkuð af fólki, sem gæti alveg eins gert sér gagn í námi sínu hér heima eins og erlendis. Ég get vel fallizt á, að það sé mjög líklegt, að gera þurfi betri greiningu á þessu, á þann veg einkum, að um fólk, sem er úti við nám, sé gerð sú krafa, að það hafi meðmæli frá skólum, sem það hefur stundað nám í hér heima, og að það sé nokkuð farið eftir því, hvort náminu álízt vera þannig háttað, að ekki sé hægt að nema hlutinn hér heima, áður en farið er að setja í þetta gjaldeyri. Því að með því að flokka þetta nokkuð er eflaust hægt að gera betur við þá, sem úti eru við nám, svo að þeir hafi til nauðsynja sinna, en fækka hins vegar eitthvað námsmönnum þar, ef rétt þykir.

Út af brtt. hv. þm. Barð. vil ég aðeins benda hæstv. forseta á það, að þó að þær séu að ýmsu leyti réttmætar efnislega, virðast þær koma í bága við gildandi lög, og geta því ekki komið til atkv. hér í sameinuðu þingi sem brtt. við þáltill. Þar er t. d. í tölul. 2 gert ráð fyrir að fela menntamálaráði að úthluta gjaldeyrisleyfum til námsmanna í samráði við viðskiptanefnd. Og þar sem viðskiptanefnd er nú falið að gera þetta samkv. gildandi l., er ekki hægt að fela þetta neinum öðrum aðila, nema með lagabreyt. Sama gildir um 4. tölul. brtt., þar sem skorað er á ríkisstj. að láta námsmönnum, sem eru erlendis, í té aukagjaldeyrisleyfi fyrir n. k. desembermánuð, er nemi minnst fimm hundruð kr. á nemanda. Vitanlega úthlutar ríkisstj. engum gjaldeyri. Og það er því eins um þennan lið brtt., að hann getur tæplega komið til atkv. hér í sameinuðu þingi í sambandi við þetta mál, jafnvel þó að hann ætti e. t. v. fullan rétt á sér. Ætti ekki að þurfa að benda hv. þm. á það, að það er ekki hægt að breyta l. með þál.

Ég ætla ekki að gera þetta mál frekar að umtalsefni. Ég tel rétt, að málið fari til n. og hljóti þar athugun. Því að sérstaklega ber það, sem komið hefur fram í ræðu hjá hv. þm. Barð., þess vitni, að Alþ. ætti að kynna sér málið nánar, og m. a. hv. þm. Barð. mundi hafa mjög gott af því.

Forseti (JPálm): Út af ábendingu hv. síðasta ræðumanns varðandi brtt. á þskj. nr. 98 vil ég taka fram, að um þessa þáltill. hefur verið ákveðin ein umr. Og það er ekki ætlazt til, að hér fari fram nokkur atkvgr. nú önnur en sú að vísa þessum till. báðum til n.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Áður en málið fer til n. vil ég benda á nokkur atriði, sem ég tók fram í fyrra og ég held, að þurfi að athuga. Ýmsir af þessum námsmönnum, sem gjaldeyri þurfa, hafa styrk til náms síns. Um þá styrki vil ég fyrst segja það, að það hefur fram að þessu, að því er mér virðist, ákaflega lítið verið athugað, hvaða menn eru áður til staðar með nám af sama tagi, sem styrkir eru veittir til, og hvaða þörf við höfum fyrir þessa menn. Það eru nú komnir menn, sem hafa verið við nám, sem ekki er sjáanlegt, að við höfum þörf fyrir. Þeir eru komnir með sérnám í vissum greinum, þ. e. hafa lokið prófi í greinum, sem menn eru þegar fyrir í og jafnvel fleiri en við höfum brúk fyrir, eins og þjóðfélagið er nú á vegi statt. Þess vegna tel ég, að þegar hv. allshn. fær þetta mál til athugunar, eigi hún að athuga þessa hlið málsins með það fyrir augum, að hún reyni að búa svo um, að einhvers staðar sé til yfirlit yfir, hvað við helzt þurfum af sérfræðingum, sem stundi

nám í öðrum löndum, og þá hve marga í hverri grein fyrir sig, svo að ekki sé verið að ginna menn til að fara í nám, sem menn hafa ekki not af að náminu loknu.

Annað atriði, sem ég vil biðja hv. n. að athuga, er það, að hér hefur það borið við hvað eftir annað, að menn hafi farið t. d. til Ameríku til náms, — eða svo hefur það verið látið heita, — en hafa svo ekkert nám stundað þar. Þessir menn hafa verið styrktir til ákveðins náms þar og hafa slæpzt þar um tíma. En svo hefur borið við, að þessir menn hafa komið heim, án nokkurra prófa eða náms, en farið svo til Norðurlanda og verið styrktir til náms þar. — Maður, sem þannig fer land úr landi með styrki til náms frá því opinbera, en stundar ekki það nám, sem látið er í veðri vaka, að hann fari til að stunda, hann getur náttúrlega lært eitthvað annað og þroskazt eitthvað við ferðalagið og kynni af ýmsum hlutum og málefnum, en ég tel rangt að láta slíka menn fá styrki á styrki ofan. En svona dæmi eru mörg til frá síðustu árum. Þess vegna er nauðsynlegt, að á komist samræmdar reglur um þetta, til þess í fyrsta lagi, að hvorki séu menn látnir hafa styrki né gjaldeyri til náms, sem ekki stunda nám, og í öðru lagi til þess, að ekki séu látnir styrkir til manna né heldur gjaldeyrir til náms, sem við höfum ekkert með að gera, eins og málum er nú komið. Meðan nóg var til af gjaldeyri hjá okkur, var það fyrir sig, þó að þetta kæmi fyrir. En þegar gjaldeyrir er af eins skornum skammti og nú er, má það alls ekki koma fyrir. Þetta bendi ég á nú. Ég benti líka á þetta í fyrra, en því var þá lítill gaumur gefinn. Nú kreppir skórinn meir að í gjaldeyrismálum okkar en hann gerði þá, og má því vera, að eyru manna séu nú betur opin fyrir því en þá að koma á lagfæringu hvað þetta snertir. Það liggur í hlutarins eðli, að þegar búið er að finna það og taka ákvörðun um það, hve mikinn gjaldeyri í heild sé hægt að láta af hendi til að styrkja menn til náms erlendis, — og það skilst mér, að fjárhagsráð ákveði, — þá skiptir viðskiptanefnd þeim heildarstyrk milli umsækjenda. Og styrkurinn er ekki nema nokkur hluti námskostnaðar þeirra manna, sem styrktir eru til náms. Hitt verða aðstandendur að sjá um. Það er því ekki nóg, að þessir menn fái aðeins gjaldeyri, sem styrknum nemur. — En fleiri menn mega ekki fá styrk, sem talinn er að vera til náms, heldur en þeir, sem nám stunda. Þess vegna verður að skera niður allan námsstyrk til þeirra manna, sem ekki rækja nám að neinu leyti, þó að kallað sé, að þeir séu við nám. Það þarf að hafa það fyrirkomulag, að lagt sé fram vottorð frá þeim stofnunum, sem íslenzkir menn stunda nám við erlendis, um, að þeir séu við nám. Að nafninu til hefur verið kallað eftir þeim í fyrsta sinn í vetur. Og í öðru lagi á ekki að styrkja menn til annars náms erlendis en þess, sem við teljum, að okkur sé nauðsyn á að fá sérmenntaða menn í.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af ræðu hæstv. menntmrh. vil ég leyfa mér að gera nokkrar aths. Mér finnst, að það hafi verið upplýst hér, að stefnt sé að því, sem sízt má stefna að í íslenzkum fjármálum. Og ég fagna ekki hvað sízt, að þessi þáttur hefur komið til umr., ef það gæti orðið til þess að sporna við því, að farið yrði lengra inn á þá braut. Hér hefur verið lýst yfir því af hæstv. ráðh., að það verði ákveðið af fjárhagsráði, hve mikið verði yfirfært í heild af gjaldeyri til námsmanna erlendis. Út af fyrir sig ætla ég ekki að deila á það fyrirkomulag hér, ef það byggist á réttum upplýsingum. En slík yfirfærsla verður vitanlega fyrst og fremst að takmarkast af því, hve mikil þörf er á yfirfærslu þessa gjaldeyris, og ekki neinu öðru. Hæstv. ráðh. sagði, að menntamálaráð yrði beðið að gefa upplýsingar um þessa úthlutun, og síðan mundi ekki verða meira yfirfært til námsmanna erlendis en hægt væri að gera að dómi fjárhagsráðs, og yrði þá að stöðva menn, sem ætluðu til útlanda til náms, ef ekki væri annað eða meira fé fyrir hendi fyrir þann fjölda námsmanna, sem vildu leita út til náms erlendis. Þetta sama kemur hér fram hjá hv. 1. þm. N-M. Hann leggur á það áherzlu, að ekki séu látnir fleiri menn nema úti í öðrum löndum en fyrir fram er hægt að ákveða, hvað landið þurfi með. En þetta megum við sízt fara inn á. Ef nokkuð á að vera frjálst í þessu landi, þá verður það að vera það, hvort menn vilja nema gagnleg fræði erlendis eða ekki. Það er hægt að setja einokun á áburð og brennivín og mjölpoka. En það er sannarlega ekki hægt að setja einokun á þarfir manna um að nota sínar andlegu gáfur. Ef það væri gert, væri það sama og að afnema prentfrelsi, málfrelsi og yfir höfuð einstaklingsfrelsi í landinu. Við skulum hugsa okkur, að það fengju ekki leyfi til að nema nema svo sem fjórði partur þeirra manna, sem vilja nema gagnleg fræði. Hver er þá dómbær til þess að úthluta þessu? Eru það einhverjar nefndir? Eða einhverjir pólitískir ráðherrar? Ætli það yrði ekki skrítið umhorfs í okkar þjóðfélagi, ef búið væri að takmarka þannig námsmöguleika manna, að einhverjir menn, sem styðja vissar pólitískar skoðanir, gengju fyrir, fyrst með því að veita þeim gjaldeyri eftir pólitískum skoðunum og síðan með því að tryggja þeim stöður eftir pólitískum skoðunum o. s. frv.? Ég held, að þetta væri hin hættulegasta braut, sem við gætum farið inn á. Ég get skilið, að hægt sé kannske að segja: Þeir menn, sem ætla að stunda nám erlendis, sem hægt er að nema á Íslandi og sérstök skilyrði eru fyrir hendi til þess að þeir geti numið sínar námsgreinar við íslenzkan háskóla, til þess að gegna vissu embætti, þurfa ekki að fá styrk eða fyrirgreiðslu til að stunda nám erlendis nema framhaldsnám. — Ég get skilið þá, sem svo tala. En það má ekki vera takmarkað af nokkrum hlut, að menn geti erlendis numið vandlega fræði þau, sem ekki er hægt að nema hér á landi, nema af vilja mannanna sjálfra, sem námið vilja stunda. Og svo á gjaldeyrisúthlutunin til námsmanna erlendis að takmarkast af því, að þess sé gætt, að þeir séu við nám, sem taldir eru við nám erlendis, en hafi það ekki sem skálkaskjól að segja, að þeir ætli að nema erlendis, til þess að geta fengið gjaldeyri. Og ég vil ekki, að inn á þá braut verði farið, sem hæstv. menntmrh. minntist á í sambandi við þetta og hv. 1. þm. N-M. tók einnig undir. Ég vil í sambandi við þetta benda á: Hver vildi bera ábyrgð á því nú, að Einar Jónsson myndhöggvari hefði ekki getað farið út til þess að nema á sínum tíma? En á þeim tíma gat enginn sagt um það, hvað Einar Jónsson gæti gert. Og hver vildi hafa stöðvað Jón Sigurðsson, svo að hann hefði ekki getað notið sín við nám erlendis? Og hver gat sagt um það, þegar hann fór utan til náms, að hann

yrði sá maður, sem hann varð? Ef þessi regla yrði tekin upp, sem þessir tveir hv. þm. hafa talað um hér, þá er áreiðanlegt, að það er enginn sá maður til, sem sé fær um að ákveða rétt, hver á að fara utan til náms og hver á að sitja heima.

En það er annað atriði þessa máls, sem er kannske mjög umdeilanlegt og kannske væri meiri ástæða til að stöðva yfirfærslur fyrir, og það eru þeir menn, sem ekki ætla að koma heim að loknu námi, en fara í þjónustu annarra þjóða að því loknu. Það má segja frá vissu sjónarmiði, að þessir menn séu Íslandi glataðir. En eru þeir Íslandi glataðir, þessir menn? Það getur verið, að þeir séu bezta landkynningin, sem við eigum kost á fyrir Ísland. Og ég minnist þess, að þegar ég var í Englandi á s. l. sumri, þá var mjög deilt um það þar, hvort ensku þjóðinni væri glatað það fólk, sem flyttist út og dveldi annars staðar í löndum utan Bretlands. Og sú varð niðurstaðan þar í því máli, að það væru e. t. v. beztu þegnarnir, því að það væri bezti hornsteinn undir brezka veldinu, að Bretar hefðu út á við ákveðinn fjölda manna í sínum nýlendum til þess að sinna sínum hagsmunum.

Ég vildi svo spyrja hæstv. menntmrh., hvort hann hugsi og menntamálaráð, að aðeins þeir menn, sem hafa styrk til náms erlendis frá ríkissjóði, njóti yfirfærsluréttinda. (**Menntmrh.**: Ríkisstj. hefur ekkert með yfirfærslur að gera). Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. um þetta, því að hann sagði, að þetta mundi verða gert í samráði við menntmrh. og menntamálaráð. (**Menntmrh.**: Það er óklárað enn). Ef hæstv. menntmrh. álítur, að sér komi þetta ekki við sem ráðh., er náttúrlega óþarfi að spyrja hann um þetta. En ég vil segja n., að það á ekki að setja takmarkanir um þetta þannig, að um úthlutunina á gjaldeyri til námsmanna erlendis verði eingöngu farið eftir því, hvort nemendur hafa ríkisstyrk eða ekki. Það hefur verið erfiðara að fá yfirfærslur á gjaldeyri fyrir nemendur, sem eru erlendis við nám og ekki hafa fengið ríkisstyrk. En ég er á móti þessu. Nemendur, sem þannig eru settir, að þeir hafa ekki þurft að sækja um ríkisstyrk og þess vegna ekki gert það, hafa ekki sótt um styrk af þeim ástæðum, að ef þeir hefðu getað þvingað styrk handa sér í gegn á Alþ., þá hefði það verið á kostnað annarra, sem fremur þurftu styrksins við. En ég er á móti því, að fyrir þetta eigi að þrengja þannig að þeim, sem ekki sækja um ríkisstyrk til náms erlendis, að þeir geti ekki fengið gjaldeyrisyfirfærslur.

Ég er sammála hæstv. menntmrh., — þó að hann segi, að sér komi þetta lítið við, — að það sé ekki þörf á að setja á stofn neinar sérstakar nýjar nefndir til þess að fjalla um þetta. Ég álít, að það sé hægt að gera þetta í samvinnu við menntmn. og að sjálfsögðu við menntmrn.

Þá ætla ég aðeins að koma hér nokkrum orðum að því, sem hv. þm. Ísaf. sagði nú í ræðu sinni, að ég hefði sagt, að hann hefði tekið illa undir kvartanir námsmanna. Ég held, að ég hafi aldrei sagt þetta. Hann hefur misskilið orð mín, ef hann heldur, að ég hafi sagt þá setningu. En ég sagði, að honum væri í fjárhagsráði kunnugt um kveinstafi þeirra út af gjaldeyriserfiðleikum, og m. a., að hann hafi haldið fram hér í útvarpsræðu, að hér væru spangólandi námsmenn. En ég sagði ekkert um það, hvernig hann hefði tekið undir kvartanir út af gjaldeyriserfiðleikum. Ég veit ekki um, hvort kvartanir um þetta hafa komið til hv. þm. Ísaf.

Ef talið er, að 1200 námsmenn séu nú í útlöndum við nám, eins og hv. þm. Ísaf. hélt fram, þá kemur fram alveg það sama og ég minntist á, að ekki hefði verið gætt nægilega vel að þeirri hlið málsins á undanförnum árum að láta ekki gjaldeyri nema til þeirra manna, sem stunda nám, þ. e. a. s. í þeirri meiningu, að gjaldeyririnn fari til námsmanna. Og ég tel það eitt af nauðsynlegustu atriðunum í þessu máli, að gengið sé mjög ríkt eftir því, að nauðsynleg skilríki séu veitt gjaldeyrisyfirvöldunum í þessum efnum áður en gjaldeyrisleyfi eru veitt, sem meint eru til námsmanna. Því að maður verður að gera þá kröfu, að þeir menn, sem styrk fá til náms erlendis og svo gjaldeyrisyfirfærslur, séu við nám í raun og veru. En mér er kunnugt um, að þeir, sem ráðið hafa í þessum efnum, hafa metið undirrituð vottorð frá merkustu skólum, sem til eru í veröldinni, og frá sendiherrum okkar þannig, að eftir þeim hefur ekki verið farið fremur en engin slík skilríki hefðu legið fyrir. Og þetta ólag mun vera ein af aðalástæðunum fyrir því, að þessi upphæð hefur orðið eins há og hún hefur orðið árið 1946. Og þessu er nauðsynlegt að kippa í lag.

Þá sagði hv. þm. Ísaf., að ástandið væri þannig nú, að mjög mikill vafi væri á því, að fólk, sem dveldist hér heima, gæti haft fyrir lífsnauðsynjum. Mér ofbýður yfirleitt þessi sífelldi rógur bókstaflega, sem hafður er í frammi gagnvart atvinnuvegum okkar, vitandi það, að á þessu ári hefur verið selt fyrir þær fjárhæðir út úr landinu, að aldrei hefur selzt annað eins á jafnskömmum tíma. Það hefur aldrei eins og á þessu ári verið flutt inn fyrir jafnmiklar upphæðir, — aldrei. Og svo þegar maður úr fjárhagsráði hefur komið hvað eftir annað og talað um, að hér sé allt að velta um, þá ofbýður mér. En á sama tíma eru reyndar fluttar inn hundrað glansandi bifreiðar, sem að vísu ekki er hægt að éta. Halda þessir menn, að þjóðin sé svo fávís, að hún skilji ekki, að það hlýtur að liggja eitthvað hér á bak við allt þetta tal. Ég held, að ekkert mannsbarn sé svo heimskt í þessu landi, að hægt sé að segja því það, að það sé nauðsynlegt að fara niður í hungursskammt með nauðsynjavörur landsmanna meðan þjóðin horfir á, að hundrað glansandi bifreiðar eru fluttar inn í landið á sama tíma. Það hlýtur að vera einhver sérstakur tilgangur á bak við þetta tal hjá þessum mönnum, sem haldið hafa því fram í blöðum og útvarpi og á Alþ., að þjóðin væri að sigla á móti einhverri hungurpest, vitandi, að aldrei hefur verið flutt eins mikið út og í ár. Og líklega hefur heldur aldrei verið flutt inn eins mikið af óþarfa á einu ári hér hjá okkur og nú í ár. — Ég veit ekki, hvort það er árangur þessarar iðju þessara manna, að nú m. a. hef ég fengið bréf frá viðskiptamálarn., þar sem mér er tilkynnt, að bæði mér og öðrum sé neitað um að senda matvælapoka til námsmanna, sem stunda nám erlendis. Ég veit ekki nema það sé ástæða fyrir hæstv. Alþ. að grípa inn í, þegar málin eru komin þannig. Ég held, að á öllum tímum hafi það verið stoð fyrir íslenzka námsmenn í útlöndum, fyrr og síðar, að heimili þeirra á Íslandi hafa getað sent þeim eitt og annað. Það hefur, að ég hygg, ekki aðeins verið siðferðislegur styrkur fyrir þá að halda sambandi við land sitt og þau

heimili sín hér á landi, sem hafa stöðugt getað sent þeim klæðnað, mat og annað, sem þeim hefur komið vel að fá. En nú er þetta stöðvað fyrir iðju þessara manna, sem hrópa það út um landsbyggðina í útvarpi og á annan hátt, að hér sé allt að fara í hungur. Það er ekki óglæsilegt!

Hv. þm. Ísaf. taldi, að ástæðan fyrir, að svo væri, að gjaldeyri til námsmanna erlendis væri ranglega skipt enn, væri sú, að fjárhagsráð hefði tekið við þessari úthlutun á miðju ári. En vill þessi hv. þm. upplýsa mig um það, hvaða munur það er, að Sigtryggur Klemenzson, sem ásamt fleirum hefur úthlutað þessum styrk, hefur verið fluttur í annað ráð stærra og breytir þó ekkert um hugsunarhátt í þessu efni? Eða Oddur Guðjónsson, var það ekki hann, sem hélt þessum rétti fyrir námsmönnum í viðskiptaráði? Og svo hélt hann þessum rétti enn fastar fyrir námsmönnum eftir að hann komst í hið nýja fjárhagsráð. Það er áreiðanlega ekki hægt að skjóta sér undan ábyrgðinni með því að segja, að það hafi verið skipt um menn. Það hefur aðeins verið skipt um hlutverk, sem þeim hefur verið falið. En það er á fleiri sviðum en þessu, sem þetta hefur verið notað. Þetta er notað á öllum sviðum. Óskar Jónsson er fluttur í þessa n. og Sigtryggur Klemenzson í þessa o. s. frv., en sameiginlega bera þeir ábyrgð á þessu öllu saman.

Hæstv. forseti benti á það, að ekki væri hægt að bera upp til atkv. till. mína. Það var rætt hér áður, að ég væri fús til samkomulags um að breyta till., orðalagi hennar, ef það þætti heppilegt. En ég vil í sambandi við þetta benda á það, að á fyrsta þinginu, sem ég var, þá var einmitt þessi hv. þm., þm. Ísaf., á allt annarri skoðun og við ræddum mjög mikið um þetta, ég og hann. Ég hélt því fram, að ekki væri hægt að afnema l. með þál. einni, og ég veit ekki til, að það hafi verið gert. Þá hélt hv. þm. því fram, að auðvelt væri að gera það og mikill meiri hl. þingsins ætlaðist til, að slíkt væri gert. Þetta var út úr bílaúthlutuninni. Ég hélt því fram, að ekki væri hægt af Alþ. að samþykkja þáltill. gegn l. um bifreiðaeinkasölu, en þáltill. var samt samþ., m. a. af þessum hv. þm., þótt síðar gengi um það hæstaréttardómur á þann veg, að ekki væri hægt að gera það og ekki væri ætlazt til, að það væri gert. En ég neita því, að svo mikið vald hafi verið gefið þessari n. af Alþ., að það gæti aldrei gripið inn í með þáltill. til ríkisstj. um að láta framkvæma verkin eins og vilji þingsins væri á hverjum tíma. Því að hvað sem l. segja, má fullyrða, að svo eru lög sem þau eru virt, og ef það er vilji Alþ., að þetta skuli gert svona, er hægt að skjóta sér undan ábyrgðinni og segja, að flest l. séu brotin, en það er siðferðislega rangt, eins og það er siðferðislega rangt, að þessi n. gangi í berhögg við skoðun ríkjandi ríkisstj. á hverjum tíma. Og einmitt þess vegna eru n. skipaðar eins og þær eru skipaðar nú, að ætlazt er til, að þær vinni í nánu sambandi við ríkisstj., enda yfirlýst, að þessar n. gera ekkert annað en það, sem ríkisstj. biður þær um, og allt, sem ríkisstj. biður þær um. Þessu er beinlínis yfirlýst af ráðh. Enda hefði þá ríkisstj. það afl, að hún gæti skotið þeim mönnum út úr þessum stofnunum og sett aðra menn inn, án þess að spyrja Alþ., ef svo væri komið samvinnu milli ríkisstj. og n., að þær gerðu þvert ofan í vilja ríkisstj. Það verður því að líta svo á, að meðan þessar n. eru skipaðar eins og þær eru skipaðar nú, eigi þær fyrst og fremst að framkvæma vilja ríkisstj., bæði í þessum málum og öðrum. Svoleiðis, að hæstv. menntmrh. þarf ekkert að standa upp og segja, að hann úthluti ekki þessum leyfum. Ég veit vel, að hann undirskrifar ekki þau leyfi, en hann hefur sín áhrif á þessi mál og honum ber skylda til þess sem menntmrh. að hafa bein áhrif á þessi mál til góðs, sem ég veit, að hann mun gera, eftir því sem hann talaði hér áðan.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta mál, en vænti þess, og beini því sérstaklega til form. hv. allshn., að hann taki þetta mál til ýtarlegrar athugunar, einmitt vegna 4. liðsins í brtt. minni, og reyni að fá afgreiðslu á því eins fljótt og hægt er, því að mér er umhugað um, að það fáist fram, hvort þingvilji er fyrir því, að það sé hægt fyrir þennan tíma, fyrir jól, að bæta úr því, sem vanrækt hefur verið á þessu sviði, því að ég veit persónulega, að fjöldamargir námsmenn hungra úti nú, gagnstætt því, sem Íslendingar gera heima. Ég þekki þá hugi Íslendinga illa, ef þeir una við það að hafa fulla diska sjálfir um jólin, en vita börn sín hungra í öðrum löndum á sama kvöldi og sama degi.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Viðvíkjandi ummælum hv. þm. Barð. um það, að afstaða mín til þessa máls hafi breytzt síðan í fyrra, vil ég segja þetta: Ég tel, að ástandið í fyrra, þegar till. hans var til umr., hafi verið nokkuð annað en það er nú, og ég tel það rétt, sem ég sagði þá, að það var ekki á þeim tíma ástæða til að kvarta sérstaklega yfir meðferð gjaldeyrisyfirvaldanna á námsmönnum erlendis. Ég held, að á stríðsárunum hafi verið vel gert við þá, eins og sjálfsagt og eðlilegt var. Þegar till. hv. þm. kom fram, steðjuðu ekki gjaldeyriserfiðleikar að. Ég kynnti mér þá þetta mál, og mér fannst niðurstaðan af þeim athugunum benda til þess, að ekki væri sérstök ástæða til að fara fram á það við ríkisstj., að hún skærist sérstaklega í málið. Hitt kann vel að vera, að einstökum umsóknum hafi ekki verið gerð þau skil, sem umsækjendur hefðu óskað, en mér fannst á því stigi málsins ekki ástæða til fyrir Alþ. að skerast í málið. Síðan hafa gjaldeyrisörðugleikarnir aukizt mjög mikið, sem kunnugt er, og þeir hafa verið svo miklir hjá mönnum, sem stundað hafa nám í gagnlegum fræðum erlendis, að nú er full ástæða til þess fyrir Alþ. að koma fastari skipan á þessi mál en verið hefur undanfarið, og þess vegna er það, sem ég hef borið þessa till. fram.

Í tilefni af því, sem hæstv. menntmrh. sagði, að hann teldi ekki ástæðu til að skipa nýja n., sem væri ráðgefandi viðskiptan., þar sem menntamálaráð gæti verið hennar ráðgjafi, vil ég taka þetta fram: Ég tel vafasamt, þó að ég beri fullt traust til menntamálaráðs, að menntamálaráð geti verið gjaldeyrisyfirvöldunum sá leiðbeinandi, sem þau þurfa á að halda. Menntamálaráð er skipað mönnum, sem gegna öðrum þýðingarmiklum störfum og koma mjög sjaldan saman til fundar og þekkja ekki hag annarra manna en þeirra, sem þeir styrkja, og það er lítill hópur þeirra manna, sem stunda nám erlendis. Og ef menntamálaráð á að setja sig inn í hag allra námsmanna, sem stunda nám erlendis, þá veit ég ekki, hvort hægt er að ætlast til, að allt menntamálaráð taki á sig slíkar eftir-

grennslanir, og þess vegna er það, að ég sting upp á þriggja manna n. og ólaunaðri, sem ég legg sérstaka áherzlu á, sem menntamálaráð hafi fulltrúa í, háskólaráð hafi þar einn fulltrúa og stúdentaskólar einn fulltrúa.

Ég minnist þess, að ég las flokksblað hæstv. menntmrh. fyrir nokkrum dögum, þar sem nokkrar hnútur voru sendar til þess atriðis, að hér væri verið að leggja til að stofna eina n. enn. Væri nóg komið af þeim og það sæti ekki á mér að mæla nefndafarganinu bót, þar sem ég teldi mig í hópi þeirra, sem gera vildu gangskör að því að fækka þessum n., sérstaklega vegna þess, að þetta fyrirkomulag væri óeðlilega dýrt. En hér er einmitt gert ráð fyrir, að þessi n. sé ólaunuð og þess vegna komi enginn aukakostnaður á ríkissjóð.

Svo er annað atriði í sambandi við það, að menntamálaráð sé ekki verulega vel fallið til að vera réttur umsagnaraðili í þessum efnum. Það mætti vel til þess koma, að umsagnir þess yrðu tortryggðar af hálfu þeirra námsmanna, sem menntamálaráð styrkir ekki og fylgist því ekki sérstaklega með. Er þá eðlilegt, að sú skoðun kæmi fram meðal námsmanna, að menntamálaráð héldi sérstaklega fram þeim námsmönnum, sem það hefði styrkt, sem eins og ég sagði, eru ekki nema lítill hluti þeirra námsmanna, sem stunda nám erlendis. Ef menntamálaráð ætti að hafa á hendi úthlutun slíkra styrkja og einnig umsögn um gjaldeyrisveitingar nemenda, þá gæti það orðið til þess að skapa nokkra tortryggni um það, að þeir, sem menntamálaráð styrkti, nytu nokkurra forréttinda í þessum efnum. Það er af þessum sökum, en ekki af því, að ég treysti ekki menntamálaráði, að ég tel æskilegt að haga þessum málum á þann hátt, sem ég legg til. Og ég legg sérstaka áherzlu á það, að þessi skipun, sem ég legg til, yrði engin aukning á nefndafarganinu, þar sem gert er ráð fyrir, að hér sé um sjálfboðastarf að ræða, sem hefur engan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það, sem ég sagði hér áðan um nýja n. og aftur aðra, sem fyrir væri, það var svona af almennum ímugust á því að bæta n. við, en að sjálfsögðu er rétt að íhuga það, hvort þessi aðferð muni vera réttari en sú, sem ég legg til. Þá vil ég benda á það, að í menntamálaráði eru nú upplýsingar um alla þá, sem sækja um styrk og þ. á m. þá, sem fá styrk, þannig að það mundi þá þurfa að afla viðbótarupplýsinga um þá, sem ekki hafa fengið styrk, en væru við nám án þess að hafa styrk frá menntamálaráði. Ég vil benda á það, að menntamálaráð hefur í þjónustu sinni fastan starfsmann og mætti þannig fela honum að afla upplýsinga, sem síðan væru íhugaðar af ráðinu. — Enn fremur vil ég láta í ljós ótta um það, að þó að svo yrði af stað farið, að þeir væru ólaunaðir, sem ættu að hafa þetta með höndum, þá mundi fljótlega koma að því, að þeir treystu sér ekki til þess að leggja á sig svo mikið starf án launa, sem hér yrði að leggja fram, því að það er að sjálfsögðu talsvert starf að setja sig inn í hag allra námsmanna erlendis. Það er þess vegna hætta á því, að það þætti ekki annað fært en að þetta yrði stofnun, sem kostnaður yrði við. Þetta er sjálfsagt að athuga í n. Aðalatriðið er að fá á þetta nýja skipan með sem hagkvæmustum og ódýrustum hætti.

Mér fannst dálítið einkennilegt, að hv. þm. Barð. skyldi vera að agnúast við mig út af þeim fáu orðum, sem ég sagði áðan. Ég held að það stafi af misskilningi. Hv. þm. sagði, að ég hefði verið að tala um að fara inn á þá braut að takmarka gjaldeyrisveitingar til námsmanna. Þetta er mesti misskilningur. Ég var ekki að tala um að fara inn á þessa braut. Þetta er braut, sem farið hefur verið inn á og við stöndum á og ráðgerð er í l. um fjárhagsráð. Þar er ákveðið, að það skuli þurfa leyfi yfirvaldanna til yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna. Enn fremur er ákveðið, að það skuli koma gjaldeyrisáætlun, sem fjárhagsráð gerir, og útskiptingin fari fram af viðskiptanefnd. Ég var ekki að ráðgera neitt nýtt um afstöðu til þess, hveru mikið fé skuli veitt til námsmanna. Ég gekk bara út frá því, sem er, að við erum á þessari braut, að opinberum stofnunum er ætlað að ákveða, hvað mikið fé verði látið í þessu skyni. Aðalefni orða minna áðan vil ég endurtaka: Það, sem ég tel aðalatriðið, það er að koma á samvinnu milli þeirra manna, sem veita námsstyrkinn í íslenzkum peningum, og hinna, sem veita yfirfærslur, vegna þess að það má ekki eiga sér stað, að menn, sem hafa verið styrktir til náms af því opinbera á Íslandi, fái ekki sómasamlegar yfirfærslur. Það á ekki að styrkja fleiri menn til náms en það, að hægt sé að sjá þeim fyrir sómasamlegum gjaldeyrisyfirfærslum um leið. Ef ekki er hægt að sjá fyrir gjaldeyrisyfirfærslum, þá á ekki að vera að veita námsstyrki í íslenzkum krónum erlendis. Þarna finnst mér þurfa að koma samræmi á. Og það er sama hugsunin, sem vakir fyrir hv. flm. og hv. þm. Barð., þó að þetta kæmi svona einkennilega við í þeirri ræðu, sem hv. þm. Barð. flutti áðan.

Hv. þm. spurði, hvort ég vildi útiloka, að þeir gætu fengið gjaldeyrisyfirfærslu, sem ekki hafa námsstyrk. Ég get sagt honum, að ég álít ekkert vit í því að setja upp þá reglu að útiloka þá frá gjaldeyrisyfirfærslum, sem ekki fá námsstyrk. Það gæti og á auðvitað að koma til greina að veita þeim einnig gjaldeyri, sem ekki fá styrk af einhverjum ástæðum, ef gjaldeyrir, sem veittur er í þessu skyni, er nægilegur og námið þannig, að menn telji eðlilegt, að menn fari út fyrir pollinn til þess að iðka það. En það þyrfti að liggja fyrir fyrir fram vitneskja um það, hversu margir hygðu á nám erlendis og ekki fengju styrk hjá menntamálaráði, þannig að menn hefðu þetta í heild fyrir sér.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Það, sem ég hef gert í þessu, er kannske ekki mikið til að státa af. Ég hef skrifað viðskiptan. og óskað eftir að fá að vita skiptingarreglurnar, en ég hef ekki fengið skýrslu enn þá. Ég hef skrifað menntamálaráði og óskað eftir, að það hafi samband við viðskiptan. áður en það veitir styrki næst, til að fá yfirlit yfir, hversu miklum gjaldeyri er úr að spila. Frekari ráðstafanir er ég reiðubúinn til að gera að svo miklu leyti sem það kemur mér við. Og auðvitað er það rétt hjá hv. þm. Barð., að það kemur mér við, hvernig farið er með þetta mál, þó að því sé hins vegar þannig háttað, að ég get ekki ráðið því einn. En ég er reiðubúinn til að leggja vinnu í það með þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar, að reyna að finna á þessu þá skipan, sem tryggi bezt framkvæmdina.

Ég vil að lokum segja það út af ummælum hv. þm. Barð. um innflutninginn og matvörusendingar, að ég veit ekki betur en leyft sé að senda út íslenzk matvæli, og þetta hljóti að vera misskilningur.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 20. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 31. fundi í Sþ., 17. des., utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. Á þskj. 45 er till. til þál. um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna. Á þskj. 98 er brtt. frá mér, sem er tímabundin, svo að ef málið verður ekki afgreitt í þessum mánuði, er hún gagnslaus. Ég skal ekki orðlengja um þetta, en það er mjög aðkallandi, að forseti sjái sér fært að afgreiða þetta mál fyrir jól, og fer ég þess eindregið á leit við hann.

Forseti (JPálm): Ég skal kynna mér ástæður og sjá, hvað hægt er að gera.

Á 32. fundi í Sþ., 20. des., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 45, 98, n. 240).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég get að mestu leyti vitnað til nál., sem prentað er á þskj. 240. Allshn. hafði þessa þáltill. á þskj. 45 til meðferðar og hefur fallizt á að mæla með því, að hún verði samþ. með þeirri breyt., sem n. leggur til, að gerð verði á till., og er að finna á þskj. 240. — Viðvíkjandi þeirri brtt., sem hv. þm. Barð. ber fram á þskj. 98, er það að segja, að atriði hennar munu vera tekin inn í brtt. n., nema aðeins það atriði, að greidd sé sérstök greiðsla í þessum mánuði til námsmanna. Það hefur ekki verið tekið inn í þessar brtt. n. Ekki ber það þó að skilja svo, að af hálfu n. mundi það vera átalið, þó að greidd væri nokkur slík upphæð til námsmanna, síður en svo. En okkur þótti ekki rétt að farið að binda þetta í slíkri samþykkt, heldur mundi þá hæstv. ríkisstj. hlutast til um, að þessar greiðslur færu fram til þeirra námsmanna, sem hefðu mesta þörfina fyrir þessar greiðslur. N. hafði ætlað sér að fá sem gleggstar upplýsingar um það, hvað þessu liði, og sendi till. í því skyni til viðskiptan. til þess að fá málið betur upplýst. En því miður bar það ekki árangur. Allshn. fékk svar með bréfi frá viðskiptanefnd, en það bréf upplýsti ekkert um það, hvernig háttað hefur verið greiðslum til námsmanna, þannig að við í allshn. vorum jafnnær, þrátt fyrir þetta bréf. Ég átti svo tal við hv. form. fjárhagsráðs, og tjáði hann mér, að ráðið hefði ákveðið heildarupphæð, sem verja skyldi til námsmanna erlendis. En vitaskuld, ef það sýndi sig, að hún ekki nægði, mundi fjárhagsráð hlióra þar til. Það skildist mér af ummælum, sem hann hafði við mig í sambandi við þetta mál.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara nánar út í málið. Ég vænti, að hv. þm. geti gert sér glögga grein fyrir málinu, þó að ég hafi ekki lengri framsöguræðu fyrir því.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Mig langaði til í sambandi við þessa till. að beina nokkrum orðum til hæstv. menntmrh. og raunar líka hæstv. fjmrh. Fjárl. þessa árs, sem nú er að líða, voru, sem kunnugt er, ekki afgreidd fyrr en komið var langt fram á vor. Þetta leiddi til þess, að menntamálaráð úthlutaði ekki námsstyrkjum fyrr en komið var fram á sumar, að ég hygg. En allir vita, sem til þekkja, að sumir námsmenn, sem höfðu nokkurn styrk og nutu hans áfram, fengu engar styrkveitingar síðari hluta síðasta vetrar. Og þetta kom sér mjög bagalega. Nú er ljóst, að nú mun nokkur frestur verða á afgreiðslu fjárl., og því líklegt, að sagan endurtaki sig um úthlutun styrkja til námsmanna erlendis, ef ekkert verður aðhafzt. Ég vil beina því til hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh., hvort þeir sæju sér ekki fært að gefa menntamálaráði heimild til þess að athuga það nú þegar, hverjum það mundi óska að úthluta námsstyrkjum af þeim mönnum, sem nú dvelja við nám erlendis, og hvort hæstv. ráðh. þá vildu heimila að leyfa einhverjar yfirfærslur til þeirra, þó að ekki sé búið að samþykkja fjárlagaheimild um væntanlega styrki. Mér sýnist, að þetta mundi vera áhættulaust. Ég skil það vel, að hæstv. ráðh. vilja vita einhvern vilja á bak við sig í þessu efni. En menntamálaráð verður að fá fram frá hæstv. ráðh. ákvörðun í þessu efni, áður en það getur úthlutað nokkrum slíkum styrkjum áður en fjárl. eru afgr. Ég trúi ekki öðru en að þetta sé hægt, og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. muni vilja hlutast til um að koma í veg fyrir, að námsmenn verði í vetur fyrir þeim óþægindum, sem þeir urðu fyrir í fyrra af þeim sökum, sem ég hef tekið fram.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég lýsi yfir, að ég felli mig alveg við þær breyt., sem allshn. hefur gert á þessari þáltill. Ég lýsti hér við fyrri hluta umr. málsins, að ég legði enga höfuðáherzlu á það, hvort sá aðili, sem sent væri til til umsagnar um það, hverjir fá skuli gjaldeyrisleyfi vegna námskostnaðar erlendis, væri þriggja manna nefnd eða þetta haft eins og í brtt. á þskj. 240 er gert ráð fyrir. Tel ég engu skipta, þó að till. væri breytt þannig. Ég felli mig alveg við þessa breyt. hv. allshn. Og ég þakka þeirri hv. n., og sérstaklega hv. form. hennar, fyrir undirtektirnar við meðferð málsins.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa verið mikil vandkvæði á því að fá yfirfærslur á gjaldeyri á undanförnum mánuðum, sem stafar beinlínis af þeim gjaldeyrisskorti, sem við nú erum komnir í. Það má segja, að menn hafi þurft að ganga á milli Heródesar og Pílatusar til þess að fá gjaldeyri á síðustu mánuðum. Og ég veit það, að viðskiptanefndin, sem hefur þurft að taka við gjaldeyrisbeiðnum, hefur orðið fyrir ákaflega miklum átroðningi og naumast getað sinnt að fullu þeim mikilvægari störfum fyrir viðtölum við einstaka menn. Nú sé ég, að í þessari till. er gert ráð fyrir, að enn eina nefnd eigi að fara að setja í þessi gjaldeyrismál. Og ég hefði haldið, að nóg væri fyrir þá, sem sækja um að fá gjaldeyri, að fara í viðskiptanefnd og síðan í bankana til þess að fá yfirfærslur, þó að ekki væri farið að bæta menntamálaráði við. Ég tel, að þessi till., að bæta þarna við þriðja aðila í þessu efni, sé til þess að skapa þarna óþarfan millilið, sem verði einungis til tafar og óþæginda

fyrir þá, sem sækja um gjaldeyrinn. Mér er kunnugt um, að viðskiptan. hefur lagt mjög mikla vinnu í það að koma gjaldeyrismálum námsmanna þannig fyrir, að menn hefðu ekki ástæðu til að kvarta. En það ber að athuga, að viðskiptanefnd tók ekki við störfum fyrr en komið var fram á mitt ár. Og þá var margt fólk farið til útlanda til þess að stunda nám, sem hægt hefði verið að stunda hér heima. Ég veit, að eins og gjaldeyrismálum okkar er nú komið, þá er nauðsynlegt, að menn stundi ekki það nám erlendis, sem hægt er að stunda hér heima. Mér skilst, að þó ættu að vera einstöku undantekningar frá þessu, þar sem menn væru byrjaðir nám og væru kannske langt komnir með það. Ég tel, að í slíkum tilfellum gæti þessi till. orðið ýmsum námsmönnum til talsverðra óþæginda. Það getur verið, að þá vanti ekki nema 2—3 mánuði til að ljúka námi sínu. Samkvæmt till. eiga slíkir menn ekki að fá yfirfærslur á gjaldeyri. Mér virðist þess vegna, að till. geti komið að ýmsu leyti óþægilega við þá, sem hafa verið byrjaðir utan lands, ef þeir yrðu kallaðir heim, eins og till. fer fram á. Í öðru lagi er hér bætt við óþörfum millilið, menntamálaráði, og í þriðja lagi finnst mér breyt. óþörf og til óþæginda fyrir námsmenn. Ég mun því greiða atkv. á móti henni.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég lét þess getið við 1. umr. málsins, að ég óskaði eftir, að allshn. ætti viðtal við mig, fulltrúa viðskiptan. og menntamálaráð til að reyna að koma á heppilegu samstarfi í þessum efnum. Nú hefur n. ekki talað við mig og mér skilst ekki heldur menntamálaráð. Ég tel mjög miður farið, að n. skyldi ekki kalla þessa aðila saman til að finna sem liðlegast kerfi í þessu. Ég hef því ekkert vitað um þessa till., fyrr en hún kom fram. Það má vera, að n. hafi ráðfært sig við viðskiptan. og kannske menntamálaráð, og hefur þeim kannske þótt þetta bezta fyrirkomulagið. Ég mun samt, ef mönnum er kappsmál að fá málið afgr. nú, ekki setja mig á móti því, því að ég er ekki tilbúinn að svo komnu máli að bera fram brtt., en væri málinu frestað, mætti endurskoða það til 20. jan. Ég skal ekki setja fótinn fyrir málið, af því að ég hef ekki aðra till. tilbúna og ástandið er ekki gott í þessum efnum. Ég set mig því ekki á móti, að þetta verði reynt, ef hv. þm. virðist það skynsamlegt. En mér hefði fundizt geta komið til mála að bíða endanlegrar afgreiðslu, þar til þingið kemur saman aftur.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka n. fyrir að hafa athugað þetta mál. Það er mjög aðkallandi að fá það afgr. hér. Mér þykir þó lakara, að n. skyldi ekki hafa birt það bréf, sem kom frá viðskiptan., því að það hefði getað upplýst eitthvað í þessu máli, hvernig ástandið er. Sannleikurinn er sá, að form. viðskiptan. hefur ekki viljað hafa neina samvinnu við Alþ. í þessu máli, taldi sig bæran að ráða því einn og ekki þurfa að tala við þing, kóng eða forseta um gerðir sínar, og það er ástæðan til, að svo er komið sem komið er. Það er því ekki ófyrirsynju, að þessi till. er fram komin, og get ég vel sætt mig við till. eins og hún er. Ég hefði þó talið betra að segja „í samráði við menntamálaráð" en að segja, að því sé falið að veita umsögn. Sé þetta lagað í meðförunum og hafi menntamálaráð vilja á að hjálpa hér til, þá er enginn vafi, að till. verður mjög til bóta.

Ég sé, að n. hefur ekki tekið upp 4. lið brtt. minnar, að láta námsmönnum, sem nú eru erlendis, í té aukagjaldeyrisleyfi fyrir desember. Hins vegar leggur hún til, að leyfð verði nokkru ríflegri yfirfærsla, ef sérstök nauðsyn er fyrir hendi, og vil ég þakka n. fyrir þá till., og það er áreiðanlega sérstök nauðsyn fyrir hendi í desember, og vona ég, að viðskiptaráð geri ráðstafanir til, að svo verði gert.

Ég mun því greiða atkv. með till. eins og hún er og vænti, að hún bæti úr því ófremdarástandi, sem verið hefur í þessum efnum, svo að það er til hreinnar smánar.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég bjóst ekki við miklum umr. um þetta mál.

Allshn. mundi hafa talað um þetta mál við hæstv. menntmrh., ef ekki hefði verið svo ástatt hjá hæstv. ríkisstj. undanfarið, að hún hefði haft miklum störfum að sinna. Okkur virtist, að mjög væri erfitt að tefja hæstv. ráðh. með þessu máli, þar sem ekki var heldur um neina þá breyt. að ræða, að hún hefði torveldað ráðh. að hafa afskipti af þessum málum eða valdið honum óþægindum, því að það held ég, að þetta mál geri ekki. Sama má segja viðvíkjandi menntamálaráði. Og þar sem við gátum ekki fengið frekari upplýsingar frá viðskiptan., þá var svo naumur tími að snúa sér til fleiri aðila, að við tókum þann kostinn að afgreiða málið. Þess vegna áttum við tal við form. fjárhagsráðs um málið, því að við vildum fá sem gleggstar upplýsingar um það, og þess vegna sendum við það til þess aðila, sem við töldum, að væri býsna fróður um málið, þar sem viðskiptan. var. Vonuðum við, að n. mundi miðla okkur nokkru af fróðleik sínum, sem hún hafði yfir að ráða. Hver sá fróðleikur hefur verið, hygg ég, að menn geti bezt dæmt um, ef ég les upp bréf það, sem allshn. barst frá viðskiptan. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðskiptanefnd hefur tekið við bréfi allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 24. nóv., um þingsályktunartillögu frá hr. Gylfa Þ. Gíslasyni um yfirfærslu vegna námsmanna erlendis. Út af þessu vill nefndin tjá hæstvirtri allsherjarnefnd, að samkvæmt lögum fer viðskiptanefndin nú með þessi mál. Óski Alþingi að hafa á því aðra skipan, hefur nefndin að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, þó að hún hins vegar sjái ekki, að með nýrri nefnd verði betur séð fyrir gjaldeyri handa íslenzkum námsmönnum erlendis."

Eftir þetta bréf vorum við náttúrlega engu nær um efni málsins. Það, sem þar er upplýst, hvað Alþ. geti gert, þurftum við ekki að spyrja n. um. Þrátt fyrir þetta ætlaði n. að fá upplýsingar hjá viðskiptan. Ég óskaði því eftir því við form. hennar, að hann kæmi til viðtals við okkur. Hann átti þá svo annríkt, að hann gat ekki sinnt því starfi. Ég deili ekki á hann fyrir það. Honum er kunnugra um það en mér, hvaða erindi það eru, sem mest kalla að hjá honum, og hvaða störfum hann þarf fyrst og fremst að sinna.

Ég hafði haldið, að það gæti ekki spillt til um meðferð þessa máls, þó að menntamálaráð vildi sinna því. Það verður hvort sem er að setja sig inn í þetta mál gagnvart námsmönnum erlendis. Það veitir þeim styrk og úthlutar því fé, sem Alþ. veitir í þessu skyni. Menntamálaráð getur ekki gert

slíkar ákvarðanir nema það kynni sér þörf námsmanna, hvar og hvað þeir ætla að nema, hvað námið sé dýrt o. s. frv. Allt þetta verður menntamálaráð að kynna sér, áður en það tekur sínar ákvarðanir. Það stendur því vel að vígi að segja til um þörf námsmanna. Það er fyrst og fremst aðili, sem hefur kunnugleika á málinu og mun láta það sig miklu máli skipta, að greitt sé fyrir námsmönnum, og m. a. er þá trygging fyrir, að það fé, sem menntamálaráð úthlutar í þessu skyni, komi að notum og séð verði fyrir þörf námsmanna, svo að þeir af þeim ástæðum geti lokið námi sínu.

Hv. þm. Ísaf. leggur allt of mikið upp úr ákvæðum þáltill. Ég get hvergi séð, að verið sé að banna námsmönnum að ljúka námi sínu erlendis, þó að þeir gætu stundað sama nám heima. Það stendur hvergi orð um, að það eigi að flytja þá heim til að ljúka námi sínu. Till. fjallar, óbeint að vísu, aðeins um það gagnstæða, að þeir fái notið sín og lokið námi í gagnlegum fræðum. Ég vona, að þegar hv. þm. athugar þetta betur, þá sjái hann, að það var síður en svo tilgangurinn að gera mönnum erfiðara fyrir með að fá gjaldeyri yfirfærðan vegna náms erlendis. Ég held, að það gæti fremur orðið til styrktar námsmönnum, að þessir aðilar fjalli um það en að það gæti orðið til að torvelda þeim að fá námsstyrk.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, og því síður hef ég ástæðu til að fjölyrða um það, þar sem það er vitanlegt, að námsmenn marga skortir stórkostlega gjaldeyri, og það ætti að vera nóg ástæða til þess, að betur sé gengið frá því og sem bezt greitt fyrir, að þeir fái yfirfærslu. Þó að lítill gjaldeyrir kunni að vera til, þá tel ég, að í lengstu lög megum við ekki láta námsmenn okkar svelta erlendis, sem það opinbera hefur þó léð máls á að styrkja til náms, ef fært er að fá það aukið.

Skal ég svo láta máli mínu lokið.

Forseti (JPálm): Hv. frsm. tjáði mér, að ekki yrðu nema stuttar umr. um þetta mál. Enn eru þrír á mælendaskrá. Leyfi ég þeim þriggja mínútna ræðutíma.

Finnur Jónsson: Með hvaða tilvitnun í þingsköp ákveður hæstv. forseti þriggja mínútna ræðutíma?

Forseti (JPálm): Þetta er þingfrestunarfundur, og forseti getur takmarkað ræðutíma, ef nauðsyn ber til.

Finnur Jónsson: Ég man ekki eftir, að það standi í þingsköpum, að aðrar reglur gildi um þingfrestunarfund en aðra fundi. Ég ætla mér ekki að tefja framgang þessa máls, en ég kann betur við, að forseti fari með rétt mál, eins og ákveðið er í þingsköpum. Mér þætti gott að fá að vita, ef ég hef misskilið þingsköp.

Forseti (JPálm): Þetta er samkv. 37. gr. þingskapa, að forseti getur takmarkað ræðutíma. Ég vona, að hv. þm. Ísaf. þurfi ekki að tala svo langt mál, að hann geti ekki lokið máli sínu á þessum tíma.

Finnur Jónsson: Það mun standa í þingsköpum „ef umr. dragast úr hófi fram eftir atvikum". Ég get ekki séð, að þessar umr. hafi að neinu leyti dregizt úr hófi fram, þar sem fundur hefur ekki staðið nema þrjá stundarfjórðunga.

Hvað við víkur þessu máli, þá hefur viðskiptan. hér engan málsvara. Ég er hér enginn málsvari hennar. Það situr því á engan hátt á mér að verja hana árásum, sem á hana kunna að vera gerðar. Mér er þó kunnugt, að n. hefur borizt ákaflega mikið af beiðnum um námsstyrki. Ég veit ekki betur en viðskiptan. hafi gert allt, sem í hennar valdi stóð, til að greiða úr þeim málum. En þar sem um er að ræða um 1200 menn, sem fá námsstyrk yfirfærðan, þá hlýtur að vera talsverður vandi fyrir n. að vinza úr öllum þeim beiðnum.

Í sambandi við það, sem hv. frsm. sagði, að ekki sé gert ráð fyrir, að þeir, sem nú eru við nám erlendis, verði kallaðir heim, ef þeir geta stundað sama nám hér heima, þá skil ég ekki mælt mál, ef þetta felst ekki í till., því að þar er aðeins gert ráð fyrir, að gjaldeyrir verði veittur þeim mönnum að sinni, sem stunda nám, sem ekki verður stundað hérlendis. Ég hef að sjálfsögðu ekkert á móti því, að þetta yrði upp tekið meðan gjaldeyrisástandið er eins og það er. Ég hygg þó, að misráðið sé að stefna að því að yfirfæra ekki til þeirra, sem eru langt komnir með nám sitt erlendis.

Nú er það svo, að menntamálaráð hefur með l. ákveðið verksvið. Alþ. getur því ekki með þál. breytt því verksviði, sem því er ákveðið með l. Ég hygg að Alþ. geti ekki sett þá skyldu eða kvöð á menntamálaráð, að það yfirtaki þúsundir umsókna um gjaldeyrisyfirfærslur og gefi úrskurði um þá, því að það er ekki lítið verk, sem Alþ. með þessu leggur á menntamálaráð. Ég vil enn fremur leyfa mér að benda á, að viðskiptan. er með l. falin gjaldeyrisúthlutun, en ekki ríkisstj. Og ef Alþ. ætlar að taka upp þá stefnubreyt., sem vel má vera, að sé mjög heppilegt, þá getur þingið ekki breytt því nema með löggjöf. Það er ekki hægt að skylda stj. til að fara að úthluta gjaldeyri, en það er verið að gera með þessari till. Ég geri ráð fyrir, að þeim, sem hafa haft það verk á undanförnum árum að úthluta gjaldeyri, þyki það tímafrekt starf ofan á annað, þar sem menn, sem hafa ekkert annað að gera, kvarta mjög undan ágangi af þeim orsökum. Ég skil till. að vísu svo, að hún sé nokkurs konar blanda, sem sé frekar fram borin til að sýnast en til að verða að nokkru liði í þessu máli. Mér er kunnugt um það, að 2—3 síðustu mánuðina hafa öll yfirfærsluleyfi, sem til bankanna hafa borizt frá viðskiptan., verið yfirfærð jafnóðum viðstöðulaust. Af þeim ástæðum þarf því ekki að samþykkja þessa till. Spursmálið er aðeins, hvort viðskiptan. hefur vanrækt starf sitt. Það er hvorki á valdi allshn. né Alþ. að kveða upp dóm um það að alveg órannsökuðu máli. Ég skal að vísu viðurkenna, að allshn. fékk heldur lítið svar frá viðskiptan., en í raun og veru fékk hún það svar, sem viðskiptan. bar að láta í té, þar sem allshn. átti að vita það, sem tekið var fram í svarinu, að það er skylda viðskiptan. að úthluta gjaldeyrinum og einskis annars. Nú er n. send þáltill. og brtt., þar sem gert er ráð fyrir, að annar háttur verði á því hafður, og þá er ekki nema rétt að svara því, að ef Alþ. kjósi að hafa aðra aðferð, þá sé það á þess valdi að breyta til. Ég get vel skilið, að þeir, sem hafa hvorki frið heima hjá sér né annars staðar fyrir þessum gjaldeyrisbeiðnum, verði fegnir að losna við það, en mér þykir ólíklegt, að ríkisstj. eða menntamála-

ráð vilji taka við þeim ágangi, sem hvílir á viðskiptan. í þeim efnum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég bjóst við, að n. mundi taka eitthvert tillit til þeirra óska, sem ég bar hér áður fram, um að hún aflaði sér upplýsinga í málinu. Ég benti þá á það, að þegar gjaldeyrir væri eins takmarkaður og hann er nú, þá væri mikil spurning, hvort ætti að láta gjaldeyri til náms, sem væri víst, að íslenzka þjóðin í náinni framtíð hefði ekkert með að gera. Ég benti þá á, að nú væri erlendis einn kjarnorkufræðingur, sem ríkið hefði styrkt. Eigum við að styrkja fleiri? Ætlum við okkur að setja upp einhverja þá stofnun eða starf, að við þurfum að fá fleiri? Það er ýmislegt fleira, sem má telja upp. Þess vegna álít ég, að bæði af þeim, sem úthluta styrknum til framhaldsnáms, og hinum, sem úthluta gjaldeyrinum, þurfi að taka tillit til þessa. Ég veit ekki til, að nokkurs staðar sé til yfirlit yfir það, í hvaða námi menn eru nú erlendis. Það er helzt hjá upplýsingaskrifstofu stúdentaráðs, hjá Lúðvík Guðmundssyni, og er þó fjarri því, að hann hafi um það fullkomna skrá. Þetta þarf að liggja fyrir, og þetta þurfa þeir menn, sem úthluta gjaldeyrinum og styrkjunum, að vita og taka eftir því afstöðu, þegar þeir taka ákvarðanir um veitingu styrkja. Nú er það svo, að á annað hundrað Íslendinga er við nám erlendis og a. m. k. þriðjungur þeirra gæti stundað nám hér heima. Ef þessi till. verður samþ. eins og hún liggur fyrir, yrðu þeir menn að hætta, sem stundað geta nám hér heima, en þeir eru margir, á því er enginn vafi. En þetta þætti mér ekki eðlilegt, þó að við viljum ekki byrja á því að styrkja nýja námsmenn til náms erlendis, ef þeir geta stundað það hér heima. Það er tvennt ólíkt, hvort veittur er styrkur til manna, þó að þeir geti stundað það hér heima, ef þeir eru byrjaðir á því og kannske komnir langt með það, eða láta nýja menn fara á stað með nám, sem þeir geta stundað hér heima.

Þá vil ég enn benda á það, að það er mjög misjafnt, þó að í sama landi sé, hvað námskostnaðurinn er mikill. Ég átti tal við námsmann, sem kom heim frá Ameríku í gær. Hann sagði, að gjaldið, skólagjaldið, væri frá því að vera ekki neitt og upp í 450 kr. á mánuði. Þess vegna er ekki hægt að miða við það eitt, í hvaða landi maðurinn er, heldur, hvaða aðstöðu hann hefur fengið í skólanum, sem hann stundar nám við.

Ég er mjög hræddur um það, hvort sem menntamálaráð verður sett sem nokkurs konar ráðgjafi, millilið, eða ekki, að breyta þurfi vinnubrögðunum í þessari n., til þess að þessum gjaldeyri geti orðið úthlutað sæmilega vel og réttlátlega. Og ég er viss um það, að till., eins og hún er orðuð hér, veitir ýmsum þeim mönnum, sem eru við nám erlendis, sem hægt er að stunda hér heima, mjög mikið óhagræði, því að þeir verða þá að svelta, þar til þeir fara til sendiherranna og þeir láta þá hafa fyrir heimferðarkostnaði. Þessir menn geta ekki fengið styrk eða yfirfærslu, ef till. verður samþ.

Ég hefði því helzt af öllu talið heppilegast, að umr. um málið yrði frestað og n. fengi tíma til að verða við ósk menntmrh. um að ná saman mönnum, sem hefðu með þetta að gera, svo að þeir geti borið bækur saman, því að það er engin afsökun út af fyrir sig, að form. n. hafi haldið, að menntmrh. hefði svo mikið að gera, að hann hefði ekki tíma til að koma á fund.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekki góða trú á að samþykkja þetta nú, án þess að tala meira við þessa aðila, viðskiptan. og menntamálaráð, um þá skipan, sem gert er ráð fyrir í niðurlagi till. Hitt er annað mál, að brýna nauðsyn ber til þess að koma betra skipulagi á þessi mál en verið hefur, og sérstaklega þarf að koma á samvinnu milli menntamálaráðs og viðskiptanefndar af þeim ástæðum, sem frsm. og aðrir hafa tekið fram. En hvort hún á að vera eins og kemur fram í niðurlagi till., er meira álitamál, og þyrfti nauðsynlega að hafa þessa aðila með í ráðum, svo að ekki komi í upphafi togstreita milli þeirra aðila, sem eiga að vinna saman um málið. Vildi ég beina því til hæstv. forseta, hvort ekki mætti fresta afgreiðslu þessarar till., þar til þ. kemur saman aftur, og ná saman á þeim tíma þessum aðilum og vita, hvort með þeim gæti ekki orðið samkomulag um nýtt skipulag á þessu, — till., sem þá mætti taka upp, þegar þ. kæmi saman. En ef mönnum þykir þetta ekki tiltækilegt, að fresta málinu þennan tíma, þá er spurning, hvort n. vildi ekki bara taka til baka síðari hluta till., sem sé það, sem slær því föstu, að menntamálaráð skuli veita gjaldeyrisumsóknum móttöku, en samþykkja aðeins fyrri hlutann, þar sem skorað er á stj. að leysa brýnustu þarfir námsmanna.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð. Það er auðvitað, þar sem þ. er að komast í eindaga, upplagt að fresta framgangi mála með því að halda of langar ræður, og má því vera, að uppástunga ráðh. sé það hyggilegasta, úr því sem komið er. Hún hefur hvöt til þess að koma þessu fyrir kattarnef. Allshn. hafði gert sér það í hugarlund, að menntamálaráð mundi sinna þessum störfum, þó að því bæri ekki lagaleg skylda til þess. Í þessu þjóðfélagi eru, sem betur fer, margir þegnar, sem inna verk af höndum, þótt þeir hafi ekki beina skyldu til þess, og vildi ég ætla, að menntamálaráð hagaði sér á líkan hátt og vildi greiða fyrir námsmönnum erlendis, sem eiga erfitt uppdráttar. — Annars skil ég ekkert í þessu, og beindi ég þó þeim ummælum til hv. þm. Ísaf. áðan, að hann athugaði till., hvað í henni fælist. Hann telur, að kalla eigi þá námsmenn heim, sem hafa stundað nám erlendis, en gætu stundað það hér heima. Um þetta er ekkert í till., og þetta er svo fráleitt, úr því að ekki eru fyrirmæli um að gera það. Það, sem till. fjallar um, er það að greiða fyrir námsmönnum, að þeir fái þann gjaldeyri, sem þeir endilega þurfa til gagnlegs náms. Hitt má segja, að ekki sé þörf á að halda áfram að veita fé til nýrra námsmanna, sem stundað geta nám hér heima. Það má segja, að það felist í till., en það er annað mál. Menntamálaráð á nú ekkert annað eftir en að upplýsa málið og senda till. sínar til viðskiptanefndar. Hún hefur óskorað vald eftir sem áður. Það er því ekki verið að breyta neinum l. með þessari samþykkt, till. fer ekki fram á neitt slíkt.

Þá er að lokum það, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að stj. veitti engan gjaldeyri, og þýddi því ekki að beina því til hennar. Það er nú svo. Er þm. nú viss um það? Hann er í fjárhagsráði og hefur nú

mikil völd. En ég vil þó beina því til hans, að ríkisstj. er ofar fjárhagsráði og er sett yfir það í þeim l., sem fjalla um valdsvið fjárhagsráðs, enda væri satt að segja skörin farin að færast upp í bekkinn, ef Alþ. og ríkisstj. hefðu ekki æðsta vald í slíkum málum. Ég held, að það væri þá betra að fara að líta í stjskr. og sjá, hvernig þetta kemur heim við það, sem þar stendur.

Nú get ég á það fallizt, því að mér sýnist, að þessu máli sé stefnt í óefni með þessu, að forseti taki málið af dagskrá, því að þótt ég hafi ekki mikla kunnugleika á þessu, þykist ég þó hafa orðið þess áskynja, að margir námsmenn eigi nú erfitt erlendis. Ég fullyrði, að ríkisstj. og hæstv. menntmrh. munu gera sitt til þess að greiða fyrir námsmönnum nú, og um það þarf ekki beinlínis neina ályktun. Mun og vera víst þingfylgi fyrir því, að bætt verði úr sárasta skorti hjá námsmönnum erlendis, sem stunda þar gagnleg fræði.

Skúli Guðmundsson: Þetta mál, sem hér liggur fyrir, hefur verið athugað í allshn., sem fékk það til athugunar 20. nóv. Ég vil ekki gera lítið úr þessu máli. Það er þörf á að athuga það og koma á það sem beztu lagi. En ég vil segja, að ég hef orðið fyrir vonbrigðum í sambandi við það, að n. hefur ekki enn skilað áliti um 2 till., sem ég er 1. flm. að, þ. e. till. um áfengismál, en þær till. fóru til hennar alllöngu fyrr en þessi kom fram. Um þetta þýðir nú ekki að fást, þar sem við erum staddir á þingfrestunarfundi, en mér þykir það þó leitt.

Um málið, sem hér liggur fyrir, vil ég segja það, að ég teldi heppilegast, úr því sem komið er, að málið yrði tekið af dagskrá og athugað þar til þing kemur saman aftur. Vænti ég, að gert verði það sem unnt er til þess að greiða fyrir yfirfærslu til námsmanna þennan tíma, svo að það hafi ekki mikla þýðingu fyrir málið, þó að við komum ekki saman til fundar fyrr en eftir nýár.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins sem tillögumaður hér að brtt. lýsa yfir því, að ég er mjög fús til að fallast á till. menntmrh., að málið verði ekki afgr. á þessum fundi, þar sem sjáanlegt er, að menn gera sérstakar tilraunir til þess að eyðileggja það. En ég vildi óska, að viðskmrh. lýsti yfir, að hann muni gera allt sem í hans valdi stendur til þess að greiða fyrir þessum mönnum, þar til þ. kemur saman og ákveðið verður, hvernig farið verður með þessi mál.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ef það skyldi fara svo, að þessi ályktun yrði ekki samþ., og í rauninni hvort sem væri, skal ég gjarnan lýsa yfir því, að ég skal inna eftir því við viðskiptanefnd og fara fram á það við hana, að hún geri það sem hún getur til þess að greiða úr þeim vandræðum, sem kunna að verða, þar til endanlegar ákvarðanir verða teknar um þetta mál. Auðvitað verður viðskiptanefnd á hverjum tíma að miða aðgerðir sínar við þá möguleika, sem fyrir hendi eru í þessu máli eins og öðrum. En þó vildi ég segja það, að þetta mál ætti frekar að hafa forgangsrétt til afgreiðslu en önnur. Sennilega eru þessir menn komnir í þetta nám í þeirri góðu trú, að þeim verði veittur nauðsynlegur gjaldeyrir, og eiga því víst erfitt með að hætta því. Verður því að gera allt, sem unnt er, til að hjálpa þeim mönnum, sem komnir eru út í þetta í því trausti, að þeir geti fengið til þess nægilegan gjaldeyri. Verði þess vegna að því ráði horfið að gera ekki samþykkt um málið á þessu stigi, skal ég gjarnan bera viðskiptanefnd þessi boð um vilja minn í málinu.

Sigfús Sigurhjartarson: Það er aðeins örstutt aths. — Í sambandi við þetta mál eru komnar fram mjög merkar upplýsingar um það, hvers konar embættismenn það eru, sem núv. ríkisstj. er að hefja til valda í ríkisstofnunum. Það hefur nýlega verið lesið hér upp embættisbréf af viðskmrh., sem einn af hans nýju embættismönnum hefur skrifað. Það voru ósannindi og rógur um ákveðinn stjórnmálaflokk. Nú hefur verið lesið annað bréf, sem annar maður hefur skrifað þingnefnd, og hvílíkt bréf!

Annars vil ég um þetta mál segja það, að það er furðulegur áhugi, sem fram hefur komið fyrir því að drepa þessu máli á dreif á þessu þ. Einkanlega hefur þessi áhugi komið fram hjá hv. þm. Ísaf.

Loks hefur komið fyrirspurn frá hv. þm. V-Húnv. varðandi afgreiðslu allshn. á málum, sem liggja hjá henni. Hef ég oft spurt form., hvernig á þessum drætti stæði, en það hefur ekki borið neinn árangur. Verður það að teljast óhæfilegt með öllu, að þn. leggist þannig á mál og hindri þar með afgreiðslu þeirra.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Sþ., 3. marz, utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þann 20. des. s. l. var útbýtt nál. á þskj. 240 í 39. máli, sem er till. til þál. um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis. Þetta mál hefur síðan ekki verið tekið á dagskrá, enda var samkomulag um það á milli hv. flm. till. og mín, sem flutti brtt. á þskj. 98, að frestað yrði afgreiðslu þessa máls, til þess að gefa hæstv. viðskmrh. og hæstv. menntmrh. tækifæri til þess að komast að samkomulagi um afgreiðslu málsins. Nú er vitað, að ekkert samkomulag hefur átt sér stað um málið. Engin leiðrétting hefur fengizt á málinu hjá viðskiptanefnd. Og margir námsmenn erlendis búa við sömu neyðarkjör og þeir bjuggu við, þegar þáltill. var sett fram. Ég óska þess því, að hæstv. forseti taki þetta mál á dagskrá á næsta fundi til þess að sjá, hvaða hv. þm. vilja láta svelta íslenzka námsmenn erlendis, sem eru að eyða sínum beztu árum til þess að nema gagnleg fræði fyrir íslenzku þjóðina. Ég vænti, að hæstv. forseti taki þetta mál fyrir á næsta fundi.

Forseti (JPálm): Ég hef tekið það svo, að það væri samkomulag í þessu máli, og þess vegna hef ég ekki tekið það á dagskrá. En að sjálfsögðu er rétt að verða við þeim óskum.

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 45, 98, n. 240, 434).

Gylfi Þ. Gíslason: Snemma á þinginu flutti ég till. til þál. um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis, þar sem skorað var á ríkisstj. að hlutast til um, að gjaldeyrisyfirvöld láti námsmönn-

um þeim, er nú stunda eða vilja stunda nám erlendis í gagnlegum fræðum, nægilegan gjaldeyri í té, miðað við framfærslukostnað og námskostnað í hverju landi. Jafnframt, að ríkisstj. hlutaðist til um, að skipuð yrði nefnd þriggja manna til þess að vera gjaldeyrisyfirvöldunum til ráðuneytis varðandi yfirfærslur til námsmanna, einn tilnefndur af menntamálaráði, annar af háskólaráði og hinn þriðji af skólum þeim, er rétt hafa til þess að brautskrá stúdenta. Hv. allshn. tók till. vel, kynnti sér málið og taldi ekki ástæðulaust að telja þennan gjaldeyri til brýnustu nauðsynja. N. taldi þó ekki rétt að skipa sérstaka n., en lagði til, að menntamálaráði yrðu sendar umsóknirnar og það yrði þannig ráðunautur gjaldeyrisyfirvaldanna í þessum málum. Allshn. mælti með till. með þessari breyt.

Málið var tekið fyrir á síðasta fundi Sþ. fyrir jólaleyfi. Hv. þm. Ísaf. (FJ) og hæstv. menntmrh. (EystJ) héldu því þá fram, að það væri ekki heppilegt, að gjaldeyrisyfirvöldin sendu menntamálaráði umsóknirnar, því að það yrði þungt í vöfum. Nokkrar umræður urðu um málið og varð því ekki lokið, heldur tekið af dagskrá. Síðan hafa ég og nokkrir þm. rætt málið, og málið hefur líka verið rætt við hæstv. menntmrh., og hefur okkur komið saman um að bera fram brtt. við brtt. n. þess efnis, að viðskiptanefnd hafi samráð við menntamálaráð um veitingu þessara gjaldeyrisleyfa. Það yrði auðvitað samkomulagsatriði milli gjaldeyrisyfirvaldanna og menntamálaráðs, hvernig þessu yrði hagað.

Málið hefur verið rætt við form. allshn., og hann er ekki á móti þessari lausn. Ekki heldur hæstv. menntmrh.

Fleiri orð sé ég ekki ástæðu til að hafa um þetta mál. Ég vil bara vekja athygli á því, að allshn. er öll sammála um það, að gjaldeyrir til námsmanna erlendis sé nauðsyn, er taka þurfi fullt tillit til, og að heppilegt sé, að menntamálaráð sé ráðgjafi í þessum málum. Námsmönnum er vel borgið, ef menntamálaráð gefur upplýsingar um þarfir þeirra. Ég vil því fyrir hönd okkar fjórmenninganna óska þess, að till. verði samþ.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég átti þátt í því að fresta till. fyrir jólin og hét því þá að gangast fyrir betra samstarfi menntamálaráðs og viðskiptanefndar um þessi mál. Ég hef haldið fundi með þessum aðilum, og samkomulag hefur orðið um, hvernig þessu skuli hagað. Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa hér kafla úr bréfi, er staðfestir þetta samkomulag.

„2) Viðskiptanefnd og menntamálaráð komi sér saman um reglur um yfirfærslur til námsmanna, hversu mikið skuli yfirfært til hvers námsmanns í hverju landi um sig. 3) Viðskiptanefnd og menntamálaráð hafi sérstaklega samráð um veiting gjaldeyrisleyfa og styrkja til nýrra nemenda. 4) Fyrst og fremst séu veittir styrkir og gjaldeyrisleyfi til þeirra, sem leggja stund á efni, sem eigi verða numin hér á landi, en teljast þó nauðsynleg. 5) Sendiráðum Íslands sé falið að afla upplýsinga um meðalkostnað við námsdvöl í hinum ýmsu löndum, sem unnt sé að leggja til grundvallar við veiting styrkja og gjaldeyrisleyfa" — samkvæmt framansögðu.

Ég skal taka fram út af síðasta liðnum, að þarna yrði um að ræða nýjar upplýsingar, sem krafizt yrði. Það eru eldri upplýsingar, sem byggt er á til bráðabirgða. En ráðgert er, að þetta verði endurskoðað, eftir að nýjar upplýsingar koma fram.

Gísli Jónsson: Síðan yfirlýsing kom um það frá hæstv. ríkisstj. fyrir jólin, að hún skyldi reyna að hafa áhrif á afgreiðslu þessara mála, hefur í raun og veru ekki verið deilt mikið um annað efnislega í sambandi við þetta mál en það, hvort tekið skyldi tillit til þess við yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis, hvort þeir, sem þar stunda nám, hafa fjölskyldur fram að færa í löndum þeim, sem þeir stunda nám í. En ekki hefur enn fengizt fram, að til þessa skuli taka tillit. Það hefur staðið sífelld barátta milli þessara manna og gjaldeyrisyfirvaldanna um þetta, án nokkurrar leiðréttingar. Nú sé ég ekki, að þetta atriði sé tekið upp í bréfinu, sem hæstv. ráðh. las hér áðan. Og ég óska ákveðið eftir því, að hæstv. menntmrh. lýsi yfir, að með orðunum: „miðað við framfærslukostnað" þá sé það skilningur þeirra, sem með þessi mál hafa að gera, að átt sé við, að tekið skuli tillit til þess, hvort námsmenn hafi fjölskyldur fram að færa eða ekki, en að ekki sé aðeins miðað við að greiða sem svarar þeim kostnaði, sem nægir til þess að framfleyta námsmönnunum sjálfum. Ég benti á það við fyrri hluta þessarar umr., að það væri ranglátt að slíta í sundur heimili námsmanna, sem hafa byrjað nám í þeirri góðu trú, að þeir mættu hafa konu sína með sér, hver fyrir sig, og þau börn, sem þeim hlotnast á námstímanum. En nú hafa þessir námsmenn orðið að slíta heimilin í sundur, sem ég tel óverjandi, að til sé stofnað af gjaldeyrisyfirvöldunum.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil beina athygli hv. alþm. að því, að rn. hefur ekkert vald til að ákveða yfirfærslur í þessum gjaldeyrismálum. Það heyrir undir allt aðra aðila. Viðleitni rn. hefur hnigið í þá átt að setja reglur um náið samstarf á milli viðskiptan., þ. e. þeirra gjaldeyrisyfirvalda, sem hafa síðasta orðið í þessu, og menntamálaráðs. Að þessu lúta þessar reglur, að tryggja þetta, samkv. því, sem þar segir. — Hins vegar er það rétt hjá hv. þm. Barð., að í þessu bréfi segir ekkert um það, hvort gagnvart þessum framfærslukostnaði skuli tekið tillit til lífeyris fjölskyldna. Og um það er erfitt, að mér skilst, að setja nokkrar almennar reglur. Og til þess að valda ekki neinum vonbrigðum eftir á í þessu sambandi, get ég ekki lýst yfir öðru en því, að þetta sýnist vera opið eftir þessum reglum. En það, sem hér hefur verið lesið, tryggir ekkert í þessu. Í þessu getur ráðuneytið ekkert tryggt. Þetta er á valdi gjaldeyrisyfirvaldanna og fer eftir þeim reglum, sem þau setja.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh. vildi ég biðja hæstv. forseta að slíta ekki þessari umr. Ég mun bera fram brtt. í þessu máli, þar sem þetta sé alveg ákveðið, svo að hv. alþm. gefist kostur á að greiða atkv. um það efnislega, hvort íslenzk yfirvöld ætlast til þess, að slitnar séu sundur fjölskyldur þeirra námsmanna, sem stunda nám erlendis fyrir íslenzku þjóðina. Það hefur hvað eftir annað komið fram hjá hæstv. ráðh., að hann vilji ekki gefa yfirlýsingar um það, að þannig skuli að farið, að þetta verði ekki gert.

Og þegar hæstv. ráðh. segir, að það standi ekki í hans valdi, þá er það misskilningur. Það stendur í valdi ríkisstj. að skipta um þau gjaldeyrisyfirvöld, sem ekki vilja hegða sér eins og siðaðir menn. Þess vegna óska ég þess, að hæstv. forseti slíti ekki umr. þessari nú, því að ég mun bera fram brtt., til þess að það fái að sýna sig, hvað eigi að líða gjaldeyrisyfirvöldunum í landinu í þessum efnum, og hvort hv. alþm. vilja láta svelta þá, sem gifta sig á meðan þeir stunda nám erlendis, og til þess að úr því verði skorið, hvort hæstv. menntmrh. vill vera með í hópi þeirra, er það vilja gera.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er ljóst, að það stendur ekki í valdi menntmrh. að ráða neinu um það, hvernig þessum gjaldeyri er úthlutað. Það er misskilningur, ef hv. þm. álítur það. Þetta er alveg á valdi gjaldeyrisyfirvaldanna. Hitt hef ég reynt, að koma á sem beztri samvinnu á milli menntamálaráðs og gjaldeyrisyfirvaldanna um þetta mál, og ég hef ástæðu til þess að halda, að nú þegar hafi orðið verulegur árangur af þeirri viðleitni. Og e. t. v. á hann eftir að verða enn meiri, sérstaklega í því efni, að menn geti treyst á eitthvað visst í þessu efni. Áður hafa þessi mál verið nokkuð á reiki, og það er það versta. Það er betra að fá nauman skammt og vita, að hann sé viss, heldur en að hafa þessi mál mjög á reiki, eins og verið hefur. — Ég tel því, að engin ástæða sé fyrir hv. þm. Barð. að kasta neinu að mér í þessu sambandi, eins og ég tel mig nú hafa útskýrt. Hins vegar vil ég taka fram, að ég vil ekki vekja neinar falsvonir með því að tala um, að ég muni koma því til vegar, að yfirfært verði þannig, að sérstakar yfirfærslur verði veittar til þeirra námsmanna erlendis, sem hafa fjölskyldum fyrir að sjá. Ég vil ekki þannig tala með hálfkveðnum orðum hér, og svo yrði ekkert úr því. Og ég hygg, að hv. þm. Barð. geti virt það við mig að vera ekki hér með neitt slíkt spilirí.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 17. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 45, 98, n. 240, 434, 477).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það liggja nú fyrir hér mjög margar brtt. við þessa upphaflegu þáltill. á mörgum þskj., og mikið er búið um þetta mál að ræða. Síðast þegar það var til meðferðar, kom hér fram í ræðu hæstv. menntmrh., að samkomulag hefði orðið milli ráðuneytisins, menntamálaráðs og viðskiptanefndar um fyrirkomulag á gjaldeyrisyfirfærslum til námsmannanna. Og ég vil því leyfa mér að leggja til, að málið verði afgreitt hér með dagskrártill., sem ég vil leyfa mér að lesa upp. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvísun til þess samkomulags, sem orðið hefur milli menntamálaráðuneytisins, viðskiptanefndar og menntamálaráðs um tilhögun á gjaldeyrisyfirfærslum til íslenzkra námsmanna erlendis, og í trausti þess, að séð verði fyrir gjaldeyrisþörf námsmannanna eftir því, sem ástæður frekast leyfa, telur þingið eigi ástæðu til að gera sérstaka ályktun um það efni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (JPálm): Hér hefur verið lögð fram till. til rökst. dagskrár af hv. þm. V-Húnv., sem hann nú lýsti, og liggur hún fyrir til umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef flutt hér brtt. á þskj. 477, sem er um umorðun á fyrri málslið meginmálsgr. á brtt. á þskj. 434, sem ég er líka flm. að, og er þetta gert eftir að hafa heyrt yfirlýsingu frá hæstv. menntmrh. hér við umr., síðast þegar málið var rætt hér. Það kom þá beinlínis fram, sem einnig kemur fram í rökst. dagskrártill., sem hv. þm. V-Húnv. las nú upp, að það hefur verið gert um þetta samkomulag milli hæstv. ráðh., viðskiptan. og menntamálaráðs á þeim grundvelli, að mál þessi verði ekki afgreidd á þeim grundvelli, sem óskað hefur verið eftir, heldur þeim grundvelli, að ekki sé látinn nægilegur gjaldeyrir til þeirra manna, sem stunda nám erlendis og hafa fyrir fjölskyldu að sjá, og óska ég því eftir, að till. komi til atkv. í trausti þess, að svo margir alþm. séu þeirrar skoðunar, að ekki beri að svelta þá námsmenn, sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá, þá sem fóru á sínum tíma með sína fjölskyldu vegna þess, að ekki voru lögð bönd á yfirfærslu.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Það er orðið langt síðan þetta mál var hér til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 240 ber með sér, lagði n. til að gera nokkra breyt. á upphaflegu till. Við till. n. kom fram brtt. á þskj. 434, og eftir því, sem upplýst er af hæstv. menntmrh. og þeim, er þessa till. flytja, þá hygg ég, að við í n. getum fallizt á þá ráðstöfun og þannig gæti málið fengið heppilega afgreiðslu, og vildi ég mega vænta þess, að það gæti borið tilætlaðan árangur um það, að séð yrði fyrir þörfum námsmanna erlendis. Ég hefði viljað ætla, að eins og er sagt í brtt. 434, þar sem tekið er fram, að ætlazt sé til, að námsmenn fái nægilegan gjaldeyri miðað við framleiðslukostnað og námskostnað í hverju landi, þá sé þessu ætlað að taka til þess, þó að einhver námsmaður hafi konu eða fjölskyldu fram að færa, því að tæplega get ég búizt við því, að ætlazt sé til, að fram fari hjónaskilnaður sakir þess, að menn vilji komast hjá að greiða, þegar svo stendur á, þetta meiri gjaldeyri, sem slíkir námsmenn kynnu að þurfa. Mér skilst, að hæstv. ráðh. vilji greiða fyrir þessu máli eftir ýtrustu getu, þó að hann fyrirfram ekki vilji staðhæfa, hvaða árangur það bæri. Ég hefði gjarnan viljað, að þessi brtt. næði samþykki Alþ., því að þá get ég búizt við því, að þetta mál fái heppilega lausn. Eins og málið liggur fyrir, finnst mér ekki, að hæstv. Alþ. geti fallizt á að afgreiða það með rökst. dagskrá sökum þess, að óánægja hefur nokkur verið með, að laklega hafi verið séð fyrir þörfum námsmanna, og er þá ekki von til þess, að Alþ. vilji ekki af sinni hálfu sýna, hvernig augum það lítur á málið, og sinnt sé nauðsynjum þessa fólks. Hygg ég, að mér sé óhætt að segja það fyrir munn flestra meðnm. minna, að þeir muni fallast á þessa brtt. Ég skal taka það fram, að ég hef ekki átt tal við þá alla og n. hefur ekki í sjálfu sér tekið málið fyrir, en ég veit um suma þeirra, að þeir munu sammála um að styðja brtt. 434.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég ætlaði bara að benda á það, að ég hygg, að hv. þm. Barð. hafi misskilið það, sem ég sagði um málið hér um daginn. Í fyrsta lagi er það, að það samkomulag, sem ég skýrði frá, að orðið hefði milli menntamálaráðs og viðskiptan. um þessi efni, það er einvörðungu rammi fyrir samstarf þessara stofn-

ana, en nær ekki til þess að svo komnu, hvað mikil yfirfærsla fer handa hverjum námsmanni í hverju landi, og ég álít mitt hlutverk í þessu að koma á sem beztri samvinnu milli menntamálaráðs og viðskiptan. En ástæðan til þess, að hv. þm. Barð. er sífellt að tala um, að ég taki illa í, að yfirfærður verði nægilegur framfærslueyrir fyrir fjölskyldumenn, er sjálfsagt sú, þegar hann spurði, hvort ég gæti tryggt, að nægilegur gjaldeyrir yrði yfirfærður, þá vildi ég ekki gefa ákveðna yfirlýsingu um efni, sem ég vissi ekki, hvort ég gæti staðið við. Vegna þess að ef ég færi að tala um að koma því í kring, þá mundi hv. þm. Barð. telja það vilyrði, sem ég gæti svo kannske ekki komið í framkvæmd. Þess vegna gat ég ekki lýst yfir neinu um það, því að það er ekki á mínu valdi að ákveða um það. Það er ekkert um þetta atriði í þessum reglum og heldur ekkert í þeim, sem útilokar það, að tekið sé tillit til þess, ef námsmaður hefur fyrir fjölskyldu að sjá. Og ég hefði haldið, að með því að samþykkja brtt. 434 eða dagskrártill. væri bezt séð fyrir afgreiðslu málsins, en síður, ef brtt. hv. þm. Barð. verður samþ., en það er vegna þess, að ef hún verður samþ., lofar hún meiru en gjaldeyrisyfirvöldin kannske sæju sér fært að standa við og kannske gefur mönnum það í skyn, að undir öllum kringumstæðum væri eðlilegt að yfirfæra ekki aðeins fyrir námsmenn, heldur líka fyrir fjölskyldur. Ég held þess vegna, að það sé heppilegt að samþykkja brtt. 434 eða dagskrána, en mun að öðru leyti ekki skipta mér frekar af þessu máli.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að benda hv. þm. á það, áður en gengið er til atkv., að síðan fyrir nýár er búið að standa í sífelldu stappi við gjaldeyrisyfirvöldin um það að fá þessi mál leiðrétt. Það hefur ekki fengizt leiðrétt, að þau létu nokkru meiri yfirfærslu til manna, sem fóru utan á þeim tímum, þegar þetta allt var opið, og hafa dvalið þar með fjölskyldu sína síðan og hvorki viljað senda hana heim né hætta námi. Það hefur ekki fengizt meiri yfirfærsla fyrir þessa menn en einstaklinga þrátt fyrir óskir hæstv. viðskmrh. í þessu máli. Og með því að hæstv. menntmrh. hefur ekki séð sér fært að lýsa yfir, að þetta verði framkvæmt eins og brtt. 434 gerir ráð fyrir, þá neyðist ég til að bera till. svo ákveðið fram og óska að fá um það ákveðið svar, hvort hæstv. Alþ. vill samþykkja hana.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins benda á það, hvort það væri þá ekki betra að fresta afgreiðslu málsins um sinn og allshn. hefði viðtal við viðskiptan. og kynnti sér málið betur, og hvort hægt væri að sjá fram úr því, að framkvæmdin færi betur úr hendi en verið hefur, heldur en fara nú að bera upp þessa brtt. frá hv. þm. Barð. Segjum, að hún yrði felld af því, að það þætti of ákveðið að setja það inn í ályktun, að undir öllum kringumstæðum skyldi yfirfæra, þá mundi það síður en svo greiða fyrir því, að hægt væri að fá leyst úr kannske vissum dæmum, þar sem eðlilegt væri, að þetta væri tekið til greina.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mér finnst meðferð þessa máls öll vera skýrt dæmi um það, hvernig hægt er að gera einfalt mál að margbrotnu máli í þessari stofnun. Málavextir eru þeir, að snemma á þinginu ber ég fram þáltill. um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis. Ég taldi mig gera það af brýnni nauðsyn, og það hefur ekkert komið fram í umr., sem benti til þess, að ekki hafi verið full ástæða til að hreyfa málinu. Engu að síður þvælist það hér og hefur verið rætt á mörgum fundum. Hv. allshn. tók málinu mjög vel og lagði til löngu fyrir jól, að það yrði afgreitt, þó hefur svo farið, að það er enn til umr. og virðist því enn ekki eiga að ljúka. Að vísu held ég, að umr. um þetta mál eigi verulegan þátt í því, að menntmrn. hefur látið málið til sín taka og komið á nokkurri samvinnu milli viðskiptan. og menntamálaráðs um lausn málsins. Ég skil það hins vegar svo, að sú samvinna sé ekki endanlega komin á, og með tilliti til þess kom mér dagskrártill. hv. þm. V-Húnv. dálitið á óvænt, þar sem hún gerir ráð fyrir alveg fastákveðnu formi og samvinnu milli viðskiptan. og menntamálaráðs. Enn fremur er dagskrártill. að því leyti undarleg, að tekið er upp í hana allt efni þeirrar brtt., sem hún er dagskrá við.

Ég vil að síðustu þakka form. allshn. fyrir það, að hann skuli mæla með því, að brtt. 434 verði samþ. Hins vegar skal ég ekkert vera á móti þeim tilmælum hæstv. menntmrh., að umr. verði frestað til þess að n. fengi málið enn til athugunar. Fyrir mér vakir það einungis að fá einhvern endanlegan botn í þetta mál, þannig að hagur námsmanna, sem nú stunda nám erlendis, verði betri og tryggari en verið hefur undanfarið hálft annað ár. Það er mergurinn málsins.

Forseti (JPálm): Það er búið að fresta þessu máli svo oft, að mér væri heldur ógeðfellt að fresta því enn á ný. Og mér skilst, að svo lítið beri á milli, að það skipti ekki miklu máli, þó að atkvgr. fari bráðlega fram.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru ekki tilmæli frá mér að fresta málinu, heldur bendi ég á, hvort það er ekki hagkvæmara, af því að örðugt er að koma við atkvgr. Ég vil aðeins benda á það út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það er komið á fast form fyrir samstarfi milli viðskiptan. og menntamálaráðs. Hitt er annað mál, að þessar stofnanir eru ekki enn búnar að fastmóta það til frambúðar, hversu mikil yfirfærsla skuli fara til hvers námsmanns, vegna þess að meiningin er að fá viðbótarupplýsingar við það, sem áður er fyrir hendi.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra, að hæstv. forseta þykir ekki vænlegt að fresta málinu enn á ný. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að ef málinu væri nú frestað með það fyrir augum, að allshn. færi enn að tala við viðskiptan., þá væri það sama sem að málið dagaði uppi. Svo sem sjá má af þskj. 240, byrjaði allshn. að sjálfsögðu á því að senda málið til umsagnar viðskiptan. og fékk það svar, sem frá er greint í nál., að hún gaf engar upplýsingar. Svarið var á þessa leið: Að viðskiptan. hefði þessi mál með höndum og að sjálfsögðu gæti Alþ. sett þar á aðra skipan, ef því sýndist svo. — Þetta bréf er dæmi um það, hvernig opinberir embættismenn eiga ekki að skrifa. En þar við var ekki látið sitja. Allshn. vildi reyna að fá upplýsingar og boðaði form. viðskiptan. á sinn fund, en svarið var svona: „Form. hefur

ekki tíma til að mæta.“ Viðskipti Alþ. við þessa stofnun sýna, að örvænt er um framgang málsins, ef ætti að fresta því með það fyrir augum að spyrja þessa menn. Ég er einn af þeim úr allshn., sem vilja fallast á að draga til baka brtt. n. á þskj. 240 og fallast á brtt. 434, en mun þó greiða atkv. brtt. hv. þm. Barð., því að mér sýnist einsætt mál, að það megi ekki henda, ef svo er ástatt, að um er að ræða námsmenn, sem hafa fjölskyldu, að þeim sé meinað að vera með fjölskylduna þar, sem þeir stunda nám, og ég tel, að Alþ. megi ekki láta hjá líða að segja álit sitt í þessu efni. Mér sýnist öll reynsla benda til þess, að Alþ. verði að gefa viðskiptan. fyrirmæli í þessu efni. Að vísu má segja, að þetta geti varla heitið fyrirmæli, því að það er ekki annað en að Alþ. skorar á ríkisstj. En ég hef enga ástæðu til annars en að ætla, að hæstv. menntmrh. mundi vilja verða við þeirri áskorun, sem Alþ. beinir til hans.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér skilst, að mismunurinn á þessum brtt., sem fyrir liggja, brtt. 434 og brtt. 477, sé ekki ýkja mikill. Mér skilst, að það megi a. m. k. túlka brtt. 434 þannig, að í námskostnaðinum felist, hjá þeim sem nú eru við nám, kostnaður við konur þeirra og börn. En yrði brtt. 477 samþ., þá segir hún, að þetta gildi líka fyrir þá, sem hér eftir fara í nám. Og vitanlegt er það, að í vetur hafa 4 menn siglt til náms og fengið vilyrði fyrir því að fá nógan gjaldeyri með konu og börn. Hitt er svo allt annað mál með menn, sem hafa farið fyrir fleiri árum — og þá giftir. Þeir hafa allt aðra aðstöðu.

En spurningin er þá: Eigum við framvegis að slá því föstu, að hver maður, sem ætlar að sigla til náms, gifti sig fyrst og sigli svo með sína konu? Við segjum honum að bíða með það, ef við samþykkjum brtt. 434, en veitum hins vegar heimild til þess, að þeim verði sinnt, sem nú eru við nám, en gefum ekkert vilyrði fyrir því í framtíðinni, sem við gerum, ef við samþykkjum brtt. hv. þm. Barð. Ég hef átt syni erlendis, gifta og ógifta, sem hafa þurft gjaldeyri, en aldrei verið gerður neinn munur á því, hvort þeir eru giftir eða ógiftir.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. V-Húnv. [sjá þskj. 552] felld með 24:6 atkv.

Brtt. 98 tekin aftur.

— 477 samþ. með 20:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, GTh, GÞG, HB, HV, HermG, JJós, KTh, LJóh, LJós, SigfS, SB, SG, StSt, StgrA, ÁS, BÁ, BrB, EOl, JPálm.

nei: GÍG, HÁ, HelgJ, JG, JörB, PZ, PÞ, SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, EmJ, EystJ.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

18 þm. (FJ, HermJ, IngJ, JóhH, JS, JJ, ÓTh, PM, PO, SEH, SK, ÁkJ, ÁÁ, GB, BSt, BBen, BK, EE) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Með því að ég tel brtt. 434 gefa möguleika til þess að veita giftum námsmönnum erlendis meiri styrk en þeim, sem eru ógiftir, vil ég ekki slá því föstu, að hver maður, sem utan fer, gifti sig fyrst til þess að fara með sína konu, og greiði því atkv. á móti brtt. 477.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég tel, að í brtt. 434 felist nægileg trygging fyrir giftar persónur, og þeirri till. mun ég greiða atkv., en segi nei við þessari brtt.

Skúli Guðmundsson: Mér skilst, ef þessi till. verður samþ., að þá sé það áskorun á ríkisstj. að veita undir öllum kringumstæðum fjölskyldumönnum, sem stunda nám erlendis, nægilegan gjaldeyri til þess að halda fjölskyldu sinni uppi. Mér þykir ekki fært að samþ. þetta og segi nei.

Brtt. 434 (ný tillgr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StSt, StgrSt, ÁS, BÁ, BrB, EOl, GJ, GÞG, HB, HV, HermG, JJós, JG, JörB, KTh, LJóh, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SB, SG, JPálm.

SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, PÞ, BK, EmJ, EystJ, GÍG, HÁ, HelgJ, JS greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BBen, EE, FJ, GTh, HermJ, IngJ, JóhH, JJ, ÓTh, PM, PO, SEH, SK) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StSt, ÁS, BÁ, BrB, EOl, GJ, GÞG, HB, HV, HermG, JG, JörB, KTh, LJóh, LJós, PÞ, SigfS, SB, SG, JPálm.

SÁÓ, SkG, StJSt, StgrSt, ÞÞ, BBen, BK, EmJ, EystJ, GÍG, HÁ, HelgJ, IngJ, JS, PZ greiddu ekki atkv.

17 þm. (StgrA, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, EE, FJ, GTh, HermJ, JóhH, JJós, JJ, ÓTh, PM, PO, SEH, SK) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Með því að það er sýnilegt, að till. verður samþ. af miklum minni hl. þm. og forseti vill ekki taka tillit til að fresta atkvgr., svo að meiri hl. fengist, þá held ég sé bezt að sitja hjá við þessa atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 554).

---

12. Áhættuiðgjöld til Tryggingastofnunar ríkisins.

Á deildafundum 23. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um lækkun áhættuiðgjalda til Tryggingastofnunar ríkisins (A. 372).

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til fyrri umræðu.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þessi þáltill. á þskj. 372, sem flutt er af átta þm. í Nd., er um það að skora á ríkisstj. að breyta reglugerð frá 21. des. 1946 um áhættugjöld samkv. 113. gr. l. um almannatryggingar þannig, að þau lækki um helming, og að þessi lækkun verði gerð, áður en iðgjöld fyrir 1948 eru innheimt.

Ég get að mestu látið nægja að vísa til þeirrar grg., sem till. fylgir. Eins og þar er bent á, kom

fram í umr. um fyrirspurn, sem gerð var hér á þingi um upphæð áhættugjalda og slysabætur hjá Tryggingastofnun ríkisins 1947, að á því ári höfðu iðgjöldin numið 5 millj., en slysabætur 2 millj. Það kom því fram, að óráðstafað var nálægt 3 millj. af þeim gjöldum, sem lögð voru á 1947, og þó að það kunni að vera eftir að draga þar frá einhvern hluta af kostnaðinum við rekstur stofnunarinnar, þá er sjáanlegt af þessu, að innheimt hefur verið 1947 miklu hærri upphæð samkvæmt 113. gr. en þörf var fyrir til að mæta þeim gjöldum, sem iðgjöldin eiga að vega á móti. Auk þess kom það fram, að frá 1946 er afgangssjóður hjá slysatryggingunum rúmlega 2 millj.

Við flm. teljum, að fengnum þessum upplýsingum, að sjálfsagt sé að lækka iðgjöldin. Ýmsir eru þeirrar skoðunar, og ég er einn af þeim, að þessi gjöld séu innheimt með mjög óviðeigandi aðferðum að ýmsu leyti, þar sem greiðslurnar eru á engan hátt miðaðar við efnahag gjaldendanna, en það er önnur saga, og sé ég ekki ástæðu til að ræða það mál í sambandi við þessa till. Hitt ættu allir að vera sammála um, að ekki er ástæða til að taka af atvinnurekendum miklu hærri upphæð ár eftir ár en þörf er fyrir til þess að mæta þeim kostnaði, sem Tryggingastofnun ríkisins ber í sambandi við slysfarir.

Ég tel eðlilegt, að þessi till. fari til n. til athugunar, og legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og allshn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 372, n. 618).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið athugað í allshn. Eitt af því fyrsta, sem n. gerði við það, var að senda það til umsagnar tryggingaráðs. N. barst svo álit tryggingaráðs, og sömuleiðis mæltist forstjóri tryggingastofnunarinnar til viðræðu við n. og ræddi allýtarlega við hana um málið. Við það að kynna sér skýrslu tryggingaráðs, sem hér hefur verið prentuð með sem fskj. og ég vænti, að hv. þm. hafi kynnt sér, þá komst n. að þeirri niðurstöðu, að sú lækkun, sem gert er ráð fyrir í till. á þann veg, sem þar er gert ráð fyrir, gæti ekki komið til greina. Skýrslur og reikningar tryggingaráðs sýna, að ef slík lækkun væri gerð á iðgjöldum, þá mundi það hafa það í för með sér, ef miðað er við 3 síðustu ár, að skorta mundi nærri 1½ millj. kr. á það, að iðgjöldin hrykkju fyrir þeim bótum og öðrum greiðslum, sem sjómannatryggingin þarf að inna af hendi.

Það mun hafa verið fyrst og fremst með þetta fyrir augum, að tryggingaráð mótmælti alveg þessari till., lagði alveg gegn henni, og sömuleiðis framkvæmdastjóri þessara mála, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.

Hitt kom þá líka í ljós, þó að það gæti ekki komið til framkvæmda að því er sjómannatrygginguna snerti, að það virtist vera augljóst, að um þá deild, sem kallast iðntryggingar, gegndi allt öðru máli. Þar hafa safnazt á undanförnum árum gildir sjóðir, og samkvæmt reikningum tryggingastofnunarinnar er tekjuafgangur á árinu 1946 í þessari deild 1728217 kr. Þetta er mikil upphæð á okkar mælikvarða, og það virtist, að einnig mundi verða mjög mikill tekjuafgangur í þessari deild á árinu 1947, en frá þeim reikningum hefur ekki verið gengið enn.

Það kemur líka fram í bréfi forstjóra tryggingastofnunarinnar, að hann gerir ráð fyrir og tryggingaráð gerir ráð fyrir, að hér muni vera hægt að lækka. Eftir að n. hafði kynnt sér þetta rækilega, varð hún sammála um, eins og ég sagði áðan, að ekki væri fært að fylgja till. óbreyttri, heldur taka sjómannatryggingarnar út úr og leggja til, að iðntryggingarnar væru lækkaðar. Þetta mætti mjög mikilli mótstöðu hjá forstjóra tryggingastofnunarinnar og einnig hjá tryggingaráði, að því er mér skildist. Og þar sem það var alveg sýnt, að n. mundi ekki geta orðið sammála um slíka afgreiðslu, en á hinn bóginn var orðið það áliðið þings, að ef eitthvað átti að ganga fram um þetta, varð að leitast við að ná samkomulagi á þann veg, að málinu þokaði nokkuð áfram, þó að það næðist ekki til fulls, sem að var stefnt. Og með því að ýmsir nm. töldu, að hér væri um þýðingarmikið mál að ræða, sem æskilegt væri, að drægist ekki um skör fram, þá töldum við þó betra að slá nokkuð af okkar kröfum en að málið strandaði eða dagaði uppi. Það varð því samkomulag um það í n. að breyta till. á þann veg, sem hér er gert með brtt. á þskj. 618, en aðalbreyt. er þar sú, að sjómannatryggingarnar eru felldar út úr og að lækkun komi ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1949. Um þetta gat öll n. sameinazt. Töldum við, að málinu væri þar með borgið, ef við legðum til, að till. væri afgr. í því formi til ríkisstj.

ATKVGR.
Brtt. 618 samþ. með 30 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 654).

---

13. Rannsókn á vegarstæði.

Á deildafundum 9. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um rannsókn á vegarstæði (A. 165).

Á 38. fundi í Sþ., 28. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 45. fundi í Sþ., 18. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Sþ., 3. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þáltill. á þskj. 165, sem við hv. 1. þm. N-M. (PZ) flytjum, fer fram á það, að sameinað Alþ. leggi fyrir ríkisstj. að láta vegamálastjóra athuga á næsta vori og gera áætlanir um ruddan sumarveg

af þjóðveginum á Þorskafjarðarheiði og á þjóðveginn á Rafnseyrarheiði. Till. er fram borin sökum þess, að á undanförnu ári hafa á héraðsmálafundum verið samþykktar eindregnar áskoranir í þá átt að fá þennan veg, og er þessi ósk fram borin ekki eingöngu vegna óska héraðsbúa, heldur Vestfirðinga almennt. — Því skal ekki neitað, að mjög mikil bót væri að akvegasamgöngum að Ísafjarðardjúpi, en samfellt akvegasamband er þó enn ekki fengið við Ísafjörð eða nein kauptún á Vestfjörðum. Ég býst við, að flestir alþm. skilji, að slíkar samgöngur þykja ófullnægjandi. Menn vilja fá akvegasamband án sjóferða, en Ísafjarðardjúp er nú þröskuldur þarna á milli, þar sem nokkurn hluta leiðarinnar verður að fara sjóleiðis.

Lýður Jónsson vegavinnuverkstjóri hefur rannsakað þessa leið frá báðum vegarendum, en miðhluti þessarar leiðar er enn órannsakaður. Lýður telur, að eftir sé að rannsaka um 10—25 km leiðarinnar, en samtals er áætlað, að þessi vegalengd sé 60—65 km, með því að vegurinn sé lagður allhlykkjótt, því að bein lína er miklu styttri en þetta. — Yfirleitt er hér um holt og hjalla að ræða, svipað land og vestan við Þorskafjarðarheiði, þar sem akvegurinn hefur verið lagður.

Það er skoðun okkar flm. og Vestfirðinga yfirleitt, að þessa athugun þurfi að fullgera og fá áætlun um, hvað þessi ruddi sumarvegur mundi kosta. Við teljum, að þetta mundi ekki vera meira verk en svo, að því mætti ljúka nú á næsta vori. Það hafa víða annars staðar á landinu verið ruddir sumarvegir, t. d. um Hvalfjörð, og mér er kunnugt um það, að með þeim tækjum, sem nú eru fyrir hendi, sé það ekki kostnaðarsamt. Ég tel, að það væri ekki vonum fyrr, þótt undinn yrði nú bráður bugur að því að gera tilraun til þess að gera nothæfa leið um Vestfjarðaháls, til þess að tengja Vestfirði við akvegakerfi landsins. Fáist það ekki framkvæmt, getur farið svo, að Vestfirðir sitji svo um langan tíma án þess að fá fast samband við akvegakerfið.

Ég vona, að þessi þáltill., sem hvorki ætti að verða kostnaðarsöm né umfangsmikil í framkvæmd, fái greiðan gang gegnum þingið. Líklega ætti bezt við að vísa henni til allshn. og umr. um hana væri þá frestað, — eða til fjvn., og læt ég forseta um það.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 23:5 atkv. og umr. frestað.

Á 62. fundi í Sþ., 24. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 165, n. 627).

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég sé, að hv. frsm. er hér ekki staddur, en n. er sammála um að mæla með samþykkt till.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): N. mælir með samþykkt till., enda liggur það fyrir, að stj. hefur þegar byrjað á framkvæmdum, og er tilætlunin að ljúka þeim á næsta sumri.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 685).

14. Skipting innflutnings- og gjaldeyrisleyfa milli landshluta.

Á 53. fundi í Sþ., 12. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um skiptingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa milli landshluta (A. 486).

Á 54. fundi í Sþ., 13. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 55. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þessi till. á þskj. 486 er fram borin af 8 mönnum úr öllum flokkum þ. Till. er um að fela hæstv. stj. að koma á sérstakri tilhögun um skiptingu á vörum milli landshluta. Till. þessi byggist á samhljóða ályktun um þetta efni, sem gerð var á fundi fulltrúa frá kaupstöðum og kauptúnum víðs vegar að af landinu, sem haldinn var í Reykjavík nú í febrúarmánuði.

Fyrsti töluliður þessarar till. snertir innflutning á skömmtunarvörum og öðrum venjulegum verzlunarvörum. Þar er farið fram á, að þessum vörum verði skipt niður á landsfjórðunga eftir nánar tilteknum mörkum í hlutfalli við íbúatölu og þarfir hvers fjórðungssvæðis. Leyfunum sé úthlutað til verzlana og fyrirtækja búsettra innan hvers fjórðungssvæðis. 2. liður er um innflutning á byggingarvörum, og er þar farið fram á að innflutningi á þeim verði skipt á milli landshlutanna í fullu samræmi við fjárfestingarleyfi fjárhagsráðs og leyfi, sem sveitarstjórnir veita. 3. liður ræðir um innflutning á útgerðarvörum, og er farið fram á, að þeim leyfum sé úthlutað í hlutfalli við skipastól og útgerðarrekstur á hverju svæði. Loks er 4. liður um að skipta á fjórðungssvæðin efnisvörum til iðnaðar í hlutfalli við verksmiðju- og iðnrekstur á hverju svæði. Tekið er fram, að iðnfyrirtæki, sem fái þessi leyfi, skuli að sjálfsögðu fara eftir fyrirmælum viðskiptanefndar um sölu á þessum vörum, þannig að jafnt verði séð fyrir þörfum landsmanna. Þá er í till. farið fram á, að viðskiptan. verði falið að birta opinberlega á 6 mánaða fresti yfirlit um leyfisveitingar og verði sú skýrsla sundurliðuð eftir landsfjórðungum.

Eins og ég gat um áðan, er þessi till. samhljóða þeirri ályktun, sem gerð var á ráðstefnu um viðskipta- og siglingamál, sem haldin var í s. l. mánuði, þar sem mættir voru fulltrúar frá mörgum kauptúnum og kaupstöðum á Vestur-, Norður- og Austurlandi, og er áreiðanlegt, að þessar kröfur eru í samræmi við vilja og óskir mikils þorra manna í þessum landshlutum. Krafa þessa fulltrúafundar, sem fram er borin í 1. tölulið, er um það, að verzlanir búsettar í einstökum landshlutum fái leyfi til innflutnings á þeim vörum, sem skömmtunaryfirvöldin veita fólki í þessum landshlutum heimild til að kaupa. 2. töluliður er um byggingarvörur og alveg á sama hátt miðað við það, að menn þurfi ekki að kaupa utan síns fjórðungssvæðis þær vörur, sem yfirvöldin heimila þeim að kaupa. Á sama hátt er farið fram á það, að fyrirtæki búsett í hverj-

um fjórðungi fái það, sem þeim ber af útgerðar- og iðnaðarvörum, sem hverju sinni er leyfður flutningur á til landsins. Væntanlega er öllum ljóst, að þarna eru menn ekki að reyna að ná til sín neinu, sem annarra er. Þetta er krafa um að fá til sín þær vörur, sem þangað eiga að fara samkv. fyrirmælum skömmtunaryfirvaldanna og annarra ráða og nefnda, sem með þetta eiga að fara. Þetta finnst okkur svo sjálfsagt réttlætismál, að undarlegt sé, að viðskiptan. skuli ekki, strax og krafa ráðstefnunnar kom fram, hafa tekið þetta til greina. Það má geta þess, að viðskiptan. hefur tekið þessu máli vinsamlega, en þrátt fyrir það ekki tekið ákvörðun um það, þannig að við flm. teljum það fullnægjandi.

Það var reynt að fá þá lausn að gera þetta ekki að þingmáli, en það hefur ekki tekizt, og var okkur, þessum 8 mönnum, falið það, ef þess gerðist þörf, að fara með málið inn á þ. til þess að bera fram óskir um þetta fyrirkomulag. Við höfum ekki í þessu sambandi talið neina þörf á því að breyta l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Stj. hefur það í hendi sinni að verða við þessum kröfum, án þess að lagabreyt. verði gerð, og í þeim l. er einmitt gert ráð fyrir því, að reglugerð verði sett um framkvæmd þeirra, og því er vel hægt að koma þessu máli fyrir, án þess að breyt. verði gerð á l. Einmitt í þeim l. er gert ráð fyrir því, að stj. hafi yfirstjórn framkvæmdanna með höndum skv. lögunum.

Um meðferð málsins vil ég segja það, að ákvæðin hefur verið, eins og sést af dagskránni, ein umr. Ég sé ekki ástæðu til þess að gera till. um, að málið fari til n., en ef það færi til n., teldi ég eðlilegast, að það væri allshn. Við flm. leggjum ríka áherzlu á, að málinu verði hraðað svo sem unnt er, svo að það geti fengið afgreiðslu áður en þ. lýkur. Ég vil svo vænta þess, að þessu verði vel tekið, bæði af Alþ. og stj., því eins og ég hef bent á, er hér um fullkomið sanngirnismál að ræða.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það var nú eiginlega fyrst og fremst vegna niðurlags ræðu hv. frsm., að ég stóð hér upp til að segja nokkur orð. Hann sagðist ekki mundu gera till. um, að málið færi til n., en ég held, að þetta mál sé svo vaxið, að það sé mjög æskilegt, að því verði vísað til n., enda skildist mér á flm., að ef till. yrði uppi um það, mundu þeir ekki setja sig á móti því.

Fyrsta atriði, sem ég vildi taka fram um þetta mál, er, að það fái þinglega afgreiðslu, verði vísað til n. og aflað þeirra upplýsinga um það, sem fáanlegar eru frá viðskiptan. og fjárhagsráði um það, hverjar till. þessir aðilar eru búnir að gera um lausn þessara mála og á hvern hátt þær mundu geta samrýmzt þeim till., sem hér liggja fyrir. Þetta mál er vissulega ekki eins auðvelt og það kynni að líta út fyrir við fyrstu sýn. Það er talsvert miklum vandkvæðum bundið, eins og nú standa sakir, að úthluta leyfum, svo að fyllsta réttlætis sé gætt, þegar allt er tekið með í reikninginn, sem taka þarf. Það er, eins og hv. þm. vita, svo komið, að verzlunin er viðkomandi einstökum vörum meira og minna bundin við ákveðin lönd. Og þess vegna þarf að því leyti að beina viðskiptunum í gegnum ákveðin viðskiptasambönd til þess að ná sem mestum árangri. Það er ekki sá möguleiki til frjálsra viðskipta nú orðið, sem áður var. Og með þeirri clearing-verzlun, sem nú er uppi, þá er hringurinn þrengdur og vöruseljendum fækkað, svo að menn eru þar, eins og ég sagði, bundnir við svo að segja ákveðna seljendur í ákveðnu landi til að kaupa vöruna. Í l. um fjárhagsráð er svo ákveðið, að vörur skuli yfirleitt og að öðru jöfnu kaupa þar, sem hægt er að fá þær ódýrastar. Og getur það að nokkru leyti átt við innan þeirra takmarka, sem verzluninni eru sett, þó að í ákveðnum löndum sé. En mér virðist við fyrstu sýn, þó að ég hafi ekki haft tækifæri til að bera það nákvæmlega saman, að sú leið mundi ekki vera eins greið og áður, ef þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, væri samþ. Mér virðist því vera hér slegið föstu til að byrja með, að ákveðið magn af innfluttum vörum skuli ákveðið á ákveðna landshluta, án þess að leita fyrir sér um það, á hvaða verði hægt sé að kaupa vörurnar, og síðan verði mönnum gefinn kostur á innan landshluta að keppa um neytendur. Mér finnst, að þetta fyrirkomulag mundi gefa möguleika til óheppilegra innkaupa á vörum, sem erfitt mundi vera að koma í veg fyrir, þó að menn væru allir af vilja gerðir. Mér virðist, fljótt á litið, að hér sé blandað saman tveimur hlutum óskyldum í sjálfu sér, að sjá landsfjórðungunum fyrir vörum og að sjá verzlunarfyrirtækjum í þessum landsfjórðungum fyrir vörukaupum frá útlöndum, sem alls ekki er það sama, því að það er alls ekki vissa fyrir því fyrir fram a. m. k., að kaupandi á Norðurlandi t. d. geti keypt inn fyrir hagkvæmara verð heldur en annar á Suður- eða Vesturlandi. Mér finnst óþarfi að vera að binda þetta við ákveðna landshluta áður en vitað er, fyrir hvaða verð þessir aðilar geta flutt inn og boðið vörurnar. — Ég vil, að þessari þáltill. verði vísað til hv. allshn., sem athugaði, á hvern hátt skynsamlegast væri hægt að samræma óskir þessara manna, sem bæði hafa verið bornar fram á fundi hér í Reykjavík og hér á Alþ. fyrir munn þessara hv. flm., og reyndi að benda á leið til að leysa málið á sem skynsamlegastan hátt, og að um leið yrði aflað upplýsinga um það, hvað líður till. viðskiptan. og fjárhagsráðs um það að setja fastar reglur um innflutninginn. Mér er kunnugt um, að þeir hafa verið að vinna að því undanfarið. Og ég hygg, að það mundi geta verið gagnlegt að fá upplýsingar um það, hversu þeim málum er þar langt komið.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég get fyrir mitt leyti fallizt á þá ósk, sem fram kemur frá hæstv. viðskmrh., að málinu verði vísað til hv. allshn. Mér þykir líklegt, að aðrir flm. till. hafi ekkert á móti því. En á það viljum við að sjálfsögðu leggja áherzlu, að meðferð málsins þar verði hraðað svo, að það geti komizt hér til úrslita áður en þingi verður slitið, nema það komi á daginn, að viðskiptan. eða fjárhagsráð gangi frá viðunandi reglum um þessa úthlutun fyrir þann tíma, þannig að ekki yrði þörf á neinum frekari afskiptum þingsins af málinu. Hæstv. ráðh. benti réttilega á það, að verzlunin væri nú um margar vörur bundin við einstök lönd og jafnvel fáeina ákveðna seljendur vörunnar í hverju landi og talaði í því sambandi um clearingviðskipti, sem kunnugt er, að tekin hafa verið upp í milliríkjasamningum milli einstakra landa. Það er að sjálfsögðu ekki meining okkar flm. þessarar þáltill., að innflytjendur í

einstökum landshlutum njóti neinna sérstakra fríðinda að þessu leyti um innflutningsleyfi. Þeir verða að sjálfsögðu að fara eftir þeim fyrirmælum, sem á hverjum tíma gilda og fylgja þessum leyfum um vörukaup í ákveðnum löndum. Það liggur í hlutarins eðli. Það, sem hér er farið fram á, er aðeins það, að leyfin fyrir þessum vörum, þau, sem raunverulega tilheyra fólki víðs vegar um landið, fari til verzlana í þeim landshlutum og síðan verði þær, bæði kaupmenn og kaupfélög, að komast í sambönd við seljendur varanna, sem inn þarf að flytja, í öðrum löndum, annaðhvort gegnum umboðsmenn hér eða á annan hátt.

Hæstv. ráðh. gat um það, að sér virtist hér í þáltill. vera blandað saman tveimur atriðum. Annars vegar því að sjá landsmönnum fyrir vörum, sem þeir þurfa og eiga að fá og er heimilt að kaupa samkv. ákvörðun skömmtunaryfirvaldanna, og hins vegar því að sjá verzlunarfyrirtækjum einstakra landshluta fyrir vörum frá útlöndum til að verzla með. En þetta er svo nátengt hvað öðru að sjálfsögðu. — Ég ætla að taka dæmi til þess að sýna, hvað þetta er í raun og veru sanngjörn og sjálfsögð ósk, sem hér er fram borin af þessari ráðstefnu kaupstaðanna. Við skulum hugsa okkur, að þannig hefði staðið á nú, að innflutningur á einhverri nauðsynjavörutegund, sem landsmenn almennt þurfa að nota og fá leyfi til að kaupa, hefði verið þannig, að það hefðu verið verzlanir norður á Akureyri eða vestur á Ísafirði, sem hefðu flutt inn meginhlutann af þessari vörutegund, þannig að Reykvíkingar, þar sem um er að ræða einn þriðja hluta þjóðarinnar, hefðu orðið að senda sína skömmtunarseðla til Akureyrar eða Ísafjarðar til þess að fá þessar vörur. Ég geri ráð fyrir, að Reykvíkingum hefði ekki þótt gott að búa til lengdar við þessi kjör, en að það hefðu komið fram óskir um það, að sá hluti af þessum vörum, sem þeim réttilega ber, væri látinn ganga til verzlana í Reykjavík, þannig að þeir þyrftu ekki í aðra landsfjórðunga að fara með sína skömmtunarseðla til þess að fá þessa vöru. Og ég tel ólíklegt, að nokkur hefði séð ástæðu til að standa í vegi fyrir því, að á þessu hefði fengizt breyting. Það er í raun og veru þetta, sem hér er um að ræða, sem hér hefur gerzt. Og óskir eru fram bornar til þess að fá fluttar beint inn í þessa landshluta, sem afskiptir hafa orðið, þær vörur, sem raunverulega eiga þangað að fara. Þetta vildi ég aðeins benda á í tilefni af ummælum hæstv. viðskmrh., en sé ekki ástæða til að orðlengja um málið á þessu stigi frekar, þar sem það vitanlega kemur aftur til umr., eftir að n. hefur fengið það til athugunar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal heldur ekki orðlengja um málið. En mig langaði aðeins til að segja nokkur orð. Það kann að vera, að ég hafi ekki lesið þessa þáltill. nógu vel eða borið saman við fjárhagsráðslögin. Það hef ég ekki gert nákvæmlega. En mér skilst, að þetta geti borið þannig að, að ákvæði þáltill. stangist verulega á við þau. — Hv. þm. V-Húnv. sagði, að framkvæmd á þessu yrði þannig, að það yrði úthlutað til landsfjórðunga ákveðnum leyfum til innflutnings á þessum nauðsynjavörum, ef efni till. yrði framkvæmt. Síðan gætu þessar verzlanir farið með leyfin og annaðhvort aflað sér viðskiptasambanda erlendis eða keypt gegnum umboðsmenn í Reykjavík. (**PZ**: Eða annars staðar á landinu.) Já, hvar á landinu sem þeir vilja. En hvar er þá tryggingin fyrir því, að hagkvæmustu kaupin verði gerð, ef ekkert er um það fyrir fram ákveðið af viðskiptan. eða fjárhagsráði, að verzlunin skuli vera við þá innflytjendur, sem skila vörunni ódýrast inn í landið, hvað gjaldeyri snertir og álagningu í afhendingu varanna til almennings? Mér hefði fundizt, að eðlilegt væri að veita þeim innflytjanda, sem flytti vöruna ódýrast inn, leyfi til að flytja inn, en gera honum svo það skilyrði að dreifa henni milli landshluta í hlutfalli við íbúafjölda og þarfir. En mér finnst, að eftir þessari till. sé byrjað á öfugum enda, þannig að því sé slegið föstu að veita leyfin til aðila í landsfjórðungunum án tillits til þess, hvar varan er keypt og fyrir hvaða verð. Þegar maður á Austfjörðum eða Akureyri t. d. hefur fengið leyfi í sínar hendur, skilst mér, að hann eftir þáltill. sé ekkert við bundinn um það hvar hann notar þau. Getur vel verið, að hann í ýmsum tilfellum notaði þau í því landi, þar sem varan er ódýrust. Og við skulum segja, að hann sé búinn að kaupa hana frá ákveðnu landi. En þar getur þó verið verðmunur og gæðamunur, sem hann hugsi um á annan hátt heldur en gjaldeyrisyfirvöldin mundu gera, ef leyfin væru veitt eftir þeim leiðum og sjónarmiðum, sem fjárhagsráðslögin segja til um. — Ég skal ekki fara langt út í að deila um þetta á þessu stigi, því að hv. flm. hefur fallizt á, að málinu verði vísað til n. En ég vildi vænta þess, að hv. allshn. tæki málið upp til athugunar í sambandi við viðskiptan. og fjárhagsráð og þá ekki sízt viðskmrh., ef henni fyndist ástæða til, og reyndi að gera sér grein fyrir þeim till., sem uppi eru í þessu efni, og hvort ekki væri hægt að samræma þær og þessar till., sem hér koma fram.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Aðeins örstutt aths. út af síðari ræðu hæstv. viðskmrh. Kunnugt er mér um það, að í l. um fjárhagsráð stendur einhvers staðar, að við úthlutun innflutningsleyfa skuli reynt að láta þá sitja fyrir leyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup geri og sýni fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu. Þetta er mjög fallegt á pappírnum. En ég hef ekki orðið var við, að þetta hafi orðið eins í framkvæmdinni eða að mikið hafi verið eftir þessu farið. Enda held ég, að þegar athugað er nánar, þá komi það í ljós, að að ýmsu leyti sé erfitt við þetta að fást. Ég hef, t. d., síðan þessi lög voru sett og til skamms tíma veitt verzlunarfyrirtæki forstöðu hér á landi. Og ég minnist þess ekki, að nein ósk hafi komið um það frá yfirmönnum þessara mála, að verzlunarfyrirtæki þetta gæfi upplýsingar um vöruverð hjá sér. Mér hefði þótt eðlilegt, að safnað hefði verið skýrslum um þetta, ef í alvöru ætti að fylgja þessu lagafyrirmæli fram, til þess að vita, hverjir selji ódýrastar vörur í landinu. Það hefur verið bent á, að ýmsir annmarkar séu við þessa framkvæmd, þó að þetta líti vel út á pappírnum. Og hefur það líka komið í ljós, þar sem ég hef ekki orðið var við, að eftir þessu hafi verið farið. — Í þessari sömu lagagr. um fjárhagsráð stendur, að miða skuli úthlutun leyfanna við það, að neytendur geti verzlað þar, sem þeir telji sér hagkvæmast að verzla. Ég veit, að þetta, sem í þáltill. kemur fram, er í fullu samræmi við það. Og ég veit, að

bak við þessar óskir stendur allur þorri manna víðs vegar um landið. Og ég hygg, að engin hætta sé á því, þótt þetta væri svona framkvæmt, að þá yrðu óhagkvæmari innkaup gerð til landsins fyrir því. Ég fæ ekki betur séð heldur en að þeir, sem úthluta leyfum, ef þeim er á annað borð kunnugt um lægst verð á einhverri vörutegund, sem hægt er að fá þessa vöru fyrir innflutta til landsins, þá hafi þeir á sínu valdi að láta þau skilyrði fylgja við afhendingu innflutningsleyfis, að vörurnar séu ekki keyptar yfir einhverju ákveðnu verði. Ég held, að öruggt sé, að hægt sé að setja slík skilyrði. En það þarf ekki að taka fram í þáltill. varðandi þessi mál. — Ég sé svo ekki ástæðu til að segja fleira út af þessari síðustu ræðu hæstv. ráðh.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. flm. fór, eins og vænta mátti, alveg rétt með það, sem í fjárhagsráðsl. stendur, að það eigi að hafa til hliðsjónar við úthlutun innflutningsleyfa, að innkaupin séu gerð á sem ódýrastan hátt og varan geti verið seld innanlands fyrir sem ódýrast verð. En hann vildi halda fram, að erfitt væri að fást við þetta og að þessi regla hafi alls ekki verið framkvæmd. Ég geng inn á þetta hvort tveggja. En hann minntist ekki á það einu orði, sem mér er kunnugt um, að viðskiptan. hefur um alllangan tíma verið að reyna að setja í kerfi reglur um þetta á þeim grundvelli, sem fjárhagsráðsl. gera ráð fyrir. Og ég hef hugmynd um, að þessir aðilar séu einmitt komnir allvel á veg með það um nokkrar vörutegundir að setja reglur um flutning til landsins á þessum vörutegundum, einmitt á þeim grundvelli, sem fjárhagsráðsl. gera ráð fyrir, sem er sá eini eðlilegi grundvöllur, meðan þau lög eru í gildi. Hins vegar viðurkenni ég, að margir vöruflokkar geti verið, sem ákaflega erfitt — að ég ekki segi ómögulegt — sé að nota þessa reglu við. En það virðist vera, að þó nokkuð margir séu þeir vöruflokkar, sem hægt sé að beita þessari reglu við. Og ég hef hugmynd um, að viðskiptan. og fjárhagsráð séu nú vel á veg komin með að undirbúa reglur um þetta einmitt á þessum grundvelli, sem að vísu ná ekki til nærri allra vörutegunda, en þó til ærið margra.

Hv. flm. sagði líka, að í þessum l. væri þess getið, að neytendur ættu að fá að verzla þar, sem hagkvæmast væri fyrir þá. Það ættu þeir að geta með því að þeim væri gefinn kostur á að fá vörurnar sem ódýrastar, því að ef um sambærilegar vörur er að ræða að gæðum, vilja menn jafnan fá þær ódýrustu. Og ef við úthlutun leyfa eru sett skilyrði um að hafa sem ódýrastan innflutning, þá hygg ég, að þetta geti tekizt. (**SkG:** Það þarf að taka með í reikninginn flutningskostnað innan lands.) Það þarf að taka með alla liði. En ég hygg, að með þessu, að úthluta til ákveðinna landshluta leyfum fyrir ákveðnu vörumagni án þess að vita neitt um, fyrir hvaða verð verzlanir þar geti keypt inn vörurnar, þá sé ekkert öryggi í því fyrir því, að vörurnar séu sem ódýrastar til neytenda eftir gæðum. Þess vegna vil ég, að n. athugi, hvort hér væri ekki farið öfugt að, ef farið væri eftir þessari till. Ég hygg, að réttast væri að tryggja fyrst, að varan fengist sem ódýrust — og skipta henni síðan niður á landsfjórðunga, gera það á eftir, en ekki á undan.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27:1 atkv. og umr. frestað.

Á 60. fundi í Sþ., 23. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Sþ., 24. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 486, n. 648).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Þetta mál er komið til n. ekki alls fyrir löngu og hefur verið athugað á allmörgum fundum n. N. hefur kvatt á sinn fund form. fjárhagsráðs, og enn fremur hefur hæstv. viðskmrh. frætt n. Eftir að nm. höfðu kynnt sér viðhorf þessara aðila og svo rætt málið ýtarlega sín á milli, þá kom í ljós, að þeir voru allir sammála um, að stefna bæri að því, að sú skipun kæmist á, er væri sem næst því, sem till. gerir ráð fyrir. Um hitt vildi svo verða nokkur ágreiningur, hvernig orða skyldi till., svo að menn gætu fellt sig við hana og að öruggt þætti, að hún færi ekki í bága við ákvæði gjaldeyrisl. Að síðustu varð þó samkomulag um að breyta 1. málsgr. svo sem hér er lagt til, og gerðum við það með það fyrir augum að geta fengið samkomulag um málið. Það er mín skoðun, að með þessu orðalagi, sem hér er lagt til, sé engu síður tryggt, að heppileg dreifing takist, en með því fyrra, en á hinn bóginn síður hætta á, að till. stangist á við gjaldeyrisl., en á því töldu sumir nokkra hættu.

Ég vænti svo, að eins og n. gat orðið sammála um málið, þá geti Alþ. eins fallizt á að samþ. það í þessu formi.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil af hálfu okkar flm. till. þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu málsins. N. mælir með samþykkt till., en leggur til, að nokkur breyt. verði á upphafsorðum hennar. Við flm. getum sætt okkur við þessa brtt. n., þar sem við teljum, að þar sé aðallega um orðalagsbreyt. að ræða, en ekki röskun á efni. Við flm. væntum þess, að Alþ. samþ. till., og verði till. samþ., gerum við að sjálfsögðu ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. komi nú þegar á þeirri skipan á úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, sem fram á er farið í till., þar sem þá liggur fyrir ótvíræð yfirlýsing Alþ. um, að það telji, að úthlutuninni eigi að haga á þann hátt, sem greinir í 1. og 4. tölulið till.

Hallgrímur Benediktsson: Herra forseti. Í fyrsta lið þessarar þáltill. er talað um skömmtunarvörur og aðrar venjulegar verzlunarvörur, aðrar en þær vörur, sem taldar eru í 2.—4. lið. Þetta orðalag gefur tilefni til að spyrja, hvort einhverjar verzlunarvörur séu undanþegnar ákvæðum þáltill., og þá, hvaða verzlunarvörur það væru, því að í þáltill. eru beinlínis taldar upp skömmtunarvörur og vörurnar í 2.—4. lið. Ef engar vörur ættu að vera undanþegnar ákvæðum þáltill., hefði 1. liður átt að orðast svo: Heildarinnflutningi til landsins á verzlunarvörum, öðrum en þeim, sem taldar eru í 2.—4. lið, o. s. frv. Hér þarf að athuga, hver er hugsun og tilgangur flm., og breyta síðan orðalaginu í sambandi við það, en eins og þessi liður er orðaður nú, getur hann ekki staðið, ef ákvæðin eiga að vera skýr.

Í þáltill. vantar algerlega skýrt ákvæði um bann gegn því að flytja vörur milli fjórðungssvæðanna og bann við því, að einstaklingar eða fyrirtæki kaupi vörur á öðrum fjórðungssvæðum en þar, sem einstaklingar og fyrirtæki eru búsett. Það er augljóst, að ef ákvæði um skiptingu innflutnings milli fjórðunga eiga að ná tilgangi sínum um að tryggja, að vörum sé skipt sem jafnast milli fjórðungssvæðanna, verður algerlega að banna verzlunum að flytja vörur út af svæðinu nema með leyfi viðskiptan. En slíkt bann er ekki nóg, heldur verður einnig að banna verzlunum og fyrirtækjum á fjórðungssvæði að selja eða láta úti á annan hátt vöru til fyrirtækja eða einstaklinga, sem ekki eiga heimili á fjórðungssvæðinu (sjá þó lið 3 hér að neðan um útgerðarvörur). Slík verzlun út fyrir fjórðungssvæði yrði að vera refsiverð (sektir) og þyrfti að vera þannig, að bæði væri refsivert að *selja og kaupa*.

En hér ber að athuga, að í ákvæðum þáltill. liggur svo gagnger breyting á þeim verzlunarháttum, sem tíðkazt hafa í landinu, og svo stórfelld skerðing á frelsi almennings, að varla er nokkur von til, að ákvæðin séu framkvæmanleg. Slíkt bann mundi leiða yfir íslenzku þjóðina verzlunarkúgun, en ef bannið væri ekki sett, er mikil hætta á því, að ákvæði þáltill. væru einskis nýt. Vörur gengju kaupum og sölum milli fjórðunga, sem mundi leiða af sér hærra verðlag og óhagkvæmara verzlunarfyrirkomulag.

Skipting landsins í fjórðunga virðist vera sérstaklega óheppileg. Nær hefði legið, að landinu hefði verið skipt í tvennt: Suður- og Vesturland, aðalhafnir Reykjavík og Ísafjörður, og Norður- og Austurland, aðalhafnir Akureyri og Reyðarfjörður. En ef hafa á skiptingu í fjóra hluta, er glöggt, að takmörkin milli Suður- og Vesturlands verður sérstaklega erfitt að setja.

Skipting innflutningsins milli fjórðungssvæðanna á að vera „í hlutfalli við íbúatölu og þarfir hvers fjórðungssvæðis". Viðskiptan. er í þessu sambandi lagt alveg nýtt verkefni á herðar. Það er ljóst, að viðskiptan. verður að semja sérstaka áætlun um leyfisveitingar til fjórðungssvæðanna, sem byggð er á íbúatölu og þörfum svæðisins. Þáltill. ber með sér, að ekki er talið nægilegt að líta á íbúatöluna eina, sbr. höfðatölureglunа, heldur á einnig að taka tillit til þarfa íbúanna á hinum fjórum svæðum. Slíkt mat á þörfum einstaklinganna innan fjögurra aðskilinna svæða hlýtur að vera mjög erfitt. Verulegur munur er á þörfum einstaklinga eftir atvinnu þeirra. Tilflutningur fyrirtækja og þó sérstaklega einstaklinga milli fjórðungssvæða hefur verið og er enn mjög mikill. Áætlun viðskiptan. um þarfirnar mundi þurfa sífelldrar endurskoðunar við.

Í 3. lið þáltill. er ákvæði um, að „útgerðarvörum skal úthluta til fjórðungssvæðanna í hlutfalli við skipastól og útgerðarrekstur hvers svæðis". Þetta ákvæði hlyti að verða mjög erfitt í framkvæmd, vegna þess að skip eru svo hreyfanleg og auk þess ekki hægt að ákveða þarfir fjórðunganna með nokkurri vissu. Skip kaupa til sinna þarfa á heimilishöfn, á rekstrarhöfn og svo á hverri annarri höfn, sem þau kunna að koma á, og er alls ekki fært að takmarka slíkt viðskiptafrelsi skipa á nokkurn hátt. Skip skipta einnig mjög oft bæði um heimilishafnir og rekstrarhafnir. Orðið skip í þáltill. mun eiga við allar fleytur, hvort sem þær eru notaðar til veiða eða annars. Það bann á viðskiptum utan fjórðunga, sem er óhjákvæmileg afleiðing af ákvæðum í lið 1, er óframkvæmanlegt um skip, a. m. k. öll veiðiskip.

Hvað veldur því, að hér virðast vera sett eins konar átthagabönd fyrir skip og að skylda eigi þau til að verzla þar, sem þau eru skráð, án tillits til þess, hvaðan þau eru gerð út? Undanfarin ár hafa engar teljandi hömlur verið á innflutningi á útgerðarvörum og samkeppni verið um framboð á þeim. Hvers vegna er þá þessi greinargerð fram komin? Það er augljóst, að aðilar, sem undanfarin ár hafa ekki haft neinn áhuga fyrir sölu veiðarfæra, vilja nú komast yfir þessa vörutegund með þvingunarráðstöfunum, nú, þegar augljóst er, að innflutningur á flestum öðrum vörum verður skorinn niður til mikilla muna. Hvernig er svo hugsað um að framkvæma úthlutun útgerðarvaranna? Sem dæmi má taka „Siglunesið", sem sumir þm. hér kannast við. Skipið er á skrá á Siglufirði, en mun vera gert út frá Reykjavík og varla sjást á Siglufirði nema um blá-síldveiðitímann. Hér í Reykjavík verzlar yfir vetrarvertíðina — um 6 mánuði ársins — mikill fjöldi aðkomubáta. Einnig er skemmst á að minnast, er um 170 bátar stunduðu síldveiðar héðan, og var mikill fjöldi þeirra aðkomubátar. Hefði átt að neita þessum aðkomubátum um nauðsynlegar útgerðarvörur hér á þeim forsendum, að þeir gætu látið senda sér þær að heiman? Hvernig færi t. d. á Siglufirði? Þaðan eru um 8—10 heimabátar gerðir út á síld og mundu eflaust fá sína úthlutun samkvæmt þessari þáltill. Um síldveiðitímann koma um 300 bátar víðs vegar að af landinu auk allt að 100 erlendra skipa. Litlu mundi vera hægt að miðla af útgerðarvörum hinna 8—10 heimabáta. Ekki mun núverandi úthlutunarfyrirkomulag hafa orsakað nokkra vöntun útgerðarvara á Siglufirði. Hins vegar hafa heyrzt háværar raddir um vöntun á ýmsum innlendum neyzluvörum fyrir norðan síðastliðið sumar, og hefðu hv. flm. mátt taka það til athugunar. Væri meiri þörf á, að þessi mál væru betur skipulögð af hlutaðeigandi aðilum, en að setja hömlur á þær vörur, þar sem ef til vill mesta frjálsræðið hefur ráðið og mest samkeppnin verið.

Í þáltill. vantar algerlega ákvæði um hlutfallslega skiptingu gjaldeyris milli fjórðungssvæða og sölu gjaldeyris innan svæðanna, því að ef það er ætlun flm., að innkaup séu gerð af verzlunum á fjórðungssvæðunum og vörur fluttar þangað beint, eins og virðist liggja í þáltill., þá verður vitaskuld að sjá svo fyrir, að nægilegur gjaldeyrir sé í bönkum, a. m. k. á aðalhöfn hvers fjórðungssvæðis.

Í 1. um fjárhagsráð er ekkert ákvæði, sem bannar, að innflutningi sé skipt milli fjórðunga, ef slíkt sé þjóðhagslega hagkvæmt, þótt þáltill. þessi fari greinilega í bága við ákvæði 1. um fjárhagsráð í mikilsverðum atriðum. Í 2. gr. 1. um fjárhagsráð segir, að fjárhagsráð eigi m. a. að miða störf sín við, að „neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands gerð eins ódýr og hagkvæm og frekast er unnt."

L. um fjárhagsráð hefur verið fundið til foráttu, að ákvæðin í 12. gr. þeirra um úthlutun leyfa séu of óákveðin, og er þá m. a. eftir að athuga, hvort ákvæði þáltill. bæti úr í þessu efni.

Í l. um fjárhagsráð stendur: „Sé úthlutun leyfanna við það miðuð, að verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst.“ Í l. um fjárhagsráð stendur enn fremur, að þeir skuli „sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu. Skal þetta gilda jafnt um kaupmannaverzlanir og samvinnuverzlanir og miðað við það, að neytendur geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla.“

Eins og þáltill. liggur fyrir, er ekki ljóst, að hve miklu leyti eigi framvegis að taka tillit til þessara ákvæða. Hugsun flm. gæti verið á tvennan hátt: a) Fyrst skal skipta heildarinnflutningnum milli fjórðunga, en síðan skal skipta innflutningnum milli innflytjenda innan hvers svæðis fyrir sig eftir reglum 12. gr. l. um fjárhagsráð. En ef þessi er hugsun flm., hefði hún átt að koma skýrt fram í þáltill. b) Sé það hins vegar hugsun flm., að ekkert tillit skuli tekið til ákvæða 12. gr. l. um fjárhagsráð, hefði það einnig þurft að koma skýrt fram.

En hvernig sem á þetta er litið, er ljóst, að þáltill. brýtur í bága við 12. gr. l. um fjárhagsráð, og hefðu því flm. átt að bera fram till. sína í frumvarpsformi til breytinga á II. kafla l. um fjárhagsráð, en ekki láta sér nægja þál.

Ef nú er gert ráð fyrir, að hugsun flm. sé eins og segir í a-lið að framan, verða ákvæðin um veitingu innflutningsleyfa sízt skýrari en áður, því að þá bætist nú matið á þörfum hvers fjórðungs ofan á hin matsatriðin, sem felast í 12. gr. l. um fjárhagsráð (hagkvæm innkaup, lágt verð o. s. frv.). Ef hins vegar hugsunin er sú, að ákvæði 12. gr. falli burtu, felast þó í þáltill. ný matsatriði: „hlutfall við skipastól og útgerðarrekstur“, „hlutfall við verksmiðju- og iðnrekstur með tilliti til afkastagetu og möguleika“ o. s. frv., o. s. frv. Ákvæði þáltill. eru því seld undir sömu og ekki minni aðfinnslur um, að þau séu engu síður óákveðin og skilyrt en ákvæði l. um fjárhagsráð, svo að þar er engin bót á ráðin.

Í grg. vísa flm. til bréfs frá viðskiptan., dags. 11. marz 1948, og er sagt, að ályktun sú, sem n. hafi gert og birt sé í bréfinu, sé ekki fullnægjandi að áliti flm. Þetta bréf hefðu flm. átt að birta sem fylgiskjal með þáltill., svo að séð yrði, hvernig þessi ályktun viðskiptan. er orðuð.

Þetta eru lauslegar aths. við þessa fram komnu þáltill. og til ábendingar, en ekki af því, að mér sé ekki ljóst, hve mikil vandkvæði og ólag hefur verið sérstaklega á dreifingunni, og þarf að koma þar miklu betra lag á, sérstaklega fyrir þá, sem eru úti í landi.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann á síðustu stundu, en vildi gera grein fyrir fyrirvara mínum. Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, ekki af því, að ég sé ekki sammála till. eins og hún er orðuð á þskj. 648, ég er henni fyllilega sammála og tel, að með þeirri orðun, sem þar er, stuðli hún að því, að dreifingin út um land verði sem réttlátust, ef eftir því væri farið, en það eru hinir 4 liðir, 1.—4., sem fyrirvari minn byggist á. Ef þessir liðir eru athugaðir vel, er flestum ljóst, að það er ekki hægt að fara verulega eftir þeim, og er auðséð á nál., að flestum nm. hafa verið ljósir ýmsir meingallar á þessu.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara að eyða tíma í að rekja þetta í sundur. Ég býst við, að flestir flm. till. hafi ekki gert sér ljóst, hvað verið væri að innleiða, ef taka ætti þetta bókstaflega, sem þeir vilja hafa í till. Það er ekki nema eðlilegt, að Alþ. láti í sér heyra í sambandi við viðskiptamál. Það er kunnugt, að farið hafa fram umræður um þau um land allt meðal almennings og kaupsýslumanna og ekkert undarlegt, þegar innflutningurinn er skorinn niður, ekki um tugi milljóna, heldur kannske um hundruð milljóna, þá verði afleiðingarnar af því völuleysi óánægja allra, sem við verzlun fást, og eins hinna, sem fá ekki vörur út á skömmtunarseðlana, sem þeir hafa í höndunum, en við, sem erum úti á landi, viljum vitanlega tryggja það eftir því sem unnt er, að landsbyggðin verði ekki afskipt. Ég hef hitt menn utan af landi, sem hafa sagt: „Allar búðir í okkar verzlunarstað eru tómar. Þar fást engin búsáhöld, engin vefnaðarvara.“ Og þeir héldu það, þessir góðu menn, að það væri ekkert annað en að fara til Rvíkur, en þegar þeir höfðu verið í bænum í 1—2 daga til þess að ná í þessar vörur, var reynslan orðin allt önnur, og þetta er afleiðing af þeim niðurskurði, sem gerður hefur verið á heildarinnflutningnum; þetta er afleiðing af því, að núna í 3 mánuði, sem liðnir eru af þessu ári, hefur ekkert innflutningsleyfi verið veitt fyrir vefnaðarvöru, búsáhöldum o. fl. — Það væri hægt að segja ýmislegt um þessi mál og sérstaklega hina fjóra liði, sem eru hér á till. á þskj. 486, en ég mun nú láta máli mínu lokið. Ég tel, að það sé alveg fráleitt að hugsa sér að skipta landinu þannig í fjórðunga eins og þarna er gert ráð fyrir. Afleiðingin af því mundi verða sú, að taka yrði upp í meginatriðum þá reglu, sem sósíalistar fluttu hér í vetur, sem sé það, að ef fara á að meta þarfir allra eins og þar er gert nákvæmlega, að hafa algert „kontról“ með því, hvað hver eigi að fá, þá yrði að setja upp viðskiptan. í hverjum landsfjórðungi til þess að skipta því milli hinna einstöku verzlana, sem hver landsfjórðungur ætti að fá, svo að maður ekki nefni það, sem hv. þm. Dal. talaði um í gær, að þó að Dalasýsla væri í Vestfirðingafjórðungi, þá mundu Dalamenn ekki óska eftir því að sækja vörur sínar vestur á Patreksfjörð eða Ísafjörð, heldur mundu þar flestir vilja sækja þær til Reykjavíkur.

Ég tel ástæðulaust að fjölyrða meira um þetta. Ég tel, að brtt. eins og hún liggur fyrir á þskj. 648 sé ákveðin ábending til ríkisstj. um það að greiða eins úr þessu máli og mögulegt er og að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við fjárhagsráðsl. eins og þau nú eru.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Það er aðeins í tilefni af ummælum hv. þm. V-Húnv. og aðalflm. þessarar till., sem ég finn ástæðu til að segja nokkur orð. Hann virtist telja það ótvírætt, að ef þessi till. yrði samþ. með breyt. n., væri ekki annað fyrir ríkisstj. að gera en framkvæma liðina 1.—4. orðrétt. Þetta er misskilningur. Þótt brtt. okkar verði samþ., er þáltill. aldrei bindandi fyrir neina ríkisstj. og sérstaklega þegar benda má á, að fyrir eru ákvæði í l., sem jafnvel fara í bága við liðina, og er auðséð, að þessir liðir verða aldrei framkvæmdir bókstaflega. Ef menn vilja hafa þetta bindandi, er ekkert annað en að bera fram um það lagafrv. Ég skal ekki fara út í gallana á 1.—4. lið, enda höfum við ekki séð ástæðu til að bera fram breyt.

við þá, en tveir þm. hafa þegar rakið nokkur atriði. Það er talað um fjórðungaskiptingu, sem kemur ekki við okkar verzlunarskipulagi. Það hefur læðzt inn gömul hugmynd, sem á ekki við, þ. e. verzlunarsvæði, sem þarf að taka tillit til. Skal ég svo ekki fjölyrða um þetta frekar.

Jón Pálmason: Herra forseti. Eins og öllum þm. er kunnugt, er til þess ætlazt að ljúka þessu þingi í dag og þess vegna ekki tækifæri til að fara út í langar umræður um svo víðtækt mál sem hér um ræðir, en ég vildi rétt segja örfá orð í sambandi við þessa till. og þá fyrst geta þess, sem ég vænti, að flestum sé ljóst, að ég er einn þeirra manna, sem eru á móti því skipulagi, sem nú er rekið í viðskiptamálum, og mundi hafa kosið að gerbreyta því. Hins vegar er vitað, að öll þessi skipulagning og það, sem hér er farið fram á, er minnsta lágmarkskrafa, sem fólk úti á landi gerir undir því gallaða skipulagi, sem hér er nú. Það hefur bólað á þeim mikla misskilningi í ræðu þm., að hér verði sett á einhver viðskiptabönn með því, sem fyrir liggur í þessari till. Það er hreinn misskilningur, því að fyrir okkur flm. vakir það eitt, að í hverjum fjórðungi sé verzlunum, sem þar eru, veitt leyfi fyrir vörum í hlutfalli við mannfjölda þar. Að undanförnu hefur það gengið svo, að það hefur ætlað að drepa verzlanir úti á landi að fá ekki leyfi, og að sjálfsögðu ráða verzlanir, sem leyfi fá, hvar þær kaupa sínar vörur, með hverjum hætti vörurnar eru keyptar, gegnum heildverzlanir, sambönd eða pantaðar beint erlendis frá. Það er þess vegna misskilningur, að hér sé farið fram á nokkuð ranglátt. Ég vil geta þess, að það eru ekki þessir fáu þm., sem standa að þessari beiðni, sem hér um ræðir, heldur yfirleitt fólkið í þremur landsfjórðungum, sem þarna stendur á bak við. Ég vil nú vænta þess, að ekki verði gerðar neinar tilraunir til þess að tefja fyrir framgangi þessarar till. með löngum umræðum, og óska þess, að hún nái samþykki.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að gera grein fyrir atkv. mínu í sambandi við þetta mál. Alþ. hefur nú setið að störfum að mestu leyti síðan 1. okt. s. l. að undanteknu jólafríi, sem tekið var um mánaðartíma. Allan þann tíma höfum við verið að ræða um verzlunarmálin, sem eru ein af stærstu málum þjóðarinnar, en mig brestur minni til þess, þegar það hefur verið gert hér í sameinuðu þingi, að hæstv. viðskmrh. hafi nokkru sinni tekið þátt í þeim umr.; þykir mér það einkennilegt. Hann virðist flýja hér af hólmi í hvert skipti, sem minnzt er á þessi mál, enda þótt þetta sé svo stórt mál, að ef till. á þskj. 486 er samþ., þá verður þingi ekki slitið í dag. (**Forseti (FJ):** Hæstv. viðskmrh. er við jarðarför eins af bekkjarbræðrum sínum.) Því var ekki lýst, þegar fundur var settur, að hæstv. viðskmrh. mundi verða fjarverandi; og það er því fullkomin afsökun fyrir mig að minnast á það, sem ég sagði, enda vil ég minna hæstv. forseta á, að málið hefur verið til umr. fyrr en í dag. Það er margupplýst af sumum ráðh., að ríkisstj. ræður ekkert við þau yfirvöld, sem fara með þessi mál. Það er því ástæða til að gera þau mál upp áður en þingi er slitið. Ég vil benda á, að síðan þessar reglur voru settar, sem nú gilda, hefur verið hreint og beint verzlunarstríð í landinu, Það er svo mikið verzlunarstríð í landinu að annað eins hefur ekki átt sér stað í síðustu hálfa öld. Á tímum eins og nú eru er það furðulegt, að einmitt sú ríkisstj., sem hefur tekið að sér að koma niður dýrtíðinni, skuli ekki gera neinar ráðstafanir til þess, að þessu verzlunarstríði sé hætt, áður en þingið fer heim. Það er vitað, að það er komin upp ný atvinnugrein í landinu, þar sem menn eru farnir að fara á morgnana til að standa fyrir utan dyrnar hjá viðskiptan. og bíða til að ná í miða til að selja öðrum mönnum, sem ekki hafa tíma til að bíða. (**Menntmrh.:** Hvað fá menn út á þessi númer?) Viðtal við n. og ef til vill möguleika til að geta komið fram sínum vilja. Svo leyfir hæstv. menntmrh. sér að hlæja að þessu alvörumáli. Sannleikurinn er sá að það er komið það ástand í verzlunarmálunum, að það er ekkert annað eftir til þess að það sé komið á einokunarástand heldur en hýðingin, ef menn kaupa vörur annars staðar en þar, sem viðskiptan. vill. Þetta ástand væri ekkert óeðlilegt, ef stríðið stæði milli ríkisstj. annars vegar og stjórnarandstöðunnar hins vegar, en það er ekki, því að stríðið stendur innbyrðis milli stjórnarflokkanna. Í umr. hér í gær lýsti hæstv. viðskmrh. því yfir, að nú væri búið að koma sér saman um alveg nýja leið til þess að úthluta leyfum. Hvers vegna er þetta ekki birt hér, hvers vegna kemur það ekki fram við þessar umr., hvernig þær reglur eru? Það er engan veginn sæmandi af ríkisstj. að slíta þessu þingi, áður en einhver friður er samin í landinu um þessi mál, því ef hann heldur áfram, þá ræður ríkisstj. engan veginn við aðalverkefnið, að koma niður dýrtíðinni. Ég veit um fyrirtæki, sem hafa hvort tveggja með höndum, heildsölu og smásölu. Ef þau flytja inn vöru í heildsölu, þá mega þau leggja á 6%, og ef þau selja þær sjálfum sér, þá kemur önnur álagning, 18% í viðbót, þ. e. smásöluálagningin. Viðkomandi aðili getur þannig fengið margfaldan gróða af sömu vöru. Þannig eru þessi mál. Það er þess vegna ekkert að undra, þó að hver maður poti sér og reyni að græða á verzlun eins og öðru, þegar reglurnar eru þannig, að það er alls staðar hægt að fara í kringum grundvöllinn, sem á að vera undir þessum málum, til þess að fólkið fái sem ódýrasta vöru. Hvers vegna er svo þetta mikla kapp um innflutninginn? Eingöngu af því, að álagningin er allt of há. Ef menn þola fyrst að borga fyrir aðgang til þess að fá að tala við viðskiptan. stórkostlegt fé, síðan fyrir gjaldeyrisleyfin, eins og menn vita, að gert er í stórum stíl, þá hlýtur að vera allt of mikill gróði að því að vera í þessum viðskiptum. Það er vitað, að stór hópur manna hefur það að atvinnu að fylgjast með því gegnum bakdyr, hverjir fá innflutningsleyfi. Ég veit um tilfelli, þar sem menn hafa hringt nokkrum mínútum áður en leyfin eru undirskrifuð til viðkomandi manns til að fala af honum leyfin og bjóða í þau. Það er eitthvað rotið við þetta fyrirkomulag. Yfir þessa stofnun, viðskiptan., er svo sett eitt ráð, sem á að sjá um, að þessi mál séu ekki svona. Ég segi þetta ekki af gremju, en hæstv. ráðh. mun sanna, að þetta getur ekki gengið svona lengur. Þessi mál eru of alvarleg til að gera hlátur að þeim hér á hæstv. Alþ. Þá hafa komið fram þær upplýsingar, að menn séu farnir að flytja inn vörur án þess að hafa gjaldeyrisleyfi. Hvernig verkar það? Það verkar þannig, að það eykst

stórkostlega svartur markaður í landinu. En einhvern tíma kemur að skuldadögunum hjá þeim, sem flytja inn, og væri ekki óeðlilegt, að hæstv. ríkisstj. léti fara fram rannsókn á því máli, en það var upplýst í umr. í gær, að þetta væri eitt af því, sem nú væri að koma upp í viðskiptamálunum. Ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með brtt. 648 vegna þess, að hún er þó nokkuð minna skaðleg heldur en þáltill. á þskj. 486. Að því búnu mun ég greiða atkv. á móti aðaltill., því að aðaltill. brýtur í bága við l. um fjárhagsráð. Það er einkennilegt, eins og búið er að ræða það oft hér á Alþ., að þingvanir alþm. skuli hvað eftir annað telja sér trú um það, að einföld þáltill. geti afnumið l. L. um fjárhagsráð eru alveg ákveðin um það, hvernig þetta skuli gert, og engin þál. getur breytt því. Það er því furðulegt, að þetta skuli geta komið fram frá jafnmörgum mönnum eins og eru á þáltill. á þskj. 486, auk þess sem það er enn furðulegra, að ef það væri sett í l., sem í þál. stendur, þá er stefnt í beinan voða um viðskiptamálin í landinu. Ég mun því greiða atkv. á móti þáltill. á þskj. 486, en með brtt. 648. Ég skal svo ekki fara frekar út í þetta atriði, en vil aðeins ítreka það, að þó að Alþ. eigi að ljúka störfum nú, þá vænti ég þess og treysti hæstv. ríkisstj. til þess að ganga miklu nákvæmar inn í þessi mál en hingað til og fái heilbrigðari lausn á þeim. Ef ríkisstj. vill hætta þessu verzlunarstríði, sem er í landinu, þá á hún að geta komið á skynsamlegum reglum um þessi mál, hún hefur sett nægilega marga vitra menn til þess að skipuleggja þetta, en það þarf að fara inn á aðrar brautir en farið hefur verið inn á í þessum málum s. l. 14 mánuði.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð af því, að hv. þm. Barð. fór að særa mig til að segja eitthvað og beindi til mín ásökunum um óeðlilegan hlátur að þessu alvarlega máli. Ég verð að segja hv. þm. það, að ég hef aldrei heyrt það fyrr, að menn færu á morgnana til að fá sér miða til að selja öðrum mönnum. Þetta er nýtt að heyra, og ég hygg, að það verði fleirum en mér á að hlæja við að heyra slíkt. Annars tek ég undir það með hv. þm. Barð., að ástandið í verzlunarmálunum er óviðunandi, og frá mínu sjónarmiði þurfa þar á að verða miklar breyt. Hitt er annað mál, hvort ég meina það sama og hv. þm. Barð. En út af þáltill., sem hér liggur fyrir, vil ég segja þetta: Í fyrsta lagi vil ég undirstrika það, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, að það er útúrsnúningur að tala um, að þessi þál. ákveði, að svo og svo margir mjölpokar skuli fara í þennan og þennan landsfjórðunginn. Allir vita, að átt er við skiptingu innflutningsleyfanna, síðan ráða verzlanirnar því, hvert þær selja vöruna. Þetta er aðeins tilraun til þess að tryggja, að varan komi endanlega í fjórðunginn, en ekki að hún geti ekki átt viðkomu annars staðar, ef það er hagkvæmara. Svo vil ég benda á annað, og það er það, að náttúrlega skilur maður, að þessi breyt., sem hér er frá allshn., er hugsuð til þess að gera málið óljósara að mínum dómi, en ekki ljósara. Við vitum, að þál. getur aldrei bundið ríkisstj. eins og l., en þál. er viljayfirlýsing þingsins í þessu máli og í henni felst frá mínu sjónarmiði jafnákveðin viljayfirlýsing um það, hvað þingið vill láta gera, því að ég get ekki skilið, að nokkur þm. greiði breyt. atkv. nema með það fyrir augum að benda ríkisstj. á þá töluliði, sem á eftir koma. Þannig lít ég á þessa þál. Það er vitað, að á bak við þetta mál býr svo mikill þróttur, ekki aðeins þingsins, heldur líka landsmanna úti um allt land, að verði þróunin sú, að þáltill. verði samþ. eins og n. gengur frá henni, en ríkisstj. færi ekki eftir liðunum 1—4, þá verður knúin fram á næsta þingi lagabreyt. í sömu stefnu.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég mundi hafa talað mjög ýtarlega um þetta mál, ef ekki væri svo skammur tími til umræðna, að málinu er tefld í hættu með því að hafa um það langar umr., ég mun þess vegna takmarka mig við örfá orð. Það er þá það fyrsta, að um þetta mál, verzlunarástandið í landinu, hefur verið ágreiningur síðan s. l. sumar, og án þess að fara nokkuð nánar út í það atriði, get ég sagt það, að þær till., sem ég hef borið fram viðkomandi þessum málum, hafa ekki náð fram að ganga í framkvæmd, og þessum málum hefur aðallega verið ráðið til lykta af ríkisstj., sem ágreiningnum hefur verið áfrýjað til. Það er óhætt að segja, og hv. alþm. mega gera sér það ljóst, að sú mikla verzlunarvelta, sem hefur verið hér undanfarin ár, hefur skapað óeðlilega útþenslu í verzluninni um starfsmannahald og gróða hjá þeim, sem við verzlun hafa fengizt, og þegar á að draga saman innflutning um 140—200 millj. kr., þá hlýtur það að koma einhvers staðar við, og það eru margir, sem þurfa að bera fram kvartanir við viðskiptan. og telja sinn hlut lítinn. Þetta skapar ástand hjá verzluninni, sem er á margan hátt mjög óskyggilegt fyrir rekstur hennar, en inn á þetta skal ekki fara nánar. Í annan stað mega menn gera sér það ljóst, að á stríðsárunum og fyrst eftir stríðið lagðist verzlunin alveg í sérstakan farveg. Á stríðsárunum var ekki siglt beint frá útlöndum til verzlunarstaða úti um land, og þar af leiðandi lagðist verzlunin í ákveðinn farveg. Krafan, sem komin er hér fram frá fulltrúum utan af landi, er, að þessu verði breytt í það ástand, sem var eðlilegt fyrir styrjöldina. Þetta er ekki gert sársaukalaust fyrir þá, sem hér eiga hlut að máli og hafa hagsmuni af því að verzla í landinu, að láta verzlunina renna í þann farveg, sem gert var á stríðsárunum.

Ég skal taka það fram viðkomandi því, sem hér hefur komið fram um innflutning án gjaldeyris, að ekkert hefur verið samþ. um það í fjárhagsráði að gefa út slík leyfi. Viðskiptan. gefur út öll leyfi nema þau, sem eru til nýbyggingar, og það hefur verið svo strangt með að fjárhagsráð gefi ekki út leyfi án gjaldeyris, að fjárhagsráð neitaði nýlega að gefa út leyfi fyrir nýbyggingu, sem ekki var hægt að framkvæma með þeim gjaldeyri, sem var til umráða, og varð þess vegna að taka lán til þess.

Það, sem liggur fyrir, án þess að fara frekar út í það, er, að um málið hefur verið ágreiningur síðan s. l. sumar og því hefur ekki verið ráðið til lykta nema að svo miklu leyti sem ríkisstj. hefur ráðið fram úr því með úrskurðum frá degi til dags. Nú er verið að reyna að koma sér niður á nýjar reglur, sem viðskiptan. virðist ganga frá í samráði við ríkisstj. eða einhvern hluta hennar, eins og komið hefur fram í umr. Ég lít svo á, að þál., sem hér liggur fyrir, með þeirri breyt., sem

gert er ráð fyrir, sé jafnákveðin bending til ríkisstj. eða fyrirskipun eins og þáltill. sú, sem lá fyrir í upphafi. Það gefur að skilja, að þegar Alþ. gerir ályktun, þá gerir það tvennt: Það ályktar, að það vilji, að gert sé það, sem í þál. stendur, og það ályktar í annan stað, að það telji, að það, sem það fyrirskipar að gera, sé í samræmi við landslög. Það er alveg rétt, að þál. hafa ekki bindandi gildi fyrir hæstaréttardóm, en þær eru viljayfirlýsing þingsins, sem ríkisstj. verður þá að taka áhættuna af að ganga gegn og mér dettur ekki í hug, að þessi ríkisstj. geri.

Að lokum vil ég svo benda á það, að þó að gert sé ráð fyrir innflutningi til fjórðunga, eins og gert er í þessari till., þá er það engin binding um verzlunarmálin, því að í reglunum um skömmtunina er svo ráð fyrir gert, að skömmtunarvörum sé fyrst og fremst raðað niður á þá staði, þar sem fólkinu er hagkvæmast að kaupa vöruna, en þurfi ekki að sækja hana langt að. Í annan stað er gert ráð fyrir því, að þessi regla sé þó ekki bindandi, menn geti keypt sína vöru utan við það svæði, sem gert er ráð fyrir sem aðalreglu, að þeir verzli á, en ef gert er mikið að því að raska þessu hlutfalli, getur skömmtunarstjórinn utan svæðisins stöðvað þetta, en ekki nema mikið sé af því. Þess vegna er þetta ekki neitt bindandi samkvæmt þeim reglum, sem gerðar eru um úthlutun. Að lokum þetta: Ég efast ekkert um, að ef þm. lesa þessa 4 liði þáltill. með gaumgæfni, þá muni þeir komast að þeirri niðurstöðu, sem hver maður kemst að við lestur þessara 4 liða, að það, sem fólkið úti um landið er að gera kröfu til, er að fá jafnrétti á við annað fólk í landinu. Það er það eina. Það er ekki hærra risið á þessari þáltill. en það, að fulltrúarnir utan af landi telja sig þurfa að halda fund hér í Reykjavík til að knýja fram sama rétt og aðrir menn. Að lokum: Það er ómögulegt að framkvæma verzlunarmálin, svo að í nokkru lagi sé, öðruvísi en að hafa ákveðnar reglur um úthlutunina. Í engum málum er hægt að bjóða fólkinu upp á misrétti, sízt af öllu í viðkvæmum málum eins og þessum. Það stendur svo mikill styrkur á bak við þær till., sem hér eru gerðar, að þær verða framkvæmdar innan stundar. Ég efast ekkert um, að þegar þessar till. eru samþ., þá framkvæmi ríkisstj. þær, enda fær hún áreiðanlega að vita um það, að það eru ekki aðeins þessir þm., sem samþ. till., sem standa á bak við hana, heldur stendur fólkið allt úti um landið á bak við hana sem einn maður, eins og komið hefur fram á þeirri ráðstefnu, sem hér var haldin. Það er hægt að framkvæma harðar reglur, eins og verið er að gera nú til þess að reyna að rétta við gjaldeyrismálin, ef reglurnar eru réttlátar, en það er aldrei hægt að framkvæma harðar reglur með því að þær skapi misrétti. Það hefur hvergi reynzt mögulegt og mun heldur ekki reynast mögulegt í þessu landi.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vænti þess, að það hafi ekki verið meiningin í niðurlagi ræðu hv. þm. Str., að óréttlæti ætti sér stað í úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa. (**HermJ:** Það var yfirlýsing um, að ef till. yrði felld, þá hlyti að gæta misréttis.) Ég heyrði ekki betur en að hv. þm. væri að drótta því að n., að hún hefði upp á síðkastið sýnt óréttlæti varðandi úthlutun á leyfum. Það er nú vitað mál, að sá mikli samdráttur, sem orðið hefur í veitingu gjaldeyris- og innflutningsleyfa, hefur orðið til þess, að verzlunarfólk um allt land hefur rekið upp ramakvein, og hafa deilur um þetta ekki aðeins verið milli landshluta, heldur á hverjum stað og ekki sízt hér í Reykjavík. Það, hversu mjög hefur dregið úr innflutningnum, gerir nauðsynlegt, að settar verði reglur um vörudreifinguna, svo að hún megi koma sem jafnast niður, og eru allir sammála um, að nauðsyn sé á réttlátri vörudreifingu.

Till. sú, sem hér liggur fyrir, er ekki til þess löguð að koma á réttlæti í þessum efnum, og sízt er hún til að lækka vöruverðið. Í l. um fjárhagsráð er gert ráð fyrir því, að þeir, sem selji vöruna ódýrast, fái sem flest leyfi. Þetta ákvæði tryggir þó ekki rétta vörudreifingu. Það mundi leiða til misréttis, ef vörudreifingin væri miðuð við íbúatölu. Tökum t. d. síldarvertíðina á Norðurlandi. Meðan hún stendur yfir, koma þúsundir manna til Siglufjarðar og verzla mikið. Ef till. sú, sem hér liggur fyrir, yrði samþ., þyrfti að segja við þetta fólk: „Þið verðið að kaupa nauðsynjavörur ykkar í Reykjavík eða Ísafirði eða á þeim stað, sem þið eruð frá.“ En allir hljóta að sjá, að slíkt kemur ekki til mála.

Það hefur verið sagt, að raunverulega væri verzlunarstríð í landinu út af gjaldeyris- og innflutningsmálum, en það stafar af því, að menn hafa enn ekki gert sér grein fyrir, hversu gífurlega hefur verið dregið úr innflutningnum. Úthlutun leyfa í stórum stíl hefur ekki átt sér stað, bæði vegna þess, að leyfisbeiðnirnar hafa verið svo háar og innflutningurinn verið svo lítill, að viðskiptan. hefur haft mjög bundnar hendur. Við fórum þess á leit við hæstv. ríkisstj., að hún setti reglur, sem kæmu í veg fyrir svarta markaðinn. Almenningur hefur mikið fé handa á milli, og þess vegna er slegizt um flestar vörur, sem koma. Menn verzla á svörtum markaði, því að hann hefur að bjóða ýmsa nauðsynjavöru. Hér er tvennt, sem kemur til, og því erfitt að taka í taumana, annars vegar hin mikla kaupgeta fólksins og hins vegar hinn litli innflutningur.

Ég sé, að oft er auglýst í blöðunum af hinum og þessum, að hægt sé að útvega þetta og hitt gegn innflutnings- og gjaldeyrisleyfum. Það er ekki einungis þetta, heldur margt fleira, sem hæstv. ríkisstj. verður að komast fyrir ræturnar á og taka alveg fyrir.

Ég skal ekki lengja mál mitt meira en orðið er, en vil ítreka það, að vöruskorturinn annars vegar og kaupgetan hins vegar gera það nauðsynlegt, að settar séu reglur og komið á réttlátri vörudreifingu jafnframt því sem fólkið sé upplýst um, að það verði ábyggilega ekki í bráðina hægt að fullnægja vöruþörf landsmanna.

ATKVGR.

Brtt. 648 samþ. með 40:1 atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 37:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, BrB, EOl, EystJ, FJ, GÍG, GÞG, HÁ, HV, HelgJ, HermG, HermJ, IngJ, JG, JS, JörB, KTh, LJóh, LJós, PZ, PÞ, SigfS, SB, SG, SEH, SkG, StJSt, StSt, StgrA, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BSt, BÁ, JPálm.

nei: GJ, JóhH, JJós, PM, SK.

EE, EmJ, PO, SÁÓ, ÞÞ, BBen greiddu ekki atkv.

4 þm. (GTh, HB, JJ, ÓTh) fjarstaddir.
8 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Finnur Jónsson: Með tilvísun til þeirrar yfirlýsingar, sem komið hefur hér fram í umr., að till. beri að skoða sem viljayfirlýsingu, en ekki bókstaflega, og breyti hún alls ekki lögunum um fjárhagsráð, segi ég já.

Gísli Jónsson: Með því að ég lít svo á, að fyrirmælin í till. fari á móti ákvæðum laganna um fjárhagsráð, og í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. geri breytingar á öllu skipulagi verðlagsmálanna, segi ég nei.

Hermann Jónasson: Með þeirri undirstrikun á atkvæði mínu, að ég tel ályktun þessa bindandi, segi ég já.

Ingólfur Jónsson: Með tilvísun til þeirrar yfirlýsingar, sem ég hef áður gefið í umr., segi ég já.

Jóhann Hafstein: Ég lít svo á, að með till. þessari séu settar mjög vafasamar eftirbreytnisreglur, og segi því nei.

Sigurður Bjarnason: Með svipuðum fyrirvara og 2. þm. Rang. segi ég já.

Ásgeir Ásgeirsson: Þar sem fram hefur komið, að menn greiði atkv. með þessari till. af því að þeir telji hann bindandi fyrir ríkisstj., vil ég biðja menn að líta bara á síðustu setninguna í nál. allshn.: „Í því sambandi skal bent á þessar reglur til eftirbreytni.“ Ég tel till. alls ekki bindandi og segi já.

Bjarni Benediktsson: Þar sem fram hefur komið og ekki verið vefengt, að síðari liðir till. stangast við gildandi lög, tel ég till. rangt fram komna, og hefði forseti átt að vísa henni frá. En þar sem hann hefur ekki treyst sér til þess, vil ég þó ekki blanda mér í svo ólöglegt athæfi og sit því hjá.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37:5 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 686).

---

15. Mæling á siglingaleiðum.

Á deildafundum 10. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um mælingu á siglingaleiðum um norðurhluta Breiðafjarðar (A. 315).

Á 49. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Ég get að mestu leyti látið nægja að vísa til grg. í sambandi við þessa till. og þau fskj., sem þar fylgja. Ég vil þó aðeins geta þess, að þegar hinir nýju strandferðabátar koma til landsins, annar þeirra er að vísu kominn, en hinn væntanlegur í næsta mánuði, er ætlazt til að fækka flóabátunum, m. a. á Breiðafirði. Það er því nauðsynlegt, áður en þetta kemur til framkvæmda, að þær leiðir, sem þessir nýju bátar fara um og eru óuppmældar, verði mældar upp. Vegna þessarar knýjandi nauðsynjar er þessi till. m. a. borin fram, og vil ég vænta þess, að hv. þm. sái sér fært að samþ. hana. Legg ég til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til fjvn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Sþ., 24. marz, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 315. n. 491).

Frsm. (Gísli Jónsson): Fjvn. hefur orðið sammála um afgreiðslu till. og gefið út nál. á þskj. 491, og er gert ráð fyrir, að till. verði nokkuð breytt, og er þær breyt. að finna á sama þskj. N. leggur einróma til, að till. verði samþ. þannig breytt.

ATKVGR.
Brtt. 491,1—2 samþ. með 38 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 687), með fyrirsögninni:
Till. til þál. um mælingu á tilteknum siglingaleiðum.

---

16. Lyfjabúðir í Reykjavík.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um tölu lyfjabúða í Reykjavík (A. 148).

Á 28. fundi í Sþ., 5. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Sþ., 8. des., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
41. fundi í Sþ., 4. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Þetta mál hefur beðið nokkuð hér á Alþ., en mikill áhugi er á því í bænum og er það ekki einungis allur almenningur, sem vill fjölga lyfjabúðunum, heldur hafa og forráðamenn bæjarins haft mikinn áhuga á því, og skildist mér á borgarstjóra, að hann teldi málið svo mikilvægt, að hann vildi styðja það í frumvarpsformi hér á Alþ., ef annað dygði ekki til.
Ég þarf ekki að fjölyrða um þessa till., en óska,

að hún fari til hv. allshn., en vildi aðeins endurtaka það, að fyrir þessu ríkir hinn mesti áhugi í bænum, og komið gæti til alvarlegrar vinnustöðvunar í lyfjabúðunum, ef Alþ. sér sér ekki fært að fallast á till.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð síðan ráðuneytinu hafa borizt óskir frá bæjaryfirvöldunum um fjölgun lyfjabúða hér í bænum, og hefur málið verið í athugun og er enn, en bráðlega má búast við, að ákvarðanir verði teknar. Rn. hafði gert sér vonir um, að koma mætti fram nýrri heildarlöggjöf um lyfjasölu, bæði hvað snertir þá teknisku hliðina og verzlunarhliðina, en nú virðast litlar líkur á, að samkomulag náist um þetta. Spurningunni um tölu lyfjabúðanna hefur því verið ósvarað vegna athugana á þessu, en hefðum við séð hilla undir samkomulag um heildarskipulag þessara mála, hefðum við tekið sérstaklega til athugunar tölu lyfjabúðanna.

Í þessu sambandi kemur og ýmislegt til greina, sem ég hef ekki að fullu rannsakað. Eitt það erfiðasta er það, hversu lyfjafræðingar eru fáir, — svo mjög, að t. d. var með naumindum komið í veg fyrir stöðvun lyfjabúðar á Akureyri með því að fá mann frá útlöndum. Ef fjölga ætti lyfjabúðunum hér í Rvík, mundi það taka fyrir lyfjaverzlun úti á landi. En ekki er til fulls rannsakað, hver von er á nýjum lyfjafræðingum.

Annað, sem athuga þarf í þessu sambandi, er það, að skorin hafa verið mjög niður leyfi fyrir innflutningi á lyfjum. Ef svo ætti að fjölga lyfjabúðunum mikið, gæti orðið mjög erfitt fyrir þær að koma sér upp nægilegum birgðum af nauðsynlegum lyfjum. Þetta eru aðalerfiðleikarnir, en á móti því kemur svo, að það er mjög æskilegt fyrir íbúa úthverfanna hér, að lyfjabúðunum fjölgi. Ég hef nokkuð látið rannsaka, hvernig lyfjaverzlun er hagað í öðrum löndum, og mun það sýna sig, að annars staðar eru fleiri menn á hverja lyfjabúð en hér, en þessari rannsókn er ekki lokið. Ég álít það ekki hyggilegt, að Alþ. setji föst ákvæði um tölu lyfjabúða í landinu. A. m. k. þyrfti þá áður að hafa farið fram mjög gagnger rannsókn á málinu. Hins vegar tel ég sjálfsagt, að till. gangi til n. og n. rannsaki málið og skapi sér skoðun um það.

Hv. þm. S-Þ. talaði um vinnustöðvun í lyfjabúðunum, ef ekki yrðu skjótar framkvæmdir í málinu. Ég skil ekki, hvað hv. þm. á við með þessu og veit ekki, hvaðan hann hefur umboð til slíkra hótana. Ég hygg, að slíkt komi ekki til mála, enda færi þá að verða vandlifað, ef stöðva ætti lyfjasöluna út af ágreiningi, sem kynni að vera, en ekkert liggur fyrir um, að sé fyrir hendi. Ég býst við, að ég hafi misskilið hv. þm., en mér heyrðist hann þó segja þetta og endurtek, að ég veit ekki, hvaðan honum kemur umboð til slíks.

Sem sagt, þetta mál er til meðferðar í ráðuneytinu, og veit ég ekki, hvað gert verður, en ástandið í lyfsölumálunum í öllu landinu verður haft til hliðsjónar.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það er nú orðið alllangt síðan eindregnar óskir og kröfur um fjölgun lyfjabúða í Rvík hafa komið fram. Þarf slíkt engan að undra, því að síðan 1928 hafa aðeins verið fjórar lyfjabúðir hér í bænum. Á þessum tíma hefur lyfjabúðum verið fjölgað úr tveimur í fjórar. En um þær mundir, sem þessi fjölgun fór fram, var íbúatala höfuðstaðarins um 25 þúsundir. Síðan þessi breyt. var gerð, hafa íbúar Rvíkur tvöfaldazt og eru nú um 50 þúsund. Auk þess hefur byggðin þanizt geysilega út, og í sumum hlutum Rvíkur hafa raunverulega myndazt nýir bæir, sem eru fjölmennari en aðrir bæir á Íslandi. Menn skyldi því ekki undra, að er byggð hefur færzt svona út og mannfjölgun hefur orðið eins mikil og raun ber vitni um, komi fram kröfur um það, að lyfjabúðum verði fjölgað í bænum. Ég held, að kröfur um fjölgun lyfjabúða hafi fyrst og fremst komið frá einum aðila, en hann er Lyffræðingafélag Íslands. Þeir hafa samþykkt áskorun í þessu efni og vilja taka að sér rekstur lyfjabúða, ef heilbrigðisstjórnin leyfir þeim það. Hins vegar hefur lyffræðingunum ekkert orðið ágengt í þessum efnum, þar sem ríkisvaldið hefur verið tregt til að koma á móts við þessar óskir lyfjafræðinganna, og hefur sama orðið uppi á teningnum, þótt þessir aðilar hafi rætt um mál þetta við landlækni ásamt fulltrúa úr bæjarstjórn Reykjavíkur og frá borgarstjóra Reykjavíkur. Það hefur verið daufheyrzt við þessum beiðnum. Ég get upplýst hér, að eftir að Lyffræðingafélag Íslands hafði rætt þetta mál allýtarlega við mig fyrir ári síðan, rituðu lyffræðingarnir bæjarstjórn Rvíkur um málið. Það var í janúar fyrir ári síðan. Bæjarráð beitti síðan áhrifum sínum til þess að styðja að því, að lyfjabúðum yrði fjölgað í Rvík. Um leið og bæjarráð krafðist þess, að lyfsölubúðum yrði fjölgað í bænum, benti það á, að nauðsynlegt væri að staðsetja hinar nýju útsölur í hinum nýju hverfum bæjarins. Þessa var beiðzt í bréfi, sem dags. var 15. jan. 1947, en þar sem engin svör bárust frá heilbrigðisstjórninni, var beiðnin ítrekuð í febrúarlok 1947. Svar barst frá heilbrmrn., og var þar greint frá því, að málið hefði verið sent landlækni til umsagnar, en þaðan hefði ekkert svar borizt. Síðan þetta skeði hefur ekkert heyrzt frá landlækni um málið. En nú hefur hæstv. heilbrmrh. gefið hér þær upplýsingar, að málið lægi hjá honum til athugunar, og er gott að vita það.

Hér þarf vart að ræða mikið um það, hve nauðsynin er brýn, að lyfjaútsölum verði fjölgað hér í bænum. Íbúafjöldinn og víðátta bæjarins tala sínu máli. Hér er fullkomin nauðsyn, sem þarf að bæta úr hið bráðasta, og getur verið um mikinn háska að ræða, ef ekki rætist úr þessu. Lyfjafræðingarnir hafa bent á, að ef slæm farsótt brytist út t. d. í miðbænum, þá væri algerlega ómögulegt, að þær þrjár lyfjabúðir, sem þar eru, gætu sinnt hlutverki sínu. Það hefði ef til vill mátt afsaka þann drátt, sem orðinn er á fjölgun lyfjabúðanna, með því að bera fyrir skort á lærðum mönnum til að annast afgreiðslu lyfja og veita búðunum forstöðu. En því er ekki til að dreifa hér, því að lyfjafræðingarnir hafa boðizt til þess að taka að sér forstöðu þeirra. Hin afsökunin er sú, að heilbrigðisstjórnin og landlæknir hafa haft í undirbúningi löggjöf um lyfjasölu, en ágreiningur hefur orðið um einstaka atriði í frv. þessu, en hins vegar mun hér einnig vera á ferð annað frv., og mun þessum tveimur frv. bera margt í milli. Hér skal ekki dæma, hvort frv. kann að vera betra, en það má ekki tefja, að lyfjabúðunum verði fjölgað. Ég skil ekki þá hræðslu heilbrigðisstjórnarinnar við að veita ný

lyfsöluleyfi, og ég tel það markleysu eina að vera að bíða eftir því, að ný heildarlöggjöf verði sett, en til þess telur hæstv. heilbrmrh. litlar líkur, a. m. k. á þessum vetri. Nú er málum svo háttað, að vald það, sem heilbrigðisstjórnin hefur í þessum efnum, styðst við margra alda tilskipun konungs um lækna og lyfsala. Tilskipun þessi er frá 4. desember 1672 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Enginn má halda nokkra lyfjabúð, nema að hann hafi þar til allranáðugast leyfisbréf Vort og hafi unnið Oss eið.“ Þetta vald konungs er nú fært yfir á hæstv. heilbrmrh. Og því hefur hann ekki gefið út hið allra náðugasta leyfisbréf sitt til lyfsölu hér í Reykjavík?

Ég er þakklátur hv. þm. S-Þ. fyrir það að bera fram þessa till. Ég hafði að vísu í undirbúningi till., sem miðar í svipaða átt, en hætti auðvitað við að flytja hana, er ég frétti, að hv. þm. S-Þ. hefði borið fram sína till. En mér virðist eftir þá reynslu, sem fengin er, að þá sé nauðsynlegt, að flutt yrði frv. hér á Alþ., þar sem heilbrigðisstjórnin sé skyldu til þess að veita leyfi til lyfjafræðinga til að starfrækja lyfjabúðir. Eftir þeirri reynslu, sem fengin er, er ég ekki alveg viss um, hvort annað ráð muni duga.

Þessi þáltill. fer nú til hv. heilbr.- og félmn. Það gleður mig, að hæstv. ráðh. hefur tekið máli þessu betur en heilbrigðisyfirvöldin hafa áður gert. Ég vona, að mér verði gefinn kostur á því fyrir hönd bæjarstjórnarinnar að ræða við n. um málið. Og ef hæstv. ráðh. telur sig ekki geta gefið yfirlýsingu um það, að hann muni gefa út og veita leyfi til lyfjasölu í Rvík, þá virðist mér vera þess full nauðsyn, að mál þetta verði leyst með lagasetningu.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af ræðu hv. þm. Snæf. vil ég upplýsa, að ástæðan fyrir því, að ekki hafa verið gefin út fleiri lyfsöluleyfi, er sú, að verið er að reyna að ná samkomulagi um heildarskipun þessara mála. Hins vegar er ekki óeðlilegt, að það sé athugað að gefa út fleiri leyfi, því að þetta mál er í heild sinni svo umfangsmikið, að lítil von er til þess, að samkomulag náist um lausn þess í náinni framtíð. Þess vegna er ekki óeðlilegt, að athuguð sé afstaða Rvíkur út af fyrir sig til þessara mála.

Hv. þm. Snæf. fullyrti, að enginn skortur væri á iðnlærðum mönnum til þess að taka að sér forstöðu lyfsölubúða. Í þessu sambandi er þó rétt að athuga, að ef miklu fleiri lyfsöluleyfi yrðu gefin út í Rvík nú, þá er hætt við því, að það mundi verða á kostnað annarra staða úti á landi, og það má ekki bæta svo úr hér í Reykjavík, að ástandið verði óþolandi annars staðar. Það er því margt að athuga í þessu sambandi, og ég vonast til þess, að ég geti haft samvinnu við hv. þm. Snæf., er þar að kemur. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að segja meira um þetta nú.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Af þeim umr., sem hér hafa fram farið, er ljóst, að ekki er deilt um það, hvort nauðsynlegt sé að fjölga lyfjabúðum, því að engin réttmæt rök hafa fram komið, sem mæli í móti því, og hefur hv. þm. Snæf. þegar skýrt það nógsamlega. En tilefnið til þess, að ég kvað mér hljóðs, eru ummæli hæstv. ráðh. um það, að skortur á lyfjafræðingum torveldi afgreiðslu málsins, og gefa þessi ummæli hæstv. heilbrmrh. tilefni til þess, að hér séu gefnar ýtarlegri skýringar á því, sem hér er um að ræða.

Tvisvar eða þrisvar hefur stjórn Lyfjafræðingafélags Íslands samið frv. og sent heilbr.- og félmn. Ed. og farið þess á leit við n., að hún flytti frv. á þessu þingi. Þrátt fyrir þetta hefur hæstv. ríkisstj. ekki viljað sinna málum þeirra, þrátt fyrir ítrekaðar óskir, og er ekki útlit fyrir, að neitt samkomulag náist um afgreiðslu þessa máls á næstunni. Lyfjafræðingarnir fullyrða, að það ástand, sem nú ríkir, sé afar slæmt og dragi úr áhuga þeirra manna, sem annars hefðu áhuga á því að leggja fyrir sig lyfjafræðinám. Og þeir vilja, að löggjöf verði sett, til þess að komizt verði yfir þá erfiðleika, sem nú eru á því að fá lyfsöluleyfi. Ég hef ekki viljað leggja fram lagabálk þennan fyrir heilbr.- og félmn. af tvennum ástæðum:

Í fyrsta lagi er þetta fyrst og fremst mál ríkisstj., og það er tæplega hægt fyrir þingn. eða einstaka þm. að flytja svo ábyrgðarmikið mál sem þetta. Hin ástæðan er sú, að ég er ósammála frv. lyfjafræðinganna og vildi sjálfur þar miklu breyta. Hins vegar tel ég óhjákvæmilegt að taka mál þessi til gaumgæfilegrar athugunar og skjótrar.

Nú hafa lyfjafræðingarnir tilkynnt, að annað frv. sé í undirbúningi hjá landlækni, en ráðh. sjái sér ekki fært að fallast á það og megindeiluatriðið sé, að hæstv. ráðh. sé að reyna að koma þessum málum svo fyrir, að kaupfélög fái einkarétt til verzlunar með lyf. Þetta er nú sagt, að standi í vegi l., — að setning þeirra strandi á ósammálum milli ráðh. og landlæknis. Hér er því deilt um það, hvort kaupfélögunum eigi að vera heimilt að verzla með lyf samhliða ríkinu, en engum öðrum verzlunaraðilum í landinu.

Hvað sem þessu nú líður, þá tel ég óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að gera fljótt breytingar á þessum málum. Það þarf að endurskoða og skipuleggja lyfjaverzlunina, heilsugæzlulögin og þessi mál yfirleitt. Það er meira að segja spurning, hvort ekki eigi að gefa lyfjaverzlunina algerlega frjálsa, eins og tíðkast í sumum löndum, t. d. í Ameríku, að gefa öllum þeim lyfsöluleyfi, sem sanna kunnáttu til slíkra hluta með prófskírteinum. Nú nýlega auglýsti landlæknir, að laus væri yfirlyfjafræðingsstaða eða landlyfjafræðingsstaða, sem ekki finnst neinn stafur fyrir í l., að heimilt sé. Ég veit ekki til þess, að neitt embætti hafi verið ákveðið með þessu sæmdarheiti, og væri gott, ef hæstv. ráðh. upplýsti það, hvort búið væri að veita þetta embætti og hvað nauðsynlegt það er. Framsfl. hefur nú lengi hrópað upp, að gæta verði þess að stofna ekki til nýrra útgjalda úr ríkissjóði, og hefur ásakað sjálfstæðismenn, sem hafa farið með fjármálastjórn á undanförnum árum, að þeir væru að koma fjárhag ríkisins niður fyrir allar hellur með óþarfa útgjöldum. (**PZ:** Hvað þeir gerðu líka).

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. sagði, að lyfjafræðingarnir hefðu komið til sín og beiðzt þess, að heilbr.- og félmn. hv. Ed. flytti lagabálk um nýskipan lyfsölumálanna. Það dreg ég ekki í efa. Er ég tók við heilbrigðismálunum, lá fyrir frv., sem samið var af mþn., og var það lagt fyrir n. lyfjafræðinga og lyfsala. En er málið var athugað nánar, varð ágreiningur á milli lyfjasveinanna og lyfsalanna. Ég eyddi nokkrum tíma til þess að athuga, í hverju

sá ágreiningur lægi og hvernig miðla mætti málum, en það reyndist erfitt að koma á sættum. Lyfjafræðingarnir skiluðu gagngerum brtt. við frv., sem aðrir aðilar gátu ekki fallizt á, og var ég þar með í hópi. Sem stendur er því ekkert samkomulag á milli samtaka lyfjafræðinganna og ríkisstj. Ég lét breyta frv. nokkuð, til þess að koma til móts við lyfjafræðingana. En eftir að hafa íhugað þær breyt., sem gera þyrfti, gafst ég upp við að leggja þetta mál fyrir þetta þing. Ég gat ekki séð, að hægt væri að leggja þetta mál fyrir þingið nema það væri vel undirbúið og tekizt hefði að jafna helztu ágreiningsefnin, svo að þm. botni í því. Það kann að vera, að úr þessu rætist fljótlega, og ætti að verða hægt að leggja þetta fyrir haustþingið, er ágreiningsefnunum hefur verið fækkað. Það er misskilningur hjá hv. þm. Barð., að það sé stefna mín, að kaupfélögin eigi að hafa einkarétt til þess að selja lyf. Það hefur aldrei komið til mála, en nú er hægt að veita þeim lyfsöluleyfi, og það hefur komið til mála, svo framarlega sem uppfyllt eru viss skilyrði.

Hv. þm. minntist á nýtt starf, sem verið hefur ráðstafað. Það er rétt, að maður hefur verið ráðinn til þess að hafa eftirlit með lyfjabúðum, sem verið hefur ófullnægjandi. En hann á að hafa með höndum stundakennslu við lyfjafræðiskólann og auk þess lyfjafræðistörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins í Reykjavík. Helming launa hans greiðir Tryggingastofnunin, en hinn helminginn lyfjafræðiskólinn. Þetta á því ekki að kosta ríkissjóð neitt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Síðan ég tók sæti í heilbr.- og félmn. — og ég hef ætíð átt þar sæti — hafa n. tvívegis borizt frv. um mál þessi. Annað var frá Vilm. Jónssyni landlækni, sem stj. flutti, hitt frá lyfjafræðingafélaginu. Hvorugt þessara frv. varð að lögum. Frv. voru ólík og byggð upp á grundvallarskoðanamun. Ég get vel trúað því, að það sé hreint ekki létt verk að færa þau saman.

Öll löggjöf um þetta er ákaflega gömul, og þarf að breyta henni mikið. Það væri því óskandi, að þessar umr. leiddu til þess, að fyrir Alþ. kæmi frá stj. frv. um þessi efni, sem sameini vilja þessara stefna, eftir því sem það þá er hægt. Það verður efalaust ekki hægt að gera það alveg, en eitthvað samkomulag ætti að mega fá.

Málið er ekki einfalt. Lyfjaverzlanirnar hafa ekki bara lyf á boðstólum, heldur verzla með aðra hluti, og takmörkin fyrir því, hvað kalla beri lyf, eru ekki glögg. Þegar gjaldeyrir er takmarkaður, er það slæmt, að fluttur sé inn brjóstsykur fyrir lyf, enda þótt það geti verið gott fyrir kvefaða menn að hafa hann uppi í sér. Þess eru dæmi, að lyfjafræðingur hefur notað gjaldeyri, sem veittur var fyrir lyfjum, á þann hátt. Því fleiri sem lyfjabúðirnar eru og því minni tekjur sem þær hafa, því meiri er freistingin að selja slíkar vörur, sem gefa góðan ágóða og betri en lyfin. Lyfjabúðirnar verða að bera sig, og það eru takmörk fyrir því, hvað margar lyfjabúðir geta þrifizt, ef þær selja ekki annað en lyf, til þess að afla þeirra tekna, sem þær þurfa. Því er ég ekki fús til þess að fjölga lyfjabúðum. Það eykur freistinguna til þess að flytja inn efni, sem gefa hagnað, en deila má um, hvort eru lyf. Ég vil því ekki hvetja til fjölgunar, en það þarf að athuga málið, því að það er þörf nýrrar löggjafar í þessum efnum. Nú má hver sem er flytja inn það, sem kallað er lyf. Súlfalyfin eru t. d. flutt inn af heildverzlunum.

Flm. (Jónas Jónsson): Það hefur margt komið fram í þessum umr. Forráðamenn Reykjavíkurbæjar hafa farið þess á leit við heilbrigðisstjórn, að lyfjabúðum yrði fjölgað í bænum, og verið studdir af lyfjafræðingafélaginu, sem bæði hefur talað við mig og aðra um þessi mál. Framkoma heilbrigðisstjórnarinnar hefur hins vegar hindrað, að þetta næði fram að ganga.

Inn í umr. hafa dregizt mörg hundruð ára gömul lög, en grundvöllurinn að því fyrirkomulagi, sem nú er, var lagður snemma á einokunaröld. Hv. 1. þm. N-M. er vinur frjálsrar verzlunar, en það er ekki auðvelt nú. Eins og formaður verzlunarráðs hefur lýst í blöðunum í morgun, er þjóðin nú fjær frjálsri verzlun en nokkru sinni fyrr. En við viljum burt lög frá dögum Kristjáns IV., lifa eins og frjálsir menn og leyfa hverjum þeim, er hefur kunnáttu og peninga, að fá lyfsöluleyfi.

Fyrir 20 árum lagði ég út í það með Guðmundi Björnsyni landlækni, með miklu lélegri aðstöðu en hæstv. menntmrh. hefur nú, að koma nokkuð betra lagi á þessi mál. Við skrifuðum tvö bréf upp á fjórar eða fimm línur. Það voru engin form, ekkert „vesen" og engar hótanir, bara heilbrigð skynsemi. Þá voru tveir lyfsalar á móti. Þetta voru stór fyrirtæki og stórrík, en svo bættust tvær lyfjabúðir við, er þá fengu lyfsöluleyfi og urðu einnig stórgróðafyrirtæki. Og nú er svo komið, að fjórir eru á móti (**Utanrrh.:** Þetta er ekki rétt). Það er þá nýtilkomið, en þótt svo sé, finnst mér, að Alþ. ætti að ræða við þessa þrjá eða fjóra og auk þess landlækni í viðbót. Landlæknir virðist líða af ofsóknarhneigð, það er bezt að segja það. Hann vill ráða öllu, en ræður engu. Hæstv. heilbrmrh. ætti að reyna að yfirbuga þessa ofstjórnarhneigð.

Ég verð að leiðrétta dálítið hjá hv. þm. Barð., sem veit svo margt. Hæstv. núv. heilbrmrh. er ekki *sá fyrsti, sem vildi koma lyfjum í samvinnuverzl*un, heldur er það KRON. KRON taldi bezt, að það seldi öll lyf, en KRON sagði bæði landlækni og hæstv. heilbrmrh. upp hollustu, og svo fór, að landlæknir sá villu síns vegar. Þetta segi ég til leiðréttingar fyrir hv. þm. Barð. — Annars virðist það heppilegt að leyfa bæði kaupmönnum og samvinnufélögum að keppa á þessum vettvangi, eins og er á Akureyri, ef svo væri jafnt skipt, að við mætti una. En það er engin ástæða til þess að þvinga þetta fram með löggjöf. Það væri nóg, að hæstv. heilbrmrh. skrifaði fjögur, fimm eða sex bréf. Það er skrítið, ef það þarf ógurlegan lagabálk til þess að koma þessum málum í lag, ef bara þarf heilbrigða skynsemi til þess að leysa þau. Þetta er líka hvergi spursmál, nema í Reykjavík. Annars staðar á landinu eru ekki margir um lyfjabúðir.

Það er minnkun fyrir Alþ., sem situr meiri hluta vetrar, að búa við þetta ástand, sem allir eru sammála um, að þurfi lagfæringar við og enginn er á móti, nema einn embættismaður, sem er fullur af duttlungum.

Hæstv. ráðh. spurði, hvort ég væri með hótanir um stræku. Ég get sagt hæstv. ráðh. það, að óánægjan er orðin það mikil, að lyfjafræðing-

arnir geta farið til annarra landa, og víst er um það, að þetta mál verður aldrei leyst með ræfilsskap.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er ekki ástæða til að svara miklu ræðu hv. þm. S-Þ. Hann var með dylgjur um það, að lyfjafræðingarnir mundu leggja niður vinnu. Það er furðulegt að heyra þetta, og mér þykir skörin vera að færast upp í bekkinn, ef lyfjafræðingarnir, sem vinna svo þýðingarmikið starf fyrir almenning, ætla með hótunum um verkföll að fara að skipta sér af því, hvað lyfjabúðirnar eru margar. Ég hef aldrei heyrt þessa hugsun fyrr en hjá hv. þm. S-Þ., sem fram til þessa hefur ekki talið sig talsmann verkfalla. Það er skortur á lyfjafræðingum, og áhuginn fyrir fleiri búðum byggist því fyrst og fremst á business-sjónarmiðum. Þvingunarráðstafanir í þessu sambandi hef ég hins vegar aldrei heyrt nefndar.

Hv. þm. S-Þ. hefur m. a. að minnsta kosti flutt þetta mál til þess að koma að skoðunum sínum á landlækni. Hann sagði, að hann hefði ekki mikið að gera. Ég verð að segja fyrir mig, að ég þekki ekki skylduræknari mann, og ummæli hv þm. S-Þ. eru alveg út í bláinn. Það sker svo úr um landlæknisembættið, að það er eina stofnunin, sem ekki hefur fjölgað starfsmönnum sínum á undanförnum árum.

Hv. þm. sagði, að landlæknir væri með ofsóknaræði (**JJ:** Ég sagði ofsóknarsýki). Eg veit ekki, hvað hv. þm. á við með þessu, en hitt er víst, að þetta er eina stofnunin, sem ekki hefur vaxið að kostnaði um áratugi, og ber það sízt vott um starfsleysi landlæknis.

Hv. þm. var eitthvað að tala um KRON. Það, sem hann sagði í því sambandi, var tilhæfulaust. Hann var líka að tala um ræfilsskap, eins og honum er tamt; það eina, sem þyrfti að gera, væri að skrifa fjögur eða fimm bréf og þetta væri bara vandi fyrir Rvík. Sannleikurinn er þó sá, að aðalvandinn í þessu sambandi er skortur á lyfjafræðingum, og ef fjölgað er lyfjabúðum í Rvík, er efalaust ómögulegt að fjölga lyfjabúðum úti á landi. Það hefur þurft að sækja lyfjafræðinga til Noregs til lyfjabúðanna úti á landi. Ef sex ný bréf væru gefin út fyrir Rvík, mundi leiða af því fullkominn glundroða. Sama yrði niðurstaðan, ef öllum væri leyft að verzla með lyf. Af því gæti ekki annað leitt en fullkomið öngþveiti.

Það er hins vegar mjög einfalt að skilja málflutning hv. þm. S-Þ. fyrir þá, sem þekkja hann. Hann veit, að sanngjarnt er að fjölga lyfjabúðum í Rvík, og hann veit um vandræði heilbrigðisstjórnarinnar í þessu sambandi. Þess vegna vill hann hræra í þessu máli og er með æsingar út í landlækni, af því að ekki er úr öllu þessu leyst strax. Ég mun svo ekki munnhöggvast við hv. þm. S-Þ. En hann hefur gefið tilefni til þessara andsvara. En ég vil gjarnan hafa samvinnu við þá n., sem fjallar um þetta mál, og borgarstjórann í Rvík um það, hvað hægt sé að gera í þessu vandamáli, því að þetta er vandamál, þegar litið er á það í heild. Og þetta mál er í athugun í ráðuneytinu. Og við erum búnir að slíta það úr sambandi við heildarlöggjöfina í bili, af því að ég hef gefizt upp við það í bili a. m. k. að tengja það við hana í þeirri athugun, sem um það fer fram.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta mál væri borið fram til þess að ná sér niðri á landlækni. En hvað liggur þá til grundvallar orðum hv. þm. Snæf., ef ekkert liggur til grundvallar fyrir því, að hv. flm., þm. S-Þ., bar þetta mál fram, annað en að ná sér niðri á landlækni? Nei, mál þetta er alvörumál, og bak við það liggur sá þungi, sem hæstv. ráðh. fær ekki staðizt gegn, ef ekki verða gerðar raunhæfar breytingar hér á.

Ég þakka svo hæstv. ráðh. fyrir upplýsingar, sem hann gaf í sambandi við fyrirspurn mína. Ég er sannfærður um, að það var rétt að láta ekki málið koma óundirbúið inn í þingið. Því að þetta er svo veigamikið og þýðingarmikið mál, að það væri æskilegast, að málið kæmi svo vel undirbúið inn í þingið, að hv. þm. þyrftu þar sem minnstu að breyta.

Ég vil hins vegar benda hæstv. ráðh. á, að það eru allt aðrar upplýsingar, sem ég hef fengið frá Lyfjafræðingafélaginu og Lyfsveinafélaginu en hann gaf hér. Því að bæði einn af lyfjafræðingunum hér í Rvík, Scheving Thorsteinsson, og formaður Lyfsveinafélagsins voru báðir saman hjá mér á fundi og fullyrtu, að þetta samkomulag væri fengið og að þetta samkomulag væri mótað í till. þeirra o. fl. Svo að ég hygg, að það sé ekki rétt, að þetta samkomulag vanti á milli lyfjafræðinganna annars vegar og lyfsveinanna hins vegar. Þetta samkomulag er fengið, en hins vegar ekki samkomulag milli þessara manna annars vegar og landlæknis hins vegar. Og það má ekki verða ráðandi sjónarmið í þessu efni, þó að landlæknir kunni að hafa einhverja lífsskoðun, sem ekki kemur þessu máli við, um það t. d., hvernig eigi að reka apótek til fjárhagslegs hagnaðar fyrir einn eða annan aðila. Ef hann lítur svo á, að ríkissjóður eða samvinnufélög skuli græða — eða tapa — á lyfsölu, og að það sé heppilegra en að einstaklingar geri það, þá má hann samt ekki fá að stöðva málið vegna þess eins. Ef það er það raunverulega í málinu, að þetta sé ástæðan fyrir því, að ekki eru gerðar raunhæfar ráðstafanir til úrbóta í þessu vandamáli, þá verður að ryðja þessari hindrun úr vegi. Þetta er ekki sagt til áfellis landlækni. — En það er ekki nauðsynlegt, að ríkið reki þetta. Það hefur sýnt sig, að það, sem ríkið rekur, er rekið þannig, að rekstur þess verður dýrastur og á því verður mest tapið, ef um tap er að ræða, en minnstur gróðinn, ef um gróða er að ræða.

Mér er kunnugt um það frá þessum lyfjafræðingum, sem ég gat um, að það er stórkostleg óánægja yfir því nú, hvernig þessi mál eru rekin.

Flm. (Jónas Jónsson): Mig furðar, að hæstv. heilbrmrh. skuli hampa því hér, að ómögulegt sé að fá vinnukraft til þess að afgreiða lyf handa Íslendingum. Við erum ekki nema um 130 þúsundir. Í Bandaríkjunum hins vegar eru 140 milljónir manna, og þar er ekkert mónópólskipulag á þessu, og gengur þetta samt allt fyrir sig þar. Og ég held, af því að það voru hér árið sem leið 2000 útlendingar við ýmis störf, að þá verði ekki hægt að álíta annað en að hægt væri að fá, a. m. k. um stundar sakir, einhverja útlendinga til þess að afgreiða lyf hér á landi. Og svo er verið að tala um, að það þurfi að halda þessu skipulagi, sem er, sem allt of mikið minnir á það einokunarskipulag, sem

hér ríkti fyrir þremur öldum, og það virðist vera varið með því, að ekki sé hægt að fá menn til þess að afgreiða lyf hér. Og ég held, að það væri gott í þessu sambandi, ef hæstv. ráðh. vildi líta á það, sem t. d. má sjá á töflu í Reykjavíkur apóteki, að því apóteki hafa stjórnað frá fyrstu tíð að meiri parti útlendingar. Það eru færri Íslendingar, en fleiri útlendingarnir, sem þessari lyfjabúð hafa stjórnað, síðan hún var stofnsett hér. Og okkur hefur farnazt vel, meðan þeir útlendingar hafa stjórnað þessu. Þeir hafa ekki gefið okkur eiturlyf. — Og vill hæstv. ráðh. ekki í þessu sambandi líka minnast þess, að forstjóri Eimskipafélags Íslands var mjög lengi útlendur maður og gafst vel? Líka var fenginn útlendur maður til þess að stjórna símanum og gafst vel. Það er ekki frambærilegt, heldur heimska að detta í hug að segja það hér á Alþ., að það sé ekki hægt að fjölga apótekum hér í Rvík af þeirri ástæðu, að ekki sé hægt að fá menn til þess að vinna í þeim, þegar fleiri þúsundir útlendinga hafa verið hér við vinnu undanfarið. Sama þjóðin, sem hefur haft svo marga útlendinga í vinnu hjá sér, getur ekki sagt: „Við verðum að láta fólkið deyja drottni sínum, af því að við viljum ekki láta útlendinga koma nærri afgreiðslu lyfja hér," — þó að það séu útlendingar, sem lengi hafa unnið þetta hér.

Síðan kom hæstv. ráðh. að því, að ég væri hér með verkfallshótanir. Ég hef reyndar stundum verið riðinn við verkföll, þó ekki viðkomandi afgreiðslu lyfja. Ég var við riðinn verkfall hér í Rvík. Við höfðum rétta afstöðu og unnum nokkuð á. Og þó að ég sé saklaus af verkföllum sjómanna og útgerðarmanna, sem þeir gerðu í sambandi við síldarlöndun nú fyrir skemmstu, þá hef ég dáðst að þeim fyrir það. Það var rétt af þeim að fara svo að sem þeir gerðu. Það var farið andstyggilega að þeim. Og þeir sigruðu. Og ég vil segja, að alltaf þegar gerð er svona heimska af einhverjum eins og verkamönnum hér, þá kemur hefndin á eftir. Og hæstv. ráðh. ætti að vita, að það hefur komið oft fyrir, að launamenn hafa sagt, af ef ekki væri búið svo að þeim eins og þeir vildu, þá segðu þeir upp starfi. Og árið 1944 var það tekið fram í stjórnarsáttmálanum, að það ætti að fara aðallega eftir því, sem launamenn segðu. En hér er ég ekki að halda fram í þessu máli, sem fyrir liggur, að það eigi að fara eftir neinu öðru en því, sem fólkið í Rvík vill og þarf. Og úr því að þeir, sem í apótekunum vinna, vilja það sama, þá er allt gott og blessað. Ég vil þess vegna fullyrða það, að ef heilbrigðisstjórnin leyfir sér að halda áfram eins og hún hefur gert hingað til í þessum efnum, þá á hún skilið að fá þá mótstöðu eins og Dagsbrún fékk, þegar hún ætlaði að kúga sjómennina. Það þarf ekki mig til þeirrar andstöðu. En þeir, sem veita heilbrigðisstjórninni þá mótstöðu, hafa mína fullkomnu samúð.

Þá fór hæstv. ráðh. út í það, að mér hafi gengið eitthvað vondar hvatir til viðvíkjandi landlækni með flutningi þessa máls. Mér finnst þetta bera vott um afturför hjá þessum hv. þm., frá því sem ég þekkti hann fyrir nokkrum árum, afturför í gáfum. Því að þessi maður veit, að ég hef stofnað tvö af þessum fjórum apótekum, sem í Rvík eru, án þess að núverandi landlæknir kæmi nokkuð nærri því, og því honum hvorki til gagns né gleði. Ég tók að mér að leysa þetta mál eins og heilbrigðir menn vildu þá, og það vil ég enn, að verði gert. Og svo kemur hæstv. ráðh. og segir, að ég, sem hef gert meira en nokkur annar maður hér í hv. d. í þessum efnum til lagfæringar á sínum tíma, ég flytji þetta mál til þess að ná mér niðri á landlækni. Það er fjarstæða. Hæstv. ráðh. verður að viðurkenna, að ég hef látið verkin tala í þessu efni. En hann sjálfur hefur ekki gert það. Hann hefur ekki notað í sambandi við þessi mál þá skynsemi, sem honum er gefin, því að gangur þessa máls er honum til minnkunar og landlækni til skammar. Og það er auðvelt að leysa það, og enginn veit það betur en ég, sem hef gert það, sem gert hefur verið í þessu fyrir 20 árum. Það er ákaflega gagnslítið að ráðast á mig eins og gert hefur verið hér, því að ég hef í flestum atriðum getað látið verkin tala. Og það verður því erfiðari aðstaða hæstv. ráðh. sem lengra líður viðkomandi þessu máli og ekkert er gert í því af heilbrigðisstjórninni.

Þá leyfði hæstv. ráðh. sér að halda því fram, að ég væri að koma með þetta mál hér fram til þess að tyfta landlækni, þetta mál, sem er mesta áhugamál Reykvíkinga nú og tveir borgarstjórar hafa þurft að glíma við, þó að ég kæmi með réttlætismál hér fram, sem nauðsynlegt er að vinda bráðan bug að að leysa. Og sú röksemd finnst mér léttvæg, að landlæknir sé sérlega hæfur til síns starfs af því, að hann eyði litlum peningum. En hvers vegna er það? Það er af því, að hann gerir svo lítið.

Hv. 1. þm. N-M. talaði um það hér, að lyfjabúðirnar verzluðu með hluti, sem þeim bæri ekki að verzla með. Og það hefur verið sagt, að ég hafi lagt til, að Vilmundur Jónsson yrði landlæknir. Jú, hann var duglegur maður fram að því, en óduglegur síðan. En ég hef gefið honum tækifæri. Og svo þegar að því kemur að ræða um það, sem menn greinir á um viðvíkjandi hans starfi, hvernig hann hefur staðið í stöðu sinni, þá er því að svara frá minni hendi, að þegar ég veitti honum embættið fyrir 20 árum sem ráðh., veitti ég honum bein fyrirmæli um að líta eftir lyfjabúðunum. Hvernig hefur hann brugðizt við þeirri skyldu sinni? Hann hefur ekki gert það. Og til hvers ætti hann þá að hafa aukið embættiskostnaðinn? Sannleikurinn er sá, að ástæðan til þess, hve embættiskostnaðurinn er lítill hjá landlækni, er, að hann gerir ekki neitt. Hér liggur fyrir staðfesting á því frá hv. 1. þm. N-M., og hæstv. ráðh. játar, að það séu að þvælast stórir lagabálkar fram og aftur, sem hefði átt að vinna meira að af landlækni og skrifstofu hans. Og hv. þm. Barð. hefur upplýst, að það er ekki hægt að bera við andúð lyfsala í bænum, að lyfjabúðamál Reykvíkinga eru í því ófremdarástandi, sem þau eru nú. Það er landlæknir, sem stendur á móti því, að gert sé það, sem gera þarf í þessum efnum. Hann þarf enga aukningu á embættiskostnaðinum til þess að halda hlutunum í því ófremdarástandi, sem hann hefur gert.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. má ekki halda, að ég segi, að hann hafi ekki leyfi til að flytja þáltill. hér á þingi. En við málflutning hans í þessu máli dró hann fram ummæli, sem gáfu mér tilefni til þess að segja, að það væri ekki sjáanlegt, að hann hefði borið þetta mál fram til annars en að ýfast við landlækni. Þetta er vandasamt mál, og þá vill hv. þm. S-Þ.

þeyta upp sem mestu moldviðri um það. Þetta er ljóst af málflutningi hans hér. Og ekki sízt þegar það er athugað, að hv. þm. S-Þ. hefur fordæmt öll verkföll og launadeilur, þá verður það einkennilegt, að hann lýsir yfir, að hann hafi samúð með því, að lyfjafræðingar segi upp starfi sínu, gangi út úr lyfjabúðunum og láti sjúklingana liggja þar, sem þeir eru komnir, án þess að fá meðul. (**JJ**: Hæstv. ráðh. ætti það skilið). Já, hv. flm. virðist vilja segja sem svo: Sjúklingarnir eiga þetta skilið, af því að ráðh. er flón. — Ætli það væri þá ekki betra að koma þessu ráðherraflóni frá en að lyfjafræðingarnir gengju út úr lyfjabúðunum og hættu vinnu? — Með þessu segist hv. þm. S-Þ., þessi mikli mótstöðumaður gegn öllum verkföllum, mundu vera eða hafa samúð með þessu. En hvert væri tilefnið til slíks verkfalls, annars eins öngþveitis í landinu sem þessa, sem skeður aldrei, nema í heilabúi þessa hv. þm.? Tilefnið væri þá, ef slíkt verkfall væri gert, sem aldrei verður auðvitað, að deila væri um það, hvort lyfjabúðir í Rvík ættu að vera fjórar, fimm, sex eða sjö. Það ætti að vera tilefni þessa verkfalls. Í hvaða skyni yrði þetta verkfall þá gert? Til þess að fjölga lyfjabúðunum, segir hv. þm. S-Þ. En lyfjafræðingarnir, sem hann hefði mestu samúð með, ef þeir gerðu þetta verkfall, eftir því sem hann sagði, þeir eru eftirspurðir menn. Þeir geta vafalaust fengið góð lífskjör. Og ættu þeir þá að gera þetta verkfall til þess að tryggja sín kjör? Nei, til þess að fá fleiri lyfjabúðir, segir hv. þm. S-Þ. Ég held, að þessi hv. þm. sé kominn eitthvað út af línunni í sambandi við þetta. Og einmitt þetta skraf hans um, að lyfjafræðingar gætu e. t. v. gert verkfall til þess að fá fleiri lyfjabúðir, það ber vott um taugaóstyrk hans í sambandi við þetta mál. Og það er af því, að þetta mál er flutt, eins og svo margt, sem hann kemur með, til þess að reyna að ýfast við einhvern. Það er svo mikill drifkraftur í sálarlífi þessa hv. þm. að vilja ýfast við menn. En þó að ég segi, að málflutningur þessa hv. þm. beri þessa vott, þá er ekki óeðlilegt, að þetta mál komi fram á þingi, og þetta mál er til athugunar í ráðuneytinu. Og ég hefði viljað hafa samvinnu við borgarstjórann í Rvík og þá n., sem hefur um þetta mál að fjalla, til þess að reyna að komast að sanngjarnri niðurstöðu um þetta mál.

Það er ekki rétt, að landlæknir sé prinsipialt á móti fjölgun lyfjabúða. En þessu máli hefur verið blandað saman við annað mál, og er það og svo erfiðleikarnir, sem eru nú á að fá starfsmenn, sem hefur orðið til þess, að þetta mál hefur dregizt. Ég vona, að sæmilegri skipan verði komið á um þetta. Og ég hef ekki undrazt það, þótt þetta mál hafi verið flutt hér, heldur hefur mér fundizt, að það væri með mjög annarlegu móti, sem hv. flm. hefur flutt það hér.

Gylfi Þ. Gíslason: Þar sem tveir hv. nm. í heilbr.- og félmn. hafa þegar tekið til máls um þetta mál, og þar sem ég á sæti í þeirri n., sem hefur fjallað um málið, þá þykir mér ástæða til að segja um málið örfá orð.

Mér virðist, að hv. flm. þessa máls eiginlega hafi sagt eitt orð af viti í umr. um málið, nefnilega, að málið sé ekki eins flókið og ýmsir aðrir hv. þm. vilja vera láta, og þar á meðal hæstv. heilbrmrh. Það hefur komið fram í þessum umr., að það, að lyfsölumálið hefur ekki verið tekið til rækilegrar meðferðar af Alþ. og að lyfjabúðamálið í Rvík hefur ekki verið leyst, það eigi að einhverju leyti rót sína að rekja til tregðu landlæknis, því að samkomulag hafi ekki náðst á milli hans og heilbrigðismálarh. annars vegar og hins vegar á milli hans og apótekaranna og lyfjafræðinganna. Eftir því, sem mér er þetta mál kunnugt, þá held ég, að þetta sé alveg á misskilningi byggt. Það eru mörg ár síðan landlæknir hefur lagt till. sínar fram um þetta mál til ráðh., bæði að því er snertir heildarlausn málsins og einnig að því er snertir lyfjabúðamál Rvíkur. Það mun hafa verið árið 1942, sem skipuð var af þáv. ríkisstj. sérstök n. til þess að semja frv. til l. um lyfsölumál yfirleitt. Í þessari n. voru apótekarar, lyfjafræðingur, lögfræðingur, og svo landlæknir sem form. n. Svo undarlega vildi til, að n. þessi varð algerlega sammála. Hún mun hafa lagt mikið verk í störf sín og skilaði sammála nál. N. sendi til ríkisstj. frv. með tilmælum um, að það væri flutt á Alþ., og mun n. hafa gert sér von um, að þar sem samkomulag náðist milli þeirra aðila, sem n. skipuðu, þá mundi ríkisstj. geta lagt fram þetta frv., eins og það lá fyrir. En þrátt fyrir ítrekuð tilmæli n. þessarar og landlæknis hefur ríkisstj. ekki viljað flytja þetta frv. á Alþ. En vegna þess, að það hefur ekki borið á góma hér, hvert er meginatriði málsins, hvernig þessi n. lagði til, að þessum málum yrði skipað, vildi ég fara um það örfáum orðum.

Meginatriðin í því frv., sem n. lagði til, að flutt væri, eru þau, að innflutningur á lyfjum til landsins skuli vera í höndum ríkisins og að ríkið skuli hafa einkarétt á þessu, en hins vegar skuli lyfjafræðingar einir mega reka lyfjabúðir hér á landi. En koma skal verðjöfnunarsjóður, til þess að jafna á milli lyfjabúða landsins, til þess að gera kleift að reka lyfjabúðir, þar sem annars væru lítil líkindi til, að það gæti borgað sig fjárhagslega að reka þær, þannig að styrkur til þess kæmi á þennan veg frá hinum fjölmennari stöðum. Þetta eru meginatriði frv., sem ég gat um, um skipun lyfsölumála, sem n. þessi varð sammála um að leggja til. Og þegar þetta samkomulag var gert, virtust lögfræðingar ekkert hafa við þessa skipun að athuga, en vilja á hana fallast. Þetta breyttist hins vegar, áður en langt leið. Skal ég ekki rekja þá sögu hér, sérstaklega af því að fundartími er bráðum á þrotum, þó að ástæða væri til að rifja hana upp. En síðan hefur engin heilbrigðisstjórn, sem verið hefur í landinu, viljað gera þetta mál að sínu. Og heilbrmn., sem um málið hafa fjallað, hafa ekki heldur viljað flytja það, vegna þess að skort hefur á stuðning hlutaðeigandi heilbrmrh. við málið. Apótekarar hafa svo haft forgöngu um að semja annað frv., sem legið hefur fyrir heilbrmn. hér, sem stj. hefur ekki viljað flytja. Skoðun lyfjafræðinganna virðist vera sú, að setja beri aðeins tekniska löggjöf um þetta, en blanda beri engri pólitík þar inn í, setja eingöngu tekniska löggjöf um þetta og annað ekki. Ég hef nú ekki setið á þingi nema frá því, er síðustu kosningar fóru fram, og er mér því ekki kunnugt um það, sem skeð hefur í þessu, nema síðan. En ég held, að það sé rétt skilið hjá mér, að það, sem hæstv. heilbrmrh. sé mestur þyrnir í augum í sambandi við þetta frv., eins og n. gekk frá því og ég gat um, sé, að í því frv. var ekki gengið út frá því, að samvinnufélög og bæjarfélög gætu gengið inn í það að verzla með lyf.

En það var alls ekki skoðun allra nm., að það væri æskilegt, að það opinbera annaðist heildsölu á lyfjunum, heldur var það gert sem samkomulag af apótekaranna hálfu að gera ráð fyrir þessu, og lyfjafræðingarnir vildu fallast á það, að heildsala á lyfjum væri í höndum þess opinbera, með því skilyrði, að lyfjafræðingar einir skyldu hafa rétt til þess að starfrækja lyfjabúðirnar í landinu. Og mun þess vegna hafa orðið samkomulag um þetta í n. Það er alls ekki rétt hjá hv. þm. Barð., að það hafi verið skoðun nm., að kaupfélög skyldu prinsipielt ekki hafa rétt til lyfjasölu. Hæstv. ráðh. hefur tekið fram, að landlæknir hafi endursamið frv. og m. a. gert þessa breyt., að samvinnufélög og bæjarfélög skyldu geta fengið slíkan rétt að lögum, svo að um það er enginn ágreiningur milli hæstv. ráðh. og landlæknis.

Þetta er aðalatriði þessa máls, eins og það nú liggur fyrir, og þótt ýmis teknisk atriði í því séu mjög flókin og ég vilji engan veginn halda fram, að þetta sé einfalt mál, þá held ég, að of mikið sé úr flækju þess gert. Ágreiningurinn er pólitísks eðlis fyrst og fremst. Ég veit því ekki, hvort það er svo ótímabært að koma með málið inn í þingið nú. Ég veit ekki, hver á að greiða úr þeim pólitísku vandamálum nema þingið og þingflokkarnir. Ég held, að um þau teknisku atriði sé ekki svo mikill ágreiningur, að ekki sé óhætt að hleypa málinu inn í þingið vegna þess, að mikil hætta sé á því, að þm. sökum vanþekkingar á því komist í neinn vanda. Þetta er mín persónulega skoðun. Ég held, að vandamálin séu fyrst og fremst pólitísks eðlis og það sé algerlega tímabært og alls ekki vert að draga það lengur að skera þar úr hinum pólitísku deilum og láta þingið spreyta sig á málinu og taka um það endanlega ákvörðun.

Þegar hæstv. ráðh. segir, að Alþfl. hafi gefizt upp við að koma allsherjarskipulagi á í þessu máli, þá er mér ekki alveg ljóst, hvað hann á við. Einn flokkur getur auðvitað ekki komið slíku máli fram. Um það verða að vera venjuleg flokkaátök. En mér finnst fyrir nokkru vera tími til kominn, að þau venjulegu flokkaátök eigi sér stað um þetta mál. Ég geri mér ljóst, að það getur verið varhugavert að hleypa málum, sem eru tekniskt mjög flókin, inn í þingið lítt undirbúnum, en mér virðist vandamálin aðallega vera á hinu pólitíska sviði og þeir menn, sem á þingi sitja, eiga einmitt að vera sérfræðingar á hinu pólitíska sviði og því færir um að leysa þetta mál.

Að öðru leyti er ég hæstv. ráðh. sammála um það, sem hann sagði um málið. Ég held, að það sé alveg rétt, að varhugavert hefði verið að taka lyfjabúðir í Rvík alveg út úr þessu máli sem heild, og harma, ef það er hans endanlega skoðun, að það beri að gera. Lyfjabúðir í Rvík eru svo nátengdar lyfjabúðum annarra kaupstaða, að vel gæti svo farið, er nýjar lyfjabúðir yrðu stofnsettar í Rvík, þó að kannske forstöðumenn lyfjabúðanna úti á landi færu ekki hingað, að þá mundu starfsmenn þeirra fara hingað í þær nýju lyfjabúðir. Ég vil því taka undir, að nauðsyn er á því, að um leið og lyfjabúðamál Rvíkur eru leyst, þá verði það ekki til að skapa vandræði annars staðar.

Enn fremur er eitt atriði, sem ekki hefur enn verið minnzt á. Nú er allmikill skortur á lyfjafræðingum, en hann stafar m. a. af því, að aðgangur að lyfjafræðingaskólanum hefur verið takmarkaður nokkuð. Ég held, að ein ráðstöfunin, sem gera þyrfti til að bæta úr þessum skorti, væri að auka tækifæri stúdenta til að komast í þennan skóla, en þau hafa verið mjög takmörkuð, og hefur það verið gert að vilja lyfjafræðinganna sjálfra. Það atriði þarf vissulega að taka til athugunar.

Þetta er það, sem ég vildi um málið sagt hafa. Sem sagt, skoðun mín er sú, að mjög æskilegt sé, að löggjöf yrði sem fyrst sett um þessi mál. Ég tel eðlilegt, að þingið fengi sem fyrst að spreyta sig á, hvort því tækist ekki að ná samkomulagi um einhverja heildarlausn á þessu máli. Ég tel, að lyfjabúðaspursmálið í Rvík eigi að leysa um leið og slík allsherjar lausn á málinu yrði fengin. Það er mín skoðun á málinu, að slík allsherjar lausn eigi að fást sem fyrst, og þangað til hún kemst á held ég, að ekki sé mikil hætta á því, að sérstakan voða beri að höndum í Rvík, því að ég hef trú á því, að þinginu gæti tekizt að afgreiða þetta vandamál á ekki allt of löngum tíma.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið inn í þessar umr., en ég hef fylgzt með þeim af áhuga, af því að þær snerta Reykjavík.

Ég vil þakka hv. þm. S-Þ. fyrir að flytja þetta mál, þó að hann hafi gert okkur hinum skömm til, því að fleiri þm. eru úr Rvík en hann. Það er mjög mikið áhugamál fyrir bæinn, að málið gangi í gegn, og það gleður mig, að þessi hv. þm., sem eitt sinn var svo andvígur málefnum Rvíkur, skuli nú hafa séð sig um hönd. Batnandi er manni bezt að lifa, og óskandi, að það mætti segja um alla þá hv. þm., sem nærri þessu máli hafa komið. Ég vildi ekki taka hér til máls án þess að láta þessar þakkir uppi til hv. þm. S-Þ., vegna þess að mér finnst þessi till. hans vera flutt af mikilli nauðsyn.

Það var annars ræða hv. síðasta ræðumanns, sem kom mér til að standa upp. Hv. þm. segir, að menn geri málið flóknara en það sé. Mér sýnist málið fyrst flókið eftir hans ræðu. Hann vildi halda fram, að ekki væri hægt að fjölga lyfjabúðum í Rvík nema mikill lagabálkur væri fyrst lögfestur og endurskoðuð löggjöf, sem tekið hefur þrjár aldir að fá verulegar breyt. á. Ef menn eiga að bíða ámóta eftir jafneinföldum hlut og þeim að fá nokkrar lyfjabúðir í viðbót hér í bæ, þá mundi það verða ærið erfitt. Ég tel, að þessu tvennu megi ekki blanda saman.

Þá er annað, sem mér kom ókunnuglega fyrir sjónir. Hv. þm. hélt fram, að landlæknir hafi gert till. sínar um fyrirkomulag þessa máls varðandi Rvík, svo að það sé rangt, að það standi á honum. Að gefnu tilefni vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvort það sé rétt, að landlæknir hafi lagt fram till. um þetta mál, sem viðunandi séu, og það sé þá rn., sem standi á móti því að fjölga lyfjabúðum í Rvík. Það var ekki hægt að skilja ummæli hv. þm. á annan veg en að hann gæfi það í skyn. Ég vil þá vona, að það komi skýrt fram síðar í þessu máli, hvort landlæknir hafi mælt með þessari sjálfsögðu beiðni. Ég vil, að það komi skýrt fram, hvað það er, sem veldur drættinum á þessu máli, því að hv. 4. þm. Reykv. verður að viðurkenna,

hvað sem þessum allsherjar undirbúningi líður, að þá býr Rvík nú við mjög slæman kost í þessu máli, svo að þar verður að ráða bót á. Það gladdi mig því, að glöggur skilningur hefur komið á því hjá hæstv menntmrh., að þetta mál þarfnist bráðrar lausnar. Hann bar aðeins fyrir sig starfsmannaskort, en engan veginn það, sem hv. 4. þm. Reykv. hélt fram, að Rvík gæti ekki fengið neina úrbót, fyrr en búið væri að endurskoða þessi þriggja alda gömlu lög.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 5. febr., var fram haldið einni umr. um till.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ýmsum þeim atriðum, sem ég taldi þörf að svara, var hér í gær svarað ýtarlega bæði af hæstv. dómsmrh. (BBen) og flm. till. (JJ), og get ég því verið mjög stuttorður.

Hæstv. menntmrh. sagði, að mál þetta mundi hafa verið flutt inn í þ. af flm. til þess að ýfast við einhvern. Ég skal ekkert um það segja, en hitt er ekki að neita, að hér er um fullkomið nauðsynjamál að ræða, hvaða hvatir sem ráðh. telur liggja til grundvallar þessari till.

Það er ein röksemdin, sem komið hefur fram hér, og það eru ummæli ráðh., að hér væru of fáir lyfjafræðingar, þannig að með fjölgun lyfjabúða yrði hætta á því, að ýmsir staðir úti á landi yrðu apótekslausir. Það er rétt, að hér eru helzt til fáir lyfjafræðingar. En eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, eru allmargir við þetta nám, — eftir því, sem ég hef komizt næst, allt að 10. Auk þess er vitanlegt, að hér eru nokkrir útlendir — aðallega danskir — lyfjafræðingar og mér vitanlega engin vandkvæði að fá hingað útlenda lyfjasveina, a. m. k. til Rvíkur. Þar við bætist einnig, að ef þetta verður að l., tekur undirbúningur þess alltaf nokkurn tíma, og ætla ég, að þessi þörf mundi smám saman leysast á þeim tíma með komu nýrra lyfjafræðinga.

Varðandi það atriði, að erfitt sé að fá lyfjafræðinga til þess að standa fyrir lyfjabúðum úti á landi, þá held ég, að þar séu fleiri ástæður en fæð lyfjafræðinga. Nú er það í hendi heilbrigðismálastjórnarinnar, hvort menn fá að reka lyfjabúðir og hvar. Ég ætla, að það öryggisleysi, sem lyfjafræðingar búa við, ráði nokkru um tregðu þeirra að fara út á land. Ef slíkir menn reka lyfjabúðir í afskekktum héruðum, mundu þeir gjarnan fá augastað á betri stöðum, ef þeir losnuðu, og mundi það vera hvatning mönnum að taka að sér lyfjabúðir úti á landi, ef þeir ættu það víst, þegar betri staðir losnuðu, að þeir gengju fyrir, sem hafa gegnt þessu starfi í fámennari héruðum. Gegnir þar sama máli og um héraðslæknana.

Hv. 4. þm. Reykv. lýsti hér nokkuð þeim frv., sem verið hafa á ferð um þessi mál, en var á annarri skoðun en ráðh., því að hann vill láta leysa þetta mál í sambandi við heildarfrv. En það er ekki nokkur nauðsyn að binda fjölgun lyfjabúða við lausn á þessu heildarfrv., því að þótt skipan væri komið á þessi mál, gæti hún náð jafnt til þeirra lyfjabúða, sem kæmu nýjar.

Ég vil að lokum vekja athygli á því, að hæstv. menntmrh. gat þess, að innflutningur lyfja á þessu ári mundi mjög verða skorinn við nögl. Mig furðar nokkuð á því, ef skera á niður jafnnauðsynlegan innflutning í stórum stíl, sérstaklega þegar haft er í huga, hve lítill innflutningur á þessari vöru er af heildarinnflutningnum. Ég hef nú ekki við höndina nýrri verzlunarskýrslur en frá 1945, en þar er, að því er ég ætla, innflutningur á lyfjum um það bil 1 millj. af ca. 330 millj. Ég hygg, að fátt sé háskalegra að skera við neglur sér.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem nauðsynlegt er að ræða frekar, en vænti þess, að sú n., sem væntanlega fær málið til meðferðar, taki það til skjótrar afgreiðslu og meðferð málsins beri þann árangur, að heilbrigðismálastj. sjái sér fært að veita þessi leyfi til að stofna nýjar lyfjabúðir.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Viðvíkjandi því, sem hæstv. dómsmrh. spurði um, hvers væri sökin í þessum efnum, hvort landlæknir hefði gefið álit, vil ég ekki taka undir það, að hér sé um sök að ræða. Ég vil segja það, að þótt dráttur hafi orðið á þessu máli síðan ég tók við störfum á þessu sviði, þá tel ég það ekki neina sök, þótt það hafi ekki enn verið afgreitt, sumpart vegna þess, að ég vildi leysa þessi mál öll í senn og fá samkomulag um þau. Hér er ekki um eins einfalt mál að ræða og menn vilja vera láta, og það gerir lyfjafræðingaskorturinn, þó að það kunni að rætast úr því á næstunni, og það er atriði, sem nú er verið að athuga í sambandi við þá nauðsyn, sem hér er fyrir hendi. Hefur rn. hvað eftir annað átt viðræður um þetta við landlækni.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Snæf. sagði um lyfjasveina, þá má vel vera, að nú fari að rætast úr þessu, og er það þá gott, en erfiðleikarnir við að flytja inn danska lyfjasveina liggja aðallega í því, að þeim er illa við að fara út á land. Og ég býst við, að Íslendingar sjálfir, eftir þeirri reynslu, sem við höfum, að þeim væri illa við að fara út á land og teldu, að þá kæmu danskir menn í þeirra stað hérna í höfuðstaðnum. En við skulum vona, að horfurnar í þessum málum séu þannig, að hægt sé að greiða úr þessu, gera ráðstafanir til bóta. Það er sem sagt það, sem nú er verið að athuga.

Viðvíkjandi innflutningi lyfja, þá vil ég aðeins taka fram, að mér hefur verið skýrt svo frá af innflytjendum lyfja, að leyfaveitingar til þeirra hluta hafi verið mjög af skornum skammti 1947, að þeirra dómi, og telja þeir sig ekki hafa getað keypt allt, sem þeir þurftu að fá, og geri ég ráð fyrir, að svo muni einnig verða á því ári, sem nú er að byrja. Annars vita það allir, að oft eru mjög ógreinileg takmörk á milli lyfja og ýmissa annarra vara, þannig að það er oft álitamál, hvort vara á að teljast lyf eða ekki, og verður þá að ákveða, fyrir hverju skuli veita leyfi og hverju ekki. En þrátt fyrir það hefur rn. þótt sjálfsagt að ýta undir það, að leyfður væri sem ríflegastur innflutningur á lyfjum, og enn fremur höfum við reynt að sjá til þess, að það ónauðsynlega væri látið sitja á hakanum.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 62. fundi í Sþ., 24. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 148, n. 626).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. N. viðurkennir fyllilega þörfina á því að fjölga lyfjabúðunum, en getur hins vegar ekki sætt sig við að setja reglur um hlutfallið hér á milli, og leggur því til, að till. verði samþ. að því undanskildu.

ATKVGR.

Brtt. 626,1 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv.

— 626,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 688), með fyrirsögninni:

Till. til þál. um fjölgun lyfjabúða í Reykjavík.

Þingsályktunartillögur afgreiddar með rökstuddri dagskrá.

1. Parísarráðstefnan og dollaralán.

Á deildafundum 3. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um, að ríkisstjórnin gefi þinginu skýrslu um þátttöku sína í Parísarráðstefnunni og samningaumleitanir um dollaralán (A. 5).

Á 3. fundi í Sþ., 6. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Sþ., 14. okt., var till. tekin til einnar umr. (útvarpsumr.).

Áður en tekið væri til dagskrár, mælti

flm. (Einar Olgeirsson): Þessara útvarpsumr. hefur verið krafizt af Sjálfstfl. Ekkert vit er í því að hafa útvarpsumr. um mál sem þetta, nema sú skýrsla komi þá fyrir þjóðina, er þar er um beðið, og hún sé rædd. Því hef ég álitið, að Sjálfstfl. ætti sem krefjandi umr. að byrja í útvarpinu, en með ofríki hafa stjórnarflokkarnir ákveðið, að Sósfl. skuli byrja og ekki fengizt dregið um röð. Við síðustu útvarpsumr. frá þinginu, um fjárhagsráð í maí í vor, var ég látinn byrja, af því að ég hafði krafizt umr.

Ég vil því óska úrskurðar hæstv. forseta um þetta tvennt:

1) Hvort ekki skuli dregið um röð milli allra flokkanna, þar sem ekkert samkomulag er um, hver byrja skuli.

2) Hvort umr. þessarar þáltill. sé lokið með útvarpsumr. þessum eða ekki.

Forseti (BSt): Ég mun svara þessu, um leið og ég tek málið á dagskrá.

Á dagskrá er tekið: Till. til þál. um, að ríkisstjórnin gefi þinginu skýrslu um þátttöku sína í Parísarráðstefnunni og samningaumleitanir um dollaralán. 5. mál. Sþ. þskj. 5. Útvarpsumr.

Út af ósk hv. 2. þm. Reykv. um það, að ég kveði upp úrskurð um tvö atriði, skal ég taka þetta fram:

Það hefur verið venja frá upphafi Alþingis í nútímamynd, að flm. máls hafi gert grein fyrir því, þegar það er leitt inn í þingið, þegar það er rætt í fyrsta sinn, og munu allir hv. þm. kannast við það, að forseti gefur flm. orðið, þó að hann kveðji sér ekki hljóðs, en það er annars ekki gert um aðra þm. og ekki um flm. nema við 1. umr. Þessari reglu hefur einnig verið fylgt um útvarpsumræður frá upphafi. Ég skal nefna nærtækt dæmi: Þegar Framsfl. var einn í stjórnarandstöðu og bar fram vantraust á þáverandi ríkisstj., þá var talið sjálfsagt, að hann hæfi umr., sem hann hafði heldur ekkert á móti. Það dæmi, sem hv. þm. vitnar til, að hann hafi talað fyrstur í máli, sem sósíalistar hafi ekki verið flm. að, þá var þar öðru máli að gegna, því að það var 3. umr. málsins, en ekki 1. eða eina, og mun hv. þm. hafa verið frsm. n. í því máli. Þess vegna verður sá háttur hér hafður, að fulltrúi Sósfl., sem jafnframt er flm. dagskrármálsins, tali fyrstur, en að öðru leyti hefur verið dregið um röð milli hinna flokkanna, sem ekki flytja málið. Málið er flutt af hv. 2. þm. Reykv., og ég veit ekkert, hvers konar skýrslu hæstv. utanrrh. kann að gefa hér. Málið hlýtur því að skoðast sem mál hv. 2. þm. Reykv. og Sósfl.

Um hitt atriðið, hvort umr. skuli lokið, þegar þessari útvarpsumr. er lokið, þá mæla þingsköp svo fyrir, að umr. um þáltill. sé lokið, þegar útvarpsumr. er lokið. Samt sem áður lít ég svo á, að ef fram kæmi till. um að vísa málinu til n. að þessari útvarpsumr. lokinni, þá mundi ég að sjálfsögðu bera hana upp, og ef hún yrði samþ., þá teldi ég rétt, — en það er aðeins skoðun mín, enda mundi það ekki heyra undir úrskurð minn, heldur hæstv. aðalforseta Alþingis, — að það væri skoðað sem önnur umr. málsins, þegar till. kæmi á ný til umr.

Samkvæmt þessu, sem ég hef sagt, þá fer þessi umr. fram á þann hátt, að flokkarnir tala í tveimur umferðum, fyrst 25 mín., síðar 20 mín., samtals 45 mín. Röðin er þessi: Sósfl., Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. Verður sama röð viðhöfð í báðum umferðum, því að það er einnig venja við útvarpsumr.

Samkvæmt þessu tekur til máls hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, og talar af hendi Sameiningarfl. alþýðu — Sósfl.

Flm. (Einar Olgeirsson): Ég hef flutt þessa till. vegna þess, hver nauðsyn er á, að hæstv. stj. gefi þjóðinni skýrslu um, hvað hún hefur aðhafzt í samningum um dollaralán og svo kallaða Marshalláætlun. Þjóðin hefur þá sorglegu reynslu af þeim ráðh., er ríkisstj. þessa skipa, að þeir hafa áður

ofurselt framandi stórveldi íslenzk landsréttindi þvert ofan í loforð gefin þjóðinni. Allur er því varinn góður.

Þessi hæstv. ríkisstj. hefur, síðan hún komst til valda, unnið að því að leiða hrun, atvinnuleysi og launalækkanir yfir þjóðina, til þess að þeir milljónamæringar í Rvík, sem hún þjónar, geti haldið áfram að auðgast á kostnað fjöldans. Hún hefur reynt að haga starfi sínu þannig, að fólkið fengi ekkert um fyrirætlanir hennar að vita og hún gæti flutt því hvaða ósannindi sem væri, án þess að kostur gæfist á að gagnrýna þau.

Þess vegna hefur þessi ríkisstj. skipað fjárhagsráð til þess að skipuleggja atvinnuleysi, en svikið yfirlýsingar, gefnar af hálfu stjórnarliðsins í vor, um að allir flokkar ættu þar fulltrúa. Þannig hyggst stj. að hindra, að till. þær, er fulltrúi Sósfl. kynni að gera í slíku ráði, kæmust til þjóðarinnar. Síðan hefur hún látið þetta einlita fjárhagsráð gefa villandi skýrslur til þess að reyna að skapa grundvöll að launalækkunum í landinu. Svo hafa ráðh. sjálfir farið í útvarpið til þess að reyna að blekkja þjóðina til undanlátssemi við launalækkunarkröfur afturhaldsins. En Sósfl. hefur hæstv. stj. neitað um að fá að flytja ræðu í útvarpið um þessi mál. Þannig er málfrelsið og réttur inn til að gagnrýna bælt niður, til þess að blekkingarherferð stjórnarliðsins verði ekki afhjúpuð.

Í samningunum um sölu á afurðum Íslendinga hefur hæstv. ríkisstj., og þá fyrst og fremst hæstv. utanrrh., svikið þjóðina herfilega með því að selja vörur hennar fyrir lægra verð en fáanlegt hefði verið. Þegar svo þessi skemmdarverk hans eru afhjúpuð og ósannindin, sem hann daglega ber á borð í Morgunblaðinu, hvað haldið þið þá, að hann geri til þess að reyna að firra sig gagnrýni og hindra, að þjóðin geti sannað á hann óhæfuna? (**Forseti** (hringir): Ég verð að víta þessi ummæli). Ég skal þá lofa hæstv. forseta að heyra um þetta síðasta óhæfuverk. Hann vikur Lúðvík Jósefssyni alþm. úr samningan. utanríkisviðskipta, af því að LJós er kunnur að því að hafa staðið allra manna bezt á verði um hagsmuni útvegsmanna og fiskimanna gegn verðlækkunartilraunum afturhaldsins. Þannig á að svipta þjóðina eina vitninu, sem hún getur haft í þeirri n. til þess að berjast fyrir hagsmunum hennar. 6. október, daginn eftir að það varð opinbert allri þjóðinni, að hæstv. utanrrh. hafði svikizt um að standa á verði fyrir íslenzkan sjávarútveg, ritar hann Lúðvík Jósefssyni svo hljóðandi bréf:

„Hér með skal yður tjáð, herra alþingismaður, að yður er veitt lausn frá störfum í Samninganefnd utanríkisviðskipta frá og með deginum í dag að telja.

Bjarni Benediktsson."

Þegar þessi fulltrúi sjávarútvegsins er flæmdur úr n., hyggst utanrrh. að geta komið verðlækkun sinni á íslenzkum fiski á, án þess að þjóðin geti sannað á hann skemmdarverkin.

Svona er verið að reyna að gera þjóðina varnarlausa gegn þeim árásum, sem verið er að gera á lífskjör hennar.

Samtímis hefur svo ríkisstj. í laumi aflað sér heimilda hjá alþjóðabankanum til þess að lækka gengi íslenzkrar krónu um allt að 20%. Gengislækkunarl. á svo að knýja fram, ef stj. þorir. En það er bezt, að þjóðin fái að vita af þessari fyrirætlun hennar hér með, því að hugsanlegt er, að þjóðin geti með mótmælum sínum komið í veg fyrir, að það óheillaverk yrði framið.

Starfsaðferðir þessarar hæstv. ríkisstj. hafa verið með þeim endemum, að nauðsynlegt er, að þjóðin sé vel á verði á öllum sviðum gagnvart þeim tilræðum, sem sérstaklega hæstv. utanrrh. bruggar henni.

Þess vegna hef ég nú m. a. krafizt með þáltill. skýrslu af hæstv. ríkisstj. um Parísarráðstefnuna, því að ég veit, að eitt af mörgu, sem hæstv. stj. vill leyna, eru fyrirætlanir hennar um dollaralán.

Sjálfstfl. hefur heimtað útvarpsumr. um þetta mál. Manni virtist nú að vísu, að sæmra hefði verið fyrir þessa hæstv. ríkisstj. að leggja fram fjárl. í byrjun þings, en brjóta ekki ákvæði stjórnarskrárinnar um það eins og hún gerir, og láta fram fara þá útvarpsumr. um fjárl., sem vant er að vera fyrsta útvarpsumr. hvers reglulegs þings, en að heimta nú útvarpsumr. um þetta mál á þann hátt, sem nú er gert.

En það er auðséð, hver brögð eru hér í tafli, og nú á að endurtaka ósvinnuna, sem framin var við 2. umr. herstöðvasamningsins fyrir ári síðan, er útvarpsumr. var krafizt til að hindra umr. í þinginu. Hæstv. utanrrh. er nú að reyna að koma í veg fyrir almennar umr. um þetta mál í þinginu með því að heimta útvarpsumr. um það og knýja það fram með ofríki, að ég skuli tala fyrstur, áður en skýrslan er gefin. Þannig hefur hann hugsað sér að svipta mig málfrelsi um skýrsluna, sem hann mun vafalaust gefa nú á eftir mér, því að ella hefði hann vart heimtað þessar útvarpsumr. Ég veit, hvers hann hefur krafizt af hæstv. forseta. (**Forseti** (hringir): Ég vil taka fram, að hæstv. ráðh. hefur einskis krafizt af mér). Ég veit, hvers hann hefur krafizt af aðalforsetanum. Ég mun ekki vægja fyrir þessu ofríki né heldur láta svipta mig frelsi til máls og gagnrýni með neinum slíkum bellibrögðum.

Hæstv. utanrrh. talar nú hér á eftir mér og getur nú gefið sína skýrslu. Ég mun svo ræða hana og fyrirætlanir hæstv. stj. í næstu umferð.

Forseti (BSt): Hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, lauk máli sínu. Tekur þá til máls hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, og talar f. h. Sjálfstfl.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Tillaga sú, sem hér er til umræðu, er hin fyrsta, sem stjórnarandstaðan flytur á þessu Alþingi.

Hv. 2. þm. Reykv. flutti hana jafnskjótt og Alþingi kom saman, svo lá honum á að koma henni á framfæri. Það hlýtur þess vegna að vekja mikla furðu, að hann skuli nú skorast undan að ræða þessa stórmerku tillögu.

Fer honum í því á sömu leið og gömlu konunni, sem segir frá í vísunni:

„Margur hélt mig málugan,"
mælti kerling orðskvið þann,
„þagað gat ég þó með sann,
þegar hún Skálholtskirkja brann."

Þessi þagmælska Einars Olgeirssonar nú er þeim mun merkilegri, sem það væri synd að segja, að stjórnarandstaðan, hv. Sósfl., sameiningarflokkur alþýðu, hafi verið athafnalaus frá því að þingi lauk í vor.

Menn minnast þess, að við útvarpsumr. frá Al-

þingi á s. l. vori lét hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, það vera ályktarorð sín, að hann skoraði á landsmenn að velta núverandi stjórn frá völdum með utanþingsaðgerðum, af því að vonlaust væri að gera það þá um sinn á löglegan hátt.

Um þetta var ekki látið sitja við orðin ein. Reynt var að efna til víðtækrar verkfallsöldu um land allt. Í fyrstu var ekki farið leynt með, að tilgangur hennar ætti að vera sá að koma stjórninni frá völdum. Úr því tilræði varð að vísu miklu minna en til var stofnað. Bráðlega var alveg frá því horfið að halda því fram, að tilgangurinn með verkföllunum væri sá að breyta til um ríkisstjórn í landinu. En það var þá fyrst gert, þegar ljóst varð, að stjórnin festist fremur í sessi við slíkar árásir en um hana losnaði.

Hinu tjáir ekki að neita, að með verkföllunum tókst að skapa enn meiri glundroða í fjármálum landsins en áður ríkti þar, og varð þó árangurinn einnig sýnu minni að því leyti en upphafsmennirnir höfðu vonað. Verkamönnum var bakað mikið tjón með langvinnu verkfalli, sem þeir engan veginn fengu bætt með þeirri kauphækkun, sem að nafninu til varð.

En tjón þjóðarheildarinnar af þessum verkföllum nemur áreiðanlega býsna mörgum milljónum króna, og er þó óbeini skaðinn enn þá meiri, sá, sem stafar af aukinni ringulreið í verðlagsmálunum, og var þó það öngþveiti ærið áður.

Þá hefur hv. Sósfl., sameiningarfl. alþýðu, haldið uppi gegndarlausum árásum á ríkisstjórnina, bæði í blöðum sínum og á mannamótum. Forkólfar hans hafa í því skyni ferðazt um landið þvert og endilangt. Og þó að messufall hafi orðið hjá þeim sums staðar og þeir hafi miklu víðar fengið daufar undirtektir hjá þeim fáu hræðum, er fengust til að hlýða á þá, er þeirra gerðin hin sama. Ofstækið og löngunin til að koma á upplausn og ringulreið hefur gert þessa hv. þm. eirðarlausa með öllu.

Sumir forystumanna Sósfl. hafa og ekki látið sér nægja að ferðast um Ísland eitt, heldur hafa þeir, svo sem hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, og annar enn frægari ferðalangur, hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, ferðazt um önnur lönd og setið þar ráðstefnur með flokksbræðrum sínum, kommúnistum þeirra landa. Er ekki að efa, að tilgangurinn hefur verið sá að sækja þangað örvun til sem rösklegastrar sóknar gegn núverandi ríkisstjórn Íslands. Auk þess, sem þeir auðvitað hafa reynt að fræða aðra um okkar hagi á venjulegan hátt. En það er önnur saga, að vísu hvorki ófróðleg né óskemmtileg, þó að ekki sé unnt að rekja hana hér.

Þó að allir núv. ráðherrar og gerðir þeirra hafi hlotið heldur óvinsamlega dóma hjá hv. Sósfl., sameiningarfl. alþýðu, held ég þó, að það sé ekki ímyndunin einber, að einna minnstrar vinsemdar hafi, a. m. k. eftir því sem á leið, gætt til mín. Það hefur margt verið að mér fundið og sumt að sjálfsögðu með réttu, eins og t. d. það, að ég sé ljótur og harla ófrýnilegur ásýndum. Er og svo að sjá, sem þeim flokksmönnum þyki innræti mitt mjög fara eftir útlitinu.

Þannig er ég t. d. í einu síðasta blaði Þjóðviljans ásakaður um að heyja kynþáttaofsóknir hér á landi fyrir þá ráðstöfun að banna skemmtanir erlendra trúða og annarra slíkra skemmtimanna, sem enginn menningarauki stafar af. Í hinu orðinu segir blaðið sjálft, að „það hefði vitanlega verið eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun að takmarka eða banna með öllu starfsemi slíkra manna og hefði átt að gerast fyrir löngu". Svo mörg eru orð blaðsins, en af því að það er ég, sem geri þessa „eðlilegu og sjálfsögðu ráðstöfun", þá er það sönnun fyrir kynþáttahatri mínu.

En hvað halda menn, að sagt hefði verið, ef ég á sama tíma og hér er skortur á nauðsynjum vegna gjaldeyrisleysis og fjöldi ungra efnismanna fær af sömu ástæðum vart eða ekki stundað nám erlendis, hefði veitt bandarískum jassleikurum dvalarleyfi hér undir því yfirskini, að það væri ekki eyðsla á erlendum gjaldeyri að borga fyrir þá farið flugleiðis fram og aftur yfir Atlantshafið milli Bandaríkjanna og meginlands Evrópu.

Sama daginn er ég ásakaður fyrir að „lögleiða innbrot hér á landi", vegna þess að ég taldi ekki ástæðu til að höfða sakamál gegn tveim opinberum starfsmönnum, sem gert höfðu gangskör að því að komast eftir, hver væri eigandi skúrs, sem stóð í heimildarleysi inni á Íþróttavellinum í Reykjavík, og gerðu síðan réttum eiganda aðvart, jafnskjótt og þeir komust að, hver hann var.

Ásakanirnar um vernd á innbrotsþjófum og kynþáttahatur eru þó vissulega smávægilegar miðað við landráðaákærurnar, sem sí og æ eru endurteknar í Þjóðviljanum.

Suma af landráðaglæpum mínum á ég þó ekki að hafa framið einn og óstuddur, því að þar er ég sagður vera í fylgd með þeim yfirgnæfandi meiri hluta Alþ., sem samþ. samninginn við Bandaríkin um brottflutning herliðs þeirra og takmörkuð afnot þeirra um sinn af Keflavíkurflugvellinum. Til viðbótar þessum almennu landráðum, sem þér, hv. þingbræður mínir, kvað hafa gert yður seka um, koma svo einkalandráð mín.

En þau eru þá ekki heldur féleg, því að ég er sagður hafa brotið hvorki meira né minna en sjálfa 3. málsgrein 91. greinar almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febr. 1940, og er lagt fangelsi, allt að 16 árum, við því broti.

Samkv. ummælum Þjóðviljans er hið eina, sem hlífir mér við þessari 16 ára fangelsisvist, það, að ég er sjálfur dómsmálaráðherra og læt því ekki höfða mál á móti hinum ægilega afbrotamanni utanríkisráðherranum.

En þó að lögspeki þeirra Þjóðviljamanna sé mikil, má þó segja, að í þessu skjótist þeim, þó skýrir séu. Ákæruvaldið út af embættisbrotum ráðherra er sem sé alls ekki hjá dómsmálaráðherra, hvort sem hann heitir Bjarni Benediktsson eða eitthvað annað, heldur samkv. 14. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands hjá sjálfu Alþingi.

Úr því að hv. Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl., telur, að slíkur afbrotamaður sitji í sæti utanríkisráðherra, er það þess vegna skylda þingmanna hans, en ekki dómsmálaráðherrans, að hlutast til um, að mál sé höfðað á móti honum.

Ég tel víst, að hinn virðulegi flokkur láti ekki fremur í þessu en öðru sitja við orðin ein. Bíð ég þess því með eftirvæntingu, að fram komi á Alþ. tillaga um ályktun slíkrar málshöfðunar.

Hið eina, sem ég þá get glaðzt yfir, er, að hér skuli ekki vera í lögum ákvæði, sem var í sumum hegningarlögum áður fyrri, að hegningar fyrir mörg afbrot voru allar lagðar saman án nokkurs frádráttar.

Eftir þeim lögum mundi ég vafalaust hafa verið

dæmdur til margfalds og ítrekaðs lífláts, ekki sízt eftir að upp komst hinn síðasti af stórglæpum mínum, sem Þjóðviljinn skýrir frá með margfaldri fyrirsögn s. l. sunnudag, sem sé, að ég hafi þá á laugardag neitað að tala við sjálfan Ammendrup, þann, sem vildi flytja inn jassleikarana amerísku.

Mikilvægi þess atburðar var slíkt, eftir frásögn blaðsins, að helzt minnti á, þegar Vilhjálmur I. Prússakonungur neitaði að tala við sendiherra Frakkakeisara og hratt þar með af stað stríðinu 1870.

Ástæðan til þess, að flutningur málshöfðunartillögunnar gegn mér hefur dregizt, er auðsjáanlega sú, að áður en þingmönnum hv. Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl., vannst tími til að sinna skyldum sínum gagnvart íslenzkum almenningi, urðu þeir að hlýða boði þess húsbónda, sem þeir meta miklu meira en alþýðuna hér á landi, svo sem fram kemur í flutningi máls þess, sem hér er til umræðu.

Jafnvel þó að glæpir mínir séu miklir og margvíslegir, er, eins og ég áður drap á, langt frá því, að þeir séu hinir einu, sem núverandi ríkisstjórn á að hafa framið. Öll er ríkisstjórnin sögð glæpunum ofurseld. Það mundi taka allt of langan tíma að telja öll afbrot hennar upp, en segja má, að kjarna ásakananna sé þjappað saman í greinargerð tillögu þeirrar, sem nú er til umræðu, þar sem sagt er:

„Ráðherrar núverandi ríkisstjórnar — eru reyndir að því að ofurselja erlendu stórveldi dýrmæt landsréttindi þvert ofan í vilja þjóðarinnar og eru nú að vinna að því að eyðileggja afkomumöguleika hennar og rýra lífskjör almennings í hvívetna —."

Eftir þessar geipilegu ásakanir hefði mátt vænta þess, að hv. flm., 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, hefði látið það verða sitt fyrsta verk á þessu nýsamankomna Alþingi að flytja tillögu um að hindra stjórnina í einhverju af hinum mörgu eyðileggingarverkum hennar, því að ekki hefði átt að standa á honum, svo fjölfróðum manni og víðreistum, að gera nánar grein fyrir þeim. Og ef það var einhverjum vandkvæðum bundið, var þó það ráð fyrir hendi að flytja vantraust á svo vonda stjórn. Ekki hefði átt að vera erfitt að rökstyðja það. Hitt er óneitanlega nokkuð veik vörn gegn öllum þessum ófarnaði og ósköpum, að skora á skemmdarvargana sjálfa að gefa skýrslu um sín skuggalegu áform, svo sem hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, ætlast nú til.

En hv. 2. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni, finnst allt annað mega sitja á hakanum fyrir einu stórmáli, sem hann endilega varð að koma á framfæri.

Svo er mál með vexti, að úti í löndum, suður í París, var í sumar haldin ráðstefna um viðreisn Evrópu. Franska og brezka ríkisstjórnin boðuðu til þessarar ráðstefnu og buðu þangað öllum ríkjum í Norðurálfu, að undanteknum Spáni einum. Ástæðan til þess, að efnt var til ráðstefnu þessarar, var vaxandi öngþveiti í efnahagsmálum Norðurálfu, en um þann voða hafði Mr. Marshall, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, talað í ræðu, sem hann hélt í Harward 5. júní s. l. Hét hann þá Norðurálfuþjóðunum stuðningi Bandaríkjanna, ef þær legðu fram skýrslu um þarfir sínar og framleiðslugetu og legðu enn fremur fram gild rök fyrir því, að væntanleg fjárhagsaðstoð Bandaríkjanna yrði til þess notuð fyrst og fremst að koma iðnaði Evrópuþjóðanna og matvælaframleiðslu í það horf, að þær gætu af eigin afrakstri séð sér farborða.

Nú er það að vísu umdeilanlegt, hversu mikinn þátt Íslendingar eigi að taka í alþjóðasamtökum, en fátt varðar þá þó meira en að þjóðir Norðurálfu rétti við. Ef fátækt og vandræði haldast við með þessum þjóðum, er ljóst, að sá faraldur hlýtur að berast á örskammri stundu til Íslands. Að vísu getum við ekki lagt mikið af mörkum til viðréttingar nágrönnum okkar. Eftir okkar litlu getu er okkur þó skylt, bæði annarra vegna, en þó umfram allt sjálfra okkar vegna, að taka þátt í uppbyggingarstarfinu. Það lá því í augum uppi, að við hlutum að taka þátt í þessari ráðstefnu, sem tvær af okkar beztu vina- og viðskiptaþjóðum efndu til.

Ríkisstjórnin varð um þetta sammála svo og utanríkismálanefnd, þegar málið var undir hana borið á fundi 7. júlímánaðar s. l. Þar var aðeins einn, sem skarst úr leik, hv. fulltrúi Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl., 6. þm. Reykv., Sigfús Sigurhjartarson. Mótbára hans var þó í fyrstu aðeins sú, að við ættum að bíða þangað til sýnt væri, hverja afstöðu hin Norðurlöndin tækju til þessa boðs, þó að það hefðist upp úr honum að lokum, að hann væri á móti því, að við þægjum boðið.

Danmörk, Noregur og Svíþjóð höfðu þá efnt til fundar um þetta, án þess að kveðja Ísland til. Þótti öllum öðrum en hinum háreista og djarfhuga hv. 6. þm. Reykv., Sigfúsi Sigurhjartarsyni, ástæðulaust að bíða ákvörðunar fundar, þar sem við værum hvergi nærri og ekki til kvaddir.

Á sínum tíma kom það einnig í ljós, að öll þessi þrjú ríki tóku sömu ákvörðun og Ísland hafði gert, sem sé þá að þiggja boðið. Ríkisstjórnir þeirra mátu hagsmuni landa sinna á hinn sama veg og ríksstjórn Íslands og utanríkismálanefnd höfðu metið íslenzka hagsmuni.

Raunin varð sú, að öll ríkin, 16 að tölu, í vestur- og mið-Evrópu, sem boðið fengu, tóku því. En því miður höfnuðu Rússar og nokkrir nágrannar þeirra boðinu. Það getur ekki verið hlutverk íslenzku ríkisstjórnarinnar að átelja afstöðu þeirra ríkja, sem ekki vildu þekkjast boðið. Stjórnir þeirra ráða gerðum sínum án þess að þurfa um þær að sækja dóm undir okkur. Hins vegar getur engum óblindaðum Íslendingi blandazt hugur um, að lítt hefði land okkar vaxið eða orðið öfundsvert af afstöðu sinni, ef það hefði bætzt í hóp þeirra, sem boðinu neituðu.

En það voru ekki aðeins stjórnarvöldin í Austur-Evrópu og á Balkan, sem neituðu þátttöku í Parísarráðstefnunni, heldur hófu kommúnistar um gervallan heim heilagt stríð gegn ráðstefnunni. Sá eldmóður krossfarans, sem nú hefur gripið hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, út af þessu máli, hefur einhvern veginn borizt með austanblænum hingað til landsins.

Það er þessi óskiljanlegi austanandvari, sem ætíð leikur um forystumenn hv. Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl., sem hefur hvíslað því að hv. 2. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni, að það, sem íslenzku þjóðinni riði nú mest á af öllu, væri að gera Parísarráðstefnuna tortryggilega. Þá viðleitni yrði að setja ofar öllu öðru. Henni yrði að helga fyrsta mál stjórnarandstöðunnar á þessu nýja þingi. Öll skemmdarverk hrunstjórnarinnar illu yrðu að liggja í láginni á meðan tekið væri undir sönginn að austan um voðann, sem stafaði af Parísarráðstefnunni.

En þeir segja mest af Ólafi konungi, sem hvorki hafa heyrt hann eða séð. Ef til vill hefði og verið hægt að egna menn hér á landi til haturs gegn Parísarfundinum, ef engar fregnir hefðu af honum

borizt nema með austanblænum. En hvaða gagn það hafur átti svo að gera íslenzku þjóðinni, er raunar allt annað mál.

En nú vill svo vel til, að einn ágætur Íslendingur, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, fylgdist með störfum Parísarfundarins sem erindreki íslenzku stjórnarinnar. Davíð hefur gefið ýtarlega skýrslu um ráðstefnuna og sérstaklega þátttöku Íslands í henni, en hann var sá fulltrúi, sem allan starfstíma fundarins fór með umboð Íslands.

Skýrsla Davíðs er því miður svo löng, að ég get nú ekki lesið hana alla og skal því aðeins drepa á nokkur höfuðatriði, og munu menn þá sjá, að eðli ráðstefnunnar var allt annað en hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, vill láta menn halda.

Aðalverkefni ráðstefnunnar var að safna gögnum um, hvað helzt væri hægt að gera til endurreisnar Evrópu, og semja framleiðsluáætlun samkv. upplýsingum þeirra landa, sem þátt tóku í ráðstefnunni. Um þetta segir Davíð Ólafsson:

„Til þess að tryggja það, að svo miklu leyti sem að þeim snýr, að endurreisn Evrópu verði framkvæmd, samþykkja hinar þátttakandi þjóðir að gera sitt til

1) að auka framleiðsluna, aðallega á kolum og matvælum, eftir föngum.
2) að nota til hins ýtrasta framleiðslugetu sína, bæði hvað snertir vinnuafl og tæki.
3) að fullkomna framleiðslutæki sín og samgöngutæki sín og samgöngutæki svo sem frekast er unnt, og auka þannig afkastagetu vinnuaflsins, vinnuskilyrði verði bætt og afkomumöguleikar Evrópuþjóðanna bættir.
4) að vinna saman innbyrðis og hafa samvinnu við aðrar þjóðir, sem þess óska, að öllu því, sem leiða mætti til lækkandi tolla og minnkandi hindrana á milliríkjaviðskiptum.
5) að hafa samvinnu um nýtingu sameiginlegra gæða."

Þarna er það í mjög stuttu máli rakið, sem Evrópuþjóðirnar ætla af sinni hálfu að gera til að rétta hag sinn við. Ég sé ekki, að það sé neitt iskyggilegt eða nokkuð það, sem Ísland geti haft skömm eða skaða af að taka þátt í. Þvert á móti sýnist mér, að hér sé um stórfellda nýsköpun að ræða, nýsköpun, sem er alveg sama eðlis og okkar íslenzka nýsköpun, sem Einar Olgeirsson áður fyrri vissulega lét sér annt um, áður en austanvindurinn feykti honum af réttri leið.

Þátttaka Íslands í þessum áformum, sem sannarlega geta miklu góðu til vegar komið fyrir þann hluta heimsins, er við byggjum, var fólgin í því að gera grein fyrir, hverjar nauðsynjar við þurfum að fá innfluttar nú og á næstu árum. En þær nauðsynjar þarf að mestu leyti að sækja til þeirra þjóða, sem að ráðstefnunni stóðu. Í sambandi við þetta var einnig gerð grein fyrir gjaldeyrisástandi og horfum, eftir því sem þá voru gögn fyrir hendi suður í París.

Umfram allt beindist þó þátttaka Íslands að því að minna þær þjóðir, sem þarna voru samankomnar, á, að Ísland hefði til sölu fisk, sem þær gætu notað. Mun það öllum vera augljóst, að það er lífsskilyrði fyrir Íslendinga, að í áætlunum um endurreisn Norðurálfu sé hæfilegt tillit tekið til fiskveiðanna og séð fyrir, að sem flestir geti orðið neytendur fiskjar, bæði sjálfum sér og framleiðendunum til gagns.

Fulltrúi Íslands beindi áhrifum sínum einkum að því að brýna þetta fyrir mönnum. Skal ekki um það sagt, að hverju gagni það kemur. En hitt er ljóst, að ekki hefði okkar hlutur orðið betri, ef fiskurinn hefði alveg fallið niður, þegar rætt var um matarþörf þessara Evrópuþjóða og áætlanir gerðar um fullnæging hennar.

Því miður er efnahagur margra Evrópuríkja svo slæmur eftir eyðileggingar styrjaldarinnar, að þeim er um megn að standa sjálf straum af endurreisnarstarfinu. Þess vegna er það von þeirra, að áætlanir þessar verði grundvöllur þess, að Bandaríkin veiti þeim fjárhagslegan tilstyrk.

Ísland er hins vegar ekki í hópi þeirra þjóða, sem hafa beðið um slíka aðstoð, og við skulum vona, að við berum gæfu til að haga svo málum okkar, að við þurfum ekki á henni að halda.

Um þetta segir í skýrslu Davíðs Ólafssonar:

„Þjóðir þær, sem þátt tóku í ráðstefnunni, voru mjög misjafnlega á vegi staddar fjárhagslega, en verst var að sjálfsögðu ástandið í þeim löndum, sem styrjöldin geisaði í og hafði valdið miklum eyðileggingum á mannvirkjum.

Ýmsar af þeim þjóðum, sem þátt tóku í ráðstefnunni, voru þó ekki þangað komnar í því skyni að verða beint aðnjótandi væntanlegrar aðstoðar frá Bandaríkjunum, heldur var tilgangur þeirra sá að hafa samvinnu við aðrar þjóðir Evrópu um endurreisn álfunnar, þar sem þær álitu réttilega, að ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir velmegun þeirra sjálfra væri, að sú endurreisn mætti takast sem fyrst.

Frá Íslands hálfu lá engin ósk fyrir um fjárhagslega aðstoð. — Hins vegar getur það orðið mjög þýðingarmikið fyrir okkur, ef þær þjóðir, sem gjarnan vildu kaupa framleiðslu okkar, en geta það ekki vegna gjaldeyriserfiðleika, fengju þá aðstoð, sem vænzt er eftir. Mundi það hafa í för með sér aukna framleiðslu viðkomandi þjóða og minnkandi gjaldeyriserfiðleika. Enn fremur væri það þýðingarmikið, ef takast mætti, sem afleiðing af fjárhagslegri aðstoð til þeirra þjóða, sem þess óskuðu, að losa nokkuð um þær viðjar, sem öll milliríkjaviðskipti eru nú hneppt í, og loks, ef sá árangur yrði, sem vonir standa til, að samvinna Evrópuþjóðanna á sviði fjármála og viðskipta gæti leitt til aukinna milliríkjaviðskipta og aukinnar velmegunar þjóðanna, en það var álit ýmissa þeirra, sem þátt tóku í ráðstefnunni og kunnugir eru þessum málum, að aldrei hefði komið fram jafneindreginn vilji til samstarfs eins og á þessari ráðstefnu."

Að svo stöddu skal ég ekki fara fleiri orðum um þátttöku Íslands í Parísarfundinum. Sú þátttaka miðaði að því að forða Íslandi frá því að taka stórfelld lán. Alveg þvert á móti því, sem hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, gefur í skyn í hinni austrænu þingsályktunartillögu sinni.

Enda er það eindregin stefna núverandi ríkisstjórnar, að Íslendingar verði í allra lengstu lög að komast yfir núverandi örðugleika án erlendrar lántöku. Þar sem stefna hv. 2. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, og félaga hans hlýtur hins vegar óhjákvæmilega að leiða til þess, ef ofan á verður, að Íslendingar á skammri stund lendi á kafi í skuldum, ef þeir eiga ekki að selja ákvörðunarvald í sínum eigin málum með fiskinum, eins og orð hv. 2. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, og félaga hans óneitanlega stundum hníga að.

Í áróðri sínum í sumar hafa þeir félagar haldið

því mjög á lofti manna á milli, að auðvelt væri að selja allar íslenzkar afurðir í Austur-Evrópu fyrir svo hátt verð, að núverandi verðlagi mætti halda hér á landi, einungis ef vinveitt stjórn þessum þjóðum færi hér með völd.

Því miður hefur hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, og skoðanabræður hans aldrei í alþjóðar áheyrn útskýrt, hvað þeir eigi við með þessum fullyrðingum sínum.

Ef þeir meina það, sem óneitanlega virðist felast í orðum þeirra, að aðrir en Íslendingar eigi að segja til um, hverjir sitji í ríkisstjórn á Íslandi, er öruggt, að sá boðskapur fær lítinn hljómgrunn meðal íslenzku þjóðarinnar. Stjórnir fara og koma, og í frjálsu þjóðfélagi mun seint verða mynduð sú stjórn, að öllum líki og svo sé háttað, að hún sitji að eilífu. En eitt er víst, og það er, að á meðan Íslendingar ráða nokkru sjálfir um mál sín, ætlast þeir til, að þeir einir og engir aðrir kveði á um, hvaða stjórn sitji á Íslandi hverju sinni.

Því fer og fjarri, að þessir hugarórar hv. 2. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, og félaga hans eigi nokkra stoð í veruleikanum. — Samninganefndir, sem nú hafa farið víðsvegar um lönd, hafa hvergi orðið þess varar, að andúð á íslenzku ríkisstjórninni réði neinu um það, hversu samningar um fiskverð og lýsis tækjust.

Þar hefur þvert á móti hvarvetna komið fram sama skoðunin, sem samninganefndin austur í Moskva hefur eftir viðsemjendunum rússnesku, er „þeir sögðust sem góðir kaupmenn gera kaupin þar, sem þau væru hagkvæmust. Við yrðum að vera samkeppnisfærir í verði, ef við vildum selja varning okkar. — Verðlagsmálin á Íslandi þóttu þeim vera vandi stjórnarinnar þar, en ekki ráðstjórnarinnar í Moskva."

Þessi hollráð hinna rússnesku samningamanna eru áreiðanlega af heilum huga mælt. Ráðstjórnin austur í Moskva kaupir af þeim, sem bezt kaup býður, og ætlar sér ekki að leysa verðlagsvandræði okkar með því að gefa okkur hærra verð en hún þarf að greiða öðrum. Hún mun ekki leysa okkar vanda, frekar en við ætlum okkur ekki þá dul að segja Rússum fyrir, hvernig þeir skuli hátta sínum málum. Skipti sjálfstæðra þjóða geta ekki orðið á öðrum grundvelli en þessum, og það er sannarlegt gleðiefni, að viðskiptaþjóðir okkar skuli hafa á þessu hinn sama skilning og við.

Hitt þarf ekki heldur að fara mörgum orðum um, að íslenzka ríkisstjórnin núverandi sé óvinsamleg þjóðunum í Austur-Evrópu. Það er þvert á móti eindregin ósk og vilji ríkisstjórnarinnar, að sem mest vinátta megi haldast á milli okkar litlu þjóðar og allra annarra þjóða og þar á meðal hinna miklu þjóða, sem þann heimshluta byggja.

Um sjálfan mig er það sannanlegt, að ég átti í því engu minni hlut, ef ekki meiri, en hv. þm. Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl., að á sínum tíma var stofnað íslenzkt sendiráð í Moskva, og ég hef ætíð verið eindreginn talsmaður þess að hafa eðlileg, vinsamleg skipti við Rússland, eins og önnur Austur-Evrópuríki. Hitt er allt annað mál, þó að meginþorri Íslendinga telji sér ekki ávinning af að taka upp sama stjórnarfar og þær hafa, frekar en þær vilja taka okkar stjórnarfar sér til fyrirmyndar.

Í umræðum hér á hv. Alþingi s. l. vor kallaði hv. 4. landsk. þm., Brynjólfur Bjarnason, mig stríðsæsingamann, af því að ég tel kommúnistiskt stjórnarfar ekki henta á Íslandi. Þetta heiti er eitt þeirra, sem austanandvarinn sífellt blæs í málpípur hv. Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl. Verður þó að segja það eins og er, að þetta orð hljómar einstaklega illa í munni hv. 4. landsk. þm., Brynjólfs Bjarnasonar, og nánustu félaga hans. Því að þeir eru einmitt einu stríðsæsingamennirnir, sem þetta land hefur alið, a. m. k. á seinni öldum. — Kærleikar þeirra til mín, sem óneitanlega voru allheitir um skeið, byrjuðu einmitt að kólna, þegar ég beitti mér gegn þeirri ráðagerð þeirra að steypa Íslandi í stríð á móti Japönum og Þjóðverjum snemma árs 1945.

En af hverju er jafngreindur maður eins og hv. 4. landsk. þm., Brynjólfur Bjarnason, með svona uppnefni, og hvers vegna er jafngott skinn og hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, óneitanlega er að skrökva upp fjandskap til vinsamlegra þjóða og fyrirrætlun um kúgun á almenningi?

Það er vegna þess, að taumlaus útþenslu- og kauphækkunarstefna þeirra hefur nú leitt þjóðina í ógöngur.

Af einhverjum orsökum vilja þeir ekki snúa við, heldur halda lengra í ófæruna. Þess vegna reyna þeir að telja mönnum trú um markaði, sem ekki eru til. En af því að ómögulegt er, að venjulegir mennskir menn grípi ekki fegins hendi ágætum sölumöguleikum á framleiðslu landsins, ef fyrir hendi væri, er ríkisstjórninni lýst sem samsafni úrhraka og stórglæpamanna.

Sjálfir vita þó þessir menn, að allt hjal þeirra um óendanlega markaði fyrir afurðir okkar í Austur-Evrópu fyrir það verð, sem okkur lystir, er því miður af sama toga spunnið og vefur hv. þm. Siglf., Áka Jakobssonar, fyrir réttu ári, þegar hann þóttist vera að semja við hr. Semenov um afurðir okkar. Rétt stjórnarvöld rússnesk tættu þann heilaspuna í sundur, strax og til þeirra kasta kom, og sögðust ekki, sem von var, kaupa aðrar vörur en þær, sem Rússar hefðu þörf fyrir, og ekki af okkur, nema við værum samkeppnisfærir við aðra.

Sama er reynslan hvarvetna. Á þessu ári hefur einmitt verið reynt rækilegar en nokkru sinni fyrr að selja vörur okkar í Austur-Evrópu. Ástæðurnar til, að það hefur ekki tekizt betur en raun ber vitni um, eru, að þessar þjóðir eru engar góðgerðastofnanir.

Á meðan við erum ósamkeppnisfærir vegna verðbólgunnar og of mikils kostnaðar við framleiðsluna, bíða okkar vonbrigði og erfiðleikar.

Þegar við komum málum okkar í lag, eins og við einir getum gert og verðum að gera, bíða okkar farsælli tímar og meiri möguleikar en nokkru sinni fyrr.

Forseti (BSt): Hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, hefur nú lokið máli sínu. Tekur þá til máls hæstv. menntmrh., Eysteinn Jónsson, og talar af hálfu Framsfl.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þessar útvarpsumræður eru haldnar að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, enda þótt flokkur utanríkisráðherrans hafi flutt óskina um umræðurnar.

Það hefur ekki verið óskað eftir útvarpsumr. um þessa þáltill. vegna þess, að hún sé í sjálfu sér svo merkileg, því fer fjarri, að svo sé, þótt hún víki að merku máli — Parísarráðstefnunni. Hins vegar er þáltill. og greinargerð hennar gott sýnis-

horn af andlegu ástandi leiðtoga kommúnista og gefur býsna góðar hugmyndir um bardagaaðferðir þeirra og merk að því leyti. Tillagan og greinargerð hennar gefa einnig tilefni til, að rætt sé nokkuð almennt um vandamálin og þann ofsafengna áróður, sem nú er rekinn gegn því, að þjóðin sameinist um viðreisnarstarfið.

Ýmsir munu ef til vill segja sem svo, að umræður séu orðnar nógu miklar. Nú eigi að tala minna og gera meira en áður. Það er hverju orði sannara, að hefjast þarf handa, og biðin er orðin allt of löng og tjónið af því óbætanlegt. En menn verða að minnast þess, að í þjóðfélagi hinna mörgu flokka er allt nokkuð þungt í vöfunum. Auk þess verða menn að hafa í huga, að stórfelldar ráðstafanir verða helzt að styðjast við góða þekkingu almennings á ástandinu, og því má vænta gagns af umræðum í útvarp frá Alþingi, þó tillögur um lausn vandans séu ekki fram komnar enn þá á þessu þingi.

Með tillögu þessari er farið fram á, að Alþingi álykti, að ríkisstjórnin skuli gefa skýrslu um þátttöku sína í Parísarráðstefnunni og sérstaklega um beiðni sína um lán hjá amerískum bönkum eða hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna.

Það kemur engum á óvart, þótt kommúnistar ætli að ærast út af Parísarráðstefnunni. Það er svo sem ekki nema sjálfsagt, þegar þess er gætt, að Rússar voru andvígir þeirri ráðstefnu og hafa sagt sínum undirsátum í öðrum löndum að sameinast í baráttunni gegn henni og því, sem þar fór fram, og gegn því, að Evrópa verði leyst úr rústum í samvinnu við Bandaríkin. Það er þá einnig sjálfsagt, að þessi þjónusta sitji fyrir og að um þetta fjalli fyrsta mál kommúnista á þessu þingi.

Hitt kemur ekki heldur neinum á óvart, sem þekkir starfsaðferðir kommúnista, þótt þeir krefjist skýrslu um lánbeiðni ríkisstjórnarinnar hjá amerískum bönkum eða ríkisstjórn Bandaríkjanna, enda þótt vitað sé, að þeir viti það, að ekki hefur verið beðið um slíkt lán, hvorki í sambandi við Parísarráðstefnuna né í öðru sambandi. En þessum atriðum hafa nú þegar verið gerð skil af öðrum, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara lengra út í það.

Ég snýr mér því að því, sem þingsályktunartillagan og framkoma kommúnista yfirleitt gefur eigi síður tilefni til, að rætt verði.

Í greinargerð þingsályktunartillögunnar, — sem er eitt hið furðulegasta og ósvífnasta plagg, sem sýnt hefur verið á Alþ., — er þannig til orða tekið, að ráðh. núverandi ríkisstjórnar séu reyndir að því að vinna að því að eyðileggja afkomumöguleika þjóðarinnar og rýra lífskjör almennings í hvívetna. Þessar furðulegu og sjúklegu staðhæfingar eru í fullu samræmi við allan málflutning kommúnista um þessar mundir, og hafa þeir ferðazt um landið þvert og endilangt til þess að flytja þjóðinni þennan boðskap. En áður en þeir lögðu af stað í leiðangurinn, var haldinn stjórnmálafundur í Rvík og gefin út eins konar dagskipan í blaði kommúnista, en aðalefni hennar var þannig, orðrétt:

Ríkisstjórnin hefur unnið kappsamlega og markvíst að því að stöðva atvinnuframkvæmdir í landinu og koma á atvinnuleysi þegar á þessu hausti."

Og enn fremur segir:

„Heildsalarnir hafa verið látnir eyða gjaldeyri þjóðarinnar gegndarlaust, ríkisstjórnin hefur vegna pólitísks ofstækis selt afurðir landsins fyrir minna verð en hægt hefði verið að fá, og í skjóli þess gjaldeyrisskorts, sem ríkisstjórnin þannig hefur skapað, á að hefja árásir á afkomu launþega og almennings í landinu, rýra lífskjörin, lækka launin — allt í þeim tilgangi, að heildsalar og annar stórgróðalýður geti haldið áfram að græða."

Þannig hljóðaði dagskipanin, þannig er málflutningurinn og hefur verið, og þannig er haldið áfram í greinargerð þeirrar þingsályktunartillögu, sem hér liggur fyrir, svo sem ég vék að áðan. Aðalefnið er þetta: Ríkisstjórnin skapar gjaldeyrisskort, atvinnuleysi og hrun, af því að hún hefur það að aðaláhugamáli að skerða lífskjör þjóðarinnar. Það þarf mikla trú á heimskuna og mannvonzkuna til þess að ímynda sér, að málflutningur eins og þessi beri árangur, og upp á andlegt fóður þessarar tegundar býður enginn nema sá, sem haldinn er ríkri mannfyrirlitningu.

Fyrst þessu er haldið fram, og það jafnvel á sjálfu Alþingi, þá verður víst ekki hjá því komizt að gera þessum áburði einhver skil, þótt menn hefðu mátt vænta þess, að þroski íslenzku þjóðarinnar væri þannig, að menn bæru ekki slíkt á borð fyrir hana.

Ríkisstjórnin er að skapa gjaldeyrisskort, kreppu, hrun og atvinnuleysi af ásettu ráði til þess að geta rýrt lífskjör almennings! Þetta mundi þá vera aðalkjarni þess boðskapar, sem stjórnarandstaðan á Íslandi hefur upp á að bjóða á því ári 1947, á þriðja ári lýðveldisins.

„Af ásettu ráði" er aðalatriðið, það verður að vera með, því það á að vera skýringin á því, að stjórnin ekki vilji fá gott verðlag fyrir afurðirnar, og kem ég að því síðar.

Ég held nú, að þeir menn, sem láta sér til hugar koma, að nokkur ríkisstjórn skapi að yfirlögðu ráði kreppu til þess að geta rýrt afkomu almennings á meðan hún situr að völdum, séu í því ástandi andlega, að þeir þurfi annarrar hjúkrunar við en þeirrar, sem hægt er að veita í svona umræðum, og fer ég ekki lengra út í það.

Hitt er annað mál, að gjaldeyrisskortur og kreppa geta stafað af rangri stjórnarstefnu, og þótt það ætti að vera óþarfi að ræða þá sjúklegu fullyrðingu kommúnista, að núverandi ríkisstjórn vinni markvíst að því að skapa erfiðleika, þá er rétt að gera þeirri spurningu nokkur skil, sem ævinlega á að vera vakandi: Af hverju stafa þessi ægilegu fjárhagsvandræði, — hefur núverandi ríkisstjórn skapað þau, — ekki að yfirlögðu ráði, heldur af því henni hafi missýnzt eða mistekizt?

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að minna á, hvernig ástatt var í landinu, þegar núverandi ríkisstjórn tók við, af því að það er svo stutt síðan, — en hún tók við um leið og kommúnistar hrökkluðust frá völdum, ásamt þeim, sem stýrt höfðu í félagi við þá. Við íhugun á þessu mætti ef til vill komast að niðurstöðu um, hvort það sé réttlátur dómur, að þeir stórfelldu erfiðleikar, sem þjóðin á nú við að stríða, séu skapaðir af núverandi stjórn, eða hvort það séu einhverjir aðrir, sem við slíka sköpun gætu orðið bendlaðir. Og ef til vill á hið ólíklega eftir að koma í ljós, að þeir, sem hæst hrópa að núverandi stjórn, þegar hún leitast við að komast út úr erfiðleikunum, eigi ekki minnstan þátt í því, hve illa er komið.

Núverandi ríkisstjórn tók við í febrúarmánuði þessa árs. Í gjaldeyrismálum var þá þannig ástatt,

að innstæðurnar, sem til voru þá, voru ekki nægilega miklar til þess að standa undir bankaábyrgðum, sem búið var að takast á hendur, og leyfum þeim, sem nýbyggingarráð hafði gefið út. Vantaði þá fyrir nokkrum milljónum af nýbyggingarleyfum og bankaábyrgðum og marga milljónatugi og þó réttara hundruð millj. til þess að mæta því, sem búið var að gefa út af öðrum leyfum eða búið var að ráðstafa með bindandi vörukaupum með samþykki yfirvaldanna. Þannig var öllum gjaldeyrinum ráðstafað, þegar þessi ríkisstjórn tók við, og gjaldeyrisskortur óumflýjanlegur. Hafði þá verið ráðstafað á tveimur síðustu árum yfir 1,2 milljarði kr.

Peningamál ríkisins stóðu þannig, þegar stjórnin tók við, að ríkissjóður og ríkisstofnanir skulduðu a. m. k. 20 millj. á yfirdráttarreikningum í Landsbankanum, og ástandið í fjárhagsmálum landsins og ríkisins var slíkt að öðru leyti, að ríkislán eða lán með ríkisábyrgð voru ófáanleg svo nokkru næmi.

Sjávarútvegurinn stóð þannig, að þess var enginn kostur, að nokkur fleyta yrði hreyfð á sjó um áramótin síðustu fyrir það verð, sem líklegt var, að fengist fyrir fiskinn á erlendum markaði, og svo gífurlega hafði framleiðslukostnaðurinn vaxið, að í stað 50 aura verðs, sem dugði á vertíðinni á undan, var 65 aura verð talið lágmark. Hraktist Alþingi út í það að taka til bráðabirgða ríkisábyrgð á öllum fiskútflutningi bátaflotans, án þess að nokkuð væri vitað um sölumöguleika erlendis. Þetta var gert til þess að komast hjá stöðvun þá, þar sem engin forusta var um haldkvæm úrræði.

Stjórn sjávarútvegsmála var eitt af sérsviðum kommúnista í ríkisstjórninni, sem fór og hafði farið þannig úr hendi, að bátaútvegurinn er yfirleitt sokkinn í skuldir í lok mikilla uppgangstíma allra annarra. Þetta stafar blátt áfram af þeirri verðbólgustefnu, sem kommúnistar og fleiri hafa fylgt. En kommúnistar hafa leikið þann leik að gæla við útvegsmenn og sjómenn á sama tíma sem þeir hafa hrint útveginum út í skuldafenið á nýjan leik.

Þegar núverandi ríkisstjórn tók við, voru afurðasölusamningar ógerðir um nær allar útflutningsvörur landsmanna.

Ástandið í húsnæðismálum var verra en það hefur nokkru sinni orðið, og fjáröflun til bygginga stöðvuð, leiguokur og svartur markaður stóð með meiri blóma en nokkru sinni fyrr.

Nýsköpunarframkvæmdirnar stóðu þannig, að fjáröflun til þeirra var stöðvuð, fjárfestingarkontrol vantaði og alla hemla á eyðslu og því fullkomið handahóf ríkjandi um það, hvort nauðsynlegar framkvæmdir sætu fyrir eða aðrar ónauðsynlegri.

Dreifing stríðsgróðans, með verðbólguna að áhaldi, hafði tekizt þannig, að aldrei höfðu verið til í landinu jafnmargir milljónamæringar, eftir því sem kommúnistar sjálfir sögðu og segja, og ástandið allt var á þá lund, að fjórir hagfræðingar, tilnefndir af stjórnarflokkunum, komust að þeirri niðurstöðu, að gagngerðar ráðstafanir þyrfti að gera, gagngerð stefnubreyting þyrfti að eiga sér stað í fjárhagsmálum þjóðarinnar, ef forða ætti frá miklu hruni. Og þessir fjórir hagfræðingar slá því föstu, að ástandið sé orðið svo alvarlegt, að þetta geti ekki orðið nema með þátttöku almennings. Um það segja þeir svo:

„Þegar hér er komið lestri þessa þáttar álitsgerðarinnar, hefur sú spurning án efa vaknað í huga lesanda, hvort nauðsynlegt sé nú, þegar öllu er á botninn hvolft, að grípa til nokkurra þeirra ráðstafana, er gerð hefur verið grein fyrir hér að framan og allar hafa óhjákvæmilega í för með sér meiri og minni óþægindi og skerðingu lífskjara fyrir fleiri eða færri þegna þjóðfélagsins."

Og enn fremur segja þeir svo á bls. 72:

„Eins og viðhorfið er orðið nú, telur nefndin óhjákvæmilegt, að nokkrar byrðar verði lagðar á launastéttirnar og á bændastéttina í sambandi við festingu þá á launum og afurðaverði, sem hún telur nauðsynlega. Þar með er vitanlega ekki sagt, að þessar stéttir einar eigi að bera kostnaðinn við lausn dýrtíðarmálsins."

Þetta var nú þá — á meðan kommúnistar enn þá sátu í ríkisstjórn, — ekki gat núverandi stjórn, sem ekki var orðin til, skapað þetta ástand.

Einn af þessum hagfræðingum var frambjóðandi kommúnista í síðustu alþingiskosningum, Jónas Haralz.

Þegar þessar staðreyndir allar saman, sem nú hafa nefndar verið, eru athugaðar, þá undrast menn það blygðunarleysi, sem fram kemur hjá kommúnistum, sem sátu í ríkisstjórn áður en núverandi stjórn tók við, þegar þeir halda því fram, að núv. stjórn hafi skapað gjaldeyrisskort og búið til kreppu. Mætti þó fleira til tína af sama tagi.

Þeir halda ef til vill, kommúnistar, að þjóðin meti það við þá, að þeir hafa stofnað til þessa og hlaupið svo burt frá öllu saman, þegar afleiðingarnar fóru að verða auðsæjar og erfiðleikar að berja að dyrum.

Það væri einnig full ástæða komin til þess að krefjast þess af kommúnistum, að þeir gerðu grein fyrir, hvað þeir voru að gera í ríkisstjórn þessi tvö ár, sem þeir voru þar, og að hverju leyti ástandið, sem þeir hafa átt sinn þátt í að skapa, hefur orðið til hagsbóta fyrir alþýðustéttirnar, sem þeir þykjast bera fyrir brjósti.

Þetta, sem nú hefur verið sagt um það, við hverju tekið var, ætti að duga til þess að sýna, að núv. ríkisstjórn hefur ekki skapað erfiðleikana, hvorki viljandi né óviljandi.

Kemur þá að því, hvort stjórnin hafi nú þegar læknað sjúklinginn, sem hún tók við. Því er ekki hægt að svara játandi, en með réttu tel ég, að segja megi, að starfið í þá átt hafi verið hafið, og kem ég að því síðar.

Áður vil ég víkja enn að kommúnistum og furðulegum kenningum þeirra um það, að ríkisstjórnin hafi ekki viljað selja afurðir landsmanna fyrir hæsta verð og að óþarft sé að hafa áhyggjur af hinum gífurlega háa framleiðslukostnaði Íslendinga og fjármálaöngþveitinu, þar sem auðvelt sé að selja alla framleiðslu landsmanna fyrir nægilega hátt verð til þess að bera kostnaðinn og lækna fjármálaöngþveitið.

Aftur hljóta menn að undrast, hversu lítið forkólfar kommúnista meta dómgreind manna, — eða hafa þeir haldið, að þeim yrði sleppt við að gera grein fyrir þessum fullyrðingum sínum frammi fyrri þjóðinni? — Dettur þeim í hug, að nokkur maður með fullu viti taki svona órökstuddar fullyrðingar sem góða og gilda vöru? Og halda þeir, að þeir geti komizt hjá því að gefa glöggar upplýsingar um, við hvað þeir eiga með hinum gífurlegu ásökunum sínum í sambandi við afurðasölumálin? Kommúnistum hefur reynzt gersamlega um megn, sem

vonlegt er, að finna þessum fullyrðingum sínum stað. Hvar átti að selja vörur landsmanna hærra verði síðastliðið ár en gert var og með hvaða aðferðum? Hvar eru þessir nýju markaðir fyrir næsta árs framleiðslu, sem þeir sífellt tala um?

Það hefur verið upplýst hvað eftir annað, að allt hefur verið gert, sem í mannlegu valdi hefur staðið, ekki einungis af valdhafanna hendi, heldur allra þeirra, sem fást við sölu á íslenzkum afurðum, til þess að selja framleiðsluvörur Íslendinga fyrir sem hæst verð. Og samt hefur ekki verið mögulegt að selja þær fyrir framleiðslukostnaði. Það liggur skjallega fyrir frá mönnum úr öllum flokkum, að kaupendur hafa yfirleitt ekki viljað greiða það verð, sem Íslendingar hafa sett upp fyrir vörur sínar og þurfa að fá að óbreyttum framleiðslukostnaði. Og þar að auki liggur það fyrir, að keppinautar Íslendinga ekki aðeins geta selt fyrir lægra verð en Íslendingar, heldur gera það.

Vilja kommúnistar ekki gera grein fyrir því, hvers konar viðskipti og samningagerðir þeir eiga við, þegar þeir tala um þessa sölumöguleika, sem enginn þekkir?

Hvað er það, sem ísl. þjóðin ætti að láta í kaupbæti með fiskafurðum að dómi kommúnista og ætti að gera það að verkum, að einhverjar þjóðir keyptu af þeim hærra verði en aðrar þjóðir bjóða sömu vöru?

Ætli útvegsmönnum og mörgum fleirum sé ekki í of fersku minni þvaður kommúnista um afurðasöluhorfur á síðastliðnu hausti og svo á hinn bóginn reynslan á þessu ári, til þess að menn vilji gera út bátaflotann og sjálfa þjóðarskútuna upp á fleipur nokkurra ofstækismanna og skýjaborgir? Menn eru nú sennilega búnir að fá nóg af skýjaborgum að sinni.

En þá kemur upp spurningin: Hvers vegna gera kommúnistar sig að viðundrum með þessu fleipri um markaði og markaðsverð, sem þeir geta þó ekki bent á? — Það getur ekki stafað af öðru en því, að forkólfar kommúnista vilja ekki, að viðreisn takist.

Ef kommúnistar viðurkenndu staðreyndir, þá yrðu þeir að taka undir með hagfræðingi þeirra eigin flokks, sem strax í fyrra sagði, að ástandið væri orðið þannig, að allir yrðu einhverjar byrðar að taka til þess að forða öngþveiti fullkomnu.

En nú er það hlutverk kommúnista að koma í veg fyrir það, að menn sameinist um að þrengja að sér í bili til þess að bjarga frá öngþveiti, og þess vegna neita þeir bara staðreyndum og búa til ævintýrið um markaðina.

Hversu gjarnan vildu menn ekki mega trúa því, að afurðirnar gætu selzt svo hátt, að menn gætu haft jafngóðar tekjur og stríðsárin. Þetta vita kommúnistar, að þessu vildu menn mega trúa, — því þá ekki að sigla djarft og byggja málflutning sinn bara einfaldlega á einni höfuðlygi, sem menn svo gjarnan vildu að væri sönn? Bara að vera nógu „kaldur".

Tilgangurinn er hvort sem er aðeins sá að fá menn til þess að koma í veg fyrir væntanlegar bjargráðaframkvæmdir stjórnar og þings núna í haust og vetur. Takist það, er merkum áfanga náð og þá koma tímar og þá koma ráð, — þá má snúa við blaðinu. — Hafa þeir ekki reynslu fyrir því, að það sé óhætt, — hafa þeir ekki sellurnar og kjarnann, herta menn, sem hafa þolað allt, sem þeim hefur verið boðið upp á fram að þessu, eða svona hér um bil allt?

Ef tilgangur kommúnista væri sá að hjálpa til að finna réttar leiðir með gagnrýni og tillögum, þá mundu þeir ekki halda fram þessum augljósu staðleysum, en ræða í þess stað eins og menn um það, hvað gera ætti.

Það er vafalaust einn megintilgangur leiðtoganna, sem dá „austrænt lýðræði", þ. e. a. s. flokksein-ræði, að það sýni sig, að það sé ekki hægt að leysa mikinn vanda eins og þann, sem ísl. þjóðin er í, eftir leiðum vestræns lýðræðis.

Þá kemur hitt, að kommúnistar telja sig víst eiga mikið undir því, að það sýni sig ekki, að hægt sé að leysa stórmál nema eftir þeirra höfði. Fyrir þessu verði allt að víkja og það eigi að reyna að eyðileggja framkvæmdir allar, sem þeir ekki hafa lagt blessun sína yfir, — þeir vilja fá eins konar einræðisvald með ofsa sínum.

Síðast en ekki síst vakir það án efa fyrir leiðtogum kommúnista að koma í veg fyrir viðreisnarátakið, vegna þess að þeir vilja, að hér komi til enn frekara öngþveitis en enn þá er orðið. Telja, að þannig skapist jarðvegur fyrir þau þjóðfélagsátök, sem þeir vilja, að verði jarðvegur fyrir valdatöku þeirra.

Af þessum ástæðum verða kommúnistar í reyndinni talsmenn andvaraleysis, upplausnar og kreppu með kjarabætur og auðjöfnun á vörum.

Neikvæðir, úrillir, stóryrtir og ofsafengnir stuðla þeir að því enn, að þjóðin fljóti sofandi að feigðarósi í þeirri trú, að þeirra — forkólfanna — hlutur komi upp, ef þeim tekst að koma í veg fyrir viðréttingu nú.

Auk þess eru kommúnistaforkólfarnir alveg sýnilega bundnir af pólitík annarra slíkra flokka og þá meðal annars bundnir því að vinna að því að hnýta Ísland við Austur-Evrópu, pólitískt og fjárhagslega, hvað sem það kostar, en meginþorri Íslendinga vill komast hjá því að hnýta sig aftan í einn eða annan.

Það er alveg augljóst, að ef ekki verða gerðar stórfelldar ráðstafanir til bjargar, þá heldur sjávarútvegurinn áfram að dragast saman. Nú þegar liggur fjöldi fiskibáta víðs vegar um landið, en markaðurinn bíður í Bretlandi fyrir afla þeirra, ef þeir stunduðu veiðar. Framhald af þessu verður alger stöðvun fiskiflotans. Gjaldeyrisskorturinn er nú þegar orðinn svo ægilegur, að ekki sér fram úr því, hvernig hægt verður að afla allra brýnustu nauðsynja næstu mánuðina. Verði enn haldið áfram án stórfelldra ráðstafana, þá kemur að því alveg á næstunni, að hingað fæst ekki til landsins matur, ekki byggingarefni, og ef svo fer, heldur atvinnuleysið innreið sína.

Það ætti hverjum manni að vera augljóst, eins og nú er komið, að ómögulegt er að komast hjá því að minnka kröfur sínar um tíma, til þess að rífa sig upp úr feninu.

Hlíti menn forsjá kommúnistanna og skerist úr leik um þetta og takist að koma í veg fyrir, að menn geri þetta nú, þá verða menn samt sem áður að herða að sér síðar, og það miklum mun meira en þeir þyrftu að gera, ef samtök fást um þá stefnu að gera það nú strax.

Spurningin er því sú, hvort menn vilja viðreisnina áður en atvinnuleysið og skorturinn hafa haldið innreið sína, eða hvort menn vilja berja höfðinu

við steininn og hefja ekki viðreisnarstarfið fyrr en menn hafa þolað atvinnuleysi og skort og þannig er komið fjárhag þjóðarinnar, að miklum mun meira þarf að leggja að sér en nokkru sinni fyrr til þess að komast upp á bakkann, ef það yrði þá auðið, eins og þá yrði komið.

Ég hef þá trú á dómgreind manna og manndómi, að ég trúi því ekki, að nokkur maður eða kona utan þess hóps, sem gersamlega hefur glatað allri heilbrigðri dómgreind og skynsemi og tekið blinda ofsatrú í pólitískum efnum, taki sem góða og gilda vöru það, sem kommúnistar leggja til málanna í þeim vanda, sem þjóðin stendur nú frammi fyrir.

Ég trúi því ekki öðru en samtök fáist um skynsamleg úrræði.

Þá kemur að því, hvað ríkisstjórnin hefur aðhafzt til þess að vinna gegn vandanum, og að fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar. Frá því að ríkisstjórnin tók við völdum, hefur hún beitt sér eindregið að viðnámi gegn dýrtíðinni og vexti verðbólgunnar, en kommúnistar hafa gert allt, sem þeir hafa getað, í sömu stefnu og áður, til þess að auka verðbólguna. Starf stjórnarinnar er mjög torvelt og ekki sízt fyrir það, að eftir voru að koma fram í aukinni dýrtíð afleiðingar af ýmsu því, sem áður hafði verið gert, og einnig vegna þess, að kommúnistum tókst að brjóta skarð í stöðvunarvegginn í sumar með atbeina þeirra, sem þeim vildu fylgja.

Þá hefur ríkisstjórnin með stofnun fjárhagsráðs unnið að því að koma í veg fyrir allsherjar stöðvun framkvæmda vegna efnisskorts og skorts á fjármagni og unnið að því að nota sem skynsamlegast þann litla gjaldeyri, sem til hefur fallið og ekki hefur þurft að ganga til greiðslu á áður leyfðum innflutningi. Það er vitanlegt, að ráðstafanir til viðnáms verðbólgunni og stofnun fjárhagsráðs hafa komið allt of seint, og hitt er einnig ljóst, að það, sem búið er að gera, er aðeins byrjunin og kemur ekki að haldi, nema framhald verði og öflugar ráðstafanir gerðar til þess að lækna sjúkt fjárhagslíf þjóðarinnar, tryggja það, að framleiðslan geti gengið með fullu fjöri.

Raddir hafa heyrzt um það, að væri stjórnin sköruleg, þá hefði hún átt að leggja fram tillögur um úrlausn vandans í þingbyrjun. Það verður að horfast í augu við það, að samsteypustjórnir, sem margir flokkar styðja, geta aldrei unnið eins hratt og þær ríkisstjórnir, sem styðjast við samstæðari öfl. Þetta er stórfellt mein, en fram hjá þessu verður ekki komizt, eins og flokkaskipan er hér á landi. — Þetta hefur m. a. orðið þess valdandi, að ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar seinna en þurft hefði að vera, og þetta veldur sífellt töfum.

Þá verða menn einnig að gera sér það ljóst, að þess var engin von, að ríkisstjórnin gæti eða vildi leggja fyrir þingið, strax og það kom saman, ákveðnar tillögur um úrlausn þess mikla vanda, sem framundan bíður óleystur, og það blátt áfram vegna þess, að leiðirnar gátu ekki orðið ákveðnar nema í samráði við sjálfa þingmennina, sjálfa þingflokkana, þá menn, sem þjóðin hefur kosið til þess að leysa vandann.

Hér er einnig um svo stórfelldar ráðstafanir að ræða, að það verður að samstilla öll öfl, sem unnt er að fá til þess að vinna saman, um þessar úrlausnir. — Þess vegna hefur stjórnin einnig kallað saman ráðstefnu stéttanna, sem ekki er enn þá lokið, til þess að fulltrúar þeirra gætu sagt sitt álit, og stjórnin hefur haft menn undanfarið við þann starfa að safna gögnum þeim, sem þurfa að vera fyrir hendi, þegar leiðirnar eru ákveðnar. Þetta verða menn að hafa í huga til þess að geta dæmt með nokkurri sanngirni um vinnubrögð stjórnarinnar og þingsins í þeim stórfellda háska, sem þjóðin er stödd í.

Það er eðlilegt, að menn geri kröfur um skjótar ráðstafanir, því að margir sjá hið stórfellda tjón, sem verður daglega fyrir það, að við höfum ekki leyst framleiðsluna úr álagahamnum, og margir þekkja af daglegri reynslu alla þá niðurlægingu og skaða, sem yfirfærslustöðvun veldur, enda verður að hraða ákvörðunum svo sem frekast er kostur.

Að lokum þetta. Það er enginn kostur góður til úrlausnar því öngþveiti, sem orðið er. Það hlýtur alltaf svo að fara, að einhverjum finnist sér óréttur ger í sambandi við aðra. — Verðbólgan og fjármálaöngþveitið er búið að skapa slíkt misrétti, að það er ekki hægt um vik að laga það í einni svipan. Og misréttið verður sennilega aldrei leiðrétt til fulls.

Þetta skilja flestir, en samt er það krafa sanngjarnra manna, að um leið og allir leggja nokkuð að sér, þá leggi þeir sérstaklega til, sem stríðs- og verðbólgugróðann hafa hlotið, og að í sambandi við úrlausn vandans verði gerðar ráðstafanir, sem marka spor og tryggja raunverulegar umbætur í þeim málum, sem flestir sjá að þurfa umbóta við.

Forseti (BSt): Hæstv. menntmrh. (EystJ) hefur lokið máli sínu, og tekur þá til máls hæstv. forsrh., Stefán Jóh. Stefánsson, sem talar af hálfu Alþfl.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Tillagan á þingskjali 5, sem er grundvöllur þessara útvarpsumræðna, er flutt af öðrum höfuðforustumanni íslenzkra kommúnista, hv. 2. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni. Eins og menn þegar hafa heyrt af umræðum þessum, fjallar till. um það, að ríkisstjórnin eigi að gefa þinginu skýrslu um þátttöku sína í Parísarráðstefnunni og samningaumleitanir um dollaralán.

Hæstv. utanríkisráðherra hefur nú þegar í umræðunum skýrt frá verkefnum Parísarráðstefnunnar og hrakið hinar fjarstæðu fullyrðingar og þann látlausa róg, er kommúnistar hafa reynt að þyrla upp í sambandi við ráðstefnu þessa og þátttöku Íslands í henni. En tillaga þessi, sem er mjög einkennandi, bæði að efni og formi, um starfsaðferðir og stjórnarandstöðu íslenzkra kommúnista, gefur ágætt tækifæri til þess að minnast á aðkallandi verkefni í íslenzkum stjórnmálum og þátt og starfsemi kommúnista varðandi lausn aðsteðjandi vandamála.

Orðalag á greinargerð fyrir tillögunni er mjög táknrænt fyrir bardagaaðferðir kommúnista bæði hér á landi og annars staðar og lýsir einnig mætavel aðförum þeirra öllum í stjórnarandstöðunni. Í grg. þessari segir m. a., — með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem ráðherrar núverandi ríkisstjórnar hins vegar eru áður reyndir að því, að ofurselja erlendum stórveldum dýrmæt landsréttindi, þvert ofan í vilja þjóðarinnar, og eru nú að vinna að því að eyðileggja afkomumöguleika hennar og rýra lífskjör almennings í hvívetna ...“

Orðbragðið sver sig átakanlega í ætt kommúnista, bæði hér á landi og annars staðar. Það er eins og

heyrist bergmál úr sölum Sameinuðu þjóðanna, þar sem fulltrúi kommúnistans Títós í Júgóslavíu var að flytja ræðu fyrir fáum dögum, þar sem hann kallaði grísku stjórnina samkundu svikara og níðinga, Breta og Bandaríkjamenn ofbeldisseggi og formann brezku fulltrúanefndarinnar á allsherjarþinginu, Hector McNeil, sóma-, tilfinninga- og siðgæðislausa persónu.

Það er víst og áreiðanlegt, að endurreisn eða nýopinberun alþjóðasambands kommúnista, „Komintern", sem nú á að hafa aðsetursstað sinn í ríki Títós, og sagt er að hafi þar upplýsingaskrifstofu, mun upplýsa íslenzka kommúnista bæði um það, hvernig þeir eigi að hegða sér í alþjóðamálum, og eins um fyrirmyndarorðbragð og starfsaðferðir.

En það er ekki einungis orðbragðið, sem einkennir kommúnista, hvar sem þeir eru, hvort heldur á Íslandi eða í Júgóslavíu, — afstaðan í utanríkismálum er nákvæmlega eins og algerlega mótuð af utanríkispólitík ráðstjórnarríkjanna. En sú afstaða ræður svo aftur beint og óbeint afskiptum þeirra af innanlandsmálum.

Kommúnistar hafa alls staðar barizt heiftúðlega gegn Parísarráðstefnunni. Jafnvel ríki, er gjarnan vildu taka þátt í ráðstefnunni, eins og Finnland og Tékkóslóvakía, virðast hafa fallið frá ákvörðunum sínum vegna sterkra áhrifa úr austurvegi. Hins vegar er þess að gæta, að þau ríki hér í álfu, þar sem jafnaðarmenn fara með stjórn, annaðhvort einir eða með öðrum flokkum, eins og til dæmis í Bretlandi, Svíþjóð, Noregi, Belgíu, Hollandi og Frakklandi, töldu sjálfsagt að taka þátt í ráðstefnunni, og gefur það út af fyrir sig nokkra hugmynd um afstöðu jafnaðarmanna almennt til þessa máls. Hæstv. utanrrh. hefur og rökstutt það rækilega, hversu eðlilegt það var og sjálfsagt, að Ísland yrði þar aðili. En um hvatir kommúnista, hérlendra jafnt sem erlendra, til andstöðu við ráðstefnuna þarf í raun og veru í engar grafgötur að fara.

Það mátti ekki koma á samtökum til efnahagslegrar viðreisnar álfunnar. Það þótti ekki heppilegt fyrir kommúnista til aukinna áhrifa og yfirráða.

Hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, hefur slegið því föstu í greinargerð fyrir tillögu sinni, að ríkisstjórnin hafi, að þinginu fornspurðu, gengið að samningaumleitunum um dollaralán. Ég veit og með vissu, að skæðar tungur kommúnista hafa reynt að dreifa þessari fullyrðingu út á meðal almennings. Nú hefur hæstv. utanrrh. skýrt frá því sanna í þessu efni, en fullyrðingar þessar, bæði í þingskjölum og í fyrirskipuðum, munnlegum áróðri, eru einnig mjög táknrænar um starfsaðferðir og stjórnarandstöðu kommúnista. Fjarstæðar fullyrðingar og fyrirlitning á staðreyndum er uppistaða og ívaf í hinum mikla blekkingavef, er kommúnistar leitast nú við að vefa.

Eins og kommúnistar, bæði hér á landi og annars staðar, hafa barizt með hnúum og hnefum gegn tilraununum til samtaka um efnahagslega viðreisn Evrópu, á sama hátt eru kommúnistar hér á landi að tygja sig til orustu gegn efnahagslegri tryggingu íslenzkra atvinnuvega. Og baráttuaðferðin er nákvæmlega eins og á alþjóðlegum vettvangi. Staðreyndum er neitað og fullyrðingum haldið á loft, sem enga stoð eiga í veruleikanum. Það er full ástæða til við umræðu þessa máls að koma nokkuð nánar inn á það efni.

Þegar fjárhagsráð gefur ýtarlega og rökstudda skýrslu um gjaldeyrisástand hér á landi, dettur málgögnum kommúnista ekki í hug að birta þá skýrslu né segja frá þeim upplýsingum, sem þar eru gefnar.

Meðal kommúnista er aðeins fullyrt blákalt, að allt sé í stakasta lagi hvað gjaldeyri snerti, að verðbólgan hindri ekki atvinnurekstur og framkvæmdir og að unnt sé að selja íslenzkar afurðir fyrir geysihátt verð, — vel að merkja í ráðstjórnarríkjunum og nágrannaríkjum þeirra í Austur-Evrópu, — ef ríkisstjórnin vildi, — en hins vegar sé ríkisstjórnin að búa til hrun og kreppu, að manni skilst af einskærum illvilja til alþýðu þessa lands. Jafnósvífinn og fáránlegur málflutningur og stjórnarandstaða hefur sjaldan eða aldrei heyrzt í íslenzkum stjórnmálum. Og mikið mega þessir stjórnarandstæðingar vera þakklátir fyrir það, að hér á landi gilda ekki búlgarskir stjórnskipulagshættir, því að þar í landi hefur einvaldurinn Dimitrov lýst yfir því, að hann mundi ekki þola stjórnarandstöðu, heldur í mesta lagi gagnrýni á smáatriðum.

Í ræðum þeirra hæstv. ráðherra, sem talað hafa hér á undan mér, hefur allverulega verið komið inn á þessi mál og hinar röngu fullyrðingar og blekkingar kommúnista rækilega hraktar. En óvéfengjanlegur sannleikur málsins er sá: að nýjustu skýrslur og upplýsingar sanna varðandi gjaldeyrinn, að það er vel í lagt að gera ráð fyrir því, að bankarnir eigi erlendan gjaldeyri, sem, að viðbættum væntanlegum útflutningstekjum það sem eftir er af árinu, muni aðeins hrökkva til þess að standa straum af þegar áföllnum gjaldeyrisskuldbindingum, þótt engin ný leyfi yrðu gefin út til áramóta; að verðvísitala, ef ekki verða auknar niðurgreiðslur, verður við næsta útreikning 324 stig og að greidd eru nú niður 56 stig, svo að raunveruleg vísitala um næstu mánaðamót verður ekki lægri en 380 stig, og útlit fyrir frekari hækkun og minnkandi möguleika á niðurgreiðslum ríkissjóðs; að ekki er með nokkru móti unnt að selja íslenzkar sjávarafurðir á erlendum markaði nándar nærri því verði, sem ríkissjóður ábyrgist fyrir þessar afurðir á yfirstandandi ári, og það mun kosta ríkissjóð tugi milljóna og alls ekki vera hægt að taka slíka ábyrgð áfram, en talið var þó, að ábyrgðarverðið mætti ekki vera lægra, miðað við 310 stiga vísitölu, til þess að hægt væri að stunda arðbæran atvinnurekstur.

Það er öldungis víst, að gjaldeyrisskorturinn leiðir óhjákvæmilega til þess, að takmarka verður mjög verulega kaup á aðfluttum vörum, og gæti jafnvel svo farið, og er útlit um það mjög uggvænlegt, að ekki verði unnt að kaupa inn til landsins jafnvel brýnustu nauðsynjar og framleiðsluvörur, ef ekki tekst að breyta um til mikilla bóta. Sú hin mikla og vaxandi verðbólga, sem mæld er í stigum með verðvísitölunni, svo og staðreyndir, sem liggja fyrir um það, að alls ekki sé unnt að selja íslenzkar framleiðsluvörur, þótt miðað væri við 310 vísitölustig í stað 380 stiga, nokkuð í þá átt, að framleiðslan gæti gengið án stórtaps, leiðir að sjálfsögðu til þess, að atvinnureksturinn hlýtur að dragast saman og stöðvast að verulegu leyti. En allt þetta hefði svo óhjákvæmilega í för með sér atvinnuleysi og skort.

Í íslenzku dagblaði 4. sept. 1942 var áhrifum verðbólgunnar lýst á þessa leið: „Fullkomin verðbólga þýðir, að allur þjóðararður færist á hendur þeirra, sem eiga framleiðslutæki, jörð eða önnur varan-

leg verðmæti. Allir þeir, sem ekkert eiga af slíkum verðmætum, verða örsnauðir. Verðbólgan þýðir tvímælalaust atvinnuleysi, og það í enn geigvænlegri mynd en áður hefur þekkzt. Verkamenn verða því að taka upp forustuna gegn verðbólgunni."

Og hvar halda menn, að þessi — að mörgu leyti rétta — klausa hafi birzt? Hún birtist í aðalmálgagni íslenzkra kommúnista, Þjóðviljanum, fyrir 5 árum. En nú er það talin höfuðsynd og skaðræði ríkisstjórnarinnar að leggja höfuðáherzlu á að berjast gegn verðbólgunni.

Og nú segja kommúnistar einnig, að núverandi ríkisstjórn sé að koma af stað kreppu, hruni og atvinnuleysi, þegar hún er að draga fram staðreyndir um ástandið í þjóðfélaginu, — staðreyndir, sem er víðsfjarri, að núverandi ríkisstjórn eigi nokkra minnstu sök á. Gjaldeyrisskorturinn er sízt af öllu hennar sök, því að núverandi ríkisstjórn hefur frá upphafi gert sitt til þess að takmarka notkun hans með minnkandi innflutningi. Hækkandi verðlag innanlands hefur stjórnin og reynt að hindra, eftir því sem aðstæður hafa frekast leyft, meðal annars með ströngum verðlagsákvæðum, auk þess sem hún hefur alvarlega varað við kauphækkunum og öðru, er auka kynni verðbólguna, og sízt af öllu hefur ríkisstjórnin það á valdi sínu að segja öðrum þjóðum fyrir um það, hvaða verð þær eigi að greiða fyrir afurðir okkar, en ríkisstjórnin hefur sannanlega haft öll þau útispjót, sem unnt var, til þess að selja afurðirnar sem hæstu verði og haganlegast, eins og hæstv. utanrrh. hefur sannað í umræðunum.

Það er því vissulega ekki sök núverandi ríkisstjórnar, hvernig komið er. Að því liggja ýmis rök og þróun undanfarinna ára, og er það víst og vafalaust, að svo miklu leyti, sem um má kenna íslenzkum stjórnmálaflokkum, að kommúnistar eiga sinn hlut óskertan í ástandi því, sem skapazt hefur.

Að því leyti, sem kommúnistar hafa komið við sögu sem ráðamenn undanfarin ár, bæði í ríkisstjórn og verkalýðshreyfingu, þá er ferill þeirra varðaður sukki, eyðslu og skemmdarstarfsemi. Kaupdeilurnar síðastliðið vor og sumar, sérstaklega á Siglufirði, eru einkennandi dæmi um ábyrgðarleysi þeirra og uppivöðsluhátt, ef ekki væri réttara lýst með öðrum enn sterkari orðum. Get ég ekki stillt mig um í þessu sambandi að benda einnig á nokkur atriði í framkvæmdum fyrrv. atvmrh., hv. þm. Siglf. Áka Jakobssonar, sem fáein dæmi af ótal mörgum um sukk og óreiðu í atvinnumálum.

Þrátt fyrir það, þótt stjórn síldarverksmiðjanna hefði með skýrum rökum talið það réttara að hraða sem mest byggingu síldarverksmiðjunnar á Siglufirði og koma henni þannig fyrir, að hún yrði fullgerð til afnota sumarið 1946, — sem hins vegar var talið illkleift, nema sú verksmiðjubygging væri látin sitja í fyrirrúmi fyrir verksmiðjunni á Skagaströnd, — þá heimtaði atvmrh. þáverandi, Áki Jakobsson, að báðar verksmiðjurnar skyldu byggðar samtímis. Þetta varð til þess, að hvorug verksmiðjan varð tilbúin 1946. Einnig leiddi þetta til þess, að unnin var alls konar auka- og eftirvinna við byggingarnar, sem annars hefði sparazt.

Til dæmis voru iðnaðarmenn látnir vinna 14—18 klukkustundir á sólarhring, jafnt virka daga sem helga, og sumir enn meira. Eru þess dæmi, að einn iðnaðarmaður vann allan júlímánuð 17—24½ klukkustund á sólarhring og hafði að launum fyrir þennan mánaðartíma 14700 krónur, auk ókeypis fæðis, en það samsvarar kr. 176400 í árslaun, auk fæðis.

Þá vil ég enn fremur nefna sem dæmi um óstjórn ýmissa atvinnumála í tíð þessa kommúnistaráðherra, hv. þm. Siglf., Áka Jakobssonar, að fyrir og eftir samþykkt laganna um tunnuverksmiðju ríkisins hafði þessi hv. þm. í þjónustu sinni mann til undirbúnings og athugunar á málinu. Þessi maður fékk úr ríkissjóði, svo að vitað er, kr. 64034,52 frá 6. sept. 1945 til 31. ágúst 1946, eða á tæpu ári. Eftir að lögin um tunnuverksmiðju ríkisins höfðu verið samþykkt, var ekki strax skipuð stjórn fyrirtækisins og því ekki unnt að spyrja hana til ráða um þennan kostnað, nema að litlu leyti. Síldarútvegsnefnd hafði undanfarin ár haft á hendi sölu á síld og útvegun á tunnum. Veturinn 1946 ákvað þáverandi atvinnumálaráðherra, Áki Jakobsson, hv. þm. Siglf., að ganga framhjá þessari stofnun með útvegun á tunnum.

Sendi hann þrjá menn utan til þess að afla tunna og með þeim einn sérfræðing og síðar annan. Sendimennirnir fengu frá 26 til 29 þús. krónur hver. Sérfræðingurinn, sá er fyrr fór, fékk 34 þús. krónur, en hinn síðari 10 þús. krónur. En að lokum voru samningar gerðir fyrir milligöngu norsks manns, sem áður hafði undirbúið málið í samráði við sendiherra Íslands í Stokkhólmi. Þessi norski maður fékk 2% í umboðslaun eða 33400 íslenzkar krónur. Keyptar voru eitt hundrað þúsund tunnur, og nam kostnaðurinn alls við kaupin 159400 krónum.

Útflutningsleyfi fyrir þessum tunnum frá Noregi var þó eigi tryggt, og þurfti íslenzka ríkisstjórnin að framlengja norska samninginn til þess að útflutningsleyfið fyrir tunnunum fengist.

Enn einn mann hafði hv. þm. Siglf. í þjónustu sinni, meðan hann var atvinnumálaráðherra. Sá fór til Ameríku og Norðurlanda í sams konar erindum. Sagðist þessi maður hafa umboð til þess að kaupa tunnur og efni í þær og jafnvel heila skóga í útlöndum, án nokkurs tillits til útflutningsleyfis. Þessi maður hafði á stuttum tíma fengið greitt úr ríkissjóði tæp 52 þús. króna. Um árangurinn er það vitað, að hann gerði samninga í Svíþjóð um kaup á hálfsmíðuðum tunnum, sem eiga að greiðast í sænskum krónum jafnóðum og smíðinni miðar áfram, alveg án tillits til þess, hvort þær fást fluttar út úr Svíþjóð, enda er útflutningsleyfi fyrir þeim enn ófengið. En ríkissjóður verður að greiða andvirðið og geymslugjald fyrir tunnurnar, þangað til þær verða teknar, og verður þá greiðslu að taka af hinni allt of takmörkuðu gjaldeyriseign þjóðarinnar, — og verst af öllu, að engin vissa er fyrir því, að nokkru sinni fáist leyfi til að flytja þær úr landi í Svíþjóð.

Allar þessar ráðstafanir gerði þáverandi atvinnumálaráðherra án þess að bera þær undir stjórn viðkomandi fyrirtækja, sem raunverulega eiga að bera ábyrgð á rekstri stofnananna. En til þess að fá þessar fjárhæðir út úr rekstrarreikningi ríkissjóðs, þá var ríkisbókhaldinu fyrirskipað af sama hv. þingmanni að færa þetta til skuldar hjá viðkomandi fyrirtækjum, en þau hafa neitað að inna þessar greiðslur af hendi. Á þennan hátt mun ríkisbókhaldið hafa skuldað hjá 2 fyrirtækjum ríkisins um 830 þús. krónur, en treystist ekki til þess að sundurliða upphæðina og skipta á milli þeirra. Fyrirtækin

neita að greiða, og skapast af þessu hinn mesti glundroði.

Þetta eru aðeins nokkur dæmi af mörgum um óstjórn, ábyrgðarleysi og sukk, sem fylgir hvarvetna í fótspor kommúnista, þar sem þeir koma við sögu í stjórnmálum eða verkalýðsmálum. En öll þessi afglöp eða jafnvel skemmdarstarfsemi lendir að lokum á alþýðu manna. Og svo er þessi flokkur að tala um, að ríkisstjórnin sé að skapa hrun og öngþveiti.

Nú, þegar ríkisstjórnin er að undirbúa tillögur til úrbóta, beinlínis til þess að hindra hrun og atvinnuleysi í landinu, þá halda kommúnistar uppi í málgögnum sínum og á fundum undirbúningi að allri þeirri andstöðu, er þeir mega veita, gegn öllum þeim ráðum, er hugsanlegt væri að gripið yrði til til lækkunar framleiðslukostnaði í landinu, og reyna fyrirfram að gera allar þær leiðir tortryggilegar, sem unnt væri að fara til viðreisnar. Afstaða þeirra til íslenzks atvinnulífs er hin sama og flokksbræðra þeirra gegn tilraunum til efnahagslegrar viðreisnar í Evrópu og af sama toga spunnin. En ríkisstjornin og flokkar þeir, er að henni standa, mega ekki og munu ekki frekar en Evrópuríkin 16, er Parísarráðstefnuna hafa skipað, láta hótanir, andstöðu og áróður kommúnista á sig fá, heldur taka höndum saman til þess að tryggja íslenzkan atvinnurekstur og hindra atvinnuleysi og hrun. Ég er þess alveg fullviss, að þjóðin metur og skilur þá viðleitni, en mun dæma hart og að verðleikum baráttu kommúnista gegn viðreisninni.

Þá skal ég víkja aftur að ástandi því, sem skapazt hefur í atvinnu- og gjaldeyrismálum þjóðarinnar.

Þar má — eins og sýnt hefur verið fram á — slá föstum eftirfarandi staðreyndum:

1) Skapazt hefur sá gjaldeyrisskortur, að örðugt mun á næstu tímum að kaupa inn brýnustu nauðsynjar og framleiðsluvörur, hvað þá meira.
2) Verðlagsvísitalan hlýtur að hækka og þar með möguleikar ríkissjóðs til niðurgreiðslna að minnka.
3) Erlent markaðsverð á sjávarafurðum er hvergi nærri fullnægjandi til þess, að sjávarútvegurinn geti borið sig með þeim framleiðslukostnaði, sem nú er, og hlýtur að hækka vegna minnkaðra niðurgreiðslna og hækkaðs vöruverðs innanlands.

Til þess að bæta úr gjaldeyrisvandkvæðunum, er lífsnauðsyn, að framleiðslan geti haldið áfram. En til þess að hún geti haldið áfram, þarf að lækka framleiðslukostnaðinn, og þar er komið að þungamiðju málsins.

Ísland er að vísu ekki eina landið, sem í stríði á við verðbólguna. Flest Evrópuríkin eiga við hið sama að stríða. Vísitalan í Finnlandi var vorið 1946 komin upp í rúm 430 stig. Þá voru gerðar ráðstafanir til þess að draga úr öllum launagreiðslum og halda verðlagi niðri, en verkamenn urðu að sætta sig við að fá ekki fulla dýrtíðaruppbót á laun sín, og gerðu verkalýðssamtökin um það samkomulag við ríkisstjórnina að halda niðri launagreiðslum til þess að hindra verðbólguna.

Í Frakklandi er ástandið enn verra. Verkamenn fá þar hvergi nærri uppbót á laun sín í samræmi við verðvísitölu, sem þar í landi er komin upp í rúm 850 stig. Vegna þjóðarafkomunnar þótti þar í landi alls ekki fært að láta launin fylgja verðlagsvísitölunni.

Ef aftur á móti er litið til Norðurlandanna þriggja, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, þá sést, að þeim hefur tekizt að halda vísitölu sinni mjög langt niðri, a. m. k. miðað við okkur. Í Danmörku var vísitalan í sumar 162 stig, í Noregi 163 og í Svíþjóð 154 stig. Samt eru öll þessi lönd mjög uggandi um, að þetta geti leitt til stöðvunar á atvinnurekstrinum hjá þeim. Og einmitt í því landinu, sem orðið hefur fyrir mestu áfalli af völdum stríðsins, Noregi, sem einnig er mesta samkeppnisland Íslendinga á erlendum markaði, hafa verið gerðar öflugar ráðstafanir til að hindra frekari vísitöluhækkun, þótt hún sé ekki enn nema ein 163 stig.

Í Noregi var í haust ákveðið að banna hækkun á öllum launagreiðslum til loka þessa árs, samkvæmt frumvarpi, sem félagsmálaráðuneytið þar lagði fyrir þingið, samtímis því sem gerðar voru ráðstafanir til þess að halda niðri verðlagi, sérstaklega á innlendum framleiðsluvörum.

Það er vert að hafa það í huga, að þessar ráðstafanir eru gerðar af stjórn norska Alþýðuflokksins og í fullu samkomulagi við stjórn Alþýðusambandsins þar í landi.

Ef framkvæmdar væru hér á Íslandi nauðsynlegar ráðstafanir, sem þarf og verður að gera til þess að lækka framleiðslukostnaðinn, þá ættu Íslendingar að standa vel að vígi í lífsbaráttunni. Það er því ekki nein ástæða til að láta hugfallast né gefa upp von um áframhaldandi bjarta framtíð, ef rétt er á haldið. Ég vil sérstaklega benda á sjávarútveginn. Ísland á óvenjugóða og starfshæfa sjómannastétt, nýtízku skip, togara og vélbáta, sem koma nú óðum til landsins. Verksmiðjur eigum við, sem vinna úr aflanum. Fiskimiðin eru auðug og kunn. Tækni og atorkusamt fólk er fyrir hendi, en það, sem á vantar og lífsnauðsyn er að tryggja, er það, að framleiðslukostnaðurinn lækki. Reynt er að komast sem víðast inn á markaði og fá hæsta verð fyrir vörurnar. En reynslan sýnir, að erlendir markaðir geta ekki tekið við vörum okkar á því verði, sem við þurfum að fá fyrir þær.

Allt ber að sama brunni. Það er óhugsandi, ef lífsafkoma fólksins í þessu landi á ekki að fara í kaldakol, að komizt verði hjá að gera ráðstafanir til, að tilkostnaðurinn við framleiðsluna lækki. En til þess að svo verði, þarf þjóðin öll að leggja nokkuð af mörkum í bráð til þess að geta lifað góðu lífi í landinu í framtíðinni.

Ríkisstjórnin mun alls ekki fara fram á, að launastéttirnar einar leggi af mörkum. Þeir, sem breiðust hafa bökin, þola mestar byrðar, og að sjálfsögðu verður að haga ráðstöfunum í samræmi við það. En þó verður eigi hjá því komizt, að allir leggi nokkuð af mörkum, hver eftir sinni getu og til bráðabirgða, til þess að bjarga sér og öðrum.

Íslenzka þjóðin verður að lifa lífi sínu um skeið við minni þægindi en verið hefur síðustu ár og neita sér um margt, sem æskilegt væri að njóta, en síðar mun koma, ef réttilega er á haldið. Það verður að leggja kapp á það að halda þeim miklu umbótum, sem almenningi hafa fallið í skaut hin síðustu ár, t. d. almannatryggingum, bættum og auknum skólum, bættum aðbúnaði við vinnu og bættum húsakosti. Þessi gæði og öryggi í þjóðfélaginu þarf að vernda og efla, og umfram allt þarf að sporna við því, eftir því sem möguleik-

ar frekast leyfa, að hið geigvænlega atvinnuleysi haldi innreið sína á ný. En það er aftur komið undir því, sem er upphaf og endir alls þessa máls: Að framleiðslan haldist í öruggu horfi.

Ríkisstjórnin heitir á aðstoð allrar þjóðarinnar, allra landsmanna, til þess að styðja að lausn þessa mikla vandamáls, og ríkisstjórnin æskir einskis fremur en hafa sem bezta samvinnu við launastéttirnar og framleiðendur til sjávar og sveita um þessi efni. Það er mikið undir því komið fyrir framtíð þjóðarinnar allrar, að sú samvinna geti tekizt einmitt nú.

Ég vil að lokum snúa mér alveg sérstaklega til íslenzkra verkalýðssamtaka um land allt. Ég hef haft af þeim mikil kynni og fylgzt nákvæmlega með og átt nokkurn þátt í stjórn og starfsháttum Alþýðusambandsins á árunum 1924 til 1940 og hef fulla ástæðu til að ætla, að verulegur hluti þessara samtaka skilji og kunni vel að meta, að það ástand, sem nú ógnar þjóðinni, krefjist úrlausnar, — ekki hvað sízt vegna verkalýðsins sjálfs, og að hann muni sjá, að það er hans mesta nauðsyn að styrkja alla heilbrigða viðleitni til að hindra atvinnuleysi í landinu, með því að draga úr verðbólgunni og lækka framleiðslukostnaðinn.

Og það þarf vissulega ekki til þess að koma, að til fullra vandræða leiði, ef viturlega er við málunum snúizt. Verkalýðssamtökin eiga án efa mest undir því, að gerðar séu ráðstafanir til hindrunar atvinnuleysi. Verkalýðssamtökin á Norðurlöndum og í Bretlandi hafa vel skilið þessa nauðsyn. Þau hafa því stutt að þeim ráðstöfunum, sem valdhafar þessara landa hafa þurft að gera til þess að vinna gegn verðbólgu, er að öðrum kosti mundi hafa skollið á verkalýðnum að lokum.

Ég vildi mega treysta því, að íslenzkir verkamenn verði ekki eftirbátar stéttarbræðra sinna í þessum löndum, er hafa sýnt í verki, að þeir vilja mikið á sig leggja til þess að hefta dýrtíðina og verðbólguna, og hafa í því skyni látið sér það vel lynda, að kaupgjaldið yrði þar ekki að neinu leyti þröskuldur í vegi.

Ég veit, að íslenzkur verkalýður verður ávarpaður úr annarri átt og sagt, að það sé verið að ráðast á kjör hans af ríkisstjórninni. En því fer víðsfjarri, að svo sé. Ríkisstjórnin æskir einskis fremur en góðs samstarfs við verkalýðssamtökin til bjargar frá þeim vandkvæðum, er nú ber að höndum. Ég treysti því, að svo megi verða, þegar til kemur, og að þroski og skilningur íslenzks verkalýðs styðji að skynsamlegri og réttlátri lausn þessara miklu vandamála.

Forseti (BSt): Hæstv. forsrh. lauk máli sínu, og er þar með lokið fyrri umferð, og hefst nú hin síðari. — Það hefur verið venja að draga af flokkunum í seinni umferð það, sem þeir hafa notað of mikinn tíma í fyrri umferð. Hins vegar mun það aldrei hafa komið fyrir, að flokkur ætti inni, eins og nú hefur komið fyrir, og hefur verið litið svo á, að í seinni umferð gæti flokkur ekki átt eftir þann ræðutíma, sem hann átti að hafa í fyrri umferð. Þó lýsi ég því yfir, að ég mun taka nokkurt tillit til þess, hve Sósialistaflokkurinn notaði lítið af tíma sínum í fyrri umferð.

Tekur nú til máls hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, og talar af hálfu Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistaflokksins.

Flm. (Einar Olgeirsson): Þið hafið nú heyrt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um afstöðu sína til dollaralánsins um að forðast í allra lengstu lög að taka dollaralán. Þessi yfirlýsing á að blekkja þjóðina, þangað til þessi ríkisstjórn hefur sett þjóðina í slíka sjálfheldu, að ríkisstjórnin tekur dollaralánið að henni forspurðri og segir, að það hafi ekki verið um neitt annað að gera. Ég mun nú sanna, hvernig þessi ríkisstjórn og vald það, sem henni stjórnar, heildsalavaldið, íslenzka, vinnur með pólitík sinni að því að koma þjóðinni á skuldaklafa ameríska auðjöfra.

En áður vil ég minna þjóðina á eitt út af þeirri yfirlýsingu, er hér var gefin.

Einmitt svona yfirlýsingu gáfu núverandi stjórnarflokkar þjóðinni fyrir síðustu kosningar um andstöðu sína gegn því að leyfa Bandaríkjunum herstöðvar hér. Og þjóðin trúði þeim. — Og eftir að þessir flokkar höfðu sloppið í gegnum eldraun kosninganna, af því þjóðin treysti þessari yfirlýsingu þeirra, þá sviku þeir hana í tryggðum og leigðu Bandaríkjunum dulbúnar herstöðvar hér á landi.

En afturhaldið ætlar sér, ef það fær að drottna áfram, að brjóta mótstöðukraft þjóðarinnar svo á bak aftur, að það eigi alls kostar við hana. Skal ég nú rekja verk þessa afturhalds undanfarið og hernaðaráætlun þess nú gegn þjóðinni.

Haustið 1944 átti þjóðin yfir 500 millj. króna innstæður erlendis. Við sósíalistar lögðum þá til, að þetta fé væri notað einvörðungu til nýsköpunar atvinnulífs vors og til þess að skapa traustari grundvöll efnahagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar. Hver var afstaða afturhaldsins til þessa þá?

Annar hluti afturhaldsins, heildsalavaldið, lýsti algerum fjandskap sínum við þessa hugmynd og heimtaði tafarlausan niðurskurð á launum og lífskjörum almennings — og þáverandi fjármálaráðherra þess, Björn Ólafsson, lagði frumvarp fyrir Alþingi um lögboðna launalækkun hjá öllum launþegum (sept. 1944). Samtímis kröfðust svo heildsalarnir ótakmarkaðs innflutnings fyrir sjálfa sig á kostnað innstæðna þjóðarinnar. M. ö. o.: Annars vegar átti að stöðva atvinnulífið á Íslandi með vinnudeilum, hins vegar átti að eyða erlendu innstæðunum í gróðainnflutning fyrir heildsalana.

Hinn hluti afturhaldsins, núverandi landsbankavald, lýst því yfir, að aðalatriði nýsköpunarinnar — kaup á 30 nýjum togurum — væri fásinna, og barðist á móti nýsköpun atvinnulífsins með öllum þeim miklu áhrifum, sem þetta steinrunna embættisvald illu heilli hefur enn í okkar þjóðfélagi.

Hver hefði nú orðið afleiðingin, ef þessir samvöxnu tvíburar íslenzka afturhaldsins, heildsala- og landsbankavaldið, hefðu sigrað þá?

Afleiðingin hefði orðið innanlandsófriður, efnahagslegt hrun, eyðsla erlendu innstæðnanna í almennan innflutning, — engin nýsköpun.

Gæfa Íslands varð afturhaldinu yfirsterkari haustið 1944. Þess vegna hafa á undanförnum árum lífskjör íslenzkrar alþýðu batnað, fiskverð og kaupgjald hækkað, nýir markaðir unnizt. Þess vegna siglir nú hver nýsköpunartogarinn í höfn eftir annan.

En afturhaldsöflin lágu ekki á liði sínu þennan tíma, og þau voru voldug. Heildsalavaldið átti Vísi og Morgunblaðið. Það átti Bjarna Ben. og Stefán Jóhann, og það átti völdin í Sjálfstfl. og Alþfl., þegar í odda skarst. — Fyrir tilstilli Sósfl. og þeirra, sem með nýsköpunarhugsjón hans börðust, tókst að

bjarga þeim rúmum 300 millj. kr., sem til nýsköpunarinnar fóru. En fyrir tilstilli heildsalavaldsins í Sjálfstfl. var hinum hluta innstæðnanna eytt í almennan innflutning, þrátt fyrir harða baráttu Sósíalistaflokksins fyrir að bjarga þeim.

Hvað eftir annað varaði Sósfl. opinberlega við, í hvern voða væri stefnt með þessari eyðslupólitík heildsalavaldsins. Í ágúst 1946, þegar 100 millj. kr. voru enn óeyddar utan nýbyggingarreiknings og sósíalistar árangurslaust höfðu reynt að fá þær settar inn á nýbyggingarreikning, var rituð grein í Þjóðviljann af Jónasi Haralz, þar sem sýnt var og sannað, að með sams konar eyðslustefnu í gjaldeyrismálum yrði gjaldeyrisinnstæða landsmanna uppurin í ágúst 1947.

En allt kom fyrir ekki. Hvaða viðvaranir sem gefnar voru, þá sat heildsalavaldið sem áður við sinn keip.

Svo myndaði heildsalavaldið þessa núverandi stjórn sína 4. febr. 1947. Þessir ráðherrar vissu það allir, hvernig gjaldeyrisástand þjóðarinnar var, þegar þeir tóku við. Þeir vissu líka, hvaða ráðstafanir voru óhjákvæmilegar þá strax, ef ekki átti að stefna að þurrð erlendra inneigna. Þjóðin verður að ætla, að flokkur myndi stjórn til þess að gera ráðstafanir, sem þeir álíta nauðsynlegar. Ef menn aðeins setjast í ráðherrastólana og gera ekki neitt, þá er það vegna þess að þeir ætla sér eitthvað ákveðið með aðgerðaleysinu.

Núverandi ríkisstjórn gerði ekki neitt, sveikst um allar ráðstafanir til þess að spara gjaldeyrinn og lét heildsalavaldið halda áfram að eyða, þangað til enginn eyrir var eftir. Þá hljóp stjórnin í útvarpið, fórnaði höndum til himins, lézt vera aldeilis hlessa og sagði þjóðinni, að gjaldeyririnn væri reyndar búinn. Svo sagði hún, að yrði að lækka kaupið — og lét Landbankann taka 30 millj. kr. lán erlendis. Þar af 1 milljón dollarayfirdráttar í Ameríku.

Vissi ríkisstjórnin ekki, hvert þessi þrotlausa fégræðgi heildsalavaldsins var að leiða þjóðina? Auðvitað vissi hún það. Og heildsalavaldið fór heldur ekki dult með kröfur sínar.

Samstundis og innstæðurnar eru búnar, birtist í heitasta fylgisblaði núverandi ríkisstjórnar, heildsalablaðinu Vísi, ritstjórnargrein, þar sem þess er krafizt, að nú sé tekið dollaralán.

Greinin birtist 11. ág. Rökstuðningurinn er mjög eftirtektarverður.

Í fyrsta lagi er það fært fram, að sé ekki tekið dollaralán, þá verði að skera niður innflutning við heildsalana, og slíkt álítur blaðið óhæft.

Í öðru lagi er svo sagt orðrétt: „Geti Bandaríkin ekki selt vörur sínar og Evrópuþjóðirnar ekki keypt, hlýtur af því að leiða stórfelldustu kreppu, sem skollið hefur yfir þennan heim, samfara umróti og byltingum víða um lönd."

M. ö. o.: Heildsalarnir, herrar ríkisstj., krefjast þess, að þegar þeir geti ekki lengur eytt innstæðum þjóðarinnar, þá fái þeir að eyða skuldum hennar. Og Vísir bendir á annað um leið: Hagsmunir Bandaríkjanna krefjast þess líka, að Ísland taki dollaralán. Auðvaldið vestanhafs er að kafna í allsnægtunum, sem alþýðan þar framleiðir og fær ekki að njóta sjálf. Þess vegna eiga önnur lönd að taka dollaralán og gangast um leið undir pólitískt ok auðdrottna Ameríku. Það er ekki ódýrt að gera Ameríkumönnum þann greiða að létta þeim kreppubyrðina: Það á að kosta efnahagslegt sjálfstæði viðkomandi þjóðar.

Bandaríkjastjórn lét ekki á sér standa að benda á, hvað hún vildi. Hún lét stefna þeim ríkjum, sem hún hugsaði sér að ná pólitísku tangarhaldi á, til Parísar í júlí í sumar til þess að ræða um dollaralán. Íslenzka heildsalastjórnin hlýddi utanstefnunni. — En að aflokinni utanför, þykir henni sem öðrum slíkum fyrrum hentara að halda lítt á lofti boðum hins erlenda yfirdrottnara síns, en vinna að framkvæmd þeirra með leynd. Stjórnin veit, að þjóðin er andvíg erlendri lántöku, og því verður að koma henni að óvörum, þegar tími er kominn til.

En það, sem ríkisstjórnin leynir þjóðina, segja amerísk blöð henni. Amerísk blöð hafa undanfarið verið beztu heimildirnar fyrir íslenzku þjóðina um, hvað Sjálfstfl. á Íslandi ætli sér gagnvart þjóð sinni. — Þannig var það einnig fyrir síðustu kosningar. Þá sögðu amerísk blöð, að herstöðvamálið fengist ekki afgreitt fyrir kosningar, en eftir kosningar yrðu herstöðvarnar veittar. Þau reyndust sannspá.

Fyrirskipanirnar frá Wall Street og Washington til erindrekanna á Íslandi vilja leka út í Ameríku. Svo er það og um dollaralánið.

Í ameríska tímaritinu „World Report" frá 15. júlí í sumar er birt skýrsla efnahagssérfræðinga Bandaríkjaþings (Subcommittee on Foreign Economic Policy of the House of Representatives) um hvað hin ýmsu ríki Evrópu þurfi að taka mikið dollaralán. Þar er Íslandi ætlað að taka 20 millj. dollara, eða 130 millj. kr.

Fyrirskipunin er skýr. Spurningin er, hvenær þjónarnir hér þora þjóðarinnar vegna að hlýða henni. Þeir þora það ekki enn.

En þegar heildsalavaldið íslenzka og heimsveldið ameríska hefur heimtað það sama af þjóðstjórnarflokkunum undanfarin ár, hafa þau þá ekki knúð það í gegn, þó það kostaði tryggðrof við þjóðina og samningsrof við aðra flokka?

Niðurstaðan er: Gjaldeyrisskortur Íslendinga er skapaður af heildsalavaldinu og þjónum þess í ríkisstjórn. Þetta vald mun heldur ekki skirrast við að binda Ísland á skuldaklafa Ameríku, ef það fær að drottna áfram yfir þjóðinni.

Og nú skulum við athuga, hvernig heildsalastjórnin á öðrum sviðum vinnur að því að steypa landinu í efnahagslega glötun.

Við skulum fyrst athuga um verðlið á útflutningsafurðum okkar.

Lífskjör íslenzku þjóðarinnar eru undir því komin, hvaða verð við fáum fyrir fisk og fiskafurðir. Baráttan fyrir háu verði á útflutningsafurðunum er barátta fyrir lífsafkomu okkar allra, barátta fyrir, hverja hlutdeild Íslendingar skuli fá í gæðum lífsins og efnahagslegri menningu mannkynsins. Hver sá Íslendingur, sem reynir að lækka verðlið á útflutningsafurðum okkar, er vargur í véum.

Allar viðskiptaþjóðir okkar reyna auðvitað að hækka verð á sínum vörum og lækka hjá okkur. En hér á Íslandi gengur ríkisstjórnin og þá fyrst og fremst utanríkismálaráðherra fram fyrir skjöldu og heimtar í víðlesnasta blaði landsins lækkun á útflutningsafurðum Íslendinga. Og hann lætur ekki þar við sitja. Hann notar vald sitt yfir afurðasölunni til þess að láta selja íslenzku vörurnar fyrir lægra verð en hægt er að fá fyrir þær.

Hraðfrysti fiskurinn er seldur til Englands fyrir

6 pence enskt pund, þegar hægt er að fá 12—13 pence á meginlandinu, — eða ef maður vill líta á sama samninginn öðrum augum: Síldarlýsið er selt fyrir 95 sterlingsp. tonnið til Englands, þegar hægt er að selja það á 130—140 sterlingspund annars staðar. Síldarmjölið er selt á 30—32 sterlingspund tonnið til Danmerkur og Bretlands, þegar hægt er að selja það á 38—42 sterlingspund annars staðar.

Þannig mætti lengi telja.

Með þessum dæmalausu aðförum er sjávarútveginum og allri þjóðinni valdið tjóni, sem nemur tugum milljóna króna.

Hvers vegna bregðast þessir trúnaðarmenn í æðstu stöðum ríkisins svona herfilega trausti þjóðarinnar?

Í fyrsta lagi vegna þess að heildsalavaldið heimtar, að sjávarútvegurinn láti því í té frjáls pund og dollara, svo heildsalarnir geti haldið áfram að kaupa hjá gömlu samböndunum sínum í Ameríku og Englandi, því þá er léttara fyrir um fjárflóttann, en það er nú talið, að ísl. auðmenn eigi 400 millj. ísl. kr. í erlendum gjaldeyri í þessum löndum.

Í öðru lagi vegna þess að Landsbankinn styður þessa skaðlegu verzlunarpólitík heildsalavaldsins og fórnar hagsmunum sjávarútvegsins og þjóðarinnar fyrir heildsalana, með því að hindra jöfnunar-(clearing)-samninga við þau lönd, sem vilja greiða okkur hátt verð fyrir vöruna, en geta látið okkur gnægð vara í té með góðu verði, ef aðeins innkaup þjóðarinnar eru framkvæmd af fullri hagsýni eftir áætlun. En það vill heildsalavaldið ekki, því að það gerði heildsalana óþarfa. Landsbankanum tekst í þessu máli að fremja þá fásinnu, sem honum tókst ekki, er hann vildi hindra kaup nýsköpunartogaranna. Nú fær hann sem sé að fara öllu sínu fram.

Í þriðja lagi valda því pólitískir hleypidómar. Heildsalastjórnin vill komast hjá því að verzla við þau lönd, sem hæst verð vilja greiða, því að það eru mestmegnis þau meginlandslönd, sem ekki eru lengur undir arðráni engilsaxnesku auðhringanna. Þess vegna er tækifærum til góðrar sölu á íslenzkum afurðum í þessum löndum sleppt.

Í fjórða og síðasta lagi verður svo ekki komizt hjá því að álykta, að hugsanleg séu vísvitandi skemmdarverk af hendi afturhaldsins. Það er grunsamlegt, að afturhaldið hefur nú í mörg ár alltaf heimtað verðlækkun á íslenzku útflutningsafurðunum. Haustið 1944 taldi það slíka verðlækkun óhjákvæmilega, og verðlækkunin hefði skollið yfir Íslendinga í ársbyrjun 1945, ef svona stjórn eins og nú hefði setið að völdum, stjórn með ólæknandi verðlækkunardellu á heilanum. En vegna þess að nýsköpunarstjórnin var þá mynduð, þá hefur á undanförnum árum, fyrir harðfylgi okkar sósíalista, tekizt að hagnýta möguleikana út á við til þess að hækka fiskverðið um 50% og næstum fjórfalda síldarolíuverðið.

Og það, sem gerir framferði þessara herra grunsamlegast, er, að næstu orðin, sem þeir segja á eftir því, að verðlækkun sé óhjákvæmileg, er, að það verði tafarlaust að fara fram launalækkun. Það gefur fulla ástæðu til þess að ætla, að með þeirri verðlækkun, sem þeir nú vinna að, séu þeir að reyna að skapa átyllu til allsherjarlaunalækkunar.

Ykkur kann að finnast þetta ljótt, góðir áheyrendur, og Eysteinn var að barma sér yfir slíkum ásökunum hér áðan. Í barnslegri einfeldni haldið þið, að það séu ekki til menn á Íslandi, sem þannig vilja skaða land vort og þjóð. — En ég verð að hryggja ykkur með því að minna á, að þetta er ekki neitt nýtt, sérstaklega ekki um menn af sama sauðahúsi og Bjarni Ben. Það hefur m. a. s. komið fyrir, þegar slíkum mönnum hefur þótt útlendingar bjóða of hátt í fisk ísl. fiskimanna, að þeir hafa mútað slíkum útlendingum með stórfé, til þess að láta vera að hækka þannig fiskverðið hér heima. Sum ykkar muna ef til vill enn Gismondi-samninginn.

Niðurstaðan af þessum athugunum er:

Ríkisstjórnin vinnur markvisst að því í þjónustu heildsala og landsbankavaldsins að selja íslenzkar afurðir fyrir lægra verð en hægt er að fá. Þannig skaðar hún landið um milljónatugi og eykur gjaldeyrisskortinn, sem hún síðan reynir að hagnýta sem átyllu til árásar á lífskjör alþýðu.

Fyrir íslenzku fiskimennina kemur þetta framferði svona út:

Fyrst er vara fiskimannsins seld að honum forspurðum af ríkisstj., oftast eftir kröfu Landsbankans og í þágu heildsalanna fyrir lægra verð en hægt er að fá fyrir hana. Síðan er gjaldeyririnn tekinn af fiskimanninum með lagavaldi og afhentur heildsalanum, svo hann geti stórgrætt á honum. Og síðan er svo af Landsbankanum gengið að fiskimanninum, eins og nú verður gert, og báturinn hans boðinn upp, af því reksturinn þoldi ekki hvort tveggja í senn: áföll frá hendi náttúrunnar og svona „aðgerðir" frá hálfu yfirvaldanna. Hvað hefðu svona aðfarir verið kallaðar, ef venjulegir menn fremdu þær? Ég þori ekki að segja orðið hér, því að ég er hræddur um, að forseti mundi hringja.

En hvað heita svona aðfarir, þegar það eru ráðherrar og aðrir æðstu menn landsins, sem framkvæma þær? — Ég býst við, að dómsmálaráðherrann muni á síðum Mgbl. kalla þær „baráttu gegn kommúnismanum". Og það hafa þá fyrr verið framin ódæði undir því yfirskini.

Þá skulum við athuga í öðru lagi stefnu stjórnarinnar, hvað markaðina fyrir útflutningsafurðir okkar snertir.

Ríkisstjórnin virðist telja markaðina í Bandaríkjunum og Bretlandi eftirsóknarverðustu markaðina.

Í Bandaríkjunum hefur fiskur okkar hingað til verið seldur fyrir hálfvirði móts við það, sem meginlandsþjóðir Evrópu borga. Og Bandaríkin eru fallvaltasti markaður veraldarinnar, og nú vofir þar yfir ægilegasta viðskiptakreppa veraldarsögunnar og hefst jafnvel á næsta ári. Fyrir þá Íslendinga, sem muna kreppuna hér 1931 og síðar, er því augljóst, hve fallvalt er að treysta hið minnsta til frambúðar á ameríska markað, þó sjálfsagt sé að hagnýta hann, meðan hann borgar vel.

Næst hinum ótrygga ameríska markaði virðist ríkisstjórnin treysta á markaðina í Englandi og Vestur-Evrópu. Ýmsir þeir markaðir eru oss góðir nú og sjálfsagt að hagnýta þá sem bezt næstu ár. En mikil hætta er á, að þeir verði ekki traustir til frambúðar. Englendingar, Hollendingar, Frakkar, Þjóðverjar eru allt gamlar fiskveiðiþjóðir, sem flestar hafa öldum saman veitt fisk hér á Íslandsmiðum, og líklegt er því miður, að þær geri það

líka í stórum stíl, þegar þær hafa náð sér aftur eftir hörmungar styrjaldarinnar. Þessi lönd verða því stopulir framtíðarmarkaðir fyrir okkur Íslendinga, ef vér ætlum að vera ein mesta fiskframleiðsluþjóð heimsins.

Í Suður-Evrópu verða vonandi góðir framtíðarmarkaðir fyrir íslenzkan fisk sem oft áður, en vart stærri.

En einhverjir eðlilegustu markaðir fyrir afurðir íslenzkrar fiskveiðiþjóðar eru þau meginlandsríki Evrópu, sem ekki liggja að úthöfum. Við Íslendingar höfum unnið stærstu landvinninga okkar í markaðsmálum nú eftir stríð með því að opna Sovétríkin og Tékkóslóvakíu fyrir fiskafurðum okkar, fyrir tilstilli okkar sósíalista. Ísland hefði einnig getað unnið markaði í Póllandi, Ungverjalandi, Austur-Þýzkalandi o. fl. ríkjum þar, ef sinnuleysi og fjandskapur ísl. afturhaldsins hefði ekki komið í veg fyrir það. En meðan lönd eins og Bretland er að gera samninga við Pólland, Ungverjaland og Júgóslavíu til 2 og 3 ára, þá lýtur hinn voldugi utanríkisráðherra Íslands, Bjarni Ben., ekki svo lágt að tala við þessi ríki, nema þá til að eyðileggja samninga við þau.

Hv. ráðherra undrast, af hverju þessi Austur-Evrópulönd greiði hærra verð en t. d. England, og leyfir sér alls konar dylgjur í því sambandi. Þeir ættu að spyrja Dani, af hverju þeir fái 6,50 kr. fyrir smjörkílóið hjá Rússum, þegar England ekki vill borga nema 4,50. — Austur-Evrópulöndin borga hærra af því þar eru engir auðhringar, sem taka milliliðagróðann á kostnað framleiðenda og neytenda, eins og t. d. feitmetishringurinn enski, — og ef til vill knýr skorturinn þá líka nú til þess að greiða meira fyrir okkar vörur.

Ísland þyrfti, til þess að tryggja framtíð sína hvað markaði snertir, að geta selt allt að helmingi framleiðslu sinnar á þessum mörkuðum Austur-Evrópu.

Nú hafa ríkin þar, sem kunnugt er, komið á hjá sér áætlunarbúskap, þannig að þau eru nú í haust að gera samninga sín á milli og við aðra um innkaupin næstu 3—5 ár.

Ísland getur gert slíka samninga, ef það gerir þá nú þegar, og tryggt þannig kreppulausa örugga markaði með föstu verði til margra ára, og þessi lönd hafa undanfarin ár greitt hæst verð fyrir vöru okkar.

Alla þessa samningamöguleika, alla þessa markaði í Sovétríkjunum, Tékkóslóvakíu og öðrum löndum þar eystra er nú ríkisstjórnin að eyðileggja, líklega með þeim afleiðingum, að þeir að fullu glatist Íslandi og ýmsar þessara þjóða fari jafnvel sjálfar að gera út hingað norður í stórum stíl. Og með lygaherferðinni í Morgunblaðinu gegn þessum ríkjum er utanríkisráðherrann að reyna að telja þjóðinni trú um, að engu sé þar að tapa, því hjá þessum þjóðum, sem nú vinna allra þjóða bezt að nýsköpun atvinnulífsins, sé ekkert nema svartnætti harðstjórnarinnar. Svo langt gengur þessi ósanninda-herferð, að það er reynt eins og af utanríkisráðherra að berja það inn í þjóðina, að Rússar, sem í ár gerðu samning við Ísland um að kaupa af okkur fyrir 96 millj. króna, vilji ekkert af okkur kaupa! — Í þessum rykskýjum blekkinganna á að dylja hættulegustu skemmdarverkin gagnvart hagsmunamálum Íslendinga.

Svo langt gengur þröngsýnin og ofstækið hjá þessum mönnum, að þeir láta sér ekki nægja að eyðileggja fiskmarkaðina, sem hægt væri að skapa í þessum löndum, heldur eyðilögðu þeir í sumar fyrir bændum möguleikann að ná ágætum hrossamarkaði, sem hægt var að fá í Póllandi. Þeir munu verða að svara til saka fyrir það skemmdarverk sem önnur, áður en langt um líður.

Annars skora ég á ríkisstjórnina út af þeim gífuryrðum, sem hún hefur um markaðsmálin, að stofna til útvarpsumræðna um þau sérstaklega á jafnréttisgrundvelli.

Íslendingar! Ég hef einu sinni áður frá þessum stað í nafni míns flokks varað þjóðina við, hvað yfir henni vofði, ef hún notaði ekki þá strax það tækifæri, er bauðst, og skapaði nýja stjórn í því skyni. Það var í sept 1944, og við Íslendingar bárum þá gæfu til þess að afstýra innanlandsófriði og nota dýrmæt tækifæri til uppbyggingar atvinnulífs vors, sem ella hefðu glatazt að fullu.

Ég vil nú aftur vara þjóðina við, að ef hún notar ekki það tækifæri, sem nú er til þess að tryggja öruggan framtíðarmarkað fyrir t. d. helminginn af útflutningi vorum með samningum við Austur-Evrópulöndin, þá er það tækifærið ef til vill glatað að fullu og öllu. Þessi ríkisstjórn notar það ekki. Hún og hennar lið felldi allar tillögur okkar þar að lútandi í vor og hefur síðan markvíst unnið að því að eyðileggja markaðsmöguleikana þar eystra. Ef þjóðin, og þá fyrst og fremst samtök framleiðslustéttanna, ekki tekur í taumana, áður en það er orðið of seint, þá tekst þessari ríkisstjórn að vinna óbætanlegt skemmdarverk gagnvart íslenzkum sjávarútvegi, sem getur eyðilagt framtíð hans með því að svipta hann öruggustu og beztu mörkuðum.

Ég hef nú lokið yfirlitinu yfir aðfarir heildsalavaldsins og þessarar stjórnar þess í gjaldeyris- og markaðsmálunum.

Það sýnir sig, að heildsalavaldið og nú síðast þessi stjórn sem verkfæri þess hefur eytt gjaldeyrisinnstæðum Íslendinga og heimtar svo dollaralán tekið, þegar þær eru búnar, — að ríkisstjórnin selur íslenzkar útflutningsafurðir þjóðinni til stórtjóns fyrir lægra verð en fáanlegt er, til þess að þjóna gjaldeyrislegum hagsmunum heildsalanna, — og að ríkisstjórnin er af pólitísku ofstæki eða vegna amerískra fyrirskipana að eyðileggja öruggustu framtíðarmarkaðina, sem Ísland þarf að vinna til þess að vera stór fiskveiðiþjóð. — Með þessum aðferðum er verið að leiða efnahagslegt hrun yfir þjóðarheildina, svo að nokkrir milljónamæringar hennar geti safnað meiri auði erlendis.

Nú skulum við athuga stefnu stjórnarinnar inn á við. Þar hafa aðaláhugamál hennar verið þessi þrjú, eftir verkunum að dæma:

1) Koma á atvinnuleysi,
2) stofna til allsherjarstöðvunar atvinnuveganna með vinnudeilum milli atvinnurekenda og verkamanna,
3) koma á launalækkun.

Ríkisstjórnin hefur auðsjáanlega falið fjárhagsráði það hlutverk að koma atvinnuleysinu á. Það ráð er nú sem óðast að stöðva atvinnuframkvæmdir í landinu, drepa niður framtak manna, hindra byggingarstarfsemi og aðrar framleiðslugreinar, meðan það hins vegar ætlar að sliga þjóðina með heimskulegustu skriffinnsku og skömmtunarfargani, sem þekkzt hefur hér á landi, — og er þá

mikið sagt. Með fjárhagsráði leggur nú landsbankavaldið hönd dauðans á athafnalíf Íslendinga. Þar ríkja nú þau sjónarmið, sem töldu það fásinnu að kaupa 30 togara. Í greipum þess valds er nú sú bjartsýni kyrkt, sem gagntók þjóð vora fyrir ári síðan. Ég býst við, að allir framkvæmda- og áhugamenn Íslands hafi fundið nágustinn frá þessum stofnunum síðustu mánuðina. Og hver er tilgangurinn með því að læsa blómlegt atvinnulíf Íslendinga í helgreipar atvinnuleysisins? Tilgangurinn er að lækka launin í þágu milljónamæringanna í Reykjavík, en þeir treysta sér ekki til atlögu við verkalýðinn, nema svelta hann til undirgefni með atvinnuleysinu fyrst. Bjarni Ben. hótaði þessu atvinnuleysi í vor. Hann er að koma því á núna. — En hann á eftir að sjá m. a. s. Óðinsmennina gera upp reikningana við hann fyrir það drengskaparbragð.

Ríkisstjórnin hefur nú í tvígang reynt að stöðva atvinnulíf Íslendinga. Í sumar kom hún í heilan mánuð í veg fyrir samninga milli atvinnurekenda og verkamanna og ætlaði sér að eyðileggja síldarvertíðina fyrir þjóðinni, en þá tóku samtök útvegsmanna og verkamanna ráðin af henni. Nú í haust knúði hún stærstu atvinnurekendurna til þess að segja upp samningum og ætlaði að stöðva atvinnulíf þjóðarinnar 15. október. Henni hefur þó ekki tekizt það í bili. Atvinnurekendur og verkamenn hafa enn framlengt samninga sína. En stjórnin undirbýr þriðja tilræðið, og það getur dunið yfir fyrr en varir, svo að þjóðin þarf að vera viðbúin að taka mannlega á móti árásum þessarar afturgengnu þjóðstjórnar, hvort sem þær heita gegnislækkun eða gerðardómur eða nýtt form launalækkunar að þessu sinni.

Af hverju er stjórnin að reyna að stofna til vinnustöðvana, sem geta eyðilagt atvinnulífið um margra mánaða skeið og valdið Íslandi óbætanlegu tjóni?

Af því þessi stjórn er í þjónustu þeirra 1—200 milljónamæringa í Reykjavík, sem eiga samkvæmt eigin skattaframtali upp undir 500 milljónir króna í skuldlausum eignum miðað við söluverð. — Þessir auðkýfingar heimta nú launalækkun hjá almenningi, svo að þeir geti féflett það fólk, sem missir allt, ef verðlag er lækkað, sölsað undir sig eignir þeirra millistétta- og alþýðumanna, sem eignazt hafa íbúðir eða atvinnutæki á undanförnum árum, og drottnað yfir alþýðunni í krafti atvinnuleysisins, eins og þeir gerðu fyrir stríð.

Til þess að þjóna þessari auðmannastétt er stjórnin að reyna að eyðileggja þá velmegun og þau batnandi lífskjör, sem íslenzk alþýða hefur skapað sér á undanförnum árum.

Íslendingar! Hver verður afleiðingin, ef ríkisstjórnin fær að halda áfram þeirri pólitík, sem ég nú hef lýst, að hún rekur inn á við og út á við?

Afleiðingin verður, að þjóðin glatar efnahagslegu sjálfstæði sínu.

Þessi stjórn, sem í dag þorir ekki að kannast við það, að hún ætli að taka dollaralán, mun, ef henni tekst að fá fram þá stöðvun atvinnulífsins, er hún stefnir að, hrópa upp — þegar allt framleiðslulíf hefur verið stöðvað mánuðum saman fyrir hennar tilstilli, — „það verður að bjarga þjóðinni frá hungri með því að taka dollaralán“ — og gera það.

Ríkisstjórnin er vitandi vits að skapa forsendurnar að því verki, sem hún ætlar sér að vinna: að koma Íslandi á skuldaklafann hjá Bandaríkjaauðvaldinu.

Íslendingar! Hvað verður þá um raunverulegt pólitískt sjálfstæði okkar, þegar skuldaokið væri aftur lagt á herðar þjóðarinnar? 1951 getum við sagt upp Keflavíkursamningnum, þurrkað þann smánarblett nýju yfirþjóðarinnar af okkar landi. En hér á landi eru ríkir og voldugir menn, sem ekki vilja segja þeim samningi upp. Ef við erum komnir á skuldaklafa Bandaríkjanna, þá mun sá voldugi lánardrottinn þjarma þannig að skuldunautnum, að ekki verði upp sagt þeim smánarsamningi.

Ef áfram verður haldið á þessari afturhalds- og kúgunarbraut og sú árás tekst, sem auðkýfingar Reykjavíkur og ríkisstjórn þeirra nú undirbýr á alþýðu landsins, þá er aftur hafin nýlenduþrælkun í landi voru, þar sem forríkir höfðingjar kúga alþýðuna í skjóli erlendrar yfirþjóðar.

Við minnumst þess, að fyrir 700 árum, þegar höfðingjavaldið var þó ekki líkt því eins auðugt á Íslandi og nú, þá tókst því sakir skefjalausrar valdagirndar sinnar að glata frelsi þessarar þjóðar um aldaraðir.

Það eru því síðustu forvöð að stinga við fótum. Samtök framleiðslustéttanna í landinu og allir þeir, hvar í flokki sem þeir standa, sem vilja tryggja velferð og frelsi atvinnustéttanna á Íslandi gegn ásókn auðvalds og afturhalds erlends og innlends, þurfa að taka höndum saman til þess að sigra það steinrunna afturhald, sem nú ætlar að leggja til höfuðorustu við allt, sem gæfa og framtíð Íslands byggist á.

Og fyrsta skrefið til sigursins er, að verkamenn, fiskimenn, bændur, allir launþegar og millistéttir Íslands sameinist sem órjúfandi múr gegn árásum þeim, sem auðkýfingastétt Reykjavíkur og ráðherrahandbendi hennar hyggjast nú að hefja á lífskjör fólksins.

Þið þekkið þessar árásir, og þið þekkið árásarliðið.

Það er þjóðstjórnardraugurinn afturgenginn, sem íslenzkur vorhugur enn er að glíma við. Þrisvar hefur hann verið kveðinn niður. Fyrst var þjóðstjórn þrælalaganna drepin í skæruhernaði verkalýðsins gegn gerðardómslögunum. Síðan var vofa þjóðstjórnarinnar, utanþingsstjórnin sællar minningar, kveðin niður, er hún hóf launalækkunarherferðina. Og í sumar féll þessi stjórnardraugur í viðureigninni við Dagsbrún, en þrjózka stjórnarinnar er meiri en svo, að hún viðurkenni dauða sinn. Því situr hún nú sem Fróðárhirð, sem ekki fer, fyrr en dyradómur þjóðarinnar er upp yfir henni kveðinn. Og ef sá dyradómur verður eitthvað svipaður og í Eyrbyggju forðum, þá mun Stefán Jóhann segja, er hann gengur út: „Setið er nú, meðan sætt er.“ Eysteinn sauðamaður mun mæla: „Fara skal nú, og hygg ég, að þó væri fyrr sæmra.“ En Bjarni Ben. mun fara síðastur með hinum fornkveðnu orðum: „Fátt hygg ég hér friða, enda flýjum nú allir.“

Við skulum vona, að næsti dyradómur þjóðarinnar yfir afturhaldsöflunum verði nægilega magnaður til þess, að reimleikana taki af í stjórnmálum Íslands og alþýða landsins megi fá að njóta ávaxtanna af erfiði sínu í friði fyrir afturgöngum liðins tíma.

Forseti (BSt): Nú hefur hv. 2. þm. Reykv. (EOl) lokið máli sínu. Næstur tekur til máls hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, og talar af hálfu Sjálfstæðisflokksins.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Menn hafa nú heyrt málflutning hv. 2. þm. Reykv. og geta sjálfir dæmt um, hvort hv. þm. hefði ekki getað flutt þessa plötu, sem honum hefur verið lögð í munn, strax í upphafi. Það er sami söngurinn og vant er: Afneitun allra staðreynda. Ómengaður áróður, lapinn eftir alþjóðaáróðri kommúnista.

Í einni slíkri kommúnistiskri heimild suður í löndum var í sumar m. a. sagt um ástandið á Íslandi:

„Verzlunarjöfnuður Íslands, sem hafði verið hagstæður fyrir stríðið, varð þá óhagstæður, og skuld landsins við Bandaríkin varð smám saman veruleg fjárhæð. Á þennan veg óx einnig fjárhagsleg undirokun Íslands gegn Bandaríkjunum.

Við stríðslokin réð fjármagn Bandaríkjanna öllum þýðingarmiklum atvinnugreinum á Íslandi. Ísland skuldaði þá í útlöndum, að langmestu leyti í Bandaríkjunum, 60 millj. króna, sem er mjög há upphæð fyrir lítið land."

Menn sjá skyldleikann milli þessarar fræðslu og þeirrar, sem áðan vall upp úr hv. 2. þm. Reykv., Einari Olgeirssyni.

Í öllum orðum hv. þm. kom einkum fram, hvernig hann reynir að forðast umr. um þá tillögu, sem hann hefur sjálfur flutt.

Hann fullyrðir, að ég vilji ekki semja við Rússa. Það hefur engin áhrif á hann, þó að aldrei hafi verið gerð eins rækileg tilraun og nú til að ná samningum við Rússa. Þeir hafa og gert við okkur mikilsverða samninga, sem eru að efni alveg hliðstæðir þeim hluta brezku samninganna, sem um sömu vörur fjallar, og borga Rússar að öllu samanlögðu nær nákvæmlega sama verð og Bretar. En til viðbótar samningunum um þessar vörur höfum við svo okkar bezta markað, sem sé fyrir ísfiskinn í Bretlandi. Þann markað vanmetur hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, gersamlega, þó að öllum megi vera ljóst, að hann er hinn mikilvægasti af öllum okkar mörkuðum. Ekki virðist þó standa á hv. 2. þm. Reykv. að láta þann markað fara út um þúfur, ef hann mætti ráða.

Hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, fann að því, að Lúðvík Jósefsson hefði verið látinn hverfa úr samninganefnd utanríkisviðskipta. Það er eins og vant er, þá er fyrst komið við hjartað í þeim flokksmönnum, þegar hreyft er við vegtyllum eða bitlingum flokksbroddanna.

Um Lúðvík Jósefsson er það að segja, að honum var sýndur sérstakur trúnaður af ríkisstjórninni, þegar hann var sendur til samninga í Englandi. Hann starfaði þar með öðrum samningamönnum og sagði ríkisstjórninni, að náð hefði verið þeim beztu samningum, sem unnt var. Þrátt fyrir þessa ráðleggingu hefur hann síðan gengið fram fyrir skjöldu til að rógbera stjórnina fyrir að fylgja ráðum sjálfs hans.

Manninum var gefið færi á að bæta ráð sitt, en þegar sýnt var, að hann hélt uppteknum hætti á kommúnistiska vísu, var auðvitað óhjákvæmilegt að létta af honum þessu mikilvæga trúnaðarstarfi.

Ég held, að hv. þm. hefði ekki átt ótilneyddur að taka upp umræður um Keflavíkurflugvöllinn.

Frammistaða hæstv. fyrrv. flugmálaráðh., Áka Jakobssonar, í sambandi við flugmálin öll er með þeim hætti, að flokksbræður hans munu áður en varir flýja frá þeim umræðum á sama veg og menn sáu til Einars Olgeirssonar hér í kvöld. Um Keflavíkurflugvöllinn mun bráðlega birtast skýrsla, og munu þá sannast blekkingar Þjóðviljans og Áka Jakobssonar um það mál, þar sem þessir aðilar hafa meðal annars skrökvað því upp, að flugvallarnefndin hafi samið og sent tillögur, sem hún aldrei hefur tekið afstöðu til, hvað þá meira.

Frásögn hv. þm. um samninga við gjaldeyrissjóðinn er gersamlega úr lausu lofti gripin. Það eru hrein ósannindi eins og svo margt annað, sem þessi þm. hefur sagt á síðari tímum.

Ég hef heldur aldrei hótað atvinnuleysi. Það er aðeins eitt dæmi ósanninda þessa hv. þm., alveg sams konar eins og að ég sé meðeigandi í ísl. fiskhring eða Unilever-hringnum brezka, eins og hv. þm. gaf í skyn í Þjóðviljanum fyrir skömmu.

Einar Olgeirsson hefur nú farið um landið endilangt til að skrökva því upp, sem hann endurtók í kvöld, að ég hafi hindrað sölu á hraðfrystum fiski til Tékkóslóvakíu á þessu ári. Þessu til sönnunar á það að vera, að samningar við Tékka hafi dregizt.

Sannleikurinn er sá, að þegar núv. stjórn tók við völdum fyrri hlutann í febrúar s. l., hafði fyrrv. stjórn ekki gert ráðstafanir til, að samningar yrðu teknir upp við Tékka að nýju, jafnvel þó að vitað væri, að þeir rynnu út þá í mánaðarlokin. Sjást þess hvergi merki, að fulltrúar hv. Sameiningarflokks alþýðu, sósíalistaflokksins í ríkisstjórn hafi þá hvatt til þess, að þeim samningum yrði hraðað, en auðvitað var það skylda hæstv. þáv. atvmrh., Áka Jakobssonar, að undirbúa þessa samningagerð, að því er varðaði sölu sjávarafurða, sem hann hafði með höndum.

Kom það og á daginn, þegar um þetta var rætt í utanríkismálanefnd 10. febr., skömmu eftir að núv. stjórn hafði tekið við, að allir flokkar, ekki síður fulltrúar Sameiningarflokks alþýðu, sósíalistaflokksins en aðrir, voru þá sammála um, að eðlilegt væri að fresta samningum við Tékka, þangað til lokið væri samningum við Rússa, vegna þess að fyrr væri ekki sýnt, hversu mikið yrði aflögu af þeirri vöru, sem Tékkar helzt óskuðu að fá, en ekki sízt fulltrúar Sameiningarflokks alþýðu, sósíalistaflokksins vildu umfram allt láta Rússa ganga fyrir öðrum um þær vörur sem aðrar. Um þetta ber fundargerð utanríkismálanefndar 10. febr. s. l. órækt vitni.

Það varð því að samkomulagi, að Pétri Benediktssyni sendiherra var falið að fara til Prag og fá samninginn við Tékka framlengdan. Náðist samkomulag um þá framlengingu, en vegna þess að samningarnir við Rússa stóðu lengur en búizt hafði verið við, voru Tékkar sjálfir ekki reiðubúnir til nýrrar samningsgerðar í sumar, þegar samningunum við Rússa var lokið. Varð það til þess, að samningurinn var enn framlengdur til 1. okt., enda eru nú hafnir samningar að nýju með góðu samkomulagi beggja ríkja.

Ef dráttur þessi hefur komið að sök, ber hv. þingmönnum Sameiningarflokks alþýðu, sósíalistafl. sízt að saka aðra um hann. Drátturinn er bein afleiðing þeirra háu hugmynda, sem einmitt þessir þm. vöktu hjá mönnum um möguleika til sölu á íslenzkum afurðum í Rússlandi, en því miður fengu ekki staðizt.

Það eina, sem leggja má öðrum til lasts, er yfirleitt að leggja nokkurn trúnað á orð manna eins og hv. þm. Siglf., Áka Jakobssonar. En til þess eru vítin að varast þau.

Hitt er svo annað mál, að fresturinn á fullnaðarsamningum hefur alls ekki orðið til þess að hindra sölu á íslenzkum afurðum til Tékkóslóvakíu. Tékkar hafa að vísu keypt minna af hraðfrystum fiski en við hefðum vonað. En allan þennan tíma hafa verið í gildi samningar við Tékkóslóvakíu, sem gera ráð fyrir ríflegri sölu af fiski til þeirra. Ástæðan til, að Tékkar hafa keypt minna af fiski en menn hafa vonað, er auðvitað ekki sízt hið háa verðlag okkar.

Þeir menn, sem mestan hafa kunnugleikann og sjálfir hafa samið við Tékka, segja þó, að það sé ekki eina ástæðan. Í skýrslu sinni frá 22. júlí segir Pétur Benediktsson:

„Það, sem mestum erfiðleikum veldur um viðskipti við Tékkóslóvakíu, er það, að Tékkum þykir við kaupa of lítið af þeirra vörum."

Einar Sigurðsson segir í stórmerkri skýrslu, sem hann hefur sent 30. sept.:

„En versti þröskuldurinn í sambandi við innflutning á frosna fiskinum til Tékkóslóvakíu er afstaða tékkneska þjóðbankans. Vegna óhagstæðs greiðslujafnaðar milli Íslands og Tékkóslóvakíu hefur bankinn hvað eftir annað dregið á langinn veitingu gjaldeyrisleyfa, þrátt fyrir það innflutningsmagn, sem heimilað er í verzlunarsamningum milli landanna. Til að bæta úr því virðist um fáar leiðir að ræða aðrar en að auka innflutninginn frá Tékkóslóvakíu, ef Íslendingar vilja hagnýta sér þennan markað til hins ýtrasta".

Það er sem sagt landsbankavaldið í Tékkóslóvakíu, sem er versti þröskuldurinn, en ekki hin slæma ríkisstjórn í Íslandi.

Nú er sannleikurinn sá, að það, sem gerir Tékkum fært að kaupa af okkur fiskinn, þrátt fyrir okkar háa verðlag, er það, hversu hátt verðlag er í þeirra eigin landi. Verð á ýmsum vörum þaðan er þess vegna mun hærra en fyrir þær er hægt að fá annars staðar að, og það, sem verra er, að til skamms tíma hefur vöruúrval verið þar lítið og afhendingarfrestur langur.

Reynslan er ólygnasta vitnið. Á meðan við áttum nægan frjálsan gjaldeyri og unnt var að kaupa þar, sem kaupin voru hagkvæmust, var erfitt að beina viðskiptum til Tékkóslóvakíu, þrátt fyrir eftirrekstur Landsbankans íslenzka um að nota innstæðuna, sem sjálfsagt hefur verið rækilega stutt af Hauki Helgasyni og Einari Olgeirssyni, sem þá voru mikils ráðandi um innflutninginn.

Núverandi ríkisstjórn hefur hins vegar gert gagngerðar ráðstafanir til að auka innflutning frá Tékkóslóvakíu. M. a. hefur hún tvisvar á þessu ári sent einn gerkunnugasta mann í innflutningnum, dr. Odd Guðjónsson, fyrrv. formann viðskiptaráðs, til Tékkóslóvakíu í því skyni að greiða fyrir innflutningi þaðan og afla sér heimilda um, hverjar vörur þar er hægt að kaupa.

Við framlengingu samninganna í sumar tóku Tékkar vel í það að heimila okkur kaup ýmissa vörutegunda, sem við höfðum ekki fengið áður, og er það skoðun kunnugustu manna, að vörukaupin frá Tékkóslóvakíu megi töluvert auka frá því, sem verið hefur.

Núv. ríkisstj. lætur sér auðvitað hvergi bregða, þótt hv. Sameiningarflokkur alþýðu, sósíalistafl. saki hana um athafnaleysi og illvilja, þegar hún er einmitt ötullega að vinna að því að ryðja braut þeim hindrunum, sem staðið hafa í vegi þessara viðskipta. Háttur valdamanna í hinum virðulega flokki er einmitt þessi.

Sjálfir hafa þeir tekið fullan þátt í öllum þeim aðgerðum, sem þeir gagnrýna, svo sem samningunum við Breta og Rússa á s. l. vori og frestun fullnaðarsamninga við Tékka.

Lúðvík Jósefsson og Ársæll Sigurðsson gerðu engar athugasemdir gagnvart ríkisstj. um, að þeir teldu brezku eða rússnesku samningana varhugaverða, heldur fullyrtu þeir þvert á móti berum orðum, að þeir samningar, sem að lokum voru gerðir, væru þeir hagkvæmustu, sem unnt væri að ná. Á sama veg höfðu Einar Olgeirsson, Brynjólfur Bjarnason og Ársæll Sigurðsson ekkert að athuga við frestun Tékka-samningsins, þegar hún var ákveðin á fundi utanríkismálanefndar hinn 10. febr. s. l.

Allt er þetta auðvelt að sanna, en engu að síður halda hv. forsprakkar Sameiningarfl. alþýðu, sósíalistafl. áfram ósannindum sínum í þeirri trú, að einhverjir verði til að trúa ósómanum, ef hann er nógu oft endurtekinn. En málsvarar sannleikans mega ekki vera svo værukærir, að þeir telji eftir sér að leiðrétta ranghermið, þó að það sé sí og æ endurtekið.

Þetta á ekki síður við t. d. um skipti okkar við Frakkland heldur en Tékkóslóvakíu. Núv. ríkisstj. hefur aldrei hindrað, að til Frakklands væru seldar fiskafurðir, sem innflutningsleyfi þar hefur þegar verið fengið fyrir, svo sem þessir hv. þm. sí og æ fullyrða.

Þvert á móti hefur ríkisstj., eins og skylda hennar að sjálfsögðu var, beitt sér fyrir að fá framlengda gengistryggingu á frankanum, til þess að geta greitt fyrir áframhaldandi sölum til Frakklands.

Hitt liggur í augum uppi, að sama varan verður ekki seld til margra landa í senn. Það, sem búið var að binda í samningum við einn, verður ekki á meðan þeir samningar eru í gildi selt öðrum, allra sízt þegar ekkert liggur fyrir um, að sá vilji kaupa. — Þetta er augljóst mál, sem allir skilja, jafnvel hv. þm. Sameiningarfl. alþýðu, sósíalistafl., ef þeir vildu beita því viti, sem þeir, þrátt fyrir allt, eru gæddir.

Núverandi ríkisstjórn hefur eftir föngum, eins og þegar er sagt, greitt fyrir sölum til Frakklands og til Ítalíu. — Nú standa yfir samningar við Holland, sem eftir atvikum virðast vera mjög hagkvæmir.

En gallinn á skiptum við öll þessi lönd er sá, að ekkert þeirra vill borga hinn hraðfrysta fisk okkar í frjálsum gjaldeyri. Öll heimta þau jafnvirðiskaup svonefnd, eða clearing-viðskipti, og öll vilja þau láta okkur fá þær af þeirra vörum í staðinn, sem sízt eru seljanlegar fyrir frjálsan gjaldeyri. Það eru þessar leifar, sem við verðum að hirða, af því að hið háa verðlag knýr okkur til jafnvirðiskaupa.

Geta okkar litla þjóðfélags, einkum þegar svo er statt sem nú, er hins vegar mjög takmörkuð til að taka á móti þessum vörum. Eitt af verkefnum Parísarráðstefnunnar var það að reyna að eyða þessum annmörkum jafnvirðisviðskiptanna, og er haldið áfram viðleitni í þá átt. Ef árangur yrði af því, mundi það mjög létta fyrir okkur þessi viðskipti.

En vöruverðið er einnig mjög hátt í öllum þessum löndum, einkum á þeim vörum, sem jafnvirðiskaupin ná til. Þá hef ég og öruggt dæmi þess, að sams konar vara keypt með bundnum gjaldeyri í einu þessara landa er 3—4 sinnum dýrari en ef hún er keypt frá Bandaríkjunum. Þessar þjóðir skortir frjálsan gjaldeyri, og eru dæmi þess, að sömu vörurnar eru helmingi ódýrari í frjálsum gjaldeyri en í jafnvirðiskaupum, sem miðast við innlenda mynt þeirra. Þar sem svo er, getur því borgað sig betur að selja afurðir okkar fyrir býsna miklu lægra verð, ef greiðsla fæst í dollurum og að vissu marki í pundum, og geta þá valið um, hvort við kaupum nauðsynjar í þessum löndum eða annars staðar, þar sem verðið kann að vera enn þá lægra.

Þetta þekkja allir, sem einhvern kunnugleika hafa af þessum málum, hv. þingmenn Sameiningarfl. alþýðu, sósíalistafl. sumir ekki síður en aðrir. En af hverju halda þeir þá áfram þessum áróðri sínum?

Ástæðurnar fyrir því get ég því miður tímans vegna ekki rakið að þessu sinni. Hitt er augljóst, að ef stefnu þeirra er fylgt, er ekki nema þrennt fyrir höndum.

Eitt er það, að atvinnuvegirnir, og einkum bátaútvegurinn, leggist algerlega niður um sinn, þangað til hinn bitri lærdómur reynslunnar hefur kennt mönnum, að ekki verður hjá því komizt að láta undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar bera sig. En sá lærdómur mundi ekki fást fyrr en eftir langt tímabil atvinnuleysis, fátæktar og eymdar.

Annar möguleikinn er sá, sem hv. Sameiningarfl. alþýðu, sósíalistafl. lætur skína í, að sé það, sem fyrir þm. hans vakir, að andvirði vöru okkar sé bætt upp á erlendum mörkuðum með annarlegum verðmætum, þ. e. a. s., að við högum stjórnmálum okkar á þann veg, að aðrar þjóðir vilji gefa meira verð fyrir fiskinn, til að kaupa þá breytingu á innanlandsmálum okkar.

Þriðji möguleikinn er sá, að reynt verði að halda við núverandi fyrirkomulagi með lántökum enn um sinn. Nauðsynleg lán til þess mundu áreiðanlega verða vandfengin.

Eftirtektarvert er, að frændur okkar Danir hafa fyrir skömmu tekið 40 millj. dollara lán. Þetta þótti svo mikil lántaka, jafnvel þótt til endurreisnarstarfs væri, að fregn um hana var símuð viðsvegar um heim. Ef við tækjum tilsvarandi lán, mundi það ekki verða nema rúm millj. dollara, eða 7—8 millj. króna. Mega allir sjá, hversu lengi okkur dygði slík lántaka og hversu heillaríkt væri að verja þó ekki meira fé en því í óseðjandi hít verðbólgunnar.

En jafnvel þó að miklu stærra lán væri fáanlegt, er greinilegt, að afleiðing þess yrði einungis sú, meðan fjárhagsástandið er ekki breytt frá því, sem nú er, að við á skömmum tíma mundum festast í skuldafeni, sem við ættum erfitt með að losa okkur úr.

Auðvitað getur orðið óhjákvæmilegt að taka lán, og stundum getur það beinlínis verið skynsamlegt. En hitt er stórhættulegt, að taka lán, sem fyrirsjáanlega er ekki hægt að borga.

Núverandi ríkisstjórn vill fyrir alla muni forðast, að þannig fari fyrir okkur, á sama veg og hún vill eindregið berjast á móti hinum tveim afleiðingunum af stefnu hv. Sameiningarfl. alþýðu, sósíalistaflokksins.

Það er að vísu rétt, að þessir möguleikar verða ekki hindraðir nema því aðeins, að Íslendingar, þjóðarheildin, takmarki eyðslu sína frá því, sem verið hefur. En það má ekki gerast með því og á ekki að gerast með því, að byrðarnar verði eingöngu lagðar á einstakar stéttir, heldur verða þar allir að taka þátt í, hver eftir sinni getu.

Slík þrenging lífskjaranna er auðvitað ekki æskileg, þvert á móti, en þó er mönnum ekki boðið upp á nein hörmungarkjör. Nú þegar síldveiðarnar hafa brugðizt, verða gjaldeyristekjurnar þó h. u. b. 300 milljónir króna. Á árunum fyrir stríð voru þær 50—60 milljónir. Útlenda varan hefur að vísu hækkað, en hvergi nærri sem þessum mismun nemur.

Á þeim tímum, er aðrar þjóðir keppa að því að koma málum sínum í ekki lakara horf en þau voru fyrir stríðið, verður að segja, að þau kjör Íslendinga, að geta haft það svona miklu betra en fyrir stríðið, eru vissulega ekki kröpp. Allra sízt þegar á það er litið, hvað okkar bíður, ef þessi kostur verður ekki valinn. Þá er ekkert annað framundan en sá ófarnaður, sem stefna Sósíalistaflokksins hlýtur að leiða til og áður var lýst.

Menn verða þess vegna að átta sig á, að hér er ekki aðeins um að ræða fjárhagsleg atriði. Það, sem við nú eigum að taka ákvörðun um, er, hvort við eigum með hærri kröfum en efni standa til að tefla málum okkar í það horf, að eitt af þrennu bíði okkar: fjárhagslegt öngþveiti, sala stjórnmálalegs frjálsræðis eða ósjálfstæði, sem leiðir af botnlausum skuldum.

Íslenzka þjóðin mun vissulega ekki velja neinn af þessum kostum. Núlifandi kynslóð mun ekki fara þannig með hinn dýra arf, sem henni hefur hlotnazt. Hún mun ekki ofurselja frjálsræði sitt á fyrstu árum hins endurreista lýðveldis, heldur mun hún haga málum sínum svo, að við getum skilað landinu í hendur eftirkomenda okkar alfrjálsu og með blómlegri efnahag en nokkru sinni áður.

Forseti (BSt): Hæstv. dómsmrh. (BBen) lauk máli sínu. Tekur nú til máls hæstv. atvmrh., Bjarni Ásgeirsson, og talar af hálfu Framsfl.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Það var margt spaugilegt í ræðu hv. 2. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, þessa Sölva Helgasonar íslenzkra stjórnmála, en spaugilegast var þó gort hans yfir afrekum sínum og flokks síns, þegar hann var að lýsa því, hve mörgum og miklum verðhækkunum hann hefði komið til leiðar á heimsmarkaðinum, og síðast nú í sumar hinu háa verði á síldarlýsi, sem væri hærra nú en nokkru sinni áður og þeir hafa víst verið búnir að undirbúa, áður en þeir fóru úr stj. Það má segja, að miklir menn erum við, Hrólfur minn.

Svipaðs eðlis var það, sem hann talaði til hæstv. utanrrh. (BBen). Verðlækkunin var hans verk. En gott verð var verk Einars og hans nóta. Hann sagði, að hæstv. utanrrh. (BBen) hefði eyðilagt hestamarkaðinn í Póllandi í sumar. Sannleikurinn er sá, að hestamarkaðurinn stöðvaðist fyrir það, að uppskerubrestur var svo alvarlegur, að þeir treystu sér ekki að flytja inn meiri kvikfénað. Pólverjar vildu kaupa og vilja kaupa, og stj. kom til móts við þá með allt, m. a. tveggja ára greiðslufrest. Pólverjar voru búnir að gera samninga við Norðmenn, Svía og fleiri, og þeir sneru sér til þeirra og báðu um frest, og sömuleiðis var

útilokað að flytja hesta héðan. Þannig falla þessi rök algerlega um sjálf sig.

Það er sami sannleikurinn, sem felst í því og því, að Einar Olgeirsson hafi hækkað verðið á heimsmarkaðinum og að hæstv. utanrrh. hafi ráðið uppskerubrestinum í Póllandi.

Ég hygg, að engin íslenzk ríkisstjórn hafi fengið til meðferðar meiri og margháttaðri vandamál en þau, er núverandi stjórn á við að glíma, í sambandi við það öngþveiti í gjaldeyris-, verðlags- og fjármálum, sem hér er nú á skollið, að vísu eftir alllangan aðdraganda. Ríkisstjórnin gerði sér þegar í upphafi engar gyllivonir um það, að viðfangsefni hennar yrðu neinn dans á rósum, eins og þessum málum var komið, þegar hún tók við. En ég efast samt um það, að nokkur af ráðherrunum hafi gert sér grein fyrir því, hversu komið var á tæpa nöf í byrjun þessa árs, fyrr en allmikið verk hafði verið í það lagt að lesa þessar rúnir niður í kjölinn, eftir að fjárhagsráð var stofnað og hóf sínar rannsóknir á málunum ásamt ríkisstjórn og fjármálastofnunum. Það, sem niðurstöður þessara athugana leiddu óvéfengjanlega í ljós, var þetta:

Gjaldeyrisinneignum þjóðarinnar var næstum að fullu ráðstafað og sömuleiðis gjaldeyristekjum hennar á árinu, svo að tæpast var eftir fyrir brýnustu lífsnauðsynjum ársins.

Sparifé landsmanna í bönkum og sparisjóðum var að mestu orðið fast í margs konar fyrirtækjum, sumum aðeins hálfgerðum eða varla það, svo að lánsöflun mikils háttar framkvæmda var að mestu útilokuð. Það var því sýnilegt, að allar framkvæmdir, sem einstaklingar, bæjarfélög og ríki höfðu með höndum, mundu bráðlega stöðvast, svo að segja samstundis, og því næst sjálf framleiðslustarfsemin, ef ekki yrði þegar hafizt handa um að ráðstafa þeim litla gjaldeyri og því litla lánsfé, sem enn var til þeirra framkvæmda og þeirrar starfsemi, sem nauðsynlegust var þjóðinni.

Samfara þessu kom svo hitt í ljós, að framleiðsluvörur þær, sem ríkið hafði ábyrgzt visst verðlag á, seldust ekki nema fyrir hluta af því verði, þannig að ríkissjóður hlýtur að bíða af því milljóna tap.

Það átti nú að vera hverjum manni sjáanlegt, sem gerði sér grein fyrir ástandinu, að þegar svo var komið, var útilokað lengur að aka sér undan því að taka öll þessi fjárhagsatriði til róttækra aðgerða. Og það átti að vera hverjum manni sjáanlegt, að þær aðgerðir hlytu að koma við einhverja, — og ekki aðeins einhverja, heldur alla landsmenn, meira og minna.

En vandamálum eins og þessum ræður engin ríkisstjórn og enginn þingmeirihluti til lykta, svo vel fari, nema að baki þeim og með þeim starfi meginhluti borgaranna í landinu. Í lýðstjórnarlandi hefur þing og stjórn ekkert að styðja sig við nema skilning og ábyrgðartilfinningu hins frjálsa borgara, þó að einræðisstjórnir geti látið byssukjaftana lesa fyrir þegnunum þau lög og reglur, sem þær vilja að gildi á hverjum tíma.

Það var því sameiginlegt álit allra á síðasta þingi, er sáu, að hverju stefndi, að æskilegast væri að fá alla þingflokka til samstarfs og freista þess að skapa samfylkingu þjóðarinnar gegn þeim vandamálum, sem óhjákvæmilega hlytu að bíða hennar á næsta leiti.

Allir vita, hvernig það fór. Flokkurinn, sem kallar sig sameiningarflokk alþýðu — og mest hafði gumað af ábyrgðartilfinningu og þjóðhollustu fyrir það, að hann hafi tekið þátt í stjórnarmyndun á þeim tíma, er auðæfi þjóðarinnar voru meiri en nokkru sinni fyrr og stjórn landsins því auðveldari en nokkru sinni — hafði laumazt út um eldhúsdyrnar hjá fyrrverandi ríkisstjórn, þegar hann sá hilla undir aðsteðjandi erfiðleika, og harðneitað að taka þátt í nýrri stjórnarsamsteypu, af ótta við óþægindi og óvinsældir þeirra ráðstafana, sem óumflýjanlegar yrðu á næstunni.

Það var því fyrirfram sýnilegt, að af þessum flokki væri lítils að vænta í því viðnámsstarfi, sem hér varð að hefja. En þessi flokkur hefur ekki látið við það eitt sitja að hlaupa af hólmi, þegar mest á reið, heldur hefur hann hafið æðisgengna baráttu gegn hverri einustu viðleitni ríkisstj. til stöðvunar fullkomnu hruni, atvinnuleysi og eymd. Þetta hefur hann gert með því að reyna að villa um fyrir alþjóð manna um allar staðreyndir, stórar og smáar.

Fúkyrði og upphrópanir í blaði flokksins — Þjóðviljanum — eru alla daga á hæstu nótum og minna helzt á óðs manns öskur.

Það verður tæplega á milli séð, hvort hann hatar meir, Bandaríkin eða ríkisstjórn Íslands. Þegar ríkisstjórnin lætur birta skýrslu fjárhagsráðs um gjaldeyrisástandið og önnur fjárhagsmál, hlutlausa og samvizkusamlega gerða, til þess að kynna alþjóð ástandið, þá öskrar Þjóðviljinn: „Skýrslu fjárhagsráðs er ætlað að koma fáti á fólkið og villa því sýn."

Þegar farið er að skammta hinar takmörkuðu sementsbirgðir, sem við höfum ráð á, til þess að sjá um, að þær nýtist sem bezt og koma í veg fyrir, að allar byggingar, sem í smíðum eru, stöðvist ófullgerðar, öskrar Þjóðviljinn: „Hin dauða hönd hrunstjórnarinnar þegar lögð á allar byggingarframkvæmdir. Er ríkisstjórnin vísvitandi að skipuleggja atvinnuleysi?" Þegar reynt er að treina þær benzínbirgðir, sem við höfum nokkur tök á að eignast á þessu ári, með því að takmarka þær sem mest við aðra en þá, sem hafa bifreiðaakstur sem atvinnu, og skipta því sem jafnast á milli þeirra, eftir því sem birgðir endast, þá öskrar Þjóðviljinn: „Ósvífin árás á atvinnubílstjóra. Benzínskammtur þeirra lækkar stórlega."

Þegar ríkisstjórn skýrir þjóðinni frá verðlagi því, sem ríki á heimsmarkaðinum á aðalútflutningsvöru þjóðarinnar, svo að hún viti hvar hún stendur, þá öskrar Þjóðviljinn: Sölusamningar Bjarna Benediktssonar áttu að sanna þjóðinni, að hún yrði að rýra lífskjör sín. Þegar allt veltur á, að afurðirnar seljist fyrir sem hæst verð, vill afturhaldið (þ. e. ríkisstjórnin) að það lækki.

Það, sem hér er sagt, er nánast þetta: Íslenzka ríkisstjórnin leggur sig í framkróka um að selja útflutningsvörur þjóðarinnar með sem óhagstæðustum kjörum fyrir landsmenn, ekki af tómum aulaskap, þó að hann sé ríkulegur, heldur blátt áfram af mannvonzku — til þess að íslenzk alþýða verði til neydd að rýra kjör sín. — Og þannig mætti lengi telja.

Þessir menn vita sjálfsagt, hvað þeir mega bjóða heimafólki. En þyki þetta og annað eins góð latína í þeim söfnuði, þá get ég fallizt á, að ekki sé svo illa til fundið hjá þeim austur í Moskva að líkja kommúnismanum við Oxfordhreyfinguna, einhverja mestu heittrúarstefnu síðari tíma. Hann stendur henni sýnilega ekki að baki í trúarefnum.

Þá er ekki síður athyglisvert, með hverri ákefgju foringjar og flokksblöð þeirra stjórnarandstæðinga reyna að bólusetja flokksmenn sína gegn hverri hugsun um lagfæringu á verðlagsmálunum til léttis útflutningsstarfseminni. Þeir taka hverja leið, sem þar gæti komið til mála, og afflytja hana á allan hátt — og þó með rökum, sem eitt rekur sig á annars horn.

Sú var þó tíðin, að þeir þóttust vera öllum flokkum skeleggari í baráttunni gegn verðbólgunni. Þá létu þeir sér sæma að gefa út yfirlýsingu sem þessa: „Verðbólgan þýðir tvímælalaust atvinnuleysi, og það í enn geigvænlegri mynd en áður hefur þekkzt. Verkamenn verða því að taka upp forustuna gegn verðbólgunni."

Þetta var fyrir kosningarnar 1942 — áður en þeir fundu upp slagorðið um blessun verðbólgunnar, sem dreifði stríðsgróðanum.

Í samræmi við þessa yfirlýsingu settu þeir svo upp stefnuskrá í 12 liðum um baráttuna gegn verðbólgunni. Hvað hefur svo orðið um efndir þeirrar stefnuskrár? Nákvæmlega það sama og um efndir allra þeirra stóryrðu stefnuskráratriða, sem þeir hafa básúnað út um landið frá því að þeir fóru að sýna lífsmark með sér í landinu. Nákvæmlega ekki neitt. Á öllum sínum hérvistardögum hefur þeim verið gefinn einn náðartími, er sennilega kemur aldrei oftar, til að framkvæma stefnumið sín og loforð.

Þetta tímabil var frá haustnóttum 1944 til 1946. Þá voru þeir í ríkisstjórn og það valdamiklir, að stjórnin gat ekki lifað deginum lengur en þeir vildu vera láta. En allan þann tíma varð þess ekki vart, að þeir settu á oddinn eitt einasta atriði allra þeirra stórmála, er þeir hafa talið og telja nauðsyn fyrir þjóðina, þegar þeir eru valdalausir í landinu.

Eitt uppáhalds gælunafn stjórnarandstæðinga á núverandi ríkisstjórn er nafnið „hrunstjórnin".

Þetta minnir svo sláandi á skólapiltinn, er stal peningunum af félaga sínum, en reyndi svo eftir á að koma viðurnefninu „þjófur" á þann, sem af var stolið, til að leiða athyglina frá sjálfum sér.

Allt framferði þeirra bendir á það, að þeir vilja fyrir hvern mun koma af stað hruni og öngþveiti í landinu — til þess að geta hæglegar villt um fyrir þjóðinni, svo að hún verði ofstæki þeirra sem auðveldust bráð.

Þeir hafa reynt eftir mætti að dylja fyrir þjóðinni og villa í gjaldeyris- og fjármálum hennar. Þeir hafa lagt allt kapp á að koma í veg fyrir, að þjóðin sætti sig við þær hóflegu takmarkanir á notkun erlends gjaldeyris, er ríkisstjórn og fjárhagsráð telja nauðsynlegt. Þeir hafa reynt að fyrirbyggja, að þjóðin sætti sig við nokkrar þær ráðstafanir, sem dugi til þess, að útflutningsstarfsemi hennar geti orðið samkeppnisfær á erlendum mörkuðum. En þeir láta ekki þar við sitja. Þeir sjá, að jafnvel þó að þeim takist þetta allt, þá er þó ein leið hugsanleg enn til þess, að ekki fari allt viðstöðulaust í strand, — og hana þarf að fyrirbyggja. Og þessi leið er hugsanlegt gjaldeyrislán til að forða hruni.

Nú er það svo, að allar þær ráðstafanir, sem ríkisstjórnin hefur verið að beita sér fyrir undanfarið, miða meðal annars að því að komast hjá því, að þjóðin þurfi að grípa til lántöku eða skuldasöfnunar erlendis, — og öll ríkisstjórnin er sammála um, að slíkt væri hið síðasta neyðarúrræði, — þó að það hlyti að verða óhjákvæmilegur endir, ef komið yrði í veg fyrir allar þær varúðarráðstafanir, sem verið er að framkvæma og undirbúa.

Og í þeirri von, að þeim takist það svo, að endirinn verði þessi, er það svo spunnið upp frá rótum, að ríkisstjórnin sé að undirbúa eða sé búin að leggja erlendan skuldaklafa á þjóðina.

Fyrst er dylgjað um þetta í Þjóðviljanum. Svo er það fullyrt og að síðustu skjalfest í þingskjali, — og var þá verkið fullkomnað, þó að tillögumaðurinn sjái máske nú, að hann hefur gengið feti lengra en æskilegt hefði verið fyrir hann.

Það var hér á fyrstu árum kommúnistahreyfingarinnar á Íslandi, að kunningi minn einn, sanntrúaður kommúnisti og brennandi í andanum, fór að prédika fyrir mér fagnaðarefni kommúnismans og reyndi að leiða mig í allan sannleika í þeim háleitu fræðum. Ég var eins og flestir ungir menn opinn fyrir öllum nýjungum og hafði gaman af að kynnast hinum nýstárlegu kenningum og pólitískheimspekilegu bollaleggingum, sem þar komu fram. Sumt líkaði mér allvel, en annað miður, eins og gengur. Eitt af því fyrsta, sem fékk mig til að spyrna nokkuð fótum við boðskap þessa nýja siðar, var sú kennisetning, að í baráttunni fyrir framgangi og sigri hinna dásamlegu hugsjóna kommúnismans væru svo að segja allar leiðir jafnréttháar, ef þær bæru að hinu rétta marki. Á sannleik og lygi væri sá einn munur, hvort þeirra væri áhrifaríkara og heppilegra hverju sinni til að bera árangur fyrir hið góða málefni.

Mér gekk dálítið erfiðlega að melta þessa kenningu. Hún minnti mig óþægilega á það, sem ég hafði heyrt og séð um siðspeki Jesúítareglunnar alræmdu, og stangaðist verulega við þá óbrotnu sveitalegu siðfræði, sem ég hafði verið alinn upp við, eins og önnur íslenzk alþýða á þeim árum, að sannleikann bæri ætíð að taka fram yfir lygina.

Ég hreyfði þessu eitthvað við lærifeður minn og bætti því við, að auk hins siðferðislega í málinu tryði ég ekki á, að slík baráttuaðferð borgaði sig, er til lengdar léti. Hið sanna hlyti jafnan að komast upp að lokum, og þá misstu menn trú á málstað og rök þeirra, er notuðu þessar starfsaðferðir, einnig þegar þeir segðu satt. Lærifaðirinn kvað það með öllu hættulaust, ef þess væri aðeins gætt að nota lygina með varúð. Fullyrðingarnar gætu gert sitt gagn, þó að ósannar væru og ósannanlegar, aðeins ef þær yrðu ekki afsannaðar. Allt ylti á því að gera ósannindin sem sennilegust.

Nú hefur manni verið skýrt frá því, — og síðast fyrir fáum dögum í Þjóðviljanum, — að kommúnistaflokkur Íslands væri ekki lengur til. Og við minnumst þess líka, að okkur var sagt, að hann hefði fengið hér rólegt andlát fyrir 9 árum — og var þá fáum harmdauði.

Hitt er svo annað mál — eftir baráttuaðferð sameiningarfl. íslenzka og blaðs hans „Þjóðviljans" að dæma nú undanfarið, sem ég hef að nokkru leyti vitnað hér til, — að svo virðist sem þessi ættargripur úr dánarbúi kommúnistaflokksins sálaða, um löggildingu lyginnar í þjónustu stjórnmálabaráttunnar, hafi á einhvern hátt borizt inn á heimili sameiningarflokks alþýðu — „sósíalistaflokksins" og verið tekinn þar í notkun. En líklega hefur varúðarhaninn, sem ég minntist á, — þetta að gera ósannindin líkindaleg, — eitthvað

skaddazt í flutningunum. Um það ber m. a. vitni sá málatilbúningur þeirra, sem hér hefur verið ræddur í kvöld.

Þegar þeir menn, sem nú hafa forustu í hinni íslenzku stjórnarandstöðu, og flokksblöð þeirra eru einir um það „hér úti á Íslandi," — eins og hv. 2. þm. Reykv. (EOl) orðar það, — að dá og lofsyngja hið austræna lýðræði, eins og það er nefnt.

Meginhluti íslenzku þjóðarinnar er þakklátur fyrir það, að skipulag þess og starfshættir hafa ekki náð útbreiðslu í þessu þjóðfélagi, og vonar, að það verði aldrei. En þó held ég satt að segja, að engir ættu að vera þakklátari fyrir, að svo er, en þeir menn, sem nú hafa forustuna fyrir stjórnarandstæðingum hér.

Ef hér væru ríkjandi sams konar vinnubrögð í stjórnmálum og daglega berast fréttir af frá sumum Evrópuríkjunum, er hafa tileinkað sér hið austræna „lýðræði", mætti fara nærri um það, hverjir ynnu hér til heitisins „skemmdarverkamenn" o. s. frv. og hvaða heimkynni biðu þeirra.

Ég held, að það væri fullkomlega ástæða til þess, að höfuðguðfræðingur stjórnarandstöðunnar, hv. 6. þm. Reykv., Sigfús Sigurhjartarson, beitti sér fyrir því, að þakkarguðsþjónustur væru öðru hverju haldnar innan flokks hans til að lofa forsjónina fyrir það, að hér skuli ríkja venjur og vinnubrögð hins vestræna lýðræðis, úr því að þeir þurftu endilega að lenda í stjórnarandstöðu.

Forseti (BSt): Hæstv. atvmrh. (BÁ) hefur lokið máli sínu, og tekur þá að síðustu til máls hæstv. samgmrh., Emil Jónsson, og talar af hálfu Alþfl.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Í ræðu Einars Olgeirssonar voru — þegar venjuleg slagorð eru fráskilin, — slagorð um, að ríkisstjórnin vildi hella yfir þjóðina atvinnuleysi, eymd, stöðvun atvinnuveganna o. s. frv., — aðeins tvö atriði, sem vert er að athuga nánar. Annars vegar, að ríkisstjórnin af illgirni og fávitahætti hefði valið sér hina óheppilegustu stað til afurðasölu og forðazt að selja þar, sem hægt hefði verið að fá fyrir þær fullt ábyrgðarverð. Sagði hann þessu máli sínu til sönnunar, að Danir seldu nú Rússum smjör fyrir kr. 6,50 kílóið, sem væri ágætt verð, enda hefðu Danir áður fengið miklu minna fyrir smjörið. En þá er mér spurn: Hvað skyldu þessar ágætu þjóðir segja um okkar smjörverð, kr. 30,00 pr. kg.? Hvernig skyldi okkur ganga að selja á því verði? En þó að við flytjum ekki út þessa vöru, þá sýnir verðlagið á henni — bæði hér og þar —, í hve geysilegt óefni er komið með okkar afurðaverð samanborið við aðrar þjóðir allt í kringum okkur.

Þessu til viðbótar langar mig aðeins til að spyrja: Hvar eru þeir staðir, þar sem við getum nú selt allar framleiðsluvörur fyrir kostnaðarverð, og hvaða sölumöguleikum hefur verið sleppt á þessu verði, sem við höfum átt kost á? Ég veit ekki betur en að hver einasti sölumöguleiki þess háttar hafi verið notaður og ríkisstjórnin hafi gert allt, sem í hennar valdi hefur staðið, til að selja framleiðsluvörur okkar til Austur-Evrópu, meðal annars með samningstilboðum til fleiri ára. En undir það hefur ekki verið tekið umfram það, sem samningar hafa verið gerðir um.

Hitt atriðið í ræðu hv. þm., sem ég vildi fara um nokkrum orðum, er það, að hann hélt því fram, að núv. ríkisstjórn bæri ábyrgð á allri gjaldeyriseyðslunni og hefði algerlega svikizt um að gera ráðstafanir til að stöðva hana.

Sannleikurinn er sá, hvað sem að öðru leyti má um gjaldeyriseyðsluna segja, að núv. ríkisstj. ber ekki ábyrgð á nema mjög litlum hluta hennar. Þetta liggur skjallega fyrir, bæði í gögnum viðskiptaráðs, nýbyggingarráðs og fjárhagsráðs og hagfræðinganefndarinnar svo kölluðu, þar sem sýnt var, að megninu af gjaldeyrisforðanum hafði verið eytt um og fyrir síðustu áramót. — Hins vegar var með stjórnarsamningi þeim, sem gerður var, þegar núverandi stjórn var mynduð, með setningu laganna um fjárhagsráð og með starfi þeirrar stofnunar, eftir að hún komst á laggirnar, gerð fyrsta tilraunin til að skipuleggja þjóðarbúskapinn, gera sér fulla grein fyrir ástandinu í gjaldeyrismálunum og til að gera ráðstafanir til úrbóta, eins og nú skal sýnt. En það kom líka mjög fljótt í ljós, eftir að farið var að ráðgera ýmsar aðgerðir til að ná gjaldeyrisjöfnuði, að það var til í landinu flokkur manna, sem ekki vildi taka þátt í og ekki sætta sig við neinar aðgerðir í þessa átt, og kem ég síðar að því, hvaða menn það voru.

Þegar fjárhagsráð tók til starfa í júlímánuði síðast liðnum, lét það vera sitt fyrsta verk að gera yfirlit yfir gjaldeyrisástand og gjaldeyrishorfur. Þetta yfirlit, sem var miðað við fyrstu daga ágústmánaðar, var birt síðast í þeim mánuði bæði í blöðum og útvarpi. Niðurstaðan af þeirri athugun varð sú, eins og menn muna, að líkur þóttu þá benda til, að aðeins yrðu til ráðstöfunar, þann tíma, sem þá var eftir af þessu ári, eða tæpa 5 mánuði ársins, þegar áður útgefin leyfi hefðu verið greidd, um 33 millj. króna. Hins vegar voru þá hóflegar innflutningsþarfir til áramóta áætlaðar um 170 millj., og mátti því draga þá ályktun af þessum tölum, að 137 millj. krónur vantaði til þess, að eðlilegum innflutningi og þó hóflegum yrði uppi haldið til áramóta, og það þó að öll inneignin í ársbyrjun yrði upp urin.

Til þess að mæta þessum vanda var í upphafi bent á, að þrjú ráð væru hugsanleg:

Í fyrsta lagi að taka gjaldeyrislán, sem allir voru þó sammála um, að forðast bæri í lengstu lög.

Í öðru lagi aukning útflutningsframleiðslunnar, — sem einnig var samkomulag um, að væri sú leið, sem flestum væri hugstæðust, — að svo miklu leyti, sem mögulegt væri.

Og í þriðja lagi niðurskurður á innflutningi, sem að vísu fylgdu margs konar óþægindi, en flestir virtust þó geta fallizt á að sætta sig við í bili, á meðan verið væri að ná endunum saman.

Nú hefur fjárhagsráð skilað til ríkisstj. í gær nýrri endurskoðaðri áætlun um gjaldeyrisafkomuna síðustu mánuði ársins, þar sem talið er, að nokkurn veginn megi nú með vissu sjá fyrir, hverjar gjaldeyristekjurnar verða til áramóta, og hins vegar reynt — eins og frekast þykir fært — að skera niður innflutninginn. Niðurstaðan af þessari nýju endurskoðuðu áætlun fjárhagsráðs virðist vera sú, að svo miklu leyti sem ég hef getað kynnt mér hana síðan ég fékk hana í gærkvöld, að vænta megi gjaldeyristekna það sem eftir er ársins svo mikilla, að til ráðstöfunar verði á þessu tímabili 98,2 millj. kr. Hins vegar er gjaldeyrisþörfin, eins niðurskorin og með nokkru móti er talið fært, áætluð á sama tíma 175,8 millj. kr. Virðist þá enn vanta

til þess að endarnir nái saman 77,6 millj. kr. þrátt fyrir ýtrasta sparnað. Er þá að vísu gert ráð fyrir, að þau leyfi verði öll greidd, sem út hafa verið gefin á árinu og talin eru nú í gildi.

Þó að útlitið sé þannig ekki glæsilegt, tel ég rétt að benda á, að nokkuð hefur þó þegar áunnizt með starfi fjárhagsráðs þennan tíma, eins og bezt má sjá með því að bera saman viðhorfið í ágústmánuði, þegar fyrri skýrslan, sem ég nefndi í upphafi, var samin, en hún gerði ráð fyrir, að 137 millj. vantaði um áramót; en nú er með þessari áætlun, með skömmtunarráðstöfunum og með niðurskurði á öllum sviðum, þó búið að lækka þessa tölu um ca. 50 millj. kr., í 77,6 millj. kr.

Hvernig enn er hægt að lækka þennan mismun og helzt að ná jöfnuði, er það vandamál, sem úrlausnar bíður og þjóðin verður að sameinazt um, ef vel á að fara. Og ég þykist þess fullviss, að þjóðin vill gera þetta og leggja nokkuð að sér til þess að það sé hægt.

En það er til flokkur manna hér, sem ekki vill þetta og notar hvert tækifæri í tíma og ótíma til að ráðast á allar þær aðgerðir, sem gerðar eru og að þessu miða, og það jafnvel áður en þær eru ráðnar og koma til framkvæmda.

Ég þarf ekki að nefna, við hverja er hér átt. Hvert mannsbarn í landinu veit nú orðið, að þetta er Kommúnistaflokkurinn.

Þegar það var ljóst orðið seinni part sumars, að síldveiðarnar mundu bregðast og núverandi gjaldeyrisástand blasti við, svo að sýnilegt var, að ekki yrði hjá því komizt að taka upp allvíðtæka skömmtun á neyzluvörum almennings, byggingarefni, benzíni o. fl., þá byrjuðu þessir menn, bæði í blaði sínu, Þjóðviljanum, og með persónulegum áróðri, að gera þessa skömmtun tortryggilega áður en hún varð til, sem hafði það í för með sér að vekja hjá fólki óróa og ótta, sem náði hámarki sínu með hinum óeðlilegu vörukaupum eða hamstri síðustu daganna áður en sölutakmarkanirnar voru gerðar. Á sama hátt hafa þeir, eftir að skömmtunin gekk í gildi nú um síðustu mánaðamót, hamazt bæði í blaðinu og með flutningi tillagna hér á Alþingi í þessa sömu átt, allt í þeim tilgangi að draga sem mest úr því, að þessar skömmtunarreglur næðu tilgangi sínum.

Þetta er afstaða þeirra til þeirra sparnaðarráðstafana, sem gerðar hafa verið af fjárhagsráði, sem nauðsynlegar og óumflýjanlegar eru til þess að ná jafnvægi á viðskiptin við útlönd og þegar virðast hafa borið þann árangur, að 50 millj. kr. sparist í innflutningi til áramóta, eins og áður hefur verið lýst.

Þá er einnig kunn afstaða þessara manna til vandamála framleiðslustarfseminnar í landinu vegna dýrtíðar og verðbólgu.

Það liggur nú skýrt fyrir, svo ekki verður vefengt, að við getum ekki lengur selt okkar aðalframleiðsluvörur, fisk og fiskiafurðir, fyrir sambærilegt verð og aðrar þjóðir framleiða þessar vörur fyrir, nema með meðgjöf beint og óbeint, ef framleiðendur eiga að fá upp borinn útlagðan kostnað.

Áður en nokkuð var farið að gera til þess að ráða bót á þessu og áður en nokkuð var farið að ákveða, hvernig það skyldi gert, hlupu þessir menn á stað til fundahalda víðs vegar um land og prédikuðu fyrir fólki í fyrsta lagi, að hér þyrfti engrar lækkunar við, ef stjórnin aðeins hefði vit og vilja til að selja vörurnar á réttum stöðum, og í öðru lagi leituðust þeir við að gera allar væntanlegar aðgerðir tortryggilegar, áður en þær væru bornar fram og áður en nokkuð var vitað um, hverjar þær mundu verða. Þeim eins og öðrum var ljóst, að einhverra aðgerða var þörf, og þá var um að gera að ráðast á þær — fyrir fram — hvernig sem þær yrðu. Þeim eins og öðrum var ljóst, að niðurgreiðsla úr ríkissjóði til að halda niðri vöruverði og vísitölu hlaut að taka enda, ríkissjóðurinn var ekki þess megnugur að halda þeim áfram; og þeim var líka ljóst, að bein meðgjöf úr ríkissjóði til þess að skila ákveðnu ábyrgðarverði til framleiðenda gat ekki haldið áfram, og þeim er sjálfsagt einnig mætavel ljóst, að með óbreyttum tilkostnaði og án niðurgreiðslu getur framleiðsla okkar ekki keppt á erlendum markaði.

En drengskapur þeirra og þjóðhollusta er slík, að þegar okkur ríður meira á en nokkru sinni, að framleiðslustarfsemin haldi áfram og aukist, en dragist ekki saman, þá meta þeir meira sinn pólitíska ávinning af glundroða og upplausnarástandi heldur en þá þjóðarnauðsyn, að allir sameinist um virkar aðgerðir til að draga úr dýrtíðinni.

Og svo loks þessi tillaga, sem hér liggur fyrir.

Ef það tækist að gera tortryggilegar og jafnvel eyðileggja þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til gjaldeyrissparnaðar með innflutningstakmörkunum og skömmtun, og ef það tækist að koma í veg fyrir, að hægt væri að lækka eitthvað dýrtíð og draga úr verðbólgu, þá hefur þessum herrum sjálfsagt dottið í hug, að hægt væri í bili að lappa upp á sakirnar til bráðabirgða með lántöku, svo að hernaðaraðgerðirnar gátu ekki talizt fullkomlega í lagi, nema einnig væri fyrir því séð, að sú leið væri tekin til meðferðar líka, — og sú herferð virðist hafin með þessari tillögu, sem hér liggur fyrir til umræðu.

Virðist þá vel fyrir öllu séð, ef hvorki má draga úr innflutningi né halda uppi eðlilegri framleiðslustarfsemi né heldur taka lán. Undir þennan síðasta þátt þeirra í baráttunni gegn efnahagsafkomu þjóðarinnar rennur auk þess sú styrka stoð — í þeirra augum —, að þar eru þeir að vinna beinlínis í anda alþjóðasamtaka sinna, sem hafa lýst sig algerlega fjandsamleg fyrirhugaðri aðstoð Bandaríkjamanna við efnahagsviðreisn Evrópuþjóðanna, sem þátt tóku í Parísarráðstefnunni.

Ég skal ekki hér fara út í þá sálma að skýra þátttöku okkar Íslendinga í þeirri ráðstefnu. Það hefur verið gert hér í kvöld, svo að þar þarf ekki við að bæta. Það liggur í augum uppi, að það er nauðsynlegt fyrir okkur að fylgjast með því, hvernig efnahagskerfi nágrannaþjóða okkar verður byggt upp, og helzt að reyna að hafa á það áhrif, þannig að ekki komi til fiskveiðastarfseminnar fleiri tæki og fleiri menn en þörf er fyrir til að fullnægja eftirspurninni. Við þurfum að gera þessum þjóðum ljóst, að við getum ekki lifað af öðru en fiskveiðum og framleiðslu fiskafurða, að við höfum beztu aðstöðu á ýmsan hátt til þessarar starfsemi, og því eigum við að fá að sitja að henni eftir því, sem geta okkar leyfir. Einmitt á ráðstefnu eins og þessari eru skilyrði fyrir hendi til þess að koma sjónarmiðum eins og þessum á framfæri og halda þeim fram til streitu.

Einnig má á það benda, að þó að öllum sé illa við gjaldeyrislántökur til venjulegrar eyðslu, get-

ur vel komið til greina að taka slíkt lán til aukningar framleiðslutækja landsmanna, sem beint og óbeint geta kannske fljótlega skilað þessu láni aftur og meira til. Enn er svo mikið ógert af slíkum framkvæmdum, að það er engan veginn hægt að slá því föstu, að beðið skuli með þær framkvæmdir allar þangað til hægt er að ljúka þeim af gjaldeyristekjum þeim, sem til falla. Þess vegna er okkur nauðsyn — ef á þarf að halda og aðrar leiðir til fjáröflunar reynast ekki færar, en við á hinn bóginn höfum hug á vissum arðgæfum framkvæmdum, — að eiga opnar dyr til þeirra, sem þá í bili geta veitt lán og aðstoð.

Þennan möguleika vilja kommúnistar útiloka, bæði vegna þess, að þeir telja sig þá vera að vinna í anda sinna allsherjarsamtaka, hvort sem þeir taka nú opinberan þátt í þeim samtökum eða ekki, og eins vegna hins, að þeim virðist nú mest um það hugað af öllu — af pólitískum ástæðum — að viðhalda fjárhagserfiðleikunum innanlands, — það hefur framkoma þeirra sýnt undanfarið.

Ég vil að lokum leyfa mér að benda á, að í fyrra um þetta leyti, þegar fyrrv. stjórn hafði til athugunar, á hvern hátt væri hægt að tryggja áframhaldandi rekstur útvegsins, fengust kommúnistar ekki til að ræða það mál, þó að þeir væru þá sjálfir í stjórn, og þeir sögðu þá af sér, ekki vegna ágreinings um lausn þeirra mála, heldur vegna ímyndaðra hagsmuna erlends stórveldis. Afkoma íslenzkra verkamanna og sjómanna lá þeim þá ekki þyngra á hjarta en það, að þeir töldu sig hafa um allt annað að hugsa.

Í ár eru þeir þó komnir það lengra á veg, að nú telja þeir sig reka erindi verkamanna og sjómanna með því bezt að hindra, að bót fáist ráðin á þessi mál, að framleiðslan geti gengið eðlilega og gjaldeyrisjöfnuður náðst.

Þessum útvarpsumræðum er nú að verða lokið. Ríkisstjórnin óskaði eftir þeim til þess að gera alþjóð grein fyrir því, sem um var spurt fyrst og fremst. Í öðru lagi vildi hún fá tækifæri til þess enn einu sinni að gera þjóðinni grein fyrr þeim örðugleikum, sem nú er við að stríða vegna gjaldeyrisskorts og dýrtíðar. Og síðast en ekki sízt til að sýna þjóðinni, hvernig stjórnarandstöðuflokkurinn — kommúnistar — hefur brugðizt við þessum erfiðleikum.

Það er nú bert orðið, að þeir hugsa ekkert um lausn vandans — um afkomu þjóðarinnar. Það er afkoma flokksins pólitískt séð, sem þar í sveit er fyrst hugsað um, — og það ætti þjóðin vissulega að muna.

Mér er það fyllilega ljóst, að það er ekki vinsælt verk að þurfa að takmarka neyzlu manna og ýmis þægindi, sem þeir hafa vanið sig á og telja sig nú illa geta verið án, en vegna þess að þetta er ill nauðsyn, sem ekki er hægt að komast hjá í bili, ef vel á að fara, — og í trausti þess, að þessar byrðar verði látnar ganga jafnt yfir alla — og til að tryggja það — hefur Alþfl. ekki viljað skorast undan að vera með í þessum ráðstöfunum og undirbúningi þeirra, — og einnig vegna þess, að hann trúir því, að mjög bráðlega geti rætzt úr — með auknum útflutningi — og þá verði engra lána þörf né beinna skammtana, — hefur hann viljað vera með, þó að ólíkt hægara sé að standa utan við og æpa.

Þetta vona ég, að þjóðin skilji, því að á því veltur hennar velferð í framtíðinni, og þá verður líka pólitísk uppskera Kommúnistaflokksins minni en til var stofnað.

Forseti (BSt): Þá er seinni umferð við þessar útvarpsumræður lokið, og hafa flokkarnir notað ræðutíma sem hér segir: Sameiningarflokkur alþýðu, Sósíalistaflokkurinn 7 mínútur umfram, en í fyrri umferð var langt frá því að hann notaði fyllilega ræðutíma sinn, Sjálfstæðisflokkurinn 3 mínútur umfram sinn ræðutíma, Framsóknarflokkurinn eina mínútu umfram, og Alþýðuflokkurinn 4 mínútur umfram.

Umr. um till. er lokið, en atkvgr. frestað til næsta fundar.

Á 7. fundi í Sþ., 15. okt., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 36, frá 10. landsk. þm., samþ. með 34:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BG, BSt, BBen, BK, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GÞG, HÁ, HB, HV, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JJ, JörB, LJóh, PZ, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, StSt, ÞÞ.

nei: BrB, EOl, HermG, KTh, LJós, SigfS, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS.

8 þm. (BÁ, GTh, HermJ, JS, ÓTh, StgrSt, ÁÁ, JPálm) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þó að mér finnist þessi till. til rökst. dagskrár vera rökleysa, þar sem í henni stendur, að það hafi verið rétt af ríkisstj. Íslands að taka þátt í Parísarráðstefnunni og þess vegna sé till. um, að ríkisstj. gefi þegar skýrslu, ástæðulaus, þá vil ég greiða atkv. um hana og segi nei.

2. Keflavíkurflugvöllurinn.

Á deildafundum 13. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um framkvæmd samningsins um Keflavíkurflugvöllinn (A. 26).

Á 7. fundi í Sþ., 15. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sþ., 16. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég flyt þessa þál., sem er í fyrsta lagi miðuð við það, að þinginu gefist kostur á að taka ákvarðanir um það, sem aflaga hefur farið í rekstri Keflavíkurflugvallarins. Það hefur verið mikið um þetta mál rætt af blaðamönnum og öðrum, en enn hafa engar skýringar komið frá ríkisstj. um það, sem fundið hefur verið að. Það atriði, sem ég vil sérstaklega, að Alþ. fjalli um, er, að gefin verði út reglugerð um rekstur

flugvallarins, eins og mælt er fyrir í 7. gr. flugvallarsamningsins. Menn muna, að þegar deilurnar um þetta mál stóðu í þinginu, var lögð á það áherzla af flutningsmönnum samningsins, að slík reglugerð tryggði Íslendingum úrslita yfirráð yfir vellinum. En nú er komið á daginn, að þessi reglugerð hefur ekki verið samin. Ákvæði samningsins eru þó afar augljós. Það var á það bent í umr. í fyrra, að með reglugerð mætti leiðrétta flugvallarsamninginn mikið og taka af vafaatriði. Hér er því um augljósa vanrækslu ríkisstj. að ræða. En hún afsakar þetta með því, að ákvæði samningsins séu svo augljós og ótvíræð, að reglugerðar sé ekki þörf. En hún kemst ekki fram hjá því, að samningurinn gerir ótvírætt ráð fyrir reglugerð. Þar á m. a. að taka fram það vald, sem starfsmenn flugvallarins eiga að hafa. Það er nú svo ástandið, að íslenzku starfsmennirnir vita bókstaflega ekkert, hverju þeir eiga að hlíta. Þess vegna verður Alþ. að taka ákvörðun um, hvort þessi reglugerð verði samin nú strax eða ekki.

Í öðru lagi gerir þessi þál. ráð fyrir, að Alþ. leggi fyrir ríkisstj., að hún sjái um, að ekki verði fleiri en 600 menn á vellinum. Þegar rætt var um flugvallarsamninginn, kom í ljós og var ekki mótmælt, að til starfrækslu vallarins þyrfti innan við fimmtíu manns. Ameríkumenn sögðust hins vegar þurfa 600 manns, og hefur það síðan alls staðar verið fullyrt, að Bandaríkin hefðu hér 600 manns, en ekki fleiri. Áður en þeim yrði fjölgað yrði íslenzka ríkisstj. kölluð til og henni gerð grein fyrir, hvaða breyting hefði orðið frá því, er Bandaríkjamenn töldu sig þurfa að hafa 600 menn. Nú er upplýst, að á Keflavíkurflugvelli eru yfir 1000 manns. Það er talið, að 400 af þeim séu verkamenn, sem vinni að byggingarvinnu. En ef Alþ. tekur ekki í taumana, geta Bandaríkin flutt inn þúsundir manna undir því yfirskini, að hér sé um verkamenn að ræða. Ameríkumenn tóku það fram, að að óbreyttum kringumstæðum þyrftu þeir 600 manns. Hvað hefur nú ríkisstj. fram að færa um þær breyttu kringumstæður, sem gera það, að Bandaríkjamenn hafa aukið mannafla sinn? — Flugsamgöngur til Þýzkalands eru ekki fleiri en þrjár á viku. En amerísk flugfélög halda uppi miklum flugsamgöngum um Keflavíkurflugvöll svo og evrópsk flugfélög. Það segir sig sjálft, að slíkar flugsamgöngur eru í engu sambandi við hernám Bandaríkjamanna í Þýzkalandi. Við getum því krafizt þess, að ekki verði fleiri menn á flugvellinum en Bandaríkjamenn þurfa nauðsynlega vegna samgangna við Þýzkaland. Íslenzka ríkisstj. getur því krafizt þess, hvenær sem er, að þessum 600 mönnum verði ekki fjölgað, heldur fækkað stórlega.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að gæta þess, að framfylgt sé því ákvæði flugvallarsamningsins, 6. tölulið, að Bandaríkin þjálfi íslenzka starfsmenn í flugvallartækni, og skal ríkisstj. sjá um, að íslenzkir menn taki við trúnaðarstörfum á flugvellinum. Í þeim trúnaðarstörfum, sem ríkisstj. telur Íslendinga ekki færa um að gegna að svo stöddu, skal hún sjá um, að Íslendingur sé settur í starfið við hlið þess Bandaríkjamanns, sem starfinu gegnir, til þess að tryggt sé, að Íslendingar læri starfann, er geti síðan tekið við honum. Eins og nú standa sakir, hefur verið mjög mikill misbrestur á því, að nokkur þjálfun hafi farið fram, og þó eigum við nógum fagmönnum á að skipa. En ég held, að minna sé gert úr okkar fagmönnum en skyldi. Þetta bendir á það, að Bandaríkin vilji hafa óbreytt völd á Keflavíkurflugvellinum og að þeir hyggi á annað en gert er ráð fyrir í flugvallarsamningnum. — Um 100 Íslendingar vinna nú þar suður frá við ýmis störf, sem ekki beinlínis heyra undir rekstur vallarins. Ríkisstj. á því að gefa Alþ. skýrslu um, hvaða menn það eru, sem stunda tæknistörf, og hverjir ekki, því að það er staðreynd, að Bandaríkjamenn hafa ekki kennt Íslendingum, heldur haft þá til þjónustustarfa. Það væri því þýðingarmikið að fá að vita, hvaða störf það eru, sem þessir Íslendingar vinna. Margir hafa farið frá störfum við flugvöllinn, vegna þess að þeir sættu sig ekki við þá meðferð, er þeir hlutu, það væri hastarlegt að horfa á þá niðurlægingu, sem ætti sér stað þar. Þar ráða Bandaríkjamenn öllu. Til dæmis er enginn íslenzkur maður í flugturninum, og eigum við þó nóg af fagmönnum, sem hafa lært erlendis þau störf, sem þar fara fram, og þurfa því ekkert að læra af Bandaríkjamönnum. En Bandaríkjamenn kæra sig ekkert um að breyta til. Það er vert að gera sér það ljóst, að svo er komið, að til eru íslenzkir menn, sem kunna allt, er að tæknilegri flugvallarstjórn lýtur, og Íslendingar eru alveg færir um að taka þau störf að sér. Í hæsta lagi þurfa þeir á einstökum sviðum að hafa leiðbeinendur. Að Ameríkumenn haldi í sínum höndum stjórnartaumunum á þeim grundvelli, að Íslendingar kunni ekkert til þessara verka, er gersamlega óhæfa. Þetta veit íslenzka ríkisstj., og þetta vissu þeir, sem samninginn settu, þótt þeir fullyrtu annað. Það var ekki þörf á því að afhenda þeim flugvöllinn til þess að láta þá þjálfa okkar menn. Þeir hafa ekki afhent neitt ennþá, þótt við eigum kunnáttumenn á hinum ýmsu sviðum. Þetta var bara yfirdrepskapur til þess að blekkja almenning og draga fjöður yfir innihald samningsins, sem var það að veita Bandaríkjunum herstöðvar. Íslendingar geta ekki sætt sig við minna en að Íslendingur stjórni hverju starfi á vellinum. Flugvallarsamningurinn, samkvæmt útskýringum fylgjanda hans, gefur fullt tilefni til þessa. Ef Íslendingar eru ekki færir um það, eiga þeir að vera við hlið Ameríkumanna og jafnréttháir. Þau störf eru fá, því að Íslendingar geta leyst næstum öll störfin af hendi. Skilyrðinu um óskoruð völd Íslendinga á flugvellinum hefur ekki verið fullnægt. Það er nóg að hafa Ameríkumenn hér með sendiherraréttindum, þótt þeir stjórni ekki málum, sem yfirlýst var, að Íslendingar ættu að stjórna.

Í fjórða lagi er ætlazt til þess, að ríkisstj. setji reglur um lögfestingu ýmissa ákvæða flugvallarsamningsins, einkum að það verði tryggt, að tollur verði greiddur af öllum þeim vörum, sem fluttar eru til flugvallarins og starfsmanna þar og ekki falla undir tollundanþáguákvæði samningsins. Ameríkumenn hafa ekki fallizt á að greiða tolla. Meginhluti þeirra Ameríkumanna, sem vinna á vellinum, vinna ekki að störfum, er standa í sambandi við hernámið í Þýzkalandi, heldur að flugsamgöngum við Evrópu almennt. Þetta starfslið nýtur sérréttinda fram yfir aðra útlendinga, heyrir ekki undir íslenzk lög og greiðir ekki tolla. Allt efni, sem til þess fer, er tollfrjálst. Þótt stjórnin hafi krafizt tolla, hafa þeir ekki verið greiddir. Stjórnin hefur

þar ekki komið neinu fram. Ríkisstj. átti að setja reglur um þetta og segja, að hér færi ekkert fram, fyrr en reglur hefðu verið settar, byggðar á samningnum. Svona gera ríkisstjórnir allra sjálfstæðra landa. En í einstökum atriðum samningsins hefur ekkert verið gert nema með leyfi Ameríkumanna. Það er eins og enginn samningur hafi verið til og þurft að semja um hvert atriði sérstaklega.

Það væri óskandi, að ríkisstj. upplýsti, hvernig er með greiðslu flugvallargjaldsins, hvort flugvélar, sem ekki standa í sambandi við hernám í Þýzkalandi, greiða níu aura af hverjum benzínlítra, eins og gert er á Reykjavíkurflugvellinum og reynzt hefur vel. Enn fremur, hvort greitt er gjald af flugskýlunum, eins og ráðgert er í Reykjavík. Það væri fróðlegt að fá að vita þetta.

Flugvallarnefnd gerði tillögur um það til stjórnarinnar, hvernig tollafyrirkomulaginu yrði bezt fyrir komið, og birti ég álit n. sem fskj. Ríkisstj. gerði aths. við þær till. og felldi sig ekki við þær, enda mun Ameríkumönnum hafa þótt þær óþarflega hnýsnar. N. leggur til, að sama gildi um innflutning Ameríkumanna og annan innflutning og borgaður sé af honum tollur, en hann verði síðan endurgreiddur að svo miklu leyti sem hann ekki er kræfur samkvæmt ákvæðum samningsins. Þetta er eðlilegt, eins og á stendur. Tollstjórinn í Reykjavík spurði ríkisstj., hvernig hann ætti að haga sér í þessum efnum, en fékk engin svör. Fyrsta sendingin lá langan tíma á afgreiðslunni, en loks sóttu Ameríkumenn vörurnar á sínum eigin bílum og tóku þær, án þess að þær hefðu verið tollskoðaðar. Ríkisstj. er ekki enn búin að semja reglugerðina, því að till. n. fundu ekki náð fyrir augum Ameríkumanna, og þess vegna ekki heldur ríkisstj. Það er hins vegar óhjákvæmilegt, að komið verði á þarna vörueftirliti og reglugerð sett, enda mun ríkisstj. nú orðin sannfærð um, að það sé nauðsynlegt, svo að hægt sé að segja Íslendingum, að reglugerð sé til. Kannske verður það svo, að bara yfirlýsing Bandaríkjamanna um það, hvað flutt er inn, verður tekin sem góð og gild vara. Kannske upplýsir stjórnin það hér.

Það eru ýmis gjöld, sem eðlilegt er, að Bandaríkjamenn greiði hér. Það er engin ástæða til þess, að Bandaríkjamenn, sem vinna að afgreiðslu venjulegra farþegaflugvéla, séu hér útsvars- og skattfrjálsir. Um þá eiga að gilda sömu reglur og aðra útlendinga. Bezt væri að vísa þeim Bandaríkjamönnum úr landi, sem ekki vinna að störfum, er standa í sambandi við hernám Þýzkalands. Ef stjórnin gerir það ekki, þá er engin ástæða til, að þeir borgi ekki lögboðin gjöld. Bandaríkjamenn hafa meðal annars marga bíla í þjónustu sinni, sem valda sliti á íslenzkum þjóðvegum. Það er óeðlilegt, að þeir borgi ekki þann kostnað, sem af því leiðir.

Þá er í fimmta lagi talað um það í þáltill., að séð verði um það, að allt lögreglulið og varðlið á vellinum sé íslenzkt. Flugvallarsamningurinn gefur Ameríkumönnum enga heimild til að hafa varðlið á vellinum. Stjórn flugvallarins og löggæzlan þar verður að vera í íslenzkum höndum. Nú eru þar tíu íslenzkir lögreglumenn, en þrjátíu amerískir varðliðsmenn, að vísu ekki í einkennisbúningum, en þeir eru ekkert annað en amerískt lögreglulið. Þeir segja Íslendingum fyrir verkum, reka þá út af vellinum og líta á sig sem ameríska lögreglu. Það mun nú vera í ráði að fjölga þeim, en ekki er það kunnugt, að fjölga eigi íslenzkum lögregluþjónum.

Loks er í till. minni lagt til, að ríkisstj. verði falið að hafa vakandi auga með allri starfsemi Bandaríkjamanna á flugvellinum eða í sambandi við hann og fyrirbyggja, að í nokkru efni verði af Bandaríkjanna hálfu gengið lengra en samningurinn heimilar. Það er alkunnugt, að reknar eru stofnanir á flugvellinum, sem eru svo umfangsmiklar, að þær verða ekki réttlættar vegna þeirra nota, sem Ameríkumenn töldu sig þurfa að hafa af vellinum. Þar er nú fullkomin loftskeytastöð með sextíu manna starfsliði. Fyrir þær fáu flugvélar, sem fara um völlinn vegna hernámsins í Þýzkalandi, er þessi stöð algerlega óþörf. Það er leikur fyrir íslenzkar loftskeytastöðvar að annast þetta. Það eina, sem rekur Bandaríkjamenn til þess að hafa þessa loftskeytastöð, er bara það að hafa hana tiltæka, ef eitthvað óvenjulegt kemur fyrir, sem sé stríð. Einhverjir mundu kannske koma með þá mótbáru, að ekki sé hægt að senda herstjórnartilkynningar frá íslenzku stöðvunum, en það er auðvelt að senda þau skeyti á dulmáli, sem þeir vilja ekki, að almenningur viti um. Loftskeytastöðin er óþörf til þess að reka flugvöllinn á þeim grundvelli, sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Þá er stór veðurathugunarstöð á vellinum. Það getur verið, að hennar sé þörf, en hún á að vera á vegum íslenzku veðurstofunnar. Það er venja Ameríkumanna að spyrja, hvort við höfum menn til að taka við þessu, annars verði þeir að hafa þar sína menn. En við verðum sjálfir að meta þörfina í þessu efni og ekki taka sem góða og gilda vöru fullyrðingar Bandaríkjamanna. Það virðist vera þegjandi samkomulag stjórnarinnar, að það, sem Bandaríkamenn segja, sé rétt, og alltaf fallið fyrir þeirri röksemd, að við getum ekki tekið við. Bandaríkjamenn spyrja, hvort við getum skaffað sextíu menn til loftskeytastöðvarinnar. Við getum það, en það væri óhyggilegt, því að það er hægt að senda um þær stöðvar, sem þjóðin á og rekur sjálf. Þeir gætu sent forgangshraðskeyti og komið þannig áfram tilkynningum sínum, en það, sem fyrir þeim vakir, er að efla lið sitt á vellinum. Stjórninni væri sæmra að fletta ofan af hlutverki þeirra á vellinum en að taka upp á sína arma fullyrðingar þeirra og sannfæra þjóðina um, að þær séu réttar. Ríkisstj. er með þessu háttarlagi ekki orðin annað en áróðursmiðstöð fyrir Ameríkumenn, og hefur hennar hlutskipti því orðið mjög ömurlegt í sambandi við framkvæmd samninganna. Það er þörf á mjög ströngu eftirliti og að Íslendingur sé við hvert einasta starf á vellinum. Það þarf að tryggja það, að flugvöllurinn verði ekki notaður sem herstöð og Ísland á þann hátt dregið inn í deilur stórveldanna. Það verður aðeins gert með því að hafa strangt eftirlit með öllu, sem þar fer fram. Það verða að vera menn á staðnum, sem sjá til þess, að ekkert fari þar fram annað en það, sem búið er að leyfa með samningunum.

Það eru vitanlega ýmis önnur dæmi, sem sýna þrekleysi ríkisstj. gagnvart Bandaríkjamönnum og ekki eru í samræmi við sjálfstæði þjóðarinnar. Eitt dæmið er það, að benzínbirgðirnar á vellinum, sem Standard Oil átti, voru afhentar umboðsfélagi þess hér, Olíufélaginu h/f, sem þar með fékk einkaleyfi á benzíninu á flugvellinum. Það kann að verða sagt,

að flugvélum, sem á vellinum lenda, sé heimilt að kaupa benzín af öðrum félögum, en það verður þá að flytja það frá Reykjavík, og er því einu félagi ívilnað á kostnað hinna.

Þeir, sem kunnir eru starfrækslu Keflavíkurflugvallarins, eru sammála um, að Ameríkumenn ráði þar einir öllu og hjóm, að Íslendingar stjórni flugvellinum íhlutunarlaust. Stjórnin hefur ekki þorað að setja reglur um flugvöllinn, af því hún hefur vitað, að Ameríkumenn mundu ekki samþykkja þær, og hún þorir ekki að gefa þær út, fyrr en þeir hafa samþykkt þær. Þetta vita allir. Meðan svo er, er erfitt að fá Íslendinga til þess að gegna störfum á vellinum. Allir finna, hver blekkingastarfsemi hér fer fram til þess að dylja, að um herstöð sé að ræða. En Ameríkumenn eru ekki nærgætnari við vini sína hér en það, að þeir víla ekki fyrir sér að segja, að hér sé um herstöðvar „bases" að ræða, og tala ekki um takmörkuð tímabundin réttindi. Það er líka öllum kunnugt, að um herstöðvar er að ræða, og veltur því á öllu fyrir okkur, fyrst samningurinn var gerður, að forðast að lenda í deilum stórveldanna um herstöðvar og áhrifasvæði. Nú hafa Ameríkumenn hafizt handa um byggingarframkvæmdir, og þeim er þannig háttað, að svo lítur út, að Ameríkanarnir búist við því, að flugvallarsamningurinn verði framlengdur af vinum þeirra og muni gilda lengur en þann tíma, sem nú er gert ráð fyrir. Þeir byggja vönduð íbúðarhús fyrir starfslið sitt, og er þeim komið svo fyrir, að litlar líkur eru fyrir því, að þær byggingar gætu komið að neinu gagni fyrir Íslendinga, ef Bandaríkjamenn færu. Hús þessi eru svo fullkomin, að búast má við því, að þau yrðu notuð í 20—30 ár, og þessi hús eru byggð á þeim stöðum, að ekki væri mögulegt fyrir Íslendinga að nota þau húsakynni neitt verulega, svo að gagni kæmi. Nú hefur íslenzka ríkisstj. vald til þess að fyrirskipa, að ekki skuli byggt á þessum stað, og hún getur neitað að samþykkja byggingar á þeim stöðum, sem Ameríkanar eru að byggja á nú. Allt bendir til þess, að Ameríkanarnir séu nú að reyna að byggja sér hús, þannig að þeir geti með einföldu móti einangrað sig síðar meir. En ríkisstj. getur krafizt þess samkvæmt flugvallarsamningnum, að svo sé byggt á flugvellinum, að byggingarnar geti komið að gagni seinna meir. Ameríkanar mega ekki taka neitt í burt né fara með neitt af flugvellinum samkvæmt samningnum um Keflavíkurflugvöllinn. Þetta er mikilsvert ákvæði, og það er einnig mikilsvert, að tryggt sé, að Íslendingar geti hagnýtt sér þessi mannvirki, er Ameríkumenn hverfa héðan á brott. Þessu var gert ráð fyrir hér á Alþ. í fyrra af þeim þm., er samþykktu flugvallarsamninginn, en það er bersýnilegt, að þessar byggingarframkvæmdir miða í þá átt og gera ráð fyrir þeim möguleika, að Bandaríkjamenn dvelji hér lengur en gert er ráð fyrir í samningnum frá í fyrra.

Ég mun svo ekki í bili ræða þetta mál mikið nánar, þótt hér séu ýmis atriði, sem ég vildi drepa á, en mér gefst vonandi tækifæri til þess að ræða þetta frekar síðar við þessar umr. En ég leyfi mér að benda á það að lokum, að það er mikill ábyrgðarhluti, sem hvílir á hv. þm., sem samþykktu flugvallarsamninginn, að taka skýra afstöðu um framkvæmd samningsins. Og framkvæmdin á ákvæðum þessa samnings er einna líkust því sem enginn samningur hefði verið gerður. Það er engu líkara en að með samningnum sé verið að reyna að blekkja eða að slá ryki í augu almennings til þess að forsvara þau afnot, sem Bandaríkjastjórn hefur á þessu landssvæði, og ekki sé meiningin að framkvæma samninginn út í æsar, og þetta er allt í samræmi við hina losaralegu samningsgerð.

Ólafur Thors, fyrrv. hæstv. utanrrh., hann sat einn að þessari samningsgerð við Bandaríkin. Hann var mjög önnum kafinn og var í mörgum öðrum störfum, er hann vann að þessum samningi í fyrra. En á móti honum, fyrir hönd Bandaríkjanna, samdi maður, sem hafði þetta verk eitt að vinna, að semja um afnot Keflavíkurflugvallarins. Og Ólafur Thors kvaddi engan sérfræðing sér til aðstoðar við þessa mikilvægu samningsgerð. Svo þegar samningurinn var lagður fyrir hv. Alþ., þá lýsir hann því yfir, að samningsuppkastinu mætti helzt ekki breyta. Að vísu komst samningurinn ekki í gegn á Alþ. óbreyttur, en sama er að segja um þær breyt., er samningurinn tók í meðferð Alþ., að þær voru allar mjög flausturslegar, og mér verður á að spyrja: Hvað felst í því ákvæði samningsins, að Íslendingar skuli hafa óskoruð yfirráð á flugvellinum? Íslendingar hafa nú enga stjórn í daglegum rekstri vallarins, t. d. ekki í stjórnturni eða loftskeytastöð. Ameríkanar borga ekki tolla né lendingargjöld fyrir flugvélar sínar. Er þetta að hafa óskorað vald á flugvellinum? Nei, þessi ummæli voru og eru aðeins fögur orð. Ég vil leyfa mér að biðja hæstv. utanrrh., (BBen) um skýringu vegna ummæla hans í nál. utanrmn., þar sem hann segir, að réttur Ameríkumanna á flugvellinum yrði ekki meiri en réttur erlends skips og skipshafnar í höfn. Hæstv. ráðh. ætti að bera hér saman vald skipshafnar á Reykjavíkurhöfn og vald Ameríkumanna á Keflavíkurflugvellinum. Ég býst við, að það þætti allskrítið, ef Ameríkumenn vísuðu Íslendingum frá eða til ákveðinna hafnarsvæða í Reykjavíkurhöfn, ef þeir settu upp sérstaka loftskeytaþjónustu fyrir skip og sendu menn upp í stjórnturn Reykjavíkurhafnar til lóðsanna. Það þætti einkennilegt, en það þætti víst enn einkennilegri ráðstöfun, ef Ameríkumenn vísuðu lóðsunum út úr stjórnturninum. En ég veit nú mæta vel, að hæstv. ráðh. veit, að réttur Ameríkumanna er annar og meiri á Keflavíkurflugvelli en skipshafnar í höfn, og að þessi orð voru sögð til þess eins að reyna að blekkja þjóðina. Nú, það væri full ástæða til þess, að alþm. rannsökuðu þessi mál með flugvallarnefndinni, fyrirkomulag allt og framkvæmdir við flugvöllinn og aðgerðir hæstv. ríkisstj. í þessum málum, því að aðalvarnir hæstv. ríkisstj. virðast vera þær að setja eins konar dulu eða járntjald fyrir þessa starfsemi á flugvellinum og þyrla upp ryki í augu þjóðarinnar viðvíkjandi starfsemi þeirri, sem rekin er á Keflavíkurflugvellinum. Ef rannsókn færi fram á þessum málum, þá mundi margt koma fram í dagsins ljós, sem gæti valdið óróa á meðal almennings í landinu, og það er þegar bersýnilegt, að Íslendingar hafa þegar sett sig í vandræði vegna þessa flugvallarsamnings. Ég býst nú samt við því, að meiri hl. þeirra alþm., sem nú sitja Alþ., muni ekki samþykkja, að nákvæm rannsókn fari fram í þessu máli. Og hæstv. ríkisstj. mun ekki upplýsa neitt varðandi þessa starfsemi, heldur leitast við að gera hjúpinn utan um hana enn ógagnsæjari, og

það er eitt öruggasta ráðið til þess, að Ameríkumenn geti farið öllu sínu fram á Keflavíkurflugvelli að eigin geðþótta. Við munum nú heyra, hvað hæstv. ríkisstj. segir og hverju hún svarar til, og hv. þm. gefst nú tækifæri til þess að taka ákvæði samningsins til athugunar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. þm. Siglf. lauk svo hér máli sínu, að ef allt yrði gert heyrinkunnugt varðandi framkvæmd flugvallarsamningsins, þá mundi það vekja ugg og óróa meðal þjóðarinnar. Sannleikurinn er nú sá, að trúnaðarmenn þessa hv. þm., sem hann valdi sjálfur í ráðherratíð sinni sem yfirmenn þessara mála, hafa betri aðstöðu til þess að segja til um þetta. Þessi hv. þm. skipaði sjálfur flugvallarstjóra á þeim flugvöllum, sem herinn varð að hverfa frá á miðju sumri í fyrra. Það má nú nærri geta, að þessi maður, sem hv. þm. setti sem flugvallarstjóra, hvort hann mundi ekki tala um það við hv. þm. Siglf., ef einhverjir hættulegir hlutir ættu sér stað á flugvellinum, og hv. þm. mundi ekki þykja það ógeðfellt að fá eitthvað það lagt upp í hendur sínar, sem skapað gæti óróa á meðal þjóðarinnar. Ég held þess vegna, að dylgjur hv. þm. séu aðeins, sem flest annað, sem hann hefur hér mælt, um að kenna þeim mönnum, sem hann hefur kallað til trúnaðar. Hv. þm. segir, að skýrsla stjórnarinnar sé til þess eins ætluð að hylja málið í skýi. Ég skal nú flytja hér skýrslu um þetta mál, og til þess að tryggja það, að skýrslan sé ekki að neinu leyti verk ríkisstj., þá er hún m. a. undirrituð af hr. flugmálastjóra, Erling Ellingsen, sem hv. þm. Siglf. skipaði æðsta mann þessara mála í ráðherratíð sinni. Og ef þessi skýrsla hljóðar nú á annan veg en hv. þm. óskar, þá er um að kenna þeim mönnum, sem þm. sjálfur hefur valið til trúnaðar, og er vart hægt að ætla, að þeir víki neinu til hagsbóta fyrir núverandi ríkisstj. — Og með leyfi hæstv. forseta hef ég lestur skýrslunnar um Keflavíkurflugvöllinn, sem flugvallarnefnd hefur gefið ríkisstj. Skýrslunni er skipt í kafla, og er fyrsti kaflinn um stjórn flugvallarins:

„Hinn 24. okt. 1946 skipaði utanrrn. sérstaka flugvallarnefnd til þess að semja við fulltrúa Bandaríkjastjórnar um viðtöku og rekstur Keflavíkurflugvallarins og annað, er varðaði samvinnu íslenzkra og ameríska stjórnarvalda um afnot flugvallarins. Afhending flugvallarins fór fram 7. nóv. 1946, og var íslenzk löggæzla og tollgæzla sett á flugvöllinn sama dag, og hefur hún verið starfandi þar síðan og aukin í hlutfalli við aukinn rekstur þar.

Skömmu síðar var settur flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvöllinn í samræmi við 5. gr. samningsins um niðurfelling herverndarsamningsins frá 1941 o. fl. Hlutverk flugvallarstjórans var fyrst og fremst það að hafa á hendi yfirstjórn flugvallarins og undirbúa í samráði við flugvallarn. og flugmálastjórn reglur um reksturinn.

Löggæzlu á flugvellinum annast sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem hefur sérstakan fulltrúa með dómsvaldi starfandi á vellinum. Á flugvellinum er sérstök tollgæzla undir yfirstjórn fjmrn.

Samkv. 9. gr. samningsins skal ekki leggja neina tolla eða önnur gjöld á efni það, útbúnað, nauðsynjar eða vörur, sem inn eru flutt fyrir stjórn Bandaríkjanna eða umboðsmann hennar eða til afnota fyrir starfslið það, sem dvelur á Íslandi vegna starfa, sem leiðir af framkvæmd samningsins.

Í samræmi við þetta samningsákvæði hefur flugvallarn. gert samkomulag við fulltrúa Bandaríkjastjórnar og umboðsmann hennar á flugvellinum um, að ábyrgur fulltrúi Bandaríkjastjórnar eða umboðsmannsins láti hlutaðeigandi íslenzkum yfirvöldum í té nákvæma skrá yfir allar innfluttar vörur og gefi jafnframt yfirlýsingu um, að allar þessar vörur séu nauðsynlegar til rekstrar flugvallarins, eins og ákvæði samningsins segja til um, enda fylgist íslenzkir tollgæzlumenn með venjulegum hætti með því, að það, sem raunverulega er flutt inn, sé í samræmi við það, sem upp er gefið.

Þetta fyrirkomulag á að tryggja það, að ekki sé farið í kringum ákvæði samningsins um vöruinnflutning, og ef tollyfirvöldin telja, að um óeðlilegan innflutning sé að ræða, ber þeim skylda til að hafa þegar í stað samráð við flugmálastjórnina og flugvallarn., sem tekur ákvarðanir þar að lútandi, áður en til afhendingar kemur. Með þessu geta íslenzk stjórnarvöld fylgzt og metið sjálfstætt, hvernig ákvæði 9. gr. samningsins skuli framkvæmd.

Flugvallarn. og umboðsmenn Bandaríkjastjórnar hafa rætt ýtarlega um ráðstafanir til að hindra óleyfilega sölu á tollfrjálsum vörum og meðferð erlendra peninga, og hefur n. gengið úr skugga um, að af hálfu fulltrúa Bandaríkjamanna er leitazt við að gera allt, sem unnt er, til þess að koma í veg fyrir svartan markað. Sérhverjum erlendum starfsmanni er tafarlaust vikið frá starfi, ef hann verður sannur að sök um brot á settum reglum í þessu efni. Ströng skömmtun er höfð á öllum munaðarvörum. Þá fær enginn starfsmaður greidd laun sín í erlendum gjaldeyri á Íslandi.

Í þessu sambandi má benda á, að vöruleifar frá tíð hersins eru seldar ríkisstj., sem síðan lætur ráðstafa þeim. Afhending til annarra innlendra aðila á þessum vöruleifum á sér ekki stað.

Bandaríkjastjórn hefur, samkv. heimild í flugvallarsamningnum, falið félaginu Iceland Airport Corporation afgreiðslu þeirra flugvéla, sem annast flugsamgöngur við herlið Bandaríkjanna í Þýzkalandi. Þessi rekstur er að öllu leyti skattfrjáls samkvæmt 1. nr. 95 28. des. 1946. Félagið annast jafnframt afgreiðslu á flugvélum einkaflugfélaga, bæði í Evrópu og Ameríku, þar á meðal flugvélum flugfélagsins American Overseas Airlines, en það flugfélag hefur rétt til loftflutninga um Ísland samkv. milliríkjasamningi frá 20. jan. 1945 milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku.

Flugvallarn. leit svo á, og ríkisstj. var sömu skoðunar, að ef Bandaríkjastjórn eða umboðsmaður hennar hefði aðra starfsmenn á flugvellinum en þá, sem stæðu í sambandi við eftirlitið í Þýzkalandi, þyrfti að tryggja, að slíkur rekstur væri á engan hátt betur settur en rekstur annarra félaga, erlendra og innlendra, sem nú reka sams konar starfsemi í landinu. Aðalsjónarmið n. var, að slíkt félag yrði að vera háð sömu skyldum og kvöðum og önnur félög. Fulltrúar Bandaríkjanna hafa viðurkennt þessi sjónarmið í meginatriðum og hafa komið fram með ákveðnar tillögur um greiðslu tolla og gjalda af þessari starfsemi. Hins vegar hafa ekki

ennþá verið teknar endanlegar ákvarðanir í þessu máli.

Eftir að íslenzka ríkið eignaðist flugvallarmannvirkin á Reykjanesi, runnu að sjálfsögðu allar tekjur vallarins til ríkissjóðs. Það er augljóst mál, að það er mikið hagsmunamál fyrir íslenzka ríkið, að umferð verði sem mest um flugvöllinn. Um gjöld til flugvallarins hafa verið settar ýtarlegar reglur frá 25. marz 1947, og eru gjöldin innheimt af flugvallarstjóra.

Samkv. flugvallarsamningnum frá 7. okt. 1946, 2. gr., skyldi samin skrá af íslenzkum og amerískum stjórnarvöldum yfir þau mannvirki á flugvellinum, sem vera skyldu eign íslenzka ríkisins.

Flugvallarn., sem vann að þessu með fulltrúum frá ameríska sendiráðinu og fulltrúum ameríska hersins, gekk hinn 5. apríl s. l. frá þessari skrá. Samkv. skránni eignast íslenzka ríkið allar fasteignir á Keflavíkurflugvellinum, en auk þess ýmislegan útbúnað tilheyrandi eignunum, svo sem þvottahús og efnalaug, eldhús með föstum vélum, símakerfi vallarins, nema skiptiborð og símatól, aflstöðvarkerfi með spennistöðvum og leiðslum, vatnsleiðslur og frárennsli og rafvaka (generatora), 47 að tölu. Jafnframt hefur Bandaríkjastjórn skuldbundið sig til að flytja ekki af vellinum hreyfanleg tæki og útbúnað, sem ekki var afhentur Íslandi til eignar, en nauðsynlegur er til rekstrar, meðan samningurinn er í gildi.

Íslenzka ríkisstj. hefur hins vegar leyft umboðsmanni Bandaríkjastjórnar, sem fyrst um sinn annast rekstur flugvallarins, afnot af fasteignum og öðrum eignum á vellinum, meðan samningurinn er í gildi. Er þetta bundið við fasteignir, sem nauðsynlegar eru til rekstrar vallarins. Loks lofar Bandaríkjastjórn að halda flugvellinum og fasteignunum við, meðan samningurinn er í gildi, og enn fremur að selja Íslandi þau radiótæki, sem ríkið kynni að vilja kaupa að samningstíma loknum, fyrir 25% kostnaðarverðs. Verður að telja þetta mjög hagstæða samninga fyrir Ísland.

Meðal annarra eigna, er ríkisstjórnin tók á móti við afhendingu Keflavíkurflugvallarins, voru allmargir olíu- og benzíngeymar. Eldsneyti það, er á geymunum var við afhendingu, var í eign Standard Oil félagsins, og tók Olíufélagið h/f við þeim birgðum.

Endanlega hefur ekki verið gengið frá skiptingu geymanna milli hinna ýmsu olíufélaga. Er nú unnið að því að koma frambúðarskipan á olíu- og benzínverzlun á Keflavíkurflugvellinum, en þess skal getið, að flugvélar, sem skifta við önnur félög en Olíufélagið h/f, fá afgreitt benzín frá hinum olíufélögunum.

Strax eftir að flugvallarn. tók til starfa, gerði hún samkomulag við sölunefnd setuliðseigna um að sjá um niðurrif og sölu þeirra fasteigna á flugvellinum, sem afhentar höfðu verið Íslandi og ekki eru nauðsynlegar til rekstrar hans. Sölunefndin hefur rifið allmikið af skálum á vellinum og komið þeim í verðmæti. Mun láta nærri, að n. hafi selt fyrir ca. 700 þús. kr., en verja verður nokkurri upphæð til lagfæringar á landinu.

Þegar umræður fóru fram um flugvallarsamninginn, var ráð fyrir því gert, að Bandaríkjastjórn annaðist á sinn kostnað viðhald á flugvellinum og reisti þar einnig á sinn kostnað nauðsynlegar byggingar fyrir starfslið vallarins og fyrir ferðamenn, er um hann færu, sbr. 4. og 11. gr. samningsins og nál. meiri hl. utanrmn. Þar segir, að Bandaríkjastjórn eigi að standa straum af miklum kostnaði í sambandi við rekstur flugvallarins, og þykir því ekki ástæða til að leggja tolla og skatta á þann kostnað þeirra, einkum þar sem öll óhreyfanleg verðmæti, sem Bandaríkjastjórn gerir á sinn kostnað á vellinum, eigi að verða eign íslenzka ríkisins að samningstíma liðnum.

Gagnrýni hefur komið fram um léleg húsakynni á vellinum, sérstaklega í íslenzkum blöðum og enn fremur af hálfu útlendinga, sem farið hafa um völlinn. Var þess vegna unnið að því af hálfu íslenzkra stjórnarvalda, að sem allra fyrst yrðu gerðar ráðstafanir til að bæta afgreiðslu og aðbúnað á vellinum, og tók flugvallarn. þetta til athugunar skömmu eftir að hún tók til starfa.

Í byrjun maímánaðar, eða aðeins einum mánuði eftir að herinn yfirgaf flugvöllinn, samþykkti ríkisstj. byggingu á bráðabirgðaflugstöð á vellinum. Hafði n. ásamt sérfræðingum flugmálastjórnarinnar athugað uppdrætti, sem Bandaríkjastjórn hafði lagt fram í því skyni, og voru gerðar á þeim nokkrar breytingar. Var einróma lagt til af hálfu allra aðila, er um málið fjölluðu, þar á meðal skipulagsstjóra, að uppdrættirnir yrðu samþykktir af ríkisstj., enda bar brýna nauðsyn til að bæta afgreiðsluskilyrði á vellinum, þar sem sýnt var, að byggingar varanlegrar aðalflugstöðvar mundu ekki fullgerðar á þessu ári. Var samþykkið bundið því skilyrði, að húsið yrði notað í þessum tilgangi til eins árs.

Um sama leyti fekk ríkisstj. í hendur uppdrætti að varanlegum mannvirkjum á flugvellinum. Voru uppdrættir þessir þegar teknir til athugunar af flugvallarn. — Einnig var skipulagsstjóra falið af hálfu ríkisstj. að aðstoða n. í þessu efni. — Eftir mjög rækilegar athuganir og eftir að hinum upphaflegu uppdráttum hafði verulega verið breytt í samræmi við kröfur íslenzkra stjórnarvalda, voru uppdrættir samþykktir að fullkominni flugstöð með nauðsynlegum hótelherbergjum og öðrum þeim breytingum, sem brýnust þörf er á.

Byggingarframkvæmdum á flugvellinum miðar nú óðum áfram. Bráðabirgðaafgreiðslustöðin er næstum fullbúin, og mun hún bæta verulega öll afgreiðsluskilyrði á flugvellinum frá því, sem nú er. Bygging aðalflugstöðvar er hafin. Enn fremur er hafin bygging á húsi fyrir matarforða, þvottahús, brauðgerð o. s. frv. Hefur skipulagsstjórn og flugvallastjóra ríkisins verið falið að hafa umsjón með öllum byggingarframkvæmdum á vellinum og eftirlit með því, að byggt sé samkv. því samkomulagi, sem þegar hefur verið gert. Er öll samvinna um byggingarnar hin ákjósanlegasta.

Samkv. 6. gr. flugvallarsamningsins er ráð fyrir því gert, að umboðsmaður Bandaríkjastjórnar þjálfi íslenzka starfsmenn í tækni flugvallarrekstrar, svo að Ísland geti í vaxandi mæli tekið að sér rekstur flugvallarins, og er gert ráð fyrir því, að þeir, sem starfa samkv. 6. gr., séu í þjónustu Bandaríkjanna og taki laun af þeim.

Hins vegar leiðir það af eðli málsins, sbr. einkum 5. gr. samningsins, að Íslendingum er heimilt að hafa hverja þá starfsemi á vellinum, sem þeir kjósa og ekki hindra þau takmörkuðu réttindi, sem Bandaríkjamönnum eru veitt í 4. gr. En ekki hefur verið gert ráð fyrir, að Bandaríkin beri kostnað af þeim mannvirkjum eða þeirri starfrækslu, sem

Íslendingar halda þar uppi sín vegna, sbr. einnig 8. gr. samningsins.

Þegar í upphafi lagði n. áherzlu á að koma sem flestum Íslendingum að við vinnu á flugvellinum. Var haft fyrir augum, að kostnaður félli ekki á ríkissjóð í því sambandi, en hins vegar reynt að koma mönnum í sem flestar starfsgreinar og að Ameríkumenn greiddu kaup þeirra. 15. júní s. l. voru starfandi á flugvellinum 96 Íslendingar í þjónustu Iceland Airport Corporation. Af þeim störfuðu 19 að tekniskri flugþjónustu, 57 unnu í eldhúsum, þvottahúsum og á hótelinu, en 20 að venjulegum verkamannastörfum.

Samkv. upplýsingum frá flugvallastjóra ríkisins munu nú alls starfa í þjónustu Iceland Airport Corporation 79 Íslendingar. Ástæðan til, að þeim hefur fækkað, er m. a. sú, að allmargir þeirra, sem fyrst réðust til vallarins, reyndust illa, hurfu frá vinnu fyrirvaralaust og létu ekki sjá sig meir. Flugvallastjóri ríkisins aðstoðar nú félagið við ráðningu fleiri Íslendinga, en fram til þessa hefur félaginu veitzt örðugt að ráða Íslendinga til starfa vegna hinnar miklu atvinnu, sem undanfarið hefur verið í Reykjavík og annars staðar.

Þess skal getið, að flugvallarn. fór á sínum tíma fram á það við félagið, að Íslendingar yrðu látnir gegna störfum í flugturni vallarins á kostnað Bandaríkjamanna. Var tekið vel í þetta mál, en þá voru ekki kunnáttumenn fyrir hendi. Þar sem nú er hægt að fá íslenzka kunnáttumenn, hefur málið verið tekið upp á ný. Um hitt þarf ekki að leita samkomulags, ef Íslendingar vilja setja menn í flugturninn á sinn kostnað. Það geta íslenzk stjórnarvöld gert, hvenær sem þeim lízt.

Þegar sýnt þótti, að samdráttur yrði á byggingarframkvæmdum í Rvík, hóf n. og flugvallastjóri ríkisins viðræður við fulltrúa Bandaríkjastjórnar og fulltrúa hins ameríska byggingarfélags, er vinnur að mannvirkjagerð á vellinum, um, að félagið tæki eins marga íslenzka verkamenn til að vinna að byggingarframkvæmdum á flugvellinum og frekast væri unnt.

Forsaga þessa máls er sú, að í aprílmánuði s. l. tjáði sendiráð Bandaríkjanna ríkisstj., að gert væri ráð fyrir, að byggingarfélagið Metcalfe-Hamilton — Cansas City Bridge Company þyrfti á 484 verkamönnum að halda við byggingu húsa á flugvellinum, sem hefjast ætti á sumrinu. Þar eð þá fór í hönd mesti annatími í atvinnulífi Íslendinga, taldi ríkisstj., að ekki væri unnt að beina vinnuaflinu inn á þá braut að svo stöddu, en réttur áskilinn til þess að koma verkamönnum á flugvöllinn á hentugri tíma. Með því að framkvæmdum á flugvellinum varð eigi frestað, var Bandaríkjastjórn leyft að flytja inn verkamenn til að vinna að þessum framkvæmdum, og munu nú vera á flugvellinum um 380 amerískir verkamenn. Þessir menn vinna eingöngu að nýbyggingum á vellinum, og ber þess vegna ekki að telja þá meðal hins venjulega starfsliðs, sem þarf til að reka völlinn.

Tillögum íslenzkra stjórnarvalda um verkamenn á flugvöllinn hefur verið mjög vel tekið af fulltrúum Bandaríkjastjórnar. Hafa þegar verið ráðnir 25 smiðir til vinnu á vellinum auk annars verkafólks, eða samtals um 57 menn, og mun tala þeirra tvöfaldast innan skamms. Þeir fá kaup í samræmi við íslenzka kjarasamninga. Þá fá þeir fæði, húsnæði, rúmföt og aðra aðhlynningu fyrir kr. 68 á viku. Er nú mikil eftirspurn eftir vinnu á vellinum af hálfu Íslendinga, og er óhætt að gera ráð fyrir, að góð samvinna verði um lausn þessa máls við fulltrúa Bandaríkjastjórnar. Er talið víst, að strax upp úr næstu áramótum verði hægt að ráða miklu fleiri Íslendinga til vinnu.

Þá hafa Bandaríkjamenn óskað eftir, að Íslendingar tækju við veðurstofu flugvallarins að eins miklu leyti og unnt er. Var óskað eftir 12—14 starfsmönnum í þessu skyni. Samkv. upplýsingum veðurstofunnar mun skortur á kunnáttumönnum gera það að verkum, að ekki verður unnt fyrst um sinn að verða við þessari ósk.

Undanfarið hefur verið unnið ötullega af hálfu flugvallastjóra ríkisins í samvinnu við flugvallarn. að því að koma sem flestum Íslendingum að tæknilegum störfum á flugvellinum, og verður því starfi haldið áfram. Eru allar horfur á því, að Íslendingum fari fjölgandi í þessum starfsgreinum, en Ameríkumönnum fækkandi.

Í þessu sambandi er rétt að benda á það, að í umr. um flugvallarsamninginn á Alþ. kom fram, að Bandaríkjamenn teldu nauðsynlegt að hafa um 600 manna starfslið til rekstrar flugvallarins. Nú mun erlent starfslið vallarins vera 603 menn samtals.

Á ráðstefnunni í Dublin í marzmánuði 1946 var m. a. ákveðið að leggja til, að Ísland hefði á hendi flugumferðastjórn á tilteknu svæði kringum Ísland. Var einnig óskað eftir sérstakri veðurþjónustu af hálfu Íslands vegna flugferða um Norður-Atlantshaf. Tillögur þessar voru síðan samþykktar í stjórnarnefnd alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Á Dublin-ráðstefnunni lagði íslenzka sendinefndin fram röstutt álit þess efnis, að Ísland sæi sér ekki fært að standa sjálft straum af kostnaði við þá þjónustu og stöðvar, sem mælt var með í samþykktum ráðstefnunnar, og áskildi sér rétt til alþjóðlegrar kostnaðarþátttöku fyrir milligöngu alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Hinn 1. nóv. 1946 tók flugmálastjórnin að sér alla flugumferðastjórn á hinu tiltekna gæzlusvæði í samræmi við ákvarðanir Dublin-ráðstefnunnar og alþjóðaflugmálastofnunarinnar, enda komu þessar ákvarðanir þá einnig til framkvæmda á öðrum gæzlusvæðum á Norður-Atlantshafi. Árlegur rekstrarkostnaður Íslands við umrædda flugþjónustu mun verða um 4 millj. kr. Þessi mál hafa verið ýtarlega rædd í flugvallarn., og tryggði n. sér aðstoð Bandaríkjanna til að fá þennan kostnað endurgreiddan af alþjóðaflugmálastofnuninni.

Meðan her Bandaríkjamanna réð yfir Keflavíkurflugvellinum, rak hann þar fjarskiptastöðvar, sem nauðsynlegar voru við rekstur vallarins. Fjarskiptastöðin í stjórnturni flugvallarins hlýtur að fylgja turnþjónustunni, sem enn þá er í höndum Bandaríkjamanna. Um aðalfjarskiptastöð vallarins, sem hefur sambönd við bækistöðvar Bandaríkjamanna vestan hafs og austan, skal þetta tekið fram:

Á s. l. vetri skýrði fulltrúi Bandaríkjastjórnar póst- og símamálastjórninni frá því, að þeim væri óhjákvæmileg nauðsyn að nota þessa stöð til þess að endurvarpa milli bækistöðva þeirra herstjórnarskeytum og sérstökum veðurfréttum vegna flugs hernaðarflugvélanna, sem um ræðir í flugvallarsamningnum. Aðrar sambandsleiðir milli nefndra stöðva töldu þeir hafa of miklar tafir í för með sér.

Ríkisstj. hefur þess vegna samkv. 4. gr. samnings-

ins og 1. gr. l. nr. 95 frá 1946 fallizt á að leyfa Bandaríkjastjórn að reka þessa fjarskiptastöð fyrir skeyti sérstaks eðlis með vissum takmörkunum og undir eftirliti landssímans.

Auk framangreindra mála hafa fjöldamörg smærri mál komið til kasta flugvallarn., sem hún hefur leyst, ýmist á eigin hönd eða í vinsamlegu samstarfi við fulltrúa Bandaríkjastjórnar, eins og fundargerðir n. bera með sér.

Samkv. framangreindri skýrslu er það ljóst, að myndazt hafa reglur um flestöll þau atriði, er varða flugvöllinn og rekstur hans, en hins vegar hefur ekki þótt tímabært vegna takmarkaðrar reynslu Íslendinga um rekstur slíkra flugvalla að setja strax reglugerð um reksturinn, eins og ráð er þó fyrir gert í 7. gr. flugvallarsamningsins.

Í tilefni af grein í „Þjóðviljanum" hinn 5. þ. m. um „framkvæmd herstöðvasamningsins" vill flugvallarn. aðeins taka fram, að þær „áætlanir um rekstrarfyrirkomulag á Keflavíkurflugvellinum", sem um ræðir í blaðinu, voru samdar af flugmálastjóra, og lagði hann þær fyrir n. sem umræðugrundvöll, en n. hefur ekki tekið afstöðu til þeirra í heild. Meginþorra þeirra atriða, sem í þessum „áætlunum" greinir, hefur þó, eins og að framan getur, verið ráðið til lykta. Aftur á móti hefur ekki verið talið fært vegna stórkostlegra útgjalda ríkissjóðs og skorts hæfra manna að taka að sér að svo komnu máli aðra þætti flugvallarrekstrarins en þá, sem hér hafa verið taldir.

Reykjavík, 13. okt. 1947.
Gunnl. Pétursson, Gunnl. E. Briem, G. Briem, E. Ellingsen."

Menn sjá nú, að þessi skýrsla gefur töluvert aðra mynd af þessu máli en hv. þm. Siglf. og Þjóðviljinn hafa viljað vera láta. Menn kunna þá að spyrja að því, hvernig á því standi, að flugvallarn. hafi látið fara frá sér það plagg, sem bæði Þjóðviljinn hefur birt glefsur úr og prentað er sem fskj. í þáltill. hv. þm. Siglf. sem álit flugvallarn. Ég get ekkert sagt um, hvernig á þessu stendur, en hitt veit ég, að flugmálastjóra ofbauð svo, þegar hann sá Þjóðviljann 5. okt. s. l. með þeim tætingi og rangfærslum, sem þar voru birtar úr trúnaðarskjölum, að hann tók sig til og skrifaði utanrrn. svo hljóðandi bréf:

„Í tilefni af grein þeirri, er birtist í „Þjóðviljanum" hinn 5. þ. m. og nefnist „Framkvæmd herstöðvasamningsins", skal því hér með lýst yfir, að þar nefnd skjöl flugvallarn. eru ekki komin í hendur greinarhöfundar fyrir minn tilverknað, og er mér algerlega ókunnugt um, hvernig eða hvar hann hefur fengið áðurgreind skjöl eða aðrar upplýsingar um málefni Keflavíkurflugvallarins.

Reykjavík, 6. október 1947.
Erling Ellingsen."

Flugmálastjóri sá sig þannig sóma síns vegna til neyddan án kvaðningar frá utanrrn. að tilkynna því, að hann ætti engan þátt í þeim ósóma og rangfærslum, sem birzt höfðu í Þjóðviljanum daginn áður, og er þetta ærinn dómur yfir þeim fleipurmönnum, sem þarna hafa verið að verki. — Um það athæfi, sem Þjóðviljinn hefur gerzt sekur um og hv. þm. Siglf. veitir nú atbeina sinn til undir þinghelginni, sem sé að taka skjal úr plöggum n., sem einn nm. hefur skrifað sem sínar till., og gefa þær síðan út sem till. n. í heild, þótt vitað væri, að n. í heild vildi ekki fallast á þessar till. eins og þær lágu fyrir, þarf ekki að fara mörgum orðum. Ég held, að það séu engar ýkjur, þótt slíkur verknaður væri kenndur við skjalafals. Hins vegar sé ég sem dómsmrh. ekki ástæðu til — þótt til þess væri að vísu full ástæða — að láta hefjast handa út af þessu, en er beinlínis glaður yfir að fá tilefni til að gera alþjóð grein fyrir þessu máli. Það liggur skýrt og ljóst fyrir, og í því er ekkert að dylja, heldur hefur ríkisstj. sóma af því og þar af leiðandi áhuga fyrir, að sem mestar umræður verði um málið, en andstæðingarnir verða sér þar með starfsaðferðum sínum til sömu skammar eins og þeir verða hvarvetna annars staðar, sem þeir koma fram. Það er beinlínis ávinningur fyrir ríkisstj., að öll plögg séu lögð á borðið, og málstaður þeirra manna, sem þurfa á því að halda að ræna skjölum og birta síðan undir röngu nafni, minnir óneitanlega á tiltekinn mann, sem einu sinni var í ráðherrasessi og lét senda niður í skrifborð eða skjalasafn samstarfsmanns síns og stela plöggum og leggja fram á Alþ. sem sínar till.

Hv. þm. Siglf. gerði mjög mikið úr því, að það væru fleiri menn á Keflavíkurflugvellinum en um hefði verið talað á sínum tíma. Nú er það sannað í þeirri skýrslu, sem hér liggur fyrir, að talan 600 til starfrækslu flugvallarins er nákvæmlega sú sama og fyrrv. utanrrh. gerði grein fyrir hér á Alþ., að þurfa mundi til rekstrar vallarins. Þarna bætast við nokkur hundruð verkamenn, sem sérstaklega hefur verið samið um, vegna þess eins, að ekki var hægt á þeim tíma að leggja til íslenzka verkamenn til þeirra nauðsynlegu framkvæmda, sem þarna þurfti að gera og vissulega eru ekki síður gerðar til hags fyrir okkur Íslendinga en fyrir Bandaríkjamenn, eins og ég mun víkja nánar að, áður en ég lýk máli mínu. Hv. þm. Siglf. hefur það eftir einhverjum sérfræðingum síns flokks í flugmálum, að hægt mundi vera að anna þeim störfum á flugvellinum, sem stæðu í sambandi við hernám Þýzkalands, með 50 mönnum. Það lá fyrir í gögnum í fyrra, þegar mál þetta var hér rætt, að til þess að halda vellinum við eða halda uppi einhverri bráðabirgða starfrækslu á honum, án þess að um fullkominn flugvöll væri að ræða, þyrfti a. m. k. um 50 menn. Sannleikurinn er sá, svo sem allir gera sér ljóst, ef þeir hugleiða það, að svo stóran völl sem Keflavíkurflugvöllinn verður að starfrækja eða hafa í lagi nær án tillits til þess, hversu margar vélar koma þar dag hvern. Aðalatriðið er, að völlurinn verður að vera í lagi og öll starfræksla hans verður að vera trygg, þegar á vellinum þarf að halda. Bandaríkjamenn fóru ekki leynt með það í fyrra, að til þess að halda vellinum í lagi þyrfti um 600 manns, og þeirri tölu treystu íslenzk stjórnarvöld sér þá ekki til að hnekkja, og málrófsmenn í andstöðufl., sem ekki hafa látið undir höfuð leggjast að skrafa mikið um þetta mál, hafa aldrei getað sýnt fram á, að í of hafi verið lagt um þá tölu, enda er sannleikurinn sá, að þessi tala er sízt of há, miðað við þann gífurlega fjölda starfsmanna, sem hafður er á stórum flugvöllum í öðrum löndum. Vita þó allir þeir, sem einhvern tíma hafa ferðazt með flugvélum um Keflavíkurflugvöllinn, að hann er með stærstu flugvöllum, og einmitt stærð hans gerir það að verkum, hversu mikla þýðingu hann hefur fyrir flugferðir um

norðanvert Atlantshaf. Ástæðan til þess, að við margir hverjir samþykktum samninginn við Bandaríkin í fyrra, var ekki eingöngu sú, að við töldum okkur þetta meinfangalausa greiðasemi við vinveitta þjóð, heldur hitt, að við sáum, að það yrði okkur gersamlega ofraun að viðhalda þessum stóra velli á eigin kostnað, og töldum við það þjóðarsmán, ef slíkur völlur yrði ekki starfræktur áfram, úr því að hann væri á annað borð fyrir hendi. Kom þetta m. a. greinilega fram á nál. meiri hl. utanrmn. í fyrra og var þá rækilega tekið fram í umr. Og þótt ekki sé sérstaklega mikil umferð um Keflavíkurvöllinn af herflugvélum til Þýzkalands, þarf engu að síður að halda flugvellinum í fullkomnu lagi, til þess að hann geti gegnt hlutverki sínu, sem ekki síður er til ómetanlegs gagns fyrir Íslendinga sjálfa en alla þá, sem ferðast yfir norðanvert Atlantshafið. Þessari starfrækslu verður einmitt að halda í sama horfinu, þótt umferðin um flugvöllinn til Þýzkalands sé ekki meiri en hv. þm. Siglf. vildi vera láta, en ég hef ekki fyrirliggjandi fullkomin gögn yfir til að fullyrða, hversu mikil er. — Varðandi tollgreiðslur, sem Bandaríkjamenn, er starfa við flugvöllinn, eiga að inna af hendi, er það ljóst, að þeir eru tollfrjálsir um vöruflutninga samkv. samningnum, meðan þeir fara ekki fram úr þeim fjölda starfsmanna, sem sérfræðingar töldu nauðsynlegan til þess að reka flugvöllinn á sómasamlegan hátt. Ef við getum fært rökstudda grg. fyrir því, að sá fjöldi sé óhæfilega mikill — en það hefur enn ekki verið hægt —, væri hægt að leggja tolla á þá menn, sem sannanlega færu fram úr þeirri tölu, sem hæfileg væri. Einnig væri hægt að banna þeim hér yfirleitt landvistarleyfi, ef menn svo kysu, en af því að þessir menn eru þarna til að halda vellinum við sem eins konar varastöð fyrir allar flugferðir yfir Norður-Atlantshaf, en sú varastöð er Bandaríkjunum sérstaklega nauðsynleg vegna þess sambands, sem þau verða að halda uppi við Þýzkaland, meðan það er hersetið, þá er hér erfiðara að greina á milli, hvaða tolla þeir eigi að greiða og hverja ekki, heldur en hv. þm. Siglf. vildi vera láta. Það er að vísu rétt, að hægt væri fyrir ríkisstj. að setja um þetta einhverjar reglur, og hefðu tollayfirvöldin með samráði við ríkisstj. slíkt í hendi sér, hvenær sem væri. Við verðum aðeins að gæta þess að brjóta ekki þann samning, sem löglega hefur verið gerður, og áður en endanlega yrði gengið frá þessum málum, hefði ríkisstj. talið eðlilegt og sjálfsagt að athuga, hvernig þessari starfrækslu er raunverulega háttað, sem sé hvað það er, sem þarna fer um af flugvélum, sem ekki sé hægt að segja, að sérákvæði samningsins taki til. Fyrr en þetta liggur fyrir, er mjög erfitt að setja reglur eða taka þær ákvarðanir, sem hér um ræðir, en eins og ég gat um áðan, liggur það ljóst fyrir, að meginhluti þess bandaríska starfsliðs, sem dvelur á flugvellinum, nýtur óhjákvæmilega þeirra hlunninda, sem flugvallarsamningurinn ákveður. — Ég mun ekki ræða þetta mál ýtarlega hér, vegna þess að það er enn á athugunar- og samningsstigi, og verður þess auðvitað gætt að halda þar til hins ýtrasta á rétti Íslands.

Hv. þm. Siglf. talaði mikið um það, að vanrækt hefði verið að gera reglugerð þá, sem ráð sé fyrir gert í 7. gr. flugvallarsamningsins. Vil ég í þessu sambandi benda á þær skýringar, sem flugvallarn. í niðurlagi skýrslu sinnar gefur á því, að þessi reglugerð hafi ekki enn verið gerð, nefnilega að n. hafi með samþykki ríkisstj. talið eðlilegt að fá nokkra reynslu á þessum málum, áður en reglugerð yrði sett. Þar að auki vil ég benda á það, sem segir í upphafi sömu skýrslu, með leyfi hæstv. forseta: „Hlutverk flugvallarstjórans var fyrst og fremst það að hafa á hendi yfirstjórn flugvallarins og undirbúa í samráði við flugvallarn. og flugvallarstjórn reglur um reksturinn.“ — Hinn góði flugvallarstjóri, sem hv. þm. Siglf. skipaði fyrir réttu ári og starfaði fram á mitt sumar og réðst í ýmsar miður heppilegar framkvæmdir, er hafa haft ærinn kostnað í för með sér fyrir íslenzka ríkið, en samkv. skýrslu n. hafði sem aðalhlutverk að semja tillögur að þessari reglugerð, hefur aldrei látið ríkisstj. neitt frá sér heyra um hana. Ef því um einhverja vanrækslu er að ræða, þá liggur hún fyrst og fremst hjá þeim góða manni, sem hv. þm. Siglf. skipaði sjálfur, en nú hefur verið létt störfum af, og sannleikurinn er sá, að það breytti mjög til hins betra um ýmiss konar undirbúning í þessum málum, þegar þessu fylgifé hv. þm. Siglf. hafði verið létt af ríkissjóði. Ég skal að vísu játa, að maðurinn er ekki sérstaklega áfellisverður fyrir það að hafa ekki samið þessa reglugerð, vegna þess að á þessi mál þurfti að fá einhverja reynslu, áður en hægt væri að semja um þau reglugerð af fullkomnu viti. Það situr því sízt á þeim mönnum, sem bera ábyrgðina og létu undir höfuð leggjast að sjá um að semja þessa reglugerð, að standa hér upp og ásaka aðra fyrir þeirra eigin athafnaleysi.

Ég skal svo aðeins geta þess, að þær reglur, sem ráð er fyrir gert samkv. 7. gr. flugvallarsamningsins, eiga auðvitað að miklu leyti við það, ef Íslendingar sjálfir halda uppi verulegri starfrækslu á vellinum, en nú hefur sjálfstæð starfrækslа Íslendinga á vellinum ekki verið ýkja mikil, vegna þess að okkur hefur að miklu leyti nægt Reykjavíkurflugvöllurinn, og þess vegna hefur þessi reglugerðarsetning orðið síður aðkallandi en ella. Hitt er svo fjarri sanni, að það sé af hlíf við Bandaríkjamenn, að þessar reglur hafa ekki verið settar. Sannleikurinn er þvert á móti sá, að hvað eftir annað hefur verið talfært við mig, hvort ekki væri rétt að setja þessar reglur og ljúka þeim sem allra fyrst. Það er í ákvörðunarvaldi íslenzku stjórnarinnar að setja þær reglur, meðan þær eru ekki, og eins eftir að þær eru komnar, eru Íslendingar einráðir á vellinum um allt, sem þeir vilja ráða, einungis þannig, að þeir mega ekki brjóta móti sjálfum samningnum, sem fær Bandríkjamönnum mjög takmörkuð réttindi, eins og ég hef oft bent á. En reglurnar verða sízt til að auka rétt okkar Íslendinga. Þær tiltaka aðeins um þann íslenzka rétt, sem er daglega beitt á þessum velli, sem að öllu leyti er undir okkar yfirstjórn og umsjá.

Það er gefið í skyn í þeirri till., sem hér liggur fyrir, að Bandaríkjamenn hafi sérstakt lögreglulið á Keflavíkurflugvelli, og hv. þm. Siglf. lét svo, að þessir menn á Keflavíkurflugvelli hefðu nærri því eða alveg sama rétt og sendiherrar. Þetta er hin mesta fjarstæða. Það hafa fleiri en einn og fleiri en tveir af þessum Bandaríkjamönnum á vellinum verið dregnir fyrir lög og dóm af íslenzkum dómstólum fyrir brot á íslenzkum lögum. Íslenzk lögregla er á vellinum og íslenzkir tollmenn, sem hafa aðstöðu til að skoða — og eiga að skoða samkv. fyrirmælum frá ríkisstj. — allt, sem látið er á

land og til vallarins kemur. Og svo langt hefur verið gengið til þess að sjá um, að löggæzla á vellinum fari vel úr hendi, að sérstakur lögfræðingur er þar með dómaravaldi til þess að fylgjast með af hálfu dóms- og löggæzluvaldsins í landinu. Hitt er auðvitað þessu gersamlega óskylt mál, þó að Bandaríkjamenn hafi einhverja umsjónarmenn með sínum mönnum þarna suður frá. Það er alveg tilsvarandi því, að verkstjórar eru hafðir og aðrir slíkir til þess að gæta þess, að vinna sé skaplega innt af höndum. Auk þess er beinlínis eðlilegt, að Bandaríkjamenn hafi umsjónarmenn til þess að gá að því, að þeirra menn, sem þarna eru samkv. sérstökum milliríkjasamningi, brjóti hvergi í bága við þann samning. Þessir menn hafa ekkert vald á íslenzkri grund og eru hér sem hverjir aðrir borgaralegir menn, sem lúta í einu og öllu íslenzkum lögum.

Það er líka algerlega rangt, sem einhvers staðar hefur verið sagt, að Bandaríkjamenn hafi sérstakan löggæzlumann þar. Þeir einu löggæzlumenn, sem þar eru, eru íslenzkir löggæzlumenn. Ástæðan til þess, að þarna er stundum Bandaríkjamaður við hliðina á þeim íslenzka, er sú, að hann skal fylgjast með ferðum Bandaríkjamanna sjálfra til þess að sjá um, að þeir fari ekki í heimildarleysi frá sinni vinnu, komi heim á tilskildum tíma og þess háttar, og getur ekki á nokkurn hátt talizt þeim til áfellis, heldur þvert á móti.

Í skýrslu flugvallarn. er ýtarlega gerð grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið til þess að koma íslenzkum mönnum inn í starfrækslu á flugvellinum. Hv. þm. sagði, að þeir Íslendingar, sem á vellinum hafa verið, hafi horfið þaðan af því, að þeir hafi ekki unað þeirri niðurlægingu, sem þar hafi verið við að búa. Það er eftirtektarvert í þessu sambandi, að mjög hefur fjölgað þarna starfsmönnum upp á síðkastið, og nú er mjög sótt eftir vinnu þarna af Íslendinga hálfu. Skyldi það ekki ef til vill standa að einhverju leyti í sambandi við það, að orðið hafa stjórnendaskipti á vellinum, að sá framkvæmdastjóri, sem hv. þm. Siglf. skipaði og flestum góðum Íslendingum, sem um völlinn fóru, var sönn raun að horfa upp á, er nú horfinn af vellinum, og nú eru teknir við miklu betri stjórnendur. Það mun gera það að verkum, að viðhorf þessara mála er nú allt annað en áður var. meðan enn voru þar drefjar af óstjórn og sukki hv. þm. Siglf. Það er líka eftirtektarvert, að eftir að þessi flugvallarstjóri hv. þm. Siglf. hvarf úr sögunni, er fyrst farið af nokkurri alvöru að vinna að því, að Íslendingar séu þarna ráðnir til starfa. Hann virtist ekki hafa á því áhuga eða skilning, þó að hv. þm. Siglf. láti af því, að mjög mikilsvert sé. Hitt, sem hv. þm. Siglf. talaði um, að Íslendingar ættu að hafa þarna með höndum ýmsa starfrækslu á kostnað Ameríkumanna — ja, ég vil nú segja, að slíkan grímuleik vil ég ekki fella mig við og teldi slíkt Íslendingum sízt til sóma. Íslendingar eiga, eins og gert er ráð fyrir með settum flugvallarsamningi, annars vegar að koma mönnum inn í þjónustu Bandaríkjamanna til þess að læra af þeim og kappkosta, að það verði sem flestir, til þess að við fáum sem fyrst hæfa menn. Hins vegar eiga þeir, eftir því sem okkur vex fiskur um hrygg og fjárhagsgeta okkar leyfir, að taka sjálfir heila flokka starfrækslu í okkar hendur og reka þá sjálfir á okkar kostnað. Hitt verð ég að segja að er einhver fyrirlitlegasta leppmennska, sem ég hef heyrt getið um, þegar hv. þm. Siglf. heimtar, að einhver starfræksla þarna verði kölluð íslenzk, en kostuð af Ameríkumönnum. Það er sams konar sjálfstæði og þessi hv. þm. er þekktur að því að vilja innleiða í fleiri málum, að láta líta út sem um sjálfstæði sé að ræða, en dansa eftir línu, sem kemur einhvers staðar utan úr heimi.

Ég hef nú rakið þau atriði, eftir því sem ástæða er til, sem fram komu í ræðu hv. þm. Siglf. En til dæmis um málflutning hans í heild vil ég aðeins geta þess, að hv. þm. vill láta líta út sem sérstaklega tortryggilegt, að Bandaríkin hafa reist vönduð hús suður á Keflavíkurflugvelli. Sannleikurinn er nú sá, að þegar uppdráttur kom fyrst að þeim byggingum til íslenzkra stjórnarvalda, sem Bandaríkjamenn ráðgera og eru að koma upp suður þar, var fyrirhugað að hafa þessi hús að meira eða minna leyti úr bráðabirgðaefni. Íslenzk stjórnarvöld vildu hins vegar ekki sætta sig við það, með því að okkur væri betra að eignast hús úr varanlegu efni, hvenær sem samningurinn félli niður. Og skattfrelsi og tollfrelsi, sem Bandaríkjamönnum var veitt þar syðra, var rökstutt meðal annars með því í nál. meiri hl. utanrmn., að Bandaríkjamenn greiddu svo mikið endurgjald í mannvirkjum þeim, sem þarna ætti að reisa, svo að það hefur alltaf verið ráðgert af Íslendinga hálfu, að mannvirkin yrðu varanleg, yrðu góð eign Íslendinga. Var það beinlínis eftir kröfu íslenzku stj., að ráðstafanir voru gerðar til þess, að þau yrðu byggð úr betra efni og á öruggari hátt en fyrst var ætlað. Að vísu er rétt, að sum þessi mannvirki eru sett öðruvísi niður en sumir menn íslenzkir, sem á þetta litu, hefðu talið æskilegt með okkar einkahagsmuni fyrir augum. Bandaríkjamenn höfðu hins vegar enga heimild til að byrja á þessum byggingum fyrr en íslenzk stjórnarvöld höfðu samþ., að þau yrðu reist á þeim stöðum, sem gert var. Og íslenzka stj. féllst ekki á að samþykkja, að reist yrðu mannvirki á þann hátt, sem gert var, fyrr en hún hafði fengið till. frá sínum trúnaðarmönnum. En þeir sögðu í bréfi, dags. 13. júní 1947, með leyfi hæstv. forseta:

„Enda þótt vér teljum, eins og að framan segir, að Camp Massey sé mjög óheppilega valinn staður til frambúðar fyrir íbúðarhverfi, leggjum vér til við hið háa ráðuneyti, með tilliti til þess, hvernig málum er komið, að fallizt verði á byggingu íbúðarhúsa í Camp Massey, samkvæmt tillögum U. S., fyrir þá fjárveitingu, er þeir hafa nú til umráða í þessu skyni.“

Þetta er undirritað af Herði Bjarnasyni, Agnari Kofoed-Hansen og Erling Ellingsen, einmitt þeim trúnaðarmanni, sem hv. þm. Siglf. setti æðstan til að gæta þessara mála af sinni hálfu, og hefur hann óskertan trúnað enn í dag, eftir því sem ég veit bezt. Þetta atriði eitt nægir til að sýna, af hvílíkum óheilindum þetta mál hefur verið flutt af hv. þm. Siglf.

Ég vil nú vænta þess, að þetta mál hljóti rækilegar umræður og athugun í n., til þess að allir hv. þm. eigi kost á að kanna sem bezt, hvílíka staðlausa stafi hv. þm. Siglf. hefur hér farið með.

Umr. frestað.

Á 9. fundi í Sþ., 17. okt., var fram haldið einni umr. um till.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af tveim atriðum, sem komu fram hjá hv. þm. Siglf. Að öðru leyti er ekki ástæða til að bæta við það, sem fram hefur komið í skýrslu, sem gefin hefur verið, og ræðu utanrrh. Þessum tveim atriðum mætti segja að mér bæri að svara.

Annað atriðið var það, hvort innheimt væru lendingargjöld af flugvélum, sem um Keflavíkurflugvöllinn fara og ekki koma undir samninginn. Þessu vil ég svara. Þetta gjald er innheimt. Innheimtan er komin í lag, og er, að því er ég bezt veit, ekki hægt að ásaka hina erlendu aðila um það, að hún var ekki alltaf í lagi, heldur er hér um ótrúlega vanrækslu að ræða af þeim, sem áttu að sjá um þessa innheimtu, og þá innheimtu átti hann að sjá um, flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvellinum, sem settur var af fyrirspyrjanda, meðan hann var ráðh. Það kvað svo rammt að þessu, að einn af hinum erlendu mönnum kom til mín og spurði mig, hvernig stæði á því, að þessi gjöld væru ekki innheimt. Ég kom alveg af fjöllum og taldi, að þetta mundi ganga alveg af sjálfu sér. Svo var gefin skipun um að koma þessu í lag, en á meðan hann var við þetta, maðurinn, sem hv. þm. Siglf. hafði skipað, var þetta enn í ólagi, en því hefur verið kippt í lag, síðan hann fór.

Hitt atriðið, sem ég mætti líka svara, var um olíudælurnar, sem stjórnin hefur líka tekið við í sambandi við framkvæmd samningsins. Um þessar dælur er það að segja, að stjórnin ræður yfir þeim, því að henni hafa verið afhentar þær, en Olíufélaginu h/f eru heimiluð afnot af þessum dælum til bráðabirgða, en það er verið að vinna að því að koma þessu máli í lag. Það er vandasamt að koma þessu í gott horf, vegna þess að það er aðeins ein leiðsla að öllum tönkunum, og það þarf að vinna að því, að öll félögin geti haft afgreiðslu þarna. Það er sem sé verið að vinna að frambúðarskipan þessara mála.

Ég vil taka það fram, að flugmálastjóri hefur yfirráð yfir þessum tönkum, en hann hefur látið Olíufélaginu h/f þá í té til bráðabirgða. Hvað verður ofan á um þessi mál, veit ég ekki, en það er verið að vinna að því og ég vona, að það takist að fá heppilegt fyrirkomulag fyrir alla aðila, en það er víst, að þessum olíudælum ræður íslenzka flugmálastjórnin alveg yfir.

Þá er það eitt, sem ekki snertir mig, en félmrh., og það er það, að ekki séu komnir Íslendingar til starfa á Keflavíkurflugvelli, sem er þýðingarmikið mál. Afskipti mín eru þau, að ég átti tal um þetta við flugmálastjóra, að þarna yrðu látnir menn í samvinnu við utanrrn. og í skýrslunni, sem lesin hefur verið, er gerð grein fyrir því, hvaða hagnaður hefur orðið að sameiginlegum störfum flugmálastjóra og flugvallan. í þessu máli. Eftir að flugmálastjóri og flugráð hafði tekið við þessu, átti ég enn á ný tal við þessa aðila um það, hvað hægt væri að gera til þess að koma þessu í framkvæmd, og er mér kunnugt um, að eftir að flugvallastjóri og flugráð tók við, hefur komizt meiri skriður á málið, og er nú unnið að þessu af fullum krafti af flugvallastjóra og flugvallarn., eins og utanrrh. tók fram í ræðu sinni.

Ég skal að síðustu minnast á eitt atriði, sem kom fram í ræðu hv. þm. Siglf. Hann talaði um, að hægt væri að reka Keflavíkurflugvöllinn með 50 mönnum. Það er dálítið einkennilegt að heyra þetta, þegar vitað er, hvað margir menn eru á Reykjavíkurflugvellinum. Ég hef þó ekki talað við n. um þetta, en bráðlega mun verða hægt að gefa skýrslu um rekstur flugvallanna, og þá mun koma fram, hvað mikið þetta er út í bláinn, og einnig mun koma í ljós það, sem viðgengizt hefur undir stjórn hv. þm. Siglf. Út í það skal ég þó ekki fara í sambandi við þetta mál. Það kemur í ljós, þegar skýrslurnar liggja fyrir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. lauk ræðu sinni í gær með því að segja, að stjórninni þætti sómi að því, hvernig samningurinn hefði verið framkvæmdur. Fyrst stjórninni þykir sómi að slíkri smán, má segja, að mál sé til komið, að farið sé að ræða þessi mál á þingi, og það má segja, að þjóðin eigi rétt á að vita, hvað þessum málum líður, fyrst tilfinningar stjórnarinnar fyrir því, hvað sé rétt og hvað sé rangt, eru ekki meiri en kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. í gær.

Þegar Keflavíkursamningurinn var gerður og þegar l. um aðflutningsgjöld voru lögð fyrir fjhn. hélt ég því fram, að nú væri um að gera að setja ákvæðin og greinileg lagaákvæði um hvert einasta atriði í samningnum, þar sem Bandaríkjamenn ættu að hafa réttindi samkv. honum hér á landi, til þess að íslenzkir embættismenn hefðu ákveðinn rétt að standa á gagnvart hinum útlendu mönnum. Ég barðist fyrir því í n., að í staðinn fyrir að afgreiða l. sem óákveðnust, afgreiddi þingið ákveðin l., en fjhn. felldi það. Þingið og þjóðin þurfti að vita frá upphafi, hvar vegir Íslendinga lágu, þannig að samin væru l. um það, hvað ekki þyrfti að líða í sambandi við Keflavíkurflugvöllinn. Ég hef heldur ekki komizt hjá því að heyra það frá mörgum embættismönnum, m. a. á fundum n., að þeir vildu gjarnan fá eitthvað ákveðið að halda sig að, og Alþ. á sök á því, að þeir hafa það ekki. Það er rétt að allir viti, hver ber ábyrgðina í þessu efni. Þegar samningurinn um Keflavíkurflugvöllinn var samþykktur í október s. l., var lofað að sett skyldu l. um þetta. Þegar l. um aðflutningsgjöld voru í undirbúningi, var lofað reglugerð, en þegar búið var að setja l., var svikizt um það. Nú lýsti hæstv. utanrrh. því yfir, að það ætti ekki að setja reglugerð, það ætti að skapa reglugerð. Hvað þýðir það? Það er búið að svíkja það að setja l., síðan er búið að lofa reglugerð og það svikið, síðan eiga að skapast reglur. Við hvaða skilyrði eiga þessar reglur að skapast? Undir handarjaðrinum á erlendu stórveldi, sem beitir sérhagsmunaaðstöðu sinni. Þetta ástand er búið að vera í ár. Við þetta eiga að skapast reglur. Við yfirdrottnun stórveldis eiga að myndast venjur. Svona er farið að því að innleiða nýlendustjórn. Þetta er það, sem ég vildi vekja eftirtekt Alþ. á. Ef halda á uppi íslenzkum l., verðum við að vita, hvað eru l. og hverju á að framfylgja. Það vantaði ekki yfirlýsingarnar, þegar Keflavíkursamningurinn var samþykktur, um íslenzka dómgæzlu, íslenzk l. og íslenzka yfirdrottnun. En hvar eru framkvæmdirnar?

Ég býst við, að menn trúi því, að þeir menn, sem skipaðir hafa verið til þess að sjá um hag landsins á þessu sviði, hafi gert það. Og það hefur ekki vantað viljann hjá þeim til þess að vera á verði. Till., sem komið hafa fram frá þessum mönnum, benda til þess, að þessum mönnum er í

mun að framfylgja því, sem þeir álíta, að horfi til heilla fyrir Ísland. En skýrslan sýnir, hvernig þessir menn berjast í bökkum og hvernig þeir verða að ganga inn á samþykktir, sem eru móti þeirra vilja, og mun ég koma nánar að því.

Ég vil benda á það, að Alþ. gerði rangt í því að láta íslenzkum embættismönnum ekki í té ákveðin lagafyrirmæli til þess að fara eftir. Þegar svo íslenzkir embættismenn eru að semja við hina erlendu menn, semja þeir við þá eins og einhverja, sem hefðu meiri völd. Íslenzkir embættismenn vildu ákveðin lagafyrirmæli. Alþ. gerði rangt í því að samþykkja ekki slík l. Nú er í þess stað verið að láta Ameríkumenn skapa sér venjur og sjálfur utanrrh. gekk svo langt að segja, að það ættu að skapast reglur. Það er ekki Alþingi Íslands, sem á að setja l. Nei, það eiga að skapast reglur. Ameríkumennirnir eiga að skapa reglur. Ég vil spyrja að því, hvort það hefði þýtt að bjóða nokkrum manni upp á þá ræðu, sem hæstv. dómsm.- og utanrrh. hélt hér í gær, hvort það hefði þýtt að bjóða nokkrum manni upp á hana 6. okt. fyrir ári síðan. Ef hún hefði verið haldin þá, hefði mönnum ofboðið. Nú á að venja menn við. Nú á að skapa venjur smátt og smátt, svo að menn sætti sig við þær.

Ég vil segja, að það er verið að skapa tvíbýli hér. Hér eiga að vera tvær þjóðir, þar sem önnur er yfirþjóð, en hin undirþjóð. Hér er verið að skapa tvíbýli, þar sem önnur þjóðin er valdalaus, en hin voldug. Það er verið að skapa tvíbýli, þar sem önnur þjóðin nýtur skattfrelsis, en Íslendingar eiga að bera skattana og borga tollana og sætta sig við hvers konar áþján eða skort, sem þarf að leggja á sig í þessu landi. Það er þetta ástand, sem nú er að byrja, og nú eiga að skapast reglur, sem stjórnin ætlar að skapa reglugerð upp úr seinna.

Ég vil taka það fram undireins, að ég mun í mínum málflutningi ganga út frá því að sömu l. eigi að gilda um alla, sem hér eru í þessu landi. Og ef svo er ekki, ef Keflavíkursamningurinn er brotinn á því sviði, þá er það stjórnin, sem á að svara til þess, því að í samningnum eru engin ákvæði, sem heimili henni að búa við neitt slíkt. Samningurinn heimilar, að þeir, sem á vellinum vinna vegna samgangnanna við Þýzkaland, skuli ekki borga hér tekjuskatt og það skuli ekki leggja á þá tolla eða opinber gjöld — eða á nauðsynjar þeirra. Að öðru leyti heyra þessir menn undir íslenzka löggjöf. Það liggur í augum uppi, enda var því haldið fram af mér frá upphafi í fjhn., að auðvelt ætti að vera að framkvæma þennan samning, hvað tolla snerti, með því að taka tolla af öllum þeim vörum, sem Bandaríkin flytja inn í landið. Þetta liggur svo í augum uppi, að það virðist dæmalaust, að önnur framkvæmd skuli hafa verið á höfð fram að þessu. Það eru íslenzk lagafyrirmæli að leggja toll á allar vörur, sem hingað koma, og íslenzk tollgæzla athugi þessar vörur og innheimti síðan toll af þeim. Hvaða vald í þessu landi tekur sér heimild til þess að brjóta þessi l.? Er íslenzka ríkisstj. jafnvel að brjóta þessi l. eða láta Bandaríkjamönnum haldast uppi að brjóta þau? Af hverju hefur ekkert verið gert í þessu? Af hverju er ríkisstj. að láta þessi lögbrot viðgangast? Er það vegna þess, að flugvallarn. hafi staðið svo illa á verði um Íslands hag? Ekki virðist það vera. Flugvallarn. var á sínum tíma öll sammála um það, eins og kemur fram í hennar áliti, þar sem segir í 5. gr. samningsuppkastsins:

„Þar sem nefndin telur óframkvæmanlegt að greina milli afnota eftir því, hvort um umboðsmann eða flugfélag er að ræða, og þar sem margir starfsmenn hljóta að vinna að báðum hlutverkunum og þar sem gestir hótelsins heyra sumir undir ákvæði samningsins um tollfrelsi, en aðrir ekki o. s. frv., telur n. óhjákvæmilegt að koma þeirri skipan á, að allar vörur, að undanteknu efni og áhöldum til bygginga og viðhalds, séu tollaðar. Enn fremur, að allir starfsmenn greiði tolla og útsvör, þó ef til vill að undanskildum þeim, sem eingöngu vinna fyrir Bandaríkjastjórn, sbr. 4. gr. samningsins. Tollur og útsvör skulu endurgreiðast umboðsmanninum í samræmi við starfsskiptinguna, samkvæmt nánara samkomulagi, þannig að öruggt sé, að ekki verði í framkvæmdinni lagðir tollar eða önnur gjöld á efnisnotkun eða störf í þágu stjórnar Bandaríkjanna og tillit tekið til sömu sérstöðu flugfara hennar og áhafna þeirra í þessum efnum, sbr. 4. og 9. gr. samningsins.“

N. var sem sé á þeirri skoðun, að það beri að leggja þessa tolla á, og það leiðir alveg af sjálfu sér, að það er ekki hægt að framkvæma þennan hlut öðruvísi. Ef það á að flytja inn alla mögulega hluti til Keflavíkurflugvallarins og selja Ameríkumönnum það svo tollfrjálst, eins og nú er gert, þá er engin tollgæzla lengur á Íslandi, þá er búið að skapa þarna gat, sem allt smýgur í gegnum. Það er ekki hægt að halda uppi tollgæzlu og eftirliti í þessu landi öðruvísi en að innheimta tollana strax og endurgreiða svo Bandaríkjunum það, sem þau eiga kröfu á að fá, og það virtist n. strax í upphafi, og mér þætti gaman að vita hvenær n. hefur fallið frá þeirri skoðun.

Ég býst við, að þetta mál fari til n., og væri þá mjög gott, að sú n. yfirheyrði þessa embættismenn um þessa hluti og um afstöðu ríkisstj. og einstakra ráðh. í þessu sambandi. Svo er hins vegar í þessari skýrslu, sem nú er lögð fram. Þar stendur: „Í samræmi við þetta samningsákvæði (þ. e. 9. gr. samningsins) hefur flugvallarn. gert samkomulag við fulltrúa Bandaríkjastjórnar og umboðsmann hennar á flugvellinum um, að ábyrgur fulltrúi Bandaríkjastjórnar eða umboðsmannsins láti hlutaðeigandi íslenzkum yfirvöldum í té nákvæma skrá yfir allar innfluttar vörur og gefi jafnframt yfirlýsingu um, að allar þessar vörur séu nauðsynlegar til rekstrar flugvallarins.“ Hvað er þetta? Er verið að afhenda Bandaríkjunum yfirumsjón með tollgæzlu á Íslandi? Þeir eiga að láta í té skrá yfir það, sem þeir hafa keypt, og þeir eiga að segja, hvað sé nauðsynlegt. Hver á að dæma um þetta? Eru það ekki íslenzk yfirvöld? Hvers konar samning er þarna verið að gera? Er verið að semja af Íslandi þann rétt, sem það hefur til æðsta valds í þessum efnum? Eigum við að taka við upplýsingum frá einhverjum amerískum embættismönnum um það, hvað flutt er inn? Eru það ekki íslenzkir tollgæzlumenn, sem eiga að ákveða, hvað kemur inn í landið og hvað er nauðsynlegt í sambandi við herflutningana til Þýzkalands, sem í hæsta lagi er 1/10 af því, sem kemur til Keflavíkurflugvallarins? Það er verið að selja Ameríkumönnum sjálfdæmi með þessu móti. Ég skil það vel, að íslenzka ríkisstj. sé reið yfir því, að það skuli vera birt plögg, þar sem það kemur fram, að embættismenn telja óframkvæmanlegt að framkvæma samninginn öðruvísi en að láta greiða tollana strax. Ríkisstj. veit það vel,

að það verður fyrst og fremst skoðað henni til smánar, ef hún lætur embættismenn sína ganga inn á samning, sem er Íslendingum óhagstæðari en sá, sem upprunalega fékkst fram. Hver er það sem hefur valdið? Eru það ekki Íslendingar, sem hafa valdið? Hæstv. utanrrh. sagði í gær, að það væri meiri vandi að skera úr þessu en menn gerðu sér grein fyrir, það væri erfitt að greina þarna á milli, og talaði um, að Íslendingar hefðu ekki fært fram rökstudda grg. fyrir því, hvað Ameríkanar eigi að borga. Er það ekki Ameríkananna að segja til um, hvað mikið þeir eiga að fá endurgreitt af tollum og hvað mikið af flugvélum fer um flugvöllinn í sambandi við hernám Þýzkalands? Hvað þurfum við að sækja undir Ameríkana í þessum efnum? Þurfum við að færa fram rökstudda grg. við þá? Eigum við að koma til þeirra og segja þeim, að þeir eigi að borga toll af þessu og þessu? Hvers konar ástand er þetta? Heyra þessir menn ekki undir íslenzk l., og eiga þeir ekki að borga Íslandi tolla? Svo geta þeir samkv. samningnum farið fram á að fá endurgreitt þetta og þetta, þegar þeir færa rökstudda grg. fyrir því, og þá getur ríkisstj. tekið til greina það, sem rétt er og sanngjarnt í þessum efnum. Ég býst við, að innflytjendur í Rvík vildu gjarnan sæta svona kjörum, að þeir gæfu yfirlýsingar um, hvað mikið þeir flytja inn, og lofuðu svo tollurunum að standa einhvers staðar. Svo segir hæstv. dómsmrh., að þetta sé allt á athugunar- og samningastigi. Hvað er á athugunar- og samningastigi? Er það réttur Íslendinga yfir eigin landi eða spursmálið um tollgæzlu í sambandi við innflutninginn til Íslands, sem er á athugunar- og samningastigi, og það einu ári eftir að samningurinn er gerður? Það kann vel að vera, að ríkisstj. sé enn á athugunar- og samningastigi. Afgreiðsla fjárl., gjaldeyris- og innflutningsleyfin og skömmtunarreglurnar benda til þess, að ríkisstj. hafi lengi verið á athugunar- og samningastigi. Það hefur ekki gengið það fljótt með þá hluti, sem hún er að gera. En þegar Ísland á í hlut gagnvart erlendu valdi, sem það hefur gert óheppilegan samning við, þá hlýtur þjóðin að krefjast þess af sínum embættismönnum, að þeir standi þannig á verði hvað þetta snertir, að það vald, sem Ísland hefur samkv. samningnum, sé notað til fullnustu. Það er ekki þarna um neitt að semja. Bandaríkjamenn geta gert uppástungu um, hvað mikið þeir vilja fá endurgreitt. Við eigum ekki að sækja það undir þá. Sem sé, í þessu máli, viðvíkjandi tollaívilnunum og tollinnheimtu hefur verið farið rangt að frá upphafi. Ég tók þetta atriði sérstaklega fyrir í fjhn. Nd. í sambandi við umr. um þetta mál í fyrra. Tollstjórinn var þá mættur á fundi n., og var rætt um þetta nákvæmlega, og þá kom það í ljós, að ekki væri hægt að framkvæma þetta öðruvísi, og embættismenn, sem hafa fjallað um þetta, hafa verið á sömu skoðun, svo að nýlega hefur verið gert samkomulag um þetta efni við Bandaríkjastjórn. Hvers konar framkvæmd er þarna á íslenzkum l.? Þarna er verið að brjóta íslenzk l. — semja af Íslendingum réttindi. Þarna er verið að gefa sérstökum mönnum á Íslandi, sem eiga að heyra undir íslenzk l., önnur réttindi en aðrir menn á Íslandi hafa. Það er verið að gefa þeim sérréttindaaðstöðu, sem þeir eru nú þegar farnir að njóta í mjög ríkum mæli á Keflavíkurflugvellinum. Það er hægt fyrir hina amerísku verkamenn og starfsmenn (1000 talsins) að fá hvaða vöru sem er keypta tollfrjálsa. Af hverju eru tollfrjálsar vörur á Keflavíkurflugvellinum? Samkv. hvaða fyrirmælum í íslenzkum l. er það? Ég þekki þau ekki. Ég sé ekki annað en þarna fari lögbrot daglega fram, og þetta styðst ekki við Keflavíkursamninginn. Samkv. honum hafa þeir starfsmenn, sem starfa vegna hernaðarflugvéla, sem fara til Þýzkalands, rétt til þess að fá að sleppa við toll, eða vörur til þeirra, hinir hafa það alls ekki, hinir eiga að borga það sama og hvaða Íslendingur sem væri. Það er því verið að brjóta l. á hverjum einasta Íslending með þessu framferði. Íslenzkir verkamenn, sem starfa á Keflavíkurflugvellinum, koma með íslenzka peninga eins og hinir, en þeir hafa ekki þennan rétt. Þeir eru undirþjóð og hafa ekki rétt til að kaupa vörur tollfrjálst. Það á að láta þá finna til þess, að þeir ráði ekki sínu eigin landi. Verkamennirnir hafa þarna sama kaup, en íslenzki maðurinn verður að borga toll af þeim vörum, sem hann kaupir, en amerísku verkamennirnir, sem vinna að öllu mögulegu öðru en herflutningum til Þýzkalands, þeir þurfa ekki að borga neinn toll. Þetta þýðir, að þarna er verið að skapa tvenns konar rétt — tvíbýli, það er verið að skapa yfirþjóð og undirþjóð á Íslandi. Íslenzk l. eru brotin hvað þetta snertir. Hitt gera svo Ameríkanar, að selja þessar vörur til Íslendinga á eftir með álagningu sér til handa. Ríkisstj. er að skipuleggja svarta markað á Íslandi með því að hleypa þessum amerísku vörum í gegnum toll án þess að láta leggja toll á þær, síðan selja Ameríkanarnir þetta um allt. Meira að segja vörur, sem eru óáanlegar á Íslandi, eru seldar þarna tollfrjálst og seldar síðan út. Ég býst við, að Ameríkanarnir leggi tolla á þessar vörur, svarti markaðurinn hefur sín lögmál eins og annað brask. Amerískir starfsmenn verða svo eins konar tollheimtumenn, kaupmenn, sem geta verzlað við Íslendinga með góðum hagnaði með þær vörur, sem Íslendinga skortir. Það er einhvers staðar minnzt á þessa hluti í þessari skýrslu. Þar segir: „Flugvallarn. og umboðsmenn Bandaríkjastjórnar hafa rætt ýtarlega um ráðstafanir til að hindra óleyfilega sölu á tollfrjálsum vörum og meðferð erlendra peninga.“ Þeim er svo sem ljóst, að svartur markaður skapast af þessu. Og n. gefur svo í sambandi við þetta siðferðisvottorð, því að hún segir: „Og hefur n. gengið úr skugga um, að af hálfu fulltrúa Bandaríkjanna er leitazt við að gera allt sem unnt er til þess að koma í veg fyrir svartan markað.“ En það er ekki leitazt við að láta fulltrúa Bandaríkjastjórnar gera það, sem hægt er, til að koma í veg fyrir þetta, það er að borga tolla af þessum vörum, þegar þær koma til Íslands, því að það er ekki hægt með öðru móti að koma í veg fyrir þetta. Nei, siðferðisprédikanir megna ekki að koma í veg fyrir þetta. Það er m. ö. o. ekkert gert til þess að hindra þetta, það er ekki gert það eina, sem hægt er. Svarti markaðurinn fær að blómgast.

Hæstv. utanrrh. sagði, að tollgæzlumenn fengju að fylgjast með og hefðu aðstöðu til að skoða. En sú mildi. Er það eitthvað sérstakt til að þakka fyrir? Ef hann hefði sagt, að tollgæzlumenn skoðuðu þetta allt og rannsökuðu og tækju tolla af öllu, þá hefði hann getað tilkynnt, að íslenzk l. væru framkvæmd, en með þessu móti er verið að segja, að þeir hafi aðstöðu til þess að gera þetta, en það sé ekki gert. Nei, það er ekki til neins að ætla að

reyna að blekkja menn um þessi efni með því að búa til skýrslu og láta lesa hana í útvarpið, meðan gengið er fram hjá að gera þá hluti, sem mesta þýðingu hafa til þess að halda íslenzkum l. í gildi. Á Keflavíkurflugvellinum er verið að skapa gróðrarstíu fyrir svartan markað, og því meira sem við Íslendingar leggjum á okkur til þess að spara innflutning og neita okkur um fleiri og fleiri vörur, því meira kemur þessi svarti markaður til með að blómstra og því meiri verða gróðamöguleikar hinna dulbúnu hermanna og því meiri siðspillingin í sambandi við þennan smánarblett á Íslandi. Það er sagt í skýrslu flugvallarn., að fulltrúar Bandaríkjanna hafi viðurkennt þessi sjónarmið í meginatriðum, að greiddir yrðu skattar og tollar af því, sem ekki heyrir beint undir innflutning til Þýzkalands, og hafi komið fram með ákveðnar till. um greiðslu tolla og gjalda af þessari starfsemi, en ennþá hafi ekki verið teknar endanlegar ákvarðanir í þessu máli. Hvernig stendur á því, að ekki hafa verið teknar endanlegar ákvarðanir í þessu máli um það, hvaða skatta Bandaríkjafélögin skuli greiða á Íslandi? Það er sett fram eins og einhver kostur, sem hafi fengizt, að fulltrúar Bandaríkjanna hafa viðurkennt þau sjónarmið, sem við höfum haldið fram, að Bandaríkjamenn eigi að greiða eignarskatt, útsvar og tekjuskatt af öllum tekjum manna, sem ekki standa í sambandi við rekstur flugvallarins fyrir herflugvélar, sem fara til Þýzkalands. Var það eitthvað sérstakt, þótt þeir gengjust undir að viðurkenna íslenzk l. og beygja sig fyrir þeim? Það var ríkisstj. að framfylgja þessum l. og sjá um þau. Það þurfti ekki að spyrja þessa menn, hvort þeir viðurkenni íslenzk l. eða ekki. Það er ekki verið að spyrja íslenzka borgara að því, þegar verið er að leggja þunga skatta á þá, hvort þeir viðurkenni það. En hér er sagt: Endanlegar ákvarðanir hafa ekki ennþá verið teknar. Af hverju ekki? Það er ekki verið að tvínóna við það, þegar verið er að leggja skatta á íslenzka borgara. Þá er hespað í gegnum Alþ. á 1—2 dögum 45 millj. kr. skatti. Íslenzka þjóðin er nógu góð til að borga. Ríkisstj. er ekki lengi að hugsa sig um að taka endanlegar ákvarðanir um svoleiðis hluti. Það er bara lagt á, og svo er gengið að mönnum, sem ekki borga skattinn. Þá er ekki verið að spyrja fólkið, hvort það viðurkenni það sjónarmið. En ef Ameríkanar eiga í hlut, þá er spurt: Viðurkennið þið þessi sjónarmið? Svo er frestað að taka endanlega ákvörðun. Af hverju er þetta? Eru menn á þessu landi, sem hafa annan rétt en Íslendingar? Við erum nógu lengi búnir að hafa tvíbýli í okkar landi, við viljum ekki hafa sérréttindaþjóð hér. Ég er ófróður í landafræði þarna suður frá, en mig langar til þess að fá upplýsingar við þessa umr. um það, undir hvaða hrepp Keflavíkurflugvöllur heyrir. Hvaða hreppur á að leggja útsvör á þessa menn? — nema það sé meiningin að undanþiggja þá útsvörum. Í 10. gr. Keflavíkursamningsins stendur: „Eigi skal leggja tekjuskatt á þær tekjur þess starfsliðs Bandaríkjanna, sem á Íslandi dvelur við störf, er leiðir af framkvæmd samnings þessa, er koma frá aðilum utan Íslands.“ Í fjhn. benti ég á, að hér væri eingöngu tekið fram um tekjuskattinn. Það er íslenzkt orð, sem hefur ákveðna bundna merkingu, og þar sem þessir menn heyra undir íslenzk l. með aðra skatta en tekjuskatt, þá þýðir það það, að útsvör eiga að leggjast á þessa menn í þeim hreppi, sem Keflavíkurflugvöllur heyrir undir. Eða er það kannske meiningin að sleppa þeim við útsvör? Ég vildi gjarnan fá að heyra það, hvort þessi yfirvöld þarna suður frá, oddviti eða hreppsnefnd, eru þegar búin að fá fyrirmæli um það frá ríkisstj., hvernig eigi að framfylgja þessum l. En mér er nær að halda, að það fari ekki svo fjarri, að meira að segja ríkisstj. gangi út frá því, að það þurfi enginn að velta því fyrir sér, hvernig eigi að leggja þessi útsvör á, heldur eigi að sleppa þeim, en það er nokkuð, sem ekki er samkv. bókstaf samningsins.

Þá talaði hæstv. utanrrh. um tolla í sambandi við efni, sem fer þarna í byggingar, og las í því sambandi upp úr skýrslu flugvallarn. Þar segir, „að Bandaríkjastjórn eigi að standa straum af miklum kostnaði í sambandi við rekstur flugvallarins, og þykir því ekki ástæða til að leggja tolla og skatta á þann kostnað þeirra, einkum þar sem öll óhreyfanleg verðmæti, sem Bandaríkjastjórn gerir á sinn kostnað á vellinum, eigi að verða eign íslenzka ríkisins að samningstíma liðnum.“ Mér sýnist þetta eiga að þýða það, að það eigi að sleppa Bandaríkjunum við tolla og skatta á efni, sem flutt er þarna inn til bygginga. Hins vegar er það tekið fram í samningnum, að þetta eigi einvörðungu við um efni, sem standi í sambandi við flutninga hersins til og frá Þýzkalandi, að öðru leyti hafa þeir ekki þetta skattfrelsi. Að undanþiggja tollum og sköttum efni til annarra bygginga nær engri átt og er engin heimild til fyrir, enda er þarna verið að flytja þau rök fyrir því, að þessi verðmæti eigi seinna meir að verða eign íslenzka ríkisins. En ég vil spyrja: Þegar verið er að byggja skóla á Íslandi, sem eiga að verða eign íslenzka ríkisins, eru þá ekki teknir skattar og tollar í sambandi við slíkt? Það er ekki verið að undanþiggja sement og timbur undan tolli, þó að það eigi að fara í opinber mannvirki. Er þá einhver meiri ástæða til að undanþiggja slíkt undan tolli, þegar Bandaríkjamenn eru að byggja, þó að byggingarnar eigi að verða eign Íslendinga? Hvað mælir með því? Við Íslendingar komum sjálfir til með að semja um þetta seinna meir á einhvern hátt. Ég held, að við séum búnir að borga Bandaríkjamönnum nóg fyrir það, sem þeir hafa gert á Íslandi stríðsárin. Hvað margar milljónir erum við búnir að borga út úr landinu fyrir bragga og annað slíkt? Það skyldi vera, að það væri ekki nær 20 millj. kr., sem við erum búnir að borga út fyrir eignir yfirteknar hér. Það er engin ástæða til að vera að gera þetta ódýrara fyrir þá en einhvern og einhvern, sem er að byggja skóla eða annað slíkt. Því ekki að láta Ameríkumenn borga þetta? Það er sagt, að Bandaríkjastjórn eigi að standa straum af miklum kostnaði af vellinum. Hvaða óttaleg vorkenning er þetta? Það er ekki verið að tala um, að það megi ekki íþyngja Íslendingum, þeir mega bera byrðar. En það er ekki ástæða til að leggja tolla og skatta á það, sem Bandaríkjastjórn er að gera. Hvers konar hugsunarháttur er þetta?

Ja, ég verð að segja það, að þegar þessar tollaívilnanir eru bornar saman við það, er verið var að hækka tollana hér á síðasta þingi, þá má með sanni segja, að ríkisstj. taki Bandaríkjamennina mildari tökum en Íslendinga sjálfa í því efni.

Varðandi skattskyldu þessara amerísku félaga hér í Keflavík þá eru þau að öllu leyti skattskyld hér á Íslandi. Ég held, að það væri mjög gott að fá

dálítið meiri upplýsingar hjá ríkisstj. um afstöðu hennar gagnvart slíku. Ég er hræddur um, að skattinnköllunin verði eitt hneykslí eins og tollaálagningin og tollainnköllunin. Þessi amerísku auðfélög eiga að skattleggjast hér og það í fullum mæli, en það verður ekki gert, meðan ríkisstj. er haldin slíkri vorkunnsemi gagnvart Ameríkumönnum, vorkunnsemi, sem aldrei kemur fram hjá henni gagnvart Íslendingum sjálfum, gagnvart Íslendingum er það aðeins harkan og vægðarlausir skattar. Sem sagt, með tilliti til skatta búa Ameríkumenn hér við allt önnur kjör en Íslendingar, það eru sérréttindi Ameríkumönnum til handa, sem þarf að afnema. Ég býst nú við, að ríkisstj. hrökkvi ofurlítið við í hvert skipti, sem hún er skömmuð, og ef til vill mun hún því rjúka til og innheimta einhvern skatt af Ameríkumönnum hér á næstunni eða upp úr nýárinu, ella má hún eiga von á öðrum eldhúsdegi hér til viðbótar.

En varðandi það, sem Ameríkumenn þurfa að kosta til þess að hafa Keflavíkurflugvöllinn, langar mig til að segja, að ríkisstj. gerir sér áreiðanlega lítið ljóst, hvað þeir leggja mikið upp úr því að hafa hann. Þeir mundu jafnvel borga til þess mörg hundruð þúsund dollara eða milljón dollara. Fjárhagslega séð er völlurinn næstum ómetanlegur fyrir Ameríkumenn, eins og þeir hugsa sér það, enda er almennt gert grín að því í Ameríku, hvað við sleppum þeim billega með völlinn. Amerikumenn eru að vísu „business"-menn og vanir því að kaupa upp þjóðir og lönd, en ekki svona billega. Svo er íslenzka ríkisstj. að vorkenna Ameríkumönnum og vill helzt meðhöndla þá eins og postulín. Það er eins og hún sé dauðhrædd við, að þeir kynnu að sleppa burt úr landinu, ef lagðir væru á þá tollar og skattar. Ég held, að hún ætti að miðla Amerikönum einhverju af þeirri hörku, sem hún leggur til, að íslenzka þjóðin sé beitt, og láta lögtök á þeim ganga fyrir lögtökum á öðrum stöðum.

Ég ætla þá að koma að svarta markaðnum og eftirliti með smygli. Það er sagt, að hinum erlendu starfsmönnum hafi verið vikið frá störfum, ef þeir hafa orðið uppvísir að smygli. En hafa þessir menn verið dæmdir, settir í tugthús eða sektaðir? Mér er nær að halda, að þeir hafi verið látnir fljúga til Ameríku, t. d. starfsmaður sá, er varð uppvís að nylon-sokka smyglinu. Er hann í tugthúsi eða floginn til Ameríku? Ég veit ekki, hvað mikið af því, sem þessir menn hafa brotið af sér, er tugthússök, en geti þeir ekki borgað, geri ég ráð fyrir, að þeir eigi að sitja af sér.

Og hvernig er það með skömmtun til Ameríkumanna í Keflavík? Hefur þeim verið úthlutað skömmtunarseðlum, eða heyra þeir ekki undir íslenzk lög? Verða ekki allir menn hér á landi að búa við sömu kjör í þessum efnum, eða hafa Ameríkumenn hér réttindi til allt annarra kjara en Íslendingar, og fá hinir fyrrnefndu að flytja inn allt, sem þeir vilja? Ég er hræddur um, að gengið sé út frá því, að þeir heyri ekki undir íslenzk skömmtunarlög. Eru einhverjir aðrir menn í þessu landi, sem hafa meiri réttindi en við, sérréttindi til að flytja inn hvað sem þeim sýnist, og undir hvaða lög heyra þeir þá? Ekki heyra þeir undir Keflavíkursamninginn. Að vísu eiga þeir samkv. honum að fá endurgreidda nokkra tolla af kornvöru, kaffi og slíku. En ég sé ekki annað en lög, sem sett eru á Íslandi, gildi fyrir alla, sem hér eru, en ég get bezt trúað, að íslenzk lög séu brotin og Ameríkumennirnir í Keflavík séu undanþegnir þeirri skömmtun, sem Íslendingar verða að sætta sig við. Eru það tvenn lög, sem gilda á Íslandi, eða eru það ein? Ég fæ ekki betur séð en að hér sé verið að brjóta lög. Ég hef alltaf haldið, og það er skýrt tekið fram í Keflavíkursamningnum, að Ameríkumenn á flugvellinum eigi að búa við sömu lög og við. Og hver verður afleiðingin af því, ef þeir eiga að fá að flytja inn allt, sem þeim sýnist, munaðarvöru sem nauðsynjavöru, svo að á sama tíma sem við erum að neita okkur um fleiri og fleiri vörur flytja Ameríkumenn yfirfljótanlegt inn af sömu vörum og öðrum. Þeir byggja jafnvel skóla og kirkjur á sama tíma og íslenzkar skólabyggingar eru stöðvaðar. Þetta er brot á íslenzkum lögum, og ég get ekki séð, að Ameríkumenn hafi samkv. samningi neinn rétt til að búa við önnur kjör en Íslendingar hér. Öll íslenzk lög eiga að ná til þeirra. Við getum bara hugsað okkur afleiðingarnar af slíku misrétti. Það eru þegar farnar að finnast íslenzkar stúlkur suður á Keflavíkurflugvelli eftir nokkurra daga leit. Við getum hugsað okkur afleiðingarnar af því, ef Íslendingar neita sér um fleiri og fleiri hluti og nauðsynjar, en Ameríkumönnum er leyfður þrotlaus innflutningur á alls konar vörum. Eða er það kannske meiningin, að slíkt ástand eigi að dýpka og breikka bilið milli yfirþjóðar og undirþjóðar í landinu? Ég býst við, að Amerikumenn og Bandaríkjastjórn mundu fyllilega skilja þetta sjónarmið. Þeir hafa sjálfir oft þurft að leggja hart að sér og skammta sér og það jafnvel á þeim tíma, er við þurftum þess ekki. En það þarf röggsemi okkar stjórnarvalda til að framfylgja því, að ein lög verði látin gilda í landinu. Hér er nú mjög að minnka um alls konar matvæli, t. d. svokallaðar dósa- og hilluvörur í búðunum, en að sama skapi eru þessar vörur fluttar tollfrjálsar inn til Keflavíkur og seldar Íslendingum á uppsprengdu verði.

Ég er að vísu ekki vel að mér í lögum — ég skal játa það —, en ég veit þó, að samkv. íslenzkum l. er bannað að flytja áfengan bjór til landsins og brugga hann í landinu. Ég veit ekki betur en Ameríkumenn bruggi hér áfengan bjór, svo mikið er víst, að bílum, sem eru hlaðnir áfengum bjór, er ekið hér um göturnar. Samkv. hvaða l. er þessi bjór hér á ferðinni, hvort sem hann er nú fluttur inn eða bruggaður í landinu? Ekki samkv. Keflavíkursamningnum. Eða er kannske brugghús hér handa Bandaríkjamönnum til að brjóta íslenzk lög á Keflavíkurflugvellinum? Ég vænti upplýsinga um þetta mál frá réttum aðilum. Ég veit, að áfengur bjór er hér í landinu. Ég get ekki sannað, hvar hann er búinn til, en ég veit, að það er lögbrot að brugga hann hér og flytja hann inn. Amerikumenn hafa engan rétt til að brjóta þessi lög, og ég efast um, að Bandaríkjastjórn hafi farið fram á það. En hitt veit ég, að bjórbrugg handa hernum tíðkaðist hér á hernámsárunum, á meðan herinn var ekki undir íslenzkum l., og nú er það, að íslenzka ríkisstj. man í þessu tilfelli ekki eftir að láta líta svo út sem hernáminu og fylgikvöðum þess sé af létt, man ekki eftir að láta líta út fyrir, að Keflavíkursamningurinn sé ekki herstöðvasamningur. Marga Íslendinga langar í bjór, en það er ef til vill gott, að þeir fá hann ekki, en hitt er víst, að Ameríkumenn fá hér bjór — og í krafti hvaða laga og undanþágu fá þeir hann? Það er

nú að verða erfitt að fá hér maltöl og fleiri næringarríka drykki, en í Keflavík er hægt að fá áfengan bjór. Það fer að vaxa munurinn á yfirþjóðinni og undirþjóðinni, ef slíkt tvíbýli á að haldast.

Það er áfengiseinkasala hér á landi í höndum ríkisins, og ég veit ekki til, að veitt sé nein undanþága frá þessum l. um áfengiseinkasölu í Keflavíkursamningnum. Ég veit ekki til þess, að Ameríkumenn í Keflavík hafi nokkurt leyfi til að flytja inn brennivín og whisky, en ég þykist vita, að það sé þó gert, þó ekki í gegnum íslenzku áfengiseinkasöluna. Þeir Ameríkanar í Keflavík, sem teljast halda uppi flugsamgöngum við Þýzkaland, hafa einir rétt til að fá endurgreiddan toll af víni og öðrum neyzluvörum sínum samkv. samningi. En tala þeirra manna er ekki nema 10% af öllum þeim, sem nú hafa bækistöðvar á flugvellinum, og þó að reiknað væri með ósviknu fylliríi einu sinni í viku þeim til handa sem hæfilegu magni, þá væri aðeins um hverfandi lítinn hluta alls þess áfengis að ræða, sem flyzt til Keflavíkur, án þess að það sé tollað. Hefur Bandaríkjastjórn með undanþágu verið leyft að flytja áfenga drykki til Íslands og sleppa við álagningu? Hvar er þá sú undanþága og hver hefur veitt hana? Sé hér ekki um neina undanþágu að ræða, sem ekki var a. m. k. gerð í Keflavíkursamningnum og væri brot á íslenzkum l., þá vil ég þó benda á, að ég veit ekki betur en brennivín og whisky sé stanzlaust flutt inn til Keflavíkur. En ef það er nú gert, þá er mér spurn: Hvað margir Ameríkumenn hafa verið teknir og kærðir fyrir smygl og látnir sæta ábyrgð? Eða er það meiningin, að þeir eigi að hafa rétt til að flytja inn áfengi þvert ofan í íslenzk lög og selja það ef til vill Íslendingum? Er ekki nóg, að þessir útlendingar séu sínir eigin tollheimtumenn og skattheimtumenn á Íslandi, eiga þeir einnig að taka hér að sér hlutverk áfengiseinkasölu ríkisins? Og er ekki tóbakseinkasala hér? Flytja Ameríkumenn hér tóbakið inn í gegnum hana? Hvernig stendur þá á því, að það er tollfrjálst? Ef því er neitað, að þetta tóbak sé flutt inn tollfrjálst, og hvort sem er, þá óska ég eftir því, að skýrt sé frá því opinberlega, hvaða tekjur tóbakseinkasala ríkisins hefur haft af öllu því tóbaki, sígarettum og vindlum, sem flutt hefur verið inn til Keflavíkur. Mér er nær að halda, að allt það tóbak og áfengi, sem Ameríkumenn hafa flutt inn til Keflavíkur, sé með öllu utan við einkasölur íslenzka ríkisins á þessum vörum. Ég er ákaflega hræddur um það. Og ég held, að ríkisstj. hefði þegar leiðrétt mig, ef ég hefði sagt einhverja helvítis vitleysu í þessu efni eins og með hreppstjórann áðan. Ég er því hræddur um, því miður, að þetta sé rétt hjá mér. Er það af því, að hér séu herstöðvar, sem heyra ekki undir íslenzk l. og hafa allt annan rétt en landsmenn? Gáir ríkisstj. hér ekki að því að halda uppi yfirskipinu? Gleymir hún því, að íslenzk l. eiga að gilda fyrir útlendingana í Keflavík?

Hér voru sett l. um fjárhagsráð í fyrra og öll fjárfesting á Íslandi lögð undir það með vilja Alþ. Já, meira að segja var sjálft Alþ. og dýrmætasta vald þess, fjárveitingavaldið, sett undir þetta ráð að hálfu leyti og ofurselt því. Maður skyldi því ætla, að þetta valdamikla fjárhagsráð væri ekki í vandræðum með Ameríkanana hér. Auðvitað þarf fjárfestingarleyfi í Keflavík. En ég vil spyrja um, hvaða byggingarleyfi og fjárfestingarleyfi fjárhagsráð hefur veitt þar. Hér í Reykjavík bíður bæjarstjórnin eftir svari frá fjárhagsráði um það, hvort hún megi gera hér höfn, bygging iðnskólans hefur verið stöðvuð, en suður á Keflavíkurflugvelli er verið að byggja heilt þorp, jafnvel með kirkju og skóla, að því er sagt er, — og hvar eru leyfi fjárhagsráðs fyrir þeim byggingum? Það þarf leyfi íslenzku ríkisstj. til þessara hluta, það þarf leyfi fjárhagsráðs, en það þarf umfram allt að framfylgja íslenzkum l. En ég er anzi hræddur um, að því hafi verið sleppt að sækja um leyfi til fjárhagsráðs til byggingarframkvæmdanna í Keflavík. Jafnvel þó að hér sé verið að stöðva byggingar skóla og húsa fyrir opinberar stofnanir, er ég hræddur um, að í Keflavík hafi ekki aðeins verið brotin l. um fjárhagsráð, heldur og önnur l. Mér heyrðist hv. utanrrh. vera að tala um byggingu þorps þar suður frá og að flugvallarn. hefði á endanum fallizt á að leyfa þær framkvæmdir, verið óánægð með það, en fallizt á það, af því að Ameríkumenn hefðu þegar verið byrjaðir að byggja og næstum því búnir. Þetta er gott dæmi. Íslenzk yfirvöld og ríkisstj. þykjast vera óánægð með framkvæmdir Ameríkumanna í Keflavík, en beygja sig síðan með þeim rökum, að þeir hafi verið búnir að ganga svo langt í leyfisleysinu. Slík er virðing íslenzkra yfirvalda fyrir íslenzkum l., þannig er hverju sviðinu af öðru sleppt við yfirþjóðina í landinu.

Hvað er að segja um vinnu Íslendinga þarna suður frá? Hæstv. utanrrh. upplýsti, að 19 ynnu við tæknistörf. En eru það nefnd tæknistörf, þegar t. d. flugmaður er látinn vinna að því að afgreiða flugfarþega? Og svo eru 57 Íslendingar þar við eldhússtörf, sem negrar eru látnir vinna í Ameríku. Þetta eru störfin, sem Íslendingar eru látnir vinna í Keflavík, eins og til að undirstrika muninn á yfirþjóðinni og undirþjóðinni. Og svo er talað um, að íslenzkir starfsmenn reynist þar illa, en ég býst nú við, að það verði fremur talið þessum mönnum til lofs en lasts, er fram líða stundir. Þessi aðferð er fyrir neðan allar hellur. Það er vitað mál, að það er íslenzka ríkisstj., sem hefur í sínum höndum yfirstjórn Keflavíkurflugvallarins, ef hún vill, og getur látið Íslendinga gegna þar öllum störfum, sem þeir frekast eru hæfir til, og Bandaríkjastjórn er vitanlega nógu skynsöm til að taka fyrirskipanir íslenzku stjórnarinnar góðar og gildar í því efni. Aðstaða ríkisstj. hér er svo sterk, að hún þarf ekki að óttast, þótt hún standi fast á málstað Íslendinga. Það eru Bandaríkin, sem eiga undir okkur að sækja í Keflavík, en ekki öfugt, en ég býst við, að margur Íslendingurinn hafi fundið og finni til þess, að hér sé að skapast ástand, sem við vonuðum að vera lausir við. Og það er hart, að flutt skuli vera á Alþingi önnur eins skýrsla og flutt var hér í gær, einu ári eftir að samningurinn um flugvöllinn er gerður, og þar sem Íslendingar áttu að fá fullt vald yfir vellinum, — að þá skuli meginið af þeim Íslendingum, sem við völlinn vinna, vera eldhússtarfsmenn og hótelþjónar. Þetta er fullveldi og réttur Íslendinga yfir vellinum. Svona er það einnig, ef litið er á þá staði vallarins, þar sem það gildir mestu, að Íslendingar geti ráðið, t. d. flugturninn, þar sem flugvallarn. hefur farið fram á, að Íslendingar gegndu þar störfum á kostnað Bandaríkjanna. Segir í skýrslu flugvallarn.,

að vel hafi verið tekið í þetta mál, en þá hafi ekki verið kunnáttumenn fyrir hendi, en nú séu þeir til og málið hafi verið tekið upp á ný. Þarf samkomulag um það, ef kunnáttumenn eru fyrir hendi, að þeir gegni störfum í flugturninum á kostnað Bandaríkjanna? Nei. Það er réttur Íslendinga, og um það þarf ekkert samkomulag. Um það aftur á móti, að Bandaríkjamenn þjálfi íslenzka menn, til þess að þeir verði færir um að taka þessi störf að sér, eins og þeir skuldbundu sig til að gera að einhverju leyti með flugvallarsamningnum, þarf samkomulag. En þetta hvort tveggja hafa Bandaríkjamenn svikið. Þeir hafa ekki tekið íslenzka kunnáttumenn til starfa í flugturninum, né heldur hafa þeir þjálfað aðra, svo að þeir gætu seinna tekið að sér þau eða þvilík störf. Og svo er það þetta aumingjalega orðalag á skýrslu n., það hafi verið „vel tekið í þetta mál", mál, sem Íslendingar hafa rétt til að ráða einir. Hvað á svona orðalag að þýða?

Það var upplýst í gær, að Ameríkumenn væru að hefja stórfelldar byggingarframkvæmdir á flugvellinum og hefðu í því skyni flutt inn 380 byggingaverkamenn. Það hefur líklega ekki staðið á fjárfestingarleyfi fyrir þessum framkvæmdum, né á landvistarleyfi fyrir þessa 380 verkamenn. Umsóknir um þessi landvistarleyfi hafa vafalaust gengið til viðkomandi n., eins og þegar frændur okkar á Norðurlöndum óska að koma hingað. Eða kannske hefur gleymzt að tala við n., og kannske hefur mannaflinn komið inn í landið án þess að fá landvistarleyfi? Þeir eru kannske ekki aðeins settir hærra en Íslendingar, heldur og hærra en Norðurlandabúar yfirleitt? Það væri gaman að fá upplýsingar um þetta. Þetta skeður sem sé einmitt á sama tíma og Norðurlandabúum er vísað úr landi með þeim forsendum, að vinna fari hér minnkandi. Hvaða ástæða var til að vísa þeim burt, þegar flytja þarf inn verkamenn til starfa á flugvellinum? Íslendingar hefðu kosið, að þessir Norðurlandabúar hefðu verið teknir í vinnu á flugvellinum, ef þeir hefðu viljað það, heldur en að fluttir væru inn til þess verkamenn frá Bandaríkjunum. En þessir Norðurlandabúar hafa ef til vill ekki þótt nógu fínir til að vinna fyrir Bandaríkjamenn þarna suður frá. En í sambandi við þá bandarísku verkamenn, sem vinna á flugvellinum hér, væri fróðlegt að fá að vita, hvort til er spjaldskrá yfir þessa menn og fyrri störf þeirra og herþjónustu. Það þarf að gefa skýrslu um, hvaða störf þeir hafa stundað, hversu lengi þeir hafi verið í herþjónustu og hvaða stöður þeir hafi skipað og hvenær þeir hafi hætt herþjónustu. Það væri gaman að fá að heyra, hvenær fataskiptin voru höfð. Og eins er það um hina svo kölluðu lögreglumenn. Það þarf að gefa skýrslu um þeirra fyrri störf og hve lengi þeir hafi gegnt störfum sem herlögreglumenn. Þeir menn, sem vilja af fremsta megni dylja, að á Keflavíkurflugvelli sé herstöð, þeir reyna að telja mönnum trú um, að á vellinum séu aðeins óbreyttir verkamenn, en ekki hermenn. Ríkisstj. hefur því auðvitað slegið þann varnagla, að þeir, sem inn eru fluttir til starfa á flugvellinum, séu venjulegir verkamenn, en ekki nýafvopnaðir hermenn. Þessir Bandaríkjamenn, sem vinna á vellinum, eru auðvitað útsvars- og skattskyldir samkv. íslenzkum l., og væri fróðlegt að vita, hvernig þau lagafyrirmæli eru framkvæmd. Það er minnzt á það í skýrslu flugvallarn., að verkamennirnir á flugvellinum fái kaup samkvæmt íslenzkum kjarasamningum. En hvað fá bandarísku verkamennirnir? Það væri fróðlegt að fá það upplýst. Það er nauðsynlegt að fá að vita, hvort þeir vinna þar samkv. íslenzkum kjarasamningum eða hvort þeir vinna þar samkvæmt samningum milli bandarískra atvinnurekenda og verkamanna eða hvort þeir eru þar samkvæmt samningum Bandaríkjastjórnar og hennar eigin hers. Það þarf að fá fram, með hvaða kjörum þeir vinna þarna, og ef þeir hafa þarna aðeins mála eins og venjulegir hermenn, er það þýðingarmikið rannsóknaratriði fyrir okkur Íslendinga.

Hæstv. utanrrh. minntist á, að á flugvellinum væri ekki um að ræða venjulega lögreglumenn, heldur vinnupólití. — Það er nú svo. Við vitum, að í Bandaríkjunum hafa stóratvinnurekendurnir privatlögreglu, njósnara og slagsmálahunda, til þess að njósna um pólitískar skoðanir verkamanna, hvort þeir séu í verkalýðsfélögum o. s. frv. og til þess blátt áfram að reka eftir þeim við vinnuna, eins og siður var í Suðurríkjunum að reka áfram þræla. Það virðist sem hæstv. utanrrh. hafi ekkert við þetta að athuga. En amerísk vinnulöggjöf, sem kúgað hefur verið upp á verkamenn þar, nær alls ekki til þeirra verkamanna, sem hér vinna. Þeir eru undir íslenzkum lögum og njóta íslenzkra réttinda og íslenzks frelsis. Ef bandarískir auðhringar ætla að fara að koma hér á vinnuþrælkun, þá er það nokkuð, sem íslenzk alþýða kærir sig ekki um. Það má vera, að hæstv. utanrrh. hafi ekkert á móti því, að sú lenzka kæmist á á flugvellinum, og ekki ólíklegt, að ef hún kæmist á, þá mundu sumir íslenzkir auðmenn vilja taka hana upp. Það er því bezt að reyna að girða fyrir það í tíma, að slíkt geti átt sér stað. Hæstv. utanrrh. vildi láta líta svo út, að þessi vinnupólití væru Íslendingum óviðkomandi. En svo er alls ekki. Bandaríkjaverkamennirnir hér eru undir vernd íslenzkra laga og búa ekki við amerískt þrælahald og þrælkun verkalýðsfélaga, sem þar hefur verið komið á gegn harðvítugri mótspyrnu verkamanna. Bandarísku auðmennirnir hafa hér engan rétt til að innleiða kúgunaraðferðir sínar, og það er nauðsynlegt, að Íslendingar standi þar fast á móti og það nú þegar. Við getum lært ýmislegt tæknilegt af Bandaríkjamönnum, en við ættum ekki að taka okkur til fyrirmyndar það, sem lakast er í fari þessarar ágætu þjóðar, en það er einmitt það, sem auðjöfrarnir hafa innleitt. Á móti því verður að berjast hér.

Þá vil ég minnast á rekstur fjarskiptistöðvarinnar. Ef ég man rétt, þá var hún eitt af því, sem flugvallarn. var sammála um að leggja höfuðáherzlu á, að yrði undir íslenzkri stjórn, og segir svo í áætlun um rekstrarfyrirkomulag á Keflavíkurflugvelli, með leyfi hæstv. forseta: „Öll þessi fjarskipti, að undanskildum teleprintum hjá flugfélögum, álítum við, að hljóti að verða undir íslenzkri stjórn, bæði samkv. flugvallarsamningnum og fjarskiptalögunum, og breytir það engu um þetta, þótt í fyrstu verði að nokkru leyti og sums staðar ef til vill að mestu leyti að notast við starfskrafta umboðsmanna Bandaríkjastjórnar". En nú segir í skýrslu flugvallarn., með leyfi hæstv. forseta: „Á s. l. vetri skýrði fulltrúi Bandaríkjastjórnar póst- og símamálastjórninni frá því, að þeim væri óhjákvæmileg nauðsyn að nota þessa stöð til þess að endurvarpa milli bækistöðva þeirra herstjórnar-

skeytum og sérstökum veðurfréttum, vegna flugs hernaðarflugvélanna, sem um ræðir í flugvallarsamningnum. Aðrar sambandsleiðir milli nefndra stöðva töldu þeir hafa of miklar tafir í för með sér. Ríkisstj. hefur þess vegna samkv. 4. gr. samningsins og 1. gr. l. nr. 95 frá 1946 fallizt á að leyfa Bandaríkjastjórn að reka þessa fjarskiptastöð fyrir skeyti sérstaks eðlis með vissum takmörkunum og undir eftirliti landssímans.“ Þarna er því látið undan, þar sem eftirlitið var nauðsynlegast, og hér er um að ræða beinan hluta úr herstöð. En fjarskiptastöðin er einmitt sú stofnun, sem Íslendingar þurfa sérstaklega að hafa eftirlit með, ef þeir vilja reyna að taka á sig ábyrgðina á gerð flugvallarsamningsins. En hæstv. ríkisstj. hefur látið undan, enda þótt allt vald í þessu efni væri í hennar höndum.

Eftir að sambandslagasamningurinn var gerður við Dani, var lögð áherzla á, að við yfirtækjum allt það, sem við höfðum rétt til að taka í okkar hendur, svo sem hæstarétt, landhelgisgæzluna o. s. frv. Það var okkar öryggis- og sjálfstæðismál. Nú virðist það vera stefna ríkisstj. að láta sífellt undan Bandaríkjamönnum og yfirtaka ekki þær stöðvar og þau mannvirki, sem við eigum fullan rétt á. Ég held, að breyta þurfi alvarlega um stefnu, ef við viljum sýna, að íslenzk l. gildi á Keflavíkurflugvellinum. Það er sama, hvort í smáu eða stóru er, það er eins og ríkisstj. álíti, að Keflavíkurflugvöllurinn sé ekki lengur hluti af Íslandi, og hún rankar ekki við sér, fyrr en farið er að rífast og skammast. Til dæmis voru bílarnir með amerískum merkjum og alls ekki merktir Gullbringu- og Kjósarsýslu. Það var ekki fyrr en Þjóðviljinn skammaði stjórnina fyrir þetta, að merkin voru sett á bílana. Og það vantar algerlega að embættismönnunum íslenzku sé innprentað að framfylgja íslenzkum l. Það er ekki ennþá ljóst, hver hreppamörkin eru þarna suður frá. Völlurinn tilheyrir víst einum fjórum hreppum, og væri fróðlegt að vita, hvernig skiptingin er. Hvernig er með benzínskömmtunina á flugvellinum, og hvernig er með skattana af bílunum? Hvar sem drepið er niður, er eins og ríkisstj. sé ekki ljóst, að völlurinn sé íslenzk eign og undir ísl. l. Það er fyrst, þegar farið er að gera hark, að þeir hrökkva við. Þá byrja þeir á því að afsaka sig, og síðan þjóta þeir í Bandaríkjamenn til að reyna að gera eitthvað, sem þeir geti bent á, og í óðagoti sínu gera þeir svo óhagstæða samninga um mál, sem þeir geta sjálfir ráðið. Öll skýrslan, sem utanrrh. lagði fram, virðist samin í þeim tilgangi að þvo Bandaríkjamenn og svo ríkisstj. hreina út af sleifarlaginu, sem ríkir á Keflavíkurflugvellinum. Ég gæti bezt trúað, og skýrslan ber það raunar með sér, að hún sé fyrst samin, eftir að Þjóðviljinn réðst á framkvæmdirnar þar og eftir að sú till. frá hv. þm. Siglf., sem hér um ræðir, kom fram. Sem sagt, ekkert er gert áður og orðalag skýrslunnar er þannig, að tilgangurinn skín út, en hann er sá að þvo Bandaríkjamenn og ríkisstj. hreina og samt að vera í sem minnstri mótsögn við ummæli viðkomandi embættismanna. Hvernig skyldi svona skýrsla vera til komin, og hvað skyldi hæstv. utanrrh. eiga mikið í henni? Íslenzkum embættismönnum er sagt fyrir, hverjar skýrslur þeir skuli gefa, og þeir beygðir, enda hefur hæstv. utanrrh. verið fljótur að víkja embættismönnum frá, ef honum hefur ekki líkað við þá eða honum hefur þótt líkindi til þess, að þeir gætu komið upp um sig. Ef til vill eiga embættismennirnir þar syðra slíkt á hættu. Ef til vill skoðar hæstv. utanrrh. það sem sitt hlutverk að kúga íslenzka embættismenn til að láta undan Bandaríkjamönnum. Það þarf þá ekki að sökum að spyrja, hvernig fari, þegar æðsti embættismaðurinn beitir valdi sínu til að slaka til. Þá þýðir lítið fyrir hina smærri embættismenn að standa á rétti landsmanna. Ef þingið ætlar sér að rannsaka þessi mál til hlítar, þá þarf að kalla embættismennina til yfirheyrslu, þar sem ráðherrarnir eru ekki við, svo að upplýst verði, hvað ráðherrarnir hafa fyrir þá lagt. Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, var það mikil ógæfa, að embættismennirnir fengu ekki strax ákveðin lagafyrirmæli til að standa í gegn hinu erlenda valdi. Þá hefði verið reynt að halda fram íslenzkum lögum. Það er því nauðsynlegt, ef Alþ. vill halda uppi sóma þjóðarinnar, að kalla embættismennina til yfirheyrslu og rannsóknar á þeim brotum á íslenzkum lögum, sem framin hafa verið, og þeim tilslökunum á rétti Íslendinga, sem gerðar hafa verið. Það var næsta aumingjalegt hjá hæstv. utanrrh., þegar hann talaði alltaf um það, sem undirmenn ríkisstj. hefðu gert, og skaut sér á bak við þá. Það hefði þó mátt búast við, að frá ríkisstj. kæmi undirmönnunum uppörvun til að standa á rétti landsins, ekki sízt þegar flokkur, sem kallar sig Sjálfstæðisflokk, á mann í sæti utanrrh. En því fer víðs fjarri, að embættismennirnir fái þessa uppörvun frá ríkisstj. Þvert á móti er þaðan reynt að beygja þá undir hið erlenda vald. Á sama tíma gerist það svo, að þegar hlutlaust er sagt frá ástandinu á Keflavíkurflugvellinum, þá hindrar stjórnarliðið í útvarpsráði, að sá maður, er gaf hlutlausa lýsingu á ástandinu, flytji framar erindi í útvarpið. Ef ríkisstj. vildi afstýra hættunni, sem stafar af dvöl hinna erlendu manna á flugvellinum, þá mundi hún hafa forgöngu um að vara menn við því, að ástandið á flugvellinum smitaði út frá sér, og skapa andlegan og siðferðislegan múr um völlinn. Ef ríkisstj. ætlaði sér að halda vörð, ekki eingöngu um hagsmunamál landsbúa, heldur og um siðferðisástandið í landinu, mundi hún vara við því, að ástandið á flugvellinum sýkti út frá sér, og mundi reyna að skapa gegn því þjóðarmetnað. En þessu fer svo fjarri, að hlutlausum lýsanda er meinað að koma skoðunum sínum á framfæri við þjóðina. Þegar flutt er erindi í útvarpið um ástandið á Keflavíkurflugvellinum og sagt skýrt og skorinort frá því, sem þar ber fyrir augu, þá þykir það skapa of sterkan þjóðarmetnað og þeim, sem þetta gerði, vikið frá störfum við útvarpið. Það væri ef til vill hættulegt, ef stúlkunum þætti smán að því að fara suður á Keflavíkurflugvöll. Nei, það má ekki skapa svona undirlægjuhátt, og þeir menn, sem vinna að því, hafa ekki mikla ábyrgðartilfinningu gagnvart sinni eigin þjóð. Við fengum næga reynslu af því í stríðinu, að við verðum að vera á verði, þegar tvíbýli er í landi voru. Það má ekki láta erlenda menn suður á Keflavíkurflugvelli flytja inn alls konar vörur tollfrjálst og eftirlitslaust, meðan við Íslendingar leggjum á okkur skort til þess að spara, og gefa þessum mönnum þannig kost á því að selja okkur sjálfum á svörtum markaði. Sérréttindi þessara manna skapa þeim líka aðstöðu til þess að láta Íslendingana, sem þarna vinna, og aðra þá, sem þeir ná til, líta upp

til sín og vita, að þeir séu yfirþjóðin, enda virðist ríkisstj. einnig líta svo á. Ég býst við, að það væri þarfara fyrir Sjálfstfl. að láta æskulýðsfélagið svo nefnda, Heimdall, brýna fyrir æskunni hættuna, sem þjóðinni stafar af Keflavíkurflugvellinum og því, sem þar gerist, — en það eru víst færri ræðurnar, sem hníga að því á fundum Heimdallar —, heldur en túlka utanríkisstefnu Bandaríkjanna og bera óhróður og lygar um kommúnista. Annars er það víst ólæknandi sýki, sem Heimdallur er þungt haldinn af.

Ríkisstj. virðist alls ekki gera sér ljósa þá hættu, sem okkur stafar af sambúðinni á Keflavíkurflugvellinum, bæði andlega og siðferðislega, enda kemur það greinilega fram í orðum utanrrh., sem hann viðhafði hér í gær, þar sem hann segir, að það hafi verið meinfangalaus greiðasemi að láta Bandaríkin fá afnot af Keflavíkurflugvellinum. Það má mikið vera, ef þessi orð eiga ekki eftir að verða söguleg og hafa illar afleiðingar. Þó vildi ég óska, að þjóð vorri verði forðað frá því. Bandaríkin líta á Keflavíkurflugvöllinn sem herstöð, og það er ekki á okkar valdi, eins og nú er um búið, að það geti ekki orðið herstöð þar, hvenær sem er, og Bandaríkin hafið þaðan árásir á Evrópu. Ég lagði það til í utanrmn., að gengið yrði þannig frá flugvellinum, að hægt væri að sprengja hann upp, ef til stríðs drægi, en það var að engu haft, en eins og nú er fyrir komið, er hægt að hefja þaðan árásarstríð, án þess að við höfum hugmynd um. Við vitum, að það fara fram stríðsæsingar í Bandaríkjunum, og þó að við vonum, að ekki verði stríð, þá getum við aldrei verið fullkomlega viss. Ef illa tækist til, þá erum við algerlega ofurseldir Bandaríkjunum. Þau geta misnotað flugvöllinn, hvenær sem er, og við getum gert okkur í hugarlund, hvaða afleiðingar það hefði fyrir þjóðina. Það var sagt, þegar þessi mál voru rædd, að Íslendingar gætu ekki afstýrt því, að landið yrði tekið, og það er alveg rétt, en ef slíkt kæmi fyrir, þá vissum við, hvað til stæði, og gætum ef til vill forðað helming þjóðarinnar frá tortímingu, en litlar líkur væru til þess, ef hafnar yrðu hér árásir að okkur óvörum. Við vonum, að Bandaríkin bregðist ekki, en það er ekki af því, að ríkisstj. hafi ekki tekið alla áhættuna af því. En það var nú bara meinfangalaus greiðasemi að veita Bandaríkjunum afnot af flugvellinum, segir utanrrh., en þó var hér um að ræða réttindi, sem Bandaríkin hefðu áreiðanlega borgað margar milljónir dollara fyrir. Það má segja, að úr því að það var gengizt inn á þá hættu og smán, sem fólst í þessum samningi, þá hefði alveg eins mátt taka fyrir hann, og það var raunar ekki nema til þess að bæta heimskunni ofan á smánina að gera það ekki.

Við vitum það úr sögunni, að þjóð vor hefur fyrr orðið að gera neyðarsamninga, en þeir hafa þó stundum orðið okkur hjálp vegna þess, að fast var á rétti þjóðarinnar haldið og vitnað til þess, að þjóðin var þvinguð til að gera þá. En í sambandi við flugvallarsamninginn virðist allt gert til þess að rýra rétt vorn og eyða þeirri staðreynd, að við höfum lánað þarna dýrmæt réttindi. Þetta ástand verður að breytast. Það verður að sjá svo um, að öll íslenzk lög gildi gagnvart þeim mönnum, sem starfa á einn eða annan hátt við flugvöllinn, og það má gjarnan láta Bandaríkin vita, að við séum þess fullkomlega meðvitandi, hvað flugvöllurinn er dýrmætur. Það gerir ekkert til, þó að bandarísku herforingjarnir hætti að spjalla um það og henda gaman að, hvað Íslendingar séu heimskir að láta Bandaríkin hafa Keflavíkurflugvöllinn fyrir ekki neitt.

Mér þótti vænt um það, þegar ég sá greinina í „Times“ 1941, um það leyti er Bandaríkin voru að taka hér við hernáminu. Þar segir, að Íslendingar séu erfiðir viðureignar, þeir séu svo viðkvæmir í sjálfstæðismáli sínu. Ég held, að það væri alveg óhætt að láta Bandaríkin finna til þess, að við séum viðkvæmir fyrir sjálfstæði okkar og sjálfstjórn, í stað þess að bæla niður gagnrýnina og það svo ákveðið, að maður, sem lýsir ástandinu þar syðra eins og það er, skuli vera rekinn frá hljóðnema ríkisútvarpsins fyrir fullt og allt, auk þess sem starfsmennirnir á flugvellinum eru látnir hlíta vægari lögum en þjóðin sjálf. Íslendingar eru enn viðkvæmir fyrir sjálfstæði lands og þjóðar. Því er það fullkomin hneisa að heyra utanrrh. tala á Alþ. eins og hann væri málflutningsmaður Bandaríkjanna, já, utanrrh., sem á að vera vörður Íslands og hefur sæmilegan lagalegan grundvöll til þess að standa á.

Því fer fjarri, að það sé sómi fyrir ríkisstj., hvernig haldið hefur verið á framkvæmd flugvallarsamningsins. Alþ. ætti að sjá sóma sinn í því að afmá þann smánarblett að svo miklu leyti sem hægt er og vera á verði um það, að betur verði á þessum málum haldið, svo að afstýrt verði eftir föngum þeirri ógæfu, sem flugvallarsamningurinn er fyrir íslenzku þjóðina.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil samgleðjast hv. 2. þm. Reykv. og flokksbræðrum hans, að hann skuli nú hafa fengið málið aftur og hafa talfærin í betra lagi en á þriðjudaginn, því að nú hefur þessi hv. þm. talað í 2½ klst., en eins og vænta mátti, hefur ræðan verið sami vatnsgrauturinn og vant er, soðinn aftur og aftur og ausinn úr sama erlenda pottinum, en slíkar gerast nú ræður þessa hv. þm.

Meginatriðið í ræðu þessa hv. þm. kom fram í lokin og það atriðið, sem er höfuðskoðanamunurinn milli mín og hans, en það er, að hann telur Bandaríkin líkleg til að verða árásarþjóð og muni ætla sér að nota Keflavíkurflugvöllinn til þess að gera árásir á meginland Evrópu. Þetta er kjarni málsins, og raunar aðalatriðið í ræðu 2. þm. Reykv.

Það er vitað, að þessi þm. hefur varið nokkrum árum ævi sinnar til sagnfræðináms, og ég veit, að hann hefur góða þekkingu í þeim fræðum. Vil ég nú skora á hann að nefna dæmi úr sögunni um það, að lýðræðisþjóð hafi hafið árásarstríð að tilefnislausu eða í þeim tilgangi að undiroka önnur ríki. Ég hygg, að það séu fá dæmi um slíkt. Nei, hættan stafar alltaf frá einræðisríkjunum, þar sem fólkið fær ekki að ráða. Ég trúi ekki, að nokkur þjóð hyggi á nýja styrjöld eftir þær hörmungar, sem síðasta styrjöld hefur valdið, þar sem líka kemur alltaf betur og betur í ljós, þó að vitað væri fyrir, að styrjaldir leysa ekki vandamálin, heldur skapa stöðugt fleiri og erfiðari viðfangsefni. Ég trúi því ekki á þetta tal um yfirvofandi styrjöld. Og sízt af öllu tel ég hættu á því, að Bandaríkin hefji árásarstríð, því að þau eru sú lýðræðisþjóð, sem hefur sannað, að með lýðræðinu er hægt að skapa meiri velmegun en með nokkru öðru skipulagi. Og það má mikið vera, ef fjandskapur hv. 2. þm. Reykv. og

skoðanabræðra hans við Bandaríkin, sem lesa má út úr hverju þeirra orði, stafa ekki af því, að þessi þjóð hefur með stjórnarfari sínu allan þann tíma, sem hún hefur verið sjálfstæð, sannað betur en nokkurs staðar annars staðar hefur verið sannað í heiminum, að lýðræðið er bezta stjórnarfyrirkomulag og lýðræðið getur ekki aðeins gilt fyrir litlar þjóðir, eins og menn kenndu áður fyrr, heldur er einnig hægt að stjórna mesta stórveldi heimsins með lýðræðisfyrirkomulagi. Hv. 2. þm. Reykv. byggir á þessum forsendum sínum, sem öll gögn skortir fyrir og öll reynsla manna mælir gegn, það, að mikil hætta hafi verið færð yfir Íslendinga með því að gera þeim kleift að hafa þennan flugvöll um stundarsakir í Keflavík og að nú sé reynslan búin að kenna okkur, að við Íslendingar eigum það ekki undir sjálfum okkur komið, hvort við drögumst inn í styrjöld eða ekki, og það taki ekki að loka augunum fyrir því, að ef Íslendingar verða fyrir þeirri ógæfu ásamt heiminum öllum, að styrjöld brjótist út, sem ég vil ekki trúa né trúi, að þá getum við ekki treyst á okkar eigin mátt til þess að verða þar algerlega utan við.

En hv. 2. þm. Reykv. og hans flokksbræður hefðu viljað tryggja hag og líf íslenzku þjóðarinnar og íslenzkra borgara, sem byggju sunnanvert við Faxaflóa, þ. e. a. s. hér í Reykjavík og næsta nágrenni, þar sem hann segir mikinn hluta þjóðarinnar og mikið af hennar verðmætum saman komið. Hv. 2. þm. Reykv. vill tryggja þessar eignir á þann hátt að láta eina stóra flugvöllinn vera í sjálfri höfuðborg Íslands. Segjum, að það sé rétt, að Bandaríkin séu árásarþjóð, sem sé líkleg til að ráðast á Ísland. Mundi það þá hafa verið skynsamlegri leið, sem hann stakk upp á í fyrra, eða hans flokksmenn, að sprengja Keflavíkurvöllinn í loft og láta Reykjavíkurflugvöllinn vera eina völlinn, sem eftir væri? Mundu menn þá, eftir þær ægilegu lýsingar, sem hv. 2. þm. Reykv. gaf af hinni fyrirhuguðu árás Bandaríkjanna á Ísland, geta talið öryggi þjóðarinnar betur borgið en nú, þegar aðalflugvöllurinn er á þeim stað, þar sem byggð er mjög lítil, og fjarri meginhluta fólks, sem þetta land byggir? Ef þessi lýsing um yfirvofandi stríð er rétt, þá held ég, að ekki hefði verið hyggilega að farið að láta eina flugvöllinn á landinu, sem þýðingu hefði, vera í miðri Reykjavík. Auðvitað er það, að ef styrjöld kemur, þá geta fleiri ráðizt á Ísland en Bandaríkin. En hv. 2. þm. Reykv. vill lítið tala um, að aðrir hafi vopn og geti gert árás en elzta lýðræðisþjóð í veröldinni. Hitt er enn annað, sem samgmrh. sannaði hér glögglega í fyrra, að því fer svo fjarri, að þessi samningur skapi möguleika til árása á Evrópu, því að þessi samningur, samkvæmt fyrirmælum hans, er þó aldrei lengur í gildi en meðan Bandaríkin hafa herstöðvar í Mið-Evrópu. Ef Bandaríkin ætluðu að hafa Keflavíkurflugvöllinn til þess að gera árásir þaðan, — ætli þeir mundu þá ekki frekar velja borgir inni í Mið-Evrópu til þess að geta þaðan gert árásir en héðan frá Íslandi og þurfa að sækja yfir stór úthöf? Sannleikurinn er sá, að forsendurnar, sem hv. 2. þm. Reykv. byggir allt mál sitt á, eru fjarstæða og staðlausir stafir. Hér er ekki um neina herstöð að ræða né nokkra grímubúna bækistöð til þess að ráðast á aðrar þjóðir. Hér er einungis um venjulega samgöngumiðstöð að ræða, sem Bandaríkjunum var nauðsynlegt að fá, meðan þau samkvæmt alþjóðlegum samningi við Breta, Frakka, Rússa og yfirleitt allar þjóðir, sem þátt tóku í styrjöldinni, eru skyldug að halda uppi hervernd í Þýzkalandi. Meðan þeir eru í gildi, er Bandaríkjunum nauðsynlegt að tryggja, svo sem bezt má verða, öryggi flugferða yfir Atlantshaf. Og auðvitað tæki því ekki fyrir Íslendinga, sem höfðu notið góðs af sigri þessara þjóða, og við erum margir, sem trúum því, að við eigum þeirra sigri frelsi okkar að þakka, að neita jafnmeinfangalausri greiðasemi eins og að leyfa þessa samgöngumiðstöð í okkar landi, úr því að hún er til og úr því að hún er ekki aðeins nauðsynleg fyrir þetta tiltekna flug, heldur einnig lífsnauðsyn fyrir allt flug yfir Atlantshaf vissan tíma árs. Með því er ekki sagt, að allar flugvélar, sem þessa leið fljúga, komi hér við. Hitt er rétt, að flug yfir Atlantshaf er öruggara og minni hætta fyrir líf og eignir, vegna þess að fullkominn flugvöllur er til hér á Íslandi, sem hægt er að nota, þegar hætta steðjar að. En það er öllum Íslendingum ljóst, sem nokkuð meta fjármál og gera sér grein fyrir því, hvað við þurfum að gera margt í okkar stóra, erfiða, en mikla ágætislandi, að það var okkur ofvaxið að taka að okkur að halda við og reka svo stórfellda flugstöð sem þessa.

Hæstv. menntmrh. drap á það hér í upphafi þessa fundar, áður en losnaði um málbeinið á hv. 2. þm. Reykv. og sullið að austan fór að leka yfir þingsalinn, þá drap hann á það, að kostnaður við Reykjavíkurflugvöllinn mundi nú hafa verið býsna mikill. Ég held, að þegar menn fá að sjá alla þá reikninga, muni koma í ljós, að það hefði því miður orðið okkur ofvaxið um sinn, þar til okkur vex fiskur um hrygg, að halda sjálfir við þeirri samgöngumiðstöð, sem nauðsynleg er fyrir flugferðir um norðanvert Atlantshaf, sem eigi sér stað einmitt á Íslandi.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði hér mikið um álit það, sem komið hafði frá flugvallarn. í vor, og till. Flugvallarn. sjálf hefur nú lýst því yfir í skýrslu sinni, að alls ekki sé um nál. og till. n. að ræða. Hv. 2. þm. Reykv. gat aldrei um þessa einföldu staðreynd, að menn höfðu sjálfir tekið sig til og skrifað stjórninni, þar sem ekki væri um þeirra álit né till. að ræða, heldur talaði hann sífellt um þetta sem þeirra till. Þegar nú þannig er sagt frá um jafnauðsæjar staðreyndir, sem engum getur blandazt hugur um, hver sannleikurinn sé, þá má geta nærri, hvernig farið er með sannsöglina, þegar komið er að flokksefnum. Auðvitað er það svo með völlinn í Keflavík, að þar mætti margt betur fara. Það er einmitt eðli þess skipulags, sem ég og mínir flokksmenn og stuðningsmenn núverandi stjórnar trúa á, gagnstætt því skipulagi, sem hv. 2. þm. Reykv. hefur því miður ákveðið að verja ævinni til að berjast fyrir. Og við búum við frjálsræði og gagnrýni og trúum á, að við komumst að beztri niðurstöðu, þegar frjálshuga menn eiga kost á því að bera ráð sín saman. Þess vegna er fjarri því, að við höfum á móti því, að þetta mál verði rætt. Ég skal ekki segja um það, hvort innan um alla gagnrýnina hjá hv. 2. þm. Reykv. kunni ekki að felast eitthvað, sem athugavert sé, þó að ekki verði séð í fljótu bragði. Einmitt af þeim sökum höfum við ekki kviðið umræðum um þetta mál, heldur fagnað því, að tilefni gafst til þess að ræða það hér á Alþ. og heyra álit Alþ., þá hef ég ákveðið að

gera ekki þá ráðstöfun, sem annars er embættisskylda mín, að láta fram fara rannsókn á, með hverjum hætti plöggunum var stolið úr skjalasafni flugvallarn. og þau birt undir röngu heiti, fyrst í Þjóðviljanum, en síðan lesin upp af hv. þm. Siglf. og hv. 2. þm. Reykv. Ég veit vel, að þessir þm. gera sjálfa sig seka með athæfi sínu. Þeir væru teknir af lífi í Austur-Evrópu. Það er betra að láta þjóðina kveða upp dóminn eftir frjálsar umr. Ég veit, að minn málstaður er sterkari, því meira sem málið er rætt.

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Sþ., 20. okt., var enn fram haldið einni umr. um till.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það er nú liðið rúmt ár síðan Alþ. samþykkti flugvallarsamninginn svo nefnda. Í þessum samningi eru fólgin fjögur meginatriði:

1. Herverndarsamningurinn skyldi falla úr gildi og her sá, sem hér hafði verið, fluttur á burt.
2. Keflavíkurflugvöllurinn skyldi verða íslenzk eign.
3. Bandaríkjastjórn skyldi heimilað að nota flugvöllinn í ákveðnu skyni í tiltekinn tíma og stjórna starfsemi sinni þar.
4. Ákveðið var, að Bandaríkjastjórn skyldi njóta vissra sérréttinda í sambandi við starfsemi sína og starfsmenn á vellinum.

Ég var því andvígur, að þessi samningur væri gerður, og voru það aðallega þrjú atriði, sem ollu því.

1. Ég taldi samninginn skerða alger umráð Íslendinga yfir landi sínu og hér væri því um hagsmunamál að ræða, sem í senn hefði menningarlega og fjárhagslega þýðingu.
2. Ég taldi samninginn varhugaverðan vegna þess, að bækistöðvum á flugvellinum mætti fyrirvaralítið breyta í herstöðvar, og ég taldi í grundvallaratriðum rangt af smáþjóð að láta stórþjóð í té stöðvar, sem hægt væri að nota sem herstöðvar.
3. Ég taldi það óeðlilegt og rangt að veita Bandaríkjamönnum þau sérréttindi, sem þeim voru veitt í samningnum með tilliti til skatta og tolla.

Þegar samningurinn var til umræðu hér á Alþ. í fyrra, má segja, að fram hafi komið þrjár meginskoðanir í sambandi við þann vanda, sem samningnum var ætlað að leysa, þ. e. a. s. kröfuna um, að Bandaríkjamenn yrðu á burt með her sinn.

Í fyrsta lagi vildu sumir heimila Bandaríkjamönnum viss afnot af Keflavíkurflugvellinum áfram, þ. e. a. s. meðan þeir hefðu hergæzlu í Þýzkalandi og í sambandi við hana, og að annast þar vissa starfsemi og hafa þar starfsmenn undir eigin stjórn.

Í öðru lagi var sú skoðun, sem haldið var fram af hv. Sósfl., að Bandaríkjamönnum skyldu meinuð öll afnot af Keflavíkurflugvellinum.

Þriðja skoðunin var sú, sem fram kom í brtt. okkar hv. 3. landsk. þm. (HV), en hún var fólgin í því, að Bandaríkjamönnum skyldu heimiluð afnot af flugvellinum, meðan þeir hefðu herskyldum að gegna í Þýzkalandi, en að flugvöllurinn og allur rekstur hans væri algerlega undir íslenzkri stjórn.

Ég skal ekki orðlengja frekar um það, hvort rétt hafi verið eða rangt að gera umræddan samning. Það, sem nú er um að ræða, er það, hvort samningurinn hafi verið vel eða illa framkvæmdur, hvort vel eða illa hafi verið haldið á rétti Íslendinga við framkvæmd hans.

Í upphafi þessa þings hafði ég afráðið að bera fram þrjár fyrirspurnir til hæstv. utanrrh. viðvíkjandi framkvæmd samningsins. Ég hef talið, að framkvæmd hans hafi ekki verið lýta- eða ágallalaus, og þess vegna hafði ég ákveðið að bera fram á þinginu þær fyrirspurnir, sem ég skal nú leyfa mér að lesa:

1. Hvers vegna hefur ekki verið sett reglugerð sú um stjórn og rekstur Keflavíkurflugvallarins, sem ráð er fyrir gert í flugvallarsamningnum, sem samþykktur var 5. okt. 1946?
2. Eru framkvæmdir þær, sem nú er unnið að á Keflavíkurflugvellinum, gerðar með samþykki ríkisstj.?
3. Er það rétt, að hið ameríska flugfélag, sem annast rekstur Keflavíkurflugvallarins í umboði Bandaríkjastjórnar, hafi nær engan erlendan gjaldeyri selt íslenzkum bönkum?

Þegar ég hafði afhent þessar fyrirspurnir til skrifstofunnar, sagði ég hæstv. forsrh. frá þeim, og tjáði hann mér þá, að von væri á skýrslu frá hæstv. ríkisstj. um þetta mál allt. Mæltist hann til þess, að ég biði skýrslunnar og drægi þessar fyrirspurnir til baka, og féllst ég á það. Nú hefur þessi skýrsla komið fram. Hún hefur verið lesin hér á Alþ. og auk þess birt í blöðum. Segja má, að í skýrslunni sé leitazt við að svara fyrstu fyrirspurninni, sem sé því, hvers vegna hafi ekki verið sett reglugerð um stjórn og rekstur Keflavíkurflugvallarins, og er ástæðan, sem fram er færð, sú, að nauðsynlegt sé að fá viðtækari reynslu en orðið er, til þess að unnt sé að setja reglugerðina. Ég kemst ekki hjá því að segja, að mér finnst þessi skýring ekki fullnægjandi. Það er liðið ár, síðan þessi samningur var gerður, og ½ ár, síðan Keflavíkurflugvöllurinn var afhentur Íslendingum sem eign þeirra. Þessi tími er svo ríflegur, að hægt hefði átt að vera að setja reglugerð til þess að skera úr ýmsum vafaatriðum, sem um er að ræða í samningnum og í ljós hafa komið í sambandi við framkvæmd hans.

Við annarri spurningunni hefur fengizt fullt svar. Mér skilst, að hæstv. ríkisstj. hafi samþ. þær miklu framkvæmdir, sem verið er að vinna að á flugvellinum. Hitt er annað mál, hvort hæstv. ríkisstj. hefur þar gert rétt eða ekki.

Á þriðju spurninguna er ekki minnzt eða svar við henni. Á þau mál, sem þar er vikið að, hefur ekki verið minnzt áður við þessar umr. Síðan ég ætlaði að bera fram fyrirspurnirnar, hef ég fengið upplýsingar, sem ég tel staðfestar, að það sé rétt, að þetta ameríska flugfélag hafi nær engan erlendan gjaldeyri selt íslenzkum bönkum. Þó er vitað, að það greiðir allmiklar fjárhæðir í íslenzkum peningum. Það er vitað, að allt kaup, sem starfsmenn þess fá greitt á Íslandi, er greitt í íslenzkum peningum og auk þess kaup þeirra manna, sem vinna við hinar geysimiklu framkvæmdir, sem og ýmis rekstrarkostnaður flugfélagsins. Ég sé ekki, að félagið geti haft aðrar tekjur í íslenzkum peningum en þær, sem það fær af að selja farmiða með vélum sínum frá Ameríku til Norðurlanda, og það ætti ekki að mega selja öðrum farmiða fyrir íslenzka peninga en Íslendingum. En mér kæmi mjög á óvart, ef tekjur félagsins af íslenzkum farþegum

væru svo miklar, að nægðu fyrir öllu því, sem félagið þarf að nota af íslenzkum gjaldeyri. Hér er um eitthvað það að ræða, sem ekki er fullljóst, og ég held, að öllum væri fyrir beztu, að þetta mál yrði upplýst til fulls. Ef það er svo, að félagið selji útlendingum far fyrir íslenzkan gjaldeyri, þá á hæstv. ríkisstj. að stöðva það og hefði raunar átt að vera búin að stöðva það fyrir löngu.

Um þá skýrslu flugvallarn., sem hæstv. utanrrh. las upp, er það að segja, að hún var mér til nokkurra vonbrigða. Mér finnst ekki vera í henni ýmsar upplýsingar, sem nauðsynlegt sé að fá, og auk þess finnst mér, að í henni gæti nokkurrar minnimáttarkenndar gagnvart Bandaríkjamönnum. Hins sama finnst mér hafa gætt í ræðum hæstv. utanrrh. og hæstv. flugmrh. Mér finnst þeir hafa lagt höfuðáherzlu á að sýna fram á, að allt það, sem aflaga hafi farið, sé að kenna starfsmönnum, sem fyrrv. flugmrh. hafi ráðið. Nú er það auðvitað fjarri mér að mæla því bót, sem aflaga fer, og tel ég það jafnámælisvert, hver sem í hlut á, en hitt vil ég leyfa mér að átelja, að það sé gert að aðalatriði, hvaða íslenzkum embættismönnum það sé að kenna, sem aflaga fer, í stað þess að skýra frá, hverjar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að koma í veg fyrir slíkt framvegis. Og það er vissulega athyglisvert, að ekkert orð skuli látið falla um það, að afstaða eða aðgerðir Bandaríkjamanna hafi skapað nokkra erfiðleika við framkvæmd samningsins, en í stað þess er allt kapp lagt á að sýna fram á, að þeir erfiðleikar, sem orðið hafa, séu tilteknum íslenzkum embættismönnum að kenna.

Ég tel, að framkvæmd þessa samnings hafi verið ábótavant að ýmsu leyti, og vil leyfa mér að nefna 8 atriði í því sambandi:

1. Bandaríkjamenn hafa engan rétt á vellinum nema í sambandi við samgöngur sínar við Þýzkaland. Hitt vita allir, að völlurinn er notaður meira en í þágu Þýzkalandsferðanna. Þessi afnot eru ekki í samræmi við skýlaus ákvæði samningsins. Í skýrslunni segir að vísu, að hæstv. ríkisstj. hafi heimilað flugfélaginu afnot af fasteignum öllum á vellinum, en ef því hafa verið heimiluð afnot af vellinum til hvers sem það vill nota hann, þá er vafamál, hvort hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert meira en rétt er, að hún geri að Alþingi forspurðu. Það er staðreynd, að réttur Bandaríkjamanna er takmarkaður við samgöngurnar við Þýzkaland, en að sá aðili, sem fer með umboð Bandaríkjastjórnar, notar völlinn miklu meira.

2. Þá er það skatt- og tollfrelsið. Það er upplýst af hæstv. utanrrh., að þeir erlendu menn, sem á vellinum starfa, njóta skatt- og tollfrelsis, hvað sem þeir gera á flugvellinum. Þetta er í ósamræmi við skýlaus ákvæði samningsins. Í raun og veru er um að ræða nokkurs konar „fríhöfn" þarna suður á Reykjanesi, og þar dvelja menn, sem að vissu leyti eru ekki háðir íslenzkum lögum, og undanþágurnar, sem þeir njóta nú, eru meiri en gert er ráð fyrir í samningnum. Hér verður að krefjast þess skýlaust, að samningurinn sé haldinn að fullu og öllu. Mér er það fullkomlega ljóst, að þar sem rekstur Þýzkalandsferðanna blandast saman við aðra starfsemi þess aðila, sem rekstur vallarins annast, er hér um mikinn vanda að ræða, en mér finnst samt ekki að við hefðum átt að þurfa til þess ár eða 6 mánuði að finna skynsamlega lausn.

3. Bandaríkjamönnum er skylt að þjálfa Íslendinga til flugvallastjórnar, en lítið hefur verið gert að slíku.

4. Bandaríkjamenn hafa fleiri menn á vellinum en talið var nauðsynlegt, þegar samningurinn var gerður. Þess var þá oft getið, að aldrei þyrftu að vera þar fleiri en 600 útlendingar. Ég segi ekki, að rekstur vallarins nú annist meira en 600 manns, en þar vinna fjölmargir aðrir útlendingar eða um 400, svo að heildartalan er hærri en ráð var fyrir gert.

5. Bandaríkjastjórn er samkvæmt samningnum skylt að sækja um landvistar- og dvalarleyfi fyrir alla menn, sem á vellinum starfa. Hins vegar munu hafa verið fluttir þangað menn án landvistarleyfis og síðan sótt um leyfið eftir á, þegar mennirnir hafa verið komnir til landsins. Hér virðist hafa verið nauðsyn að standa betur á verði en gert hefur verið.

6. Bandaríkjamenn nota hér á landi ýmis tæki, svo sem bifreiðar o. fl., sem eru gjaldskyld samkv. íslenzkum lögum. Þeim var leyft að nota slík tæki eftir þörfum í sambandi við Þýzkalandsferðirnar, en það, sem þar er umfram, er að sjálfsögðu gjaldskylt, þó að ekki séu nú greidd af þeim gjöld.

7. Hið ameríska flugfélag hefur selt íslenzkum bönkum nær engan erlendan gjaldeyri, og liggur því nærri að álykta, að það afli sér gjaldeyris með sölu flugmiða fyrir íslenzka peninga til annarra en Íslendinga. Sé svo, eru íslenzk gjaldeyrislög sniðgengin.

8. Á flugvellinum fást útlendingar við starfsemi, sem sérstaka heimild þarf til samkv. íslenzkum lögum, svo sem lækningar og lyfjasölu, án þess þó, að þeim hafi verið veitt slík heimild.

Þessi átta atriði sýna, að framkvæmd samningsins hefur verið ábótavant í verulegum atriðum. Það er fjarri mér að telja, að hæstv. ríkisstj. hafi vísvitandi verið að vinna gegn íslenzkum hagsmunum og í þágu bandarískra hagsmuna, en hinu vil ég halda fram, að því fari fjarri, að framkvæmdin hafi tekizt nægilega vel eða eins vel og skyldi með tilliti til mikilvægis þeirra hagsmuna, sem hér er um að ræða. Ég tel, að reynslan af framkvæmd samningsins hafi sýnt það glögglega, að raunverulega hafi sú leið, sem við hv. 3. landsk. stungum upp á, verið skynsamlegasta úrlausnin á flugvallarmálinu, þ. e. a. s. að Íslendingar tækju að fullu og öllu rekstur flugvallarins í sínar hendur, en réðu síðan útlendinga til starfa á vellinum, að svo miklu leyti sem þeir gætu ekki annazt rekstur hans sjálfir, m. ö. o. að reksturinn væri að öllu leyti á ábyrgð Íslendinga, en síðan væru Bandaríkjamönnum heimiluð afnot af honum með vissum skilmálum. Þá hefði meiri hluti þeirra vandamála við framkvæmdina, sem nú hafa komið í ljós, ekki komið til. Hitt skal ég fúslega játa, að sum vandamálin eiga beinlínis rót sína að rekja til þess, hvað fyrirkomulagið er óhentugt, og að erfitt er að ráða fram úr þeim, fyrst samningurinn er eins og hann er. Það hlýtur að leiða til margháttaðra árekstra, þegar erlendri ríkisstj. er heimilaður stórrekstur á þýðingarmiklu íslenzku landsvæði, og ekki er ætlazt til þess, að hann heyri að öllu leyti undir íslenzka löggjöf.

Ég vil nota þetta tækifæri til að andmæla þeirri skoðun, að íslenzkir kommúnistar séu þeir einu, sem hafa verið andvígir samningnum og vilja átelja það, að framkvæmd hans hefur ekki verið sem

skyldi. Í þessu sambandi má minnast þess, að þegar samningurinn var gerður í fyrra, þá voru allir þeir flokkar, sem stóðu að samþykkt hans, klofnir um afstöðuna til málsins. Því fór fjarri, að kjósendur Sjálfstfl. væru sammála um samninginn, og það er kunnara en frá þurfi að segja, að Framsfl. var svo að segja alveg tvískiptur, t. d. var formaðurinn andvígur samningnum, en ritari flokksins, núverandi hæstv. flugmrh., fylgjandi honum. Alþfl. var ekki heldur sammála. Meiri hl. hans var samningnum fylgjandi, en tveir voru honum andvígir, og einn greiddi ekki atkv. um samninginn, svo að þar voru einungis sex af níu þm. hans, sem voru með samningnum. Og á sameiginlegum fundi allra alþýðuflokksfélaganna hér í bænum s. l. haust fékkst mjög naumur meiri hl. fyrir að vísa frá till., sem lýsti andúð á, að samningurinn væri gerður. Tillaga um að lýsa yfir stuðningi við málið var hins vegar aldrei samþ. í flokksfélögum Alþfl. s. l. haust. Þetta sýnir, að íslenzkir kjósendur höfðu í fyrra mjög skiptar skoðanir um afstöðu til málsins. Það er því mesti barnaskapur að gera ekki ráð fyrir, að þeir, sem voru andvígir málinu í fyrra, fylgist með sérstökum áhuga með því, hvernig framkvæmdin fer úr hendi. Það er mikil villa að gera ráð fyrir, að andstaða gegn samningnum og gagnrýni á framkvæmd hans sé ekki miklu víðtækari í hugum Íslendinga en svo, að hún sé aðeins hjá kommúnistum, því að það væri til að setja í hóp með þeim fjölmarga kjósendur, sem vitað er, að vildu hafa fyrirkomulagið öðruvísi en gert var.

Fyrst ég er farinn að ræða nokkuð almennt um þetta mál, þá er rétt að geta þess, að þegar samningurinn var gerður í fyrra, var því lýst yfir af hálfu ýmissa meðhaldsmanna hans, að hann væri aðeins gerður til fimm ára og að ekki kæmi til mála að framlengja hann að þeim tíma liðnum. Það er að vísu nokkuð snemmt að hefja almennar umr. um endurnýjun samningsins, en ég vil benda á, að hingað til hefur mér vitanlega ekki heyrzt nokkur rödd opinberlega um, að samninginn skuli framlengja að þessum fimm árum liðnum. En með tilliti til þess, sem skeð hefur síðan samninguriinn var gerður, finnst mér full ástæða til, að hæstv. utanrrh. og hæstv. flugmrh. geri opinberlega grein fyrir því, hver afstaða þeirra sé til þessa máls. Ég vil því leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til þeirra beggja, hvort það sé ekki skoðun þeirra, að samningnum beri að segja upp að þessum fimm árum liðnum. Þetta hefur verulega þýðingu í sambandi við það, hvernig Íslendingar eigi að haga ráðstöfunum sínum þann tíma, sem eftir er af samningstímabilinu. Ef það er meiningin, sem ég og margir aðrir telja sjálfsagt, að samningnum verði sagt upp að þessum fimm árum liðnum, þá er sérstök nauðsyn fyrir okkur að gera ráðstafanir, sem geri okkur Íslendingum kleift að taka allan rekstur flugvallarins í okkar hendur eftir þessi fimm ár, en eins og nú er, gætu Íslendingar það ekki. Ég vil því leyfa mér að óska þess, að þessir tveir hæstv. ráðh. lýsi skoðun sinni á því, hvort ekki sé rétt og sjálfsagt að segja samningnum upp, þegar samningstíminn sé liðinn. Ég tel, að ef slík yfirlýsing fengist af hálfu hæstv. ráðh., mundi það hreinsa andrúmsloftið að verulegu leyti, en ýmsum þykir það nú ekki svo skírt sem skyldi. Það mundi verða ýmsum, sem nú eru óánægðir með samninginn og framkvæmd hans, til hugarhægðar, ef þeir fengju yfirlýsingu af hálfu þessara tveggja ráðh. um þá skoðun þeirra, að samningnum beri að segja upp, þegar samningstíminn er á enda.

Ég vil ekki ljúka svo máli mínu, að ég geti þess ekki, að af ræðum hæstv. utanrrh. og hæstv. flugmrh., sem og af skrifum ýmissa dagblaða, mætti helzt ráða, að hér væri um mjög þýðingarlítið og í rauninni einfalt mál að ræða. Þegar búið sé að víkja frá störfum einhverjum ónýtum embættismönnum frá tíð fyrrv. flugmrh., þá séu öll vandamál úr sögunni. Það er ástæða til þess að andmæla þessum málflutningi í heild. Því fer vissulega afar fjarri, að hér sé ekki um að ræða viðkvæmt og þýðingarmikið mál. Það er þvert á móti eitt þýðingarmesta og viðkvæmasta vandamál okkar, ekki aðeins síðan lýðveldið var stofnað, heldur einnig síðan við fengum fullveldi okkar viðurkennt. Það er vitað, að Bandaríkjamenn ætla sér að byggja heilt bæjarhverfi á íslenzku landi, ýmsar stórbyggingar, íbúðarhús, skrifstofur, skóla, kirkju og þar fram eftir götunum, en samkv. samningnum eiga þeir að hafa rétt til að vera hér aðeins 6½ ár. Er nú líklegt, að aðili, sem gerði ráð fyrir að vera hér aðeins svo skamma stund, mundi leggja í slíkar framkvæmdir? Ég hygg, að svo verði ekki talið. Og þá er hér um alvarlegt mál að ræða og vissulega léttúðugt að loka augunum fyrir því, að þetta bendir til þess, að gagnaðilinn geri ekki ráð fyrir því að vera sagt að hverfa héðan eftir fyrrgreindan tíma.

Sömuleiðis á öllum að vera kunnugt um, hvernig um þetta mál er ritað í erlendum blöðum. Hæstv. utanrrh. er vafalaust gerkunnugur því, sem birtist í erlendum blöðum um Ísland og Íslendinga, og hæstv. flugmrh. sjálfsagt líka. Og þá hljóta þeir að vita, í hvaða tón þau hafa skrifað um þetta mál. Þar er yfirleitt litið á samninginn sem herstöðvasamning, m. ö. o. að Bandaríkin hafi herstöðvar hér á landi, og er oft um það talað þannig, að ráð sé fyrir því gert, að svo muni verða um ófyrirsjáanlegan tíma. Þessi ummæli eru að vísu oft ekki byggð á nægum kunnugleik á því, hvert eðli samningsins þó í raun og veru er, en engu síður hljóta þessi skrif erlendra blaða að benda til þess, að víða sé gert ráð fyrir, að Bandaríkjamenn verði hér um langan tíma. Vil ég ekki sízt benda á, hvernig blöð og jafnvel opinberar nefndir í Bandaríkjunum hafa um þetta mál rætt. Ég skal ekki rekja það nánar að þessu sinni, og væri það þó hægt, en mér virðist það ekki ástæðulaust, að þessi skrif veki nokkurn ugg í brjósti Íslendinga.

Íslenzku þjóðinni er hér geysilegur vandi á höndum, og með tilliti til þess get ég ekki látið hjá líða að minnast á, að mér hefur fundizt gæta nokkurrar léttúðar í ummælum hæstv. ráðh. sem og blaða í sambandi við þetta mál. Það er mjög varhugavert að leitast við að draga yfir það fjöður, hvílíkt vandamál hér er á ferðinni, og ræða um það, svo sem væri það hið eina, sem gera þurfi, að losna við nokkra lélega starfsmenn íslenzka og fá aðra í staðinn. Hinu vil ég ekki mæla á móti, að óviðurkvæmilegur málflutningur sé hér viðhafður af hálfu hv. Sósfl. Þar er um að ræða málflutning, sem maður á yfirleitt að venjast úr þeim herbúðum, mikil stóryrði og óvarleg, og skal ég vissulega ekki mæla því bót. En þótt mönnum geðjist ekki að framkomu íslenzkra kommúnista í sambandi við

þetta mál fremur en önnur, má það ekki verða til þess, að menn missi sjónar á, að hér er um þýðingarmikið mál að ræða, sem ræða verður um og hugsa um af mikilli alvöru.

Ég tel, að þessum samningi beri að segja upp, þegar samningstíminn er liðinn. Bezti undirbúningurinn að uppsögn samningsins er í því fólginn, að haldið sé vel og skelegglega á málstað okkar gagnvart hinum samningsaðilanum, en ef linlega er á haldið, þá er hinum aðilanum varla láandi, þótt hann geri ekki ráð fyrir, að samningnum verði sagt upp. Ég vona því, að hæstv. utanrrh. og hæstv. flugmrh. haldi framvegis skelegglegar á málstað okkar en gert hefur verið á því samningsári, sem liðið er.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt mikið, það hefur ekki komið margt nýtt fram eftir ræðu mína á dögunum, þó að alllangt hafi verið talað, eins og ég vék að nokkrum orðum á föstudaginn.

Það leynir sér ekki hjá þeim hv. þm., sem síðast talaði, að hann er þeim samningi andvígur, sem gerður var í fyrra, og telur hann munu færa mikla hættu yfir hina íslenzku þjóð. Afstaða þeirra, sem samninginn samþykktu, er að sjálfsögðu allt önnur. En hér er þess að gæta, að við þessa samningsgerð mæltust Íslendingar ekki einir við. En auðvitað hefðum við ekki samþ. þann samning, ef við hefðum talið hann jafnhættulegan og þessi hv. þm. vill vera láta, enda er það svo, að margt af því, sem fært er til um þær hættur, er af þessum samningi muni stafa, að það er af annarlegum rótum runnið, svo sem þau erlendu blaðaskrif og annað slíkt, sem hann færði til. Þar er sumt alveg rétt og nákvæmlega hermt, en annað er úr lagi fært, eins og gengur og gerist, og ég hef satt að segja ekki gert mér grein fyrir, á hvoru meira ber, enda tel ég, að fyrir okkur skipti það litlu máli, sem verið er að segja um okkur og ákvæði samningsins, og þá sérstaklega það atriði, sem hann gerði mest að umræðuefni, uppsagnarákvæði samningsins, því að það atriði er svo ótvírætt sem mest má vera. Það er ekki sagt, að samningurinn skuli falla úr gildi að þeim tíma liðnum, sem þar er ákveðinn, heldur að það sé á valdi hvors aðila um sig að segja honum upp með þeim hætti, sem ráðgert er. Það er því á valdi stjórnarinnar á þeim tíma, hvort þetta ákvæði verður notað eða ekki.

Það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að þeir, sem telja alls konar hættur í samningnum fólgnar, eins og hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Siglf., líti öðrum augum á málið en þeir, sem telja, að samningurinn sé alls ekki svo hættulegur, heldur telja, að hér sé um að ræða hagkvæmnismál fyrir Íslendinga. En það, hversu lengi samningurinn skuli standa, um það verða þeir aðilar, sem þar eiga hlut að máli, að ákveða á sínum tíma eftir þeirri reynslu, sem þá verður fengin af samningnum. Ég tel sjálfsagt, að íslenzk stjórnarvöld haldi þannig á málinu, að ekkert verði gert, sem bindur landið lengur en í samningnum segir, og að allt sé gert, sem hægt er, til þess að afla okkur þekkingar í þessu efni eins og öðrum, til þess að við verðum sem bezt undir það búnir að taka við þeirri starfrækslu, sem þar er um að ræða, í okkar hendur, ef okkur svo lízt. Ég tel það engu máli skipta fyrir sjálfstæði Íslands, hvort svo er gert eða ekki, af því að þessi samningur haggar ekki einum stafkrók við sjálfstæði Íslands og skapar þannig enga þá hættu, sem ekki er þegar margfaldlega fyrir af öðrum ástæðum. Hér er ekki um neitt slíkt stórmál að ræða í þeim skilningi, sem sumir andstæðingar þessa samnings vilja vera láta. Hitt er annað mál, að það eru ýmis atriði í þessum samningi, sem sjálfsagt hefði mátt hafa með öðrum hætti. Vitanlega væri æskilegt, að við gætum annazt öll þau störf, sem vinna þarf á íslenzkri grund. Það er vonandi, að svo verði, en þegar þar að kemur, verður úr því skorið.

Varðandi þá miklu andstöðu, sem hv. þm. sagði, að hefði mætt samningnum, þá er það á allra manna vitorði, að meginþorri þjóðarinnar taldi samninginn vera góða lausn á þessu máli, sem leysa þurfti í fyrra, og meira en sætti sig vel við samninginn. Menn töldu þessa lausn vera mjög heppilega. Og ég vil sérstaklega geta þess, að það er algerður misskilningur, sem hv. þm. hélt fram, að á flokksfundum sjálfstæðismanna, a. m. k. hér í bæ, hefði komið fram nokkur andstaða gegn þessum samningi. Það var þvert á móti. Menn voru óvenjulega sammála um þessa samningsgerð og töldu hana einstaklega heppilega. Hitt er annað mál, að í flokknum voru ýmsir menn, sem höfðu sérstöðu um ýmis smærri atriði, eins og vel getur verið, þó að menn séu sammála um það, sem hefur meginþýðingu. Ég skal ekki vefengja það, að ýmsir sjálfstæðismenn hafi fundizt, sem hafi litið öðrum augum á þennan samning en meiri hluti flokksins og meiri hluti þjóðarinnar gerði, en ég held, að það sé ástæðulaust að telja sér trú um andstöðu gegn þessum samningi, sem aldrei var til og bezt kom fram í þeirri misheppnuðu tilraun, sem gerð var í fyrra, þegar þó var búið að hleypa miklum æsingi í þetta mál og undirskriftum safnað gegn samningnum af miklu offorsi. Ég held, að ekki hafi fengizt, þó að tekið sé með utanbæjarfólk það, sem í náðist, nema 1/6 íbúa bæjarins til þess að mótmæla. Ég held, að það gefi ákaflega rétta mynd af áliti manna á þessum samningi, og eftir atvikum taldi yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar samninginn sérlega heppilegan og málinu mjög vel ráðið til lykta.

Varðandi einstök atriði af því, sem hv. þm. minntist á, þá skal ég ekki fjölyrða um þau. Það voru flest sömu atriði og sama eðlis og hjá hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Siglf. Hann vildi marka sérstöðu sína frá því, sem hinir fluttu fram, en meginhlutinn af efni ræðu hans var það sama. Það eina, sem hv. þm. kom réttilega inn á, voru gjaldeyrisviðskiptin milli þeirra, sem þarna eiga hlut að máli. Ég er ekki reiðubúinn að gefa skýrslu um það, því að til þess vantar mig nú nauðsynleg gögn. Málið hefur verið til meðferðar hjá ríkisstj., og viðskiptaráð hefur látið semja grg. og till., sem eru nú til meðferðar hjá einstökum ráðh. Ég geri ráð fyrir, að það hafi mesta þýðingu í þessu efni, hvort menn vilja heimila útlendingum yfirleitt að selja farmiða hér á landi fyrir íslenzkan gjaldeyri. Það er mikil spurning, hvort á að heimila mönnum að kaupa farmiða fyrir íslenzkan gjaldeyri, nema þeir geri grein fyrir, að þeir hafi fengið tilsvarandi gjaldeyrisleyfi hjá yfirvöldunum. Þess hefur ekki verið gætt í þessu efni, og þarf það athugunar við. Vona ég, að ákvörðun verði tekin um það, áður en langt um líður. Annars er þetta mál í höndum

hæstvirts viðskiptamálaráðherra, og mun ekki standa á að framfylgja þeim ákvörðunum, þegar þar að kemur.

Það er alveg rangt, að sérstök aðferð sé viðhöfð um innflutning þeirra manna, sem koma frá Bandaríkjunum til að starfa við flugvöllinn. Stundum hefur ekki verið veitt dvalarleyfi, fyrr en þeir hafa verið komnir hingað. Ég veit ekki, við hvaða tímamark er miðað þar, en hitt veit ég, að það hefur komið mikið starf á aðalræðismannsskrifstofuna í New York í þessu sambandi, um áritun þeim til handa samkvæmt því, sem mér er tjáð, og síðan er fylgzt með því hér heima, að mér er sagt af mönnum, sem sérstaklega hafa verið til þess settir, að við flugvöllinn séu engir menn nema þeir, sem hafa til þess fullkomið leyfi. Er engin ástæða til að hafa hér aðra siði en tíðkast yfirleitt um útlendinga, sem hingað koma. Munurinn er aðeins sá um Bandaríkjamenn og flesta aðra, að þeir þurfa áritun á vegabréf sín, áður en þeir koma hingað. Fyrir ýmsa aðra þarf enga áritun til að komast hingað. Það er fyrst, ef þeir eru lengur en þrjá mánuði, að leyfi þarf. Það er því strangara með Bandaríkjamenn en aðra útlendinga, sem hingað koma, og þess vegna sízt ástæða til að sakast um slæmt eftirlit með þeim. Það er hægt að benda á hundruð og þúsundir tilfella með aðra en Bandaríkjamenn, sem koma hingað og fá ekki dvalarleyfi, fyrr en þeir stigu fæti hér á land, enda vita menn, að sami háttur er hafður um það, hvar sem er í heiminum, að menn þurfa að fá áritun á vegabréf sín, þegar þeir koma í land, en útvega það ekki, áður en þeir koma til landsins. Í öllu þessu tali felst sú mikla hræðsla við það, að þessi samningur og öll hans framkvæmd hafi verið þannig, að sjálfstæði landsins stafi hætta af, þó að þar sé farið eftir strangari reglum en annars tíðkast í sams konar tilfellum. Ég verð að segja við þá, sem bera í brjósti þennan ótta við Bandaríkjamenn, að ef Bandaríkjamenn vilja beita okkur illu í þessu efni, þá hefðu þeir varla farið að semja við okkur sem jafnréttháa aðila í einu og öllu. Þeir gátu haft í fullu tré við okkur, ef þeir hefðu viljað, án þess að fara þannig samningaleiðina. Við höfum séð svo mörg dæmi um það á síðari árum, hvernig smáþjóðirnar hafa verið algerlega réttlausar gegn voldugum nágrönnum sínum, að við ættum sannarlega ekki að kvarta yfir því, sem hér hefur átt sér stað, þegar við lítum á þau ósköp, sem aðrar þjóðir hafa orðið að þola. Við ættum því sannarlega ekki að gefa misjafnlega réttsýnum blaðamönnum ástæðu til að segja ófrægðarsögur um skipti okkar við þetta vinsamlega ríki, sem hefði sannarlega getað, ef það hefði viljað, beitt okkur svipaðri kúgun og ýmsar þjóðir hafa orðið að þola og verða að þola um þessar mundir. Við eigum að viðurkenna það, sem satt er, að Bandaríkin hafi viðurkennt okkur, eins og vera ber, sem jafnréttháan aðila, og menn eiga að koma fram við þá sem slíka, en hvorki að fella þykkju á þá né vera með neina minnimáttarkennd gagnvart þeim út af atriði, sem að engu leyti haggar við okkar sjálfstæði, heldur er eingöngu slíkt atriði, sem löulega kemur fyrir í skiptum milli hinna stærri ríkja, án þess að nokkur maður sjái ástæðu til þess að gera út af því nokkra aths. En það er vitað mál, að algeng eru milli ríkja svipuð viðskipti og þau, sem hér eiga sér stað, að þau noti hvert flugvelli annarra, og dettur engum í hug, að með því sé nokkur þjóð að ofurselja þjóðerni sitt eða neitt slíkt.

Hitt er annað mál, að meðan þessi samningur er í gildi og Bandaríkjamenn hafa samkvæmt honum nokkur hundruð manna lið í landinu, þá er út af fyrir sig ákaflega hæpið fyrir okkur að blanda þeim of mikið saman við íslenzkt þjóðlíf að öðru leyti. Ég hef af þeim sökum talið ákaflega hæpið, að það ætti að leggja áherzlu á að tengja byggð flugvallarins við byggðina í Keflavík sjálfri. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að það gæti verið eins gott að láta hana vera nokkuð úr alfaraleið, vegna þess líka, að þegar Íslendingar taka að sér rekstur flugvallarins, þá þurfa þeir á þessum húsum að halda fyrir sjálfa sig til þeirrar starfrækslu, sem þeir koma til með að hafa þar á staðnum.

Þá vil ég benda þeim mönnum, sem telja, að hér sé um einhverja þjóðernishættu að ræða, á það, að þessir Bandaríkjamenn eru ekki nema helmingur á við þá Dani, sem eru nú víðs vegar um landið. Þykir þó engum þjóðernishætta stafa af þeim, en mikil af Bandaríkjamönnum. Það er því bezt, að þessir menn lifi hér út af fyrir sig sínu daglega lífi, að vísu undir íslenzkum l., eftir því sem samningar standa til, með sérstakri aðstöðu, sem um hefur verið samið.

Hv. þm. lét svo, að ríkisstj. hefði ekki haft hugsun á að innheimta tolla og skatta hjá flugfélaginu eftir því, sem samningar stæðu til. Það er tekið fram í skýrslunni, að íslenzka ríkisstj., eða flugvallarn. fyrir hennar hönd, hafi um þetta borið fram ákveðna kröfu, sem að vísu hafi ekki orðið samkomulag um í einstökum atriðum, en þó hefur fengizt viðurkenning á því, að flugfélagið og þeir, sem starfa á þess vegum, eigi ekki að komast undan sérákvæðum samningsins.

Þá ber hv. þm. fram þá spurningu: Hvers vegna þarf að semja? Hvers vegna er ekki sett reglugerð? Sannleikurinn er sá, að reglugerðin, sem ráð er fyrir gert í samningnum, eins og ég gerði grein fyrir á dögunum, er nokkuð annars eðlis. Þar er fyrst og fremst hugsað um umferðarstjórnina á vellinum, en ekki annað eins og þetta. Það, sem hér skiptir máli, er það, að hér hefur verið gerður samningur milli okkar og Bandaríkjanna. Mörg ákvæði samningsins eru ótvíræð. En eins og önnur mannanna verk, eru önnur atriði hans þannig, að menn verða ekki með öllu sammála um, hvað í samningnum felst. Og við erum skuldbundnir til að fara eftir því, hvernig ákvæði hans verða skilin, ekki af öðrum aðilanum einhliða, heldur verðum við að vera við því búnir að halda ekki öðru fram í því efni en því, sem viðurkennt yrði af alþjóðlegum dómstóli, ef til þess kæmi. Þess vegna er það út í bláinn að segja varðandi svona reglugerð, að við eigum að ákveða hana einir. Við verðum að koma okkur saman um framkvæmd samningsins, og þá tjáir ekki að halda öðru fram en því, sem líklegt er, að verði viðurkennt af alþjóðadómstóli. Þess vegna verður um þennan samning eins og aðra að ná samkomulagi, setja sjónarmiðin fram, sjá, hvað á milli ber, og komast svo að samkomulagi, ef það er ekki neitt slíkt, sem ber á milli, sem okkur þykir með öllu óaðgengilegt og alls ekki í samræmi við samninginn. Þetta liggur í augum upp. Það er þess vegna fjarri því, að stjórnin geti tekið móti ávítunum af þessum sökum, heldur hefur flugvallarn. farið rétt að og þá einu

leið, sem hugsanlegt er að fara í milliríkjaviðskiptum, því að þótt fjarri fari því, að samningurinn skerði sjálfstæði Íslands eða sé ósamboðinn íslenzka ríkinu, heldur þvert á móti, þá er þetta engu að síður samningur, sem við erum bundnir við samkvæmt alþjóðal., og hann verður túlkaður á þann veg, sem um samninga gildir, og hann verður framkvæmdur á þann veg, sem framkvæmd samninga yfirleitt segir til um, en þar er það ekki vilji annars, sem ræður einn, heldur vilji beggja, en ástæðulaust að leita til dómstóla, nema ágreiningur sé um slík meginatriði sem ómögulegt sé að ná samkomulagi um.

Nú vil ég varðandi það atriði, sem sérstaklega hefur verið talað um, að línlega hafi verið staðið á verði varðandi innheimtu tolla og skatta, skýra frá því, að þar náðist samkomulag í höfuðatriðunum. Það má segja, að það hafi kannske dregizt lengur en æskilegt hefði verið, því mæli ég ekki á móti, en það er nú svo, að mönnum hefur ekki enn komið saman um meðferð málsins í einstökum atriðum. Okkur hefur ekki þótt fært að ganga að því tilboði, sem við höfum fengið, en hinum finnst, að kröfur okkar gangi lengra en segir í samningnum, en samkomulag varð í meginatriðunum. En ég er þeirrar trúar, að við frekari umræður verði samkomulag um meðferð málsins, á þann veg, að við megum við una. Náist ekki samkomulag, þá verðum við að taka til eigin ráða, og þá er tími til að láta málið fara lengra, í málaferli fyrir alþjóðadómstóli. Ég skil vel, að þeir, sem vilja gera samskipti þessara tveggja ríkja tortryggileg og koma þar fjandskap á, vilji láta allt fara í hörku um framkvæmd samningsins. En við, sem teljum mikilsvert fyrir íslenzka ríkið að halda vinsemd og góðu samkomulagi við Bandaríkin, teljum samninginn í höfuðatriðum heppilegan og að hann verði á engan veg misnotaður á Íslendingum. Við munum fylgja fram þeirri stefnu okkar og reyna að leysa öll þau vandamál, sem upp kunna að koma, friðsamlega.

Það má segja sem svo: Hví að hafa svo vafasama samninga? Ég hef lagt stund á lögfræðikennslu á annan tug ára, og ég hef ekki ennþá vitað þá lagagrein, hvað þá heilan samning, að ekki mætti skrifa fram og aftur um mismunandi atriði, sem þar eru sett upp. Seint mun finnast svo fullkominn samningsgerðarmaður, að ekki geti sitt sýnzt hverjum, og að því leyti er þessi samningur eins og hvert annað mannanna verk, en óneitanlega happasælt og gott mannanna verk.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði ákaflega mikið um þessa skatta og tolla og las þar upp úr skýrslum flugvallarn. Hann sagði, að samkvæmt því, sem hann las upp, ættum við í einu og öllu að hlíta ákvörðunum Bandaríkjamanna um þetta efni. En hann gleymdi að lesa framhaldið, sem tryggir rétt okkar gagnvart Bandaríkjamönnum. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta fyrirkomulag á að tryggja það, að ekki sé farið í kringum ákvæði samningsins um vöruinnflutning, og ef tollayfirvöldin telja, að um óeðlilegan innflutning sé að ræða, ber þeim skylda til að hafa þegar í stað samráð við flugmálastjórnina og flugvallarn., sem tekur ákvarðanir þar að lútandi, áður en til afhendingar kemur. Með þessu geta íslenzk stjórnarvöld fylgzt og metið sjálfstætt, hvernig ákvæði 9. gr. samningsins skuli framkvæmd."

Þá kemur fram í þeirri skýrslu um grg., sem Bandaríkjamenn hafi tekið að sér að gefa, að Íslendingar hafi rétt til að sannreyna, hvort þar sé um vörur að ræða, sem samkvæmt samningnum eigi að njóta hlunninda. Hitt er annað mál, að stjórnarvöldin verða í því efni að fara eftir samningum, en geta ekki farið eftir eigin geðþótta, en það er endanlega á þeirra valdi, hvaða vörum er hleypt inn í landið samkvæmt þessum ákvæðum, og ef það fer í hart, þá verða Bandaríkin að sækja á og kæra Ísland fyrir alþjóðadómstóli, ef ekki næst samkomulag. Hv. 2. þm. Reykv. vildi gera þetta atriði mjög tortryggilegt, þar sem segir, að Íslendingar geti fylgzt með þessu, og spyr, af hverju sé ekki sagt, að þeir skuli gera það. Auðvitað er ætlazt til, að þeir fylgist með því. Þeir hafa aðstöðu til þess.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði mikið um það, samkvæmt hvaða lagaheimild Bandaríkjamenn hefðu tollfrelsi hér á landi. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp úr l. um, að ákvæði samnings frá 7. okt. 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi. Þar segir svo: „Meðan samningur sá, er undirritaður var fyrir Íslands hönd hinn 7. okt. 1946 við Bandaríki Ameríku um niðurfelling hervarnarsamningsins frá 1941 o. fl., er í gildi, skulu ákvæði hans, er varða aðflutningsgjöld, útflutningsgjöld, tekjuskatt, afnotarétt fasteigna og önnur atriði, sem sérstaklega er rætt um í samningnum og varða íslenzka löggjöf, hafa lagagildi hér á landi." Þarna er beinlínis sagt, að ákvæði samningsins öll skuli hafa lagagildi hér á landi. Hér er þetta tekið fram í l., sem sett voru á síðasta þingi og hv. þm. sagðist að vísu vera andvígur, en tók þó þátt í meðferð þessa máls í n. Í 9. gr. flugvallarsamningsins segir, með leyfi hæstv. forseta: „Eigi skal leggja neina tolla eða önnur gjöld á efni það, útbúnað, nauðsynjar eða vörur, sem inn er flutt til afnota fyrir stjórn Bandaríkjanna eða umboðsmenn hennar samkvæmt þessum samningi eða til afnota fyrir starfslið það, sem dvelur á Íslandi vegna starfa, sem leiðir af framkvæmd samnings þessa. Útflutningsgjalda skal heldur eigi krefjast af útflutningi téðra vara." — Og 10. gr. hljóðar svo: „Eigi skal leggja tekjuskatt á þær tekjur þess starfsliðs Bandaríkjanna, sem á Íslandi dvelur við störf, er leiðir af framkvæmd samnings þessa, er koma frá aðilum utan Íslands." Það er því allt tekið fram berum orðum í samningnum, sem hv. 2. þm. Reykv. var að rífast út af, og það er skýlaust sagt, að ekki skuli leggja toll á þessar vörur. Ég mun því ekki á þessu stigi fara frekar út í að ræða aðstöðu Bandaríkjanna varðandi innflutninginn, þar eð slíkt hefur enga þýðingu. Hins vegar er sjálfsagt, að ríkisstj. athugi nánar sum atriði samningsins í samráði við þingn. Það er ómögulegt að komast í kringum það, að Bandaríkin hafa tollfrjálsa innflutningsheimild samkv. þessu ákvæði samningsins, þótt ef til vill mætti segja, að það sé óheppilegt og mjög umdeilanlegt, en við verðum líka að gæta þess, að þótt svo sé, þá er það engu að síður í gildi og var sett vegna þess, að Íslendingar eiga að hafa stórkostlegan fjárgróða af samningsgerðinni að öðru leyti. Þótti ekki ástæða til þess að leggja skatta eða tolla á þennan varning, vegna þess að um það er samið í samningnum, að Íslendingar eigi endurgjaldslaust að samningstíma liðnum að verða eig-

endur að þeim miklu mannvirkjum, sem þarna verða reist, og þótti því ekki eðlilegt að láta Íslendinga fyrst taka tolla og skatta af kostnaðinum við að koma þessum mannvirkjum upp.

Eins og ég upplýsti hér um daginn, hafa Bandaríkjamenn látið undan kröfum Íslendinga um breytingar á fyrirkomulagi í þessum efnum, sem sé að í stað þess, að þeir ætluðu sér í fyrstu að reisa þessi mannvirki úr bráðabirgðaefni, þá ætla þeir nú að byggja úr varanlegu efni, til þess að þau geti orðið varanleg eign fyrir íslenzka ríkið, en það, að þeir ætluðu sér í upphafi að byggja úr bráðabirgðaefni, kemur um leið í bága við þær fullyrðingar sumra, að þeir ætli sér að sitja hér um aldur og ævi. — Hvað þessi mannvirki snertir, er hér ekki um neinar smáupphæðir að ræða. Það var gert mjög tortryggilegt í fyrra, þegar fyrrv. forsrh. (ÓTh) sagði, að Bandaríkjamenn byggjust við að leggja í völlinn um 60 til 70 milljónir króna, en ég veit með vissu, að þær framkvæmdir, sem þarna verða gerðar, koma til með að kosta tugi milljóna króna. Hér er því verið að skapa verðmæti handa Íslendingum, sem þeir taka við að samningstíma liðnum, þegar þeir taka við stjórn flugvallarins, en undir okkar kringumstæðum væri ómögulegt að reisa þessi mannvirki af eigin rammleik, sem ég vil segja, að sé meira en öryggisnauðsyn fyrir allar flugferðir yfir Norður-Atlantshafið, að séu á þessum stað. Það er ekki hægt að hafa sómasamlegt öryggi á þessari flugleið, nema þessi flugvöllur sé starfræktur, og það hefðu áreiðanlega komið fram þungar kröfur frá umheiminum á hendur okkur Íslendingum um að koma þessum mannvirkjum upp af eigin rammleik, ef ekki hefði verið séð fyrir þessu á annan veg. Það var sem betur fer gerður þessi samningur við Bandaríkin, sem m. a. fól þessi hlunnindi í sér fyrir Íslendinga, þar sem við fáum stórkostlegan fjárgróða af þessu að lokum, og verður það því tiltölulega þýðingarlítið, hvað við verðum að fórna varðandi toll- og skattgreiðslur af einstökum hlutum, vegna þess að búið er að semja um, að þetta eigi að greiðast með þessum tiltekna hætti. Hitt er svo annað mál, að staðið verði fyllilega á verði um það, að enginn réttur, sem Íslendingar eiga samkvæmt samningnum, verði borinn fyrir borð og allir þeir skattar og tollar innheimtir, sem við eigum rétt á. Hefur ríkisstj. tekið upp hagkvæmar leiðir til þess að fá því framgengt, sem hægt er, og þegar fengið sín meginsjónarmið viðurkennd. Þessu til viðbótar kemur svo það, sem einnig er viðurkennt í skýrslunni, að ég geri ráð fyrir, að það muni mjög verulegar rekstrartekjur koma inn af vellinum, er renna til ríkissjóðs Íslands, vegna þeirra gjalda, sem þær flugvélar greiða, sem þarna fara daglega um. Mætti að vísu segja, að ekki væri óeðlilegt, að þau gjöld rynnu í sameiginlegan sjóð, er varið yrði til viðhalds og rekstrar vallarins, en það hefur ekki verið ráðgert af Íslendinga hálfu, heldur að þessar tekjur rynnu beint í ríkissjóð Íslands. — Það er hins vegar rétt, og hefur aldrei verið dregin nein dul á það, að Bandaríkjamenn hafa sérstöðu varðandi þessar toll- og skattgreiðslur, vegna þess að þeir eiga að greiða þau gjöld með öðrum hætti. Hitt er svo annað varðandi sérstöðu þeim til handa að öðru leyti, t. d. í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Reykv. talaði um hér á dögunum, að þeir mundu ekki vera látnir sæta viðurlögum fyrir brot á íslenzkum lögum, ef þeir gerðust sekir um ólöglegan innflutning og annað slíkt, og er það algerlega rangt. Um þetta sæta þeir vitanlega sömu viðurlögum og íslenzkir þegnar, og get ég upplýst, að Bandaríkjamenn, sem á vellinum hafa starfað og teknir hafa verið fyrir brot á íslenzkum lögum, hafa sumir nú þegar setið í íslenzku fangelsi, sumpart til þess að taka út sinn dóm og sumpart í gæzluvarðhaldi. Einn slíkur maður bíður nú dóms, þar sem gera má ráð fyrir, að fangelsisvist verði lögð á. Það er rangt, sem hv. þm. gaf í skyn á dögunum, að þessir menn væru bara sendir af landi burt, ef þeir gerðust brotlegir við íslenzk lög, því að þeir eru þvert á móti dregnir fyrir íslenzka dómstóla, þegar íslenzk yfirvöld hafa hendur í hári þeirra. Það getur að sjálfsögðu komið fyrir, að einhverjum þeirra hafi tekizt að sleppa, því að eins og kunnugt er, eru mörg brot framin, án þess að takist að hafa upp á þeim, sem brotið hefur framið. Það er t. d. enn ekki upplýst, hver stal plagginu frá flugvallarn., og enginn vafi er á því, að sá, sem það gerði, hefur framið lagabrot, en stundum eru yfirvöldin svo mild, eins og í þessu tilfelli, að þau kæra sig ekki um að hefja málaferli út af slíku, því að þau vita, að almenningsdómurinn er bezti dómurinn á slíka menn. — Um aðra nákvæmni hv. þm. nægir að geta þess, að hann sagði, að það hefðu verið greiddar yfir 20 milljónir króna í dollurum til Bandaríkjamanna fyrir þá hermannabragga, sem íslenzk yfirvöld hefðu keypt af þeim. Mér hefur ekki tekizt að fá nákvæma upphæð yfir þetta, en ég þori að fullyrða, að þessi fjárhæð er margfaldlega ýkt og nær ekki neinni átt.

Þá gat hv. 2. þm. Reykv. þess og var með miklar dylgjur um það, að þeir embættismenn, sem gefið hefðu þessa skýrslu, sem ég las upp í framsöguræðu minni, mundu hafa verið til þess knúðir af mér. Þessu vil ég algerlega vísa á bug og verð að segja, að ég hef sjaldan heyrt meiri árás á íslenzka embættismenn og minna gert úr manndómi þeirra og heiðarleik en þegar gefið er í skyn, að þeir hafi látið hræða sig til þess að gefa skýrslu gegn betri vitund. Það kom glögglega fram hjá hv. þm. og í blaði hans, Þjóðviljanum, að sumir þessara manna mundu hafa verið sviptir lífsframfæri sínu og orðið atvinnulausir, ef þeir hefðu ekki skrifað undir þessa skýrslu. Ég vil nú leyfa mér að spyrja: Ætli Þjóðviljinn eða þeir, sem hann kosta, hefðu ekki viljað borga töluvert, ef það hefði legið fyrir, að beitt hefði verið hótunum um brottrekstur við þessa embættismenn, ef þeir skrifuðu ekki undir ranga skýrslu? Ég er alveg viss um það, að Kommúnistafl., sem hefur yfir meira fjármagni að ráða en runnið er af íslenzkum rótum, mundi ekki hafa hikað við að taka alla þessa menn á laun og kosta þá ríkulega til æviloka, ef þeir hefðu gefið honum vottorð um, að á þeim hefði þannig verið níðzt, enda er sannleikurinn sá, að enginn flugufótur er fyrir þessum ásökunum. Þessir menn voru beðnir um að gefa sanna og rétta skýrslu um það, sem þarna hefði verið framkvæmt, og hefur ekki á nokkurn veg verið leitazt við að fá þá til að skrifa undir annað en það, sem þeir töldu rétt og satt. Ég veit ekki til, að neinn ráðh. hafi talað um þessa skýrslugerð við nokkurn mann nema hr. Gunnlaug Pétursson, sem ég hef í mínu ráðun. og hef daglegt samband við, og að öðru leyti hafa þessir menn komið sér sjálfir saman um hana og vitanlega samið

hana á þann veg, sem þeir töldu sannleikanum samkvæmt. Eða hvers konar hótanir ætli hafi átt sér stað við hr. Erling Ellingsen, sem komið hefur drengilega fram gagnvart ríkisstj. í þessu máli og tók sig til og tilkynnti upp í stjórnarráð, að hann ætti enga ábyrgð á þeim rangfærslum, sem birtust í Þjóðviljanum í októberbyrjun. Hv. þm. Siglf. setti sjálfur þennan mann yfir flugmál landsins, og því kemur það alleinkennilega fyrir sjónir, ef þeir menn, sem hér eru með getsakir í garð embættismanna, trúa honum til að hafa framið slíkt óhæfuverk að gefa ranga skýrslu til upplýsinga fyrir almenning, svo sem þeir nú ásaka hann um, einungis af hræðslu við ofsóknir.

Hv. 2. þm. Reykv. lauk máli sínu með því að ásaka okkur fyrir það að hafa ekki tekið miklu meira fyrir þennan samning en við hefðum gert, vegna þess að samningurinn væri eiginlega þúsundir milljóna dollara virði, held ég, að hann hafi sagt. Í fyrra var gerð ýtarleg grein fyrir því, af hverju þessi samningur var gerður, og hef ég rifjað upp sumt af því nú. Þar hefur aldrei komið til mála nein landssala eða heimtun á endurgjaldi fyrir afsal þeirra réttinda, sem aldrei var afsalað, og af þeirri ástæðu er þetta tal hv. 2. þm. Reykv. gersamlega ástæðulaust. Hitt fær engum dulizt, að þessar ræður hv. þm. eru sprottnar af sama toginu, eins og þegar hann hefur farið landshornanna á milli í sumar til þess að breiða það út, að einungis ef núverandi ríkisstj. færi frá, mundi verða borgað miklu hærra verð fyrir afurðir okkar á markaði í Austur-Evrópu. Uppistaðan í ræðum hv. 2. þm. Reykv. og hans flokksbræðra um þessar mundir sýnir, að það er einmitt hann, sem er meira en reiðubúinn, — hann er tryltur af löngun til þess að reyna að verzla með réttindi landsins og láta einhverja aðra en Íslendinga sjálfa kveða á um það, hverjir eigi að vera í ríkisstj. hverju sinni. Og hv. þm. má vera þess fullviss, að ekki aðeins mér, heldur meiri hluta þingheims og allrar þjóðarinnar flökrar við, þegar hann er að tala um undirlægjuhátt og annað slíkt gagnvart erlendri þjóð. Hann hefur nú þegar, m. a. frammi fyrir alþjóð í útvarpinu, gert sig bera að því að ganga annarra erinda en Íslendinga, og ætti hann því ekki að vera að bregða öðrum um þá ómennsku, sem hann hefur gerzt sekur um sjálfur, enda hygg ég, að það muni vera réttmæli, sem einn gamall og reyndur þm. sagði hér á dögunum, þegar menn undruðust mjög margmælgi í ræðum hv. þm. — en vissulega var ekki að finna skýringuna hvorki í málflutningi né efni ræðu hans —, að skýringin væri sú, að hann mundi fá eitthvert fé greitt fyrir hana seinna annars staðar frá, og ég held, að málflutningur þessa hv. þm. sé allur með því marki brenndur, að þar sé verið að tala fyrir annarra eyru en Íslendinga.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil að þessu sinni vera mjög stuttorður. Fyrir helgina svaraði ég fyrirspurnum hv. þm. Siglf. um innheimtu flugvallargjalda. Hv. þm. spurði, hvort borgað hefði verið gjald af benzíni og einnig lendingargjald, og svaraði ég, að svo væri. Nú er skylt að geta þess, að ég fékk um þetta rangar upplýsingar. Búið er að borga lendingargjöldin, en ekki benzíngjaldið, en ég er alveg sammála hv. þm. í því, að úr innheimtu á flugvallargjöldunum verður að bæta, enda mun það gert, og hún verður einnig auðveldari, eftir því sem fastari skipun kemst á þessi mál.

Ég vil út af ummælum hv. 4. þm. Reykv. segja örfá orð. Hann sagði, að hv. þm. Siglf. væri kennt um alla þá óreiðu, sem á þessum málum væri. Ég veit satt að segja ekki, hvers vegna hv. þm. segir þetta, þar sem hæstv. utanrrh. hefur gefið upplýsingar um öll atriði málsins. Hins vegar væri ekki að furða, þótt bent væri á þau atriði, sem sérstaklega heyrðu undir framkvæmd hans í þessu efni. Ég hygg, að ríkisstj. sé það ekkert áhugamál að draga athygli manna frá því, hvernig þessi mál standa nú. Það mætti benda á það, að reglugerðin um flugvallargjöld á Reykjavíkurflugvellinum var ekki sett fyrr en í marz 1947. Hv. þm. Siglf., sem þá var ráðh., lét sem sagt líða allan þann tíma — frá 7. okt. 1946 — án þess að setja reglugerðina. Ég verð að segja það, að ég varð hissa á þessu. Ég segi þetta í tilefni ummæla hv. 4. þm. Reykv., þar eð hann sagði, að verið væri að ásaka einn mann út af öllu þessu. Ég skal ekkert um það segja, hverjum eru að kenna þær misfellur, sem komið hafa í ljós í sambandi við þetta mál, en þetta er a. m. k. hv. þm. Siglf. að kenna.

Hv. 4. þm. Reykv. minntist nokkuð á framtíð þessa samnings. Ég greiddi samningnum atkvæði mitt á sínum tíma og segi nú ekki annað en það, að rétt er að athuga, hvernig hann reynist, og sjá svo til, hvað til mála getur komið að gera síðar í þessum efnum.

Ég tel það eðlilegt og sjálfsagt, að við reynum að búa þannig út flugmál okkar, að við getum orðið undir það búnir að taka þau að öllu leyti í okkar hendur. Ég skildi hv. 4. þm. Reykv. ekki, þar sem hann sagði, að það hefði komið fram í ræðum manna og einnig blöðum, að framkvæmd samningsins væri vandalaus. Mér virðist þetta alveg talað út í bláinn og hæstv. utanrrh. hefur hér einmitt gert mikið úr því, hvílíkt vandaverk framkvæmd hans væri, og ýmsar reglur það varðandi hefðu ekki verið settar strax, vegna þess að það var vandaverk, sem krafðist reynslu.

Ég mun ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni. Ræða hæstv. utanrrh. var skýr og skorinorð, og tel ég mig í bili ekki hafa fleira að segja varðandi þetta mál.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég tel rétt að fara nokkrum orðum um mál þetta, en eins og mönnum er kunnugt, þá hefur þegar mikið verið rætt um það hér í Sþ. undanfarna daga. Hæstv. utanrrh. hefur farið ýtarlega í einstök atriði, og mun ég því ekki rekja málið lið fyrir lið, en aðeins svara því, sem mér þykir ástæða til.

Ég vildi þá fyrst drepa á það atriði, að þegar samningur þessi var gerður, þá hófu kommúnistar fyrstir manna upp raustir sínar og reyndu að þyrla ryki í augu manna með því að halda því fram, að hér væri um landráð og þjóðhættulegan samning að ræða, sem komið gæti þjóðinni á kaldan klaka. Hrakspár um framkvæmd samningsins voru miklar og ljóslega málaðar upp allar þær hörmungar og voði, sem íslenzka þjóðin ætti fyrir höndum, ef samningurinn væri gerður. Sú alda, sem í fyrstu reis vegna alls þessa, féll þó furðu fljótt niður, ekki vegna þess, að kommúnistar hættu æsingum sínum, heldur vegna dómgreindar almennings

í þessu máli. Strax eftir að samningurinn var svo gerður, átti að gera samtök um að hindra framkvæmd hans, og síðar áttu svo þessi samtök að vera vakandi auga þjóðarinnar yfir því, hvernig stjórnarvöld landsins höguðu framkvæmd hans. Þetta hjaðnaði fljótlega niður, enda átti aldrei fjölmennu fylgi að fagna.

Eftir að samningurinn var samþ., þ. 5. okt., var haldið landsþing Alþfl., og féllst það á allt það, er Alþ. hafði gert varðandi þetta mál, og ég hef vissu fyrir, að um flokksmenn mína um allt land gegndi sama máli. Hitt er annað mál, að alls staðar á landinu fundust menn, sem töldu samninginn í sumum atriðum geta verið hættulegan okkur Íslendingum, og einmitt vegna uggs þess, sem var í sumum, þá var gætt sérstakrar varúðar varðandi mál þetta. Ég hygg, að þetta eina ár, sem liðið er síðan samningurinn var gerður, ætti að færa mönnum heim sanninn um, að ekkert hefur skeð, sem er hættulegt fyrir sjálfstæði og fullveldi okkar unga lýðveldis, Íslands, og að viðskiptin við hina erlendu stórþjóð, sem samningurinn var gerður við, hafa í engu brugðizt vonum vorum. Eins og hv. 4. þm. Reykv. tók fram hér, þá gætir nokkurs misskilnings og ónákvæmni í ýmsum erlendum blöðum varðandi mál þetta, og hafa sum þeirra viljað halda því fram, að hér væri jafnvel um herstöðvasamning að ræða. Það er í raun og veru sízt að furða, þó að slíkur misskilningur slæddist inn í nokkur blöð erlend, þar eð einn flokkur í landinu sjálfu hefur róið og rær að því öllum árum, að hér sé einmitt um slíkan samning að ræða, og skirrist ekki við að láta það í ljós erlendis sem innanlands. Ég hef átt þess kost að ræða þetta mál við ýmsa ráðamenn Norðurlandaþjóðanna, að gefnu þeirra tilefni, og hafa þeir látið það álit sitt í ljós, að þeir hyggja, að virða beri íslenzku þjóðina fremur en hitt fyrir það, að hún gerði þennan samning, og vera má, að sumar af Norðurlandaþjóðunum eigi eftir að sigla í höfn jafnvandasömum málum og þessu, og óskandi, að þeim tækist það jafnfarsællega og okkur Íslendingum. Enn er eftir að taka ákvarðanir varðandi Svalbarða og Grænland, en hvort tveggja eru vandasöm mál. Þeirri skoðun, að með samningnum sé verið að ganga á landsréttindi Íslendinga og að þjóðinni stafi hætta af honum, eins og kommúnistar halda fram, hefur skotið upp á stöku stað erlendis, en við nánari athugun viðkomandi manna hjaðnar sú trú algerlega niður, því að hún getur ekki byggzt á öðru en vanþekkingu á máli þessu. Og ég tel það víðs fjarri, að hin íslenzka ríkisstj., sem um samninginn fjallaði, hafi með samþykkt hans gengið á íslenzk landsréttindi eða í nokkru sett blett á þjóð sína.

Hvað snertir framkvæmd samningsins, er skýrslan um það atriði ljósasta og greinarbezta vitnið. Hún hefur nú birzt bæði í blöðum og útvarpi, svo að ég sé ekki ástæðu til að lesa hana hér. Kommúnistar hafa leyft sér hér að gefa í skyn, að hún mundi á ýmsa lund ósönn og fölsuð. Ég vildi leyfa mér að taka það fram, að 2 af þeim mönnum, sem skýrsluna gerðu, eru mér báðir kunnir að sérstakri samvizkusemi og árvekni í störfum sínum, og ég hygg, að þeir séu af fleiri en mér taldir einir beztu og færustu embættismenn, sem ríkið hefur á að skipa. Þessir menn eru þeir Gunnlaugur Briem og Gunnlaugur Pétursson. Ég mundi ekki leyfa mér að hugsa, að þessir menn hefðu látið nota sig til þess að gefa einhver svikavottorð um óhæfu, sem verið væri að drýgja. Með þessu er ég ekki að varpa skugga á hina tvo mennina, sem að skýrslunni hafa unnið. Ég þekki þá ekki eins vel, en hef aldrei heyrt þeirra getið að öðru en vönduglieitum og trúi því eindregið, að þeir mundu aldrei láta nota sig sem verkfæri til þess að hylma yfir eitthvað, sem illa er gert. Skýrslan er mjög ljós og skýr í öllum atriðum.

Í umr. þessum hefur helzt verið fundið að því, að ekki hafi verið í upphafi gerð sú reglugerð, sem þurfi, um framkvæmd samningsins, t. d. hvað viðvíkur flugvallargjöldunum. Ég hygg, að það út af fyrir sig geti ekki haft neina úrslitaþýðingu fyrir framkvæmd samningsins í heild. Ég tel, að ýmis tormerki hafi verið á að setja þessa reglugerð strax eftir að samningurinn var gerður, vegna þess að rétt gat verið að afla sér reynslu og nánari þekkingar um ýmis atriði, og ég hygg, að það hafi verið það, sem vakti fyrir hæstv. fyrrv. atvmrh. Nú hefur hæstv. menntmrh. hins vegar upplýst, að dráttur þessi hafi verið óhæfilega langur, og er því auðvitað ekki bót mælandi. Hvað viðvíkur byggingum á Keflavíkurflugvellinum, þá hafa kommúnistar fyllzt reiði mikilli út af því, að þegar um byggingar þessar til handa Bandaríkjum Norður-Ameríku hefur verið að ræða, þá hafi ekki skort fjárfestingarleyfi eða annað slíkt, sem annars eru vandkvæði á að afla fyrir Íslendinga sjálfa. Ég vil benda á það, að Bandaríkin vildu einmitt hafa þessar byggingar óvandaðar bráðabirgðabyggingar, en íslenzka ríkisstj. taldi íslenzkum hagsmunum betur borgið með því að hafa þessar byggingar varanlegar og vandaðar, með því að Íslendingar koma sjálfir til með að eignast þær og allt það, er fast er þarna suður frá. En þetta er aðeins ein tilraun kommúnista til þess að vekja tortryggni og óánægju með aðgerðir stjórnarvaldanna.

Það mun koma í ljós, ef menn gera sér það ómak að skoða mál þessi niður í kjölinn, að þeir menn, sem um þessi mál hafa fjallað, hafa haldið eins vel og unnt var á málefnum Íslendinga og í engu borið hagsmuni þeirra fyrir borð. Hitt er annað mál, að þegar um jafnviðtækan samning og þetta er að ræða, þá hljóta alltaf að rísa upp nokkur vafaatriði varðandi framkvæmd hans, en ég vil ítreka það, að ríkisstj. vill halda uppi þeim skýringum varðandi mál þetta, sem sýna, að íslenzkir hagsmunir hafa verið bornir fyrir brjósti og munu einnig vera það. Bandaríkjastj. hefur heldur í engu sýnt, að hún vilji ekki halda samninginn, og alltaf þegar vafaatriði hafa komið fram, hefur þeim lyktað með samkomulagi, sem Íslendingar þurfa ekki að kvarta yfir. Bandaríkin hafa alltaf sýnt lipurð varðandi vafamálin.

Ég hygg, að slá megi föstu, að íslenzk stjórnarvöld hafi reynt að framkvæma samninginn með hagsmuni Íslendinga fyrir augum og að í engu hafi verið gengið á rétt þeirra, og í öðru lagi, að Bandaríkin hafi ekki sýnt vilja á að virða ekki samninginn.

Ég hygg, að íslenzkum hagsmunum sé bezt borgið með því að halda samkomulagi og góðri sambúð við allar þær þjóðir, sem í engu hafa sýnt það, að vilja ganga á rétt okkar. Við Íslendingar, sem erum fámenn þjóð og valdalítil, höfum ekki efni á því að koma okkur út úr húsi hjá neinni þjóð, allra sízt

hjá stórveldi eins og Bandaríkjunum, sem við höfum yfirleitt reynt að orðheldni og lipurð.

Það er engin ástæða til að vera að troða illsakir við Bandaríkin út af samningi þessum, því að hann getur enga hættu haft í för með sér fyrir landið eða þjóðina. Reynslan ber því ótvírætt vitni, að þær hrakspár, sem spáð var, er samningurinn um Keflavíkurflugvöllinn var gerður, hafa ekki staðizt, en ég vil að lokum taka undir með samráðherrum mínum, hæstv. utanrrh. (BBen) og hæstv. menntmrh. (EystJ), að gefnu tilefni, er spurt var að því, hvort við værum því hlynntir, að samningurinn gengi úr gildi strax og hann væri útrunninn, að það fer eftir framkvæmd og reynslu af samningnum, hvaða afstaða verður tekin til málsins, þegar hann rennur út. Það getur enginn vitað, hvernig ástandið verður í heiminum þá, og það er vafasamt, að Íslendingar geti einir, svo að í lagi sé, rekið þennan flugvöll, sem er með þeim stærstu í heimi. Ég tel lítil líkindi til þess, að íslenzka ríkið hafi fullkomið bolmagn til að reka hann, því að samgöngur um hann verða miklar og þýðing hans fyrir alheimssamgöngur er mikil. En það getur skapazt aðstaða til að reka hann í samráði við aðra aðila, t. d. alþjóðaflugsamtök eða aðra, án þess að nokkur hætta sé búin íslenzku þjóðinni af þeim erlendu mönnum, sem hingað kæmu. Það er beint vantraust á þjóðina, að hér sé verið að stofna sjálfstæði hennar í hættu vegna nokkurra útlendinga, sem dvelja í landinu.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 21. okt., var enn fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Frá því að ég talaði hér fyrst í þessu máli, hafa miklar umr. farið fram um málið, og hafa t. d. sumir hæstv. ráðherrar talað hér tvisvar, án þess að þess hafi verið kostur, að ég svaraði þeim á milli, og verður þetta því alllangt mál, sem ég þarf að flytja til þess að geta svarað þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar, og öðru, sem fram hefur komið, frá því að ég fylgdi till. minni úr hlaði.

Hæstv. menntmrh. svaraði hér í gær fyrirspurn, sem ég gerði í framsöguræðu minni, en hún var um það, hvað liði ákvæði samningsins um innheimtu gjalda af flugvellinum og varðandi ákvæðið um innheimtu 9 aura gjaldsins af hverjum benzínlítra. Hæstv. ráðh. svaraði þessari fyrirspurn fyrst fyrir helgina — ég held á föstudaginn —, en í gær leiðrétti hann fyrri fullyrðingar sínar og sagði, að greidd hefðu verið viss gjöld fyrir afnot flugvallarins, en þær greiðslur hefðu ekki hafizt fyrr en 1. júlí, en hæstv. ráðh. nefndi þetta ekki frekar. Er ráðh. svaraði ræðu minni s. l. föstudag, þá gaf hann í skyn, að ástæðan fyrir því, að gjöldin hefðu ekki verið innheimt reglulega fyrr, hefði verið sök fyrrv. flugvallarstjóra, Arnórs Hjálmarssonar, sem hefði svikizt um að innheimta þessi gjöld, en honum hefði síðar verið vikið frá, og hefði þetta þá lagazt. Í seinni ræðu sinni sagði ráðh., að þetta væri nú ekki enn komið í lag, og er því hér um eitthvað annað að ræða en sviksemi Arnórs Hjálmarssonar, fyrrv. flugvallarstjóra. Það má nú vera, að sökin sé ekki heldur ráðh., en það er engu að síður mjög óviðurkvæmilegt að bera sakir á mann, sem ekki er hér viðstaddur og hefur engan möguleika til að bera hönd fyrir höfuð sér, og hæstv. ráðh. bíðst ekki afsökunar á ummælum sínum, en mér finnst rétt, að þessi hlið málsins komi hér fram. Nú, fyrrv. flugvallarstjóri hefur komizt inn í þessar umr. hér á Alþ., og er þetta eina ákæra hæstv. menntmrh. á hann, að hann hafi ekki innheimt þau gjöld, sem sagt er til um í samningnum, en annað, sem fram hefur komið hér um þenman mann, eru aðeins fúkyrði, eins og að hann væri andstyggð á að horfa og svikull, eins og ummæli hæstv. utanrrh. hljóðuðu, og eru því ummæli menntmrh. mun háttprúðari.

Hæstv. menntmrh. kennir mér um það, að gjaldskrá hafi ekki verið sett fyrir Keflavíkurflugvöllinn. Mér er vel kunnugt um þessi mál, og vil ég því skýra Alþ. frá þessu. Það hafði verið gengið frá gjaldskrá fyrir Reykjavíkurflugvöllinn, og var sú gjaldskrá þýdd og skyldi síðan sett fyrir Keflavíkurflugvöllinn einnig, en hæstv. fyrrv. utanrrh. (ÓTh) taldi ekki vera hægt að setja gjaldskrá fyrir Keflavíkurflugvöllinn, nema Bandaríkjamenn fengju að athuga hana áður, og taldi hann, að gert væri ráð fyrir slíkri meðferð málsins í flugvallarsamningnum, að gjaldskráin fyrir Keflavíkurflugvöllinn yrði samin í samráði við Bandaríkjamenn. Þessi gjaldskrá var svo upphaflega afhent í þýðingu manni að nafni Mr. Hunter, sem var yfirmaður American Overseas Airlines, og þetta var gert í nóvember eða desember s. l. Ég man ekki þetta upp á dag, en þetta var gert rétt fyrir áramótin. Og nú tefst afgreiðsla málsins. Mr. Hunter athugar málið ýtarlega, og þegar spurt er um, hvernig afgreiðslu málsins líði, þá er því til svarað, að málið sé í vörzlu Hunters eða í Washington. Og það er ekki fyrr en ég hafði látið af störfum sem flugmrh., að Mr. Hunter varð að afhenda gjaldskrána, og er þá komið fram í marzmánuð. Sama er að segja um það, er þessi Mr. Hunter átti að afhenda skjöl varðandi þær flugvélar, sem lentu í Keflavík, þá beitti hann eintómum undanbrögðum. Og hvað hefði nú ríkisstj. átt að gera við slíkan mann, sem skrökvaði að íslenzkum valdamönnum? Ríkisstj. hefði átt að svipta Mr. Hunter landvistarleyfi, en í stað þess hefur hún í frammi ósannindi um fyrrv. flugvallarstjóra, en það er ekki ríkisstj. að þakka, að Arnór Hjálmarsson snerist ekki á sveif með hinum erlendu.

Ég tek það fram, að er á leið deiluna um gjaldskrána, þá kom að því, að Mr. Hunter komst í nokkurn vanda, er sendiherra Bandaríkjanna hér varð að skerast í leikinn, til þess að hægt væri að knýja út gjaldskrána, og var það einungis vegna þess, að sendiherrann skarst í leikinn, að Mr. Hunter sá þann kost vænstan að afhenda gjaldskrána. Og áður en Arnóri Hjálmarssyni var vikið frá, hafði hann lokið við að skrifa út reikninga fyrir öllum þessum gjöldum, sem ræðir um í gjaldskránni. Þetta er því dæmi um það, hvernig ríkisstj. hefur brugðizt skyldum sínum gagnvart þessum málum, hvernig utanrrh. svíkst um að ýta á eftir þessum málum, en tínir hins vegar fram önnur eins ummæli um fyrrv. flugvallarstjóra, að einsdæmi mun vera úr þingsæti, að hann væri andstyggð á að líta og svikull og allt hafi verið í ólagi með þessi mál vegna þessa flugvallarstjóra. Ég veit hins vegar, að allt var hreint í störfum Arnórs, er honum var vikið frá. Og þetta er nánar sagt mjög fordæmanlegt af hæstv. ráðh., að hafa ekki vald á skapsmunum sínum, og ég hef meira að segja heyrt

hæstv. utanrrh. kalla flokksbræður sína fífl og segja, að þeir væru að fremja skepnuskap, en er hæstv. utanrrh. er búinn að loka að sér með flokksmönnum sínum, þá velur hann ekki kveðjuna til þeirra, og einn flokksbræðra hans hefur sagt mér, að honum blöskraði orðbragð hans svo mjög, að réttast hefði verið að henda honum út. Ég er ekki að kvarta yfir því, að hann helli úr skálum reiði sinnar yfir mig, en mér finnst leitt að heyra, þegar saklausum manni er útþvælt, án þess að raunhæfar ásakanir finnist á hann. Utan starfs Arnórs er mér hann lítt kunnur, nema ég setti hann í embættið samkv. tillögu flugmálastjóra, og þá var maðurinn rannsakaður af Ólafi Thors, sem bað þá þess, að flett væri upp í sálnaregistri Sjálfstfl. til að vita, hvernig manninum væri innanbrjósts. Fékk hann þær upplýsingar hjá Jóhanni Hafstein, að Arnór mundi vera alþýðuflokksmaður. Maðurinn var síðan rannsakaður meir og flett upp í spjaldskrám Alþfl., og útkoman var sú, að maðurinn skyldi dæmdur til þess að teljast andstyggilegur ásýndum. Þessi maður hefur aldrei skipt sér af pólitík, svo að ég viti, og ég setti hann inn í embættið að till. flugmálastjóra, og þótt hann noti sjálfsagt atkvæðisrétt sinn, sem öllum þegnum landsins er heimilt, þá áfellist ég ekki menn fyrir það. Hæstv. utanrrh. sagði, að maðurinn væri hæfileikalaus og að hann hefði reynzt óhæfur til þess að gegna sínum störfum. Ég tel það órétt að hella sér yfir gáfur manna, því að þær skammta menn sér ekki sjálfir, og þótt það sé annars alrangt, að maðurinn hafi ekki verið hæfur til þess að gegna sínum störfum, þá á ekki að ásaka Arnór, heldur mig, sem setti hann inn í embættið, — ásaka mig, en ekki starfsmanninn. Og enn ástæðulausari er árásin á þennan mann, er hæstv. utanrrh. veit vel, hvernig utanrmn. hefur haldið á rétti Íslendinga, en hefur aftur á móti gert ókleift að halda á rétti Íslands varðandi framkvæmdirnar á Keflavíkurflugvellinum — og í stað réttarins er logið að íslenzkum valdamönnum.

Ég get ekki látið hjá líða vegna þeirrar meðferðar, sem Arnór Hjálmarsson hefur orðið hér fyrir, að minna á, að sé hann lagður í einelti, þá hlýt ég að eiga nokkra sök, þar sem ég setti hann í embætti, og fyrir það eru honum valin þau ummæli, að hann sé óþverramenni og annað slíkt, þótt hann sé algerlega saklaus af því níði, sem á hann er borið. Þá vil ég segja það við utanrrh., að þeir, sem leyfa sér að hafa í frammi slík ummæli og nota þinghelgina til þess, eru smámenni, ef þeir fyrirskipa ekki opinbera rannsókn. — Og við skulum sjá, hvað úr því verður.

Eitt höfuðatriði þáltill. minnar er það, að stjórnin skuli gefa út reglugerð um starfrækslu flugvallarins. Hæstv. utanrrh. ræddi þetta nokkuð, er hann las álit flugvallarn., og sagði, að það væri að kenna hæfileikaleysi fyrrv. flugvallarstjóra, að reglugerðin væri ekki komin. Ég vil minna á það, að þetta mál hefur áður verið rætt í þinginu í sambandi við lögfestingu nokkurra ákvæða flugvallarsamningsins. Þá var veitzt að fyrrv. utanrrh. fyrir það, að reglugerð hefði ekki verið sett. Þá var það sagt, að eina ástæðan væri sú, að flugvallarn., sem ég hefði skipað, hefði svikizt um að gera uppkast að reglugerðinni. Þetta var sett fram sem eina ástæðan. Nú kennir hins vegar hæstv. utanrrh. fyrrv. flugvallarstjóra um þetta. Í skýrslu eða réttara sagt Morgunblaðsgrein flugvallarn. er því aftur á móti haldið fram, að bezt sé að láta setningu reglugerðarinnar bíða, þar til meiri reynsla sé fengin. Fyrst er sviksemi flugvallarn. kennt um, síðan Arnóri Hjálmarssyni, og svo kemur álit flugvallarn., sem var fín n., skipuð af fyrrv. utanrrh. (ÓTh), og þar er ástæðan talin sú, að nauðsynlegt hafi verið að bíða eftir meiri reynslu.

Það sést á þessu, að í hvert sinn er gripið í það hálmstráið, sem fyrir hendi er. Og af hverju er þetta gert? Það er gert vegna þess, að hæstv. utanrrh. veit, að Bandaríkjamenn hafa meiri réttindi á flugvellinum en þeim er heimilt samkv. samningnum. Þess vegna er þyrlað upp moldviðri til þess að slá ryki í augu almennings. Þannig eru allar hans röksemdafærslur. Þær stangast í einni og sömu ræðu, að ekki sé á það minnzt, ef dag ber á milli ræðnanna. Þetta er aðeins lítið dæmi um málflutning hæstv. utanrrh. Sú alvarlega vanrækslа, sem hann hefur sýnt skyldustörfum sínum, gefur Alþ. tilefni til að láta fara fram gagngera rannsókn í þessum efnum.

Flugvallarn. var skipuð til þess að semja um viðtöku og rekstur flugvallarins og semja reglugerð um fyrirkomulagið í ýmsum atriðum, eftir að Íslendingar tækju við vellinum. Hún var ekki lagaleg stofnun, heldur samninganefnd milli ríkisstj. og erlenda samningsaðilans. Þetta var gert til þess, að ríkisstj. þyrfti ekki að standa í samningum um smáatriði og skapa betri aðstöðu vegna sérþekkingar nm. N. getur ekkert gert upp á eigin spýtur. Hún getur borið fram óskir íslenzku ríkisstj. til Bandaríkjamanna og gagnóskir þeirra til ríkisstj., en hún getur ekki tekið neina ákvörðun. Nú er þessi nefnd hins vegar gerð að valdastofnun, vegna þess að hæstv. utanrrh. þarf að afsaka slóðaskap sinn. Af þessum ástæðum skipar hann n. að semja skýrslu, og skýrslan er samin af þeim Gunnlaugi Briem og Gunnlaugi Péturssyni. Oftar en einu sinni var hún borin undir hæstv. utanrrh., og þótt hann fengi breytingar á henni, vildi hann fá ýmsar fleiri, sem hann komst ekki upp með. Ég vil taka undir það með hæstv. forsrh., að báðir þessir menn, sem sömdu skýrsluna, eru ágætir embættismenn. Að þeir séu persónulegir vinir hans, mun hins vegar vera tilhæfulaus rógur. Frá þeirra hálfu hafa ekki komið fram nein ósannindi. Þar sem ósannindi koma fram, til dæmis um tölu starfsmanna á vellinum, er byggt á upplýsingum frá öðrum. Það mun vera byggt á upplýsingum núverandi flugvallarstjóra ríkisins, ekki man ég nú, hvað hann heitir, og n. því ekki eiga sök á þeim ósannindum. Hún hefur bara tekið þennan embættismann trúanlegan, og svo er þetta sett í skýrsluna samkv. kröfu hæstv. utanrrh. Í sjálfu sér er skýrslan ekki skýrsla um störf n., heldur vörn fyrir hæstv. utanrrh. En þótt n. hafi ekki gert sig seka um að fara með rangt mál, nema þar sem upplýsingarnar eru fengnar hjá öðrum, verð ég þó að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að sú auðsveipni, sem nm. hafa sýnt í þessu máli, kastar rýrð á þá alla. Þeir eru allir fjórir sannfærðir um, að framkvæmd samningsins sé hneyksli, enda hafa þeir haft tækifæri til þess að fylgjast með því, hvernig framkvæmdin hefur verið. Það mun síðar að því koma, að þeir sjá, að þeir hafa gert sig að minni mönnum með þægð sinni við hæstv. utanrrh. Ég veit ekki, hvort hann hefur hótað að reka þá, en ég gæti vel trúað því, því að

það þarf ekki mikið út af að bera. Hæstv. utanrrh. hefur nýlega látið reka einn starfsmann utanrrn., án þess að neinar ástæður hafi enn verið gefnar fyrir því. Það er líka kunnugt, að hans lundarfari er þannig varið, að hann rekur menn út frá sér, ef hann kemst í vandræði. Ég gæti því vel trúað því, að hann hafi hótað nm. með brottrekstri. En það er ekki nægileg afsökun fyrir því að senda út slíka skýrslu í blekkingarskyni, þótt nm. hafi óttazt, að hæstv. utanrrh. ræki þá frá störfum.

Þessi skýrsla flugvallarn., sem þannig er til komin, gefur ærið tilefni til þess, að nákvæm rannsókn verði látin fara fram í þessum málum. Slík missmíði hefur það verið, hvernig hæstv. utanrrh. hefur haldið á rétti Íslendinga. Það er ekki efamál, að flugvallarn. getur gefið þýðingarmiklar upplýsingar varðandi framkvæmd þessara mála og framkomu ríkisstj.

Í tilefni af fskj. nr. 2, sem fylgir þáltill. minni, hefur hæstv. utanrrh. látið Gunnlaugana þrjá lýsa því yfir, að sú áætlun, sem þar er gerð um rekstrarfyrirkomulag á flugvellinum, sé ekki frá n. Hann heldur því ýmist fram, að ég hafi stolið þessu eða falsað það. Ég tek mér þetta ekki nærri, ég er öllu vanur af honum, og ég mun ekki gefa honum neinar upplýsingar um það, hvaðan ég hef þetta. Það er rétt, sem stendur í Morgunblaðinu 17. okt., það er ekki komið frá flugmálastjóranum. En það mun enginn hafa talið þörf á því að fara heimullega með þetta. Það borgar sig bezt fyrir Íslendinga, að allt sé opinbert varðandi þessi mál. Við höfum engu að leyna. Allur heimurinn veit, að við höfum gert þennan samning. Flugvallarn. fékk engin fyrirmæli um það að pukrast með þessi mál eða leyna þeim. En þegar sýnt var, hvernig hæstv. utanrrh. hundsaði till. n., þá varð nauðsyn að halda þeim leynilegum, en aðeins vegna utanrrh. sjálfs. Þjóðinni gat aðeins orðið það til gagns, að till. n. væru birtar. Þær sýndu, að n. hafði unnið vel og viljað tryggja fyllsta rétt Íslendinga, þótt hún bæri ekki gæfu til þess að hafa yfir sér utanrrh., sem veitti henni stuðning í því efni.

N. segir í niðurlagi greinarinnar í Morgunblaðinu, að fskj. nr. 2, sem birt er með till. minni, sé ekki frá n., heldur hafi þær till. verið samdar af flugmálastjóra sem umræðugrundvöllur fyrir n. Þarna grípur n. til þess að skrökva. Þessar till. voru samdar af flugmálastjóra, en þær voru lagðar fyrir n., og hún féllst á þær í öllum höfuðatriðum. N. var að vísu ekki búin að skrifa formlega undir till., en hún fór sjálf með þær á fund utanrrh., og þar var þeim forkastað. N. viðurkennir hins vegar með þögninni fyrri tillögurnar um tolla- og skattamálin, enda var formlega frá þeim gengið, og n. hafði undirritað þær og sent ríkisstj. Þessar till. gefa þýðingarmiklar upplýsingar um álit opinberra starfsmanna og fagmanna á því, hvernig þessum málum skuli hagað. Fyrir hæstv. utanrrh. er það hins vegar óþægilegt, að þær séu opinberaðar. En það var þjóðþrifaverk að birta þær og heiður fyrir flugvallarn., þótt hún hafi síðan nokkuð rýrt þann heiður með skýrslunni í Morgunblaðinu. Þær hjálpa til að vekja það álit, að Ameríkumenn geti ekki gengið á þann rétt, sem okkur er ætlaður, eftir vild, eins og Mr. Hunter og fleiri hafa gert.

Þá sný ég mér að einstökum atriðum skýrslunnar. N. segir, að nú þegar sé á vellinum íslenzk löggæzla og tollgæzla. Það er rétt, að tollskoðun er gerð hjá þeim, sem fara um völlinn. Hins vegar gildir annað um tollgæzluna á þeim vörum, sem fluttar eru til Bandaríkjahers til notkunar hér á landi. Í því sambandi hefur hæstv. utanrrh. þyrlað upp miklu moldviðri og farið heldur óráðvendnislega með lögfræðiþekkingu sína. Tollrannsóknin er nauðsynleg í mörgu skyni. Í fyrsta lagi til þess að tryggja löglegar tolltekjur ríkissjóðs af þeim innflutningi, sem ekki er tollfrjáls. Í öðru lagi til þess að líta eftir því, að innflutningurinn fari fram í samræmi við innflutningsleyfi. Til þess höfum við ekki haft sérstaka menn, heldur hafa tollgæzlumennirnir yfirleitt séð um það. Í þriðja lagi er nauðsynlegt að fylgjast með því, sem ameríska liðið flytur inn, til þess að fylgjast með framkvæmd samningsins. Einfaldasta leiðin til þess er einmitt tollgæzlan. Ríkisstj. á því ekki að láta sér nægja jafngóða tollgæzlu og á öðrum innflutningi, sem nú er góð, þar sem segja má, að litið sé í hvert „kolli", heldur verður tollskoðunin að vera miklu strangari vegna eftirlitsins með því, að samningurinn sé haldinn í framkvæmd. Ef Ameríkumenn vilja ekki lenda í stöðugum deilum, getur ströng tollgæzla forðað þeim frá að flytja inn hluti, sem ekki eru í samræmi við samninginn. Ríkisstj. hefur ekki fallizt á þetta, vegna þess að Ameríkumenn hafa ekki viljað fallast á það. Þeir segja sem svo: „Við skulum senda ykkur afrit af þeim vöruskrám, sem við þurfum að gera, hvort eð er." Jú, jú! Síðan eru vörurnar teknar inn í sérstök geymsluhús þeirra, og Íslendingar mega koma og skoða þær. Persónulegar sendingar munu vera skoðaðar, eins og venjulegur póstur, en vörusendingar til félagsins mega Íslendingar tollskoða, ef utanrrn. eða fjmrn. telur ástæðu til. Tollskoðunin fellur ekki undir tollstjórann og ekki undir sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, heldur beint undir fjmrn. Ef það ákveður, að skoðun skuli fara fram, þá eru Ameríkumenn ekki á móti því! Þetta er í alla staði ósæmilegt og engin ástæða til þess að beita öðrum aðferðum en við venjulega tollskoðun. Miklu fremur væri ástæða til að hafa þessa tollskoðun strangari, því að það er önnur og meiri skylda, sem hvílir á okkur í sambandi við hana en aðra venjulega tollskoðun. Ég hef áður getið þess, hvað flugvallarn. segir um tollgæzluna á flugvellinum. Skýrslur flugvallarliðsins um innflutninginn eru taldar góðar og gildar, og íslenzka ríkisstj. á ekki að hafa afsalað sér neinum réttindum. Þó er það kunnugt, að stórfelldar sendingar hafa verið afhentar án tollskoðunar. Það er þetta, sem hæstv. utanrrh. kom ekki inn á. Hæstv. utanrrh. hefur ekki komið inn á það í ræðum sínum, hvernig beri að framkvæma eftirlitið, og frá Íslendinga hendi hefur verið fallizt á það, sem Ameríkumenn hafa viljað. Nú munu Ameríkumenn hafa gert tilboð í þessu sambandi, en í hverju það er fólgið, er enn ekki vitað, og hæstv. utanrrh. virðist álíta, að almenningur þurfi ekkert um slíkt að vita, hvað hér er á ferðinni, en ég skil ekki, hvaða hernaðarlega þýðingu það hefur að leyna þessu tilboði. En slík er aðferð þeirra manna, að velja þessa leið, sem bregðast skyldu sinni gagnvart máli, sem þeim er trúað fyrir.

Hvað sem rétt kann að vera í því, er snertir óleyfilega sölu og meðferð erlendra peninga, þá býst ég við því, að Bandaríkjastj. hafi ekki neina sérstaka ánægju eða áhuga fyrir því að hleypa inn í landið tollfrjálsum vörum, og vil ég síst bera það

á hana. En eigi þetta eftirlit hins vegar að vera framkvæmt af þeim einum, þá má segja, að það sé ef til vill mannlegt, þó að þeir menn, sem framkvæma það hér, gæti þar ekki alls svo vel sem skyldi og ekki eins vel og í þeirra heimalandi væri þrátt fyrir ströng fyrirmæli frá stjórn Bandaríkjanna. En það er þá langt frá því, að íslenzkum stjórnarvöldum beri að sætta sig við slíkt. Eftirlitið á flugvellinum getur aldrei orðið í raun og veru eins og það á að vera, nema það sé í höndum Íslendinga sjálfra, en í samráði við Ameríkumenn. Ef eftirlitið þarna á að vera í höndum Ameríkumanna, þá gef ég lítið fyrir það, jafnvel þó að ströng fyrirmæli séu viðhöfð, og það er heldur ekkert í samningnum talað um slíkt, heldur að Íslendingar hafi þarna öll ráð í sinni hendi.

Þá er í þessari skýrslu minnzt á, að afhending völuleifa frá hernum beint til innlendra aðila hafi ekki átt sér stað, heldur til ríkisstj. Ég býst við, að þetta sé rétt í meginatriðum. En ástæðan til þess, að svo lítið hefur verið afhent á þann hátt, er fyrst og fremst sú, að sáralítið hefur verið til af slíkum vörum, vegna þess að þau fyrirtæki, sem hafa með þær að gera, eru enn í höndum Ameríkumanna sjálfra. Það er því ekki fyrir aðgerðir íslenzkra stjórnarvalda, að engin slík afhending hefur farið fram nema á olíu. Þær birgðir hafa heldur ekki verið afhentar íslenzkum stjórnarvöldum, heldur Standard Oil félaginu, er Olíufélagið h. f. tók við og hefur fengið einkarétt til þess að afgreiða benzín þarna, að svo miklu leyti sem Ameríkumenn hafa komizt upp með það, en þeir hafa ekki getað gengið svo langt að geta bannað alveg öðrum olíufélögum að afgreiða þarna benzín, en þau eru, eins og t. d. B. P., Shell, Nafta o. fl., einfær um að annast þessa hluti. En þeim er gert þarna mjög erfitt fyrir, þannig að þau verða að sækja þessar vörur til Rvíkur á tankbílum, og sjá þá allir, hvaða samræmi getur verið í hagnaði þessara félaga. Flugvallarn. er þetta ljóst, og hún skýrir frá þessu, þó svo að hinu leytinu sé reynt af sumum að leggja þann skilning í, að allt sé í stakasta lagi.

Það, sem eðlilegast hefði verið, að íslenzk stjórnarvöld hefðu sagt við ameríska olíufélagið, er: Við tökum við öllum þessum olíubirgðum, við höfum nógu mörg olíufélög á Íslandi til að selja olíu, og hér hefur það verið frjáls verzlun, og við viljum hafa það svo áfram, og íslenzka stjórnin tekur við þessu og afgreiðir til þeirra félaga, sem vilja. Þá hefði ekki verið hægt að tala um einkarétt neins, eins og nú á sér stað með Standard Oil félagið. N. minnist á það í skýrslu sinni, að þetta félag þyrfti að vera háð sömu skyldum og kvöðum og önnur félög og unnið sé að því að koma framtíðarskipulagi á þessi mál. En mér er kunnugt um, að n. hefur ekki fjallað um þessi mál, heldur mun það vera haft eftir flugmálastjóranum í Rvík.

Þá er það viðvíkjandi tollgæzlu og greiðslu nokkurra gjalda til ríkisins o. fl. Í skýrslunni segir, að flugvallarn. og umboðsmenn Bandaríkjastj. hafi rætt um það, að ef þeir hefðu aðra starfsmenn á flugvellinum en þá, sem stæðu í sambandi við eftirlitið í Þýzkalandi, þá þyrfti slík starfsemi að vera háð sömu skyldum og kvöðum og starfsemi annarra félaga, og hefðu fulltrúar Bandaríkjanna komið með ákveðnar till. um greiðslu tolla og gjalda vegna þessarar starfsemi. En hvað gerir svo Bandaríkjastj.? Jú, hún gerir tilboð, sem ekki er búið að taka ákvörðun um, og hefur svo áfram þarna alla sína hentisemi og betri aðstöðu en aðrir til þess að reka flug, og hefur stjórn Bandaríkjanna með því gert sig seka um mikla lítilsvirðingu í garð Íslendinga. Það verður ekki annað séð en að þrátt fyrir flugvallarsamninginn og skýlausan rétt Íslendinga þurfi þeir að fara bónarveg til stjórnar Bandaríkjanna til þess að reyna að fá hana til þess að viðurkenna þau sjónarmið. Það er engu líkara en að samningurinn gefi okkur ekki neinn rétt, við þurfum að bera hvert einasta atriði undir Ameríkumenn og reyna að fá þá til að fallast á það, svo líða kannske mánuðir og ekkert gerist. Það kemur ekki fyrir, að Bandaríkjamenn geri neitt til þess að flýta fyrir slíkum störfum. Íslenzka ríkisstj. kemur fyrst með till. í málinu, en þá koma Bandaríkjamenn með gagntill., sem ríkisstj. fellst á. En yfir þetta virðingarleysi og yfirgang Bandaríkjamanna hefur verið reynt að breiða af sumum mönnum, eins og t. d. hæstv. utanrrh., með því að tala um þær miklu eignir, sem við Íslendingar eigum á Keflavíkurflugvellinum, sem væru upp á margar millj. kr. og við ættum að vera stoltir af, en Bandaríkjamenn fengju bara að hafa not af þeim í sex og hálft ár. Þegar íslenzka ríkisstj. var spurð að því, hvort hún vildi gefa yfirlýsingu um það, hvort samningurinn yrði framlengdur, þá skoraðist hún undan því. Það er yfirleitt sama svarið við öllum spurningum og gagnrýni á framkvæmd þessa samnings: Við skulum vera ánægðir með það, sem við eigum á Keflavíkurflugvellinum, og það er allt í lagi, að Bandaríkjamenn noti hann og það, sem þar er, við getum ekki verið harðir með okkar kröfur, vegna þess að þetta eru svo stórfelld verðmæti, sem við fáum hjá þessari miklu og auðugustu þjóð heimsins. Ég held, að hæstv. utanrrh. fái fáa Íslendinga til þess að verða stolta af því, hvað við höfum orðið auðugir í sambandi við Keflavíkurflugvöllinn. Það væri áreiðanlega betra fyrir okkur, að allt, sem þar er, væri rifið niður og við fengjum að vera í friði utan við deilur, sem rísa kunna út af þessu mannvirki, vegna legu flugvallarins, ef svo ömurlega skyldi fara, að til nýrrar styrjaldar kæmi, sem allir vona þó, að ekki verði.

En eins og ég hef áður tekið fram, er það eftirtektarvert, að skýrsla n. er ekki samin sem skýrsla, heldur gögn fyrir hæstv. utanrrh., þó að hún hins vegar beri vott um það, hve slælega hefur verið haldið á málum Íslendinga, og alveg ljóst af henni, hvernig Bandaríkjamenn ganga á okkar rétt, t. d. þegar Íslendingar vilja koma mönnum inn á flugvöllinn til vinnu, þá er sama svarið hjá Bandaríkjamönnum, að Íslendingar verði sjálfir að borga þessum mönnum, en slíkt kemur auðvitað ekki til mála að sleppa nokkrum réttindum eða valdi til þess að spara okkur peninga, en Bandaríkjamenn hafa legið á því lúalagi að segja, að við gætum ekki skaffað svo marga sérfróða menn sem þyrfti á flugvöllinn, en íslenzka ríkisstj. hefur heldur ekki gert neitt til þess að rannsaka, hve marga slíka menn þyrfti í raun og veru. En við höfum svo miklu af sérfróðum mönnum á að skipa, að við gætum sjálfir haft verkstjórn á hendi í öllum þeim greinum, sem nauðsynlegar eru í sambandi við flug. En þrátt fyrir þessa kunnáttu Íslendinga hefur ekki tekizt að koma að mönnum í þýðingarmiklar stöður, enda kemur það glöggt fram hjá n. Hún

segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar í upphafi lagði n. áherzlu á að koma sem flestum Íslendingum að við vinnu á flugvellinum. Var haft fyrir augum, að kostnaður félli ekki á ríkissjóð í því sambandi, en hins vegar reynt að koma mönnum í sem flestar starfsgreinar og að Ameríkumenn greiddu kaup þeirra. 15. júní s. l. voru starfandi á flugvellinum 96 Íslendingar í þjónustu Iceland Airport Corporation. Af þeim störfuðu 19 að tækniskri flugþjónustu, 57 unnu í eldhúsum, þvottahúsum og á hótelinu, en 20 að venjulegum verkamannastörfum.“ Samkv. þessum upplýsingum vinna flestir þessara manna það, sem hin hámenntaða þjóð Bandaríkjanna lætur svertingja vinna. (**Samgmrh.:** Telur þm. skömm að því að vinna eldhúsverk?) Nei, ég tel ekkert athugavert við það, að menn vinni eldhúsverk, en ég álít, að Íslendingar ættu ekki eingöngu að vinna þau störf. Og þótt í þessari skýrslu sé talið, að 19 menn vinni að tæknilskum störfum, þá er það alls ekki rétt. Það eru þjónustustörf, þó að þau séu meira í sambandi við flug, því að þeir eru hafðir t. d. til þess að ræða pökkum og aðstoða á annan hátt. Það getur verið, að tveir menn geri eitthvað annað, og hér því um bein ósannindi að ræða, sem að vísu er ekki n. að kenna, heldur er það haft eftir flugmálastjóra samkvæmt kröfu hæstv. utanrrh., enda hefur ekki fengizt nein skýring á því, hver þessi störf væru. Það hefur ekki tekizt að koma að einum einasta manni til þess að annast flugstjórn og engum manni að í turninum, þó að við eigum fullan rétt til þess, enda hefur n. verið það ljóst, og skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp það, sem n. segir: „Þess skal getið, að flugvallarn. fór á sínum tíma fram á það við félagið, að Íslendingar yrðu látnir gegna störfum í flugturni vallarins á kostnað Bandaríkjamanna. Var tekið vel í þetta mál, en þá voru ekki kunnáttumenn fyrir hendi. Þar sem nú er hægt að fá íslenzka kunnáttumenn, hefur málið verið tekið upp á ný. Um hitt þarf ekki að leita samkomulags, ef Íslendingar vilja setja menn í flugturninn á sinn kostnað.“ Þetta hefur verið samþ. í „prinsip“, en svo eru margir mánuðir liðnir og ekkert hefur gerzt, þrátt fyrir það að nú höfum við þá kunnáttumenn, sem þarf til þeirra starfa, sem þarna er um að ræða, og við höfum valdið til þess að hafa þar öll ráð yfir Bandaríkjamönnum, sem eiga ekki að hafa þar meiri ráð en erlent skip í íslenzkri höfn. Það er enginn vilji fyrir að framkvæma samninginn röggsamlega. Stjórnin hreyfir sig ekki, nema þegar á að gera eitthvað í augum þjóðarinnar. (**Forseti:** Ég vildi spyrja hv. ræðumann, hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni.) Já, ég á talsvert eftir. (**Forseti:** Þá vildi ég spyrja, hvort hann vildi fresta því, sem hann á eftir, þar eð fundartíma er lokið.) Já, ég skal gjarnan verða við þeim tilmælum hæstv. forseta. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 12., 13., 14. og 15. fundi í Sþ., 22., 23., 24. og 27. okt., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var enn fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Áki Jakobsson) [frh]: Herra forseti. Það er nú nokkuð á aðra viku, síðan mál þetta var hér síðast til meðferðar, og hafði ég þá ekki lokið ræðu minni, og eins og ég tók fram, var orðinn alllangur tími, frá því er ég talaði síðast og höfðu ýmsir talað á milli, t. d. hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh., og eitt og annað, sem ég þarf því að svara, og mun ég koma að því síðar. En síðast var ég að ræða skýrslu flugvallarn., sem birtist í Morgunblaðinu og fleiri blöðum þann 17. okt. s. l. og var lögð fram sem varnarskjal hæstv. ríkisstj. og það eina, sem hún hafði fram að færa, og hefur hún ekki enn gefið frekari upplýsingar en drepið er á í skýrslunni, þó að þar vanti stórlega á, t. d. skýringar á tiltölulega óljósu orðalagi. Þegar ég hætti síðast, var ég að tala um framkvæmdina á því atriði samningsins, sem fallega er orðað í 6. gr. og hljóðaði upphaflega svo: „Í sambandi við rekstur flugvallarins munu Bandaríkin, að svo miklu leyti sem kringumstæður leyfa, þjálfa íslenzka starfsmenn í tækni flugvallarrekstrar, svo að Ísland geti í vaxandi mæli tekið að sér rekstur flugvallarins að svo miklu leyti sem frekast er unnt.“ Þetta var örlítið lagað í meðferð þingsins, þannig að felldir voru niður fyrirvarar, en þó ekki svo mikið, að efnisbreyting yrði, þannig að eins og þetta var samþ., er 6. gr. svo hljóðandi: „Í sambandi við rekstur flugvallarins munu Bandaríkin þjálfa íslenzka starfsmenn í tækni flugvallarrekstrar, svo að Ísland geti í vaxandi mæli tekið að sér rekstur flugvallarins.“ Það var fellt niður „eins og frekast er unnt.“ Það er allt og sumt. En í framkvæmdinni er engu breytt frá hinu upphaflega orðalagi, enda var breyt. sú aðeins gerð til að flagga framan í fólkið, en ekki til að framkvæma hana. Það átti að vera ein höfuðröksemdin með ágæti samningsins, að hér væru ekki til fagmenn, en hins vegar ætluðu Bandaríkjamenn af veglyndi sínu og góðvilja að þjálfa íslenzka menn, sem annars voru ætlaðir tornæmir í sambandi við flugvallarrekstur, svo að þeir gætu í vaxandi mæli tekið að sér störfin. Það var algerlega sniðgengið, að til var það mikið af fagmönnum, að þeir hefðu getað tekið þessi störf að sér að miklum hluta, einkum var sjálfsagt að hafa íslenzka verkstjórn. Í framkvæmdinni hafa svo *Íslendingar verið taldir óhæfir til tæknilegra* starfa, jafnvel þótt þeir væru faglærðir í Bandaríkjunum og hafi starfað á flugvöllum úti. Eru þeir svo látnir gegna ýmsum nauðaómerkilegum störfum á vellinum. Í skýrslu flugvallarn. er reynt að telja fólki trú um, að þetta hafi batnað og að málinu sé haldið vakandi af ríkisstj., og býst ég við, að hæstv. utanrrh. upplýsi, að í þessu atriði hafi Bandaríkjamenn fallizt á sjónarmið Íslendinga. Skýrslan segir, að 19 íslenzkir menn vinni við tæknileg störf á vellinum. Þetta er ekki rétt. Eða telur hæstv. ríkisstj., að þeir, sem vinna að hreingerningum á flugvélum og sölu farmiða og almenna skrifstofuvinnu, vinni við tæknileg störf? En að þessum og þvílíkum störfum eru menn látnir vinna, sem hafa með ærnum kostnaði aflað sér mikillar þekkingar á stjórn flugvalla.

Í þessu sambandi er ekki hægt að komast hjá því að minnast á flugturninn, þar sem hin daglega stjórn vallarins fer fram. Þar hafa Íslendingar engan mann, þótt margir séu tiltækir, og gæti turninn alveg verið undir íslenzkri stjórn. Um þetta segir flugvallarn.: „Þess skal getið, að flugvallarn. fór á sínum tíma fram á það við félagið, að Íslendingar yrðu látnir gegna störfum í flug-

turni vallarins á kostnað Bandaríkjamanna. Var tekið vel í þetta mál, en þá voru ekki kunnáttumenn fyrir hendi. Þar sem nú er hægt að fá íslenzka kunnáttumenn, hefur málið verið tekið upp á ný. Um hitt þarf ekki að leita samkomulags, ef Íslendingar vilja setja mann í flugturninn á sinn kostnað. Það geta íslenzk stjórnarvöld gert, hvenær sem þeim lízt.“ Þarna er ruglingslega skrifað og næsta furðulegt, ef Íslendingar hafa farið fram á að gegna störfum í flugturninum, þegar engir voru til þess hæfir. N. fór auðvitað fram á þetta, af því að hæfir menn voru fyrir hendi, og ég fullyrði, að síðan Bandaríkjamenn fóru héðan með her sinn, þá hafa alltaf verið tiltækir menn til að starfa í flugturninum. Nú segir svo n., að málið hafi verið tekið upp á ný, vegna þess að n. finnur óróa almennings út af framkvæmd samningsins. Og nú, þegar kunnáttumenn eru fyrir hendi, þá átti ríkisstj. að setja mann strax í flugturninn, en það var ekki gert, heldur teknir upp samningar á ný. Hæstv. utanrrh. fannst eðlilegt að taka upp samninga um atriði, er til álita kæmi, og honum virtist þykja eðlilegt, að íslenzka ríkisstj. þurfi að setjast að samningaborði við Bandaríkjamenn út af hverju einasta smáatriði, og taldi það vott um góð samskipti vinsamlegra ríkja. Þessi orð sanna það, að hæstv. ríkisstj. framkvæmir ekki samninginn eins og hann væri samningur, þar sem við Íslendingar höfum okkar ákveðnu skyldur og ákveðin réttindi og Bandaríkjamenn sínar ákveðnu skyldur og ákveðnu réttindi. Það kemur á daginn, að samningurinn er aðeins yfirvarp og flugvallarn., sem sjá átti um stjórn Íslendinga á vellinum, er stöðug samninganefnd til að semja um allt í sambandi við veru Bandaríkjamanna á flugvellinum. Þetta er kjarni málsins. En Bandaríkjamenn vilja hafa hér alla sína hentisemi.

Eins og framkvæmdum er nú hagað um tölu starfsmanna á flugvellinum, virðast Bandaríkjamenn geta haft þar eitt þúsund, tvö þúsund eða bara eins og þeir kæra sig um, því að kallist þeir verkamenn, þá fá þeir landvistarleyfi og það jafnvel án þess, að sótt sé um það fyrir fram. Af þessu má sjá, að það er auðvelt fyrir Bandaríkjamenn að hafa mikið lið á vellinum, ef þeir bara segjast þurfa að hraða framkvæmdum, hvað sem þeir láta svo þessa menn gera.

Þá reka Bandaríkjamenn einir á vellinum flugumferðastöð, loftskeytastöð, þar sem starfa um 50—60 menn. Sömuleiðis reka þeir þar veðurstofu, hótel, bakarí og þvottahús, en þar fá Íslendingar að vísu að vinna sem óbreyttir starfsmenn, en Bandaríkjamenn hafa yfirstjórn á öllum þessum stofnunum. Ef Íslendingar vilja gera aths. varðandi það, að einhver starfsemi Bandaríkjamanna á vellinum sé ekki í samræmi við flugvallarsamninginn, þá lætur ríkisstj. það fara fyrst til Bandaríkjastjórnar til þess að vita, hvort hún vill fallast á þessi sjónarmið okkar. Þetta tekur oft langan tíma, þó svo kannske að það sé fallizt á viðkomandi atriði, en með þessari meðferð geta Íslendingar aldrei tekið ákvörðun sjálfir. Af þessu er augljóst, að ríkisstj. lætur Bandaríkin hafa úrslitavald um allar framkvæmdir á flugvallarsamningnum, en hefur sleppt sínum rétti til úrslitaáhrifa, sem þó er ákveðinn í samningnum.

Í skýrslu flugvallarn. er getið um ráðstefnu, sem haldin var í Dublin í marz 1946. Þar segir svo, með leyfi forseta: „Á ráðstefnunni í Dublin í marzmánuði 1946 var m. a. ákveðið að leggja til, að Ísland hefði á hendi flugumferðastjórn á tilteknu svæði kringum Ísland. Var einnig óskað eftir sérstakri veðurþjónustu af hálfu Íslands vegna flugferða um Norður-Atlantshafið. Till. þessar voru síðan samþ. í stjórnarnefnd alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Á Dublinráðstefnunni lagði íslenzka sendinefndin fram rökstutt álit þess efnis, að Ísland sæi sér ekki fært að standa sjálft straum af kostnaði við þá þjónustu og stöðvar, sem mælt var með í samþykktum ráðstefnunnar, og áskildi sér rétt til alþjóðlegrar kostnaðarþátttöku fyrir milligöngu alþjóðaflugmálastofnunarinnar.“ Þessi krafa var ekki nema sjálfsögð, því að meginhluti þessarar starfsemi var fyrir aðrar þjóðir, þ. e. að leiðbeina erlendum flugvélum yfir Atlantshaf, og þar af leiðandi engin sanngirni í því, að Íslendingar bæru þennan kostnað einir, enda voru allir fulltrúar sammála um, að Íslendingum yrði lagt til af fé stofnunarinnar. En þegar til framkvæmdanna kom, stöðvaði Bandaríkjastjórn þetta í bili, því að hún vildi setja Íslendinga í vanda út af þessu máli, svo að hægara væri að fá afnot af Keflavíkurflugvellinum, enda var því haldið fram af þeim, sem töldu sér hag í því að láta Bandaríkin hafa flugvöllinn, að einmitt vegna þeirra skuldbindinga, sem við höfðum tekið á okkur í Dublin, þá værum við til neyddir að láta flugvöllinn af hendi, þó að þetta væri blekking að því leyti, að við vorum alls ekki skuldbundnir til að reka þessa flugstöð, nema við fengjum styrk til þess. Þetta kemur líka betur í ljós síðar í skýrslunni, þar sem segir, að nú sé fengin aðstoð Bandaríkjanna til að fá umræddan kostnað endurgreiddan, en það var ekki fyrr en flugvallarsamningurinn hafði verið gerður.

Meðan Bandaríkjamenn höfðu hér herlið, þá ráku þeir hér loftskeytastöð, þar sem störfuðu um 60 menn. Þessa stöð reka þeir enn, þó að þeir hafi klippt af sér hnappana og stöðin sé algerlega óþörf fyrir hernámið í Þýzkalandi, þar sem íslenzka stöðin gæti auðveldlega annazt þá skeytasendingu, sem þörf væri á. Ef Íslendingar mættu ekki vita um innihald skeytanna, þá er auðvelt að senda dulmálsskeyti, enda nauðsynlegt hvort sem er. Það er fullvíst, að Bandaríkin hafa enga heimild eftir flugvallarsamningnum til þess að reka hér loftskeytastöð, og þegar aðgætt er, að stöðugt fleiri hernaðartækjum er stjórnað með loftskeytum, þá getur þessi rekstur Bandaríkjanna verið mjög hættulegur. Mér er ekki kunnugt um, hvaða tæki eru til staðar í þessari umræddu loftskeytastöð, en margt bendir til þess, að þarna séu tæki til að stjórna mannlausum flugvélum og loftsprengjum. Það er því nauðsynlegt, að þarna sé fylgzt með í hverju smáatriði, en það er einungis hægt með því, að Íslendingar hafi alla verkstjórn þarna sjálfir.

Þá er að lokum eftirmáli í skýrslu flugvallarn., og í honum kemur fram yfirlýsing um það, að reglugerð verði ekki sett fyrst um sinn. Þar segir svo, með leyfi forseta: „Samkvæmt framangreindri skýrslu er það ljóst, að myndazt hafa reglur um flestöll þau atriði, er varða flugvöllinn og rekstur hans, en hins vegar hefur ekki þótt tímabært, vegna takmarkaðrar reynslu Íslendinga um rekstur slíkra flugvalla, að setja strax reglugerð um rekst-

urinn, eins og ráð er þó fyrir gert í 7. gr. flugvallarsamningsins.“ Það er fullvíst, að flugvallarn. er ekki að skýra frá sinni skoðun, þegar sagt er í skýrslunni, að það sé ekki tímabært að setja reglugerð. Nei, þarna eru skipanir frá hærri stöðum. Það hefði þótt slæmur áróður, ef því hefði verið haldið fram um það leyti, sem harðast var deilt um flugvallarsamninginn, að engin reglugerð mundi verða sett um reksturinn. Þá hefðu samningamennirnir talað um tilhæfulausan róg. Það hefur verið deilt hart á Arnór Hjálmarsson, fyrrv. flugvallarstjóra, og það meðal annars fyrir það, að hann hafi ekki sett neina reglugerð um starfsemina á flugvellinum, en svo upplýsir flugvallarn. fyrir hönd sinna yfirmanna, ríkisstj., að það verði engar reglur settar fyrst um sinn. Svona er málflutningurinn. Ég tel, að þessi skýrsla flugvallarn. gefi þjóðinni góðar upplýsingar um þessi mál. Ríkisstj. lætur Bandaríkjamenn algerlega vera einráða um framkvæmd samningsins, en allar aðgerðir ríkisstj. miða að því að slá ryki í augu almennings. Skýrsla flugvallarn. ætti að vera nægilegt tilefni til þess, að Alþ. láti til sín taka í þessu máli, en þó að það verði ekki nú, þá mun koma að því, að þjóðin vill fá að vita nákvæmlega um þessi mál, og þá verður þetta plagg, sem ríkisstj. hefur látið gera, gott sýnishorn um það, hvernig haldið hefur verið á málstað Íslands, hvernig haldið hefur verið á þeim rétti, sem Bandaríkin gengust undir jafnhliða því að fá hér dýrmæt réttindi.

Ég hef áður farið út í þær fullyrðingar, að álitsgerðin, sem birt var með till., hafi aðeins verið umræðugrundvöllur, en sannleikurinn var, að þetta voru till. n., sem ríkisstj. hafnaði, enda sést af skýrslunni, að skoðun ríkisstj. er sú að gera aðeins það, sem Bandaríkin hafa áður fallizt á, en flugvallarn. ræður þar engu um. Smokkar hæstv. utanrrh. sér undan því og ábyrgðinni, sem hann ber á því að hafa forkastað þessari till., sem þessir fagmenn lögðu fyrir stjórnina, en tekur upp framkvæmd, sem í einu og öllu gefur Bandaríkjamönnum frjálsari hendur án tillits til þeirra hagsmuna, sem Íslendingar hafa gætt þarna, og þess réttar, sem Íslendingum er æskilegt að hafa þarna. Hæstv. utanrrh. gerði mikið úr því, að ég hefði, eins og hann orðaði það, stolið þessum plöggum, sem ég birti með þáltill. minni, og bar á mig þjófnað og skjalafölsun. Ég vil benda á, að flugvallarn. og enginn þeirra manna hefur talið það nokkurt leyndarmál. Íslenzka þjóðin hefur fullan hug á að í samræmi við hennar samning sé allt á hreinu. Samningurinn var gerður í því skyni, að Bandaríkin gætu haft samgöngur við Þýzkaland og staðið við skuldbindingar gagnvart bandamönnum sínum. Þótt þetta sé ekki leyst af okkar hendi, er nauðsynlegt fyrir stjórnina að gera allt opinbert í þessum málum. Þessi skjöl hafa því farið víðar frá sölum nm., og ekkert hefur verið tjáð um það fyrr en þessi skýrsla um framkvæmd á samningnum, sem nú er fram komin. Sú nauðsyn hefur vaknað hjá ríkisstj. að leyna sem mestu fyrir almenningi upplýsingum varðandi þessi mál. Nú var síðasti þáttur í starfi hæstv. utanrrh. í sambandi við flugvallarmálið að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja, að almenningur fylgdist með því, hvað skeður þarna, og að hægt væri að koma til almennings upplýsingum um, hvernig ástandið er.

Hæstv. utanrrh. talaði um í þessu sambandi, að ég hefði stolið plöggum úr skúffu hjá hæstv. samgmrh. í sambandi við hafnargerð. Ég get ekki látið hjá líða að minnast nánar á þetta mál. Frá því að fyrrv. stjórn var mynduð, hefur þetta mál verið á döfinni. Var stöðugt hamrað á því, að gengið yrði frá þessu máli og ákvörðun fengin um það af fagmönnum, hvort þarna væri heppilegur staður til hafnargerðar. Fyrir kosningarnar 1946 lofaði samgmrh. því á kosningafundi á Sandi og Ólafsvík og víðar að hraða rannsóknum í málinu og láta það fram koma án tafar. Ekkert var gert til að rannsaka þetta fyrr en seinni hluta sumars. Og samgmrh. gerði ekkert til að koma málinu á framfæri. Þá samdi ég frv. og byggði á upplýsingum, sem þá voru kunnar um rannsóknir, sem fram fóru, og lagði það fyrir þingið, til þess að tryggt væri, að þetta kæmi fram á þingi, því að sýnt var að hæstv. samgmrh. ætlaði ekki að bera það fram og þannig liggja á þessu máli. Ég samdi þetta frv., þar sem samgmrh. hafði ekki gert það þrátt fyrir loforð hans persónulega á kosningafundi þar vestra. Því var það að ég lagði málið fram, enda málið að vissu leyti skylt þeim störfum, sem ég hafði, sem voru atvinnumál og sjávarútvegsmál, því að við svo búið er ekki um að ræða, að fólkið geti búið þarna lengur, ef ekki verða bætt hafnarskilyrði, og þar með liggja ónotuð önnur dýrmætustu þorskveiðamið Íslands.

Hæstv. utanrrh. efaði það, sem ég sagði, að nóg væri að hafa 50 manna lið á flugvellinum til þess að reka hann sæmilega. Það getur verið, þó að ekki sé mikil umferð, að það verði að hafa stóran flugvöll tiltækan fyrir samgöngur yfir Atlantshaf. Þá geta þeir ekki lagt þær skuldbindingar á Íslendinga, að þeir haldi þessum flugvelli við. Ef þjóðir, sem halda flugferðum yfir Atlantshaf án viðkomu á Íslandi, telja það þýðingarmikið að hafa hér svo stóran flugvöll, þá er það samningsatriði þeirra þjóða við Íslendinga. Þá gætu Íslendingar tekið að auka starfsemi sína gegn því, að viðkomandi þjóð borgi kostnaðinn. Annað kemur ekki til mála en til komi borgun af hverju sæti, sem yfir Atlantshaf fer, og einnig, að þær flugvélar, sem fara án viðkomu á Íslandi og hafa rétt til lendingar, að þær borgi ákveðna upphæð af hverju sæti eða farþega. Þetta er ekki óeðlilegt, þó að þessu sé haldið fram, að við þurfum endilega að hafa þann fullkomna rekstur á flugvellinum hér, sem miðaður er við mestu umferð, sem hugsanleg er, að kynni að lenda hér. Og það er gert á móti betri vitund að halda slíku fram og gera mikinn í augum Íslendinga þann kostnað, sem af því leiðir að reka flugvöllinn. Það er staðreynd, að það er hægt að reka flugvöll þannig, að þessar venjulegu flugvélar geti komið hér við, og enn fremur þær, sem Bandaríkin senda með viðkomu hér til Þýzkalands, sem er þrisvar til sex sinnum á viku, með lið, sem er milli 40—50 manns. Þetta stendur óhaggað og ómótmælt, þannig að sú tala, sem þeir gáfu upp, er út í hött, því að þeim eru ætluð önnur stærri verkefni, sem sé að halda uppi stórfelldum, nýtízku flugvelli, sem er alltaf til á hvaða augnabliki sem vera skal. Hæstv. utanrrh. taldi mjög erfitt að greina á milli, af hverju bæri að greiða toll eða ekki og hvað af starfseminni heyrði undir undanþágu, og taldi ekki hægt fyrir íslenzk stjórnarvöld að ákvarða um það, heldur bæri að semja við Bandaríkin og sætta sig við það, sem þau

féllust á. Ósamræmið við alla framkvæmd á innheimtu tolla er ein sönnun þess, að ríkisstj. skoðar Bandaríkin hafa rétt umfram íslenzka þegna í þessu sem öðru. Vitanlega er ekki um annað að ræða en að einstaklingar, sem eru á vellinum, lúti íslenzkum lögum, og þá á stjórnin að setja reglugerð um, hvað skuli teljast nauðsynlegt í sambandi við samgöngur við Þýzkaland, og láta síðan innheimta þetta. Hann notar þessar aðferðir til þess að vera viss um, að embættismenn stjórnarinnar, sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu og tollstjórinn í Reykjavík, séu ekki að valda ríkisstj. óþægindum með því að nota íslenzka reglugerð gagnvart Ameríkumönnum. Þá eru opinberir starfsmenn teknir undir fjmrn., til þess að tryggt sé, að Bandaríkin verði ekki fyrir neinum óþægindum. Þá viðurkenndi hæstv. utanrrh. það, að Íslendingar geti svipt Ameríkumenn landvistarleyfi, sem við teljum að athuguðu máli, að ekki sé þörf á til að reka völlinn í sambandi við Þýzkaland. Þetta er mjög þýðingarmikið fyrir okkur, ef við erum ekki bundnir við þessa 600 manna tölu, sem þeir gáfu upp. Þess vegna tel ég, að ríkisstj. eigi að láta fara fram rannsókn á, hvað mikið starfslið þeir þurfa að hafa á Íslandi til þess að hafa samgöngur þær, sem ráð er fyrir gert í samningnum. Til þess að ekki sé hægt að ásaka Íslendinga fyrir hlutdrægni, er þeir vilja tryggja þau réttindi, sem búið er að veita með þessum samningi, þá er hægt að fá fagmenn frá nágrannalöndum okkar, t. d. Englandi eða Norðurlandaþjóðunum, til að taka þátt í þessari rannsókn. Meðan þetta er ekki gert, þá getur hæstv. utanrrh. ekki á nokkurn hátt mótmælt staðhæfingu minni um, að ekki þurfi nema 50 starfsmenn til þess að annast rekstur flugvallarins. En það er víst ekki hætta á, að núverandi ríkisstj. geri neitt í þessu, því miður. Þá sagði hann, að flugvallarstjóri hefði haft sem aðalverk að semja reglugerð. Já, segjum það. En flugvallarn. samdi líka, og voru till. hennar um fyrirkomulag á rekstri flugvallarins frumdrög að reglugerð, en þegar til kom, ónýtti hún frumdrögin að reglugerð og vildi hvorki sjá, heyra né ræða þau til þess að valda Bandaríkjunum ekki óþægindum í bága við það, sem þeir kjósa. Þó að flugvallarstjórinn fyrrverandi hefði komið með slíkt uppkast, býst ég ekki við, eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. utanrrh. gaf um andstöðu sína á þessum manni, að hann hefði getað haft meiri áhrif. Hæstv. utanrrh. sagði, að hann væri andstyggð á að horfa. Ég býst ekki við, þó að hann hefði komið með till., að hann hefði fundið náð fyrir augum ríkisstj. frekar en flugvallarn. Samt sem áður leyfir hæstv. utanrrh. sér að halda því fram, að það hafi getað talizt eitt af stórum afbrotum Arnórs Hjálmarssonar að hafa ekki samið þessa reglugerð, sem stjórnin nú ákvað að semja ekki fyrst um sinn. Svona er meðferðin á málinu, hvað snertir þennan starfsmann, sem hér er dreginn inn í umræðurnar, en hefur þó enga aðstöðu til að bera hönd fyrir höfuð sér út af þeim árásum, sem tveir ráðherrar hafa gert á hann. Ég vil undirstrika það, sem áður hefur komið fram í þessum umræðum í sambandi við okkar starf á vellinum, að það verður í lausu lofti og ekki annað en glundroði, ef ekki eru settar fastar reglur um starfsemina. Íslendingar hafa ekki aðstöðu til að rækja verk sín án þess að hafa ákveðna reglugerð, sem kveður skýrt á um hvert verk, sem fer fram á vellinum, og að hve miklu leyti Bandaríkjamenn á Íslandi starfrækja völlinn og hvað Íslendingum er heimilt að skipa Ameríkumönnum og í hvaða efnum Íslendingum ber að taka tillit til skuldbindinga sinna gagnvart samningnum. Öll starfsemi á vellinum er ekki annað en fálm út í loftið, og lítils virði, ef þessi reglugerð er ekki sett. Stjórnin sér, að ef hún setur þessa reglugerð og hún heimilar Bandaríkjamönnum þau afnot, sem þeir hafa, þá hefur hún reist sér minnisvarða í augum þjóðarinnar, sem hún óttast, og þjóðin veit, hvernig málum er komið og hvernig hún heldur á rétti hennar gagnvart Ameríkumönnum. Það er grundvallaratriði í fyrsta lið þáltill. minnar, að Alþ. fyrirskipi stjórninni að setja þessa reglugerð, þar sem ekki var hægt að taka upp í samninginn þau atriði, sem nauðsyn krefur í sambandi við starfræksluna, en það á að gerast í reglugerðinni. Á forsendum þeim, að Alþ. féllst á að samþykkja þennan samning, hefur ríkisstj. lofað að gera þessa reglugerð. Þess vegna er það höfuðatriði, að þessi reglugerð verði sett og Alþ. gefist tækifæri til þess að taka til sinna ráða með þessari till., sem ég hef flutt.

Þá sagði hæstv. utanrrh., að Bandaríkjamenn hefðu ekki rétt á flugvellinum og þeir hefðu ekki löggæzluna, hún væri í höndum Íslendinga. Ég bendi á atriði í skýrslunni, sem skýrir frá því, að mig minnir, að ef Ameríkumaður gerir sig sekan um ólöglega sölu tollfrjálsrar vöru Ameríkumanna á vellinum, þá er hann þegar fluttur af landi. Ef amerískir menn gera sig seka um að brjóta þannig íslenzk lög með því að selja tollfrjálsa vöru, sem tollskyld er, eiga þeir að heyra undir íslenzk lög. Ef Ameríkumenn rannsaka þetta sjálfir og gera fyrst ráðstafanir í þessu sambandi, þá eru þeir að framkvæma önnur lög en íslenzk. Ég skal ekki draga í efa, að þeir vilja fyrirbyggja, að amerískir hermenn reki slíkan markað. Ef þeir hafa menn til að líta eftir því, hvort þeir gera þessa hluti, þá eru þeir að framkvæma löggæzlu á Íslandi. Löggæzlan á að vera algerlega íslenzk, og þeir Bandaríkjamenn, sem þar eru til varðgæzlu, geta eingöngu gert það að tilkynna Íslendingum, að þessi eða hinn hafi brotið íslenzk lög eða reglur. Ef löggæzlan er íslenzk, þá geta Ameríkumenn ekki refsað sínum mönnum með því að senda þá úr landi, því að það eru Íslendingar, sem ákveða, hvort þeir hafa landvistarleyfi eða ekki, og enginn getur flutt þá burtu, án þess að íslenzk stjórnarvöld komi þar að, þess vegna er ekki hægt að beita slíkum refsingum gegn þessum mönnum. Það er sýnilegt af upplýsingum flugvallarn., að þetta varðlið flugvallarins framkvæmir sín störf eins og þetta væri löggæzla. Það kemur heim við það, sem þessir menn segja, og þeir koma fram við Ameríkumenn eins og þeir væru löggæzlumenn og hefðu sama starf með höndum og hernaðarlögreglan hafði. Það hafa komið tvö leiðinleg atvik í sambandi við telpu út af Keflavíkurflugvellinum. Í annað skiptið tapaðist hún í nokkra daga. Það væri gott að fá upplýsingar hjá hæstv. utanrrh., hvernig með slík mál er farið, og heyra hann gera grein fyrir þessu. Það er í alla staði ótækt fyrir Íslendinga, að Ameríkumenn eigi að hafa nokkra löggæzlustarfsemi á hendi. Það er fullvíst, að erlendir menn, sem eiga að gæta þess, að samborgarar sínir brjóti ekki íslenzk lög, eru ekki eins næmir í því starfi og íslenzkir löggæzlumenn. Og þeir mundu ekki vera eins nákvæmir við

meðborgara sína, þegar þeir eru ekki að starfa fyrir sitt þjóðfélag, þó að ekki væri hægt að bera á þá hreina sviksemi, enda er það svo, að okkar umráð yfir vellinum eru nauðsynleg og að Íslendingar vaki yfir því, að þarna fari fram ýtarlegt eftirlit með öllu starfi vegna þessarar löggæzlu, og um leið sé þess gætt, að ekkert fari fram nema það, sem er heimilt gagnvart samningnum. Höfuðverkefni íslenzkra starfsmanna, sem á vellinum eru, á að vera að líta eftir því.

Þá sagði hæstv. utanrrh., að það hefði verið slæmt að halda mönnum þarna — ekki reyndar í starfinu fyrir Bandaríkin á þann hátt, sem aðstæður væru á vellinum, eins og ég hefði haldið fram —, heldur fyrir það, að fyrrv. flugvallarstjóri væri slík andstyggð á að horfa, að enginn hefði haldizt þar við á hans tíma. Nú, síðan hann fór, eru menn ólmir í að fá starf á vellinum. Ég býst við því, að það sé eitt af afrekum ríkisstj. í sambandi við fjárhagsráð að draga svo úr atvinnu í Reykjavík og annars staðar, að Íslendingar þurfi nauðsynlega að leita sér atvinnu þarna. Auðvitað leita þeir að atvinnu þarna til þess að hafa eitthvað, en hver maður, sem getur komizt hjá því, kýs heldur að starfa annars staðar.

Nú er amerískt félag að reisa ýmsar byggingar í sambandi við flugvöllinn, og ég vil spyrja hæstv. utanrrh., hvenær þetta félag hefur fengið byggingarleyfi á Íslandi, því að ég veit ekki til, að hægt sé að starfrækja erlent félag sem byggingarfélag hér á landi nema með sérstakri löggjöf um þá hluti. Og ég veit, að ýmis íslenzk félög hefðu viljað taka þessar byggingar að sér, en fram hjá því er gengið og Ameríkumenn fá að hafa sína hentisemi á þessu. En um starfsliðið til þessara hluta er það þannig, að ég býst við, að ríkisstj. þyrfti ekki að hafa mikið fyrir því að fá það til þessara starfa.

Höfuðatriði þessa máls felst í 1. tölul. þessarar þáltill. á þskj. 26, það, að Alþ. feli ríkisstj. að setja nú þegar reglugerð um starfrækslu Keflavíkurflugvallarins og að framkvæma samninginn yfirleitt þannig, að Bandaríkjamenn séu ekki látnir hafa einhliða rétt til að gera það, sem þeim gott þykir að gera hér. En skilyrði fyrir því, að þeir séu ekki einráðir um það, er, að þessi reglugerð verði sett. Og það gefur hæstv. Alþ. alveg sérstakt tilefni til að taka afstöðu til þessa máls, að hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir gegn skýrslu flugvallarn., að hún ætli sér ekki, nema Alþ. þá leggi eitthvað fyrir hana um það, að setja þessa reglugerð strax. Hún sem sagt setur ekki reglugerðina, ef hæstv. Alþ. ekki leggur fyrir hana að gera það. Og það hefur gefið Alþ. alveg sérstaka ástæðu til þess að taka hér röggsamlega í sínar hendur þetta mál, vegna þess að þetta var ein höfuðforsendan fyrir því, að samningurinn var gerður um Keflavíkurflugvöllinn hér á Alþ., eftir því sem talsmenn samningsins lýstu yfir, þegar hann var hér á döfinni, og margir hv. þm. hafa líka álitið, að þessi reglugerð yrði sett. Þetta er höfuðatriði málsins og það, sem skiptir mestu máli, enda má, með því setja ýtarlegar reglur um starfrækslu vallarins, kippa ýmsu því í lag, sem aflaga hefur farið í framkvæmd ríkisstj. á flugvallarsamningnum. Og með því að koma þannig í lag framkvæmd samningsins, verður þessi samningur til minnsts skaða fyrir íslenzku þjóðina, því að eftir því sem við framkvæmum þennan samning strangar, eftir því verður skaði okkar af að hafa gert þennan samning minni og við verðum betur undir það búnir að geta sagt honum upp.

Um það atriði, sem fram kom í ræðu hv. 4. þm. Reykv., þegar hann lagði fram fyrirspurn fyrir ríkisstj. um uppsögn þessa samnings, þá er dálítið fróðlegt að hugleiða svör hæstv. ráðherra. Þau voru ákaflega loðin. Hæstv. utanrrh. svaraði fyrstur, og hann sagði, að þeirri spurningu, hvort samningnum yrði sagt upp eða ekki, væri ekki hægt að svara nú. Það færi eftir því, hver reynsla fengist af framkvæmd samningsins, og því, hvernig hæstv. Alþ. og ríkisstj. kynni að líta á það mál, þegar þar að kemur. Ég held, að ekki sé hægt að hafa óákveðnara orðalag á svari um þetta. Það er hægt að minna á, að allir, sem töluðu með þessum samningi, þegar hann var gerður, lögðu á það geysilega áherzlu, að þetta væri aðeins til fimm ára — samningurinn gilti aldrei lengur — eða 6½ árs með þeim frestum, sem tilheyra uppsögn samningsins. Það þótti þá illkvittni af sósíalistum, að við vildum ekki láta Ameríkumenn hafa þennan samning til fimm ára aðeins. Nú vilja þessir menn, sem töluðu um, að Alþ. samþykkti samninginn aðeins til fimm ára, þegar þeir vildu fá þingið til að samþykkja hann, ekkert ákveðið segja um það, hvort samningnum verði sagt upp, þegar fimm árin eru liðin. Þeir vilja hafa allt þar laust og óbundið. Hæstv. utanrrh. sagði, að ef reynsla af samningnum yrði góð, virtist opin leið til þess, að samningurinn yrði framlengdur. En reynslan af samningnum þetta ár, sem liðið er, síðan hann var gerður, er frá sjónarmiði hæstv. ríkisstj. góð í alla staði. Það er tekið fram í skýrslu flugvallarn., að ekkert sé upp á að kvarta um samvinnu í sambandi við samninginn, sem fram hefur komið af hendi Ameríkumanna. Og samvinnan er góð af þeirri sök, að íslenzka ríkisstj. knýr aldrei neitt fram við Bandaríkjamenn, heldur ber aðeins fram beiðnir til amerísku stjórnarinnar, og ef Ameríkumenn ekki fallast á þær beiðnir, er ekkert sagt. Með þessu móti er gott samkomulag. Og a. m. k. vill ekki hæstv. ráðh. svipta sig möguleikanum til þess að fallast á, að þessi samningur verði framlengdur. — Hæstv. forsrh. gekk eiginlega skrefi lengra, því að hann sagði, að það sýndist svo, að eftir fimm ár mundu Íslendingar ekki verða færir um að stjórna á flugvellinum, sem sagt, að eftir fimm ár þyrftum við Íslendingar að fara til Ameríkumanna og biðja þá að stjórna flugvellinum og þjálfa Íslendinga, svo að þeir geti tekið við stjórn hans. Þetta ákvæði hefur nú einmitt staðið í samningnum, að Ameríkumenn eigi að þjálfa þannig Íslendinga. Það verður sjálfsagt sett á tveimur stöðum í samningnum eftir fimm ár. — En þetta atriði, að hæstv. ráðherrar vilja ekki gefa skýr svör í þessu efni, það er mjög þýðingarmikið atriði í þessu máli, af því að margt, sem aflaga hefur farið í stjórn vallarins, skiptir minna máli, ef skýrar yfirlýsingar ríkisstj. lægju fyrir um, að samningurinn yrði ekki framlengdur. Þó að Ameríkumenn brjóti tollal. og l. um firðviðskipti o. fl., skipti það miklu minna máli, ef það lægi fyrir, að samningurinn gilti aðeins til 5 ára, en þá yrði honum sagt upp, eins og upphaflega var um talað. Og hæstv. ríkisstj. gæti skapað miklu meiri kyrrð um þetta mál, ef hún lýsti þessu yfir. En hæstv. ríkisstj. vill það ekki, heldur hafa þær dyr opnar að geta fallizt á að framlengja samn-

inginn, ef Bandaríkjamenn sækja það fast. — Nú munu fara fram kosningar til Alþ., áður en þessi samningur rennur út, ef kjörtímabilið verður ekki framlengt. Og þær fara fram vafalaust, áður en þessi samningur rennur út. Ég býst við, að allir þessir menn lýsi þá yfir við undirbúning þeirra kosninga, að vitanlega komi það ekki til mála að framlengja þennan samning. Og kjósendur munu kjósa frambjóðendurna eftir því, hverju þeir lýsa yfir í sambandi við þennan samning. Svo verður kannske kallaður saman skyndifundur í Alþ. nokkrum vikum eftir kosningarnar og sagt þar, að þar sem ástæður hefðu breytzt, síðan kosningar fóru fram, þá sé ástæða til að framlengja samninginn, og þá verður samningurinn sennilega framlengdur á þessum forsendum, því að menn, sem gáfu hátíðlegar yfirlýsingar og fluttu æstar ræður í útvarpið um það óheyrilega glapræði, sem það yrði, ef Íslendingar færu að gera samning um afnot erlendra þjóða af landi sínu — þeir stóðu upp hér í Alþ. og mæltu með því, að Bandaríkin fengju herstöðvar á Íslandi, undir yfirskini þess, að þeir þyrftu að hafa samgöngur við hernámslið sitt í Þýzkalandi. Þannig býst ég við, að í framkvæmdinni reyndist það um framlenging flugvallarsamningsins, ef Alþ. tekur hér ekki röggsamlega í taumana með því að leggja fyrir ríkisstj. að halda þannig á málinu, að allur vafi sé af tekinn um það, hvernig framkvæma skuli samninginn og hve lengi hann skuli gilda.

Ég vil svo ekki lengja mál mitt frekar, þó að fleiri atriði hafi fram komið, sem ég hef ekki haft tíma til að víkja að enn. En ég vil að lokum leggja til, að umr. um þetta mál verði frestað og málinu verði vísað til hv. allshn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef haldið eina ræðu áður um þetta mál, og hæstv. utanrrh., sem hefur haldið þrjár ræður um málið, vék að ýmsu, sem ég hef sagt, og bar m. a. fram nokkrar fyrirspurnir til mín auk ýmissa ærumeiðandi ásakana. Ég mun nú taka fyrir þessa ræðu, sem hann flutti, og svara nokkrum af þeim fyrirspurnum, sem hann bar fram.

Ég verð að segja, að mér ógnar í raun og veru, að ráðh., sem er utanrrh. og dómsmrh. okkar lands, skuli koma fram eins og þessum hæstv. utanrrh. þóknaðist að gera í þeirri ræðu, í fyrsta lagi, að utanrrh. skuli sýna aðra eins vanþekkingu í utanríkispólitík og utanríkismálum eins og þar hefur komið fram, og í öðru lagi, að dómsmrh. þessa lands skuli láta hjá líða á Alþingi að svara ásökunum, sem á hann eru bornar, að hann hafi í stórum stíl þolað lögbrot í okkar landi án þess að gera nokkurn skapaðan hlut til að afstýra þeim og jafnvel verið í vitorði með þeim, sem þau hafa framið, og að því er virðist lagt stund á að festa þessi lögbrot sem venju í okkar landi. Maður hefði vel getað skilið, að það hefðu verið skrifaðar greinar í Morgunblaðið í svipuðum stíl og hæstv. ráðh. talaði þá, en að ráðh. tali í þinginu eins og þar væri á ferðinni grein í Morgunblaðinu, er slæmt tákn í þróun lýðræðisins.

Hæstv. ráðh. beindi til mín þeirri fyrirspurn, hvort ég, sem hefði lagt stund á sagnfræði, gæti nefnt eitt einasta dæmi um, að lýðræðisþjóð hefði hafið árásarstríð. Hæstv. ráðh. gaf m. ö. o. til kynna á þennan hátt, að það væri svo fráleitt, að slíkt hefði aldrei í annálum sögunnar komið fyrir og það ætti að sýna, hve þekkingarleysi mitt væri geysilegt, að ég skyldi láta mér detta í hug annað eins og það, að Bandaríkin eða nokkur önnur lýðræðisþjóð hefði farið í árásarstríð. Það var eins og hæstv. ráðh. hefði sagt skák og mát, nú þyrfti ekki framar að sökum að spyrja, það væri augsýnilegt, hversu hörmuleg væri vanþekking þm. Sósfl. í öllum málum, sem snertu utanríkispólitík, en hann einn hefði til að bera alvizku og gífurlega þekkingu á sögu mannkynsins, hann gæti fullvissað Alþ. um, að aldrei hefði þekkzt lýðræðisþjóð, sem hefði háð árásarstríð, og mundi ekki koma fyrir, og því gæti þjóðin verið róleg, ekkert væri að óttast. Það þyrfti ekkert að velta því fyrir sér og ekki þyrfti að taka slíkt með í reikninginn, þegar við sem alþm. værum ábyrgir fyrir, hver örlög þjóðarinnar yrðu.

Ég skal verða við ósk hæstv. ráðh. og nefna dæmi um árásarstríð hjá lýðræðisþjóð. Ég skal þá fyrst nefna það land, sem almennt er talið fyrirmynd lýðræðisríkja í Evrópu, helzta þingræðisríki álfunnar, sem margar aldir hefur verið brautryðjandi í því að skapa hjá sér lýðræði. Það er Bretland.

Svo að við lítum aðeins á síðustu 100 ár, þá má nefna þar tvö árásarstríð af hálfu Breta, í fyrsta lagi árásina á Kína 1842 og næstu ár, þegar Bretland réðst á Kína til að neyða það til að opna land sitt, svo að Englendingar gætu selt þar ópíum. Þetta var beint verzlunarstríð, sem var háð til þess að geta selt eiturlyf í landinu, háð til að kúska þjóð, sem var að reyna að bjarga sér undan ópíumbölinu.

Svo er annað dæmi á okkar öld, sem ég hélt, að okkur væri ekki liðið úr minni, en það er Búastríðið, árásarstríð á Búa, stríð til að leggja undir sig sjálfstæða þjóð, stríð, sem talað var og ritað um á Íslandi og eitt af okkar beztu skáldum orti um, svo að hatramlegar hefur aldrei verið ort um Bretaveldi. Fleiri stríð má nefna, sem Bretland háði, meðan það var að leggja undir sig Asíu og Afríku, undiroka heilar þjóðir til að byggja upp heimsveldi sitt. Við skulum vera klárir á því, að það er lýðræðisríkið Bretland, sem fremur þessar árásir. Það voru til menn í Englandi, sem voru á móti þessum árásum, en þetta var framkvæmt engu að síður. Og ef við viljum rekja ástæðurnar til þessara árása, þá er ástæðan sú, að borgarastéttin, sem brauzt til valda í Englandi á 17. öld og smám saman jók sín völd, vildi leggja undir Bretland eins mikil lönd og hægt var. Þannig fór þetta saman, að samtímis því, sem verkalýðurinn barðist fyrir auknu lýðræði heima fyrir, varð hann yfirgangssamur við aðrar þjóðir. Þessu megum við ekki gleyma, ef við viljum skilja, hvers konar lýðræði þetta er.

Þá er annað ríki, sem hefur verið mikill brautryðjandi í lýðræðisbaráttu Evrópu, Frakkland. Þar er sömu söguna að segja. Það háði hvert árásarstríðið á fætur öðru, þegar það var að brjóta undir sig nýlendurnar, sem það á í Norður-Afríku, og barði niður þjóðirnar, sem þar voru fyrir, með sífelldum árásarstríðum, þegar það var að byggja upp franska heimsveldið.

Nú vill hæstv. ráðh. kannske segja, að þótt lýðræðisþjóðirnar í Evrópu, þessir miklu brautryðjendur lýðræðisins, hafi nú í síðustu 100 ár gert sig sek í hverju árásarstríðinu á fætur öðru og brotið þannig þetta lögmál, sem hæstv. ráðh. hélt fram, að aldrei hefði verið brotið í mannkynssögunni, þá

hefðu hin heilögu Bandaríki þó aldrei gert sig sek í því. Ég hafði, þegar flugvallarsamningurinn var til umr., birt með mínu minnihl.nál. nokkrar frásagnir um afskipti Bandaríkjanna af smáríkjunum í Mið-Ameríku. Ég hélt máske, að hæstv. utanrrh., sem þá var formaður utanrmn., hefði látið svo lítið að lesa þetta nál. og þær skýrslur, sem því fylgja, sem eru studdar tilvitnunum í þau rit, sem Bandaríkin sjálf hafa gefið út. M. a. er vitnað í þær rannsóknir og yfirheyrslur, sem fram hafa farið af hálfu n., sem Bandaríkjaþing hefur kosið á hverjum tíma til að rannsaka viðskiptin við þessar þjóðir, og mér vitanlega hefur enginn gert tilraun til að hrekja það, sem þar kemur fram. Það var sett fram af minni hálfu, til þess að enginn í utanrmn. og enginn hv. alþm. gæti verið í efa um, hvað smáþjóðir eins og við geta átt á hættu af því ríki, sem við höfum samið við, án þess að ég dragi á nokkurn hátt í efa, að Bandaríkin séu lýðræðisþjóð. Ég hélt, að hæstv. ráðh. hefði kynnt sér þetta. Ef hann hefði gert það, þá hefði svo getað farið, að hann hefði ekki komið með þær staðhæfingar, sem hann hefur komið hér með, því að þar auglýsti hann svo greinilega vanþekkingu sína á þeirri þjóð, sem hann er nú að skipta við. Bandaríkin hafa hvað eftir annað ráðizt á nágrannaríki sín til þess að tryggja sér þar hagsmuni og sett þar her á land til þess að tryggja sér þar ríki. Ég nefndi í þessu þskj. dæmi um, hvernig smáríki í nágrenni við Bandaríkin hafa orðið fyrir ofbeldi og árásum af þeirra hendi.

Fyrsta dæmið er lýðveldið Santo Domingo. Þar segir svo um íhlutun Bandaríkjanna, með leyfi hæstv. forseta: Smáríkinu Santo Domingo (Dominican-lýðveldinu) náðu Bandaríkin valdi á með því að hlutast til um innanríkismál þess hvað eftir annað, taka upp tolltekjur ríkisins og senda herskip og sjólið til eyjarinnar. Þessi íhlutun náði hámarki í maí 1916, er bandarískra sjóliðið undir forystu H. N. Knapps kapteins var látið taka stjórn landsins með ofbeldi í sínar hendur og setja upp hernaðareinræði. Yfirlýst var, að þetta væri gert samkvæmt skipun frá Washington, vegna þess að „stjórn Bandaríkjanna hefði lagt ríkt á við stjórn Santo Domingos að gera vissar nauðsynlegar ráðstafanir, er Santo Domingostjórnin hafi annaðhvort ekki viljað skilja eða getað skilið." (Blakeslee, G. H.: Mexico and the Carribbean). Þessi hernaðareinræðisstjórn stóð til 1924. „Bandarískur flotaforingi var landsstjóri og hafði allt framkvæmdar- og löggjafarvald, þingið starfaði ekki. Ráðherrasætin voru fyllt með liðsforingjum bandarískra flotans og flotaliðsins." (Blakeslee, sama rit). Herstjórn landsins var haldið fram, þar til lýðveldið Santo Domingo taldi sig til neytt að gera samning við Bandaríkin, er gaf „lagaheimild" til að framkvæma það, sem herstjórnin framkvæmdi með valdi. Það var ekki fyrr en á dögum Roosevelts forseta, að linað var á kverkatökum Bandaríkjastjórnar á þessu smáríki.

Þetta er það, sem við mundum kalla árásarstríð.

Annað dæmið, sem ég nefndi, var Haiti, smáríki, sem hafði háð harða og langa baráttu til að öðlast frelsi, eins og við höfum lesið um í sögum, ekki sízt í hinni frægu bók „Svarta Napóleon. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa örlítið upp, sem sýnir viðskipti Bandaríkjastjórnar við þetta ríki:

„Í desember 1914 lenti bandarískur sjóliðsflokkur í Port au Prince, höfuðborg landsins, hélt til þjóðbanka Haiti og tók þar um hábjartan dag 500000 dollara virði í gulli og fór með það um borð í herskipið „Machias".

Gullið var flutt til New York og varðveitt í hvelfingum National City Bank. Það var eign Haitiríkis og geymt til seðlainnlausnar. Haiti mótmælti þegar þessu broti á fullveldis- og eignarrétti lýðveldisins og krafðist skýringar af Bandaríkjunum. En engin „skýring" var gefin. Roger L. Farnhams, varaforseti National City Bank, skýrði öldungadeildarnefnd svo frá 1921, að utanríkismálaráðuneytið og National City Bank hafi saman skipulagt þessa aðför." (Current History Magazine, 15. bindi — U. S. „Foreign Relations". 1915.)

Sumarið 1915 nota Bandaríkin byltingu á Haiti sem tilefni til að senda herskip og sjólið þangað undir stjórn Capertons flotaforingja, er gerist þegar umsvifamikill í innanlandsmálum. Er stjórn landsins þybbast við ágengniskröfum Bandaríkjanna, fær Caperton fyrirskipun um að hernema tollstöðvar landsins, og var það gert milli 21. ágúst og 2. sept. 1915. Þar sem tolltekjurnar voru langmestur hluti ríkisteknanna, tók bandaríska sjóliðið raunverulega stjórn landsins í sínar hendur, — og 9. sept. 1915 varð ríkisstjórn Haiti að undirrita nauðungarsamninginn, sem Bandaríkin héldu að þeim. Því, sem Haitibúar hafa síðan mátt þola af völdum bandarískra sjóliða og sendimanna, verður ekki lýst í stuttu máli. en ber flest einkenni stjórnar „herraþjóðar" yfir kúgaðri smáþjóð (Johnson, J. W.: Self Determining Haiti.)

Þriðja dæmið er lýðveldið Nicaragua. Ég hafði grein um það vegna þess, að dálitið svipað stóð á um afskipti Bandaríkjanna af Nicaragua eins og með íhlutunina á Íslandi. Ég ætla að lesa örfá orð upp úr því. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

Saga þeirra viðskipta má telja, að hefjist með því, að nokkru eftir aldamót fara Bandaríkin að reyna að fá flotastöð í Fonsecaflóa í Nicaragua og leyfi til að byggja skipaskurð um landið. Fyrirætlanir Bandaríkjanna vöktu mikla ólgu í Mið-Ameríku, og sumarið 1907 var svo komið, að styrjöld virtist yfirvofandi milli allra smáríkjanna þar. Roosevelt Bandaríkjaforseti (eldri) og Diaz Mexikóforseti neyddu þau til að leggja málið í gerð. Fulltrúar hinna fimm smáríkja komu til Washington 1907 og gerðu þar samninga, sem miðuðu að því að efla einingu Mið-Ameríku. Mikilvægast í þeirri samningagerð var stofnun gerðardómstóls fimm manna, skipuðum einum frá hverju ríkjanna, er átti að hafa æðsta dómaravald í öllum ágreiningsmálum þeirra.

. . . . . .

Stjórn Nicaragua-forsetans José Sambos Zelaya hafði beitt sér gegn fyrirætlunum Bandaríkjanna um flotastöð í Fonsecaflóanum og tilraunum bandarískra auðhringa að ná fótfestu í landinu.

En Bandaríkin taka til sinna ráða.

Bylting brýzt út gegn Zelaya 1909. Hún var kostuð af manni að nafni Adolfo Diaz, starfsmanni hjá bandarísku félagi í Bluefields, La Luz and Los Angeles Mining Company. Diaz þessi hafði 1000 dollara í árslaun, en þótt ekki sé vitað um aðrar tekjur hans, gat hann eytt í byltinguna 600000 dollurum, er hann síðan borgaði sjálfum sér. ...

Zelaya var neyddur til að segja af sér og fara úr landi. Þing Nicaragua kaus sem forseta dr. José

Madriz. En Bandaríkin héldu áfram að styðja byltingu Estradas gegn Madriz-stjórninni.

Madriz forseti mótmælti við Taft Bandaríkjaforseta íhlutun Bandaríkjanna um innanlandsmál Nicaragua, en Bandaríkin kröfðust þess, að bandarískum skipum með hergögn handa uppreisnarmönnum yrði hleypt gegnum hafnbannið, sem hin löglega stjórn landsins hafði komið á.

En stjórnarherinn sigraði uppreisnarherinn, neyddi Estrada á undanhald til Bluefields og reyndi þar að framfylgja hafnbanni. Jafnskjótt voru sendar þangað sveitir bandarískra sjóliða, er hindruðu stjórnarherinn í því að halda Bluefields í herkví eða ráðast á bæinn. Þannig gat uppreisnarherinn safnað kröftum að nýju og náð völdum með hjálp bandarískra byssustingja. Hinn 20. ágúst 1910 sagði Madriz af sér, er her hans hafði beðið ósigur fyrir her Estrada. Viku síðar hélt Estrada inn í höfuðborg landsins, Managua, sigri hrósandi.

Og nú var leiðin opin fyrir bandaríska auðvaldið, sem í náinni samvinnu við Bandaríkjastjórn fer að ráðsmennskast í Nicaragua, líkt og um sigrað óvinaland væri að ræða. Fulltrúar Bandaríkjastjórnar segja fyrir um stjórnmál og fjármál landsins. Undirlægjuháttur Estradastjórnarinnar gerði hana svo óvinsæla, að 27. marz 1911 símar bandarískí sendiherrann í Nicaragua stjórn sinni: „Estrada forseti helzt einungis við í embætti sínu vegna stuðnings vors og þeirrar skoðunar, að hann hafi oss að baki, ef í hart fer."

Estrada varð að fara frá, og annar þægur Bandaríkjaþjónn, Diaz, settist í forsetastól. Næstu árin stendur í stöðugu þófi, þar sem þing Nicaragua reynir að andæfa ásælni Bandaríkjanna, en bandarískí sendiherrann ásamt Bandaríkjaleppunum í stjórn landsins reyna að þvinga upp á Nicaragua miklum bandarískum lánum, sem bundin eru því skilyrði, að Nicaragua afhendi Bandaríkjunum tolltekjur sínar og raunverulega yfirráð alls fjármálalífs landsins. Þegar líkindi voru til, að smáþjóðin ætlaði að verða Bandaríkjunum of óþæg, pantaði bandarískí sendiherrann herskip að heiman frá sér, og varð Bandaríkjastjórn hvað eftir annað við þeim tilmælum, og dugði ógnun Bandaríkjaflotans oftast til þess, sem á vantaði, þegar sannfæringarmátt bandarískra sendimanna þraut. ...

Með þeim aðförum, sem nú hefur verið lýst, tókst að beygja og kúga þetta litla ríki svo undir Bandaríkin, að tíu árum síðar, í „samningi" milli ríkjanna 18. febrúar 1916, fær stórveldið vilja sínum framgengt til fulls. Samkvæmt þeim samningi, Bryan-Chamorro-samningnum, greiddu Bandaríkin þrjár milljónir dollara fyrir þessi fríðindi af hálfu Nicaragua:

1. Rétt til að grafa skipaskurð um landið.
2. Leigu til 99 ára á Corneyjum og flotastöð í Fonseca-flóa.
3. Bandaríkjunum sé heimilt að framlengja samninginn um flotastöðina í önnur 99 ár.

Ákvæðið um flotastöð í Fonseca-flóa vakti áhyggjur grannríkjanna, og tvö þeirra, Costa-Rica og Salvador, kærðu það ákvæði samningsins fyrir gerðardóminum í Mið-Ameríkumálum, sem Bandaríkin höfðu átt mestan þátt í að koma á fót. Féll dómur hans á þá leið, að samningsákvæðin um flotahöfnina skyldu ógild, en þá brá svo við, að bæði Bandaríkin og Nicaragua neituðu að hlíta úrskurðinum, og var dómstóllinn leystur upp 1918.

Bandaríska bankaauðvaldið, utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna og Bandaríkjaflotinn hafa síðan mátt heita einráð í þessu „sjálfstæða" ríki.

Mótspyrnan gegn leppstjórnum Bandaríkjanna hélt áfram. Sumarið 1921 var enn gerð uppreisn, og leppstjórnin lýsti yfir hernaðarástandi. Bandaríkjastjórn sendi 10 þúsund riffla og nóg af vélbyssum, til þess að leppstjórnin gæti haldið völdum. Vorið 1932 átti leppstjórn Chamorros enn í vök að verjast, en lét þá fangelsa 300 leiðtoga frjálslyndra, og er það dugði ekki, hótaði bandarískí flotinn að láta til sín taka.

Dvöl bandarísku sjóliðsins í landinu hefur hvað eftir annað leitt til árekstra. Í febrúar 1921 eyðilögðu bandarískir sjóliðar hús Nicaraguablaðsins „Tribuna", en það hafði gagnrýnt Bandaríkjaliðið. Þá og eftir árekstra síðar fengu illræðismennirnir væga dóma. Í ágúst 1925 var látið heita svo, að herinn færi úr landi, en við starfi hans tóku lögreglusveitir, sem kennt var og stjórnað af Bandaríkjamönnum.

Þessi þrjú dæmi í nál. mínu frá því í fyrra eru öll óhrekjanleg, því að þau eru studd með bandarískum sagnfræðiritum og skjölum og skýrslum um íhlutun, afskipti, árásir og árásarstríð Bandaríkjanna gagnvart öðrum ríkjum.

Það má nefna fleira til viðbótar. Það má nefna Mexikó, árásina á Vera Cruz, það má nefna, þegar Bandaríkjamenn gengu á land á Cuba, það má taka, ef maður vill, árásarstríð á aðrar þjóðir, árásina á Spán 1898, sem var árásarstríð, m. a. til að geta náð Cuba á sitt vald. Þetta má rekja endalaust. Öll þessi ríki, England, Frakkland, Bandaríkin, sem eru forysturíki í lýðræði, hafa ráðizt með ofbeldi á önnur ríki, sem hafa mátt sín minna. Bandaríkin eru voldugasta lýðræðisþjóðin um allan heim. En forseti ríkisins hugsar fyrst og fremst um að auka vald og auðlegð síns ríkis. Og í krafti síns mikla valds sendir hann her inn í lítið nágrannaríki, tekur af því fé og vill neyða þjóðina til að samþykkja það, sem hann hefur sjálfur hugsað sér.

Ég verð því að segja, að það, að hæstv. utanrrh. skuli ekki hafa hugmynd um höfuðviðburðina í sögu heimsins, þó að ekki væri nema síðustu 100 árin, það er hörmulegt. Það er hörmulegt til þess að vita, ef utanrrh. Íslands, að svo miklu leyti sem hann hefur ráðið því, sem gert hefur verið í okkar utanríkismálum upp á síðkastið, lætur örlagaríkar ákvarðanir um framtíð landsins grundvallast á slíku þekkingarleysi. Það er skylda þeirra manna, sem fara með völd af hálfu smáþjóða, að afla sér eins mikillar þekkingar og hægt er í þeim málum, sem kemur undir þá að hafa með að gera. Þjóðin treystir þeim mönnum, sem hún setur í slíkar stöður á hverjum tíma, til að vera færum um að gegna þeim. Og einn þátturinn í því er að afla sér þekkingar á þeim hlutum til þess að vera fær um að dæma um þá. Það þekkingarleysi, sem þarna kemur fram hjá hæstv. utanrrh., sýnir, að hann hefur farið í þessa stöðu meira af vilja en mætti, án þess að gera sér ljóst, hvaða ábyrgð hlaut að hvíla á þeim manni, sem slíka stöðu tæki að sér.

Íslenzka þjóðin hefur lítið fengizt við utanríkismál. Það er fyrst nú fyrir skömmu síðan, að hún fór sjálf að stjórna sínum utanríkismálum. Samt er hún nú á tímum erfiðar sett en nokkru sinni áður, vegna þess að hún hefur lent meira inn

í utanríkismál mannkynsins en við flestir hefðum óskað. En því meir ríður þjóðinni á, að þeir menn, sem gegna trúnaðarstörfum fyrir hana á þessu sviði, séu starfi sínu vaxnir, geri sér far um að afla sér sem mestrar þekkingar á þeim málum, sem þeir eiga að dæma um, til þess að geta út frá slíkri þekkingu ráðlagt þjóðinni og sagt henni, hvað bezt sé að gera á hverjum tíma. Ef hæstv. utanrrh. þess vegna stjórnar utanríkismálum okkar þjóðar og beitir sínum áhrifum á lausn vandamestu utanríkismála okkar út frá þessu sjónarmiði, út frá því þekkingarleysi, sem hann þarna birtir, þá er illa farið, og þá hefur hann gert sig sekan um að bregðast því trausti, sem þjóðin hlýtur að bera til þeirra manna, sem taka að sér forystu í eins erfiðu máli og hennar utanríkismál eru. Ef það er hins vegar þannig, að hæstv. utanrrh. hefur byggt á einhverju öðru en þessu, sem hann hefur haldið fram, að engin lýðræðisþjóð hafi verið árásarþjóð, þá hefði hann átt að gefa okkur það upp, en ekki reyna að slengja þessu fram til þjóðarinnar, að við þurfum aldrei að óttast árásir af hálfu lýðræðisríkis, því að þau ummæli hæstv. ráðh. eru byggð, ef hann meinar þau, á megnri vanþekkingu, sem getur orðið þjóðinni hættuleg. Ef hann vill vinna heiðarlega að þessum málum, þá er miklu nær fyrir hann að láta það blað, sem hann skrifar svo mikið í, segja hreinskilnislega frá, hvað það er, sem veldur því, að hann hefur tekið upp þessa stefnu og vill, að Alþ. fylgi henni, því að hér er ekki um smámál að ræða. Hér er um að ræða framtíðarheill þjóðarinnar. En það er ekki hægt með neinum rétti að saka fjöldann um, þótt hann sé kannske ekki vel kunnugur öllu, sem gerist í okkar utanríkismálum. Það er ekki hægt að búast við, að hver einasti kjósandi geti sett sig svo vel inn í utanríkismál þjóðarinnar og þær hættur, sem þar kunna að vera yfirvofandi, þær hættur, sem aðrir hafa fengið reynslu fyrir. Þjóðin hlýtur á hverjum tíma að treysta þeim, sem gera það svo að segja að lífsstarfi sínu að fást við stjórnmál, að hafa meira vit en almenningur á þessum hlutum, meiri þekkingu, meiri reynslu. Þjóðin hlýtur að treysta þeim og krefjast af þeim, að þeir hafi meiri hugmynd um þær hættur, sem bak við kunna að leynast, en almenningur getur haft. Þjóðin hlýtur því á hverjum tíma að dæma þá menn, sem hún kýs til forystu, eftir því, hvernig þeirra þekking og þeirra stjórn reynist í þessu. Það er engin afsökun fyrir neinn stjórnmálamann, ef hann hefur orðið þess valdandi að leiða ógæfu yfir þjóð sína, að koma til hennar og segja: Ég hafði ekki hugmynd um, að svona gæti komið fyrir. — Það þýðir ekki fyrir utanrrh. að koma og segja við þjóðina: Það hefur aldrei komið fyrir, að lýðræðisþjóð hafi framið árásarstríð, og því gerðum við ráð fyrir, að slíkt væri óhugsandi. — Þeir menn, sem taka að sér forystu einnar þjóðar, verða að vita, hvað gerzt hefur og hvaða hætta vofir yfir. Og ef þeir eru tvístígandi, þá verða þeir að leggja fyrir þjóðina staðreyndirnar og láta hana vita, hvernig viðhorfið er. Sá, sem heldur fyrir þjóðinni upplýsingum eða gefur henni rangar upplýsingar, sá maður tekur á sig ábyrgð gagnvart þjóðinni. Þess vegna vil ég átelja það mjög þunglega, að utanrrh. skuli koma fram með og gefa til kynna, að hann byggi afstöðu sína á annarri eins vanþekkingu og þarna kemur fram. Ef utanrrh. hefur samþ. samninginn um Keflavíkurflugvöllinn af því, að það hefði aldrei komið fyrir og gæti ekki komið fyrir, að nein lýðræðisþjóð fremdi árásarstríð, þá hefur hann samþ. hann á röngum forsendum. Menn verða að gera sér ljóst, að það er ekki aðeins sjálfstæði þjóðarinnar, sem hér er í veði, heldur og líf helmings þjóðarinnar. Hver sá maður, sem tók ábyrgð á því að gera slíka hluti sem þessa, samninginn um Keflavíkurflugvöllinn, veit það, að það er vel hugsanlegt, þó að það hafi ekki komið fyrir áður, að þess háttar aðstaða eins og þarna er sköpuð verði notuð til stríðsundirbúnings, og sá meiri hl., sem slíkan samning samþykkti, sætir meðábyrgð á þeim hlutum, sem þar eru að gerast.

Hæstv. utanrrh. kom inn á það í sambandi við umræður um það, hvaða hætta væri eða kynni að vera yfirvofandi yfir hinni íslenzku þjóð vegna þessa samnings, að það væri nú líka hætta á, ef önnur stórveldi fengju slíkan rétt sem Bandaríkin hafa hér. Og ég hef heldur aldrei dregið dul á það. Í öllu, sem ég hef sagt um þetta mál og skrifað um það í nál. hér í þinginu, hef ég lagt á það ríka áherzlu, að sama hætta væri á fyrir Íslendinga, hvaða stórveldi eða ríki sem í hlut ætti. Það er ein og sama hætta, sem alltaf vofir yfir, ef við leyfum einhverju stórveldi fótfestu á okkar landi, og hvaða eitt stórveldi, sem ástæðu hefur til að óttast um sig fyrir öðru, lítur á slíkt sem ógnun gagnvart sér, og ber okkur vitanlega af fremsta megni að forðast að dragast inn í slíkar deilur, sem stofna mundu þjóð okkar í hættu. Þess vegna duga engar flokkspólitískar ásakanir í því sambandi. Hættan er jafnmikil fyrir Íslendinga, hvaða ríki, sem þarna ætti í hlut. Ummæli ýmissa þekktra hernaðarfræðinga, sem skrifað hafa um þessi mál, sýna, að þeir eru þeirrar skoðunar, að ef til átaka kæmi, mundu Rússar mjög fljótlega ná þeim stöðum, sem af sumum er reiknað með, að Bandaríkin hafi nú, t. d. í Suðvestur-Evrópu og í Grikklandi, þannig að það er vitað mál, að hernaðarstöðvar eins og á Íslandi og Grænlandi mundu verða þær, sem árásir yrðu fyrst og fremst framkvæmdar frá. Það má ekki minna vera en þeir, sem bera ábyrgð á okkar þjóðfélagi, reyni að gera allt, sem í þeirra valdi stendur til þess að hindra, að þjóð okkar dragist inn í slíka styrjöld. og geri þær ráðstafanir, sem unnt er, til þess að bjarga lífi þjóðarinnar og dragi ekki úr hættunni, sem yfir henni vofir. Ef til slíkra átaka kæmi, væri það óverjandi ábyrgðarleysi af okkur, þegar við vitum, hvað þjóð okkar á mikið undir því að gera ekki þær ráðstafanir, sem verða mættu til þess, að Ísland yrði að sem mestu leyti — helzt að öllu leyti — laust við slíka styrjöld, ef til kæmi. Það er ekki nóg fyrir okkur að vera með óskadrauma um slíkt. Og ef þjóðin ætti að dæma okkur, eftir að slíkt stríð er skollið á, mundi hún segja: Þið tókuð að ykkur að sjá slíkt fyrir. Þið buðuð ykkur fram til kosninga. Þið áttuð að vita meira en sjómenn, bændur og verkamenn. — Og þetta er rétt. Þjóðin getur gert þessa kröfu til okkar, og hún mun gera það. Við megum ekki blanda inn í þetta, hvaða skoðanir og hvaða samúð hinir og þessir í þjóðfélagi okkar kunna að hafa með þeim stórveldum, sem í styrjöld væru. Það er ekki spursmálið fyrir Íslendinga, ef til styrjaldar kæmi, hvernig menn mundu skiptast hér í samúð sinni. Það, sem allt veltur á fyrir okkur, er það, að sjálft

líf þjóðarinnar er í veði, ef til slíks kæmi, og þá hefur ekki þýðingu, hvernig við skiptumst í flokka, heldur hitt, hvernig líf þjóðarinnar verður tryggt. Og það, sem ég vil leggja áherzlu á, er það, að þeir, sem stóðu að því að samþykkja samninginn um Keflavíkurflugvöllinn, hafa gerzt meðábyrgir fyrir því, að Bandaríkjamenn geti notað sér þær dulbúnu herstöðvar, sem þeir hafa fengið, með þeim afleiðingum, sem það hefði fyrir íslenzku þjóðina og þær þjóðir, sem þaðan yrði ráðizt á.

Að því er snertir hitt, óskadrauminn, að ekki komi til styrjaldar, þá vil ég leggja áherzlu á það, að við verðum að vera raunsæir og hafa opin augun fyrir þeim möguleika, að það geti komið til styrjaldar. Og við getum ekki lokað augunum fyrir því, að í Bandaríkjunum eru af hálfu málsmetandi manna nú sem stendur uppi kröfur um styrjöld og hvað eftir annað sagt, að það ætti að varpa atómbombum á ákveðin ríki í Evrópu, þannig að þetta er kannske ekki styrjaldarundirbúningur, heldur áróður fyrir, að styrjöld sé hafin. Og í öllum blöðum Bandaríkjanna eru menn búnir undir slíka árásarstyrjöld, svo að við getum ekki lokað augunum fyrir þessu, og það er rangt af okkur að dylja fyrir okkar eigin þjóð þessa staðreynd — jafnrangt og þegar verið var að dylja það, að Hitler var að undirbúa árásarstyrjöld í Þýzkalandi. Munurinn hér er aðeins sá, að nú fer þessi stríðsundirbúningur fram í Bandaríkjunum, sem ráða yfir 60% af allri stóriðnaðarframleiðslu heimsins og þar með vopnaframleiðslunni. Því fer þess vegna svo fjarri, að við getum rólegir hallað okkur út af og sagt: Það hefur aldrei hent lýðræðisþjóð að hefja árásarstríð, og sérstaklega stafar engin hætta af hálfu Bandaríkjanna. — Við ættum heldur að segja þjóðinni, að það er hætta á ferðum, einmitt hætta af hálfu Bandaríkjanna og kannske frá fleiri þjóðum. Það er rétt, að íslenzka þjóðin geri allt til þess að forðast að dragast inn í þann leik. Þetta mundum við segja, ef við værum heiðarlegir gagnvart þjóð okkar, láta hana vita sannleikann um þessi mál og ráðgast við hana um það, hvernig mætti afstýra þessari hættu. Hitt, sem gert er af hálfu utanrrh., er að dylja þjóðina þeirri hættu, sem yfir vofir, og reyna að útbreiða vanþekkingu á þeim staðreyndum, sem sagan sjálf greinir frá, og reyna að láta hana vaða í villu og svíma um það, hvað að höndum getur borið.

Þá skal ég athuga það, sem utanrrh. sagði, og reyndar forsrh. líka, að við Íslendingar, hvað þjóðina snerti, þyrftum ekkert að óttast af hálfu Bandaríkjamanna, við hefðum aldrei orðið fyrir ógnunum af þeim og ekkert af þeim reynt annað en orðheldnina. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að það er ekki orðheldni, sem við höfum reynt af hálfu Bandaríkjamanna. Stjórn þeirra hefur brugðizt þeim samningi, sem við gerðum við hana 1. okt. 1941, því að hún sveikst um að fara með her sinn af landi burt, eins og hún hafði þó lofað. Meðan Bandaríkjastjórn hafði enn her í landinu í trássi við gerða samninga, fór hún fram á að gera samning við okkur í krafti herstyrks síns. Við stóðum því ekki jafnt að vígi. Og hvað fólu þeir samningar í sér, sem þeir fóru fram á? Að við afhentum þrjá tiltekna hluta af landi okkar til 99 ára undir vald Bandaríkjanna sem herstöðvar fyrir Bandaríkin. Það átti með öðrum orðum að svipta Íslendinga yfirráðum yfir 3 tilteknum hlutum af landi sínu um 99 ára bil til þess að reisa þarna herstöðvar fyrir voldugasta herveldi jarðarinnar. Að fara fram á þetta af hálfu Bandaríkjastjórnar, meðan þeir höfðu her manns í landi okkar, það var ógnun.

Við höfum þess vegna þá reynslu, að stjórn Bandaríkjanna hefur í fyrsta lagi rofið á okkur gerðan samning. Í öðru lagi átti að fá okkur til þess að afhenda Bandaríkjamönnum land af okkar landi. Íslendingar neituðu þessu, og Bandaríkjamenn munu ekki hafa séð sér fært að fylgja þeirri kröfu frekar fram. Bandaríkjastjórn rak sig því á það, að hún yrði að beita öðrum aðferðum til þess að ná tökum hér á Íslandi og ná þeim herstöðvum, sem ekki fengust með beinu áhlaupi 1945. Keflavíkurflugvallarsamningurinn var svo gerður í fyrra haust. Þegar sá samningur var gerður, var því haldið fram af hálfu forsvarsmanna hans, að með honum ynnu Íslendingar hinn stóra sigur í baráttunni fyrir frelsi landsins. Það var sá stóri sigur að fá hinn útlenda her burt af okkar landi, og þau einu rök, sem mér þóttu þau raunverulegu rök, voru þessi: Við fáum ekki Bandaríkjamenn til þess að fara burt með her sinn úr landinu, nema við gerum þennan samning. Það var jafnan vitnað í það, að herverndarsamningurinn frá 1941 væri svo óljós, og við mundum losna við allan óskýrleikann í honum með því að gera þennan nýja samning, því að þá færi herinn burt af landinu. Þessu var haldið fram, og í afstöðu minni í utanrmn. lagði ég áherzlu á, að þetta væri í raun og veru aðalröksemdin af hálfu þeirra, sem fylgdu samningnum, og þar væru þeir að skírskota til neyðarástands, sem þeir réðu ekki við, og þessi samningur væri þess vegna neyðarsamningur, sem Íslendingar væru móralskt ekki bundnir af. Ég hef undirstrikað það sérstaklega, að einmitt þessi rök meiri hl. bentu til þess, að þessum samningi var þvingað upp á Íslendinga í krafti hersetunnar á Íslandi, m. ö. o., að Bandaríkin hefðu notað sér þá aðstöðu, sem þau höfðu sökum hersetunnar í landinu, og þau hefðu rofið þann samning 1941 að fara strax af landi burt að stríðinu loknu. Ég hafði því ætlað, að þeir, sem þessum rökum beittu, mundu segja við þjóðina á eftir: Sjáið þið, nú höfum við unnið þessa miklu hluti. Herinn er farinn af okkar landi, og við erum lausir við þetta útlenda vald, og þess vegna munum við auðvitað segja þessum samningi upp, þegar þar að kemur. Hann var gerður til þess, að við gætum losnað við herinn af landi burt. — Ég hafði haldið, að þetta mundu verða þeirra rök og þeirra afstaða, þegar fram í sækti, eftir þeim rökum, sem fyrst var beitt af þeirra hálfu, að herliðið færi af landi burt samkvæmt samningnum. Það var sigurinn, sem þessir menn þóttust hafa unnið. En hvað er nú komið á daginn? Það er nú auðséð, að það er ekki lengur neitt aðalatriði eða neitt atriði í augum þessara manna, sem Íslendingar lögðu inn í samninginn frá 1941: að losna við herinn úr landinu. Nei, nú er samningurinn um Keflavíkurflugvöllinn orðinn samningur um það, að Bandaríkjamenn fái að vera hér áfram, og allt það, sem forsvarsmenn samningsins börðust fyrir, þegar hann var samþykktur fyrir einu ári, er gleymt. Nú er auðséð, að aðalatriðið er það, að Bandaríkin hafi þetta vald hér á landi. Hitt hefur þá að minnsta kosti verið yfirvarp af hálfu forsvarsmanna samnings-

ins. Og það er auðséð, að þeir menn, sem samþykktu samninginn, færa sig nú upp á skaftið og búa sig undir að tryggja Bandaríkjunum volduga íhlutun um okkar mál.

Hingað til hafa Bandaríkin sýnt sig nægilega voldug til þess að halda flestum þeim stöðum, sem þau hafa á annað borð náð undir sig, og hafa aldrei gert meira að því en nú að ná undir sig nýjum stöðum, þannig að ef ekki er spyrnt fótum við, er gefið, hvernig fara muni. Við vitum, hvaða aðferð er nú viðhöfð af hálfu Bandaríkjanna í þessum efnum um heim allan. Bandaríkin stilla sér nú upp sem hið eina auðmannastórveldi og þau segja við auðmannastétt hvers lands: Við, Bandaríkin, erum ykkar eina skjól og skjöldur. — Þannig þýðir það fyrir hverja þjóð, ef hún lánar Bandaríkjunum sem herveldi og stórveldi íhlutun og ítök í sínu landi, hið sama og að styðja auðmannastéttina í veröldinni í þeirri baráttu, sem hún er að undirbúa gegn lýðræðishreyfingum lýðræðisþjóðanna. Þetta er sama stefnan eins og þýzka auðmannavaldið hafði í frammi undir forystu nazista gagnvart sérhverri auðmannastétt innan Evrópu á árunum 1933 og fram eftir. Aðferðin er nákvæmlega sú sama hjá auðmannstéttum beggja þessara stórvelda, Þýzkalands og Bandaríkjanna, sem sé að veifa með kommúnistagrýlunni framan í almenning og í skjóli hennar að berja niður lýðræðishreyfingar lýðræðislandanna. Og í aðalmálgagni Sjálfstfl., Morgunblaðinu, rekur maður sig nú daglega á sömu slagorðin gegn kommúnistum, er verið er að halda uppi málsvörn fyrir Bandaríkin og þá, sem með þeim standa, eins og áður var gert, er þar var hafður í frammi áróður fyrir Þýzkaland Hitlers og þá, sem honum fylgdu. Í krafti þessarar nýju herferðar gegn kommúnistum er nú farið að banna verkalýðsfl. og kommúnistafl. og innleiða fast að því galdrabrennur gagnvart þeim, bæði í Ameríku og Evrópu. Þá hefur kaþólska kirkjan lýst yfir, að hún muni svipta alla þá menn sakramentinu, sem ekki vilja trúa á auðmannaskipulagið. Nokkurn veginn það sama og var að gerast í Frakklandi, þegar þýzka auðmannavaldið var að fá menn eins og Laval í lið með sér, virðist nú verið að undirbúa hér á Íslandi — og skapa hér fyrir Bandaríkin og auðmannavaldið sinn Laval. Mér finnst óhjákvæmilegt að ræða nokkuð þessa hluti, sem ég hef nú gert, þar eð hæstv. utanrrh. í hvert skipti, er hann ræðir þetta mál, kemur með alls konar alþjóðamál inn í umr., enda er gott, að þjóðin geri sér sem ljósasta grein fyrir, að hverju stefnt er með þeim aðferðum, sem hafðar eru uppi. Er rétt, að menn athugi í þessu sambandi, hver endalok þessarar áróðursherferðar urðu fyrir 15 árum, sem kölluð var á móti kommúnistum, en var í raun og veru gegn öllu lýðræði og frelsi, áður en menn ákveða endanlega að lána Bandaríkjunum vaxandi ítök í okkar landi.

Þetta, sem ég nú hef sagt, er sérstaklega viðvíkjandi því, sem hæstv. utanrrh. talaði um sem utanrrh. Ég vil svo fara nokkrum orðum um það, sem mér finnst meira snúa að honum sem dómsmrh., og það, sem hann svaraði mér í þeirri ádeilu, sem hann hafði hér í frammi sem slíkur. — Ég veit, að hæstv. dómsmrh. er miklu meiri lögspekingur en ég er — að hann er jafnvel talinn með lögfróðari mönnum landsins og að hann er fyrrverandi prófessor í lögum við Háskóla Íslands. Slíkt mundi því vafalaust þykja frekja af mér að dirfast að halda fram, að ég kæmi betur auga á, hvað væru íslenzk l., heldur en hann, hvaða l. væru í gildi og hvaða breyt. á l. hefðu átt sér stað. En ég ætla í þessu tilfelli að leyfa mér slíkt og geri það í vitund þess, að hann hafi látið þá hleypidóma, sem hann er haldinn af í stórmálum, og þann æsing, sem öðru hvoru gagntekur hann, þegar við sósíalistar eigum í hlut, eða hins vegar, ef stjórn Bandaríkjanna á í hlut, blinda sína lögfræðilegu sjón, þegar nú er um að ræða, að hann sem dómsmrh. ætli að halda uppi l. okkar lands gagnvart sínum kæru bandarísku vinum. Hann vitnaði í, að Bandaríkin hefðu ýmis réttindi á vellinum í skjóli þess samnings, sem staðfestur hefði verið með l. af hv. Alþ. Við skulum nú athuga, hvað það var, sem öðlaðist lagagildi. Það var m. a. þar, sem segir í 4. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Flugförum þeim, sem rekin eru af Bandaríkjastjórn eða á hennar vegum í sambandi við framkvæmd þeirrar skyldu, er Bandaríkin hafa tekizt á hendur, að hafa á hendi herstjórn og eftirlit í Þýzkalandi, skulu áfram heimil afnot af Keflavíkurflugvellinum. Í þessu skyni skal stjórn Bandaríkjanna heimilt að halda uppi á flugvellinum á eigin kostnað, beinlínis eða á eigin ábyrgð, þeirri starfsemi, þeim tækjum og því starfsliði, sem nauðsynlegt kann að vera til slíkra afnota. Taka skal tillit til sérstöðu slíkra flugfara og áhafna þeirra, að því er varðar tolla, landvistarleyfi og önnur formsatriði. Engin lendingargjöld skal greiða af slíkum flugförum.“ 4. gr. segir það sem sé skýrt, að Bandaríkjunum sé heimilt að halda hér uppi ýmiss konar starfsemi, sem þeim kann að vera nauðsynleg í sambandi við framkvæmd þeirrar skyldu að hafa á hendi herstjórn í Þýzkalandi. Þá segir í 9. gr.: „Eigi skal leggja neina tolla eða önnur gjöld á efni það, útbúnað, nauðsynjar eða vörur, sem inn er flutt til afnota fyrir stjórn Bandaríkjanna eða umboðsmenn hennar samkvæmt þessum samningi eða til afnota fyrir starfslið það, sem dvelur á Íslandi vegna starfa, sem leiðir af framkvæmd samnings þessa.“ Og 10. gr. hljóðar svo: „Eigi skal leggja tekjuskatt á þær tekjur þess starfsliðs Bandaríkjanna, sem á Íslandi dvelur við störf, er leiðir af framkvæmd samnings þessa, er koma frá aðilum utan Íslands.“

Það liggur sem sé skýrt fyrir, eins og ég hef hér áður haldið fram, að Bandaríkin hafa þessi réttindi, þ. e. toll- og skattfrelsi, en eingöngu í sambandi við framkvæmd þeirrar skyldu sinnar að halda uppi hereftirliti í Þýzkalandi, en um allt annað, sem þarna er ekki tekið fram, gilda íslenzk l. Ég leyfi mér hins vegar að halda fram, að það sé brot á íslenzkum l., þegar flutt er til Keflavíkurflugvallarins svo og svo mikið af alls konar vörum, án þess að af þeim sé greiddur tollur, — að það sé raunverulegt smygl með vitund íslenzkra yfirvalda. Alþ. hefur sett þessi l., og það hefur enginn íslenzkur embættismaður rétt til þess að breyta framkvæmd þessara l., og til þess er okkar framkvæmdarvald og okkar embættismenn settir, að þeir sjái um, að l. sé framfylgt. Hæstv. utanrrh. bar heldur ekki fram neina vörn fyrir því, að þarna væru ekki brotin íslenzk l. Það hafa ekki aðeins verið brotin íslenzk tollal. í stórum stíl, heldur einnig l. um tóbakseinkasölu ríkisins, því að það er ekkert, sem

undanþiggur Bandaríkjamenn hér á landi því að greiða þá álagningu, sem tóbakseinkasalan leggur á. Hefur hæstv. dómsmrh. ekki einu einasta orði hnekkt því, að þau l. hafi verið brotin. Þá hafa l. um áfengisverzlun ríkisins verið brotin, og hann hefur ekki heldur hnekkt því, en samkvæmt þeim hefur enginn nema hún leyfi til að ráða yfir innflutningi áfengs bjórs til landsins, og er engum íslenzkum embættismanni heimilt að gefa undanþágu í þessum efnum. Nú skyldi maður ætla, þegar bent er á, að þessi l. séu brotin — og það viðurkennt af hæstv. dómsmrh. og utanrrh. —, að gerðar væru einhverjar ráðstafanir til þess að stöðva slík lagabrot og að þeir, sem þar væru við riðnir, yrðu látnir sæta refsingu. Sérstaklega gæti maður ætlazt til þess af hálfu þeirra manna, sem allra manna mest segjast standa á grundvelli l. og stöðugt prédika, að menn skuli sýna löghlýðni, að þeir mundu taka undir, að lagabrot verði stöðvuð. En því fer fjarri, að þetta sé gert. Morgunblaðið, aðalmálgagn hæstv. dómsmrh., gerir bara grín að því, að þarna sé ef til vill drukkið of mikið af áfengum bjór, en dettur ekki í hug að minnast á, að þarna sé um lagabrot að ræða. Hv. 4. þm. Reykv. benti á það í sinni ræðu, að suður á Keflavíkurflugvelli væru brotin l. um lyfjasölu hér á landi, og hafa æðstu menn þeirra mála einnig vakið athygli á þessu, en ekkert verið að gert. Enn fremur hafa l. um útlendingaeftirlit verið brotin, og hafa menn komið þarna án þess að hafa landvistarleyfi, þótt þeir hafi kannske fengið það eftir á. Þá er það vitanlegt, að iðnaðarlöggjöfin íslenzka hefur verið þverbrotin, svo og l. um fjárhagsráð. Það er eins og mig minni, að samþ. hafi verið l. á Alþ. um skattskyldu útlendinga, sem heimiluðu að innheimta skatta af mönnum, þótt þeir hefðu ekki dvalið hér nema örfáa mánuði, og ég beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hvort hún hefði athugað, hvort menn hefðu farið af landi brott án þess að greiða slíka skatta. — Það má þannig telja upp hver íslenzku l. á fætur öðrum, sem brotin hafa verið þarna suður frá, og hæstv. dómsmrh. hefur alls ekki reynt með neinum rökum að afsaka þessi lagabrot. Vil ég vekja eftirtekt á því, að stærstu lagabrot, sem framin hafa verið á Íslandi, hafa viðgengizt þennan tíma undir yfirumsjón hæstv. núverandi dómsmrh. sem eins lögfróðasta manns landsins. Hann hefur setið í sessi dómsmrh., meðan útlendingar hafa leyft sér að þverbrjóta, svo að tugum skiptir, íslenzk l., án þess að hann hafi reynt að gera nokkuð til þess að koma í veg fyrir slíkt.

Hæstv. dómsmrh. vildi halda fram í þessu sambandi, að það stoðaði ekki fyrir Íslendinga að halda öðru fram varðandi starfsemi Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvellinum en því, sem líklegt væri, að stæðist fyrir alþjóðadómstól. Eins og nokkur þurfi að segja manni, að íslenzk l. standist ekki frammi fyrir alþjóðadómstól? Þeir menn, sem starfa þarna suður frá, hlíta því íslenzkum l., nema að því er snertir undanþáguákvæði samningsins um tollfrelsi á vörum, sem eru í sambandi við hereftirlit Bandaríkjanna í Þýzkalandi — og annað ekki.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að ríkisstj. hefði farið rétt að í þessum málum og að þeir Bandaríkjamenn, sem brotið hefðu íslenzk l., væru dregnir fyrir dóm. Ég held því fram, að mörg hundruð Bandaríkjamenn hafi þverbrotið íslenzk l. og ekki ennþá verið dregnir fyrir dóm. Þá sagði hæstv. ráðh., að bornar hefðu verið fram kröfur af hálfu Íslendinga á hendur Bandaríkjamönnum um að reyna að ná samkomulagi, að því er varðar brot á íslenzkum l., sem Bandaríkjamenn hefðu viðurkennt. Er það aðferð hans, þegar um lagabrot er að ræða af Íslendinga hálfu, að bera fram kröfur um að reyna ná samkomulagi þar um, og þykir það nægilegt, ef viðurkenning fæst frá þeim um, að þeir skuli reyna að taka tillit til l. — og þar við látið sitja? Ég verð að segja það, að ef hæstv. utanrrh. finnst, að eitthvað hafi verið samið af Bandaríkjamönnum í þessum samningi, þá er það ekki hans verk sem íslenzks embættismanns að halda hlífiskildi yfir Bandaríkjamönnum hér. Það er hans verk að sjá um, að þarna séu íslenzk l. látin gilda. Það er hart, að hæstv. dómsmrh. skuli hvað eftir annað vera að reyna að túlka samning, sem Íslendingar hafa gert við Bandaríkjamenn, eins og hann væri málafærslumaður Bandaríkjanna.

Hæstv. dómsmrh. ber það fyrir sig, að það sé af fjandskap við Bandaríkin, þegar við berum fram gagnrýni um framkvæmd þessa samnings og ætlumst til, að staðið sé við íslenzk l. Ég gæti trúað því, að fyrr á tímum hefðu þeir landshöfðingjar, sem danskt vald hafði sitjandi á Alþ., svarað kannske einhverju svipuðu, þegar Íslendingar stóðu fastir fyrir um vörn íslenzks málstaðar, að slíkt væri af fjandskap við danska konungsvaldið, og veit ég ekki, hvort það hefðu verið tekin sem rök á þeim tímum. Nú virðist það vera ein aðalmálsbót hæstv. utanrrh. og að nokkru leyti hæstv. forsrh., að við Íslendingar getum ekki tekið önnur eins mál í okkar hendur eins og rekstur Keflavíkurflugvallarins, við verðum því að halda tvíbýlinu áfram. Minnir þetta undarlega mikið á röksemdir sumra heimastjórnarmanna hér í gamla daga, þegar það kvað við í sífellu, að við værum ekki færir um að stjórna okkar málum — við værum svo lítils megnugir. Það kemur því úr hörðustu átt, að hæstv. dómsmrh. og utanrrh. skuli með tilliti til sinnar persónu flytja fram þessi rök fyrir Íslendinga nú, og hefði honum vafalaust þótt það hart á vissum tímum, ef Íslendingar hefðu viljað verja Dani með slíkum rökum. Ég var nýlega að lesa um Elliðaármálið í Morgunblaðinu og hvernig Íslendingum var stundum nauðsynlegt að taka völdin í sínar hendur, þegar embættismenn, vegna danalundar sinnar, héldu illa á málefnum Íslendinga og gættu eigi, að íslenzkum l. væri fylgt. Er ég hræddur um, að ljótar sögur varðandi afstöðu íslenzkra embættismanna um að halda uppi íslenzkum l. séu nú að endurtaka sig, þegar dómsmrh. landsins sér í gegnum fingur við, að l. séu brotin, svo framarlega sem Bandaríkjamenn fremja þau, því að það er skylda hæstv. dómsmrh., hvort sem menn hafa samúð eða andúð með heimsveldisstefnu Bandaríkjanna eða annarra ríkja, að muna eftir einu, að þegar um er að ræða að standa á verði um íslenzkan málstað, verður hann að líta jafnalvarlegum augum þann aðila, sem við eigum að verja okkur fyrir, líka þótt það séu hans kæru vinir, Bandaríkjamenn.

Hæstv. dómsmrh. vildi draga í efa þær tölur, sem ég kom hér með um, hvað greitt hefði verið úr landi fyrir eignir bandarískra setuliðsins hér á landi.

Sagði ég, að þessi upphæð mundi nema 20 milljónum króna, en ef hún er röng, vona ég, að hann gefi upplýsingar um það.

Þá vildi ég með nokkrum orðum víkja að því, sem hv. 4. þm. Reykv. talaði um í ræðu sinni hér áðan, án þess þó að ég sé alveg búinn með það, sem hæstv. utanrrh. sagði. Hv. 4. þm. Reykv. var að aðvara ríkisstj. og segja, að hún skyldi ekki fremja þá goðgá og vitleysu að skoða ádeilur kommúnista sem einskæra markleysu og það væru fleiri en þeir, sem ekki væru fullkomlega ánægðir með framkvæmd samningsins, og því ekki skynsamlegt af stjórninni að stimpla þá alla sem kommúnista. Ég vil segja við hv. 4. þm. Reykv., að það þýðir víst lítið að vera með svona aðvaranir, því að ég held, að hv. ríkisstj. taki ekki mikið tillit til þeirra. Mér heyrðist á hæstv. forsrh., að hann vildi helzt algerlega sparka þessum flokksmanni sínum úr flokknum og að allt væri í stakasta lagi og engra aðvarana þyrfti við, svo að ég er hræddur um, að hv. 4. þm. Reykv. verði fyrir vonbrigðum af flokksmönnum sínum. Það er vitað mál, að þeir menn, sem vilja stuðla að heimsveldisstefnu Bandaríkjanna, stimpla alla, sem ekki vilja aðhyllast þá stefnu, kommúnista. Ef einhver sjálfstæðismaður lýsti sig óánægðan með framkvæmd samningsins, þá er ég ekki í vafa um, að Bjarni Benediktsson risi upp með öllu sínu skapi og offorsi og segði hiklaust, að hann væri kommúnisti, sem bæri í brjósti þjóðhættuleg áform. Ég skal ekki segja um það, hvað Framsókn segði undir sömu kringumstæðum, en ég tel nokkurn veginn víst, að ef áberandi menn í Framsfl. létu í einhverju í ljós óánægju þetta varðandi, þá mundi Morgunblaðið verða fljótt til að stimpla þá sem kommúnista. Þetta er engan veginn óþekkt fyrirbrigði. Þetta hefur skeð áður, t. d. með Hitler í Þýzkalandi, en hver sem sýndi sig í að vera ekki algerlega sammála, var vægðarlaust stimplaður bolsi. Meira að segja átti þetta sér stað með Churchill. Ef hv. 4. þm. Reykv. fyrir eintóman góðvilja aðvarar hæstv. núverandi ríkisstj. um, að ekki sé allt eins og það á að vera í þessum efnum, þá má hann eindregið búast við að verða stimplaður kommúnisti.

Hæstv. forsrh. talaði eftir hæstv. utanrrh. og fór nokkrum fallegum orðum um mótstöðukraft þjóðarinnar, sem væri svo mikill, að engin hætta væri á ferðum, þótt við lifðum í tvíbýli við aðra þjóð um langan aldur. Ég verð að segja það, að ég er ekki hræddastur um þjóðina í heild, hún mundi kannske komast út úr því einhvern veginn, en hve mikið hún mundi líða við þá sambúð, það fer eftir ráðamönnum hennar. Ég er ekki hræddastur um alþýðuna, að hún mundi draga um of dám af útlendingunum eða vera þeim of eftirlát, en ég er hræddastur við „toppana". Ég hef ekki ástæðu til að trúa mikið á mótstöðukraft þeirra. Hæstv. forsrh. mætti vera minnugur þess, að ef þeir, sem þjóðina eiga að leiða, verða fyrir erlendum áhrifum, þá er hætta á ferðum.

Ég get sagt frá einum íslenzkum stjórnmálamanni, sem ekki þurfti að vera samvistum við útlendan mann nema lítinn tíma til þess að skipta um skoðun á mikilvægu máli. Árið 1938 var haldið alþýðuflokksþing og þar lögð fram stefnuskrá Alþfl., en í henni var ákveðið, að Alþfl. á Íslandi væri því eindregið fylgjandi, að stofnað yrði lýðveldi á Íslandi, strax og efni stæðu til, og m. a. til að sýna þetta var kosinn nýr formaður flokksins hæstv. núverandi forsrh. (StJSt).

Í ágúst 1938 kom svo hingað upp danski stjórnmálamaðurinn Stauning, og átti hann mörg viðtöl við hæstv. núverandi forsrh. og þáverandi formann Alþfl., sem nokkru eftir öll þessi viðtöl fór til Kaupmannahafnar og fær þá í fyrsta skipti tækifæri til þess að kynna skoðanabræðrum sínum í Danmörku skoðanir flokksbræðra þeirra á Íslandi, og dönsk blöð eiga við hann viðtöl og spyrja hann: „Hvad mener Ministeren om Forbindelsen?" En þá svarar hæstv. forsrh.: „Jeg kan ikke udtale mig derom, ti mit Parti har endnu ikke taget Stilling der til". Sem sagt, eftir að Stauning var búinn að vera hér uppi, þá var Stefán Jóh. búinn að gleyma, hverju flokkur hans hafði nýlega lýst yfir. Ef nú áhrif eins útlendings geta orðið svona mikil á ráðamikinn Íslending eftir stuttan tíma, hversu mjög gætir þá ekki áhrifanna eftir margra ára sambúð við útlendingana? Manni virðist því, að það komi úr hörðustu átt, þegar hæstv. forsrh. er að tala um „hinn mikla mótstöðukraft þjóðarinnar". En það hefur sýnt sig fyrr, að það eru „toppar nir", sem veikastir eru fyrir.

Ég vil að lokum víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. utanrrh. Hann minntist nokkrum orðum á þátt embættismanna í framkvæmd samningsins. Ég hef áður lýst því yfir, hvar ég áliti, að sökin væri þetta varðandi, og ég verð að segja það, að það er ekki stórmannlegt af hæstv. utanrrh. að ætla að skjóta sér bak við embættismennina, þegar hann sér, að í óefni er komið hjá honum, og mér er nær að halda, að t. d. tollstjóri hafi farið eftir skipun frá hærri stöðum.

Hæstv. utanrrh. lauk svo máli sínu með svo frekum orðum og fjarstæðum fullyrðingum, að mig undrar stórlega á því, að þessi maður, jafnvel þótt reiður hafi verið, skuli leyfa sér að fara með annað eins. Hann sagði m. a., að sósíalistar hafi yfir meira fjármagni að ráða en nokkrir aðrir íslenzkir menn. Nú veit hæstv. dómsmrh., að sósíalistar hafa fram á þennan dag átt í erfiðleikum með að gefa út blað og halda uppi flokksstarfsemi vegna fjárskorts. Þeir, sem þekkja þetta mál eins vel og ég, vita, að enginn flokkur hefur sýnt meiri fórnfýsi og óeigingirni, þegar um flokksstarfsemi var að ræða, ekki sízt meðan ganga varð milli fátækra verkamanna til þess að biðja þá um að gefa fáeinar krónur, til þess að hægt væri að halda úti blaði. Það kemur því heldur einkennilega fyrir sjónir, þegar einn fulltrúi hinna ríkustu stétta heldur því fram úr ráðherrastóli sínum, að blöð hinna fátækustu í landinu eigi yfir mestu fjármagni að ráða. Hér eiga hins vegar tvö einkafyrirtæki að kalla má blöð, en það eru dagblöðin Morgunblaðið og Vísir. Í krafti auglýsinga heildsalanna og annarra áróðurshagsmuna þeirra er þessum blöðum að mestu leyti haldið úti. Þannig eru það peningarnir, sem ráða prentfrelsinu í þessu landi. Aldrei hafa peningarnir í landinu verið á færri höndum en einmitt nú, nema ef vera kynni á Sturlungaöldinni, þegar höfðingjar, voldugir og auðugir, réðu öllu. Það er hart að hæða okkur fyrir það, að við höfum barizt í bökkum með að gefa út blað, og það er ekkert nýtt að heyra það, að þeir, sem barizt hafa fyrir hagsmunum verkalýðsins síðustu 100 árin fram á þennan dag, séu kallaðir „launaðir æsingamenn" og öðrum álíka sanngjörnum nöfnum. Meðan sósíal-

ismiinn hafði ekki náð verulegri fótfestu meðal þjóðanna, voru auðmennirnir ekki í vandræðum með að finna nógu sterk orð og ljótar lýsingar til að sverta verkalýðinn og leiðsögu hans, og hefur þá jafnan verið viðkvæðið, að þar væri um launaða æsingamenn að ræða. Þetta eru nú svo gömul slagorð, og að því er ég hélt, svo úrelt, að maður gat varla látið sér til hugar koma, að meiri háttar maður í ráðherrasessi léti sér þau um munn fara.

Þá sagði hæstv. utanrrh., að ég hefði sagt, að ef núverandi ríkisstj. færi frá völdum, þá yrði hærra borgað fyrir íslenzkar vörur. Hvers konar vitleysa og bábiljur eru þetta? Það hefur verið deilt á hæstv. utanrrh. fyrir það, að hann hafi sleppt tækifæri til að selja vörur okkar erlendis hærra verði en við fáum nú fyrir þær, og honum hefur enn ekki tekizt að sanna neitt í því efni, en aðeins haldið því fram, að ekki hefði verið hægt að fá hærra verð fyrir þær. Það er ekki einu sinni reynt að prófa að fá hærra verð. Mér dettur í hug, að ef aldrei hefði verið mynduð sú stjórn, sem tók við völdum 1944, og þeir menn, sem sátu áður við völd, hefðu setið áfram, þeir menn, sem hæstv. utanrrh. virðist kominn í náið sálufélag við — ég á við Björn Ólafsson og þá — ef sú ríkisstj., sem settist að völdum 1944, hefði ekki fengið tækifæri til að sanna það á tveim árum, að hægt var að fá markaði og sæmilegt verð fyrir afurðirnir, já, hverju hefði þá verið haldið að þjóðinni? Hefði sú ríkisstj., sem settist að völdum 1944, ekki verið mynduð, hefði verðið á íslenzkum afurðum lækkað. En nú sat hún að völdum í tvö ár og sannaði með óhrekjandi staðreyndum, að hægt var að opna nýja markaði og selja afurðirnar hærra verði. En núverandi ríkisstj. er að reyna að breiða yfir þessar staðreyndir. Hún reynir að boða og prédika það, að ekki sé hægt að fá hærra verð fyrir afurðirnar en nú er. Hún vill ekki hærra verð, og hún reynir ekkert að gera til þess að fá það. — Þjóðin á erfitt með að sanna, hvaða verð er hægt að fá. Sú vitneskja er aðeins í höndum valdhafanna.

Núverandi ríkisstj. er að berjast fyrir því að þvinga fram lækkanir. Hæstv. utanrrh. hefur boðað það í blöðum sínum hvað eftir annað, að vöruverðið yrði að lækka. Vegna þessarar afstöðu ríkisstj. höfum við sósíalistar gagnrýnt hana og sagt, að svona ríkisstj. væri ekki treystandi. Ég álít, að hyggilegast væri, að þessi stjórn færi frá og við tækju menn, sem héldu vel á málum þjóðarinnar. Það yrði þá að koma í ljós, hvort sú ríkisstj. gæti fengið hærra verð fyrir afurðir okkar. Ég er ekki að segja, að það yrðu endilega sósíalistar. Hæstv. utanrrh. er með einhverjar dylgjur um, að til þess að fá hækkað verðlag yrðu að gerast einhverjar pólitískar breytingar og að við vildum helzt, að sósíalisti sæti í hans stöðu. Hvers konar málflutningur er þetta? Hvers konar dylgjur er ríkisstj. með? Þetta sýnir svo mikla vanþekkingu, því að nú eru að gerast verzlunarsamningar í heiminum, sem sýna það greinilega, að hæstv. ríkisstj. hefur enga afsökun fyrir hrópi sínu um verðlækkun á íslenzkum afurðum. Til dæmis er það, að Englendingar vildu ekki borga Dönum það verð fyrir smjör, sem þeir heimtuðu, en þeir heimtuðu 50% hækkun. Þá sneru Danir sér til annarra þjóða, þar á meðal til Sovétríkjanna, og fengu þar það verð, sem þeir vildu fá fyrir smjörið. Nei, það þarf engar pólitískar breytingar hér aðrar en þær, að hér þyrftu að setjast að völdum menn, sem vildu vinna að bættum lífskjörum okkar. (**Dómsmrh.**: Vill þá hv. þm. fá annan utanrrh. úr Sjálfstfl.?) Ef þessi stjórn færi frá, mundi Alþ. vissulega velja þá menn, sem það treysti bezt til að halda á málstað þjóðarinnar. Og það er krafa þjóðarinnar, að utanrrh. gangi ekki í blöðin og hrópi þar um, að verð á íslenzkum afurðum verði að lækka, og vegi þannig að þeim mönnum, sem eru að reyna að semja fyrir Íslendinga um sem hæst verð. Ég held, að hæstv. utanrrh. ætti að fara sér rólega í því, sem hann talar. Ég hygg, að íslenzka þjóðin muni ekki kunna því vel, að þannig sé vegið aftan að henni, þegar alls staðar eru nógir markaðir og hægt er að fá hærra verð fyrir íslenzkar afurðir en nú er, að þá skuli utanrrh. þjóðarinnar hlaupa með það í blöðin, að afurðaverðið verði að lækka. Ég segi bara það, að svo framarlega sem sósíalistar hefðu gert sig seka um slíkt, hefði verið hrópað um það í Morgunblaðinu sem landráð. Barátta Íslendinga fyrir hækkuðu fiskverði er barátta þeirra fyrir lífskjörum sínum. Í norska fiskveiðitímaritinu „Fiskers Gang" er grein um Newfoundland, og er þar talað um erfiðleika sjómanna. Þeir tala um, að þeir sæti svo harðri samkeppni frá öðrum og þá einkum Íslendingum, að það valdi þeim erfiðleikum í að selja fiskafurðir sínar. Hér heima er svo verið að prédika það, að við verðum að lækka og lækka sjávarafurðirnar. Nei, það er ekkert nýtt, að Bretar skipi okkur að lækka fiskverð okkar. Hæstv. utanrrh. ætti að þekkja slíka nauðungarsamninga. Hann man kannske eftir nauðungarsamningnum frá 1916. Það er þess vegna ekkert nýtt, að sú ágæta þjóð, Bretar, skipi okkur fyrir verkum, en hæstv. ríksstj. ætti ekki að vera að stuðla að því, að slíkir nauðungarsamningar væru gerðir. (**Menntmrh.**: Er ekki hv. þm. orðinn svangur?) Meðan forseti gerir engar aths. mun ég halda áfram. Eða vill forseti heldur, að ég geymi að ljúka ræðunni þar til á eftir? (**Forseti**: Ef hv. þm. á ekki mikið eftir af ræðunni, væri æskilegt, að hann lyki við hana áður en gert verður matarhlé.)

Nú skal ég upplýsa, að ríkisstj. vissi, að eftir stríðið var hægt að selja síldarolíuna á 135 £ tonnið, en á árunum 1941—1945 fengum við aðeins 38 pund fyrir tonnið. Hvaða ástæða er nú til að ætla, að sannvirði olíunnar hafi verið minna í styrjöldinni en eftir hana? Það liggur í augum uppi, að það, að við höfum orðið að selja síldarolíuna á 38 pund, stafar eingöngu af því, að landið var hernumið og hernámsyfirvöldin skipuðu okkur fyrir um verðið í samræmi við vilja Unilever-hringsins. Það er dæmalaus vanþekking af hæstv. utanrrh., ef hann veit þetta ekki. Að mínu áliti hefur verið stolið af Íslendingum á árunum 1941—1946 100 £ af hverju síldarolíutonni. Unilever-hringurinn hefur þannig grætt á síldarolíunni, sem íslenzkir sjómenn hafa orðið að vinna fyrir með miklu erfiði. Það væri nær fyrir þá, sem nú hafa völdin um afurðasölu Íslendinga, að skýra þjóðinni frá, hvaða baráttu hún verður að heyja. Mér er vel kunnugt um það, því að ég hef átt í samningum um afurðasölu Íslendinga ásamt bróður hæstv. utanrrh. Aðferðirnar, sem beitt var, voru það harðvítugar, að beitt var refsiaðgerðum gegn Íslendingum að tilhlutan Unilever. Það var bannað að selja smjörlíkisolíu til Íslands, vegna þess að Íslendingar seldu síldarolíu til Tékkóslóvakíu og

Sovét-Rússlands. En þegar herstöðvasamningurinn var hér á döfinni, urðu Bandaríkin hrædd og kipptu að sér hendinni, því að slíkar aðgerðir, ef þjóðin vissi, gátu haft slæmar afleiðingar í för með sér á framgang herstöðvasamningsins. Þetta veit hæstv. utanrrh., því að bréf liggja fyrir um það frá sendiráðinu í Bandaríkjunum. (**Dómsmrh.**: Það eru fáir, sem hlusta á hv. þm. núna.) Já, ég hef áður talað fyrir fáum áheyrendum. En ég vil, að þjóðin fái að vita þessa hluti. Ég tala hér til þess, að þær aðvaranir, sem ég hef flutt, kæmu fram á Alþ. Hitt er svo undir þm. sjálfum komið, hvort þeir vilja hlusta eða ekki. Ég get ekki betur gert en sagt frá því, sem ég veit, að er satt. Ég þoli vel, að það sé hæðzt að mér fyrir það, en segja skal ég það, meðan málfrelsi er til í þessu landi. Ég veit vel, að hjá mörgum af hæstv. ráðherrum hafa rök ekkert að segja, en þjóðin verður að fá að heyra þau. Ég álít, að hæstv. utanrrh. hafi hagað sér eins og ráðherrar Íslands eiga ekki að haga sér. Hann hefur komið fram sem málaflutningsmaður fyrir erlent ríki, gegn hagsmunum Íslands. Í viðskiptunum við Breta hefur hann fórnað hagsmunum Íslendinga og reynir nú í krafti þess áróðurs, sem hann hefur yfir að ráða, að spila út úr höndunum á íslenzku þjóðinni þeim möguleikum, sem hún hefur haft. Ég álít, að hann hafi vísvitandi rýrt kjör íslenzku þjóðarinnar. Ég ásaka hann fyrir að gera þetta meðal annars til þess að skapa atvinnuleysi og til að hjálpa auðmannastéttinni til meiri auðs á kostnað alþýðunnar. Við sósialistar höfum alltaf barizt fyrir því, að verðið á okkar vörum yrði sem hæst. Í krafti þess valds, sem við höfum yfir að ráða, höfum við reynt að sanna það. Ég vísa svo algerlega á bug þeim fullyrðingum hæstv. utanrrh., að við séum að vinna fyrir aðra en Íslendinga. Það erum við, sem höfum barizt fyrir því, að verkalýðurinn í þessu landi fái hærra kaup og bætt kjör. Er við sósialistar sátum í ríkisstj., þá sýndum við fram á, að íslenzkir atvinnuvegir gátu borið hærra kaup en við höfðum áður búið við. Svo segir hæstv. utanrrh., að við hefðum rekið alþýðu Íslands eins og við hefðum getað. Þetta kemur nú úr hörðustu átt frá hæstv. ráðh., því að utanrrh. sjálfur berst móti íslenzkri alþýðu. Það erum ekki við sósialistar, sem skrifum um stórkostlega lækkun á íslenzkum afurðum. Nei, sala íslenzkra afurða er rekin að vild þeirra manna, sem vilja selja ódýrar en við sósialistar. Hæstv. utanrrh. hefur sýnt með afstöðu sinni í þessu máli eintómt flokksofstæki, og það flokksofstæki lætur hann blinda sig svo, að hann vinnur óhikað á móti hagsmunum íslenzku þjóðarinnar með því að gera samninginn um Keflavíkurflugvöllinn óhagstæðan Íslandi. Hæstv. ráðh. lætur þar leiða sig út í hluti, sem stríða gegn hagsmunum Íslendinga. Það er hin geigvænlegasta hætta fyrir okkar land, og nú virðist hæstv. ráðh. ætla að stofna til harðsnúinnar innanlandsbaráttu og hann hefur sýnt slíka vanþekkingu á sögu annarra þjóða í utanríkismálastefnu sinni, að það má kallast gott, ef það á ekki eftir að leiða af sér eitthvað illt, og hann gleymir hinni dýrkeyptu reynslu okkar Íslendinga í þeim efnum frá liðnum öldum.

Ég hef nú sett hér fram mína skoðun, en það kann nú að vera, að hæstv. ráðh. finnist bezt, að sem fæstir þm. heyri mál það, sem ég flutti. — [Fundarhlé.]

Forseti (JPálm): Umræður um þetta mál eru nú orðnar langar. Á mælendaskrá eru nú þrír hv. þm. Þegar þeir hafa talað, tel ég rétt að takmarka ræðutíma við tíu mínútur.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég held, að fáum, sem hlýtt hafa á þessar umræður hér í gær, blandist hugur um, af hvaða toga þær eru spunnar. Ræður þær, sem hv. þm. sósíalista hafa haldið hér, hafa ekki verið haldnar fyrir íslenzk eyru, það hefur annað vakað fyrir ræðumönnum. Það á að reyna að vekja þá skoðun, að hér sé um mál að ræða, sem vakið hafi mikla athygli. Hv. 2. þm. Reykv. kvartar að vísu yfir því, hve almenningur lætur sér fátt um finnast, en auðvitað geta umræðurnar haft þýðingu út á við og verið ein skýring þess, hve flokkur hans hefur yfir miklu fjármagni að ráða. Það verður á einhvern hátt að vinna fyrir því, og kunnugum er það ljóst, en enginn flokkur hefur haft svipað fjármagn til umráða og þessi flokkur. Hann hefur ráð á að senda út heilar hersveitir, bæði um þetta land og önnur. Flokkurinn þykist vinna fyrir íslenzka verkamenn, en þeir hafa látið sér fátt um finnast, og flokkurinn átt erfitt með að safna fé hjá íslenzkum almenningi.

Í þessu máli hafa þm. andstöðunnar haldið þær lengstu ræður, sem ég minnist í minni þingtíð, haldið tveggja og hálfs tíma og upp í þriggja og hálfs tíma ræður að meðaltali um ekki neitt eða endurtekið það sama og talað um allt annað en fyrir liggur. Það er enginn vafi á því, að skýringin á þessu er utan þingheims hér. Að öðru leyti hafa þessar ræður verið fróðlegar og ánægjulegar og komið fram margs konar forn fróðleikur. Þó er bezt að líta á þær með gagnrýni, þótt ekki sé það að efa, að þessir hv. þm. hafa látið sitt bezta. Ég þarf sérstaklega að þakka þeim vingjarnleg orð í minn garð og nota þá tækifærið um leið til þess að þakka Þjóðviljanum þann áhuga, sem hann hefur á heilsufari mínu. Þessa þrjá daga, sem ég var veikur, birti blaðið daglega fregnir um heilsufar mitt eins og Morgunblaðið gerir, þegar einhver merkismaður er veikur. Þó skildist mér felast í þessu, að ég mundi lagður á flótta, að minnsta kosti var mikið um það talað, hvort ég kæmi aftur, og ég hef nú á ný átt kost á því að fá fræðslu í dag. Hv. þm. Siglf. ræddi jafnvel meira um mig persónulega en hv. 2. þm. Reykv., sem þó hefur sýnt lofsverðan áhuga í því efni. Hann fór mörgum orðum um það, hvað ég væri orðljótur og uppstökkur, og um fleiri slík einkenni, sem ég hefði. Mér fannst nú þessi lýsing meira minna á það, hvernig einn ákveðinn fulltrúi ákveðins stórveldis kemur fram í New York á þingi sameinuðu þjóðanna. Lýsingin virtist líkari honum en mér. Þótt hv. þm. Siglf. segði, að ég talaði óvarlega, þá hefur það komið fram, að þegar þessi hv. þm. ferðaðist um landið og hélt ræður í kosningaleiðangri fyrir flokkinn, þá var aðalinnihaldið í ræðum hans orð, sem höfð voru eftir mér. Hann mun hafa vitað sem var, að enginn mundi leggja trúnað á það, sem hann segði sjálfur, en líklegt, að svo yrði gert, ef ég væri borinn fyrir því. Hitt er eðlilegt og í samræmi við aðra framkomu þessa hv. þm., að þau orð, sem hann hafði eftir mér, voru ekki mín ummæli, heldur voru þau sótt í grein í Morgunblaðinu og slitin úr samhengi, svo að þau urðu að öfugmæli hjá hv.

þm. Siglf., enda hefði hann ekki látið sér þau um munn fara annars. Hv. þm. Siglf. var mjög fjölfróður. Hann vissi hvað fór á milli mín og einstakra þm. í einkasamtölum. Hann vissi líka, að ég hefði komið illa fram á lokuðum flokksfundum, og gaf í skyn, að sumir hefðu þurft að leita verndar undan ofstopa mínum. Jafnkunnugur var hann símasamtali, sem farið hafði milli hv. þm. G-K. (ÓTh) og hv. 7. þm. Reykv. (JóhH), hann vissi glögg skil á því samtali. Þá vissi hann, hvað gerðist á skrifstofu Sjálfstfl., en sleppti þó því, að ég og hv. þm. G-K. hefðum flogizt á í skrifstofu Sjálfstfl., sem er þó sýnu sögumeira en það, sem hann fór með. Geta hv. þm. til þess að búa til skáldsögur virðist lítil, en þó hef ég verkað svo á hann, að yfir hann hefur komið skáldandi. Þegar ég fór utan nýlega — að vísu sýnu ódýrari ferð en hv. þm. Siglf. fór til Sandgerðis á sínum tíma —, þá var hv. þm. Siglf. líka staddur erlendis. Þegar ég kom úr siglingunni, komu út ljóðmæli um mig í Þjóðviljanum, þar sem því var lýst, hvað ég væri ljótur, en undir stóð bókstafurinn Á. Hv. þm. gat ekki lengur ráðið við skáldfákinn, er hann fann lyktina af mér. Annars er ég hissa á, að hv. þm. Siglf. skyldi ekki ganga lengra í söguburði um mig og mína klæki, því að ég hef frétt með vissu, að stúlka, sem var starfsstúlka á heimili mínu, hafi, þegar hún heim til eins kommúnista-forsprakkans, verið tekin til yfirheyrslu um það, hvort ég væri ekki æstur og skapstirður á heimili. Stúlkan var að vísu ekki viljug að láta uppi þá fræðslu, sem óskað var eftir. En það mátti þá laga það til í hendi eins og annað.

Hv. þm. Siglf. vildi nú mjög gefa í skyn — ekki sagði hann það beint, heldur gaf það í skyn —, að ég hafi hótað embættismönnum til að gefa skýrslu um flugvöllinn —, það hefði verið ákaflega undarlegt, ef þeir hefðu gert það, án þess að ég hefði haft slíkar hótanir í frammi. Það væri líka vitað, að ég hefði til að reka menn frá störfum. Og þessi hv. þm. vitnaði í það, að ég hefði rekið mann úr starfi í utanrrn. Ég lýsi þetta alger ósannindi. Það er ekki rétt. Og þeir, sem bera þessa sögu út um tiltekinn mann, sem mun að vísu vera flokksbróðir hv. þm. Siglf., gera þessum manni litinn greiða með því að snúa ósk hans um að hverfa úr starfi upp í það, að hann hafi verið rekinn úr starfi. En þetta sýnir, að þeir menn, sem setja á menn eins og hv. þm. Siglf. allt sitt traust, geta heldur ekki verið óhultir fyrir því, að rangt sé skýrt frá um það, sem þeir gera. Hins vegar hef ég ekki getað komizt hjá að láta suma menn hverfa úr starfi. Þó hef ég ekki haft þá aðferð eins og hv. þm. Siglf. sem ráðh. hafði, er hann um síðustu áramót rak mann úr starfi fyrir engar nýjar og sérstakar sakir aðrar en höfðu verið til staðar alla ráðherratíð hv. þm. Siglf., heldur vegna þess, að þessi hv. þm. sem ráðh. þurfti að komast í skjól fyrir þeim axarsköftum, sem hann sjálfur hafði, þessi hv. þm. sem ráðh., gert sig sekan um. Hv. þm. Siglf. sem ráðh. rak þennan mann úr starfi til þess að klína á hann skömminni af sínum eigin axarsköftum. Þetta hef ég aldrei gert og mun aldrei gera. Hins vegar hef ég neyðzt til að láta menn hverfa úr starfi. Ég neyddist til að láta einn mann hverfa úr starfi fyrir það, að hann var of nærgöngull um skömmtunarseðla. Þessi maður hefur nú að vísu orðið einn af rithöfundum Þjóðviljans til þess að halda uppi lögum og rétti í varnarskyni gegn árásum mínum. Þetta er einn aðal-lögfræðingur Þjóðviljans. Ég segi ekki, að hann fái laun hjá Þjóðviljanum. Þessi maður er heildsali, og getur vel verið, að flokkurinn þurfi styrks hans, vegna þess að efnahagur hans er góður, frekar en að Þjóðviljinn borgi honum. Ég er reiðubúinn til þess að ræða þetta eins og hvað annað, sem ég hef gert. Og ég skora á hv. þm. Siglf. að sanna, ef hægt er, að ég hafi rekið einn einasta mann úr starfi án tilefnis. Hins vegar fer vel á því, að þessi maður, sem ég rak úr starfi, og hv. þm. Siglf. geri með sér félagsbú. Þar hæfir hvor öðrum.

Varðandi það mál í einstökum atriðum, sem hér hefur verið rætt, þá er sannleikurinn sá, eins og ég hef áður drepið á, að þrátt fyrir hinar mjög löngu umr. er það í sjálfu sér ákaflega fátt, sem nýtt hefur komið fram í umr., og ég skal ekki þreyta hv. þm. á því að taka upp aftur það, sem ég hef áður sagt, sem var skýrt og allir gátu áttað sig á, sem vildu. En hv. þm. Siglf. gerði að meginmáli hjá sér, að ég hefði vanrækt að setja reglur, sem ákvæði væru um í 7. gr. flugvallarsamningsins, og lætur eins og ég hefði haldið fram því á sínum tíma, að þessar reglur ættu að taka yfir alla skapaða hluti, og hefur hv. þm. öðru hverju lesið part úr gr. þessa samnings. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa alla 7. gr. samningsins. Hún hljóðar svo: „Ríkisstj. Íslands setur, að höfðu samráði við ríkisstj. Bandaríkjanna, reglur um rekstur, öryggi og því líkt, er varðar not allra flugfara af flugvellinum.“ Það blandast engum hugur um það, sem þetta les, að þarna er fyrst og fremst með þessum reglum átt við umferðarreglur á sjálfum flugvellinum. Þetta var skýrlega tekið fram í fyrra og margyfirlýst. Og það er furða, að hv. þm. skuli láta annað uppi nú. Hitt kemur ekkert þessu atriði samningsins við, að það var öllum ljóst, að við framkvæmd flugvallarsamningsins mundu ótal atriði vakna upp, sem menn í upphafi höfðu ekki gert sér grein fyrir. Það er ekki hægt að gera sér grein fyrir þeim atriðum í upphafi fremur en með ákvæðum samningsins, þegar samningurinn er gerður. Fram úr þeim atriðum verður að ráða, eftir því sem atvikin ber að höndum í sambandi við framkvæmd samningsins, sem þarf að setja reglur um. Sum þessi atriði geta Íslendingar kveðið á um einir, og sum geta Bandaríkjamenn kveðið á um einir. En um flest atriðin verður að semja á milli þessara tveggja aðila, af því að þar er um framkvæmd samningsins að ræða. Þetta er öllum ljóst og kemur ekkert við þeim reglum, sem í 7. gr. samningsins eru ákvæði um. — Það má taka það fram aðeins sem dæmi um nákvæmni hv. þm. Siglf., að hann talaði um það hér á dögunum sem hneyksli af minni hendi, að ég hefði í sambandi við lagasetningu, sem gerð var um flugsamgöngur, lýst yfir, að það væri að kenna flugvallarn., að þessar reglur hefðu ekki enn verið settar. Sannleikurinn er, að ég var af landi brott, þegar þessi löggjöf var sett, og sagði því ekki neitt um þetta mál né annað í sambandi við meðferð þessa máls á Alþ. Hitt kann vel að vera, að ég hafi einhvern tíma látið uppi, að gert hefði verið ráð fyrir, að tilmæli um að setja reglur, sem ákvæði eru um í 7. gr. samningsins, kæmu frá flugvallarn. Og það rekst ekkert á þetta, þó að ég hafi sagt nú, að gert hafi verið ráð fyrir, að till. um þetta ættu að koma frá flugvallarstjóranum í Keflavík og

hann hafi vanrækt að gera þessar till. Þetta stend ég við, og vil ég lesa það, með leyfi hæstv. forseta, sem sjálf flugvallarn. segir um þetta: „Skömmu síðar var settur flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvöllinn í samræmi við 5. gr. samningsins um niðurfelling hervarnarsamningsins frá 1941 o. fl. Hlutverk flugvallarstjórans var fyrst og fremst það að hafa á hendi yfirstjórn flugvallarins og undirbúa í samráði við flugvallarn. og flugmálastjórn reglur um reksturinn.“ Þarna er nákvæmlega sagt það, sem ég hef haldið fram, að þessi flugvallarstjóri í Keflavík hafi átt að gera till. um þessar reglur og síðan flugvallarn. að undirbúa þær. Till. um þessar reglur hafa aldrei komið í hendur utanrrn., og hv. þm. Siglf. fær fyrrv. flugvallarstjóra í Keflavík ekki með nokkru móti af því þveginn, að hann vanrækti gersamlega að semja uppkast að þessum reglum. Maðurinn var flugvallarstjóri frá mánaðamótum okt.—nóv. í fyrra og þar til fram á sumar nú, og ég held, að hvorki flugvallarn. né nokkur annar aðili hafi fengið uppkast eða till. um þessar reglur frá þessum flugvallarstjóra allan þann tíma — áreiðanlega fékk utanrrn. ekki neinar slíkar till. frá honum —, þó að það sé ómótmælanlegt, að eitt aðalstarf þessa manns hafi átt að vera að gera uppkast að þessum reglum. Og það er óneitanlega hart að gengið hjá hv. þm. Siglf., fyrrv. flugmrh., að ásaka okkur nú fyrir að hafa ekki sett þessar reglur, þegar maður, sem hv. þm. Siglf. sem fyrrv. ráðh. valdi og setti í starf flugvallarstjóra, þar sem eitt hans aðalstarf átti að vera að gera till. um þessar reglur — þegar þessi maður er mikinn hluta úr ári í embætti flugvallarstjóra án þess að gera sérstaklega mikið í því starfi og getur ekki einu sinni sett saman till. um þær takmörkuðu reglur, sem ráðgerðar eru samkv. 7. gr. flugvallarsamningsins. Og ég verð að ítreka það, að starfræksla slík sem þessi gefur — því miður — tilefni til þess, að yfir henni sé lýst óánægju hér á hæstv. Alþ. Hitt er alveg rétt, að aumingja pilturinn, fyrrv. flugvallarstjórinn, á á þessu minni sök en hv. þm. Siglf. sem ráðh. á sínum tíma — og það var eitt af því fáa, sem hv. þm. Siglf. sagði rétt um þetta mál —, af því að piltur þessi var aldrei vaxinn sínu starfi. Sökin er því hjá hv. þm. Siglf. sem ráðh. og valdsmanni í þessu efni.

Eitt af því, sem hv. þm. Siglf. gerði að árásarefni á mig, var, að ég hefði sagt, að hverjum góðum Íslendingi hefði verið raun að horfa upp á starfræksluna á flugvellinum, meðan þessi maður var flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvellinum. Það var reyndar svo, að vesöldin var svo mikil í þessu efni, að t. d. hafði flugvallarstjórinn ekki mannskap í sér til þess að útvega íslenzka flaggstöng á flugvöllinn. Og loksins, þegar þetta var orðið þjóðarhneyksli, urðu Bandaríkjamenn að hlaupa til og setja þar upp einhverja flaggstöng. Það er eðlilegt, að Íslendingum geðjist illa að slíkri starfrækslu sem þessari, og um það er ekki óþarfi að hafa nokkuð ströng orð. Þetta er svo fyrir neðan allar hellur, af því að ekki þarf neina sérstaka þekkingu á flugmálum til þess að koma þarna við almennri háttvísi. — Hv. þm. Siglf. vildi halda fram, að þessi maður, flugvallarstjórinn fyrrv., hefði engum sökum verið borinn. Sannleikurinn er sá, að annað liggur fyrir samkv. skýrslu flugvallarn., nefnilega að maðurinn hafi ekki gegnt því höfuðstarfi, sem hann var skipaður til að gegna, að semja till. um þessar reglur, sem um hefur verið rætt. Og hvernig fórst honum svo þetta starf að öðru leyti? Hann var settur til þess að innheimta gjöld af flugvélum, sem kæmu á völlinn. Hæstv. flugmrh. upplýsti, að það hefði alveg undan fallizt að innheimta þau gjöld, þar til því var kippt í lag, eftir að nýir menn voru búnir að taka við þessum málum. Hv. þm. Siglf. segir, að þetta hafi verið vegna þess, að maðurinn hafi ekki fengið nægar upplýsingar. Það er rétt, að maðurinn, þegar hann var búinn að vera um það bil hálft ár eða meira flugvallarstjóri, rankar allt í einu við sér um, að hann hafi ekki fengið nægar upplýsingar og snýr sér til flugmrn. um það. Hvað skeður svo? Málið er tekið strax upp við Bandaríkjamenn, sem láta þessar upplýsingar strax í té og segja, að þær hafi alltaf verið til reiðu, ef þeirra hefði verið óskað. Og segjum, að Bandaríkjamenn hefðu t. d. ekki látið þessar upplýsingar í té, þó að einhver þessara manna, sem við flugvöllinn störfuðu, hefði farið til þeirra um það, þá spyr ég: Hvers konar flugmrh. var það, sem var við völd í október, nóvember, desember, janúar og fram í febrúar s. l., sem hafði skipað þennan mann sem flugvallarstjóra? Ef maðurinn starfar þarna á vellinum allan þennan tíma — og hann segir nú, að hann hafi ekki fengið þessar upplýsingar —, en hefur á þessu tímabili, sem ég nefndi, ekki mannrænu til þess að segja viðkomandi ráðh. um það, að hann fái ekki nauðsynlegar upplýsingar hjá Bandaríkjamönnum, er það þá ekki viðkomandi ráðh. fyrrv., hv. þm. Siglf., sem vanrækt hefur í þessu efni? Gæti það nú ekki verið? Bæði eru skærin góð. Og allra sízt ætti hv. þm. Siglf. að tala um það sem einhverja niðurlægingu fyrir núverandi ríkisstj., að við hefðum leitað til Bandaríkjanna til samþykkis á ýmsum atriðum, sem samningurinn tekur til, þegar svona er um starfræksluna á flugvellinum og frammistöðu fyrrv. flugvallarstjóra og fyrrv. flugmrh., hv. þm. Siglf. Ég spyr nú: Eru nokkur atriði flugvallarsamningsins, sem eiginlega glöggar heyra undir Íslendinga að kveða á um en það, hvaða gjald skuli greiða af flugvélum? Er nokkuð, sem hægt er að hugsa sér, sem íslenzkur ráðh. ætti frekar að setja reglur um á eigin spýtur viðkomandi rekstri Keflavíkurflugvallarins en að setja gjaldskrá um lendingu flugvéla á íslenzkri grund? Ég held, að ekkert sé auðsærra, sem Íslendingar geti ákveðið á eigin spýtur í sambandi við rekstur flugvallarins, heldur en þetta. En hvernig var þessari framkvæmd háttað, þegar hv. þm. Siglf. var ráðh.? Hann hafði heimild til þess að setja þessa gjaldskrá, en hann bara gerði það ekki. Hann segir, að Ólafur Thors hafi bannað sér það. Ja, bara að hann hefði þá alltaf verið hlýðinn Ólafi Thors. En það liggur ekkert fyrir, sem sýni, að Ólafur Thors hafi nokkur afskipti af þessu máli haft. En í bréfi frá flugmálastjóra frá 15. marz 1947, sem ekki er stílað til utanrrn., heldur flugmrn. — hvað segir í því? Það er þetta: „Gjaldskrá þessi hefur verið lengi á döfinni. Á fundi flugvallarnefndanna hinn 12. nóv. 1946 lagði ég fram gildandi gjaldskrá Reykjavíkurflugvallarins og tjáði amerísku n., að hugmynd mín væri sú að fá samþykkta samsvarandi gjaldskrá fyrir Keflavíkurflugvöllinn, en að ég óskaði, að þeir tjáðu mér áður, ef þeir hefðu eitthvað við hana að at-

huga eða einhverjar tillögur fram að færa." — Þarna stendur berum orðum, að það er flugmálastjórinn, Erling Ellingsen, nánasti vinur og trúnaðarmaður hv. þm. Siglf., meðan sá hv. þm. var ráðh., sem segir: „Ég óskaði, að þeir" — þ. e. ameríska nefndin — „tjáðu mér áður, ef þeir hefðu eitthvað við hana að athuga eða einhverjar tillögur fram að færa." Síðar segir í þessu bréfi flugmálastjórans: „Tók umboðsmaður A. O. A., Capt. Hunter, að sér að athuga þetta mál. Síðan hefur dregizt um marga mánuði, að svar fengist frá Capt. Hunter, þar til nú fyrir skemmstu, að hann, að fengnum nokkrum skýringum, lýsti yfir, að gjaldskráin væri aðgengileg frá hans sjónarmiði." — Það er sem sagt ekki fyrr en Ameríkanarnir eru búnir að leggja á sitt samþykki, sem flugmálastjórinn telur rétt að bera þetta mál undir flugmrn., og þarf enginn að halda, að Erling Ellingsen flugmálastjóri, nánasti samstarfsmaður þáverandi flugmrh., hafi tekið upp þann þátt málsins í algerri óþökk þess ráðh. eða farið á bak við hann með það. Nei, þvert á móti, þeir hafa komið sér saman um það, þessir tveir embættismenn, að senda þetta til Ameríkananna til umsagnar. Og þeir hafa komið sér saman um, að það væri ekki rétt að semja gjaldskrána, fyrr en Ameríkanarnir hefðu veitt sitt samþykki. Og þáverandi ráðh., hv. þm. Siglf., lætur líða nóvember, desember, janúar og nokkuð af febrúar s. l. án þess að gera meira í málinu, nema það að hneigja sig fyrir Ameríkananum. Jú, það mátti athuga málið. Og þessi fyrrv. hæstv. flugmrh. hneigði sig fyrir Ameríkananum ósköp ljúfur og prúður. Svo ræðst hv. þm. Siglf. á okkur hér fyrir það, að við skulum ekki hafa gert ákvarðanir um ýmis atriði einir, heldur leitað samkomulags við Ameríkumenn, atriði, sem ekki er hægt að ráða til lykta með einhliða ákvörðunum, heldur þarf um samkomulag. Og ef það væri nú eitthvað ljótt að leita samkomulags við Ameríkumenn í þessum efnum — ætli hv. þm. Siglf., meðan hann var ráðh., hafi þá ekki skapað fordæmi um það? Það er kannske gott að álíti hv. þm. Siglf. að skella skuldinni á sinn undirmann og gera hróp að öðrum, þegar maður er kominn sjálfur úr ábyrgð, og segja: Það gerist ekkert! — þó að ekkert hafi gerzt, meðan maður sá, er hrópin gerir, var sjálfur við völd, í þessu tilfelli hv. þm. Siglf. Þetta var í raun og veru aðalatriðið í ræðu hv. þm. Siglf., þessi mín orð í dag, sem ég hef nú rætt. Og um þetta sagði svo hv. þm.: En sú lítilmennska að leita til Bandaríkjamanna, en gera þetta ekki sjálfur. — Ja, hvað gerði hann sjálfur, þegar hann var ráðh.? Svona er þetta allt saman, þar sem þessi maður kom nærri. Ég ætla ekki að rekja það í einstökum atriðum hér.

Hv. þm. Siglf. hélt því mjög fram, að það hefði verið vanrækt að taka til starfa á Keflavíkurflugvellinum íslenzka, tæknilega starfsmenn, og hélt því fram, að í því efni hefði verið sýnd mjög mikil vanræksla. En hvað gerði hann í þessu, meðan hann var ráðh.? Getur hann nefnt, að hann hafi einu sinni farið fram á nokkuð í þessu efni? Það er kannske ekki að búast við því, að hann kæmi um það nokkru í gegn, vegna þess að aðferð þessa hv. þm. og atferli er að sýna undirlægjuhátt, þar sem hann þarf að vera á oddinum og þar sem hann getur ekki otað öðrum fram. En tilgangur hans var sá um stjórn þarna á flugvellinum að hafa þá stjórn þannig, að það hlyti að skapast ágreiningur milli Íslendinga og Ameríkumanna, og flugvallarstjórinn var valinn í því skyni að koma á slíkum ágreiningi, og maðurinn hagaði allri starfsemi sinni þar í því skyni, að ágreiningur yrði sem mestur milli Íslendinga og Ameríkumanna. Þess vegna er ekki að furða, þótt mjög hafi breytzt til bóta, eftir að nýir menn tóku við stjórn þar, sem vildu leysa málin — að vísu friðsamlega —, vegna þess að þar hafði verið maður að starfi, sem skipaður var til þess að leysa ekki neitt mál, heldur til þess að koma á sem mestum ófriði og illindum.

En hvað var það, sem hv. þm. Siglf. gerði til þess að koma Íslendingum í störf þarna á flugvellinum, meðan hann var ráðh.? Hann var ráðh. um margra mánaða skeið, meðan hann hafði tækifæri til þess að reyna það. Ég veit ekki til, að hann hafi gert neina tilraun til þess. — Hv. þm. Siglf. segir nú, að það sé ósatt, að menn séu hér ekki til, sem færir séu til að taka að sér þessa svo nefndu turnþjónustu. En þegar hann athugar málið, verður hann að játa, að skýrsla flugmálastjóra segir rétt til um þetta, en hann sjálfur, hv. þm., hefur rangt fyrir sér um það. Í skýrslunni er ótvírætt um þetta sagt. Og hvor haldið þið að hafi réttara fyrir sér og hafi betur vit á þessu máli, Erling Ellingsen flugmálastjóri, sem segir, að tæknilega menntaðir menn til þessarar þjónustu hafi ekki verið til hér, eða hv. þm. Siglf.? Ja, hv. þm. Siglf. segist kannske vita þetta betur, eins og hann telur sig vita betur en við vitum, sjálfstæðismenn, hvað gerist á fundum í Sjálfstfl.

Hv. þm. Siglf. talaði mikið um það, að Íslendingar væru látnir gegna óvirðulegum störfum á Keflavíkurflugvellinum, störfum, sem negrar gjarnast væru látnir vinna, þar sem þeir væru fyrir hendi. Þessi rök hans koma illa saman við andúð þá á kynþáttahatrinu, sem blað hans hefur verið að prédika, og eftir því sem þar hefur komið fram, ætti ekki að vera skömm að því að vinna þessi verk. Ég skal ekkert segja um verkin, sem Íslendingarnir vinna úti á Keflavíkurflugvellinum, en ég vil segja það, að það dugar ekki að hafa þann hátt, sem hann hafði og kemur fram hjá honum og hans flokksmönnum, að setja menn í stöður án þekkingar og reynslu. Ég held, að það sé nauðsynlegt, að menn séu látnir vinna sig upp á flugvellinum. Þeir þurfa að kynna sér ýmiss konar störf. Ég spyr menn, sem þekkja til starfa á íslenzkum skipum: Er ekki reglan, þegar maður kemur óvanur um borð, að láta hann fyrst vinna venjuleg verk? Maður er ekki settur strax að skipstjórn eða látinn bera ábyrgð á mannskap skipsins og farmi. Slíkt kæmi ekki til fyrr en eftir nokkurn tíma. En hv. þm. Siglf. hefði ekki þótt undarlegt, þótt við hefðum gert eitthvað á borð við þetta, enda þótt það hefði orðið til þess, að árekstrar hefðu orðið á milli okkar og Ameríkumanna, árekstrar, sem hefðu hlotið að koma fyrir, ef við hefðum heimtað stöður, sem við höfðum ekki menn til að gegna.

Ég bara spyr: Hvað marga tæknilega menntaða menn eigum við, sem Bandaríkjamenn hafa ekki fengizt til að taka? Já, hvað marga? Það er leiðinlegt, að við skulum ekki hafa menn til að gegna þessum störfum, en þegar verið er að koma upp flugþjónustu hér í Reykjavík og um allt land, þá er ekki undarlegt, þó að ekki séu menn til þess að skipa í vandasamar stöður á Keflavíkurflugvell-

inum, og það, sem hægt væri að saka Bandaríkjamenn um, væri, ef þeir neituðu að taka við tæknilega færum mönnum, sem Íslendingar stingju upp á. Ég spyr: Hvað reyndi hv. þm. Siglf. að koma mörgum tæknilega menntuðum mönnum inn, meðan hann var ráðh., og hvað hefur Erling Ellingsen reynt að koma mörgum inn, og hvað hafa Bandaríkjamenn neitað að taka marga? Það er fyrst, þegar búið er að svara þessu, sem hægt er að taka fullyrðingar hans fyrir annað en marklaust raus.

Ég skal nú ekki dvelja frekar við einstök atriði í því, sem hv. þm. sagði. Ég held þau hafi verið fá fleiri og öll á sömu bókina lærð. Ég skal aðeins svara fyrirspurnum, sem hann gerði.

Hann spurði, hvað hefði verið gert til að rannsaka mál stúlkubarns, sem lenti í vandræðum suður á Keflavíkurflugvelli. Það hefur verið fyrirskipuð rannsókn, og það hefur verið farið með það mál eins og venja stendur til. Það er leiðinlegt, þegar slík óhöpp vilja til, en ég held að ekki sé ástæða til að rifja það upp hér. Það er engin ástæða til að blása upp um það pólitísku moldroki, þótt slík ógæfa komi fyrir aumingja stúlku.

Hv. þm. sagði, að ef Bandaríkjamenn tækju upp refsingar á sínum mönnum hér fyrir að brjóta tollafyrirmælin, þá væru þeir að taka að sér verkefni, sem íslenzk yfirvöld ættu að hafa. Það segir um þetta í skýrslu flugvallan.: „Mönnum er tafarlaust vikið frá, ef þeir brjóta samninginn.“ Já, er hægt að segja, að brotið sé gegn okkur með þessu? Þetta varð efni í eitthvað hálftíma pistil. Það er hægt að láta síma út á land um mikla mælsku, þegar efnið er ekki meira en þetta. Ég vona, að þetta verði greitt í þeirri mynt, sem hv. þm. kemur bezt.

Hv. þm. talar um, að n. hafi gert till. um reglur um flugvöllinn og að það sé ósatt hjá n., að hún hafi ekki gert þessar till. En ég spyr: Hvort halda menn, að hann viti betur um þetta eða Erling Ellingsen, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Briem, Gunnlaugur S. Briem og ég, sem átti að hafa tekið við till.? Allir þessir aðilar neita, að nokkrar till. hafi komið fram. Hv. þm. sagði, að ekkert væri athugavert við það, þótt hann hefði birt þessar till., og sagði, að enginn hefði álitið það trúnaðarmál. Já, ef svo var, hvers vegna tók þá Erling Ellingsen sig til og lýsti því yfir í utanrrn., að hann ætti engan þátt í því, að till. hefðu verið birtar í Þjóðviljanum? Og ég spyr hv. þm., ef hann er sannfærður um, að hér sé ekkert óhreint: Af hverju sagði hann ekki, hvar hann fékk þessi gögn? Er það ekki það gamla, að sá, sem fer í felur, skammast sín? Ef ekki væri eitthvað að skammast sín fyrir, þá færi hann ekki í felur. En það er vegna þess, sem hv. þm. verður að játa, að hann vill heldur liggja undir grun en segja frá hinu sanna. En annað er það, að það er ekki skaði fyrir mig eða stjórnina, að þetta komi fram, því að stjórnin hefur gott af því, að þetta mál sé rætt á þingi, eins og gert hefur verið. Og stjórnin mun standa því betur á verði, sem málið er rætt betur. En því betur koma í ljós óheiðarlegar aðferðir hv. þm. Siglf. og félagsbræðra hans, sem hafa tekið þessi skjöl í heimildarleysi og segja síðan, að þau séu frá flugvallarn., sem ekki hefur gert þessar till, og öllum kemur saman um, að séu einkatill. Erlings Ellingsens, sem þeir eru ekki búnir að taka afstöðu til, hvað þá að bera fram við mig.

Hv. 2. þm. Reykv. ræddi hér ákaflega langt mál, talaði hér í 2½ tíma, og vona ég, að hann hafi ekki illt af því. Hann eyddi ákaflega litlum tíma — eða ekki nema klukkutíma — í að tala um heimspólitíkina frá 1842 og sannaði áþreifanlega, að því er honum fannst, að Bretar og Bandaríkjamenn væru árásarþjóðir. Hann vitnaði í ritgerð, sem hann hafði sjálfur samið í fyrra, og fannst það örugg sönnun þess, að Bretar væru árásarríki, sem við mættum búast við öllu illu af. Ég skal ekki ræða þetta, en það vil ég segja, að það er ekki mikil spurning um það, hvort meiri hætta stafi af þingræðisríkjum eða einræðisríkjum.

Hv. þm. talaði um, að við hefðum þolað miklar búsifjar af Bandaríkjunum. Á stríðsárunum bjuggu Bandaríkjamenn þannig að okkur, að við höfum áreiðanlega átt við betri kjör að búa en nokkur önnur þjóð, þar sem herlið var. Bandaríkjamenn urðu fyrstir til að viðurkenna lýðveldi okkar. Það er rétt, að Bandaríkjamenn fóru hér fram á herstöðvar, en þeir sættu sig við, þegar þeim var neitað. Og ég bið menn — líka hv. 2. þm. Reykv., sem er greindur maður — að hugsa um það, hvort öll ríki veraldar hefðu sætt sig við það, að svona lítið kotríki hefði neitað um herstöðvar, hvort menn gætu ekki látið sér detta í hug eitthvert ríki, sem hefði brugðizt öðruvísi við en Bandaríkjamenn gagnvart okkur. Ef hv. 2. þm. Reykv. getur svo lagt höndina á hjartað og svarið hér frammi fyrir þingheimi, að ekkert ríki mundi hafa brugðizt verr við en Bandaríkjamenn, hefur hann meiri brjóstheilindi og minni greind en ég held, að hann hafi. Það er ákaflega erfitt að tala um það við suma menn, hvað er árásarþjóð eða ekki. Það er erfitt að tala um það við menn, sem hafa haldið því fram, að helzta árásarþjóð heimsins séu Finnar, menn, sem tala aðra tungu í þessu efni en við og aðrir Íslendingar og allir menntaðir menn, hvar sem er í heiminum. En segjum nú svo, að ásakanir hv. 2. þm. Reykv. um árásarvilja Bandaríkjanna væru sannar og réttar og búast mætti við, að þeir steyptu sér yfir menn þá og þegar, heldur hann, að þá ætti að byrja á að sprengja upp Keflavíkurflugvöllinn og láta eina flugvöllinn vera hér í Reykjavík, þar sem meira en ⅓ hluti þjóðarinnar er saman kominn? Ef Bandaríkjamenn eru eins illir og hv. þm. vill vera láta, hlýtur hann að sannfærast um af þeirri forsendu, að það er nauðsynlegt bjargráð að sjá til þess, að annar flugvöllur en Reykjavíkurflugvöllurinn sé til, og meðan sá möguleiki er fyrir hendi, að einhver þjóð kunni að fara með stríð og hefja árás, þá er sjálfsagt fyrir okkur að hafa þann hátt á að koma í veg fyrir, að eini flugvöllurinn sé hér, þar sem fólkið er saman komið. Ég lít svo á, að nauðsynlegt sé að hafa þá öryggisráðstöfun á, að flugvöllurinn sé ekki inni í miðri borginni, en ég trúi ekki á það stríðstal, sem uppi er. Ég trúi því, að þjóðirnar muni með góðvild komast hjá því að láta nýja styrjöld brjótast út. Ég lít svo á, að rekstur Keflavíkurflugvallarins sé nauðsyn, sem Íslendingar eigi að hafa samvinnu við Bandaríkjamenn um, eins og nú er, og að við eigum ekki að líta á það eins og stríðshættu eða ógnir. En ef ég héldi, að stríðshætta væri yfirvofandi, væri ég viss um, að við gerðum rétt í því að gera ráðstafanir til þess, að Keflavíkurflugvöllurinn væri starfræktur, þannig að átökin yrðu um hann.

Hv. þm. talaði um hin ákaflega miklu lögbrot, sem ættu sér stað í sambandi við Keflavíkurflugvöllinn. Ég hef áður sagt, að það eru ýmis atriði, sem óleyst eru varðandi Keflavíkurflugvöllinn, atriði, sem hvorki ég né neinn annar gerðu sér grein fyrir, að upp mundu koma, þegar samningurinn var gerður. En það er fullt útlit á því, að þau leysist, og það hefur ekkert komið fram, sem bendir til þess, að þau verði ekki leyst á vinsamlegan og hagkvæman hátt fyrir Íslendinga.

Eitt af því, sem nokkur vafi hefur leikið á, er innflutningur Bandaríkjamanna til landsins. Því er haldið fram, að það felist í samningnum, að Bandaríkjamenn megi hafa innflutning á efni, nauðsynlegum útbúnaði og vörum, sem þeir þurfa á að halda. Ég fullyrði ekkert um þetta, en hef litið svo á, að þangað til athugun hefði farið fram á þessu, væri eðlilegt, að Bandaríkjamenn legðu sér til efni og nauðsynjar, þ. e. hefðu sinn eigin innflutning. Það horfir öðruvísi við með þá, sem ekki hafa erlendan gjaldeyri. Þarna er tiltekinn hópur erlendra manna, sem hefur sérstöðu varðandi tollgreiðslur og innflutning að einhverju leyti. Það getur því legið mjög nærri að láta þá lifa sínu lífi með sínar nauðsynjar, og það er mjög hæpið frá okkar sjónarmiði séð að fara að draga þá undir íslenzkt fyrirkomulag. Með því móti einmitt skapast sú hætta, að þeir blandist Íslendingum.

Ég hef sagt í fyrri ræðu minni, að það er ekki búið að leiða öll málin til lykta ennþá. En ég neita, að nokkur misskilningur hafi átt sér stað eða nokkuð það, sem hægt er að leggja til lasts í sambandi við þetta. Allt, sem gert hefur verið, hefur verið gert eftir ráðum færustu þjóðréttarfræðinga, sem hafa rannsakað þau atriði, er til greina gátu komið, og stjórnin hefur farið yfir þau atriði, sem þessir menn hafa talið að í samningnum fælust. Stjórnin hefur enn ekki tekið endanlega afstöðu til þessara atriða allra, og álít ég á þessu stigi málsins ekki heppilegt, að færð verði fram frekari rök en hér eru færð fyrir meðferð þessa máls.

En ég vil endurtaka það, að ekkert óheimilt hefur átt sér stað, aðeins það, sem heimilt er samkvæmt l. Allar dylgjur um annað eru úr lausu lofti gripnar, og er algerlega ósæmilegt að viðhafa slíkt hér á þingi. Látum vera, að því sé beint gegn mér. Það er ekki verra en að vera landráðamaður, en að stefna slíku gegn vinveittri þjóð er algerlega ósæmilegt, auk þess sem það er ótækt af hv. þm. að blanda viðkvæmu utanríkismáli saman við innanlandsdeilur.

Hv. þm. sagði, að það væri greinilegt, að við ættum að taka afgreiðslu á víni og tóbaki til þessara manna sem brot á samningnum. Ég þori að fullyrða, að þetta fær ekki staðizt. Í 9. gr. segir: „Eigi skal leggja neina tolla eða önnur gjöld á“ o. s. frv. Tóbaksálagningin er að vísu ekki tollur, en það er önnur gjöld, svo að ekki er heimilt að taka það. Ég tek ekki við ásökunum um brot í þessu efni, því að þær fá ekki staðizt.

Hv. þm. fór að tala um afurðasöluna. Það hefði verið betra, ef hann hefði notað tækifærið til að tala um það við hljóðnemann. Af hverju var þá stungið upp í hann að tala? Ég vil nú segja það, að ekkert er hægt að færa fram því til stuðnings, að hægt hefði verið að fá hærra verð fyrir framleiðslu okkar, þótt Einar Olgeirsson og hans nótar hefðu verið í stjórn. Menn kaupa fyrir peninga, en ekki fyrir skoðanir og sannfæringu. Þetta benti ég á í útvarpsumr. á dögunum, og hann treysti sér ekki til að hnekkja þessu. Nú segir hann, að ég hafi haldið fram því, sem hann ferðaðist um landið til þess að halda fram sjálfur. Hv. 2. þm. Reykv. segir, að það hafi verið vanrækt af núverandi ríkisstj. að leita markaða erlendis fyrir afurðir okkar, og segir, að ef ekki hefði verið mynduð stjórn árið 1944 og sú stjórn, sem þá var mynduð, hefði ekki verið leitað þessara markaða. Hv. 2. þm. Reykv. veit vel, að ég átti ekki síður þátt í því en hann, að ýtarlegar tilraunir voru gerðar til þess að taka upp samninga um sölu á okkar afurðum til þjóða í Mið-Evrópu og Austur-Evrópu. Þetta liggur fyrir þannig, að það var bókað í bókum utanrmn. á sínum tíma. Ég hafði sama hug á þessu eins og hann. Og það hefur aldrei verið gerð jafnmyndarleg og róttæk tilraun til þess eins og á þessum síðustu árum að ná mörkuðum í Austur- og Mið-Evrópu fyrir okkar afurðir. Þar hafa verið boðnar vörur okkar hvað eftir annað og sendir menn í þessum erindagerðum land úr landi, sem dvalið hafa þar mánuðum saman. Að vísu hefur það stundum ekki borið árangur. Svo kemur hv. 2. þm. Reykv. hér og segir, að ef þetta hefði verið reynt, þá hefði allt farið öðruvísi. Hvað er það í þessu efni, sem hefur verið látið undir höfuð leggjast að reyna? Getur þessi hv. þm. bent á eitt einasta atriði?

Hv. 2. þm. Reykv. segir, að ég hafi varið meginhlutanum af mínum starfstíma sem ráðh. til þess að halda fram við þjóðina, að það þyrfti að lækka verð á íslenzkum afurðum. Ég hef aldrei heyrt aðra eins fjarstæðu sem þessa. En hins vegar hef ég sagt þjóðinni, að ekki þýði til lengdar að setja ábyrgðarverð á afurðirnar eða eitthvert Ákaverð. Ef við ætluðum að nota einhvern Ákavísdóm í sölu okkar afurða, þá mundum við engum ugga koma út. — Við eigum vitanlega að reyna að ná eins háu verði fyrir okkar afurðir eins og hægt er, og við eigum að gera það með eins mikilli alvöru og festu eins og við getum og eins og við höfum gert á þessu ári að ráði beztu manna. En það þýðir ekkert fyrir okkur að lifa hér í þeim hugarórum, að við ráðum sjálfir yfir einhverju hámarksverði eftir okkar ljúfustu óskum. Það væri ósköp gott, ef við réðum yfir verðinu á afurðunum — gott fyrir okkur.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði um það, að það væru kannske einhverjir í Sjálfstfl. aðrir en ég — ekki vildi hann segja, að það væri hver annar í þeim flokki sem væri —, sem mundu geta fengið hærra verð fyrir afurðirnar og hægt mundi vera fyrir sósíalista að styðja til að vera ráðh. í mínu sæti, — það fyndist kannske einhver í Sjálfstfl. slíkur, ekki væri það útilokað, ef ég bara færi frá. Það er gott að fá að vita þetta, sérstaklega eftir ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem sagðist vera hissa á því, að hv. þm. V-Húnv. væri ekki enn búinn að átta sig á því, að ekki væri hægt að vinna með Sjálfstfl. (**SigfS**: Það er sannarlega furðulegt.) Svo kemur núna hv. 2. þm. Reykv. og er að biðla til okkar sjálfstæðismanna um, að við leggjum til mann í stjórn, þar sem hann segir — jú, að við megum eiga mann í stjórn, ef það sé bara ekki ég. — Það er svo sem ekki í fyrsta skiptið, sem þeim ber ekki saman, þessum flokksmönnum. Mér er sagt, að þeir hafi haldið fund á sunnudaginn í nýju mjólkurstöðinni og þar hafi fyrsti ræðumaður sagt, að

ef einhverjir aðrir úr Sjálfstfl. tækju við í ríkisstj. en þessir vondu menn þess flokks, sem nú eru í stjórn, þá gæti ýmislegt lagazt, sem aflaga færi. Ég veit ekki, hvort hv. 6. þm. Reykv. var jafnskeleggur á móti Sjálfstfl. á þeim fundi eftir þessa ræðu eins og hann var hér í gær. En það á kannske við um hann þetta orðtak: Gott er að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri. — Það er kannske ekki að furða, þó að hv. 6. þm. Reykv. sé dálítið reiður út af því, að komizt hefur upp um hann og hans flokksbræður um jafnmikil óheilindi eins og í þessu efni.

Það hefur komið mjög fram í þessum umr., að sósíalistar hafa talið, að við, sem vorum með Keflavíkursamningnum á sínum tíma og höfum séð um framkvæmd á honum, hefðum gert landi og þjóð mikla skömm og hefðum leitt mikla hættu yfir okkar land. Ég held satt að segja, að það sé ákaflega vandlifað, til þess að þeir góðu kommúnistar telji ekki, að hætta sé leidd yfir landið og svo að þeir telji ekki, að verið sé að ofurselja þjóðina með því að veita rétt til herstöðva og annað slíkt. — En í því sambandi er kannske ekki úr vegi að geta þess, að á síðasta sumri fóru Rússar fram á að fá herstöðvar í Noregi. Þar voru þá engir með því nema kommúnistar, svo að um það var synjað. Og við héldum hinir, að engar herstöðvar væru til í Noregi. Og það var brýnt fyrir okkur að standa eins vel á verði í þessum efnum eins og Norðmenn. — En mig langar til að minnast hér á, hvað stendur í grein í blaðinu Rauði flotinn, sem gefið er út í Rússlandi — einu sannsöglasta blaði í heimi, náttúrlega — þann 10. september 1947. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Bandaríkin og Bretland sýna mikinn áhuga fyrir landvörnum Noregs. Hafa Ameríkumenn náð undir sig eftirliti með kjarnorkurannsóknum þeim, sem fram fara í Bergen undir handleiðslu amerískra vísindamanna. Allir helztu flugvellir Noregs eru í höndum Breta og Bandaríkjamanna með „leigu"-kjörum. Hinu sama máli gegnir um norskar hafnir. Þar eiga Bretar og Bandaríkjamenn aðgang að eftirlitslausu, og komu þangað mörg brezk og bandarísk herskip árið sem leið. Háttsettir brezkir og amerískir herforingjar halda áfram að sækja Noreg heim." — Það var eins og þegar herforinginn mikli, Bob Williams, kom hingað til landsins.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það voru þrjú eða fjögur atriði, sem mér fannst ástæða til að taka til meðferðar. En hæstv. utanrrh. hefur minnzt á sum þeirra, svo að ég get farið fljótt yfir sögu, enda geri ég ráð fyrir, að menn séu orðnir saddir á þessum umr.

Hv. þm. Siglf. beindi því til mín, að ég hefði gerzt nokkuð harðorður í garð þess manns, sem hafði verið flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvellinum, og að mér bæri að bæta þar úr, sem ég hefði ofsagt. Ég kannast ekki við að hafa neitt ofsagt í þessum efnum. Skal ég færa rök að því. Ég hef engan sérstakan áhuga fyrir að blanda inn í umr. því að tala um þennan mann, en af því að hv. þm. Siglf. var með ásakanir í minn garð, kemst ég ekki hjá því að minnast á þetta.

Það mun hafa verið síðast í apríl eða fyrst í maí s. l., að einn Ameríkumaður, sem hafði nokkuð með að gera rekstur þarna á Keflavíkurflugvellinum, spurði mig, hvernig á því stæði, að ekki væru innheimt lendingargjöld fyrir flugvélar á flugvellinum. Ég kom þá eins og af fjöllum, því að ég stóð í þeirri trú, að sá starfsmaður, sem þar átti hlut að máli og átti að gera þetta, hlyti að hafa framkvæmt þetta, þar sem hann hafði ekki tilkynnt ráðuneytinu um það, að neinar hindranir væru í vegi fyrir þessari innheimtu eða að nokkuð væri athugavert um það atriði. Ég talaði þá við fulltrúa minn í ráðuneytinu og bað hann að athuga, hvort þarna væri eitthvað í ólagi, og fyrirskipaði, að ef svo væri, skyldi kippa þessu í lag. Það kom þá á daginn, að það höfðu engar ráðstafanir verið gerðar af hálfu þessa embættismanns, flugvallarstjórans, til þess að innheimta þessi gjöld. Og þá skrifaði þessi embættismaður á flugvellinum ráðuneytinu bréf, þar sem hann segist ekki hafa innheimt þessi gjöld vegna þess, að hann hafi ekki fengið þær upplýsingar, sem hann hefði þurft, frá þeim amerísku aðilum, sem hann hefði snúið sér til. En það er fyrst eftir að ráðuneytið er búið að frétta þetta á skotspónum frá hinum aðilanum og eftir að fulltrúi í ráðuneytinu er búinn að fá fyrirskipun um að rannsaka þetta, að embættismaður þessi á flugvellinum álítur ástæðu til að láta ráðuneytið vita, að hér sé ekki allt í lagi. — Svo segir hv. þm. Siglf., að ráðuneytið hafi ekki rækt sína skyldu, þegar þessi embættismaður á flugvellinum hefði ekki getað komið fram þessari innheimtu. En undireins og ég fékk þetta bréf frá flugvallarstjóranum, óskaði ég eftir, að fulltrúinn í ráðuneytinu, sem þetta heyrir undir, sem á líka sæti í flugvallanefnd, tæki þetta mál upp í flugvallanefnd og sæi um, að það kæmist til réttra aðila, að þessar upplýsingar ættu að gefast án tafar, ef þær hefðu ekki þegar verið gefnar. Þetta var svo tekið upp í flugvallanefnd. Síðan var það tekið upp í amerísku nefndinni, þar sem það var fullyrt, að ekki væri rétt, að móti því hefði verið staðið að veita þessar upplýsingar. Og til þess enn betur að sjá um að kippa þessu í lag talaði ég við fulltrúa flugmálastjóra og fól honum að fara suður á flugvöll og kippa þessu í lag með þessum manni, flugvallarstjóranum, því að mér sýndist sem samvinnan þar syðra mundi ekki vera á marga fiska, hverju sem um það er að kenna. Fulltrúi flugmálastjóra tók þetta að sér. En 1. júlí var ekki búið að skrifa út neinn reikning fyrir lendingargjöldum. Það var ekki gert fram til 1. júlí og ekki fyrr en búið var að koma lagi á rekstur flugvallarins. — Ég tel því, að ráðuneytið hafi gert fullkomlega þær ráðstafanir, sem því bar að gera, eftir að það fékk upplýsingar um, að þetta var í ólagi þarna á vellinum, en að það hafi verið furða, hve mikill seinagangur þarna átti sér stað af hendi þess starfsmanns, sem átti þarna að ganga fram fyrir skjöldu og sjá um innheimtu á þessum gjöldum. — Ég skal svo ekki fara út í önnur atriði um starfsmann þennan þarna suður frá, nema alveg sérstakt tilefni gefist til.

Þá vil ég víkja að öðru atriði, sem hæstv. utanrrh. að vísu er búinn að víkja að áður. Það er þetta um gjaldskrána. Mér kom það ákaflega spánskt fyrir, þegar ég tók við starfi flugmrh. og varð þess var, að ekki var búið að setja neina gjaldskrá fyrir flugvélar, þar sem það átti að gerast í nóvember eða desember árið áður. En það kom í ljós, að þetta hafði ekki verið gert. Og í ljós kom, að þetta hafði ekki verið gert vegna þess, að þáverandi

flugmrh. (þ. e. í nóv. og des. f. á.) Áki Jakobsson, sem nú talar hér hástöfum og gengur eftir, að allt sé gert í þessum málum svo fljótt — hann var að þvælast með þetta mál alla þessa mánuði, frá því í október og þangað til í febrúar, án þess að þetta væri leitt til lykta. En eitt einfaldasta atriðið í starfi flugvallarstjóra, skilst mér, að það hefði verið að setja þessa gjaldskrá fyrir viðkomur flugvéla. Samanborið við ýmis atriði, sem fólgin eru í samningnum, þá er þetta atriði svo óendanlega einfalt. En samt var það þessi hetja, sem var ráðh. yfir þessu allan þennan tíma, sem ekki kom þessu í lag. Og afleiðingarnar af því og þessum seinagangi, sem var á málunum hjá þessum embættismanni á flugvellinum, voru, að þessu var ekki kippt í lag, fyrr en búið var að fá innheimtu á allstórum fjárhæðum.

Þá vil ég aðeins víkja að einu atriði enn, því, hversu margir íslenzkir starfsmenn hafi verið teknir til starfa inn á Keflavíkurflugvöllinn. Hv. þm. Siglf. sagði, að málið mundi hafa verið tekið upp á ný, þegar svipan hefði verið tekin upp. Og svipan er víst þessi þáltill., sem hér liggur fyrir til umr. En þetta mun vera a. m. k. allmikill misskilningur hjá honum, en þó sennilega annað verra, því að þessu er ekki þannig farið. Sannleikurinn er, að meðan þeir menn, sem hv. þm. Siglf. sem ráðh. setti til að fara með þessi málefni, höfðu þau með höndum, þá var reynslan sú, að það var ekki hægt að fá neitt gert í þessu efni, ekki hægt að koma skrið á neitt í þessum efnum og þótt um það væri talað, gerðist ekki neitt. Og það var ekki fyrr en þeir nýju menn, sem settir voru í þetta, tóku við — en það dróst allt of lengi að skipta um menn þarna —, að eitthvað fór að gerast í þessu efni. Og var þar við ramman reip að draga, vegna þess ólestrar, sem var í flestum greinum þessara mála, stjórnar flugvallarins, þegar hv. þm. Siglf. skildi við þau, sem síðar mun nánar að vikið. Það vantaði ekki, að það væri talað um, að það þyrfti að gera eitt og annað í þessum efnum. En það komst aldrei skriður á neitt af því í framkvæmdinni, meðan hv. þm. Siglf. var flugmrh. En, eins og hæstv. utanrrh. tók fram, er þátttaka Íslendinga í störfum á flugvellinum ekki komin í það horf, sem þarf að vera. Sumpart er það af því, að hörgull er á mönnum til þess að halda fram til þessara starfa, og sumpart stafar þetta af því, að ekki hefur verið unnið að þessu með nægilega miklum þunga, og er þar örlagaríkt, að þá mánuði, sem hv. þm. Siglf. fór með þessi mál sem ráðh., þá verður ekki séð a. m. k., að neitt hafi verið gert til þess að koma skrið á þessi mál. Nú hefur hv. þm. Siglf. tekið þann kostinn að segja, að Erling Ellingsen flugmálastjóri segi það ósatt, að ekki hafi verið til meðal Íslendinga tæknilega menntaðir menn, til þess að íslenzkir menn taki að sér þjónustu í flugturninum í Keflavík. Ég býst við, að flugmálastjóri hafi álitið, að við hefðum svo mikið með þessa tæknilega menntuðu menn að gera annars staðar, að við hefðum ekki menn í þessa turnþjónustu. Hitt er svo annað mál, hvort Erling Ellingsen flugmálastjóri hefur rétt fyrir sér í því, að við þurfum svo marga tæknilega menntaða menn á þessu sviði annars staðar, að ekki sé hægt að binda slíka menn við starf á Keflavíkurflugvellinum. En það er atriði, sem ekki verður rætt hér. — En ennþá eru málin ekki komin í það horf, að það vinni eins margir íslenzkir menn á Keflavíkurflugvellinum og æskilegast væri og ætti að vera. En það eru vonir til þess, að þetta geti færzt í betra horf en verið hefur, og það er verið að vinna að því.

Að svo miklu leyti sem ég gat skilið hv. þm. Siglf. — en það var erfitt að skilja sumt af því, sem hann sagði, því að það var nokkuð þvælulegt, sem hann sagði í dag, þá skildist mér hann tala um það, að eitt af þeim atriðum, sem hann gagnrýndi, væri, að of mikið hefði verið lagt í kostnað til öryggismála við millilandaflug, án þess að það hefði verið endurgreitt af alþjóðasamtökum í því efni. (ÁkJ: Það er misskilningur.) Mér skildist þetta. En ég ætlaði að upplýsa um þá öryggisþjónustu, sem haldið er uppi vegna þessa flugs, að það hefur verið lögð mikil vinna í að innheimta þann kostnað frá alþjóðasamtökunum. En það er ekki búið að borga þetta ennþá, og liggur ekki fullljóst fyrir, hvernig það muni ganga, þó að undirtektirnar hafi verið þannig, að maður verði að líta svo á, að það verði útkoman, að þetta verði greitt. Og Íslendingar eiga fullkomna kröfu á, að þetta verði greitt. Og það er ómögulegt fyrir okkur að halda uppi þessari þjónustu, ef þessi kostnaður verður ekki endurgreiddur. Ef hann verður ekki endurgreiddur, verður frá íslenzku sjónarmiði að draga þessa þjónustu saman eins og mögulegt er. En meðan eins stendur og nú, m. a. með tilliti til undirtekta Bandarikjamanna og alþjóðaflugsamtakanna, þá verðum við að vona, að þetta komist í lag bráðum. — En ef við athugum, hvernig hv. þm. Siglf. tók á þessum málum, meðan hann sem ráðh. hafði aðstöðu til þess að hafa áhrif á sum atriði þeirra, þá er mikil ósamkvæmni í því annars vegar og þess hins vegar, hvernig hann talar hér nú og fjargviðrast um seinlæti hjá núverandi valdhöfum í þessum efnum, sem ég hef greint, bæði viðkomandi setningu gjaldskrárinnar, ráðningu íslenzkra manna til starfa á flugvellinum o. fl. En að þessum tveimur málum, sem ég nú nefndi, virðist eðlilegt, að hv. þm. Siglf. sem ráðh. starfaði á sínum valdatíma, þó að hann væri ekki utanrrh. En það var ekki starfað að þessum málum af honum þannig a. m. k., að nein niðurstaða væri fengin um þessi atriði, þegar hann fór frá völdum. Hann telur, að orðið hafi að bíða eftir að heyra, hvað Ameríkumenn hefðu að segja um þetta. Það er nú svo. En nú stendur hann upp og ásakar núverandi ríkisstj. fyrir, að ekki er tafarlaust skipað öllum þessum málum með reglugerð og það þrátt fyrir það, að augljóst er, að Bandarikjamenn hafa skýlausan samvinnurétt eftir flugvallarsamningnum um þau atriði, sem hv. þm. Siglf. deilir á ríkisstj. fyrir að hafa ekki skipað einhliða með reglugerð. Þetta er einföld aðferð, sem hv. þm. Siglf. viðhefur í þessum efnum til þess að gera sig merkilegan. En ég efast um, að gagnrýni af þessu tagi reynist þessum hv. þm. til svo mikils álitsauka eins og hann kann að halda.

Ég gat um það áðan, að mér sýndist, eftir þeim gögnum, sem ég hef þar um, að stjórn þessa hv. þm., sem fyrrv. ráðh., á flugvellinum væri ekki til fyrirmyndar. Þetta verður bráðum betur upplýst. En þar hefur átt sér stað gífurleg fjáreyðsla og vanstjórn að mínum dómi. Og það hefur verið geysimikið verk fyrir þá, sem tóku sæti í flugráði, að fyrir hinn nýja flugmálastjóra ríkisins að henda reiður á því, hvernig ástatt hefur verið í þessum

málum og reyna að færa þar ýmislegt í lag. T. d. nefni ég, að eftir þeim gögnum, sem ég hef fengið, virðist mér mega spara stórlega mannahald frá því, sem verið hefur við rekstur Keflavíkurflugvallarins. Ég nefni ekki tölur í því sambandi í dag. En bráðum mun koma í ljós, að þar verður um mjög mikinn sparnað að ræða frá því, sem var í ráðherratíð hv. þm. Siglf., í einni eða fleiri greinum, þar sem sukkið gekk úr hófi fram í hans ráðherratíð.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það er nú búið að ræða þetta mál það mikið, að það er eiginlega heldur leiðinlegt að bæta þar miklu við. Manni virðist eftir þeim ræðum, sem farið hafa fram um málið, ekki sízt í seinni tíð, þá sé málið orðið það upplýst, að tæpast sé þess að vænta, að fleiri ný atriði komi í ljós við umr. en búið er að minnast á og sum margoft. Tilgangurinn með þessari þáltill. hjá hv. flm., þm. Siglf., á að vera sá að ýta á eftir ríkisstj. með að framkvæma ákvæði flugvallarsamningsins og gera það þannig, að Íslandi henti sem bezt, og það án tafar. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja af hálfu hæstv. ríkisstj. og flugvallarn., verður ekki annað séð en að þeir menn, sem mest afskipti hafa haft af þessum málum ásamt hæstv. ríkisstj., hafi reynt að sinna þeim eftir ýtrustu föngum. Þess ber að gæta í þessu sambandi, að þegar núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, voru liðnir margir mánuðir, frá því að þessi samningur kom í gildi, og er þess vegna ekki hægt að færa henni það til sektar, að ekki sé búið að vinna að málum, sem gera átti, áður en hún kom til valda, en fyrir hennar atbeina og störf er nú búið að leysa mörg atriði af því, sem átti að leysa í framkvæmd þessa samnings, og er það vel farið. Það er líka upplýst, að allmörg atriði eru óleyst, sem verið er að vinna að. Alþ. treystir því, að hæstv. ríkisstj. leysi þau mál af sinni hálfu, eftir því sem hún bezt getur, og reyni að láta sitja í fyrirrúmi íslenzka hagsmuni og réttindi, en ekkert hefur komið fram, að mér virðist, sem bendir til þess, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki reynt í þessu máli að vinna þannig af fullri alúð og festu, að hagsmunum Íslendinga væri vel borgið. Öðru máli gegnir um þau atriði, sem óútkljáð eru, að um þau getur maður ekki slegið neinu föstu, á hvern hátt takast kann að leysa, en fullvíst virðist mér, að hæstv. ríkisstj. hafi fullan áhuga á að láta lausn þeirra mála fara sem bezt úr hendi. Hygg ég, að auðvelt sé fyrir hæstv. ríkisstj. og hv. Alþ. að koma sér saman um leiðir til úrlausnar. Það er hins vegar í alla staði eðlilegt og æskilegt — og ég hygg, að af hálfu hæstv. ríkisstj. verði engin hindrun lögð í veg fyrir það —, að menn fái vitneskju um gang þessara mála. — Kann ég mjög illa við, hversu meðmælendur þessarar þáltill. viðhafa mikinn orðaflaum og endurtekningar í þessum umr., og finnst mér þar gæta allt of mikils alvöruleysis, ef þeim finnst málið skipta svo miklu fyrir Íslendinga og hvernig það sé framkvæmt og leyst, svo sem þeir vilja vera láta. Ég held, að þeir geti ekki haft trú á því, að þeir geri íslenzkum málstað mikið gagn með því að flytja þetta mál eins og þeir gera. Ég vil ekki slá neinu föstu um, hvað fyrir þeim vakir — það skiptir ekki svo miklu máli —, en þeim missýnist hrapallega á þann hátt, sem þeir túlka það. Hygg ég, að afgreiðsla þess, hvað Ísland snertir, verði ekki lakari, þótt hv. Alþ. sitji ekki lengur yfir því, og álít því hyggilegast, að þessu máli verði þegar ráðið til lykta. Ég hef þess vegna ásamt tveim öðrum hv. þm., þeim hv. 1. þm. Reykv. (PM) og 7. landsk. þm. (GÍG), leyft mér að bera fram svo hljóðandi rökst. dagskrá:

„Í því trausti, að ríkisstj. gæti hagsmuna Íslands örugglega við framkvæmd samningsins um Keflavíkurflugvöllinn, telur Alþ. ástæðulaust að gera nú frekari samþykkt og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Mun ég svo afhenda hæstv. forseta þessa rökst. dagskrá og sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um málið.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Ég heyrði ekki fyrstu orðin hjá hæstv. utanrrh., en mér skildist, að þau væru ekki snertandi það mál, sem hér er til umr., og held ég, að þau hafi aðallega snúizt um það, að ég vítti hann fyrir ummæli í garð embættismanns, sem hafði hér enga aðstöðu til að bera hönd fyrir höfuð sér. Taldi hæstv. utanrrh. hann andstyggilegan og sagði, að hann hefði svikizt um sín störf og reynzt óhæfur til þeirra. — Í sambandi við ræðu hæstv. menntmrh. vil ég taka það fram, að það var ekki ég, sem upphaflega dró þennan embættismann hér inn í umr. Það gerðu hæstv. utanrrh. og hæstv. menntmrh., áður en ég gerði hann að umtalsefni.

Hæstv. utanrrh. reyndi ekki með einu orði að hrekja neitt af þeim ummælum mínum, að óhæfilegt væri, hve ýmsar framkvæmdir í sambandi við Keflavíkurflugvöllinn hefðu dregizt og hversu hæstv. ríkisstj. hefði verið undanlátssöm við Bandaríkjamenn í þessum málum. Einasta vörn hans var þessi: Áki Jakobsson var jafnundanlátssamur, þegar hann var ráðh. — Við skulum nú athuga aðstöðu fyrrv. ríkisstj. í þessum efnum. Í herverndarsamningnum við Bandaríkjamenn féllst hv. Alþ. á, að hér dveldi ameríkskur her í 6 mánuði, eftir að samningurinn væri útrunninn. Þessir bandarísku hermenn áttu ekki að falla undir íslenzk lög. Þess vegna var aðstaða fyrrv. ríkisstj. þannig um þetta 6 mánaða skeið í sambandi við að koma fram einu eða öðru á flugvellinum — þar með innheimta gjöld og koma þar fyrir íslenzkum starfsmönnum —, að hún var útilokuð í framkvæmd, þar eð um bandarískt herlið var að ræða. Skoðun fyrrv. utanrrh. var sú, að meðan herinn dveldi hér, væri ekki um það að sakast, þótt ekki væri hægt að koma þessu við, því að þetta lagaðist, þegar þessir 6 mánuðir væru liðnir, og þá horfði málið öðruvísi við. Þessar staðreyndir kippa öllum rökum undan ræðu hæstv. utanrrh., og ef hann hefði tekið þær með í reikninginn og komið með þessar skýringar, hefði hann getað sparað sér þau mörgu orð, sem hann lét hér falla um, að ég hefði skapað fordæmi fyrir að leita samkomulags við Bandaríkjamenn. Þegar ákveðið var að setja þessa reglugerð, var ekkert ákveðið um það í samningnum, hvort Bandaríkjamenn ættu að greiða þessi gjöld, meðan herinn væri hér, og var því ekki um annað að ræða en að leita á náðir utanrrn. og bera þetta fram, en flugvallarn. starfaði í umboði þess, líka meðan herinn dvaldi hér. Þannig eru þessi atriði úr ræðu hæstv. utanrrh. gersamlega tilefnislaus og hin langa ræða hans gerð að engu, þegar þessar skýringar hafa verið gefnar. — Aðalatriðið er, að aðstaða Íslands til að framkvæma samninginn og fá full-

komin yfirráð yfir vellinum kom ekki til framkvæmda, fyrr en ameríska herliðið var farið, af því að það neitaði algerlega að hlýða fyrirskipunum Íslendinga. Hins vegar horfir málið öðruvísi við, eftir að starfslið er komið á völlinn, sem heyrir undir íslenzka lögsögu, eins og skeður í apríl s. l. Þá er hægt að setja reglugerð og taka af skarið af hálfu hæstv. ríkisstj., sem ekki var hægt að gera áður. Ég verð að segja það, að það er lélegur málstaður, sem hefur ekkert annað sér til varnar en þetta: „Áki Jakobsson stóð sig ekki betur, þegar hann var í ríkisstj.“ — og forðast að svara fyrirspurnum og athugasemdum, sem hér koma fram, t. d. varðandi starfsmannahald á vellinum. Hæstv. utanrrh. spurði mig, hvað margir íslenzkir fagmenn væru á takteinum til þessara starfa. Ég veit, að í fórum hæstv. ríkisstj. eru upplýsingar um alla þá menn, sem eru menntaðir á þessu sviði. Í skýrslu þeirri, sem hér hefur verið lögð fram, er því haldið fram af flugvallarn., að 19 menn starfi þarna við tekniska flugþjónustu. Ég upplýsti, að þetta orð gæti átt við svo margvísleg störf, t. d. menn, sem sópa völlinn, setja flugvélarnar í gang, og þá, sem vinna í afgreiðslusal. Ég spurði hæstv. ráðh., við hvaða tekniska þjónustu þessir 19 menn störfuðu. Það hefur líka verið sneitt hjá því að svara, hvort eigi að taka íslenzka starfsmenn í flugturninn, sömuleiðis varðandi fyrirkomulag á olíusölu, því að á því sviði ráða Bandaríkjamenn öllu. Þessi framkoma öll sýnir, hve hæstv. ríkisstj. er í algerri vörn í þessu máli og treystir sér ekki að halda sér við efnið og gefa upplýsingar, heldur dregur inn í umr. ýmis aukaatriði.

Hæstv. utanrrh. sagði í upphafi ræðu sinnar, að hann vildi láta ræða málið ýtarlega og athuga í n., og ég lagði áherzlu á, að það yrði fengið þingnefnd til meðferðar, sem skyldi svo athuga ýmis vafaatriði, sem fram komu í skýrslu flugvallarn., kallaði hana t. d. á fund og spyrði um eitt og annað, sem þar er talað um með loðnu orðalagi. Nú hafa stjórnarfl. hins vegar komið sér saman um að losna við frekari umr. um málið, og þess vegna er það, að hv. 1. þm. Árn. stendur hér upp og gerir grein fyrir rökst. dagskrá, sem hann er flm. að ásamt tveim öðrum hv. þm., og finnst hæstv. ríkisstj. það líta betur út, að till. komi úr hópi þm. En út af því, sem hv. 1. þm. Árn. var að tala um alvöruleysi í umr. af hálfu okkar sósíalista, vil ég taka það fram, að hann hefur enga aðstöðu til að dæma um slíkt, því að hann hefur verið lítið hér við umr. fyrr en í dag, þegar honum er fengin þessi till. upp í hendurnar og falið að bera hana fram.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. þm. Siglf. var að tala um það, að þegar hann hefði verið flugmrh., eftir að samningurinn tók gildi, hefði staðið öðruvísi á um framkvæmd flugvallarsamningsins en nú, af því að herlið hefði þá verið á flugvellinum. Þetta er rétt, en að öðru leyti stóð nákvæmlega á eins og nú, bæði um setningu reglugerða og gjaldskráa. Fyrrv. utanrrh. (ÓTh) skipaði flugvallarn. 7. nóv. í fyrra, vegna þess að þá var orðið aðkallandi að sjá fyrir rekstri vallarins af Íslands hálfu. Skömmu síðar var settur flugvallarstjóri, og það var hv. þm. Siglf., þáverandi flugmrh., sem skipaði þennan mann og sýndi þar með — sem rétt var —, að þá voru Íslendingar búnir að taka við yfirstjórn þessara mála. Bréfaskiptin, sem ég vitnaði í, fjölluðu um það, að þessi flugvallarstjóri var að finna að því, að Bandaríkjamenn hefðu ekki viljað borga gjöldin á þessum tíma, sem hann áleit þá skylduga til. Það er fyrst nú, að ég heyri, að þessar reglur hafi ekki átt að koma til framkvæmda fyrr en í aprílmánuði, — en hvernig stóð þá á því, að hr. Erling Ellingsen flugmálastjóri tók upp þetta mál í flugvallarn. þann 12. nóv. um setningu gjaldskrár, hafði þá frv. tilbúið og sagði, að það hefði dregizt svo mjög að fá frv. afgreitt frá Bandaríkjamönnum, ef þessar reglur áttu ekki að taka gildi og koma til framkvæmda fyrr en í apríl? Það er því greinilegt, að staðhæfingar hv. þm. Siglf. fá með engu móti staðizt. Það er sannað og upplýst, að allar þessar reglur áttu að koma í gildi, um leið og flugvallarsamningurinn var gerður, eða svo fljótt sem unnt væri.

Ræða hv. þm. Siglf. sýndi berlega, að hún var undansláttur frá upphafi til enda. Þannig hefur þetta mál snúizt algerlega við. Það var borið fram sem illgjörn árás á núverandi ríkisstj., en hefur snúizt upp í þungan áfellisdóm yfir þessum hv. þm. og hans mönnum. Með þessu hefur verið reynt að sá fjandskap milli okkar og Bandaríkjamanna, það hefur verið tilgangur hans frá upphafi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hafa nú haldið 9 ræður í þessu máli, þar af hefur hæstv. utanrrh. talað fimm sinnum, svo að þm. hafa varla komizt að með ræður.

Þessi hæstv. utanrrh. skoraði á mig að nefna dæmi þess, að lýðræðisríki hefðu gerzt árásarríki. Ég nefndi honum dæmin í dag, svo að nú veit hann ekkert, hvað hann á að segja. Hann hefur opinberað slíkt hugmyndaleysi og þekkingarleysi á sögu utanríkismálanna og almennri sögu, að ósköp eru til þess að vita, og þessi maður er utanrrh. Íslands.

Svo kom hæstv. ráðh. með það, að Bandaríkin hefðu nú reynzt svo góð, að þau hefðu sætt sig við það, að við neituðum þeim um herstöðvar til 99 ára. Þau sættu sig ekki við það, þau frestuðu aðeins kröfum sínum fram yfir kosningar hér á landi, og þá fengu þau það, sem þau vildu, og hæstv. utanrrh. hjálpaði þeim til þess.

Ráðh. talaði um sömu hættu af Reykjavíkurflugvellinum og flugvellinum í Keflavík. Það er rétt, að það þarf að sprengja þá báða, ef hægt er að bjarga Íslandi með því. En við verðum að ráða því sjálf, hvað gert er, en hæstv. ráðh. stuðlar að því, að við höfum sjálf ekki ráðin, heldur yfirþjóðin. Þetta skapar hættuna. Það þýðir ekki að reyna að snúa sig út úr því með lélegum lögfræðikúnstum.

Þegar ráðh. var að bera við að verja lögbrot sín í sambandi við framkvæmd Keflavíkursamningsins, sagði hann, að enginn mundi geta gert sér grein fyrir því, hve erfitt væri að framkvæma ýmislegt þar að lútandi. Nú, er það svo? Þegar frv. um, að ákvæði Keflavíkursamningsins um aðflutningsgjöld o. fl. skyldu öðlast gildi, var hér í þinginu í desember í fyrra, skilaði ég minnihlutaáliti í fjhn., þar sem ég lagði til, að málinu væri vísað frá með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá: „Með því að d. álítur það heppilegast til þess að tryggja og varðveita fullan rétt íslenzka ríkisins við framkvæmd samningsins við Bandaríki Ameríku frá 7. okt., að gerðar séu skýrar og ótvíræðar breytingar í undan-

þáguformi á hverjum þeim íslenzkum lögum, sem undanþágur beri að gera við vegna samnings þessa, en eigi löggilda í einu lagi tvíræð og óljós ákvæði, ályktar d. að taka fyrir næsta mál á dagskrá.“ Markmið þessarar rökst. dagskrár var greinilega það að tryggja rétt Íslendinga við framkvæmd samningsins. En þessa dagskrá gekk hæstv. núverandi utanrrh. manna bezt fram í að fella, og nú kvartar hann um, að það sé svo ótrúlega erfitt að framkvæma samninginn. Hættan við að samþykkja það frv., sem ég nefndi áðan, var augljós íslenzkum hagsmunum, og nú hefur líka komið á daginn, hvernig hæsvt. utanrrh. hefur haldið og heldur á þessum málum.

Og hæstv. ráðh. sagði, að Bandaríkin hlytu eftir ákvæðum samningsins að hafa sjálfstæðan tollinnflutning á Íslandi. Það er dómsmrh. Íslands, er þannig talar. Hann hefur ekki reynt að bera á móti þeim rökstuðningi mínum, að samkvæmt þessum samningi er aðeins um að ræða tollfrelsi á nauðsynjum þess hluta liðsins í Keflavík, sem þarf að vera þar til að halda uppi samgöngum við Þýzkaland, eftir því sem Ísland ákveður. Á þessum samningi eiga Íslendingar að standa, en hæstv. utanrrh. svíkst um það og dirfist að koma fram með það, að Bandaríkin eigi að hafa frjálsan og sjálfstæðan tollinnflutning hér. Er þetta málflutningsmaður Bandaríkjanna eða dómsmrh. Íslands, er þannig talar? Bandaríkjamenn eiga ekki rétt á meira en samsvarar einum tíunda hluta af nauðsynjum þess liðs, sem nú er í Keflavík. Það þarf ekki nema einn tíunda hluta af því til að halda uppi þeim samgöngum við Þýzkaland, sem um er talað í flugvallarsamningnum.

Ég hef nú bent á fjölmörg íslenzk lög, sem hæstv. utanrrh. og ríkisstj. láta viðgangast, að séu brotin suður á Keflavíkurflugvelli, t. d. tollalöggjöfina, skattalöggjöfina, lög um fjárhagsráð, lög um skattskyldu útlendinga, lög um tóbakseinkasölu ríkisins, lög um áfengiseinkasölu ríkisins o. s. frv. Svo er það þessi hæstv. utanrrh., sem á að standa á verði um hagsmuni, réttindi og lög Íslands. Og svo neitar ráðh. því, að hann sé samsekur um smygl. En hefur hann ekki látið viðgangast, að 16 þúsund kassar af bjór væru fluttir inn, án þess að greiddur væri af þeim tollur í síðasta mánuði? Þetta var gert með vitund hans. Ég vil taka það fram, að ég er ekki að bera lögbrot á stjórn Bandaríkjanna, það er ekki hennar að sjá um, að íslenzk lög séu haldin. Ég er að bera það á ríkisstj. Íslands, að hún láti þessi lögbrot viðgangast, og nú koma fylgismenn hennar hér og reyna að verja smán hennar með því að bera fram þessa rökst. dagskrá, sem hér er nú komin fram, og vísa málinu þannig frá, svo að við getum ekki kallað viðkomandi embættismenn fyrir og yfirheyrt þá um það, hvað þeim hefur verið fyrirskipað. Það á að löggilda hér lögbrotin. Hæstv. utanrrh. treystist ekki til að svara neinni ásökun minni. — Ég skal hætta, herra forseti.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það kom nú úr hörðustu átt, er hv. 2. þm. Reykv. var að kvarta um það hér áðan, að hann kæmist ekki að. Hann hefur nú talað í 7 eða 8 klukkustundir við þessa einu umr., og í dag talaði hann tölurvert á aðra klukkustund. En ég held, að það hefði nú verið betra fyrir hann að tala heldur færri orð, það hefði þá kannske eitthvað verið hlustað á hann. Þetta er aðeins leiðbeining til hv. þm., sem hann gæti íhugað fyrir framtíðina.

Það var aðeins eitt atriði í ræðu hv. þm. Siglf., sem kom mér til að kveðja mér hljóðs í þetta skipti, en í leiðinni ætla ég að minnast á það, sem hann sagði, að það væru hinar mestu blekkingar, að 19 Íslendingar ynnu tæknileg störf á Keflavíkurflugvellinum. En flugvallarstjóri ríkisins sagði mér, að þau störf, sem þessir 19 menn vinna, væru kölluð teknisk störf á öllum flugvöllum. Hitt er svo annað mál, að ráðning þessara manna er aðeins byrjun þess, sem þarf að verða, þessum mönnum þarf að fjölga, og sé hér um nokkra vanrækslu að ræða, þá á hv. þm. Siglf. áreiðanlega bróðurpartinn af henni. Varðandi störf Íslendinga í flugturninum í Keflavík getur hv. þm. lesið það í flugvallarskýrslunni, að ástæðan til þess, að þeir vinna þar ekki, er sú, að okkur vantar hæfa menn til þess ennþá.

Það er mesti misskilningur hjá hv. þm. Siglf., að Bandaríkjamenn ráði olíuverzluninni í Keflavík. Íslenzka ríkið á olíugeymana og ræður verzluninni, og hún fer um hendur íslenzks olíufélags. Það hefur verið íhugað að gefa öllum kost á að hafa vöru sína þar á boðstólum, en á því eru tekniskir örðugleikar, það er nefnilega ekki nema ein leiðsla að geymunum, eins og hv. þm. eflaust veit, og því er erfitt að skipta þessu niður. Ef menn vilja hins vegar kaupa olíu af öðru félagi, þá fá menn að kaupa hana annars staðar frá.

Að endingu kem ég að því, sem ég stóð upp til að minnast á. Hv. þm. Siglf. hefur komið með hinar fáránlegustu afsakanir í sambandi við það, að hann lét dragast, meðan hann var ráðh., að setja gjaldskrá eða reglugerð á Keflavíkurflugvellinum. Ég vænti þess, að það séu einhverjir hér inni, sem heyrðu hv. þm. segja það í ræðu sinni í dag, að vegna þess að þáverandi utanrrh. (ÓTh) hefði sagt, að hann þyrfti að tala við bandarísk yfirvöld, áður en þessi reglugerð væri sett, hefði hann (þ. e. a. s. hv. þm. Siglf. og þáverandi atvmrh.) beygt sig fyrir því, og þess vegna hefði dregizt að setja reglugerðina. En nú er þessi hv. þm. alveg kominn í sjálfheldu og veit ekki, hvernig hann á að snúa sig út úr þessu. Nú er hann orðinn tvísaga, því að nú sagði hann aftur í kvöld, að ekki hefði verið tímabært að setja reglur eða reglugerð um flugvöllinn, fyrr en herinn væri farinn. Hér er hv. þm. algerlega orðinn tvísaga, en allt um það kemst hann ekki í kringum það, að hann lét þessar ráðstafanir undir höfuð leggjast, á meðan hann var ráðh., þær ráðstafanir, sem hann átti að gera.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Þetta var furðulegur og smásálarlegur útúrsnúningur hjá hæstv. menntmrh. og hefði betur sæmt hæstv. utanrrh. Ég hef ekki haldið því fram, að ekki hefði verið tímabært að setja reglur og gjaldskrá, áður en herinn hvarf á brott, en ég sagði, að aðstaða íslenzku ríkisstj. hefði verið allt önnur og verri til að setja þessar reglur, á meðan hér var erlendur her, en eftir að hann var farinn og hér voru aðeins eftir erlendir þegnar, sem verða að hlýða íslenzkum yfirvöldum og ríkisstj. þessa lands, eftir því sem hún vill sjálf. Ég sagði, að hæstv. fyrrv. utanrrh. hefði viljað leita samráðs við hernaðaryfirvöldin, því að á meðan hér var erlendur her og hernaðaryfirvöld, var ekki hægt að koma fram íslenzkum valdboðum

nema í samráði við hin erlendu yfirvöld í þessu efni. Þetta veit hæstv. menntmrh. og aðrir.

Það var skemmtilegt, þegar hæstv. menntmrh. fór að minnast á hina 19 Íslendinga, sem eiga að vinna teknisk störf á Keflavíkurflugvellinum. Hann fór ekki út í að lýsa þeim störfum, þó að það skipti miklu máli að fá upplýsingar um þau, og það er furðulegt, að hann skuli hafa talað við flugvallarstjóra, en veit þó ekkert um þetta. Eða eru upplýsingar flugvallarstjóra þannig, að hann vilji ekki koma með þær hingað inn í þingið? Þessi störf eru of ömurleg til þess.

Þessar umr. hafa nú upplýst, að Keflavíkursamningnum hefur verið skotið til hliðar af núverandi ríkisstj. í hverju einasta atriði, sem er mikilvægt og lýtur að framkvæmd hans, á Keflavíkurflugvellinum er því aðeins nokkuð framkvæmt, að samþykki Bandaríkjanna komi til. Og mörg atriði eru þar óleyst ennþá.

Hæstv. menntmrh. sagði, að það væri ekki nema ein leiðsla að Standard Oil tönkunum í Keflavík. Það er hlægileg afsökun. Það væri hægt að reka olíuverzlunina á þann hátt sem gert er á Reykjavíkurflugvellinum, að Íslendingar hefðu hana í sínum höndum. En ríkisstj. veik fyrir Bandaríkjunum í þessu sem öðru. Það er komið fram, að hæstv. utanrrh., sem á að hafa framkvæmd samningsins á hendi, eftir því sem hæstv. menntmrh. segir, það er komið fram, að hann lokar augunum fyrir ýmsu, sem gerist þar á vellinum, svo að ástæða er til að ætla, að forystumenn Sjálfstfl. hafi gengið inn á aðrar og meiri skuldbindingar en teknar eru fram í samningnum. Það er full ástæða til að ætla það, og það mun sýna sig. Það væri því full ástæða til, að þingnefnd fengi tækifæri til að yfirheyra þá embættismenn, sem hér eiga hlut að máli, en það vill ríkisstj. losna við. Það er miklu betra að semja skýrslu, sem hæstv. utanrrh. getur verið í ráðum með, og lesa hana síðan upp eins og nokkurs konar véfrétt. En sú skýrsla mundi sjást í öðru ljósi, ef þingnefnd fengi að yfirheyra þá fjóra embættismenn, sem hafa skrifað undir hana, og þeir fengju að skýra nánar frá öllum málavöxtum. Það sýnir ekkert betur hinn vonda málstað ríkisstj. en vilja ekki, að þingnefnd gefist kostur á að fá nánari skýringar og upplýsingar hjá þessum embættismönnum. Það hæfir vel málstað ríkisstj. í þessu máli að afgreiða það, eins og nú er ætlunin, með því að vísa því frá á vesalan hátt, og það eftir hin miklu hreystiyrði hæstv. utanrrh., er hann sagði í upphafi þessarar umræðu, að hann vildi, að þetta mál upplýstist sem bezt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. sagði áðan, að hér hefðu verið haldnar langar ræður. Ég held, að það hafi sízt verið vanþörf á því, þegar önnur eins vanþekking kom í ljós og hjá hæstv. utanrrh., að leiða hann í allan sannleika. Og þegar önnur eins embættishneyksli eiga sér stað og hjá hæstv. dómsmrh., þá er full ástæða til að athuga það. Það hefur því ekki veitt af löngum ræðum. Hingað til hefur utanrrh. kvatt sér hljóðs á eftir hverri einustu ræðu, sem hefur verið haldin af hálfu stjórnarandstöðunnar, og nú fær hann enn málið, af því að hann veit, að ég er dauður eftir þessa ræðu. Ég hef greinilega sýnt, að hann heldur stöðugt lengra á lögbrotaleiðinni í sambandi við framkvæmd þessa samnings, og ennþá hefur hann t. d. ekki fengizt til að ganga inn á það með einu orði, að tollfrelsi Bandaríkjamanna í Keflavík nái aðeins til eins tíunda hluta þess liðs, sem þar dvelst nú, en samkvæmt samningnum er ekki um neitt tollfrelsi að ræða fyrir níu tíundu hluta þessa liðs, aðeins fyrir þá menn, sem þarf til að halda uppi samgöngum við hernámssvæðin í Þýzkalandi. Hins vegar talar utanrrh. um það, að Bandaríkjamenn hafi sjálfstæðan tollinnflutning hér. Þetta þýðir það, að ráðh. er að afsala mjög mikilvægum réttindum landsins, innflutningnum, í hendur erlendri þjóð, á sama tíma sem hann lætur brjóta lög og þorir ekki að tala um það. Hins vegar þykist ég vita, að hann láti nú flytja hér lagafrv. til að lögleiða lögbrotin, af því að Bandaríkjamenn heimta það. Það á að fara að láta Ameríkumenn ráða hér, þegar lögbrot þeirra eru orðin svo mörg og augljós, að ekki verður við ráðið, þá eru þau bara löggilt. Svo lágt leggst þessi ríkisstj. Það verður nú gaman að sjá, hve margir hv. þm. taka á sig ábyrgðina af þessari löggæzlu með því að breyta um skoðun og hverfa frá því að láta þetta mál ganga til nefndar og halda áfram að auka það tvíbýli, sem hér hefur verið komið á og er íslenzku þjóðinni stórhættulegt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er merkilegt, að þessir þm., hv. þm. Siglf. og hv. 2. þm. Reykv., geta ekki sagt eitt einasta orð satt um þetta mál. Hv. þm. hélt því fram, að stjórnin hefði eytt öllum tíma þingsins í þetta mál og sagði, að ég hefði talað eftir hverja ræðu í málinu. Ég kvaddi mér alls ekki hljóðs eftir hina löngu ræðu hv. þm. Siglf., heldur beið þar til hv. 2. þm. Reykv. hafði flutt sína ræðu, því að ég vissi, að með því gat ég slegið tvær flugur í einu höggi.

Hv. þm. sósíalista hafa haldið því fram, að framin hafi verið lögbrot í sambandi við framkvæmd samningsins. Ég hef hér hvað eftir annað upplýst hið sanna í málinu, en það er það, að af hálfu ríkisstj. hefur ekkert verið gert annað en það, sem að beztu manna yfirsýn er talið felast í samningnum. Hins vegar hafa ákvæði samningsins verið lögfest, og er það því bein lagaskylda að framkvæma hann, en ekkert annað gert en það sem í samningnum felst að ráði beztu og færustu manna. Hvað viðvíkur tollamálunum visast til skýrslu flugvallarnefndar og segir þar á bls. 3: „Samkv. 9. gr. samningsins skal ekki leggja neina tolla eða önnur gjöld á efni það, útbúnað, nauðsynjar eða vörur, sem inn er flutt fyrir stjórn Bandaríkjanna eða umboðsmann hennar eða til afnota fyrir starfslið það, sem dvelur á Íslandi vegna starfa, sem leiðir af framkvæmd samningsins.“ Hafa Bandaríkjamenn gengið í aðalatriðum að sjónarmiði Íslendinga í þessum málum.

Það var eftirtektarvert í ræðu hv. þm. Siglf., að honum þótti afleitt, að málin hafa leystst með samkomulagi. Íslenzka ríkisstj. hefur staðið örugglega á verðinum um hagsmuni landsins og náð sínu fram með sanngirni og hófsemi, en hefur ekki talið vænlegt að efna til fjandskapar við aðrar þjóðir. Tilgangur kommúnista er aftur á móti sá að reyna að skapa úlfúð milli Íslands og Bandaríkjanna. En þeir, sem á móti þeim eru, álíta, að halda beri svo á málunum, að vinátta megi vera ríkjandi og gott samkomulag milli Íslands annars vegar og allra annarra þjóða hins vegar. Það

þola kommúnistar ekki, og er því eitt aðaláhugamál þeirra — fyrir utan að skamma mig persónulega — að skapa úlfúð milli okkar og Bandaríkjamanna.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði fjálglega um sjálfstæði landsins. Það er alveg furðulegt, að maður með annan eins hugsunarhátt og skoðanir skuli tala svo sem þessi hv. þm. gerði. Þetta mál hefur nú verið rætt hér í þinginu lengi og ýtarlega, og skiljanlegt, að þm. beri fram till. um það, að ríkisstj. sé bezt treystandi til að halda vel á málstað Íslendinga, og geri ég því ráð fyrir, að hv. þm. geti fallizt á fram komna dagskrártill.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 17. fundi í Sþ., 30. okt., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 70, frá 1. þm. Árn., 1. þm. Reykv. og 7. landsk. þm., samþ. með 33:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StSt, StgrSt, ÞÞ, BG, BSt, BBen, BK, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG, GTh, HÁ, HB, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JJ, JörB, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StJSt.

nei: StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, GÞG, HV, HermG, KTh, LJós, PZ, SigfS, SG.

6 þm. (ÁÁ, BÁ, HermJ, LJóh, ÓTh, JPálm) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Gylfi Þ. Gíslason: Ég tel, að framkvæmd flugvallarsamningsins hafi verið mjög ábótavant í ýmsum atriðum. Hef ég fært rök fyrir þeirri skoðun minni við þær umræður, sem á undan eru gengnar, og fæ ekki séð, að þeim hafi verið hnekkt. Þótt ég hefði kosið að hafa þál. þessa með nokkuð öðrum hætti og mér geðjist ekki að ýmsum atriðum í grg. hennar og málflutningi hv. þm. Sósfl. til stuðnings henni, tel ég fulla ástæðu til, að Alþ. láti í ljós þann vilja, að betur verði haldið á rétti Íslendinga við framkvæmd samningsins hér eftir en hingað til, og segi því nei við þessari dagskrártillögu.

Hannibal Valdimarsson: Ég hef ekki tekið þátt í þeim langdregnu umr., sem fram hafa farið um þáltill. þá, er hér liggur fyrir um framkvæmd samningsins um Keflavíkurflugvöllinn. Ástæðan er aðallega sú, að ég lít á þennan óhappasamning sem eins konar pólitíska grafskrift yfir þann forsrh., sem rataði í þá ógæfu að leggja hann sem læðing á þjóð sína. Taldi ég ekki ástæðu til að raska grafarró hans. Hitt er ljóst, að framkvæmd samningsins hefur verið slæleg, bæði af hendi þeirra trúnaðarmanna, sem kommúnistar settu til þess að fara með daglega framkvæmd samningsins, og einnig þeirra stjórnarvalda, sem seinustu mánuði hafa farið með æðstu stjórn utanríkismála og flugvallarmála, og ber því tvímælalaust að láta till., sem felur í sér óskir um, að haldið verði með meiri djörfung og árvekni á rétti Íslendinga gagnvart hinum samningsaðilanum, fara til n. og sæta þar fullkominni athugun og vandlegri afgreiðslu, eins og hæstv. utanrrh. hafði gefið fyrirheit um undir umræðum málsins. Þegar því fram kemur till. um að synja þál. um framkvæmd samningsins um Keflavíkurflugvöllinn um þinglega meðferð og afgreiðslu og seilzt er auk þess eftir traustsyfirlýsingu þingsins til handa stjórninni einmitt í þessu máli, þar sem hún hefur vægast sagt slælega framkvæmd að baki sér í viðkvæmu máli, þá læt ég ekki bjóða mér slíkt og segi nei.

Páll Zóphóníasson: Það hefur verið upplýst við umræður um þetta mál, að því fer fjarri, að flugvallarsamningurinn hafi verið framkvæmdur eins og við verðum að óska, að hann sé framkvæmdur. Við umr. hafa ráðh. ekki tekið skýrt fram, hver stefna þeirra væri, og því tel ég sjálfsagt, að málið fái þinglega meðferð og verði athugað af nefnd. Með því vænti ég, að komið geti fram vilji Alþ., og eftir honum ber ráðh. að fara. Ég tel því sjálfsagt, að málið fái þinglega meðferð og fari til n., og þess vegna segi ég nei við þessari dagskrártill.

Steingrímur Aðalsteinsson: Að fenginni þeirri reynslu, sem þegar er, treysti ég ekki hæstv. núverandi ríkisstj. til þess að gæta örugglega hagsmuna Íslands við framkvæmd samningsins um Keflavíkurflugvöllinn, eins og komizt er að orði í dagskrártill., og segi ég þess vegna nei.

3. Dýrtíðarvarnir.

Á deildafundum 7. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um varnir gegn dýrtíðinni í landinu (A. 10).

Á 4. fundi í Sþ., 9. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. fundi í Sþ., 10. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég get verið mjög fáorður um þessa till. Hún var til umr. í fyrra, en náði ekki samþykki þá.

Eitt aðalviðfangsefni þessa þings hlýtur að verða að færa niður dýrtíðina, og aðalástæðan fyrir því, að hæstv. fjmrh. hefur ekki enn lagt fram fjárlfrv., mun áreiðanlega vera sú, að ekki er auðvelt að leggja fram fjárlfrv., þegar dýrtíðin er svo mikil, en það hefur áður komið fyrir á þingi, þegar utanþingsstj. fór með völd.

Þessi staðreynd, að ekki er hægt að vinna að fjárl. vegna dýrtíðarinnar, ætti að gera okkur skiljanlegt, að hér er þörf allmikilla aðgerða, og lausnin í því máli er að færa niður dýrtíðina. Nægir í því efni að benda á það eitt, að Norðmenn selja nú saltfisk sinn hálfu ódýrar en við.

Till. gerir ráð fyrir, að ríkisstj. og þá sérstaklega utanrrh. beiti þeim kröftum, sem hún hefur, til að afla á Norðurlöndum og Englandi upplýsinga um, hver dýrtíðin er þar, hvað kaupgjald sé þar og laun og hvaða verð sé á framleiðslunni, og ef þetta er gert, þá séu birtar um það ýtarlegar skýrslur, svo að þjóðin sjái ljóslega, hvar hún er á vegi stödd í þessum efnum miðað við nágrannaþjóð-

irnar. Þetta eina atriði, að Norðmenn selja saltfiskinn hálfu lægra en við, er táknrænt fyrir okkur.

Ég vil gjarnan heyra skoðun hæstv. stj. í þessu sambandi, og ef svo er, að hæstv. stj. vill sinna þessu máli, þá mun vera fljótlegt að fá þessar upplýsingar, því að við höfum nú sendiherra á öllum Norðurlöndum.

Ég get hugsað mér, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til n., en geri ekki ákveðna till. um n., fyrr en ég veit, hvort hæstv. stj. vill styðja málið.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég vil aðeins leggja til, að málinu verði frestað og vísað til allshn. Sþ. Það liggja að vísu fyrir nokkrar upplýsingar um þau atriði, sem till. fjallar um, en ég tel rétt, að n. fjalli um málið og hefði þá samráð við stj., hvernig afgreiðsla málsins yrði.

ATKVGR.

Umr. frestað og till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, BBen, BK, EOl, EE, EystJ, GJ, GÞG, HÁ, HB, HV, IngJ, JJós, JG, JJ, LJóh, PZ, PÞ, PO, SB, SG, SK, SÁÓ, SkG, StJSt, ÞÞ, BSt.

StgrA greiddi ekki atkv.

24 þm. (BrB, EmJ, FJ, GÍG, GTh, HelgJ, HermG, HermJ, JóhH, JPálm, JS, JörB, KTh, LJós, ÓTh, PM, SigfS, SEH, StSt, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG) fjarstaddir.

Á 25. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 27. nóv., var fram haldið einni umr. um till. (A. 10, n. 134).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta mál til athugunar, rætt það á nokkrum fundum sínum og komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri æskilegast, að þm. ættu aðgang að þeim gögnum, sem eru talin í þessari þáltill. Það hefur enn fremur komið í ljós við eftirgrennslan, að nokkuð af upplýsingum þar að lútandi, sem talað er um í þáltill., liggja fyrir í stjórnarráðinu. Og hæstv. forsrh. hefur tjáð okkur, að að sjálfsögðu mundi verða aflað frekari upplýsinga um þessi atriði, eftir því sem þurfa þætti. Hins vegar er síðari hluti þáltill. nokkurs konar stefnuyfirlýsing um það, hvaða stefnu Alþ. hugsaði sér að taka í dýrtíðarmálunum eða að hverju skuli stefnt. — Ég býst við, að ekki sé svo mikill ágreiningur um það, hvert skuli stefnt í því efni, en frekar um leiðirnar að þessu marki. Og þar sem allshn. er kunnugt um, að þetta mál, sem þáltill. er um, er til sérstakrar meðferðar hér og líkur eru til, að ekki verði þess langt að bíða, að hæstv. ríkisstjórn leggi fram ákveðnar till. um þetta efni, taldi n. ekki tímabært að leggja fram neinar sérstakar yfirlýsingar í þessu máli, heldur væri rétt að bíða átekta, þar til þinginu gæfist tækifæri til þess að fjalla um málið á allt annan hátt heldur en aðeins að gefa yfirlýsingar.

Eftir atvikum taldi allshn. rétt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar með rökst. dagskrá, sem hér er prentuð með nál. og verður væntanlega borin upp við atkvgr. — Hef ég svo ekkert frekar um þetta mál að segja fyrir hönd n.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég álít viðeigandi að ræða lítils háttar meira um þetta mál, áður en frá því er gengið. Og vil ég beina nokkrum fyrirspurnum bæði til hv. frsm. n. og hæstv. forsrh.

Þar sem hv. frsm. segir, að það sé til nokkuð af upplýsingum, sem hér um ræðir, í stjórnarráðinu, þá vil ég gjarnan vita, hvernig þær upplýsingar eru og hve mikið yfirleitt þær lúta að lausn málsins og hvort ríkisstj. hefur ekki hugsað sér að birta þær til fróðleiks um málið. Enn fremur vil ég gjarnan vita hjá hæstv. forsrh., hvort hann ætlar sér að sinna þessu máli, þ. e. láta afla jafngreinilegra upplýsinga og hér er talað um, eða hvort það er meiningin að eyða málinu og láta ekkert út af því koma. Það kemur meira við hæstv. ríkisstj. heldur en öðrum mönnum í landinu, ef ekkert er gert í þessu máli. Vil ég benda á og óska skýringa um það hjá hv. frsm., sem ég tel verulega miklu varða í meðferð þessa máls, líka hjá n. Það er sagt í till., sem er nú sennilegt, að ríkisstj. muni vera fús að afla fleiri gagna um þetta efni. En það er ekki sagt hjá n., að þessi plögg verði birt, og ekki er heldur hægt að sjá, að ríkisstj. hafi áhuga á að birta þessi plögg. — En það vita allir, að vegna dýrtíðarmálanna er það, að þingið er nú búið að standa í tvo mánuði án þess að gera nokkuð, sem kemur af því, að fyrir okkur hér, og reyndar fleiri, flækist þetta mál, hvernig við eigum að klífa niður þann stiga, sem við höfum fetað upp áður, verðbólgustigann. Og sama ástæðan var til þess, að Alþ. stóð í 9 mánuði í fyrra og var haldið svo langt, af því að þing og stjórn réðu ekkert við dýrtíðina. En hvað hefur þessi stjórn gert í þessu máli? Ég bar fram sams konar till. og þessa í fyrra. Og hvernig stóð á, að hv. allshn. stakk því máli undir stól og það kom aldrei fram aftur? Mér var þá sagt utan nefndarstarfa, að því væri borið við, að hagstofustjóri hefði átt svo annríkt, að hann gæti ekki útvegað þessi plögg. Nú virðist þetta gegna furðu, þegar svona stendur á, að þingin eru haldin í allt að 9 mánuði vegna dýrtíðarinnar, og þegar þannig er, eins og var í haust, að hæstv. fjmrh., sem vitanlegt er, að er dugnaðar- og greindarmaður, verður að bíða mánuð í haust eftir að leggja fjárlagafrv. fram, af því, hvernig ástatt er í dýrtíðarmálunum, og þegar hann leggur fjárlagafrv. fram, segir hann þingi og þjóð, eins og rétt er, að það sé ekkert að marka þetta fjárlagafrv., heldur sé það lagt fram til að fullnægja kröfum stjórnarskrárinnar.

Nú er ég hissa á, að hv. allshn. skuli ekki vera hræddari við þetta mál, dýrtíðina, heldur en svo að setjast á málið í fyrra, sem ég bar fram um þetta efni, og sitja á því í margar vikur nú og leggja svo til, að því verði vísað til stjórnarinnar með mjög loðnum ummælum. Það er mín skoðun, og ég hygg, að það megi færa rök fyrir því, að ekkert sé hægt betra að gera í þessu máli heldur en að vita, hvernig dýrtíðin er hjá þeim næstu nábúum, sem við eigum að keppa við, hvernig rætur dýrtíðarmálanna eru þar, því að þegar Norðmenn geta framleitt fisk og selt helmingi ódýrar heldur en Íslendingar, þá þarf ekki nema meðalgreinda menn til að sjá, að það eina, sem okkur skiptir í þessu er þetta: Hvernig fara Norðmenn að lifa og geta selt þann-

ig fiskinn? Og hvernig verður okkar afkoma, þegar mesta hungursplágan er hjá liðin úti í löndum, ef við þurfum að selja framleiðslu okkar hærra verði heldur en okkar aðalkeppinautar? Nú er þjóðin í vandræðum með að fá vörur frá Ameríku, og við höfum hins vegar vöru, sem hægt er að selja í Ameríku, þ. e. hraðfrysta fiskinn. En ástæðan til þess, að hann er ekki seldur þar, er, að hann er dýrari heldur en annar hraðfrystur fiskur, sem er vegna dýrtíðarinnar hér. Það hafa meira að segja komið fyrir þau undur, að hæstv. Alþ. gerði þá ályktun, sem ég hygg einstæða, að taka ábyrgð á söluverði á mjög miklum hluta af fiskframleiðslu landsmanna. Þetta var gert fyrir vonleysi í þessum málum af þeim, sem að því stóðu. Fleiri en einn þm., sem stóðu að þessu í fyrra, hafa játað, að þeir óski þess, að þeir hefðu ekki greitt atkv. með því, en það var neyðin, sem rak þá áfram. Ég vil nú beina því til hæstv. forsrh., að í því landi, sem hann þekkir bezt, Svíþjóð, þar kostaði ein af þeim nauðsynjavörum, sem bæjarfólk verður að nota, 25% af því, sem hún kostaði á Íslandi í fyrra sumar. Við hér í Reykjavík verðum vegna dýrtíðar að kaupa vissa nauðsynjavöru 75% dýrari heldur en fólk í Stokkhólmi gerir.

Það er engan veginn mitt verkefni að leiðbeina stj., en ég er viss um, að umr. um þessi mál eru miklu þarfari heldur en umr. um Keflavíkurflugvöllinn og um olíið. Ríkisstj. hefði þurft að hafa með höndum glöggar skýrslur um það, hvernig dýrtíðin er í næstu löndum, hvernig kaupgjaldið er, hvernig launin eru, skattarnir o. s. frv., ekki eins og nú er lagt til af n., að slíkar skýrslur væru aðeins gefnar þm. og stjórnarráðinu, heldur væru þær gefnar landslýðnum yfirleitt. Ég skil ekki, hvernig hv. 2. þm. Skagf. getur dottið í hug sem frsm. í n., að upplýsingar eigi að vera til fyrir þm. Þeir, sem þurfa að fá upplýsingar, það er fólkið í landinu, sem er að berjast við dýrtíðina, við erum þess hjú og eigum að gera það, sem það vill. Hvers vegna er ekki hægt að lækna dýrtíðina? Það er af því, að fólkinu er ekki sagt satt, og í því sambandi er engin vitneskja eins nauðsynleg og aðstaðan í löndunum í kringum okkur, þar sem vörurnar eru framleiddar miklu ódýrari, og það setur okkur í vandræði daglega. — Ég vil segja það við hv. frsm., að ég get ekki greitt atkv. með þessari till., þó að mitt atkv. breyti ekki neinu, vegna þess að meðferð n., að svæfa málið í fyrra og að vísa nú til þess, að það eigi að útvega einhverjar upplýsingar, sem stj. þóknast, — ég tel þá meðferð sýna fullkomið skilningsleysi n. Það, sem þarf að gera, er að fá upplýsingar og láta alla borgara landsins vita um það — og taka svo ákvarðanir.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Hv. þm. Sþ. beindi þeim tilmælum til ríkisstj., þar sem mikils af þeim gögnum, sem um getur í þáltill. á þskj. 10, hefði verið aflað, hvort ekki væri rétt að þau gögn væru birt. Ríkisstj. hefur nokkuð fylgzt með, hvað snertir verðvísitölu, dýrtíð og niðurborganir í þessum löndum, sem hv. þm. er sérstaklega að ræða um, svoleiðis að það eru til nokkrar upplýsingar um launakjör starfsmanna. En ég álít fyrir mitt leyti, að þær upplýsingar, sem ég hef átt kost á að kynna mér um þessi atriði, séu þess eðlis, að þær gefi ekki nægilegar upplýsingar til þess að draga af þeim ályktanir um ástandið hér á landi, og það þyrfti að fá nánari upplýsingar til þess að geta dregið nokkrar ályktanir, sem að gagni mættu verða sem ráðstafanir af hálfu Íslendinga eða íslenzks löggjafarvalds í þessum málum.

Ég tel, að það sé rétt að reyna að afla margra þeirra frekari upplýsinga, sem rætt er um í þessari till., og tel rétt, að ríkisstj. geri það einnig með samþykkt þeirrar rökst. dagskrár, sem fyrir liggur frá allshn. Hitt er svo annað mál, að það er nokkuð örðugt að vinza úr þeim upplýsingum, því atvinnurekstur, þjóðlíf og þjóðhættir í þessum löndum eru á margan hátt talsvert ólík því, sem er hér á landi, og til þess að gera um þetta samanburð þyrfti að fara allnákvæmlega yfir ýmis gögn, til þess að hægt væri að draga af þeim réttar ályktanir. Þau gögn, sem liggja nú fyrir, gefa að mínu áliti ekki ástæðu til þess, að þau verði birt á þessu stigi, en ég tel, að ef gagna væri aflað, sem ég tel rétt, þá væri fullkomin ástæða til þess, að þau væru birt síðar meir, eins og það er orðað, fyrir alþm. og líka fyrir allri þjóðinni, að svo miklu leyti sem Alþ. þætti til þess ástæða, og hefðu þm. það þá nokkuð í sinni hendi, á hvern hátt þessar upplýsingar yrðu gerðar þjóðinni kunnar. Það er rétt hjá hv. flm., að dýrtíðin á Norðurlöndum, öðrum en Íslandi og Finnlandi, er miklu minni, m. ö. o. verðbólgan í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er minni heldur en á Íslandi og í Finnlandi, og verðbólgan í Bretlandi er minni heldur en á Íslandi og nokkuð sambærileg við Danmörku, Noreg og Svíþjóð. Í þessum löndum hefur verið farið inn á nokkuð svipaðar leiðir eins og íslenzka ríkisstj. hefur gert, þ. e. niðurborgun á vöruverði og ýmsum nauðsynjum almennings, og ætla ég, að það komi í ljós, að Norðurlöndin og Bretland eyði ekki minna fé tiltölulega til niðurborgunar á nauðsynjavörum heldur en gert er hér á landi. Það er ein af ráðstöfunum þessara landa til þess að halda svo niðri vöruverði og verðbólgu, að unnt sé að halda við sem allra fullkomnustum og mestum atvinnurekstri. Það er líka aðgætandi varðandi húsaleigu, ef gera ætti samanburð á húsaleigu á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum, að þar er yfirleitt hægara um vik með byggingu húsa heldur en hér á landi, þar þarf minna að flytja inn í landið af verðmætum, a. m. k. í Danmörku, Noregi og Finnlandi er nægilegt af timbri til allra bygginga þar í löndum. Í Danmörku er framleitt sement í allstórum stíl. Allt þetta gerir það að verkum, að húsbyggingar í þessum löndum verða ódýrari og nokkuð á annan veg heldur en á Íslandi, svo að hlutfallið milli húsaleigu í þessum löndum og á Íslandi hlýtur alltaf að verða á þá lund, að húsaleiga verði þar frekar ódýrari heldur en hér á landi. Á allt þetta þarf að líta, ef ætti að gera samanburð um þessi málefni yfirleitt.

Ég er þeirrar skoðunar, og þess vegna mundi ég telja rétt að afla þeirra upplýsinga, að Norðurlöndin, Danmörk, Noregur og Svíþjóð, og Bretland einnig, hafi gert margar þær ráðstafanir, sem hafa verið mjög hyggilegar, til að halda niðri verði á nauðsynjavörum og forðast verulega verðbólgu í þessum löndum, og mættu Íslendingar margt af því læra.

Ég vildi þess vegna svara þessari fyrirspurn hv. flm. á þann veg, að þau gögn, sem nú liggja fyrir hjá ríkisstj., eru ekki fullnægjandi til þess að gefa

upplýsingar fram yfir þær upplýsingar, sem þegar hafa verið gefnar um verðvísitölu Norðurlanda, og það hefði verið ástæða til þess að athuga það betur á Alþ. Hins vegar vil ég fyrir hönd ríkisstj. taka það fram, að ég tel sjálfsagt, ef rökstudda dagskráin verður samþ., að þá geri ríkisstj. sitt til þess að afla þessara upplýsinga og láta vinna úr þeim, eftir því sem kostur er, og mætti þá draga af þeim þær ályktanir, sem að gagni mættu verða um þær ráðstafanir, sem löggjafarvaldið kynni að vilja gera í þessum málefnum yfirleitt. Þó að gerðar verði á þessu yfirstandandi Alþ. ráðstafanir, sem ég tel nauðsynlegt, til varnar því, að verðbólgan færi í kaf íslenzkan atvinnurekstur, þá er það alveg áreiðanlegt, að það þarf að halda áfram að gera þær ráðstafanir í framtíðinni, sem gætu orðið til þess, að frekari upplýsingar lægju fyrir á seinna stigi þessara mála við meðferð þeirra á Alþ. Þess vegna er það ekki síður nauðsynlegt, að gagna verði aflað og úr þeim unnið, þó að búið sé að gera einhverjar ráðstafanir áður hér á Alþ. Ég geri líka ráð fyrir því, að það verði dálítið örðugt að fá allar þær upplýsingar, sem drepið er á í till., og yrði að vinza úr þeim upplýsingum, sem auðvelt er að fá, og sérstaklega þeim, sem ríkisstj. að athuguðu máli telur, að væru að nokkru verulegu gagni til þess að gera samanburð við staðhætti hér á landi, og draga af því ályktanir.

Hv. frsm. allshn. ræddi um þetta mál við mig einu sinni, meðan málið var í n., og er ég honum fullkomlega sammála um það, að eðlilegasta leiðin sé sú afgreiðsla, sem n. einróma leggur til, og dregur það ekkert úr því, að ríkisstj. afli þeirra gagna, sem unnt er að fá og að gagni mættu verða í þessu máli, og það er hún fús til þess að gera.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Hv. flm. þessarar till. beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvers vegna málinu hefði ekki verið sinnt í fyrra. Ég hef blaðað lauslega í gerðabók n. og sé af því, að till. hefur verið send ýmsum aðilum til umsagnar, en svör hafa ekki borizt frá þessum aðilum. Ég geri því ráð fyrir, að n. hafi beðið lengi eftir þeim svörum og þau ekki komið fyrr en komið var að þinglokum, þegar of seint var að afgr. málið. En að þessu sinni verður n. ekki sökuð um það, að hún hafi a. m. k. leitt málið á sama skerið og síðast, þar sem hún nú hefur aðeins talað um það við stj. að afgr. málið eins og hún hefur lagt til. Að því er virtist af ræðu hv. flm., þá var það ýmislegt fleira, sem hann beindi til mín, t. d. hvað fyrir n. hefði vakað með þessu. Ég hygg, að ég þurfi raunar ekki að svara því, en ég get aðeins getið þess, að fyrir n. vakti það sama og kom fram í ræðu hæstv. forsrh., að afla þessara upplýsinga og þær væru fyrir hendi, svo að a. m. k. þm. ættu greiðan aðgang að þessum gögnum, og náttúrlega hefur n. síður en svo neitt við það að athuga, að þau gögn yrðu birt almenningi. Mér virtist á hinn bóginn sú skoðun koma fram hjá hv. flm., að ef þessar upplýsingar væru fyrir hendi, þá væri í rauninni sá vandi leystur að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar í landinu. Þetta vil ég draga í efa. Það liggja fyrir allmiklar upplýsingar um þessa hluti, og væri sannarlega ekki miklum vandkvæðum háð að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar, ef ekki þyrfti annað en að afla þessara upplýsinga. Dýrtíðin er að vísu alþjóðlegt fyrirbrigði, en ég hygg, að niðurlögum hennar verði ekki ráðið með almennum ráðum, heldur verði að taka það vandamál til athugunar með hliðsjón af íslenzkum staðháttum fyrst og fremst.

Ég vil svo ekki orðlengja um þetta frekar. Ég vænti þess, að þessi till. n. verði samþ. og ríkisstj. afli þessara upplýsinga, eins og n. ætlast til. Ég fyrir mitt leyti mæli með, að þessar upplýsingar verði birtar almenningi á sínum tíma, þegar unnizt hefur tími til að vinna úr þeim. Ég býst líka við, að það geti verið þarft og gott að eiga þessar upplýsingar í fórum sínum tiltækilegar, þótt síðar yrði.

Jónas Jónsson: Það kemur glögglega í ljós við meðferð málsins, að þessi litla till., sem hefur verið svona lengi á leiðinni, hálft annað þing, hún hefur þó hreyft málinu það lítið, að hv. frsm. hefur nú látið í ljós þá skynsamlegu ósk, að það væri æskilegt, ekki aðeins að upplýsinga væri aflað, heldur einnig birtar almenningi á sínum tíma, og hæstv. forsrh. hefur líka talað í þá átt. En eftir er þá tvennt í þessum útskýringum, og þar sem þessir tveir menn í áhrifamiklum stöðum láta nú í ljós, að það væri ekki verra að hafa þessar upplýsingar, þá kem ég að því, hvers vegna stór þingn., sem sat 9 mánuði, lét það líðast einhverjum mönnum, sem hún bar svona till. undir, að stöðva málið. Þetta finnst mér táknrænt fyrir það, að ekki sé nægilegur áhugi hjá þeim mönnum, sem með þetta mál fara, til þess að afla sér þess grundvallar, sem hér er um að ræða. Í öðru lagi kemur það fram hjá hv. frsm. og hæstv. ráðh., að þeir leggja ekki verulega upp úr því, að borgararnir hafi um þetta glöggt yfirlit, því að það er vitanlega þýðingarlaust að kasta í allan almenning hálfmeltum tölum frá öðrum löndum, en ég sé ekki annað en það sé auðvelt að birta um það glöggt yfirlit, hvað t. d. einhver vara kostar, t. d. mjólk, hvað bóndinn fær fyrir hana, hvað hún er seld í borginni, hvað mikið er ríkisborgun o. s. frv. Ég tek bara þessa einu vöru. Enn fremur vil ég benda hæstv. ráðh. á það, sem hann talaði um, að við værum svo illa settir með byggingarefni og húsaleigan hlyti að verða dýrari hér heldur en annars staðar. En þessu hygg ég, að hæstv. ráðh. muni ekki halda til streitu, því að til lengdar er ekki hægt að borga hærri húsaleigu hér heldur en framleiðsla landsmanna getur staðið undir. Nú væri sjálfsagt ekki óhentugt einmitt fyrir húsaleiguna, ef það kæmi í ljós, hvað múrarar hafa í kaup á Íslandi, Noregi, Danmörku og Svíþjóð, því að við, sem búum í Reykjavík, verðum við það að búa, að daglaun þessara manna komist upp í nokkur hundruð krónur á dag undir vissum kringumstæðum. Þessu leyna stéttirnar, blöðin leyna því, og þingið leynir því. Það er aldrei talað um, að múrarar hafi 500 kr. á dag fyrir að byggja hús í Reykjavík, og það liggur náttúrlega ljóst fyrir hæstv. ráðh. eins og öðrum, að þessi þáttur í dýrtíðinni hér mun aldrei til lengdar verða réttlættur með því, að það þurfi svona mikið, heldur verður niðurstaðan sú, að þetta verður til þess að auka húsaleiguna og hún verður hærri hér heldur en í Englandi og Danmörku. Nú eigum við að keppa við margar þjóðir með okkar togara, og mér fyndist æskilegt, að það kæmi í ljós, hvort Bretar borga sínum hásetum 50—60 þús. kr. og skipstjórunum 100 þús. kr. Væri nokkuð

á móti því, að íslenzka þjóðin vissi, hvernig dýrtíðin skapast hjá okkur? Ég trúi því ekki, að slíkur áhugamaður um málefni bænda eins og hv. 2. þm. Skagf. hafi neitt á móti því, að slík vitneskja fengist, því að vissulega mun hann ekki neita því til lengdar, að meðan þetta gerist, meðan kaup, húsaleiga, vinnulaun og skattar er svo uppskrúfað hjá okkur, að ekki er til fordæmi annars staðar, þá er ekki að furða, þó að við séum í vandræðum. Ég vil mótmæla því hjá þessum tveimur ræðumönnum, hv. frsm. og hæstv. ráðh. — þeim hugsunarhætti, sem lá á bak við orð beggja, að það eigi ekki að leggja þessar upplýsingar fyrir kjósendur landsins. Ég vil ekki gera lítið úr okkur hér á Alþ., en við skulum bara gera okkur það ljóst, að það er ekki yfirdrifin trú á því hjá borgurunum, hvað við stöndum okkur vel. Borgurum landsins gengur illa að skilja, að við skulum þurfa 9 mánaða þingsetu og að þingið skuli þurfa að sitja í mánuð, áður en fjárl. eru lögð fram, einmitt fyrir það, hvað fjármál landsins og atvinnumál eru sjúk og að aldrei hafa komið fram frá neinni ríkisstj. glöggar yfirlitsskýrslur um það, hvernig okkar dýrtíð standi, t. d. borið saman við dýrtíð annarra þjóða. Það er t. d. alveg rétt hjá útvegsmönnum, að þegar gerðar eru þessar kröfur til þeirra, kröfur eins og þær, sem loftskeytamenn og skipstjórar gera, þá geta þeir ekki annað en verið í vandræðum. Heldur hæstv. forsrh., að kröfurnar til hans muni minnka við það, að kjósendurnir í landinu vita ekkert um það með sannindum, hvernig við stöndum. Það var sett hagfræðinganefnd í fyrra til að spekúlera, hvernig ætti að ráða við dýrtíðina. Einn hagfræðingur, sem ekki á sæti á þingi, talaði um það við mig nýlega með nokkru yfirlæti, að við þyrftum meira af þessum athugunum. Sá maður hafði lært í Svíþjóð, svo að ég benti honum á, hvað lítið gagn hefði orðið að þessum vísindum, þar sem eins mikill maður og Gunnar Mýrdal, sem er mikill hagfræðingur, ályktaði út frá hagfræðinni, en ekki út frá daglegu lífi, að Svíar skyldu gera samning við Rússa og lána þeim 1000 millj. Svo kemur í ljós, að vísindin geta ekki staðið við þetta, Rússar fá veröldina á móti sér og senda njósnara á Svía, og ráðstafanir, sem voru gerðar út frá þessu verzlunar- og innilokunarfyrirkomulagi, hafa í ýmsu reynzt á móti heilbrigðri skynsemi og hafa gefizt þannig í þessu ríka landi, að af því hefur leitt hin mestu vandræði. Þetta eru orðnir verstu samningar, sem gerðir hafa verið á Norðurlöndum. Það er ekki hægt að leysa þessi mál með þófi og duttlungum, þau verða að leysast af fólkinu sjálfu. Ég vil benda hæstv. forsrh. á það, að Svíþjóð mun eftir fyrra stríð hafa haft gagn af vissu fræðilegu skipulagi, og svo fór aftur svona nú. Þess vegna spái ég engu góðu, ég veit af reynslunni, að þessar bollaleggingar hagfræðinga um það, hvernig eigi að lækka dýrtíðina, það endar í tómri botnleysu. Það verður eins og með fjárpestarmálin. Það komu voðalega lærðir menn og belgdu sig út og sögðust vita, hvernig fjárpestirnar væru. Svo kom í ljós, að þetta var vitleysa, og eftir 12—15 ár eru þeir allir hlaupnir burt frá þessu, en bændur reyna að setja upp girðingar.

Vandamálin verða aldrei leyst með því að byggja skýjaborgir. Við höfum fetað upp dýrtíðarstigann og við verðum að feta niður aftur. Kommúnistar áttu drýgstan þátt í að skapa dýrtíðina með hinum fræga skæruhernaði og fleira. Þeir notuðu til þess heilbrigða skynsemi frá sínu sjónarmiði, en það er meira en hægt er að hrósa okkur borgurunum fyrir, við notuðum hvorki skynsemi né samtök gegn þeim út frá okkar sjónarmiði. Nú eigum við að hafa sömu aðferð og kommúnistar, er við förum að slökkva eldinn.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 134, frá allshn., samþ. með 26:1 atkv.

---

4. Kaffi- og sykurskammtur til sjómanna.

Á deildafundum 24. nóv. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um aukinn kaffi- og sykurskammt til sjómanna** (A. 131).

Á 25. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 26. og 27. fundi í Sþ., 27. og 28. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 5. des., var till. enn tekin til einnar umr. (A. 131, 133).

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að þessi till., sem hér liggur fyrir, er fram komin, er einfaldlega sú, að sá skammtur, sem sjómenn hafa fengið af kaffi og sykri, hefur hvergi nærri reynzt nægilegur fyrir þá, til þess að þeir geti fengið sér kaffi eins oft og þá langar til. Það má líka segja, að önnur aðalástæðan fyrir þessu sé sú, hversu margir það eru, sem sjóinn stunda um þetta leyti. Má segja, að á þessum tíma hafi sjósókn aldrei verið stunduð af svo mörgum. Þessir menn þurfa að vinna í vosbúð og kulda. Þeir þurfa oft að fá sér hressingu, en hún liggur í kaffi, og sæmir ekki að þessum mönnum, sem svo fagurlega eru kallaðir hornsteinar þjóðfélagsins, séu ekki veittir möguleikar til þess að fá slíka hressingu. Sjómönnum hefur verið veittur nokkur aukaskammtur, en sá skammtur nægir þeim hvergi nærri, vegna þess að þeir þurfa svo oft að fá sér aukasopa.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta, vegna þess að ég býst við, að um áramótin fari fram breyting á öllu skömmtunarkerfinu í landinu og þá um leið á þessu. Ég legg til, að þessu máli verði vísað til allshn., og vona, að Alþ. taki þessu máli vel.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil engan dóm leggja á þessa till. Hins vegar hef ég leyft mér að flytja við hana brtt. Ég segi ekkert um það, að sjómenn þurfi ekki aukinn kaffi- og sykurskammt, en ef þeir þurfa þess, þá þurfa vegavinnumennirnir að fá slíkan aukaskammt, því að sjómennirnir hafa þó nýmetið, í stað þess sem vegavinnu-

mennirnir verða að lifa á gömlum mat, sérstaklega þegar þeir langtímum saman vinna fjarri mannabyggðum. Þess vegna hef ég borið fram þessa brtt. við þessa þáltill., um að inn í þáltill. bætist „og vegavinnumanna", þannig að þessi aukaskammtur nái einnig til vegavinnumanna, því að eigi till. rétt á sér gagnvart sjómönnum, þá á hún rétt á sér miklu fremur gagnvart vegavinnumönnum. — Hins vegar er ég ekki alveg viss um, að þessi þáltill. eigi að samþykkjast. En sé ástæða til að samþykkja hana vegna sjómanna, þá er sannarlega ástæða til að samþykkja hana gagnvart vegavinnumönnum. Og jafnvel virðist enn meiri ástæða til að samþykkja þennan aukaskammt af kaffi og sykri til vegavinnumanna en til sjómanna, því að vegavinnumenn eru oft að sumrinu að vinna langt frá mannabyggðum, þar sem þeir hafa hvorki nýjan fisk né mjólk.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér kom þessi þáltill. dálítið spánskt fyrir sjónir, þegar hún kom fram, af því að ég vissi ekki betur en sjómenn fengju mikið til þann aukaskammt af kaffi og sykri, sem þeir höfðu óskað eftir. Og mér kom enn spánskar fyrir sjónir till. hv. þm. N-M., því að það hefur um langan tíma verið venja, að vegavinnumenn og aðrir hliðstæðir vinnuhópar hafa fengið ég vil segja upp undir það, sem þeir hafa beðið um af þessu tagi. — Ég bað skömmtunarstjóra að gefa mér skýrslu um það, hvernig þessi mál hefðu verið framkvæmd að undanförnu. Hann gerði það með bréfi, sem ég held, að bezt skýri málið og ég vil lesa hér með úr, með leyfi hæstv. forseta. Skömmtunarstjóri segir svo í þessu bréfi:

„Hinn almenni matvælaskammtur pr. mánuð er kaffi (brennt) 333 g, sykur 1500 g. Aukaskammtur til sjómanna pr. 4 vikur, brennt kaffi 120 g, sykur 800 g." Þ. e. a. s. þarna er um að ræða rúml. 50% viðbótarskammt til sjómanna af sykri, en hátt í 40% viðbótarskammt af kaffi. Þetta er nokkurn veginn fastur aukaskammtur til sjómanna. En svo segir í bréfinu: „Auk þessara skammta hefur þeim síldveiðiskipum, sem hingað hafa leitað til skömmtunarskrifstofu ríkisins, verið veitt um 160 g af kaffi og 800 g af sykri til viðbótar og engu líku skipi verið neitað og yrði ekki gert, jafnvel þótt entist ekki. Hreinlætisvörum hefur verið úthlutað til hvers báts sem hér segir: 10 kg blautsápa, 5 kg þvottaduft (20 pakkar). Skömmtunarskrifstofunni hefur ekki borizt nein kvörtun um, að þessi hreinlætisúthlutun entist ekki, og engin beiðni um viðbót komið til hennar." — Engin beiðni um viðbót komið til hennar. Þá segir enn í bréfi skömmtunarstjóra: „Fyrir nokkru barst skömmtunarstjóra beiðni frá nokkrum aðilum um það, að benzínskammtar entust ekki til bifreiða, sem hefðu aukastörfum að sinna við ýmislegt, sem með þyrfti vegna síldveiðanna í Hvalfirði. Skömmtunarstjóri bauðst til þess við sendimann frá Hafsteini Bergþórssyni að hlutast til um það við viðskiptanefndina, að aukaskammtar af benzíni yrðu veittir í þessu skyni eftir þörfum, þannig að Landssamband ísl. útvegsmanna fengi benzíninnkaupaheimildir til ráðstöfunar í þessu skyni, með því að Landssambandið hafði með flutning síldarinnar og umskipun að gera og væri því bezt fallið til þess að vita, hverjir þyrftu þessa með. Viðskiptanefndin samþykkti svo tillögu skömmtunarstjóra í þessu tilliti, og Landssambandið fékk til að byrja með 1000 lítra í þessu skyni, en það var það magn, sem Jakob Hafstein stakk upp á. Jakob segir, að þetta sé nú að verða búið. Jakob veit eftir samtali við skömmtunarstjóra s. l. laugardag, að veitt verður viðbót af benzíni til þessa, hvenær sem þess verður óskað.

Fiskimálastjóri, Davíð Ólafsson, átti tal við skömmtunarstjóra fyrir nokkru um viðbótarskammta af kaffi og sykri handa bátunum, sem stunda nú síldveiðarnar. Var fiskimálastjóra skýrt frá því, hvernig aukaskammtarnir hefðu verið, og þar með, að Landsambandinu gæti staðið til boða viðbótarskammtar af þessum vörum til ráðstöfunar á sama hátt og væri nú með benzín. Taldi hann það ágæta lausn á málinu, að Landssambandið hefði með höndum skiptingu milli bátanna. Ekki hefur þó til þess komið, að Landssambandið fengi neitt af þessum vörum til ráðstöfunar, með því að það hefur ekki enn óskað þess.

Hinn fyrsti sjómannaskammtur af kaffi og sykri hefur verið í gildi alltaf, á meðan þessar vörur voru skammtaðar, en sykur hefur verið skammtaður síðan í september 1939 óslitið. Þegar kaffiskömmtunin var tekin upp í sumar aftur, var auglýst um þennan sjómannaskammt af kaffi.

Á meðan skömmtunin var í gildi áður, voru þessir aukaskammtar einnig látnir ná til vegagerðarmanna og símavinnumanna, sem störfuðu það fjarri byggð, að óhentugt var að ná daglega í næga mjólk. Höfðu vegamálastjóri og landssímastjóri með höndum skiptingu á þessum aukaskömmtum til hinna ýmsu vinnuflokka, eftir því sem þessir embættismenn töldu nauðsynlegt. Ganga má út frá, að þessu verði hagað á svipaðan hátt, verði þess óskað."

Ég sé því ekki, að þörf sé á að fara með þetta mál hér inn í Alþ. og tefja þess störf með því að taka tíma vegna þess. Það hefur ekki komið nein kvörtun frá neinum aðila, sem við skömmtunina á að búa, heldur aðeins þessum sjálfskapaða fulltrúa þessara manna, þeim hv. þm., sem hefur fundið ástæðu til þess að koma með þetta mál hér inn á þingið. — Ég tel því mál þetta alveg óþarft og legg til, að þáltill. þessi verði felld.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Það var aðeins út af því, sem hæstv. ráðh. mælti síðast, að ég vildi minna hann á það, að sjálfskapaður fulltrúi sjómanna er ég vissulega ekki. Ég er formaður þeirrar stofnunar, sem flestir íslenzkir sjómenn eru félagsbundnir í.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að þessi till., sem hér er komin fram, hafi komið sér ókunnuglega og spánskt fyrir sjónir, þar sem sjómenn fengju þann skammt af þessum vörum, sem þeir þyrftu á að halda. En meðal sjómanna er óánægja ríkjandi um skammtinn, sem þeir hafa af þessum hlutum. — Í þessu bréfi, sem hæstv. ráðh. las, voru litlar upplýsingar umfram það, sem ég tók fram, nema að 160 grömm væru veitt af kaffi sem aukaskammtur til síldveiðiskipa og 800 g af sykri umfram það, sem ákveðið var. En það hefur ekki reynzt nægilegt. — Um það, að L. Í. Ú. hafi með höndum úthlutun á ýmsum skömmtunarvörum til útgerðarinnar, hef ég ekkert að segja. En þessi skammtur, sem um er að ræða í till. að auka, hefur ekki reynzt nægur til sjómanna. Hver reynslan hins vegar verður nú, eftir að þessi þáltill. hefur komið

fram, er ekki séð enn, en væntanlega fá sjómenn meiri skammt af þessum vörum á eftir. Reynslan hefur oft verið sú í sambandi við þáltill., sem fram hafa komið svipaðar þessari, um að bæta kjör, að þótt þær hafi ekki verið samþ., heldur bara sýndar, þá hafa þær borið árangur. Ég bar t. d. fram þáltill. um aukaskammt af vinnufötum verkafólks. Sú till. var ekki samþ., en af því að hún var bara sýnd, fékk verkafólkið aukaskammt af þessum hlutum. Þannig hefur þetta verið, þó að náttúrlega væri ákjósanlegast að samþykkja svo sjálfsagðar till. og láta þær á þann veg hafa pósitívt gildi. En þær hafa samt haft áhrif til góðs. Og ég veit ekki betur en að þessi þáltill. eigi fullan rétt á sér, og vænti ég því, að umr. um hana verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Mér heyrðist hæstv. ráðh. segja, að engu skipi hefði verið neitað um aukaskammt. Ég vefengi ekki, að þetta sé rétt hjá honum. En ég hef orðið var við, að margir sjómenn hafa kvartað undan því, að skammturinn hafi verið samt sem áður of lítill af þessu, sérstaklega af kaffi. Það kann að vera, að þeir hafi ekki vitað um það örlæti, sem hefur nú gagntekið skömmtunaryfirvöldin, sérstaklega nú eftir að þessi þáltill. er komin fram hér á þinginu, því að það skal sagt skömmtunaryfirvöldunum til verðugs hróss, að þeir, sem um þau efni hafa ráðið, hafa tekið tillit til till., sem komið hafa fram á þingi um þessi efni, þó að þær hafi ekki verið samþ. — Annars virðist mér rétt, að sá skammtur, sem sjómenn fá, sem mun rétt vera, að hafi verið sá sami allt frá því árið 1939, verði aukinn. Það hafa verið standandi kvartanir um þetta, þó að skipin hafi oft að vísu komizt hjá vandræðum, vegna þess að þau hafa getað fengið kaffiseðla t. d. hjá öðru fólki, sem ekki hefur verið á skipunum, og jafnvel fengið hjá verzlunum eitthvað smávegis án þess að skila seðlum. En það hafa verið standandi kvartanir um þetta hjá sjómönnum, allar götur frá því að skömmtunin byrjaði. En mér virðist eðlilegast að auka fasta skammtinn til sjómanna af þessum vörum, því að við getum vel veitt okkur þann lúksus að láta sjómenn okkar hafa kaffi til að drekka — og nægan sykur með —, þegar þeir þurfa að bíða lengi eftir að geta losað skip og þurfa svo annars að vinna á öllum tímum sólarhringsins.

En annað mál snertir þetta mál dálítið. Eins og vitað er, eru rökin fyrir skömmtun á vörum nú þau, að verið sé að spara gjaldeyri. En mér finnst gengið of langt í því að spara gjaldeyri til útgerðarinnar. Ég hitti í morgun sjómann og smáútvegsmann hér, sem á bát, sem hefur orðið fyrir því óláni að hafa eyðilagt djúpnót og grunnnót á Hvalfirði og beðið við það um 60 þús. kr. skaða. Nú stendur hann uppi nótalaus og verður að hætta veiðum, nema hann taki annarra manna nætur á leigu, og þyrfti hann þá að borga 15% af verði nótanna í leigu eftir gangverði. Og ástæðan fyrir því, að hann hefur komizt þannig í þrot, er sú, að þótt hann hafi fyrir löngu sótt um gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir nót, sem sérstaklega er til þess gerð að veiða með henni í Hvalfirði, þá hafði honum ekki einu sinni verið svarað, fyrr en síldveiðin hófst hér nú. Þá fékk hann allt í einu svar, og nú er hann búinn að fá leyfi fyrir þessu. En honum kemur þetta ekki að gagni, a. m. k. ekki á þessari vertíð. Nú stendur þessi maður uppi nótalaus, vegna þess að ekki var sinnt um það — sennilegast af gjaldeyrisástæðum — að láta hann hafa gjaldeyris- og innflutningsleyfi í tæka tíð. — Ég vil sérstaklega benda hæstv. ríkisstj. á það, að það er ákaflega varhugavert að knepra við sjávarútveginn gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir nauðsynjum hans í sparnaðarskyni. Við eigum, eftir því sem við getum, að búa þannig að þeim mönnum, sem að útveginum vinna og reka þessi atvinnutæki og færa okkur gjaldeyrinn, að þeir sjái það í einhverju, að það sé munað við þá, að þeir inna af höndum mjög þýðingarmikla starfsemi í þjóðfélaginu.

Ég vildi sérstaklega fá upplýsingar um það hjá hæstv. viðskmrh., hvort ríkisstj. hefur gert á síðasta ári sjálf ráðstafanir til þess að afla þessara smáriðnu nóta, sem hagkvæmastar eru til veiða í Hvalfirði, eða hvað hún hefur gert til þess að veita einstaklingum leyfi til þess að útvega þessar nætur, hvar sem þær er helzt að fá, frá Ameríku, Englandi eða annars staðar frá, og enn fremur, hvort þetta tilfelli, sem ég nefndi, er eina tilfellið, þar sem einstaklingi hefur verið neitað um gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir slíkum nótum, eða hvort það er regla hæstv. ríkisstj. að veita ekki þessi leyfi fyrr en síldveiði er byrjuð í Hvalfirði.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Út af þessari fyrirspurn hv. þm. Siglf. um gjaldeyrisleyfi til veiðarfærakaupa get ég aðeins upplýst, að það hefur verið sameiginlegt álit allrar ríkisstj., sem hefur verið borið fram við viðskiptanefnd og ég veit ekki annað en að viðskiptanefnd hafi í höfuðatriðum farið eftir, að gjaldeyrir til veiðarfærakaupa yrði veittur, eftir því sem þörf krefði. Meira hef ég ekki að segja um það út frá þeirri till., sem hér liggur fyrir.

Viðkomandi þeim árangri, sem hv. 11. landsk. taldi sig vera búinn að ná með flutningi þessarar till., þá er alveg eins með þessa till. eins og um verkamannafataskömmtunina, sem hann minntist á líka og taldi sig hafa unnið þrekvirki í sambandi við með því að flytja um það efni till. til þál., að ráðstafanir þær, sem hann taldi, að flutningur þessara till. hafði valdið, voru ákveðnar, áður en till. voru bornar fram, og hefur þetta verið sannað, að því er verkamannafatnaði og verkamannaskóm við kemur. Og alveg eins er um þetta mál, sem hér er til umr., því að þessi aukaskammtur er í gildi, áður en þessi till. kom fram. Ef þessi hv. þm. hins vegar vill skemmta sér með því að halda, að þessi till. og aðrar slíkar, sem hann hefur borið fram, hafi valdið einhverjum straumhvörfum í þessum efnum, — þá hann um það.

En viðkomandi því, sem ég áðan sagði, að ég teldi þessa till., sem hér liggur fyrir, þýðingarlausa, þá vil ég leyfa mér að lesa upp dagskrártill., þar sem lagt er til, að henni verði vísað frá afgreiðslu. Hún hljóðar svo:

„Þar sem fyrir liggja upplýsingar frá skömmtunarstjóra um, að aukaskammtur af kaffi og sykri til sjómanna er veittur eftir því, sem farið hefur verið fram á, og samvinna hefur tekizt um lausn málsins við Landssamband ísl. útvegsmanna, sér Alþingi ekki ástæðu til að gera um málið frekari ályktanir og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (BSt): Hv. þingheimur hefur nú heyrt þessa dagskrártill., sem nú var lesin. Tveir hv. þm. eru enn á mælendaskrá. Það er þar af leiðandi sýnt, að þar sem líka má búast við sérstökum umr. um dagskrártill., að umr. ljúkast ekki í dag um málið, og er það því tekið af dagskrá og umr. frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 8. des., var fram haldið einni umr. um till. (A. 131, 133, 163).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér virðist það hafa komið fram í umr. um þessa till., að ekki hafi verið nauðsynlegt að flytja till., þar sem upplýst er, að sjómenn hafa að undanförnu fengið aukaskammt af þeim vörum, sem þarna er um að ræða, eins og vitanlega var nauðsynlegt og réttlátt að láta þá hafa. Ég tel hins vegar, að það hefði verið ástæða til að flytja till. um það að auka nokkuð úthlutun á þessari vöru til allmargra sveitaheimila. Mér er kunnugt um það, að kaffi- og sykurskammturinn hefur reynzt of lítill á mörgum sveitaheimilum. sérstaklega þar sem heimilisfólk er fátt, en gestakomur tíðar. Í kaupstöðum geta menn farið á veitingahús og keypt þar kaffi og keypt kaffibrauð í brauðgerðarhúsum án þess að afhenda skömmtunarseðla fyrir því. Sveitafólkið hefur hins vegar ekki þessa möguleika, og er þarna töluverður aðstöðumunur, sem þörf væri að jafna. Ég hefði því talið ástæðu til að flytja brtt. við þessa till. eða bera fram nýja till. um nokkra jöfnun á þessum aðstöðumun, sem ég gat um, en eins og nú er ástatt, sé ég ekki ástæðu til að gera þetta, vegna þess að nýlega hefur verið ákveðið af skömmtunaryfirvöldunum að láta nokkurn aukaskammt af þessum vörum nú fyrir jólin, og bætir það úr brýnni þörf sveitaheimila og annarra fyrir þessar vörur. Vegna þeirra ákvarðana sé ég ekki, að þörf sé frekari aðgerða í málinu nú í svipinn. Ég get því fallizt á þá till. til rökstuddrar dagskrár, sem hér liggur fyrir á þskj. 163.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Í umr., sem fóru fram um þetta mál, síðast þegar það var rætt á þingfundi, lét hæstv. viðskmrh. þau orð falla, að ég gæti vel skemmt mér við það, ef ég vildi, að telja mér trú um, að þáltill., sem fram hefðu verið bornar, hefðu haft svo og svo mikil áhrif til bóta í þeim málum, sem þær hefðu fjallað um. Ég geri ráð fyrir því, að það sé að sjálfsögðu gaman fyrir mig að skemmta mér í sambandi við þessi mál, en hitt er þó þýðingarmeira, að þeir, sem eiga að njóta góðs af þessu í framkvæmd, vegna þess að þessu máli var hreyft, geti notið þess. Það er raunhæfara og skemmtilegra, að þeir geti notið þess, en þó að ég hefði skemmtun af þessu.

Í þeirri rökstuddu dagskrá, sem hér liggur fyrir, er sagt það sama sem hæstv. viðskmrh. hélt hér fram á síðasta fundi, að upplýsingar lægju fyrir frá skömmtunarstjóra um það, að aukaskammtur af kaffi og sykri til sjómanna væri veittur eftir því, sem farið væri fram á. Nú er það svo með sjómenn sem aðra, að þegar auglýstar eru ákveðnar reglur um skömmtun og annað slíkt, þá reikna þessir aðilar með því, að þessar skömmtunarreglur eigi að haldast, og staðreyndin er sú, þrátt fyrir þetta bréf frá skömmtunarstjóra, að sá skammtur af kaffi og sykri, sem sjómenn hafa fengið til síðustu daga, hefur verið það lítill, að hvergi hefur nægt, og það var ástæðan, sem ég sagði, að væri fyrir því, að þessi till. er flutt. Hvað síðan hefur gerzt, hvort nú er allt laust hjá skömmtunarstjóra til sjómanna, veit ég ekki, það færi betur, en þá hefur náðst sá tilgangur, sem ætlazt var til með þessari till. Mér fyndist eðlilegast, að þessi till., sem hér liggur fyrir, fengi venjulega afgreiðslu, færi til n., sem athugaði um það, hvort ekki er þörf á því að auka kaffi- og sykurskammt til sjómanna.

Í sambandi við það, sem frá er sagt í rökstuddu dagskránni, að samvinna hafi tekizt um lausn málsins við Landssamband íslenzkra útvegsmanna, þá vil ég segja það, að það er ánægjulegt, að skömmtunaryfirvöldin skuli hafa samvinnu við L. Í. Ú., en ég vil benda hæstv. ráðh. og öðrum á það, að L. Í. Ú. er ekki og hefur ekki verið aðili fyrir íslenzka sjómannastétt, það eru samtök útvegsmanna, en ekki sjómanna. Mér hefði fundizt eðlilegra, að hæstv. viðskmrh., vegna þess flokks, sem hann kennir sig við, hefði tekið dálitið meira tillit til verkalýðssamtakanna en hér er gert ráð fyrir, því að þau eru fyrst og fremst aðili í þessu máli, en ekki L. Í. Ú. Ég tel ekki þörf að ræða frekar um þetta mál, en vænti þess, að þessi rökstudda dagskrá verði felld, umr. frestað og till. vísað til allshn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var út af þessari rökstuddu dagskrá, sem ég vildi mega leggja fyrir hæstv. viðskmrh. nokkrar spurningar.

Ég gat því miður ekki verið við umr. um þetta mál, sem fram fóru hér áður, en ég hef litið eftir því, hvað um það hefur verið skrifað í blöðum, og sé, að þessi rökstudda dagskrá er í beinu framhaldi þar af. Því er sem sé haldið fram, að sú till., sem hér liggur fyrir um aukinn kaffi- og sykurskammt til sjómanna, sé óþörf, vegna þess að samkomulag hafi fengizt við L. Í. Ú. um afgreiðslu þessa máls, vegna þess að skömmtunaryfirvöldin hafi veitt sjómönnum aukaskammt í þessum efnum, sem farið hefur verið fram á. En ég tók líka eftir því í blaði hæstv. viðskmrh., að þar var sérstaklega talað um aukinn kaffi- og sykurskammt til síldveiðiskipa, sem hér voru nú við Faxaflóa. Vegna þess að mér þykja þessar upplýsingar koma allskakkt heim við réttar staðreyndir í málinu, þá vil ég spyrja hæstv. ráðh. um það í tilefni af þessari rökstuddu dagskrá hans, hvort það sé tilfellið, að útvegsmenn og sjómenn hafi að undanförnu fengið þann aukaskammt af kaffi og sykri, sem talið er í bréfi skömmtunarstjóra, yfirleitt í sambandi við sjósókn, því að síldarútvegurinn í Faxaflóa er ekki eina atriðið í þessu máli, síður en svo. Þessi till. er ekki eingöngu flutt vegna síldveiðanna, sem nú fara fram í Faxaflóa. Það er almennt umkvörtunarmál þeirra, sem á sjónum eru, að sá aukaskammtur, sem sjómönnum er nú ætlaður, sé of knappur. Mér er kunnugt um það, að í mínu byggðarlagi hefur þessi aukaskammtur þótt algerlega ófullnægjandi, og svo hefur verið farið fram á að fá rýmkun hjá skömmtunaryfirvöldunum, sem vitanlega hafa farið eftir settum reglum og sagt nei þar við. Þegar svo kemur fram rökstudd dagskrá í þessu máli, þar sem gert er ráð fyrir að vísa málinu frá, þegar farið er fram á aukinn kaffi- og sykurskammt, þá get ég ekki sætt mig við það, nema yfirlýsing komi frá hæstv. ráðh. um, að það

muni verða gengið inn á þá braut að veita útvegsmönnum og sjómönnum þennan aukaskammt almennt. Þar að auki vil ég benda á það, að L. Í. Ú. er vitanlega enginn samningsaðili í þessu máli, og er því ófullnægjandi að fá samkomulag við það í sambandi við útgerð báta og skipa víðs vegar annars staðar á landinu, og væri fróðlegt að fá að vita, hvers konar samkomulag það er, sem skömmtunaryfirvöldin og L. Í. Ú. hafa gert um aukaskammt til útgerðarinnar yfirleitt, því sé þetta ekki upplýst, þá hlýt ég að vera á móti þessari rökstuddu dagskrá, sem er um það að vísa frá sanngjörnum kröfum um aukinn skammt af þessum vörum til sjómanna og útvegsmanna við þeirra störf.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég á hér brtt. og sagði nokkur orð um hana um daginn. Í tilefni af dagskrártill. vil ég segja það, að nokkur undanfarin ár hef ég verið milligöngumaður milli nokkurra vinnuflokka, sem hafa verið við vegavinnu langt frá byggð, um það að útvega þeim aukaskammt af kaffi og sykri, og á því hefur ekki verið neinn hörgull, það hefur alltaf fengizt þegar beðið hefur verið um. Ég hef líka verið milligöngumaður milli einstakra heimila, sem hafa verið í sérstakri gestanauð, sem líka hafa fengið undanþágu. Megi ég eiga vísa sams konar afgreiðslu um undanþágubeiðnir, þegar þær eru rökstuddar, eins og hefur verið, get ég vel sætt mig við þessa afgreiðslu, að till. verði vísað frá nú, því að ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að þetta verði gert eins og verið hefur.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef litlu við það að bæta, sem ég sagði hér á síðasta fundi, þegar þetta mál var hér til umr. Ræða hv. síðasta ræðumanns, hv. 1. þm. N-M., sagði raunar það, sem ég þarf að segja í þessu máli. Efni hennar var það, að þegar farið hefði verið fram á aukaskammt með fullum rökum, þá hefði verið orðið við þeim tilmælum, og ætlunin er vissulega að halda þeirri stefnu áfram, svo að að því leyti tel ég, að framkoma þessarar tillögu sé algerlega óþörf.

Út af því, sem hv. 2. þm. S-M. sagði hér, þá skal ég svara þeirri spurningu, sem hann bar fram, með því að endurtaka það, sem ég sagði á síðasta fundi, en hann hefur ekki heyrt. Fastur aukaskammtur til sjómanna er um 40—50% af venjulegum skammti, eða 120 g af kaffi á móti 333 g, sem er aðalskammturinn, og 800 g af sykri á móti 1500 g. Auk þessa fasta aukaskammts hefur svo enn verið veittur viðbótarskammtur, 160 g af kaffi og 800 g af sykri, þannig að viðbótarmagnið er rúmlega eins mikið af sykri, en tæplega eins mikið af kaffi eins og frumskammturinn, m. ö. o., skammturinn hefur verið tvöfaldaður. Þó segir meira í þessu bréfi frá skömmtunarstjóra, því að hann segir, að það hafi ekki verið synjað um viðbót þeim, sem hafa farið fram á það og fært fyrir því rök við skömmtunarskrifstofuna, svo að það tilfelli, sem hv. þm. nefnir, að hafi verið synjað um viðbótarskammt, er mér ókunnugt um.

Það er eðlilegt, að Landssambandið komi fram sem heildaraðili fyrir sjómenn, er eitthvað skortir til útgerðarinnar, og sé á verði um hagsmunamál útvegsins, enda hefur það sjónarmið svo oft komið fram og verið viðurkennt, bæði með tilliti til veiðarfæra, salts og fleiri hluta, sem útgerðina varða. Það er því mjög eðlilegt, að L. Í. Ú. komi fram við skömmtunarstjóra sem heildaraðili og tilkynni honum þarfir útgerðarmanna. Ég hef það skriflegt frá skömmtunarstjóra, að L. Í. Ú. hefur boðizt til að koma fram fyrir hönd útgerðarmanna og bera fram óskir þeirra í þessu efni, og skömmtunarstjóri hefur lofað að taka þær til greina, eftir því sem efni standa til, og ég ætla ekki annað en unnt sé að skipa þessum málum á tiltölulega auðveldan hátt án íhlutunar Alþingis.

Hv. 2. þm. S-M. spurði, hvort skammturinn gilti aðeins fyrir síldveiðiskipin, en ég teldi eðlilegt, að þetta gengi jafnt yfir alla sjómenn. Að vísu hafa verið bornar fram sérstakar óskir fyrir síldveiðimenn, en ég tel eðlilegt, að fiskimenn yfirleitt fái fyrirgreiðslu í þessu efni. Ég tel svo að lokum óþarft fyrir Alþ. að gera ályktun um þetta mál.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér sýndist það koma greinilega fram hjá hæstv. viðskmrh., að það samkomulag, sem vitnað er til, sé naumast unnt að kalla samkomulag, þó að Landssamband ísl. útvegsmanna hafi látið þessar beiðnir ganga áfram, en hitt er augljóst, að útgerðinni um land allt hefur verið neitað um aukinn skammt til sjómanna og útvegsmanna. Nú hefur hæstv. ráðh. lýst yfir því, að aukning skuli ná jafnt til allra sjómanna, og þykir mér vænt um að heyra það, en einkennilegt er það, að þegar gengið er nú inn á þessa braut, þá skuli það vera gert á þann hátt að vísa þál. um aukaskammt frá. Ef ástæða er til að afgreiða málið þannig, þá verð ég að segja, að það er einkennilegt, og þá væri rétt fyrir skömmtunaryfirvöldin að nema úr gildi þá heimild, sem fyrir hendi er til að veita útgerðinni aukaskammt, sem felur í sér töluverða rýmkun. Þó að ráðh. hafi nú lofað aukaskammti, þá hefur sú stefnubreyting einmitt gerzt í sambandi við flutning þessa máls hér. Það þarf vissulega að auka þennan skammt og afnema skömmtunarreglurnar viðvíkjandi sjómönnum og setja nýjar, sem eru meira miðaðar við þarfir þeirra. Það er einmitt ástæða til að samþykkja þessa till. vegna þess, sem hæstv. ráðh. sagði.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. S-M. hélt því fram, að þær breytingar á skömmtunarreglunum, sem hér er um að ræða, væru afleiðing af þessari till., og hið sama sagði hv. 11. landsk. fyrir helgina. Einu gildir, hvað þessir hv. þm. segja um þetta, hitt stendur fast, að skammtarnir voru ákveðnir, áður en þessi till. kom fram. Ég sé enga ástæðu til að taka upp nýtt kerfi. Um veitingu aukaskammta hafa þegar skapazt fastar reglur, og þeir eru veittir, þegar upplýst er, að þörfin er fyrir hendi. Skömmtunaryfirvöldin hafa lýst yfir því, að þau séu fús til að taka slíkar óskir til velviljaðrar athugunar og veita aukaskammta, þegar þörf er á og unnt er. Og varðandi sykur og kaffi, sem hér er sérstaklega til umræðu, þá fæ ég ekki betur séð en að núverandi kerfi nægi fyllilega til að uppfylla þær þarfir, án þess að þar þurfi að koma til sérstök þál.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 163, frá samgmrh., samþ. með 27:8 atkv.

Þingsályktunartillaga, vísað til ríkisstjórnarinnar.

Fiskþurrkun við hverahita.

Á 7. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um fiskþurrkun við hverahita (A. 34).

Á 8. fundi í Sþ., 16. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er að vissu leyti á leið til framkvæmda. Hæstv. útvegsmálaráðh. er að láta gera tilraunir inn við Elliðavog, sem ganga í sömu átt, og málið er flutt í samræmi við vilja útvegsmanna. Rannsóknin mundi ganga út á það, hvort ekki hentaði að nota húsakost í Vesturbænum, nærri hitaveitunni, þar sem hægt væri að þurrka saltfisk við hveravatn. Hveravatnið, sem Reykjavík hefur yfir að ráða, er mjög mikið, að minnsta kosti að vori og sumri. Ég hef aflað mér upplýsinga hjá manni, sem fengizt hefur við saltfisksölu, og hann telur, að innan skamms muni þetta verða þýðingarmikið mál fyrir útveginn. Hann telur, að með þeirri tækni, sem við nú höfum, sé hægt að þurrka léttsaltaðan fisk fyrir hitabeltislöndin á hálfum mánuði í heppilegum húsakynnum.

Ég geri ráð fyrir því, að Vesturbæingar komist að við þessa vinnu, en þeir eru einhverjir beztu saltfiskþurrkendur, sem til eru. Við Elliðavog er það fólk úr Kleppsholti, sem að þessu vinnur. Nú er allmikil viðleitni í þá átt að selja mikið magn af fiski til Þýzkalands, og standa vonir til, að það muni takast. En ef þetta bregzt, getur orðið erfitt með togarafiskinn, og vaxandi erfiðleikar, eftir því sem flotinn stækkar. Mest er öryggið, ef hægt er að hafa hraðvirk fiskhús til fiskþurrkunar, sérstaklega þegar Eimskip fær sín nýju skip og hægt er að flytja fiskinn til hitabeltislandanna, t. d. Suður-Ameríku.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Ég tel bezt, að málinu verði vísað til allshn., en ekki fjvn., því að hér er ekki hugsað um framkvæmdir að svo stöddu.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 26. fundi í Sþ., 27. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 25. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Sþ., 3. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 34, n. 356).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur haft þessa till. til athugunar og telur, að þetta mál verðskuldi fyllilega, að athugun sé látin fara fram á því. Hins vegar þótti n., að ekki lægju fyrir nægilegar upplýsingar til þess, að hægt væri að samþykkja till. eins og hún er, og þá sérstaklega leiðina, sem þar er stungið upp á, en taldi rétt, að ríkisstj. léti fara fram rannsókn á þeirri leið og öllu í sambandi við fiskþurrkun við hverahita, og í sambandi við þetta álit sitt lagði n. til, að till. yrði vísað til ríkisstj., sem athugaði málið í sambandi við stofnanir sjávarútvegsins, t. d. Fiskifélag Íslands.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta mál fleiri orðum, en vil fyrir hönd n. mælast til þess, að till. verði vísað til ríkisstj. til athugunar og rannsóknar.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Eftir atvikum get ég talið, að þetta sé viðunandi afgreiðsla. Ég bjóst ekki við, að á þessu þingi mundi verða farið út í húsbyggingar í þessu skyni og geri ráð fyrir, að eðli málsins og nauðsyn þjóðarinnar muni fyrr en varir knýja fiskframleiðendur og ríkisstj. til þess að fara inn á þessa leið, og vísa til þeirra raka, sem fram komu við fyrri hluta umr. um þetta.

ATKVGR.
Till. á þskj. 356, frá allshn., um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 27 shlj. atkv.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Vinnufatnaður og vinnuskór.

Á deildafundum 3. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um, að vinnufatnaður og vinnuskór séu undanþegnir skömmtun (A. 6).

Á 3. fundi í Sþ., 6. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 4. fundi í Sþ., 9. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 7. fundi í Sþ., 15. okt., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Það væri að sjálfsögðu freistandi að ræða hér það skömmtunarfyrirkomulag, sem tekið var upp frá og með 1. okt., en þar sem það mun verða gert síðar, mun ég ekki gera það.

Samkv. þeim skömmtunarreglum, sem teknar voru upp 1. okt., hefur verið gerð sú ráðstöfun að taka ekkert tillit til þess, að þeir, sem vinna, þurfa að fá meiri föt og skó til sjós og sveita. Menn fá nú föt fyrir 100 kr. og aðeins eina skó í 9 mánuði. Ég geri ekki ráð fyrir, að ég þurfi að útskýra, hve fráleit þessi ráðstöfun er. Fyrir 100 kr. getur maður ekki keypt sér nema ein vinnuföt, sjómaðurinn ekki nema eina peysu og kannske eina vettlinga, en þeir, sem t. d. vinna við ketilhreinsun, þurfa einn vinnufatnað á mánuði. Nú kemur í ljós, að það, sem sjómenn nota, peysur og ullarvettlingar, er svo lítið samkv. skammtinum, að þeir geta varla unnið störf sín. Um skófatnaðinn er það að segja, að verkamaður þarf a. m. k. 3—4 pör á þessu tímabili. Um kyndara er það að segja, að þeir hafa sérstaklega þörf fyrir mikinn skófatnað, lætur nærri, að kyndarar þurfi að fá eina skó á mánuði. Alls staðar, að ég held, þar sem skömmtun hefur verið tekin upp, hefur verið gert ráð fyrir að láta vinnandi menn hafa meiri fatnað og meiri skófatnað en aðra. Ég minnist þess frá stríðsárunum, að þá gilti skömmtun í Englandi, og sjómenn, sem sigldu þangað, fengu skömmtun, náttúrlega minni en þá, sem þeir innfæddu fengu. Þeir fengu í hverjum túr einn vinnufatnað og eina vinnuskó.

Ég held, að þetta hafi verið tekið upp vegna vanþekkingar, en ekki af illvilja gagnvart verkalýðnum. Ég veit ekki, hvernig þessu lýkur, hvort skömmtuninni verður haldið áfram á þennan hátt, en ég get ekki séð nokkra meiningu í því, að hún haldi svona áfram.

Ég sé ekki annað en að málið geti farið til n. og óska þess, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til allshn.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég get nú vel tekið undir það, sem hv. flm. sagði um það að vísa till. til allshn., en það verður að gera það áður en þessari umr. er lokið. Það verður þá að fresta umr. og fá það n. til athugunar.

Mér er að sjálfsögðu ekkert kærara en að athugað sé, hvað í þessum málum er hægt að gera. Till. er fyrst og fremst um það, að vinnufatnaður og vinnuskór séu undanþegnir skömmtun. Ég vil í því sambandi segja það, að ég álít, að það versta, sem hægt sé að gera þeim, sem þessar vörur nota, sé að gefa þær frjálsar, því að það þýðir, að vörurnar yrðu keyptar upp á svörtum markaði og verkamönnum gert ómögulegt að fá þær.

Ég vil einnig upplýsa, að það eru svo takmarkaðar birgðir af þessum vörum, að þær geta ekki orðið undanþegnar skömmtun, en ég hef gert ráð fyrir, að úthluta þurfi aukaskammti af þessum birgðum eftir því, sem til er hverju sinni. Ég hef hér bréf frá skömmtunarstjóra, og hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Gert var ráð fyrir því, þegar reglugerð þessi var sett, að veita þyrfti undanþágu með skammta til erfiðismanna, þannig að þeim gæfist kostur á að fá aukaskammta af slitfatnaði og slitskóm, þegar frá liði. Hitt var engan veginn auðsætt, og er raunar ekki enn, að þeir þyrftu þessara aukaskammta strax fyrstu viku skömmtunarinnar. Það hefur þó verið til athugunar hjá skömmtunaryfirvöldunum, frá því er skömmtunin var upp tekin, á hvern hátt þessum sérstöku þörfum erfiðismanna yrði bezt fullnægt í sambandi við skömmtunina."

En það, sem fyrir skömmtunarstjóra og þeim öðrum hefur vakað, var, að fengið væri í byrjuninni form til þess að þær birgðir, sem til eru, kæmust í réttra manna hendur, en ekki í hendur bröskurum og hömstrurum. Ég ætlaði fyrir þessa umr. að vera búinn að afla mér upplýsinga um, hverjar birgðir væru til í landinu, — ég vissi fyrirfram, að birgðir væru takmarkaðar, — en mér hefur ekki tekizt að fá þessar upplýsingar enn. Ég vænti þess, að þær komi bráðum og geti legið hér fyrir hendi.

Ég vil undirstrika það, að ekki verði farin sú aðalleið, sem hér er stungið upp á, heldur verði farið eftir því, sem skömmtunarstjóri leggur til. Skömmtunarstjóri hefur upplýst, að þetta væri auðvelt að gera þannig, að menn kæmu í skrif-

stofuna, gæfu upplýsingar um störf sín og fengju skammt eftir þeim. Síðan væri færð skrá yfir það, hvað hver fengi, þannig að enginn fengi meira en væri í hlutfalli við atvinnu hans.

Hv. flm. minntist á peysur og vettlinga úr íslenzkri ull. Ég get upplýst það, að það hefur orðið að samkomulagi, að íslenzkt prjónles í hverri mynd sem er væri undanþegið skömmtun, þótt það hafi ekki verið auglýst enn, en hins vegar eru íslenzkir dúkar ekki undanþegnir skömmtuninni. Vænti ég, að það mál leysist. Þar sem um framleiðslu á vörum úr íslenzkri ull er að ræða, má búast við, að ekki verði eins hægt að kaupa þær upp og aðrar vörur, sem takmarkaðar birgðir eru af.

Ég vil segja það, að það var frá upphafi ljóst þeim mönnum, sem með þessi mál hafa farið, að verkamenn þyrftu að fá aukaskammt, og hefur verið hafinn undirbúningur að því — og var hafinn löngu áður en skömmtunin kom. Við þetta var miðað, þegar reglugerð um skömmtun var gefin út 23. sept. s. l. Þar er heimild til þess, að þetta verði svo.

Ég get tekið undir það með hv. flm., að till. verði vísað til n. og þar verði leitað upplýsinga um það, hve miklar birgðir séu til af þessum vörum, og vænti ég, að þá upplýsist, hve miklar birgðir eru væntanlegar til áramóta, og getur þá skömmtunarskrifstofan ákveðið, hve mikinn aukaskammt hægt sé að veita af báðum þessum vörutegundum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta. Í löndum, þar sem tekið hefur verið upp strangt skömmtunarfyrirkomulag, hefur aukaskammtur á vinnufatnaði og vinnuskóm farið eftir því, hvort þær vörur hafa verið úr innlendu efni eða ekki og hvort innflutningur þess væri háður innflutningi viðkomandi lands. En í flestum tilfellum hefur það verið svo, að þessir vöruflokkar hafa verið undir skömmtun — og það meira að segja strangri skömmtun.

En það verður að vera okkur kappsmál, að þær litlu birgðir, sem við höfum, skiptist nokkurn veginn réttlátlega.

Flm. (Hermann Guðmundsson): Eins og þessi till. ber með sér, er hér um tvær leiðir að ræða:

1. Að þessar vörur verði undanþegnar skömmtun og
2. að þær verði skammtaðar.

Ástæðan til þess, að ég hef nefnt báðar þessar leiðir, er sú, að ég vildi, að athugað væri gaumgæfilega, hvor leiðin skyldi valin.

En í sambandi við það, sem hæstv. viðskmrh. sagði, að litlar birgðir væru til af þessum vörum í landinu og að þeim, sem stóðu fyrir skömmtuninni, hefði verið það ljóst, vil ég aðeins segja, að það þykir mér harla einkennilegt.

Hæstv. ráðh. taldi, að svartur markaður mundi koma fyrir þessar nauðsynjavörur, ef engin skömmtun væri á þeim. Það má vel vera vegna núverandi ástands. En mér dettur í hug að spyrja hæstv. ráðh., hvort ríkisvaldið hafi engar ráðstafanir gert til að tryggja, að þessar vörutegundir flyttust inn í landið. Hæstv. ráðh. segir, að samkomulag sé um, að vinnuskór séu undanþegnir skömmtun. Það sér hver maður, hversu fráleitt það er, að íslenzkar afurðir, sem eru framleiddar úr íslenzku efni, séu skammtaðar, en það er staðreynd, að þetta er gert. Þess eru mörg dæmi, að menn hafa orðið að eyða skömmtunarmiðum sínum til að kaupa peysur. En ef það er samkomulag um að undanþiggja þessar vörur, hvers vegna var það ekki framkvæmt strax?

Annars vil ég lýsa ánægju minni yfir, að hæstv. ráðh. skuli hafa tekið vel í þetta mál, að vinnandi menn fái það mikinn fatnað, að þeir geti unnið störf sín.

Ég veit ekki, hvaða leið skömmtunaryfirvöldin finna í sambandi við þetta mál. Ég vona, ef sú leið verður farin að skammta áfram, þá verði skammturinn svo ríflegur, að hann nægi, því að frá þjóðfélagslegu sjónarmiði nær það engri átt, að menn, sem vinna erfiðisvinnu, verði að draga úr störfum vegna vöntunar á klæðum. Það er skaðlegt, og ég geri ráð fyrir, að hæstv. stj. sjái það eins vel og aðrir, og þess vegna sé stuðningur hennar við málið tryggður.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér heyrðist hæstv. viðskmrh. leggja mikla áherzlu á, hversu mikill vandi hafi verið lagður þeim mönnum á herðar, sem skömmtunina ákváðu, og að þeim hafi verið það ljóst. Það kann að vera, en það sést ekki. Það virðist, að þeir hafi enga hugmynd um, hvernig á að framkvæma skömmtun í menntuðu þjóðfélagi. Aldrei hefur skömmtun verið framkvæmd með öðrum eins endemum. Og þegar hæstv. ráðh. segir annað eins og þetta, þá er það aðeins til að afsaka vitleysuna, þegar vitleysan kemur í ljós. Það er venja, ef á að skammta misjafnt, ef það er nauðsynlegt, að sumir fái meira en aðrir, að skipt sé niður í katagoríur, svo að ef t. d. erfiðismenn eiga að fá meiri skerf, þá sé sérstök katagoría fyrir þá, sem slíka vinnu stunda. Menn eru flokkaðir eftir því, hvaða vinnu þeir hafa með höndum. Þess vegna er það gefið, ef á að skammta vörur eins og hér, þar sem vefnaðarvara er skömmtuð, þá á að hugsa þetta út fyrir fram, gera það frá upphafi. Og það er engin afsökun fyrir að gera það ekki. Um þetta eru til fyrirmyndir í hverju landi, og hver, sem um skömmtun hugsar, — ekki sízt embættismennirnir, — á að geta framkvæmt hana strax. Það verður þess vegna að ganga út frá, að það margir mánuðir hafi verið til undirbúnings til að útbúa skömmtunarseðla á þann hátt, sem þeir þurftu að vera.

Ég undrast stórlega, að hæstv. ráðh. skuli detta í hug að vilja viðhafa þá aðferð að skammta vinnuskó og svo eigi menn að koma og sækja um undanþágu, koma á skömmtunarskrifstofuna eins og til fátækrafulltrúa og segja, að því miður verði þeir nú að vinna og hvort þeir geti nú ekki fengið leyfi fyrir skóm til að geta unnið áfram, og svo á þessi embættismaður að meta, hvort þeir séu búnir að vinna það mikið, að þeir megi fá eina skó. Getur nokkur hugsað sér að framkvæma skömmtun með þessu móti? Hvers konar skriffinnskubákni á að koma hér upp? Ætli verkamenn hafi ekki fengið nóg af því fyrir stríð að verða að biðja um lífsnauðsynjar sínar, þó að nú verði ekki farið að skammta þeim það, sem þeir eiga kröfu til, sem þeir eiga fyllsta rétt á að fá án allrar undanþágu? Ef litið er til af þessum nauðsynjavörum, þá á að skammta þær, en þá á það að vera réttur hvers manns, sem þessa vinnu stundar, og hann á að veitast honum með hans skömmtunarseðli. Hitt skil

ég ekki, hvernig nokkrum manni getur dottið í hug, að haldin sé spjaldskrá yfir, hvað hver fær.

Annars virðist mér í sambandi við þessa till., að hamsturshætta ætti að vera minni í sambandi við verkamannaskó en annan skófatnað. Hins vegar er ekki rétt að eiga slíkt á hættu og skynsamlegra sé því að taka upp skömmtun þegar í upphafi. Hins vegar er ólíklegt, að þeir menn, sem mest hafa gert að því að hamstra, fari að hamstra vinnufatnað og verkamannaskó.

Hvað það snertir, sem hæstv. ráðh. minntist á, að menn hafi verið eggjaðir á að hamstra, þá ætti hann að athuga þær tilkynningar, sem gefnar voru út af stjórnarvöldunum, þar sem mönnum var svo að segja bent á að hamstra, þegar verið var að birta mörgum dögum fyrir fram, að viðbúið væri, að skömmtun yrði sett á. Þegar því hæstv. ráðh. er að mæla á móti þessari till., þá er það aðeins til að afsaka þau glöp, sem gerð voru í upphafi í sambandi við þessa skömmtun, því að þetta átti strax að gera, svo að sjómenn og verkamenn fengju fullan rétt til að fá þessar lífsnauðsynjar, en þurfi ekki að sækja um neina undanþágu. Þær hafa yfirleitt ekki farið svo vel úr hendi, og skriffinnskan er meiri en nóg. Þetta er réttur manna, en á ekki að veitast fyrir náð einhverra embættismanna.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Hv. 2. þm. Reykv. hafði ýmislegt við þetta að athuga, m. a. að hann vill ekki, að hér sé farið að taka upp neitt fátækrafulltrúafyrirkomulag, þar sem menn komi og biðji um eitthvert náðarbrauð og sæki um leyfi til að fá eitt og annað, sem sé fært inn á spjaldskrá. Hann átti ekki nógu stór orð til að fordæma það. Ég veit ekki, hvernig hann getur fengið það út, að hér sé eitthvert fátækrafulltrúafyrirkomulag, þó að maður, sem þyrfti á þessum hlutum að halda, fengi leyfi fyrir því og það væri síðan fært inn á blað. Að ekki megi skrá, hvað hver notar, það get ég ekki skilið. Og þar, sem skömmtun hefur verið í gildi í mörg ár, þar eru menn ekki enn komnir að fastri niðurstöðu um það, hvernig eigi að skammta verkamannafatnað fyrir hverja vinnugrein. Við vitum, að hér á landi er mikill munur á því, hve mikinn vinnufatnað menn þurfa, því að störfin eru misjafnlega fatafrek. Og það er ekki unnt, svo að í neinu lagi sé, að setja fastar reglur um það á þessu stigi. Ég veit ekki, hvernig ætti að gefa slíkar reglur svo, að ekki skeikaði. Hins vegar er sjálfsagt, að menn fái það, sem þeir þurfa, innan þeirra takmarka, sem verður að setja á hverjum tíma, þannig að notkunin verði ekki óeðlileg og ekki verði verzlað á svörtum markaði.

Annars skildist mér á hv. þm., að hann vildi fyrst og fremst, að mönnum væri skipt niður í skömmtunarflokka, þ. e. a. s. að mönnum væri mismunað. Við höfum ekki farið út í að mismuna mönnum með skömmtun. Skammturinn er það rífur, að hann á að duga hverjum og einum. Hitt er neyðarbrauð, að fara út í það að gera matarskammtinn mismunandi mikinn. En ég veit, að hann vill þetta til að geta síðan beitt á slíkt fyrirkomulag sinni kritík og skynsamlegu gagnrýni, eins og hún hefur komið fram undanfarið, því að þá fyrst er hægt að fá verulegan grundvöll til þess.

Um skömmtunina almennt skal ég ekki ræða hér. Hann taldi, að hún væri óeðlileg og með þeim endemum, að hún ætti sér engan líka. Ég skal geyma að ræða það, þangað til næsta mál kemur á dagskrá (þáltill. um ógildingu skömmtunarreglna, 8. mál), og gefst þá tækifæri til að ræða um það.

Hv. þm. taldi enga hamsturshættu á ferðum, þó að hætt yrði að skammta þessar vörur. Það kveður þar við annan tón en undanfarið, þar sem sýknt og heilagt var verið að prédika um þá hömstrun, sem hefði átt sér stað. Ég get ekki séð, hvers vegna slík hætta ætti einmitt nú að vera úr sögunni. Mér virðist miklu fremur, að ef upp kynni að koma ótti um, að hörgull yrði á þessari vöru, þá yrði hún keypt í stórum stíl til að selja hana aftur á svörtum markaði. Þess vegna er aðaltill. raunverulega það vitlausasta, sem hægt er að gera í þessu máli.

Hv. 11. landsk. hafði einnig nokkrar aths. að gera við það, sem ég sagði. Hann taldi undarlegt að ákveða skömmtunarfyrirkomulag, sem síðan þyrfti að breyta. Það er nú svo. Ég veit ekki til, að nokkurs staðar hafi fundizt það skömmtunarfyrirkomulag, sem ekki þyrfti að breyta. Ég tel því enga goðgá, þó að nokkrar vikur líði þannig, að einhver vörutegund sé ekki undanþegin skömmtun, svo sem prjónles. Ég tel það skipta tiltölulega litlu máli, þó að það sé ekki undanþegið skömmtun strax. Um það var nokkur ágreiningur, hvort ætti ekki að undanþiggja allar vörur úr íslenzkri ull. Um þetta urðu menn ekki fullkomlega sammála, en nú virðist mér færast nær því, að menn geti komið sér saman um það atriði. Niðurstaðan varð því sú að láta þessar vörur vera undir skömmtun til að byrja með heldur en að eiga undir því, að óeðlileg kaup væru gerð á þeim.

Þá spurðist hann fyrir um, hvort gerðar hefðu verið ráðstafanir til að tryggja, að nægilegt væri flutt inn af þessum vörum. Það kemur fram bæði í þessari till. og umr. hér, að verið er að gera kröfur um, að nóg verði til af öllum vörum. Það er ágætt að gera þær kröfur, að alltaf sé nóg til af öllum vörum, sem við þurfum á að halda, en það getur verið það ástand fyrir hendi, að slíkt sé ekki hægt, og þá verður að setja reglur með hliðsjón af því. Ég vil benda á, að ein aðalástæðan fyrir því, að þurfti að hafa dúka undir skömmtun, var sú, að ekki var tryggt, að hægt væri að fá inn í landið nægilega mikið af erlendum dúkum til að fullnægja því, sem skömmtunin gerði ráð fyrir, og þá varð að taka íslenzku dúkana, til þess að þeir nægðu til að bæta upp þá vöntun, sem kynni að verða á útlendum dúkum til að fullnægja skömmtuninni.

Ég held, að ég þurfi ekki frekar að ræða þetta mál. Ég sé ekki ástæða til að svara þeirri almennu og venjulegu gagnrýni, sem fram kom hjá hv. 2. þm. Reykv. um skömmtunina almennt. Ég mun láta slíkar umr. bíða til næsta máls.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er vafalaust rétt hjá hæstv. viðskmrh., að það er þörf að gera meira en að endurtaka þá smávægilegu gagnrýni, sem hér hefur komið fram, þegar næsta mál kemur á dagskrá.

Hæstv. ráðh. spyr, hvernig eigi að fara að því að skammta verkamönnum vinnufatnað og skó. Það er von, að hæstv. ráðh. spyrji svona. Hann hefur víst aldrei heyrt getið um verkalýðshreyfingu. Það mætti benda honum á að leita þangað, spyrja þar um, hvað járnsmiðir þurfi, hvað sjómenn þurfi,

hvað hafnarverkamenn þurfi o. s. frv. Það er ekki annað en að leita til mannanna sjálfra og samtaka þeirra, þeir vita, hvar skórinn kreppir. Ef menn vilja sýna nokkra samvizkusemi, þá verður að fara þá leið, og þá er fullkomlega hægt að setja reglur um, hvað menn þurfi í hverri starfsgrein. Það er undarlegt að ráðast í svona skömmtun án þess að hafa fyrir að kynna sér vilja og þarfir mannanna sjálfra.

Hæstv. ráðh. segir, að stj. hafi ekki viljað fara út í að mismuna mönnum. Hvað er það, sem verið er að gera hér? Það er einmitt verið að mismuna mönnum. Spursmálið er: Hver er þörf manna? Það er það, sem á að fara eftir. Það er ekki rétt, að ég og hæstv. ráðh. hafi sama skammt og erfiðismenn. Við getum vel slitið fötum okkar meira en við gerum, en sjómaðurinn, verkamaðurinn, járnsmiðurinn og bóndinn og aðrir slíkir menn slíta fötum margfalt meira en við og þurfa því meira. Skömmtunin hlýtur að miðast við þörfina. Þess vegna er verið að mismuna mönnum með núverandi fyrirkomulagi. Hér er verið að gera stéttum manna misjafnlega hátt undir höfði, það er verið að ganga fram hjá þörfinni. Hæstv. ráðh. sá ekki annað ráð en að verkamenn og sjómenn fengju undanþágu fyrir þessum þörfum sínum og það væri fært inn á spjaldskrá. Ég er hissa, að menn skuli halda slíku fram. Ég sé ekki betur en hægt sé að nota aðra handhægari aðferð, en það er að ráðfæra sig við viðkomandi stéttir eða félagsskap þeirra og fá að vita, hver meðaleyðslan er, og þá er hægt að reikna út, í hvaða hlutfalli menn skuli fá vinnufatnað. Þá þarf enga undanþágu. Þá er aðeins verið að veita mönnum það, sem þeim ber með fullum rétti. Ég sé ekki, hvaða ástæða er til, að menn fari að sækja um undanþágu og færast inn á spjaldskrá. Þess vegna finnst mér frá mínum bæjardyrum málið liggja ákaflega ljóst fyrir. Með slíku móti er hömstrun útilokuð, og ætti ekki að geta komið til greina, að verkamaður keypti vinnuföt oftar en hann þarf. Hitt er vitað, að slit á þessum fötum er ótrúlega mikið t. d. bæði hjá járnsmiðum og sjómönnum.

Ég álít því, að það sé langt í frá, að hæstv. ráðh. hafi með þessu skömmtunarfyrirkomulagi komið sér hjá því að mismuna mönnum, heldur þvert á móti er verið að mismuna mönnum.

Hæstv. ráðh. sagðist ekki vilja fara að mismuna mönnum í mat. Ég geri nú ekki ráð fyrir, að vitleysan komist svo langt. Það mætti nú fyrr vera óstjórn á okkar landi en farið væri að skammta þann mat, sem við framleiðum á okkar landi. En ef skammta þyrfti mat og ætti að gera það eftir sömu reglum og hafðar eru við núverandi skömmtun, þá lízt mér ekki á það.

Ég held því, að viðskiptaráð ætti vel að athuga þessi mál, áður en það gengur inn á undanþágukerfið, og íhuga, hvort ekki væri nær að ræða við verkalýðsfélögin, hversu mikil þörfin er, og afhenda skömmtunarseðla samkvæmt því, eftir því í hvaða starfsgrein menn vinna.

En út frá því, sem hæstv. ráðh. talaði um, að hér væri verið að heimta svo mikinn innflutning á sumum sviðum, að ekki væri hægt að verða við þeim kröfum sökum innflutningserfiðleika, þá langar mig til, að hæstv. stj. léti frá sér heyra um innkaupaáætlunina til landsins, hvernig hún hyggst að ráðstafa þeim gjaldeyri, sem þjóðin hefur til umráða, hvað einstakar greinar snertir. Það er ekki hægt að ræða neitt raunhæft um þörf og möguleika á innflutningi, fyrr en slíkur raunveruleiki liggur fyrir. Það heyrir ekki undir þessa till., en ég vil segja, út frá ræðu hæstv. ráðh., að þingið þarf að fá slíkar upplýsingar, áður en allar röksemdir um innflutningserfiðleika verða teknar gildar.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég skal ekki fara langt út í þetta mál, það hefur fátt nýtt komið fram. — Hv. 2. þm. Reykv. virtist þetta allt svo auðvelt, það væri ekkert annað en að afla sér upplýsinga í verklýðsfélögunum og hjá viðkomandi aðilum um það, hversu marga fatnaði eða hversu marga skó viðkomandi atvinnugrein þyrfti, þá væri allt auðvelt og málið þar með leyst. Hann virtist kenna því um, að ég vissi ekki, hvað verklýðsfélög væru, þó hann mæli þar gegn betri vitund, en mér heyrðist hv. 11. landsk. upplýsa, að skömmtunarstjóri hefði leitað til Alþýðusambandsins til að hafa samvinnu um þetta. En þó að þessar upplýsingar væru fyrir hendi, þá er málið ekki leyst með því, og það er það undarlega með atvinnugreinir okkar Íslendinga, að sami maðurinn getur verið járnsmiður (gervismiður) í dag og sjómaður á morgun, og eftir örfáa daga getur hann svo farið að vinna í enn annarri atvinnugrein. Hvernig skömmtunarmiða á nú að úthluta svona manni? Hvaða fataskammt á sá maður að fá, sem er svo laus í sínu starfi, að hann getur verið í einu í dag og öðru á morgun? Þetta á við um marga menn úti um land, og þó að það sé mest af því í Reykjavík, að menn séu fastir í sinni stöðu, er þó ákaflega mikið af hinu, að menn fari úr einu í annað og því ekki gott að segja um, hversu mikið þeir muni þurfa af þessum fatnaði. Hvernig á þá að úthluta þessum mönnum skömmtunarseðlum? Er þá hægt annað en að úthluta aukaskammti? Ég sé ekki, að það sé til önnur lausn á þessu stigi málsins. En það er auðséð, að það er ekkert annað, sem fyrir hv. þm. vakir, en að gera þessar reglur eða þessa framkvæmd á allan hátt sem tortryggilegastar, það er það eina, sem fyrir þessum hv. þm. vakir, því að skynsamleg rök fyrir þessu skortir alveg.

Einar Olgeirsson: Það er aðeins út af því, að hæstv. viðskmrh. var í vandræðum með það, hvernig ætti að fara að, ef maður t. d. hættir í einhverri atvinnugrein og gerist sjómaður. Þegar menn gefa út reglur og innleiða kerfi eins og skömmtun, fara menn venjulega eftir ákveðnum reglum um það, jafnvel þótt undantekningar séu gerðar. Það er óhugsandi að ætla að mynda eitthvert kerfi miðað við undantekningar, þess vegna er eðlilegt að breyta skömmtuninni þannig að miða við það, sem er regla. Þegar t. d. svo og svo mörg hundruð menn eru sjómenn og svo og svo mörg hundruð járnsmiðir, þá er það þess vegna regla, að menn, sem skráðir eru sem sjómenn, fái sinn skammt miðað við, að þeir séu sjómenn, og þeir, sem eru járnsmiðir, fái sinn skammt miðað við, að þeir séu skráðir járnsmiðir.

Ef sú undantekning er, að einn maður fer að stunda aðra vinnu og fær þar af leiðandi aukinn skammt, er þá einhver ógurleg hætta á ferðum fyrir þjóðfélagið? Auk þess má benda á það, að þessir menn færu varla að leika sér að því að kaupa

meira en þeir þyrftu af þessum hlutum, því að þeir kaupa þá ekki nema þeir þurfi þeirra með. Ég held því, að hæstv. viðskmrh. og skömmtunaryfirvöldin þyrftu síður en svo að óttast nokkuð, þó að verkamönnum væri úthlutað sérstökum skammti fyrir vinnufötum, þó að þeir skiptu um vinnu. Sú röksemd hæstv. ráðh., að það þyrfti að krefjast sérstakra gagna til þess að menn fái vinnuföt, fellur því um sjálfa sig, jafnvel þó að menn skipti eins oft um atvinnu og gerist á Íslandi.

Það virðist kannske heldur undarlegt, að t. d. einn sjómaður taki upp á því að gerast skrifstofumaður, en það undarlega er þó, að þrátt fyrir það, þó að spjaldskrárfyrirkomulag hæstv. viðskmrh. væri notað, þá gæti það samt komið fyrir, að sjómaður fengi vefnaðarvöruskammt, áður en hann færi á togara, en gerðist svo allt í einu skrifstofumaður og héldi þeirri vefnaðarvöru, sem hann fengi.

En hæstv. ráðh. er í vandræðum með, hvaða útúrdúrum hann eigi að finna upp á til þess að reyna að verja þetta óverjandi skömmtunarfyrirkomulag, en hann er lítið að hugsa um að taka tillit til manna í þessum efnum. Ég veit ekki, hvort það, sem hæstv. ráðh. sagði um, að leitað hefði verið til Alþýðusambandsins, er rétt. Ætli það hafi verið gert áður en skömmtunin fór fram eða eftir? Mér er nær að halda, að það hafi ekki verið gert fyrr en eftir að búið var að skammta, þegar menn voru búnir að sjá, hvers konar hneyksli það var, sem búið var að gera. En ég hélt, að það hefði verið betur gert fyrir en eftir skömmtun, sérstaklega eftir þeim mikla kunnugleika, sem hæstv. ráðh. segist hafa af verklýðshreyfingunni.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

2. *Skömmtunarreglur.*

Á deildafundum 7. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ógildingu skömmtunarreglna, er til framkvæmda komu frá og með 1. okt. 1947, og um að setja nýjar reglur í þeirra stað. (A. 8).

Á 4. fundi í Sþ., 9. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., 15. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Katrín Thoroddsen): Herra forseti. Á þskj. 8 hef ég leyft mér að flytja till. til þál., sem hljóðar á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að nema nú þegar úr gildi skömmtunarreglur þær á lífsnauðsynjum og öðrum vörum, er komu til framkvæmda frá og með 1. okt. s. l., en jafnframt geri ríkisstjórnin nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að settar verði aðrar skömmtunarreglur, er viðunandi séu, þannig að fullt tillit sé tekið til þarfa allra þeirra, er skömmtuninni eiga að hlíta. Skal þess sérstaklega gætt, að skömmtunarkerfið sé sem hagkvæmast í framkvæmd og að hagur þeirra, er stofna vilja ný heimili, sé ekki fyrir borð borinn, að erfiðismenn, barnshafandi konur, sjúklingar, börn og gamalmenni eigi kost á aukaskammti eftir þörfum. Þá hlutist ríkisstjórnin og til um, að jafnan séu fáanlegar allar þær vörur, er skömmtunin nær til."

Það ætti ekki að þurfa að fylgja þessari till. úr hlaði með langri ræðu, henni fylgir ýtarleg grg., þar sem gerð er grein fyrir helztu ágöllum skömmtunarfyrirkomulagsins, auk þess sem hv. þm. hafa heyrt töluvert um þá rætt þegar til umr. var hér áðan þáltill. frá hv. 11. landsk. og hv. 8. þm. Reykv., auk þess sem varla fer hjá því, að hv. þm. hafi þegar áttað sig á ágöllum skömmtunarfyrirkomulagsins, og þeir munu varla hafa farið varhluta af vitneskjunni um þá gremju, sem gripið hefur almenning, og andúðina, sem skömmtunarfyrirkomulagið og aðdragandi þess hefur vakið. Nú er það að vísu svo, að enginn gerir svo öllum líki, og það skal fúslega viðurkennt, að erfitt mun í auðvaldsskipulagi að skammta svo, að allir megi vel við una. Hitt er svo allt annað mál, hvað menn geta sætt sig við. Flestum mun svo farið, að þeir vilja sitthvað á sig leggja til að bæta kjör sín eða koma í veg fyrir, að þau rýrni til muna, og munu Íslendingar ekki að því leyti vera frábrugðnir öðrum þjóðum, þeir eru auk þess seinir til vandræða, og langlundargeð þeirra er mikið. En það má ofbjóða langlundargeði Íslendinga, og svo mikið er víst, að þetta skömmtunarfyrirkomulag sættir íslenzka þjóðin sig ekki við.

Þó er það vitað mál, að skömmtun, sem sett hefði verið, ef rétt hefði verið að farið, hefði verið tekið með stillingu og jafnaðargeði af mörgum eða flestum og jafnvel fögnuði líka. Menn hefðu kannske skoðað það sem fyrirheit um, að nú ætti að fara að haga innflutningnum skynsamlega. Að vísu hefur íslenzka þjóðin vitað minnst um alla þá óhófseyðslu, sem átt hefur sér stað, en það gat ekki hjá því farið, að þeir, sem um þessi mál hugsa, áttuðu sig á því, að þessi óráðsía gat ekki gengið lengur, hér þurfti að verða gagngerð breyt. á, það var nauðsynlegt að hætta að flytja inn skran, leikföng, skart og alls konar óþarfa. Það má vel vera, að margt hafi verið flutt inn til augnagamans og ánægju, en margt hefur verið flutt inn, sem raun er á að horfa. Til þess að skömmtunin kæmi að fullum notum var nauðsynlegt, að hún kæmi fyrirvaralaust. Að því var vikið hér áðan við umr. 2. máls á dagskrá, að alið hefði verið á orðrómi um skömmtun, og sé ég því ekki ástæðu til að orðlengja frekar um það, en hins vegar tel ég, að það sé rétt, að vitt sé hér í sölum Alþ. sú aðferð, sem viðhöfð hefur verið, að láta seytla út orðróminn um, að skömmtun væri yfirvofandi og æsa upp áfergju einstaklingshyggjumanna um að sölsa til sín vörur, hvort sem þeir hafa not af þeim eða ekki. Um skömmtunarkerfið sjálft og dráttinn, sem varð á framkvæmd þess, ætla ég ekki heldur að tala. Ég geri hér í grg. grein fyrir því, hverjar

ástæður ég tel helzt til þess, að þessi dráttur hefði getað verið réttlætanlegur, en það er, að tímatöf hefði orðið af nákvæmri rannsókn vörubirgða og útvegun þeirra nauðsynja, sem gengnar voru til þurrðar, athugun á mismunandi þörf hinna ýmsu þjóðfélagsþegna svo og samanburður við viðtæka reynslu annarra þjóða, sem fullkomna vöruskömmtun hafa haft um margra ára bil. Nú er það vitað, að flestar þessara þjóða hafa hér erindreka, og hefði því verið auðvelt að fá hjá þeim kerfi, sem svo hefði mátt samræma íslenzkum staðháttum. Raunar var svo að heyra á hæstv. viðskmrh. áðan við umr. um 2. dagskrármálið, að Íslendingar væru ekkert upp á það komnir að fara eftir því, sem aðrar þjóðir hefðu gert. Ég álít, að það sé skylda okkar að notfæra okkur reynslu annarra þjóða í þessum efnum, að svo miklu leyti sem hún getur samrýmzt þörfum okkar. Ekki þarf annað en líta á skömmtunarseðilinn til þess að sjá, hversu óviðunandi þetta skömmtunarkerfi er. Hvers vegna ekki að nefna hlutina réttum nöfnum, svo sem brauð, hreinlætisvörur o. s. frv.? Hinn fáránlega prentaði skömmtunarseðill leiðir til óþæginda og tafar í hinum daglegu viðskiptum, og vil ég nefna hér eitt dæmi af mörgum. Krakki var sendur í brauðbúð til þess að kaupa hálft franskbrauð og hálft rúgbrauð. Þegar hann kom í búðina, var búið að klippa burtu alla reitina, en fjölskyldan varð að vera brauðlaus í 3 daga, þangað til loksins, að það fékkst leiðrétting á þessu. Auk þess klaufaskapar og skorts á brjóstviti, sem seðillinn ber með sér, þá er hann líka langt frá því að vera samgjarn. Hæstv. viðskmrh. sagði áðan, að þeir, sem um þessi mál hefðu fjallað, hefðu sýnt sanngirni og skilning. Mér virðist, að vafi geti leikið á því, t. d. hvað snertir benzínskammtinn. Benzínskömmtunin rýrir óhjákvæmilega atvinnumöguleika bílstjóra á vöru- og leigubílum og fyrirmunar læknum í stórum bæjum og héruðum að stunda sjúklinga sína sem skyldi, á sama tíma og benzíni er eytt í alls konar snatt- og skemmtiferðir, óþarfar með öllu. Hægt hefði verið að afla upplýsinga varðandi lækna, t. d. hversu marga sjúklinga þeir hefðu og hversu stór læknissvæði, og veita þeim svo benzínskammt eftir því.

Átakanlegast kemur klaufaskapurinn e. t. v. fram á stofnauka nr. 13, en hann er ódeilanlegur og heimilar innkaup karla á alfatnaði eða yfirhöfn, en kvenna á tveim kjólum eða kápu, er kaupast verður í senn á sama stað. Allir hljóta að sjá, hversu hagkvæmara það hefði verið öllum, sem hlut eiga að máli, að hafa stofnaukann í fleiri reitum, svo að skipta mætti gildi reitanna niður á þann veg, að allir til samans heimiluðu kaup áðurgreinds fatnaðar, en ella mætti fá fyrir hvern reit um sig færri eða fleiri flíkur eða fatahluta, svo sem pils, buxur, peysur, vesti o. s. frv. Þetta hefði verið ólíkt hentugra og vitlegra á alla lund, og fyrirkomulag líkt þessu hefur verið viðhaft víða hér á Norðurlöndum. Þá finnst mér, að taka ætti tillit til vörugæða, og útheimta þau efni eða föt, sem veigameiri eru, fleiri reiti, að undanteknum fatnaði unnum úr íslenzku efni. Hæstv. viðskmrh. gat þess áðan, að íslenzkar ullarvörur, aðrar en dúkar, mundu ekki verða skammtaðar. Hvers vegna ekki að segja þetta fyrr? Mestur hluti manna hefur ekki haft hugmynd um þessar hugleiðingar hæstv. viðskmrh. og hefur því eytt miðum sínum einmitt fyrir þessum vörum. Sú saga gengur nú í bænum — en ég sel hana ekki dýrari en ég keypti hana —, að þetta ákvæði um tilbúnu fötin hafi verið sett vegna þess, að í landinu er nú til mikið af þessum fötum, sem ekki ganga út, og þau hafa ekki einu sinni selzt til Danmerkur, þó annars hafi nokkuð af slíku verið selt þangað.

Hvað B-reitunum viðvíkur, þá hefur mikið verið rætt um þá og ritað í blöðin, og mun ég ekki fara mörgum orðum um þá, en öllum hlýtur að vera ljóst, hversu fjarstætt og óhentugt það er að láta þá gilda bæði fyrir fatnaði og búsáhöldum.

Þá eru það M-reitirnir, sem gilda fyrir hreinlætisvörum. Um þær vörur er það að segja, að þær eru nú ófáanlegar. Ég kom í búð í gær og ætlaði að kaupa handsápu, en fékk það svar, að ekki mætti selja þá sápu, er til væri, og sama máli gegnir víðar í búðum. Það gegnir furðu, að innflutningnum skuli þannig háttað, og mér virðist hann minna átakanlega á útúrdrukkinn mann, sem á lokadaginn ráfar á milli verzlana og kaupir alls konar skran og óþarfa, en gleymir að kaupa nauðsynjavörur til heimilisins. Nokkuð hefur fólk reynt að bæta sér sápu- og þvottaefnisleysið með því að búa til sápu í heimahúsum, en hvort tveggja er, að sápa þessi er óhæf til hörundsþvottar og að mjög mikil slysahætta stafar af tilbúningi hennar. Sumum hefur tekizt að búa hana til, en öðrum ekki.

Um kornvöruskammtinn er það að segja, að hann er allt of knappur. Það er vitað mál, að misjafnt er, hversu margar hitaeiningar á dag menn þurfa með til þess að vel sé. Talið er, að menn, sem ekki vinna erfiðisvinnu, — svo sem alþingismenn, skrifstofumenn o. fl. — þurfi 2000 til 2200 hitaeiningar á dag, en erfiðismenn þurfi aftur á móti 3000 til 3300 hitaeiningar daglega. Á matvælaseðlinum er gert ráð fyrir 163 g af kornvöru fyrir manninn á dag, eða sem næst 830 hitaeiningar, sé skammturinn notaður til hlítar. Við þetta bætist svo sykurinn, sem er 50 g á dag og gerir því ca. 200 hitaeiningar. Gert er ráð fyrir 200 g af kartöflum yfir daginn, svo allt þetta samtals yrði um það bil 1200 hitaeiningar yfir daginn. Allir hljóta að sjá, hversu þetta er ófullnægjandi skammtur fyrir skrifstofumann, hvað þá heldur fyrir erfiðismann, og því auðsætt, að nauðsyn er á aukaskammti, sérstaklega handa verkamönnum. Hvað snertir sláturgerð í heimahúsum, þá getur hún auðvitað ekki komið til greina með svo naumum kornvöruskammti, og er það í mesta máta illa farið, jafnkjarngóð fæða og slátur er.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða þetta frekar, en vildi gera það að till. minni, að reynt væri að auka innflutning á þeim nauðsynjavörum, sem ekki er hægt að vera án, og að ekki sé verið að glepja fólk með ýmiss konar fyrirmælum um eitt og annað hér að lútandi. Ég legg til að umr., sem er aðeins ein, sé frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal strax lýsa fylgi mínu við þá till. hv. flm. að vísa máli þessu til allshn., þar sem það verði gaumgæfilega athugað og íhugað og reynt að breyta þessu kerfi til batnaðar og lagfæra ýmsa þá agnúa, sem á því kunna að vera. Að vísu gengur þessi till. hv. flm. ekki í þá átt að breyta þessu skömmtunarkerfi og lagfæra gallana, heldur gengur hún

út á það að kollvarpa því algerlega og setja annað nýtt. Þær athugasemdir, sem fram hafa komið viðvíkjandi hinu nýja skömmtunarkerfi, virðast aðallega af tvennum toga spunnar. Annars vegar standa þeir menn, sem reynt hafa eftir beztu getu að gera kerfið eins auðvelt og hagkvæmt og hægt var, og þeir vilja allt til þess gera, að skömmtunin fari sem bezt úr hendi, en hins vegar standa svo þeir, sem ekkert hafa gert til úrbóta, en verið iðnir við að ófrægja og krítisera allt, sem gert hefur verið í þessum efnum. Ég segi fyrir mig — og ég veit, að ég segi það fyrir munn allra, sem um þessi mál fjalla, — að ég er fús til að gera þær breyt., sem verða mega til þess að bæta úr göllunum á skömmtunarkerfinu, og ég hefði heldur kosið þann háttinn á till. hv. flm., að hún hefði fremur miðað að því að gera nauðsynlegar og gagnlegar breytingar á kerfinu en að kollvarpa því með öllu og setja annað nýtt. Ég skal nú koma að örfáum atriðum í ræðu hv. flm. Hún byrjaði á því, að almenn gremja hefði gripið almenning út af skömmtunarfyrirmælum stjórnarinnar, og hv. flm. gat þess um leið, að þolinmæði og langlundargeð þjóðarinnar væri mikið, en öllu mætti ofbjóða. Ég hygg, að fáum séu meiri erfiðleikar af þessu en mér og mínu ráðuneyti, því það er vandasamt verk að koma á kerfi sem slíku, svo að öllum líki í fyrstu.

Annars veit ég, að skömmtunin er yfirleitt vinsæl, að fáeinum atriðum undanteknum, og ég verð að segja, að þau atriði eru furðu fá. En það er auðvelt verk að æsa almenning upp til óánægju með alls konar illgirnislegum tilgátum og útúrsnúningum, og sýndi ræða hv. flm., að henni gekk engan veginn vel að finna rök fyrir réttlátri óánægju fólks.

Það er skiljanlegt, að mönnum líki heldur miður, þegar grípa verður til ráðstafana, sem skerða almenn lífsþægindi þeirra að einhverju leyti, en þrátt fyrir það veit ég, að fólk verður ánægt með skömmtunina, ef hún aðeins gengur jafnt yfir alla, og það álit verður maður alls staðar, að heita má, var við. Mikið hefur verið rætt um benzínskammtinn og stofnauka nr. 13. Ég veit, að á báðum þessum atriðum er nokkur ágalli, en reynt verður að bæta úr því eftir beztu getu. Þetta tvennt er það, sem einna mestri óánægju hefur valdið, en það er ekki hægt að segja annað en að það sé furðanlega lítið, sem að kerfinu hefur verið fundið af almenningi. Hv. flm. gat þess, að erfitt væri að koma á skömmtunarkerfi undir auðvaldsskipulagi slíku, sem hér ríkir. Vera má, að eitthvað sé satt í því, en vildi hún ekki gera svo vel að segja mér, hvernig þessu er háttað í Rússlandi, og gefa okkur upplýsingar varðandi það? (**KTh**: Þær upplýsingar er hægt að fá í rússneska sendiráðinu). Ég vænti þess, að hv. flm. láti mig vita um það fyrirkomulag, sem gildir í hinu sósíalistiska ríki, sem þeir flokksbræður hennar og hún sjálf vitna svo tíðum í. Það væri e. t. v. ekki sem verst að skipa nefnd, sem kynnti sér fyrirkomulagið á skömmtunarmálunum, bæði í hinu sósíalistiska ríki og í hinum kapitalistisku ríkjum Evrópu, og svo gæti sú n. skorið úr, hvaða leið skyldi farin.

Hv. flm. kom nokkuð inn á innflutning skrans og ýmiss konar óþarfa varnings, og fórust henni orð mjög svo skáldlega viðvíkjandi því. Út af þeim ummælum hennar þarf ég aðeins að segja það, að alrangt og ósanngjarnt er að segja, að nauðsynjavörunni hafi verið gleymt, og nægir að benda á það, að enginn tilfinnanlegur skortur hefur verið á neinni nauðsynjavöru og að keypt hefur verið inn í landið mikið af ýmiss konar framleiðslutækjum o. fl. Nú erum við komnir í þá „situation", að við verðum að takmarka innflutninginn sem allra mest og jafnvel klípa sem mest af nauðsynjavörunni líka, enda hefur almenningur skilið nauðsynina á skömmtun, eins og málum er nú komið.

Þá sagði hv. flm., að skömmtun ætti að koma á fyrirvaralaust, svo að ekki væri ýtt undir hamstursbyggju manns. Þetta er út af fyrir sig rétt, en allir sanngjarnir menn hljóta að sjá, hversu miklum vandkvæðum þetta er bundið og að erfitt er að fara með mál sem þetta, án þess að það síist út til almennings. Ég veit, að flokksbræður hv. flm. voru ötulir við að breiða út þann orðróm, að skömmtun væri í aðsigi, og ýttu þeir undir menn með að kaupa sem mest, og gekk flokksblað hv. flm. vel fram í því að gera sem mest úr erfiðleikum þeim, sem af skömmtuninni kynni að leiða.

Ég veit ekki, hvort hv. flm. eru kunnir hinir tæknisku erfiðleikar á því að koma nýju skömmtunarkerfi á. Í fyrsta lagi þarf að prenta hátt á annað hundrað þúsund skömmtunarseðla og dreifa þeim út um bæi og sveitir, til bæjarfógeta og oddvita, og það tekur aldrei minna en mánuð, svo að seðlarnir, sem áttu að gilda frá 1. okt., þurftu að fara í prentsmiðjuna í endaðan ágúst. Nú segir hv. flm., að þeir séu á dulmáli. En hvers vegna ætli þeir hafi verið á dulmáli, ef ekki til þess að sem mest leynd gæti verið yfir skömmtuninni áður en henni væri komið á?

Að þessu þurfti að fara með leynd til þess að vekja ekki óróa. Formið er svona fyrst og fremst til þess að forðast að vekja óróa fólksins með því að láta það vita, hvað ætti að skammta. Skömmtunarseðlaformið, sem hv. þm. kallar dulmál, var nauðsynlegt til að tryggja það, að leynd yrði um þá í sambandi við prentun seðlanna og útsendingu. Barnið, sem sent var eftir brauði, sannar ekki neitt um þetta. Afgreiðslumaðurinn hefði getað klippt af hvaða reit sem var, og hann hefur hlotið að vita, hvaða reitir giltu.

Hv. flm. leyfði sér að fullyrða, að hér hefði handahóf verið látið ráða, en það var ekki handahóf, því það var ekki talið rétt að prenta á seðilinn, hve skömmtunin ætti að vera mikil af hverju. Það má líka benda á það, að þetta form, að ekki er tiltekið magn fyrir hvern skömmtunarreit, gefur skömmtunarskrifstofunni möguleika til þess að nota reitina fyrir öðru magni, minnka skammtinn, ef þess gerist þörf, og auka hann, ef eitthvað rýmkast um.

Hv. þm. kom að þeim tveim atriðum, sem ég hef heyrt getið um, að fundið hafi verið að með rökum, en það er benzínskammturinn og stofnauki nr. 13.

Það er rétt, að það var ekki tilætlun okkar, sem að skömmtuninni stóðum, að benzínskömmtunin yrði til þess að rýra úr hófi fram atvinnutekjur bifreiðarstjóra, en það, sem líka kemur til greina, eru birgðirnar og hvað hægt er að kaupa inn. Nú hagar svo til, að Olíuverzlun Íslands h/f og h/f Shell á Íslandi eiga birgðir nokkuð fram í næsta mánuð, og er alveg óvíst, hvað hægt er að útvega til áramóta. Það er að vísu til hjá þriðja félaginu

nokkuð mikið, sem líka getur komið til greina, en tilætlunin var að reyna að skipta svo, að enginn yrði útundan. Einkabílstjórar hafa fengið sem nemur 10% af heildarnotkuninni á þessum tíma, svo að þótt þessi skammtur yrði skertur að einhverju leyti, yrði það ekki nema tiltölulega mjög lítil viðbót, sem hægt væri að veita með því. Segjum, að hægt væri að skera niður helminginn af benzíni einkabílanna, þá er ekki nema um 5% aukningu að ræða hjá atvinnubílstjórum. Ég held, að þessi leið, sem hv. þm. talaði um við benzínskömmtunina, mundi verða ærið flókin. Hún segir, að vandalaust sé að fá upp hjá sjúkrasamlaginu, hvað læknar hafi marga sjúklinga og hvað mörg börn séu á vegum hvers sjúklings. Ég held, að þetta væri erfitt, nema hægt væri að fá upplýsingar um, hvað börnin yrðu oft veik. Ég held, að það væri erfitt að mismuna eftir því hvað mörg börn sjúklingarnir ættu, og hvað margir af sjúklingunum væru utan við bæinn.

Þá var minnzt á stofnauka nr. 13. Það hefur verið fundið að því, að mínu viti með nokkrum rétti, að þessi stofnauki er eins úr garði gerður og hann er. Það, sem ætlazt er til, er, að annaðhvort geti karlmaður fengið einn alfatnað eða kvenfólk tvo kjóla, en til þess að stofnaukinn er svona liggja þær ástæður, sem nú skal greina, eftir því sem skömmtunarstjóri hefur tjáð mér í bréfi, sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Hið rétta í þessu máli er það, að skömmtunaryfirvöldunum var kunnugt um, að ekki var til í landinu, þegar skömmtunin hófst, neitt sem teljandi var af efni í karlmannafatnað né heldur kjólaefni. Vitað var einnig, að ekki yrði um neinn teljandi innflutning á slíkum efnum að ræða nú á næstunni, vegna gjaldeyrisskorts. Hins vegar var vitað, að til var í verzlunum töluvert af tilbúnum fatnaði, sem komið hefði að fullum notum handa þeim, sem nú þegar eða í náinni framtíð hefðu þurft á ytri fatnaði að halda. Gilti þetta nokkurn veginn jafnt um tilbúinn karlmannafatnað, drengjafatnað og tilbúna kjóla og yfirhafnir (káputr) kvenna. Þegar ákveðið var um innkaupagildi stofnauka nr. 13 fyrir ytri fatnaði tilbúnum, var það haft í huga jafnframt, að breyta mætti þessum stofnauka síðar, t. d. við næstu úthlutun 1. janúar, þannig að setja hann á verðmætisgrundvöll, svo að kaupa mætti út á hann efni í ytri fatnað, ef slíkt efni þá yrði fáanlegt eða líkur fyrir, að slíkt efni kæmi til landsins."

Að sjálfsögðu mætti breyta þessu fyrr eða hvenær sem heppilegt þætti á þessum þrem mánuðum. Þetta mætti gera hvenær sem skömmtunarseðillinn lægi fyrir, og er till. um það búin að liggja fyrir fjárhagsráði frá því áður en þessi þáltill. kom fram á Alþingi.

Það, sem kom skömmtunaryfirvöldunum til þess að setja þetta út svona, var það, að nú var ekki til efni, en hins vegar var til tilbúinn fatnaður handa þeim, sem þurftu á fatnaði að halda á þessum mánuðum, og geta þeir fengið hann eins og stofnaukinn segir til um. En þeir, sem geta beðið, geta fengið honum skipt eins og þeir óska, og vil ég benda þessum hv. þm. á, að ekki er liðin nema vika, sem þessi stofnauki nr. 13 hefur gilt, áður en farið er að reisa sig hér á Alþingi til þess að fá honum breytt. Hins vegar hafa skömmtunaryfirvöldin gert ráð fyrir, að þessu yrði að breyta síðar, en ekki talið rétt að gera það meðan ekki væru vörur til í landinu, sem hægt væri að úthluta út á þessa seðla.

Ef stofnauka nr. 13 yrði breytt í kr. 350,00 á mann í fataefni, þýðir það hvorki meira né minna en 40 milljónir kr. í innflutningi. Þetta hefur orðið til þess, að ekki þótti fært í upphafi að gera þessa breyt., heldur að bíða þangað til efni kæmu, en hins vegar er enginn hörgull á tilbúnum fatnaði, og gætu þeir, sem eru fatalausir, fengið tilbúinn fatnað. Það er hægt að segja eins og sagt er hér í grg., að stj. beri að sjá um, að hlutirnir séu alltaf til, en það mundi þýða það, að hér í verzlunum þyrfti alltaf að liggja 40 millj. kr. í efnum. Þetta þarf að vera, en það er ekki hægt á þessu stigi málsins.

Hv. þm. segir, að klaufaskapurinn hafi verið augljósastur. Það má segja, að sínum augum lítur hver á silfrið, og má ég segja, að ef stofnauki nr. 13 væri gerður af hennar flokksmönnum, mundi hún ekki hafa rætt eins um klaufaskap og hún gerir.

Þá ræddi hv. þm. um skömmtunarmagnið sjálft. Hún reiknaði út, að kornvöruskammturinn væri svo naumur, að vafi væri á því, að mér skildist, að þjóðin gæti hjarað á þessum kornvörum. Kornvöruskammturinn er 5 kg á mann. Þessi skammtur var áður 6—7 kg, en hefur hér í Rvík, þegar hann var þetta, aldrei verið fullnotaður. Fyrir utan þennan kornvöruskammt er fjöldinn allur af vörum, sem svipað næringargildi hefur, eins og t. d. kornvörur og slátur, og er þeim manni, sem fær 5 kg af kornvöru á mánuði með óskömmtuðum kartöflum, óskömmtuðu slátri og fiski og kjöti, engin vorkunn. Ég vil biðja hv. þm. að benda mér á eitthvert land, — þar sem skömmtun er á annað borð, — þar sem skömmtun er ríflegri en þetta. Auk þess sem við höfum fisk, kjöt, slátur og kartöflur, höfum við egg og mjólk. Já, hvað á þá matarforðinn að vera mikill til þess að fleiri en alþingismenn geti hjarað á honum? Nei, það er engin ástæða til þess fyrir hv. þm. að gera kornvöruskömmtunina tortryggilega, því að skammturinn er fullnógur.

Þá sagði hv. þm., að B-reitirnir mundu ekki nægja nema þeim, sem hefðu hamstrað. Það er eins og hv. þm. haldi, að fólk eigi engin föt, en sem betur fer er þjóðin betur undir skömmtun búin en hún hefur verið nokkru sinni áður. Ég hef þekkt heimili bæði nú og fyrr, og ég fullyrði, að það er ekki sambærilegt, hvað fólkið hefði fyrrum þolað skömmtun verr en nú. Þá var fólkið illa fatað. Þá þurfti það að kaupa eftir hendinni, en nú er það svo vel fatað, að þessi skammtur ætti vel að duga því til áramóta. Ég er ekki að segja, að hundrað krónur sé mikill skammtur handa hverjum manni, en með tilliti til undanfarinna ára vil ég segja það, að það er enginn vandi fyrir fimm manna fjölskyldu að láta sér endast fimm hundruð krónur til áramóta.

Við hreinlætisvörurnar hafði hv. þm. líka ýmislegt að athuga. Þessir reitir eru þannig gerðir, að hver maður getur fengið 1 kg af grænsápu, 2 pakka af þvottaefni, 1 pakka af sólskinssápu og eina handsápu. Ég hef borið þetta undir margar húsmæður, og þær telja, að þetta sé alveg nóg. 5 manna fjölskylda fær t. d. 5 handsápustykki, og þó að læknirinn þurfi að þvo sér meira en þessu svarar,

held ég, að menn komist almennt fullkomlega af með þennan skammt.

Flm. minntist ekki á kaffiskammtinn og ekki á sykurskammtinn, og geri ég ráð fyrir, að hún hafi ekki hugsað út í, hvort þetta sé mikið eða lítið. Af kaffi eru 4 pakkar. Einn pakki á mánuði og einn pakki til jólaúthlutunar. Yfirleitt hefur þetta ekki verið meira en hér er gert ráð fyrir, og eru birgðir ekki til í landinu. Sykurinn ætti að vera hægt að komast af með.

Ég veit ekki, hvort það var fleira, sem hv. flm. hafði út á skömmtunina að setja og kynni að hafa farið fram hjá mér.

Það er niðurstaðan, að ekkert er nýtt í þessum aðfinnslum annað en það, sem ég er búinn að rekja áður í þrem atriðum. Það er benzínskömmtunin, sem verið er að taka til athugunar. En þar verður við ramman reip að draga, þar sem er benzíninnflutningurinn, og er spurning, hvort hægt er til áramóta að flytja inn meira benzín en þegar hefur verið gert. — Þá er það stofnauki nr. 13. Ég hef lýst því, hvernig í þessu máli liggur og að úr muni verða bætt. — Og í þriðja lagi er það íslenzka prjónlesið, sem fellt er undan skömmtun. Þegar þessir þrír punktar hafa verið teknir til meðferðar og ef maður getur fengið lausn á þá, þá er fengið form á skömmtunarfyrirkomulagið, sem ég held, að flestir geti vel við unað.

Ég vil segja það, að það er meira af vilja en mætti, sem hv. flm. og aðrir hennar flokksmenn hafa tekið að sér það hlutskipti að rísa öndverðir gegn aðgerðum í gjaldeyrismálum þjóðarinnar. En ef þeir telja sér það fært, mun ég ekki öfunda þá af hlutskipti sínu.

Umr. frestað.

Á 8., 9., 10. og 11. fundi í Sþ., 16., 17., 20. og 21. okt., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Sþ., 22. okt., var fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Katrín Thoroddsen): Herra forseti. Ég vildi hér gera nokkrar athugasemdir við ræðu hæstv. viðskmrh., sem hann flutti um þetta mál fyrir nokkrum dögum. Hann virtist vera á móti till. minni um að fella núverandi skömmtunarreglur úr gildi, en harðánægður með fyrirkomulagið eins og það nú er. Sú ánægja virtist þó annað slagið nokkuð blandin. Ýmist taldi hann skömmtunarkerfinu allt til gildis og taldi það gott og vinsælt og einkum af konum. Það verður ekki annað sagt en hæstv. ráðh. sé næsta lítilþægur og ósýnt um að greina last frá lofi, því að svo margar ásakanir hafa verið bornar fram á skömmtunarkerfið og óánægjan hefur verið svo mikil, að stuðningsblöð stjórnarinnar hafa ekki séð sér annað fært en birta umkvartanir, eins og öllum er kunnugt, sem fylgzt hafa með blaðaskrifum um þessi efni. Líklega hefur hæstv. viðskmrh. þó verið eitthvað óánægður, því að annað veifið taldi hann, að endurbóta væri þörf, enda stæði þetta allt til bóta og væru þegar hafnar aðgerðir til úrbóta. Sem sagt, jafnskjótt og kerfið var sett á, reyndist það ónothæft og ábótavant. Það er gleðileg framför hjá hæstv. ráðh. að viðurkenna, að umbóta sé þörf, en allt um það taldi hann, að gagnrýni sú, sem kerfið hefur orðið fyrir, væri ekki fram komin af umbótavilja, heldur af útásetningarsemi og meinfýsi og fremur af vilja en mætti. Ég held, að flestir þeir, sem gagnrýnt hafa skömmtunarkerfið, að minnsta kosti opinberlega, hafi viðurkennt, að skömmtun væri nauðsynleg, og fer ég ekki dult með þá skoðun mína, sem greinilega kemur fram í þessari till., sem hér um ræðir, og grg. hennar og kom einnig fram í ræðu þeirri, sem ég flutti um þetta mál fyrir viku. En hvað því viðvíkur, að skömmtunarkerfinu sé ábótavant, þá held ég, að hæstv. viðskmrh. geti ekki rökstutt, að allar umkvartanir séu sprottnar af meinfýsi, enda hefur sjálfur hæstv. ráðh. viðurkennt, að gallar væru á kerfinu og enn fremur sagt, að gallarnir, sem ég benti á, væru þeir sömu og hann sagði, að ætti að bæta úr. Það er gott að heyra einhvern skilning úr þessari átt, því að það, sem á undan hefur gengið, hefur ekki gefið góð fyrirheit. Vera má, að einhverjar úrbætur verði gerðar til málamynda, en kerfið sjálft er svo meingallað, að það verður aldrei að gagni, þótt á því séu gerðar smávægilegar breytingar. Till. mín, sem hér um ræðir, er flutt til þess að koma í veg fyrir tímaeyðslu og alls konar axarsköft og óþægindi, en að aðferðir skömmtunarmanna batni mikið, er næsta ólíklegt og ótrúlegt þeim, sem hlýddu á hæstv. viðskmrh., þegar hann lýsti þeim erfiðleikum, sem verið höfðu á undirbúningi skömmtunarkerfisins. Já, erfiðleikarnir voru miklir. Fyrst var lausmælgi nefndarmanna, sem ekki gátu þagað um skömmtunina og áttu því sök á hamstrinu. Og kommúnistar einir hömstruðu, sagði sá góði maður, hæstv. viðskmrh., þegar fyrirsjáanlegt var, að umr. yrði frestað þann daginn. Það kemur engum á óvart, þótt hæstv. ráðh. beiti ósannindum og blekkingum. Það eru og hafa verið þeirra vopn. Hitt undraðist ég, þegar hæstv. viðskmrh. sagði, að kommúnistar hefðu tekið við línunni, ekki frá Moskvu, eins og venjulega, heldur frá ríkisstjórninni. Moskva er annars venjulega rökþrotanauðlendingin hjá hæstv. ríkisstj., eins og þingmönnum er kunnugt. En þrátt fyrir það, að lausmælgi kæmi hamstri af stað, og séð var, að í óefni var komið, þá var, í stað þess að flýta skömmtuninni, eytt dýrmætum tíma til þess að búa til dullykil, helzt í þeim tilgangi að blekkja prentara, eftir því sem hæstv. viðskmrh. sagði. Þessi dullykill ásamt erfiðum samgöngum töfðu svo skömmtunina um 1½ mánuð, og nú er lyklinum peðrað út meðal almennings, sem hver og einn verður að geyma eins og dýrmætt skjalasafn. Samning dullykilsins var sem sagt helzti tekniski erfiðleikinn, sem skömmtunarmennirnir þurftu að yfirstíga. Auðvitað eru tekniskir erfiðleikar fyrir hendi, þegar svona stendur á, en hjá mörgum slíkum barnasjúkdómum, ef ég má svo að orði komast, hefði verið hægt að sneiða með því að notfæra sér reynslu annarra þjóða, sem haft hafa skömmtun í mörg ár. Með því móti mátti alveg hlaupa yfir tilraunastigið. Það er engin vansæmd í því að tileinka sér reynslu annarra, og sjálfsagt að fylgjast með því, sem erlendis gerist, og samhæfa það, sem nýtilegt er, íslenzkum staðháttum. Læknar, sem hérlendis hafa ekki tækifæri til þess að stunda sjálfstæðar rannsóknir, telja sér bæði ljúft og skylt og sjálfsagða nauðsyn að fylgjast með erlendum rannsóknum og nýjungum í sinni sérgrein. Og ég býst við, að sjúklingarnir kynnu því illa, ef læknarnir fylgdust ekki með og þekktu

kannske ekki rétt nöfnin á sjúkdómum og lyfjum og færu svo að káka við sjúkdóma og læknisaðgerðir með tilraunum, sem engin reynsla er fengin fyrir. Auðvitað verður læknirinn að taka tillit til ástands sjúklingsins, og eins verða skömmtunaryfirvöldin að athuga gaumgæfilega alla staðhætti, áður en skömmtuninni er skellt á. Það er heimskulegur sjálfbirgingsháttur að leita ekki til reynslu annarra, og ég treysti því, að nefndin, sem fær þetta mál til athugunar, verði ekki sama sinnis og hæstv. viðskmrh. Ég geng út frá því, að fulltrúar erlendra ríkja hér mundu veita upplýsingar um, hvernig skömmtun er háttað í þeirra löndum, og mætti þar fá þýðingarmiklar upplýsingar til bóta, einkum ef einnig væri leitað ráða hjá reyndri húsmóður, en hæstv. viðskmrh. telur það víst jafnfráleitt. Annars virtist hæstv. viðskmrh. hafa áhuga fyrir skömmtun í einu ríki — og það var í Sovét-Rússlandi. Það hlakkaði í honum út af því, að þar hefði ekki alltaf verið ríflegur skammtur. Satt er það, að fyrstu árin eftir byltinguna, þegar þjóðin var að berjast fyrir tilveru sinni gegn erlendum innrásum, þá var stundum þröngur kostur og einnig í stríðinu, þegar þjóðin var að vinna sigur á fasistunum, og fyrst eftir sigurinn, en það er skoðun mín, að það hafi ekki verið tómar hungurvofur, sem sigruðu herveldi fasistanna. En það er of víða, sem naumur skammtur er, og margar Evrópuþjóðir hafa minna en nóg, en þó að svo sé og þó að íslenzka þjóðin sé enn að heyja frelsisbaráttu sína eftir að sjálfstæði landsins hefur verið lýst yfir og þó að landið hafi verið hersetið og sé hersetið á parti enn og þó að því sé ógnað af erlendum yfirgangsmönnum og þó að í landinu starfi 5. herdeild, þetta óhugnanlega fyrirbrigði, og þó að þjóðin eigi enn í baráttu við innlenda og erlenda fasista, þá tekur hún það ekki sem afsökun fyrir ónothæfum skömmtunarreglum, og langlundargeð þjóðarinnar er þrotið, og því er nú verið að reyna að friða hana með káki, sem er vitagagnslaust. Skömmtunin í höndum þeirra, sem nú stjórna henni, verður aldrei annað en kák, því að þeir skilja ekki eða vilja ekki skilja það, sem þeir eiga að gera. Hæstv. viðskmrh. taldi ekki, að benzínþörf lækna færi eftir sjúklingafjölda þeirra. Líklega heldur hæstv. ráðh., að það sé ekki á færi nema pýramídaspámanna að sjá, hvort læknir, sem hefur 1000 sjúklinga, þurfi meira benzín en læknir, sem hefur 100 sjúklinga. Það þarf heldur engan speking til að sjá, að benzínþörfin er meiri, ef oft þarf að fara út í úthverfin, eins og margir læknar þurfa að gera. Börn veikjast auðvitað eins og fullorðið fólk og ekki síður, þegar þau á viðkvæmasta aldursskeiði lifa í slæmum húsakynnum. En börn hafa ekki enn þá fengið sérstaka miða, heldur eru þau látin fylgja foreldrum sínum, en til þess að vita sjúklingafjölda læknis þarf auðvitað að telja börnin með. Þetta veit tryggingastofnunin og sjúkrasamlagið, og þetta gætu skömmtunarmennirnir vitað líka. En hæstv. viðskmrh. og hans menn segja: Vér einir vitum, — og vita svo ekki neitt. Það er einfalt dæmi, að 10 hestafla mótor þurfi meira benzín en 5 hestafla mótor og vinni þar af leiðandi meira. Eins er auðsætt, að sá, sem vinnur erfiðisvinnu, þarf meiri matarskammt en aðrir, og hefur þetta verið nákvæmlega rannsakað af manneldisfræðingum og gerðar yfir þetta töflur, sem skömmtunarmenn hefðu hæglega getað aflað sér, ef þeir hefðu viljað vinna verk sitt vel. En þeir sögðu, að það mætti ekki gera upp á milli manna. Það væri svo ljótt. Því var haldið fram, að kornvöruskammturinn hefði verið meir en nógur. Var grennslazt eftir því, hverjir leifðu af kornvöruskammtinum. Það er vitað, að verkamenn og bændur voru óánægðir með skammtinn, og hann var þeim ónógur, og veit ég dæmi til þess, að bændur voru hér á snöpum eftir kornvöruseðlum. Svo er fyrirkomulagið þannig, að skammturinn ódrýgist mjög í meðferðinni. Einkum er það bagalegt fyrir smáfjölskyldur, sem ekkert hafa að gera með að kaupa heilt brauð í einu, en vilja gjarnan eins og aðrir borða brauðið nýtt. En kannske verða prentaðir miðar fyrir verzlanir til að gefa til baka, eins og við stofnauka nr. 13, en þar varð ríkisstjórnin að láta í minni pokann vegna óánægju almennings, enda hart t. d. fyrir konu að þurfa að kaupa tvo forlegna heildsalakjóla í einu. En meðan hæstv. viðskmrh. heldur áfram að láta prenta skiptimiða og auka þar með heimilisskjalasafnið, mun hann verða var við vaxandi óánægju manna, sem hafa eytt stofnauka sínum öllum eða eru neyddir til að drekka kaffið úr keramik og kristall, því að ekki fást nú almennileg bollapör nema gegn skömmtunarseðlum, en „keramikið" selt skömmtunarseðlalaust. Fyrst ég minnist á kaffið, þá er rétt að geta þess, að sú skömmtun er ekki síður fáránleg, þegar nýfædd börn fá sama skammt og fullorðið fólk, þó að börn drekki ekki kaffi, en næstum eina ánægja margra gamalmenna að fá sér kaffisopa. Ekki stafar þetta af því, að ekki væri auðvelt að framkvæma þetta öðruvísi, því að ekki fá menn skömmtunarseðla nema að gefa upp fæðingardaga og ár.

Hæstv. ráðh. upplýsti, að húsmæður væru ánægðar með sápuskammtinn. Þessar vinkonur ráðh. hljóta að vera kommúnistar, því að þær hljóta að hafa hamstrað, en það gerðu bara kommúnistar, eftir því sem ráðh. sagði. Annars geri ég ráð fyrir, að það sé hvort tveggja álíka blekkingar og ósannindi, að húsmæður séu ánægðar með sápuskammtinn og hitt, að það hafi verið eingöngu eða aðallega kommúnistar, sem hömstruðu. Það er sama, hvað ráðh. segir um vini sína, það eru flestir óánægðir með skömmtunina og sérstaklega M- og B-reitina, enda eru þeir vægast sagt mjög óheppilegir til viðskipta. Ráðh. leiddi hjá sér að ræða um mjólkur- og ávaxtaskömmtun, enda var það eðlilegt eftir ástandinu í þeim málum. Eins og allir vita, þá eru það fyrst og fremst ungbörn, sjúklingar og gamalmenni, sem þessa vöru þurfa að nota, og sumum sjúklingum alveg óhjákvæmilegar, t. d. þeim, sem eru með magasár, sykursýki o. fl., en til þessa er ekkert tillit tekið.

Ég var sótt til barns, sem hafði kveisu, nú fyrir fáum dögum. Móðir þess sagði, að barnið mundi hafa fengið þetta af „sjoppu" mjólkinni. Ég fór að spyrja hana nánar um þetta, því að ég skildi ekki vel, hvað hún átti við. Þá kom í ljós, að konan hafði ekki getað fengið mjólk eftir venjulegum leiðum, en náð henni loks fyrir hærra verð á einhverri veitingastofu. Þessu verður að breyta, börnin verða að ganga fyrir, á meðan nokkur mjólk er til.

En ég treysti ekki höfundum skömmtunarkerfisins til þess að bæta úr þessu, og því vil ég benda nefndinni, sem kann að fá þetta til meðferðar.

að hafa samráð við lækna um það, hvernig skömmtun á rjóma, mjólk og ávöxtum, að minnsta kosti, skuli fyrir komið. Hæstv. ráðh. taldi það firru að ætlast til þess, að ríkisstjórnin hlutaðist til um, að hinar skömmtuðu nauðsynjar væru til í landinu, en ég skil ekki, hvers vegna það ætti að vera, þegar þess er gætt, að þeir aðilar, sem fjalla um innflutningsmálin, bæði fjárhagsráð og viðskiptanefnd, heyra undir ríkisstjórnina. Það er sannarlega ekki fjarstætt að líkja þessum skömmtunaraðgerðum ríkisstjórnarinnar við gerðir ölóðs manns. Mér finnst það t. d. í góðu samræmi við gerðir mikið drukkins manns að flytja inn bíla í hundraða tali, sem ekkert benzín fæst á, meðan ekki fást nauðsynjar.

Ég legg því til, að þessar skömmtunarreglur verði felldar úr gildi, hæstv. ráðh. má kalla það breytingar, þó að það verði að vera hrein bylting til þess að gagni megi verða. Hins vegar er ég ekki á móti nauðsynlegri skömmtun, ef henni er haganlega og skynsamlega fyrir komið.

Það verður að sjálfsögðu miklu erfiðara að skipa þessum málum eftir það tjón. sem hamstrið hefur skapað, því að það er ekki einungis, að það hafi skapað misrétti og grundvöll fyrir svartan markað, heldur eitt enn, sem verra er, þó að það sé hvort tveggja slæmt, það hefur veikt siðferðisþrek þeirra, sem hamstrað hafa, þeir hafa beðið siðferðislegan hnekki. Ef til vill hefur ríkisstjórnin ekkert á móti því, þó að þjóðin verði siðferðislega lömuð, hún sættir sig þá kannske betur við „úrræði" stjórnarinnar, jafnvel við dollaralán. En sé svo, þá skjátlast þeim háu herrum, því að íslenzka þjóðin gín aldrei við þeirri flugu, þó að hún hafi gyllta vængi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. ræddi hér um skömmtunarmálin fyrir nokkru síðan og lýsti því þá yfir, að fólk væri ánægt með skömmtunarfyrirkomulagið. Þetta er algerlega rangt hjá ráðh., því að sannleikurinn er, að fólk er mjög óánægt með skömmtunarfyrirkomulagið og það svo, að blöð ríkisstj. hafa ekki séð sér annað fært en gagnrýna það og sum allharkalega. Þetta stafar ekki af því, að þjóðin sé ekki fús til þess að sætta sig við skömmtun, ef hún væri framkvæmd af viti og sanngirni. Þvert á móti, enda vildu margir láta stríðsskömmtunina haldast, og við sósialistar skrifuðum um það í maí 1945, að heppilegt væri að halda áfram að skammta. Það er því fjarri lagi, að þjóðin sé á móti skömmtun, en hún gerir að sjálfsögðu kröfur til þess, að skömmtunin sé framkvæmd með einhverju viti. Það, sem reiði almennings beinist að nú, er því undirbúningur og framkvæmd skömmtunarinnar og skömmtunarkerfið sjálft. Það virðist sem þeir embættismenn, sem falið var að undirbúa skömmtunina, hafi lítið kynnt sér skömmtunarfyrirkomulag annarra þjóða, sem reynslu hafa í þessum efnum. Mér er kunnugt um, að t. d. í Noregi er skömmtun haganlega og þægilega fyrir komið, svo að fólkið veit, hvað það má, og getur fengið fyrir hvern seðil, en okkar skömmtunaryfirvöld hafa forðazt að kynna sér nokkurt handhægt fyrirkomulag. Sú afsökun ráðh., að þetta hafi orðið að vera svona flókið, til þess að ekki vitnaðist neitt á meðan seðlarnir voru í prentun, er harla lítilfjörleg. Ef ríkisstjórnin á enga nógu trúverðuga, sem hún treysti til þess að prenta seðlana, þá var þó auðvelt að láta prenta þá erlendis. Þetta er því engin afsökun. Ég gæti betur trúað, að ríkisstjórnin hefði ekki sjálf almennilega vitað, hvað hver seðill skyldi gilda, þegar hafizt var handa um prentun. Mér virðist augljóst, að skömmtunin hafi ekki verið ákveðin fyrr en í ágúst og þá verið framkvæmd í því flaustri, sem raun ber vitni. Annars væri fróðlegt að vita, hvenær þessi skömmtun var ákveðin, því að eftir yfirlýsingu stjórnarliða í vor kom skömmtun ekki til mála. Þessi skyndilega breyting á afstöðu stjórnarinnar virðist líka hafa verið henni ofvaxin, ef dæma á eftir fyrirkomulaginu t. d. á vefnaðarvörunni. Hvers vegna athuguðu þessir menn ekki enska fyrirkomulagið, þar sem hver seðill hefur ákveðinn punktafjölda, en síðan er ákveðin punktatala fyrir hverja tegund vefnaðarvöru? Slíkt fyrirkomulag hefði orðið allmiklu handhægara.

Nú á þessi skömmtun að vera gerð til þess að spara, en hvernig stendur þá á því, að hægt er að fá nær ótakmarkað af sætu bakarísbrauði, þegar húsmæður fá mjög nauman skammt af sykri og hveiti? Og hvernig er með sykurskammtinn til sælgætisgerða og Coca-Cola-verksmiðjunnar og annarra álíka fyrirtækja? Ef þessi skammtur hefur verið stórlega minnkaður, eins og gera má ráð fyrir, hvers vegna eru þær vörur, sem þessar verksmiðjur framleiða og margar mjög eftirsóttar, ekki skammtaðar líka? Það virðist augljóst, að skammta ber allar þær vörur, sem búnar eru til úr skömmtunarvörum. Í öllum ríkjum, þar sem allir hafa atvinnu, er kaupgetan meiri en hægt er að fullnægja. Af þessu leiðir, að það þarf að skipta þeim vörum, sem til eru á markaðnum, réttlátlega milli manna, en ef það er ekki gert, skapast svartur markaður og alls konar óánægja og glundroði í viðskiptalífinu. Vegna þess að viðskmrh. fullyrti, að Sósfl. hefði fyrst og fremst skipulagt hamstrið í byrjun skömmtunarinnar, þá lýsi ég ráðh. algeran ósannindamann að því, enda veit ráðh. ósköp vel, að sú fullyrðing á sér enga stoð í veruleikanum, auk þess sem það liggur í augum uppi, að það er einmitt ríkisstjórnin og þjónar hennar, sem hafa valdið hamstrinu, og skal ég víkja nánar að því.

Ríkisstjórnin sá svo um, að það voru eingöngu hennar nánustu fylgifiskar, sem valdir voru til þess að fara með skömmtunarmálin, svo að lekinn um fyrirhugaða skömmtun hefði hvergi getað komið nema úr innsta hring stjórnarliðsins. Hún hefur beinlínis látið það út til þess að þeir, sem henni fylgja, gætu hamstrað. En það er auðséð, að stjórninni hefur ekki þótt nægilegt, að það gæti síazt út frá hennar trúnaðarmönnum, að skömmtun væri í aðsigi, ef ég ætlaði henni það sama, sem hæstv. viðskmrh. ætlaði sósíalistum. En var ástæða til þess að láta það koma fram í aðalblaði hennar, Morgunbl., og í viðtali við trúnaðarmenn hennar 10. ágúst, að það mætti eiga von á skömmtun? Það var 4 dögum áður en fyrsta skömmtunartilkynningin var birt, þá var birt í Morgunbl. fyrirsögn um, að skömmtun stæði nú fyrir dyrum, sem ég skal leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, það sem Morgunblaðið segir 10. ágúst: „Það er ekki hægt að leyna því, að það ganga sögur fjöllunum hærra um það, að fyrir dyrum standi skömmtun á alls konar vörum, matvörum, vefnaðarvörum o. fl. Ekki hefur tekizt að fá þennan orðróm staðfestan eða borinn til baka." Og svo segir

áfram um þetta mál, orðrétt: „Enda mun það ekki vera ætlunin að gefa mönnum tækifæri til að hamstra nauðsynjavöru, ef skömmtun er yfirvofandi.“ Það er varla hægt að gefa mönnum betur til kynna, að skömmtun væri yfirvofandi, og það var ekki óeðlilegt, þó að menn færu að hamstra. Svo segir áfram: „Segjum nú svo, að yfirvöldin hafi ákveðið nýja skömmtun á nauðsynjavörum, þá er það augljóst mál, að fregnir um það hafa lekið út frá einhverjum mönnum í trúnaðarstöðum, því aðrir eiga ekki að vita um slíkar fyrirætlanir en embættismenn og trúnaðarmenn ríkisins, áður en þær eru almenningi kunnar.“ Þannig er það Morgunblaðið sjálft, sem tekur til að birta fréttir um það, að skömmtun sé yfirvofandi, og getur þess til og telur það sjálfsagt eðlilegt, að þetta leki út frá trúnaðarmönnum ríkisstj. Snýr sér til ríkisstj. og spyr, hvort það sé satt, að skömmtun sé yfirvofandi, og stjórnin neitar því ekki. Þar með er gefið undir fótinn, að skömmtun sé yfirvofandi, og getur þess til og telur það sjálfsagt eðlilegt, að þetta leki út frá trúnaðarmönnum ríkisstj. Snýr sér til ríkisstj. og spyr, hvort það sé satt, að skömmtun sé yfirvofandi, og stjórnin neitar því ekki. Þar með er gefið undir fótinn, að skömmtun er að hefjast. Það er ekki hægt að skilja þetta á annan veg en að hér með tilkynnist fyrir lesendur blaðsins, að skömmtun sé að hefjast, enda til þess ætlazt. Hverjir heldur nú hæstv. viðskmrh., að þjóti fyrst og fremst til og kaupi upp í búðunum, þegar aðalstuðningsmaður stjórnarinnar gefur svona vísbendingu? Ég er hræddur um, að það séu fyrst og fremst þeir, sem mesta peninga hafa og sízt geta hugsað sér að láta sig vanta nokkurn skapaðan hlut. Býst við, ef það væri athugað, að þá mundi koma í ljós, að ríkismennirnir í Rvík eru flestir vel búnir undir skömmtun. Það er ekki venja að fátæka fólkið hafi efni til þess að geta birgt sig upp til langs tíma. Mér finnst það koma úr hörðustu átt, að hæstv. ráðh., sem kennir sig við Alþfl., skuli koma fram með þá aðdróttun í þingsölunum, að þeir fátækustu þjóti fyrst og fremst til og hamstri, þegar stuðningsblöð stjórnarinnar skora á menn að hamstra. Það var verkamaður að vinna hér vestur í bæ fyrir nokkru frá einni fjölskyldu. Var hann spurður að því, hvort honum væri ekki sama, þótt hann fengi borgað í þvottadufti. Hann hélt nú, að hann vildi það heldur, þar sem það væri ófáanlegt. Það er nokkuð víða, sem til eru allmiklar birgðir af þessum skömmtunarvörum. Ég hef ekki orðið var við það, að mikið hafi verið gert til þess af ríkisstj. að reyna að koma í veg fyrir það óréttlæti, sem á sér stað á þessum birgðaskiptum. Það hefði orðið hægur vandi frá upphafi, ef stjórnin hefði hugsað sér skömmtun, eftir að hún tók við völdum, að hindra algerlega alla slíka misskiptingu og koma algerlega í veg fyrir hamstur, sem er hægara hér en í nokkru öðru þjóðfélagi. Áður en skömmtun er innleidd þarf nákvæmt eftirlit með verksmiðjum, sem framleiða skömmtunarvöru, og með innfluttum vörum. Ríkisstj. gat tekið þetta í sínar hendur á meðan á þessu stóð. Það þurfti ekki að fara til kaupmanna eða heildsala nokkuð að þessari skömmtunarvöru, ef ríkisstj. hefði 3—4—5 mán. áður hugsað um skömmtun, þá hefði verið nægur tími þessa 3—5 mán., þar sem slíkar birgðir eru varla til lengur en til 6 mán., ef einhver forsjá hefði verið um þetta, að ríkisstjórnin hefði tekið innflutninginn á korni, sykri o. fl. og ekki látið fara neitt út af þessu. Það er betra að fást við það hér en í fjölda af öðrum löndum. Í stað þess er farið öfugt að þessu. Þegar skömmtunin er innleidd og eftir að stjórnin er búin að skipuleggja þetta hamstur, þá er heildsölum og kaupmönnum tilkynnt, að þeir eigi jafnframt að framkvæma vörutalningu. Það væri gott að fá upplýsingar um, hvað stjórnin hefur gert til þess að hafa eftirlit með því, hversu vörutalningin var framkvæmd nákvæmlega. Almenningur hefur um það talað, þó enginn geti sannað það nema stjórnin, hvort nokkur brögð eru að því, að stungið hafi verið undan. Ég veit ekki, hvort stjórnin hefur gert slíkt eftirlit. Þegar skömmtunin er í langan tíma yfirvofandi, þá eru þær vörur, sem stungið er undan, dýrmætar vörur eftir á. Og mér þætti gaman að fá að vita, hvaða eftirlit stjórnin hafði með því, að allar þær vörubirgðir í landinu kæmu virkilega fram. Ég ræddi um það í upphafi ræðu minnar, að ríkisstj. hefði með þessari aðferð, sem hún hefur haft með innflutning til landsins þessa mánuði og eftirlitsleysi með vörutalningu, beinlínis gefið undir fótinn þeim, sem vörur flytja inn eða framleiða, að eignast svo mikið af vörum, sem síðan væru settar á svartan markað. Ef við sósialistar ættum að segja eins og hæstv. viðskmrh. ætlar okkur, þá má beinlínis segja, að ríkisstjórnin hafi skipulagt fyrir heildsalana möguleika til þess að koma hér á svörtum markaði í stórum stíl, með því að gera möguleika til þess að sleppa við að telja svo og svo mikið fram af skömmtunarvörum, sem síðan yrðu settar á svartan markað. Af því að ég vil ekki alveg feta í fótspor hæstv. viðskmrh. með illkvittnina, þá vil ég spyrja hann að því, hvað stjórnin hafi gert til þess að koma í veg fyrir þetta. Hæstv. viðskmrh. leyfir sér að saka Sósialistafl. um, að hann hafi skipulagt hamstrið í byrjun skömmtunarinnar, sem hann veit sjálfur, að ríkisstj. hefur einmitt sjálf valdið hamstrinu.

Í þessu sambandi er enn fremur æskilegt að fá upplýsingar um, hvað hæstv. viðskmrh. meinar með nótunum, sem hann lét gefa út. Ég man ekki, hvað langan tíma — eitthvað 1—2 vikur — menn þurftu að skrifa undir nótur sem kvittun fyrir að menn hefðu keypt hreinlætisvörur, af því að skömmtunarseðlar voru ekki komnir út á þessa vöru. Til hvers voru þessar undirskriftir? Skyldi eiga að draga þetta frá þeim skömmtunarseðlum, sem maður fengi á eftir? Er hugmyndin að gera þetta um nýárið, fyrst það var ekki gert nú? Ég held, að þeir menn, sem hafa viljað vera heilbrigðir borgarar, hafi tekið sem minnst á þessar nótur eða þeir hafa tekið þetta í fullri alvöru og haldið, að þetta yrði dregið frá. En aðrir, sem einhverja hugmynd höfðu um það, að það væri ekkert meint með þessum nótum, þeir gátu tekið eins mikið og þeir fengu án þess að það kæmi til frádráttar á skömmtunarseðlum. Mér er nær að halda, að sumir hafi hagað sér þannig og keypt eins og þeir hafa getað. Það væri gott að fá þetta upplýst. Svo framarlega sem þessar nótur eiga ekki að dragast frá, þá er þarna gert á hluta þessara manna, sem hafa viljað vera heilbrigðir borgarar og tekið tilkynninguna hátíðlega, en hinum hafa þá verið veittir sérstakir hagsmunir. Nú verð ég að vísu að viðurkenna, að sjálft nótufyrirkomulagið er lítið meira af viti gert en skömmtunarkerfið sjálft. Þessar undirskriftir skipta svo tugum nótna, að ef það væri sent skömmtunarskrifstofunni í Rvík, mundi það skapa mjög mikla skriffinnsku að vinna úr þessu á eftir. Það er ekki að furða, þótt hún auglýsi eftir húsnæði til þess að komast yfir þetta allt saman. Ef margar

verzlanir hafa kastað þessum nótum í ruslakörfuna hjá sér og skömmtunarskrifstofan, þegar til hennar kom, þá skil ég ekki þetta fyrirkomulag. Þá væri gott að fá upplýst, hvort gengið hafi verið eftir því, að hver verzlun hafi skilað þessum nótum. Menn hafa ekki látið neitt út af þessum vörum öðruvísi en að kvittað hafi verið fyrir á nótu, sem síðan átti að senda til skömmtunarskrifstofunnar og þar dregnar frá. Það væri gaman að fá upplýsingar um þetta allt saman eða hvort þessar nótur væru bara skemmtilegt „bluff", og ef til vill kann hamstrið að hafa verið skipulagt í sambandi við þær. Það væri enn fremur gott að fá upplýst, ef það er einhver hulinn vísdómur í sambandi við þessar nótur, eins og hæstv. viðskmrh. vill láta vera og hefur verið um skömmtunarkerfið, sem hann er sífellt að láta birta almenningi. Það væri æskilegt að fá upplýst, hvaðan þær skömmtunarvörur koma, sem verið er að bjóða upp hér í Rvík, og hverjir standa að opinberum uppboðum, þar sem skömmtunarvörur eru seldar án seðla. Er ekki að vita nema hamstrarar komi til með að skipuleggja slík uppboð hér í Rvík, — og ætla yfirvöldin að annast slík uppboð fyrir hamstrarana? Það eru margir leyndardómar í sambandi við skömmtunina hér á Íslandi, sem almenning langar til að fá að vita um, en virðist vera einhver hulinn vísdómur, sem ekki er aðeins á dulmáli, heldur þannig, að ekki megi skýra dulmálið fyrir almenningi fyrr en seint og síðar meir. Það væri æskilegt að fá upplýsingar um þessi uppboð. Ég held hvað snertir staðhæfingu hæstv. viðskmrh., að sósíalistar hafi átt þátt í því, að þessi hömstrun hafi átt sér stað, sé úr lausu lofti gripin, þar sem ríkisstjórnin hefur með eftirlitsleysi beinlínis stuðlað að því að skapa hamstursmöguleika og svartan markað. Ef til vill til þess að bæta það upp þeirri stétt, sem annars mundi tapa við það, að skömmtun er á vörum.

Í sambandi við það, sem hæstv. viðskmrh. talaði um úthlutun á vinnufatnaði og öðru slíku við umræðu annars máls hér, þá vil ég segja það, að ef á að fara að taka upp einhverjar þess háttar undanþáguumsóknir líka í sambandi við skömmtun á þessum nauðsynjavörum og hafa úrskurðarvaldið bundið við skrifstofuna, þá er það nokkuð mikið vald og einkaréttur, sem þeir menn, sem hafa með þessa skömmtun að gera, setja gagnvart þjóðfélaginu. Gaman væri að vita, hvort nóturnar verða teknar til greina eða ekki og hvort litið hafi verið eftir með vörutalningu hjá heildsölum og kaupmönnum. Þetta vald skapar hættulega forustu til hættulegrar misbeitingar í þjóðfélaginu og jafnvel hættulegri misnotkun á pólitísku valdi í Rvík. Þess vegna er þegar svona vald er sett á stað, eins og hér er um að ræða, og svona kerfi skapað með slíku valdi, þá er eðlilegt að gera kröfu til þess, að borgarar þjóðfélagsins hafi jafnan rétt til þess að fylgjast með í þessu og ráðstöfunum um þessa hluti. Ríkisstjórnin hefur frá upphafi reynt að útiloka Sósfl. og þá, sem honum fylgja, frá því að vita nokkuð um þessa framkvæmd, og síðan hagnýtt sér þessa afstöðu til þess að láta sína menn vita um þessa hluti á undan öðrum og látið sín blöð skora á sína fylgjendur eða gefið þeim vísbendingu um að hamstra, og látið sína eigin trúnaðarmenn eða lekann út frá þeim upplýsa, hvaða fyrirætlanir hún hefði í huga í þessu sambandi. Það er þess vegna sannarlega tími til kominn, að þetta kerfi allt saman sé tekið til rækilegrar endurskoðunar og framkvæmd þess, þannig að borgarar þjóðfélagsins séu ekki réttlausir gagnvart embættismönnum, sem slíkt vald er fengið í hendur, og fá jafnrétti beitt, þannig að skömmtunin sjálf og hennar framkvæmd sé ekki til að auka óréttlæti og gefa sérstökum mönnum sérréttindi, heldur til að jafna milli. Hæstv. viðskmrh. lauk sinni ræðu með því að tala um það, að við sósíalistar vildum öngþveiti og við værum andvígir skömmtun, því að við vildum öngþveiti. Það er hart, að ríkisstjórnin, sem skapað hefur öngþveiti í þessum málum áður en skömmtun var tekin upp, skuli skella fram slíkum örökstuddum aðdróttunum á hendur okkur sósíalistum, sem höfum manna bezt beitt okkur fyrir því að byggja upp áætlunarbúskap og skömmtun í sambandi við hann. En við höfum verið kveðnir niður með þetta, vegna þess að þeir flokkar, sem mynda nú ríkisstjórn, hafa ekki viljað koma á slíku og flutt svo till. Við bentum á það í vor og bárum fram till. um það, að það yrði að semja nákvæma innkaupaáætlun fyrir okkar þjóðfélag, nákvæmari en nú er lögð fyrir fjárhagsráð. Leggja hana síðan fyrir Alþ. fyrir ákveðinn tíma, t. d. 1. nóv., svo að því gefist kostur á að taka sínar ákvarðanir viðvíkjandi slíkri áætlun. Öll skömmtun hlýtur að byggjast á slíkum áætlunarbúskap. Það fylgist nákvæmlega að eins og hjá Englendingum nú, sem minnka skammtinn á matvöru. Stafa því af þessu minnkandi innkaup frá þeim löndum, sem þeir kaupa frá. Grundvöllur fyrir skömmtun er því innflutningur á þeim vörum, sem skammta þarf. Það þarf að gera nákvæmlega áætlun, er um leið ákveður innflutning á öllum sviðum, t. d. matvöru, hráefni til atvinnurekstrar og yfirleitt á öllum vörum til uppbyggingar á þjóðarbúskap okkar. Þetta þýðir með öðrum orðum það, hvað þjóðin ætlar að leggja mikið að sér á hverjum tíma, stendur í sambandi við hennar heildarfyrirætlun um þjóðarbúskap sinn. Það er þess vegna alveg eðlilegt og sjálfsagt, að Alþ. á hverjum tíma fjalli um þess háttar áætlanir. Slík áætlun er það meðal annars, sem ákveður, hvað mikið er byggt, hvað mikið fer til fyrirtækja, sem Alþ. ákveður á fjárl. að reist séu, og annað þess háttar. Innkaupaáætlun þjóðarinnar í heild snertir því mjög grundvöllinn undir raunhæfri framkvæmd fjárl. Verklegar framkvæmdir eru venjulega eitt meginatriði fjárlaga. Innkaupaáætlunin er því sá raunhæfi grundvöllur undir því, hvort sjálf fjárl. eru á stórum sviðum framkvæmd eða ekki.

Nú höfum við sósíalistar lagt fram till. um að ganga nákvæmlega frá þessum hlutum með áætlun, sem verði samþ. af Alþ., fjárlög þjóðarbúskaparins eins og við kölluðum það í fyrra, og við teljum eins þýðingarmikil að sínu leyti eins og hin venjulegu fjárlög. Þessi till. var felld. Einmitt ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hafa barizt á móti þessu. Sérstaklega var hæstv. utanríkisráðh. allra ráðherra ákveðnastur að vilja ekki taka upp neinn áætlunarbúskap. Það kemur þess vegna úr hörðustu átt, að við sósíalistar séum sakaðir um það af hæstv. viðskmrh., — eftir að við í sambandi við stjórnarmyndun á síðasta ári börðumst fyrir því, að slíkur áætlunarbúskapur yrði tekinn upp, — að við viljum skapa öngþveiti í þjóðfélaginu. Hins vegar verð ég að segja, að ríkisstj. hefur skapað

öngþveiti í þjóðfélagi okkar með stjórnleysi sínu. Það hefur aldrei verið eins stjórnlaus ríkisstj. á Íslandi eins og þessi ríkisstj. er. Það hefur bókstaflega ekkert gengið með þau mál, sem átt hefur að fjalla um af hálfu ríkisstj., einmitt vegna sundrungar innan stj. og hugsunarleysis um að gera það, sem nauðsynlegt er fyrir þjóðfélagið. Það eina, sem hún hefur unnið upp á síðkastið, er að stöðva og stöðva alla mögulega og ómögulega hluti hér í landi. Öngþveitið hefur verið svo mikið, að ríkisstj. er ekki enn þá búin að koma sér niður á, hvað miklum gjaldeyri skuli úthluta, og það 8—9 mánuðum eftir að hún hefur tekið við stjórn. Samt hefur hún gert stjórnarsamþykkt, sem sérstaklega fjallar um það, hvernig gjaldeyri skuli úthlutað. Og því er slegið föstu af sumum flokkum sem aðalmáli, eftir hverjum reglum gjaldeyrisleyfum skuli úthlutað. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 23. okt., var enn fram haldið einni umr. um till.

Einar Olgeirsson [frh.]: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, sem ég átti eftir að segja í sambandi við það, sem hæstv. viðskmrh. hafði talað um, að við sósíalistar vildum skapa öngþveiti í landinu. Það kemur úr hörðustu átt, að þeir, sem hafa völdin, skuli vera að fara með þá staðlausu staðhæfingu, að stjórnarandstæðingar séu að skapa öngþveiti í landinu. Hæstv. ríkisstj. hefur völdin, það er hún, sem ræður, hvaða ástand er. Og allan þann tíma, sem hún hefur farið með völd í landinu, hefur allt miðað að því að skapa öngþveiti. Eitt af því fáa, sem hæstv. ríkisstj. nákvæmlega setti fram í upphafi, sem hún ætlaði að gera, var að halda dýrtíðinni niðri. En í staðinn fyrir að gera nokkurn hlut í þá átt hefur dýrtíðin aukizt. Hvernig er nú ástatt í fjármálunum? Það sést bezt af því, að fjárlfrv. er ókomið fram enn, einsdæmi í sögu þingsins. Hvernig eru gjaldeyrismálin? Þar horfir til fullkomins öngþveitis, svo að stórkostlegur atvinnurekstur virðist vera að stöðvast. Það er ekki annað að sjá en stór iðnaðarfyrirtæki stöðvist bráðlega og að áður en langt líður, stöðvist útgerðin líka. Á síðasta þingi bárum við sósíalistar fram till., sem, ef samþ. hefðu verið, hefðu afstýrt því öngþveiti, sem nú ríkir í þjóðfélagsmálunum, að koma á áætlunarbúskap hjá þjóðinni, spara í rekstri og tryggja öllum atvinnu, en flokkarnir, sem styðja ríkisstj., vildu ekki sinna þeirri till., heldur létu undan þrýstingi heildsalanna, sem eru undirrót öngþveitisins. Ég vísa því til heimahúsanna öllu því, sem hæstv. viðskmrh. sagði um, að stjórnarandstæðingar væru að skapa öngþveiti í landinu.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Umr. um þetta mál hafa orðið alllangar, og sé ég enga ástæðu til að lengja þær mjög úr því, sem komið er, sérstaklega vegna þess að þær aðfinnslur, sem fram hafa komið frá hv. 2. þm. Reykv. og hv. 2. landsk., hafa verið svo mjög á víð og dreif, að þær hafa auðsýnilega verið fluttar fram meir af vilja en mætti. Það má í þessu tilfelli, eins og mörgum öðrum, gera stórlegan greinarmun á því, hvort þær aðfinnslur, sem fram eru bornar, eru á rökum reistar eða til þess að sýnast og reyna að skapa það, sem þm. kallaði öngþveiti og glundroða og erfiðleika, en það virðist vera það eina, sem fyrir þessum hv. flm. vakir.

Það er um þessa lagasetningu og framkvæmd hennar eins og önnur mannanna verk, að hún er ekki fullkomin og margt má að henni finna, og ég ræddi um daginn, hvað að þessu fyrirkomulagi hefur verið fundið með rökum og þær ráðstafanir, sem gerðar hefðu verið til þess að fá þar á nokkra bót. Ég gat þess, að snemma þegar skömmtunin var sett, bar á óánægju með stofnauka nr. 13 og þá innkaupaheimild. Ég lýsti þá, hvers vegna svo hefði verið farið að sem gert var og því, sem gert hefði verið til úrbóta, þannig að gerðar hefðu verið ráðstafanir til að skipta seðlinum niður. Ég lýsti einnig, hvernig hugsað var með framkvæmd á úthlutun á verkamannafatnaði, verkamannaskóm og íslenzku prjónlesi, sem nú hefur verið undanþegið skömmtun.

Þó að mjög sé auðvelt um þetta að tala, eru ýmsir örðugleikar á því að koma á fót skömmtunarkerfi fyrst um sinn, sérstaklega þegar það verður að gerast með leynd, þar sem öfl eru í þjóðfélaginu, sem reyna að vinna á móti því, að kerfið komi að fullum notum. Það er ekki undarlegt, þó að í upphafi séu ýmsir annmarkar á þessu, sem reynt er að bæta úr og ýmist er komið til framkvæmda eða er að komast til framkvæmda. Það hafa stærri þjóðir en við orðið að gera ýmsar breytingar á sínu skömmtunarfyrirkomulagi, og ég álít það ekki okkur til neins vansa, þó að við getum ekki í upphafi hitt á það eina rétta. Ég tók það fram þá, og ég vil endurtaka það enn, að ég vil gera allt, sem í mínu valdi stendur, til þess að mæta þeim rökstuddu aðfinnslum, sem við þetta kynnu að verða gerðar, og reyna að færa það til betri vegar, ef sýnt yrði fram á það með rökum. En þegar svo er á málunum haldið eins og bæði hér er gert nú af flm. og hennar flokksbræðrum og blaði flokksins, sé ég enga ástæðu til þess, að meira en hæfilegt tillit sé tekið til þess, sem þar er sagt.

Ég hélt því fram í upphafi og stend við það enn, að það var blað kommúnistaflokksins og áróðursmenn þess flokks, sem reyndu, áður en skömmtuninni var komið á, að gera hana tortryggilega með því að tína fram ýmis aukaatriði í því skyni að gera hana tortryggilega og óvinsæla. Það er ekki einasta ég, sem hef orðið var við þetta, því að hið sama kemur fram í bréfi, sem ég hef fengið um þetta mál frá skömmtunarstjóra og ég með leyfi hæstv. forseta vil lesa dálítið upp úr, þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Greinargerð þessi er að öðrum þræði lofsöngur um skömmtun og jöfnuð í skiptingu lífsnauðsynja, en hins vegar aðdróttanir um hamstur, að því er manni skilst eftir óbeinni ábendingu ríkisstj. Ekki verður nú sagt, að vopnunum sé fimlega beitt, þegar það er haft í huga, að málgagn kommúnistaflokksins, Þjóðviljinn, hefur beint og óbeint hvatt menn til þess að hamstra, jafnframt því sem kommúnistar hafa magnað alla sína neðanjarðarstarfsmenn og skipað þeim að hvísla lognum fregnum um fyrirhugaða skömmtun á „öllu ætu og óætu.“ Þetta gekk jafnvel svo langt, að í sumum búðum kommúnista hér í Reykjavík var afgreiðslufólkið látið hvísla því að viðskiptavinum þeim, sem komu til þess að kaupa grænsápupund eða eldspýtnastokk, að nú yrði skömmtun tekin upp á morgun.

Árangurinn af þessari iðju kommúnista varð svo sá, sem öllum Reykvíkingum er kunnur, að fólkið þyrptist að skóverzlununum og keypti skófatnað, sem það annars hefði ekki keypt þá, og því komið undir skömmtunarákvæðin og „jöfnuð í skiptingu lífsnauðsynja", eins og flutningsmaður þingsályktunartillögunnar svo fagurlega orðar það. Þetta er nú að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri."

Svo að það er ekki ég einn, sem hef orðið var við það, að þessi áróður hefur verið hafður í frammi, heldur einnig sá maður, sem ætti að vera þetta kunnugast, skömmtunarstjórinn. Hann hefur ekkert farið dult með það í samtölum við mig, hvernig ástandið hefur verið, og hann hefur leyft mér að hafa þetta eftir sér.

Sannleikurinn er sá, að það hefur verið öllum ljóst, frá því nokkru áður en skömmtunin hófst, að það hefur ekki verið af umhyggju fyrir því, að skömmtunin tækist, að kommúnistar hafa verið með þessar aðfinnslur um skömmtunarkerfið og fyrirkomulagið. Það hefur verið til þess að reyna að hleypa ótta í fólkið, hræðslu, sem hefur orðið til þess, að kaupæði hefur gripið það, sem svo hefur orðið til þess, að vöruskortur hefur orðið í búðunum. Líka vegna þessa varð að koma skömmtunarkerfinu á með meiri flýti en ella hefði orðið. Hefði ekki þessum sífellda áróðri þessa flokks verið beitt eins og gert var, hefði þetta getað verið í enn betra lagi og betur undirbúið en raun hefur orðið á.

Það var um miðjan ágústmánuð, að ég ætla, að nokkurs konar innkaupaæði greip Reykvíkinga, runnið undan rótum þessa flokks. Þá var nokkurn veginn sýnt, að til skömmtunar þyrfti að grípa. Það var þess vegna auðreiknað dæmi fyrir áróðursmenn flokksins að brýna það fyrir fólki, að nú væri vissara að gera kaup sín í tíma, og það var líka ósleitilega gert. Þá var ekki búið að prenta neina skömmtunarseðla eða ganga frá því, hvernig þetta kerfi yrði haft, en eins og ég sagði síðast hér, tók það á annan mánuð, frá því að skömmtunin var ákveðin, að prenta seðlana og koma þeim til allra oddvita úti um land. Þess vegna varð þarna millibilsástand, sem ekki var hægt að brúa öðruvísi en banna sölu í stórum stíl til fólks, og það var gert og tryggt á þann eina hátt, sem hægt var í bili, að menn voru látnir kvitta fyrir þeim vörum, sem þeir tóku á móti. Þetta fyrirkomulag sætti mikilli gagnrýni í Þjóðviljanum, dag eftir dag og viku eftir viku, og var hamazt á því, hve vitlaust þetta fyrirkomulag væri og væri auðvelt fyrir almenning að fara á bak við það og kaupa það, sem menn vildu, bara ef menn vildu hafa sig til þess. Var mönnum bent á að gera það, sem hægt væri, til þess að rífa niður þetta kerfi, sem var ekki annað en bráðabirgðalausn. En það verð ég að segja reykvískum almenningi til hróss, að yfirleitt kom þetta að tilætluðum notum, og þetta varð til þess, að svo að segja hurfu alveg þau innkaup, sem gerð höfðu verið áður en byrjað var að taka þessar kvittanir. Svo að þótt kerfið væri ófullkomið, kom það að þeim notum að stöðva að mestu leyti óeðlileg innkaup, og þrátt fyrir það, að Þjóðviljinn reyndi að gera fyrirkomulagið tortryggilegt og benti mönnum á, hvernig mætti hamstra.

Frsm. hafði nú orðið lítið annað að tala um í sambandi við skömmtunina en að seðlarnir væru nokkurs konar dulmálslykill, eins og hann orðaði það. Ég skildi það ekki. Það getur skeð, að það sé dulmál í hans augum, en dulmálið er þó ekki annað en það, að á hvern seðil eru prentuð merki, sem gefin er út reglugerð um, hvað þýða, og ég veit ekki til, að mönnum hafi svo mikið fatazt í því að ráða þessar rúnir. Það vita allir, sem með þessa seðla fara, hvað t. d. a-reitirnir þýða, þeir þýða kornvörur, svo að um þetta þarf ekki að fara í neinar grafgötur og hótfyndni, að þetta sé sá ljóður á skömmtunarfyrirkomulaginu, sem geri það ómögulegt. Og það þarf ekki að breyta kerfinu til þess að þetta komi að fullum notum, enda þarf sú leynd, sem þurfti vegna þessa í upphafi, ekki að vera til staðar, því að við næstu skömmtun mega reitirnir vera merktir fullum nöfnum, en það mátti ekki í upphafi koma greinilega fram, meðan verið var að koma skömmtuninni á.

Þá vildi hv. flm. halda því fram, að ríkisstj. og þeim mönnum, sem með þessi mál hafa farið, hefði verið sæmra að kynna sér nokkru nánar, hvað nágrannalöndin gerðu í þessum efnum. Var í því sambandi sérstaklega hreyft hinu svokallaða „punktakerfi", sem notað er í Englandi, og vildi hv. þm. halda því fram, að það yrði tekið upp hér. Í bréfi skömmtunarstjóra er frá því skýrt, að á þessu hafi farið fram ýtarleg athugun, er leitt hafi í ljós, að þetta kerfi mundi ekki þéna okkur eins og það, sem hér hefur verið lagt til grundvallar, auk þess sem það kerfi mundi verða miklu flóknara í framkvæmd og erfiðara að hafa eftirlit með því.

Að bregða þeim mönnum, sem um þetta mál hafa fjallað, um það, að þeir hafi ekkert kynnt sér af því, sem í gildi er um þetta í nágrannalöndunum, er hreinasta fjarstæða, því að þeir höfðu kynnt sér það mjög ýtarlega áður en okkar reglugerð var sett.

Hér um bil það eina, sem flm. átti eftir af aðfinnslum, var það, að kornvöruskammturinn væri of lítill, og var hún í upphafi umr. með „kaloríuútreikning" í því sambandi. En það er furðulegt, þegar fara á að reikna kornvörurnar í kaloríum án þess að taka tillit til ýmissa fæðutegunda, sem ekki eru skammtaðar, en það eru ýmsar helztu fæðutegundir okkar, svo sem fiskur, kjöt, egg, og ýmislegt fleira mætti telja. Svo að það að halda því fram, að enginn geti lifað af skammtinum, er út í bláinn, eins og fleira, sem þessir hv. þm. hafa sagt.

Yfirleitt fannst mér það, sem í þessum umr. hefur komið fram frá hv. flm. og 2. Reykv., ekki vera annað en vanmegnugar tilraunir til þess að gera lögin og framkvæmd þeirra tortryggileg, en lítið af rökum. Ég get t. d. ekki talið það nein rök, þar sem flm. benti á, að nú þyrfti vesalings fólkið að sötra kaffiseytilinn sinn úr keramikskálum og kristallsvösum. Ég hef ekki orðið var við, að menn drekki úr kristallsvösum. Það má vera, að hún geri það, ég veit það ekki, en hins vegar vil ég benda henni á það, að keramik og kristallsskálar er undir skömmtun, svo að ekki er frekar hægt að kaupa það nú en bolla. Ef menn vilja heldur kaupa þessar skálar en bolla og drekka úr þeim, þá þeir um það.

Hún sagði líka, að það væri erfitt í auðvaldsþjóðfélagi að hafa skömmtun, og ég innti hana eftir því strax, hvort hún gæti þá ekki gefið mér upplýsingar um þá skömmtun, sem uppi væri höfð í því ríki, sem hún dáir mest. En einhverra

ástæðna vegna hafði það nú farið fram hjá henni að svara þeirri spurningu, því að hún hefur ekki enn gefið mér upplýsingar um það, hvernig skömmtunarfyrirkomulaginu er hagað þar, sem allt á að vera fullkomnast. En ég hef lesið mér það til, að skömmtunarfyrirkomulaginu væri þar hagað á þann veg, að þar væri almenningi úthlutað smávægilegum skammti af nauðsynjum, en hins vegar geti þeir, sem peninga hafa, keypt nánast hvað sem þeir vilja. Ég vil spyrja: Er það þetta fyrirkomulag, sem hún vill hafa hér á landi, að þeir, sem hafa peninga, geti keypt hvaða vörur sem þeir vilja á opnum, svörtum markaði ríkisins, fyrir um það bil fjórfalt verð við það, sem skammturinn kostar? Þetta mundi þá koma þannig út, að þeir, sem nóga peninga hafa, gætu keypt sér það, sem þeir þyrftu, en þeir, sem ekki hefðu peningana, yrðu að láta sér nægja skammtinn, og hann oft naumt skammtaðan. Kannske er það þetta fyrirkomulag, sem flm. vildi innleiða hér hjá okkur, og er þá bezt að hún segi frómt frá því, svo að almenningur gangi þess ekki dulinn. En ég hygg, að íslenzk alþýða mundi nú samt fremur kjósa það skömmtunarfyrirkomulag, sem hér hefur verið uppi haft, þar sem öllum er gert jafnhátt undir höfði, — ég hygg, að hún mundi frekar kjósa það en hitt fyrirkomulagið, að þeir, sem peningana hafa, fái að kaupa það, sem þeir vilja, en fátæklingarnir ekki. Ég veit ekki, hvort þetta er skoðun flm., en ef hún vill kerfisbreytingu í þessa átt, væri æskilegt, að hún segði til um það.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara lengra út í málið að svo stöddu. Aðfinnslurnar hafa ekki verið það veigamiklar né á það miklum rökum reistar, að því hafi ekki verið fullsvarað hér.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja örfá orð. Það er eftirtektarvert, að þeir menn, sem hafa unnið að þessu skömmtunarkerfi, hafa eingöngu litið á þann hóp, sem þeir eru úr. Við skulum taka til dæmis, að skrifstofumaður getur fengið ein föt til 1. maí, eða frakka. Það er gott fyrir hann, að hann getur komizt af með það. En aftur á móti verkamenn, sem stunda erfiðisvinnu, hvernig er búið að þeim? Útkoman verður sú eftir þessu kerfi, að verkamenn geta fengið til vinnufata, nærfata og alls annars 100 kr. hver einstaklingur, en af því, sem er til sparnaðar, geta þeir fengið 8—9 sinnum meira. Hvernig í lifandi ósköpunum halda menn, að þjóðfélagið verði rekið svona? Haldið þið, að þessir menn, t. d. verkamenn og bændur, gangi meira í sparifötum en verkamannafötum? En þetta er sjónarmið þeirra manna, sem vinna að skömmtuninni. Þeir hafa ekki séð út fyrir sinn hring.

Síðan kom önnur undanþága, er gekk í þá átt, að vanfærar konur skyldu fá 300 króna aukaskammt til kaupa á vefnaðarvöru, en svo er ekkert hugsað um það, að aukaskammt þurfi fyrir sápu, eftir að barnið er fætt. Tveggja til þriggja ára barn getur fengið frakka og föt út á sinn skömmtunarseðil, en svo er því ekki nægilega séð fyrir leikfötum, sem það þarfnast til daglegra nota. Það eru svo miklar gloppur á þessu skömmtunarfyrirkomulagi, að ég get ekki látið hjá líða að benda á þessi atriði, en ekki af því að ég sé á móti skömmtun, þegar hún er nauðsynleg þjóðfélaginu, en í því tilfelli verður að miða hana við þarfir þjóðfélagsins, en ekki eins og hér hefur verið gert.

Það kann að vera, að hæstv. viðskmrh. sé kominn svo langt frá veruleikanum, að hann sé búinn að gleyma því, að verkamenn vildu heldur kaupa sér föt, sem þeir gætu skýlt sér í við vinnu, en að kaupa spariföt, og það er alls ekki svo langt síðan verkamenn höfðu þannig ástæður, að þeir hefðu tök á að kaupa sér slík föt, en þótti gott, ef þeir höfðu tök á að fá sér vinnuföt. Það er því áreiðanlega fyrsta skilyrðið hjá hverri þjóð, sem verður að búa við skömmtunarfyrirkomulag, að búa svo að fólkinu, sem vinnur útivinnu og við framleiðslustörfin, að það hafi nægan vinnufatnað til þess að það geti haldið þeirri vinnu áfram.

Furðar mig því mjög á því, hversu hæstv. viðskmrh. er næmur fyrir ádeilum hv. 2. landsk. þm., því að hann sagði í öðru orðinu, að hann væri alveg með því að breyta og laga þetta skömmtunarkerfi, sem nú er í gildi, en hvers vegna er þá ekki eins gott að semja skömmtunarkerfið upp á ný og byggja á þeirri reynslu, sem fengizt hefur í þessum efnum? Er ég sannfærður um, að ef sú leið yrði farin, fengist mjög mikil úrbót á þessu skömmtunarfyrirkomulagi, frá því sem það er nú.

Flm. (Katrín Thoroddsen): Herra forseti. Ég þarf ekki að halda hér langa ræðu, því að það er í rauninni lítið, sem ég þarf að svara varðandi ræðu hæstv. viðskmrh. Þar kom þetta sama fram og áður, að gagnrýni mín á skömmtunarkerfinu væri ekki á rökum reist, og þar hann aðallega fyrir sig bréf frá skömmtunarstjóra, og hafði ég ekki búizt við, að hann mundi taka gagnrýni minni betur en sjálfur hæstv. viðskmrh. Það lítur út fyrir, að hann hafi, eftir að till. mín kom fram, farið að afla sér upplýsinga um það, hvernig skömmtunarfyrirkomulagi er háttað annars staðar, og telur hann punktakerfið miklu lélegra heldur en það, sem við búum við.

Við héldum hér heima, þegar skömmtunin hófst, að hún hefði verið sett í þeim tilgangi að spara gjaldeyri, en eins og allir vita, var íslenzkt prjónles látið falla undir skömmtunarreglurnar, þegar þær komu út, og ekki gat þar verið um neinn gjaldeyrissparnað að ræða. — Hæstv. ráðh. sagði, að verið væri að breyta skömmtunarfyrirkomulaginu. Ég hef enga trú á því káki, en vil láta semja það algerlega að nýju. — Þá kvaðst hæstv. ráðh. ekki hafa skilið, hvað ég hefði átt við, er ég var að tala um dulmálslykla. Þar átti ég við auglýsingarnar, sem alltaf er verið að þvælast með. Og það er ekki svo auðvelt að vita, hvaða vörur teljast til vefnaðarvara eða búsáhalda. Það sagði mér t. d. einn þm., sem fór og keypti sér ermabönd, eftir að skömmtunin var komin á, og vildi búðarmaðurinn fá seðil fyrir. Þm. spurði, hvort þessi vara teldist vefnaðarvara, og kvað búðarmaðurinn nei við, og þegar hann spurði, hvort hún teldist búsáhald, gat hann ekki sagt, að svo væri, en seðilinn vildi hann fá og varð að afhenda. Víst er um það, að verzlunarfólk hefur átt mjög erfitt með að átta sig á þessum málum, og er mörg varan seld án skömmtunarseðla í einni búð, sem krafizt er seðla fyrir í annarri. — Hæstv. ráðh. minntist á kristalls- og keramikvörur, og ef svo er, að þær falla undir skömmtunina, þá er það alveg nýtilkomið, því að til skamms tíma veit ég

til, að hægt hefur verið að fá þess háttar vörur án seðla.

Annars ætla ég ekki að fjölyrða um þetta mál, enda veit ég, að það hefur enga þýðingu fyrir mig að ræða þau við hæstv. viðskmrh., til þess er um svo ólík lífsviðhorf að ræða. Hann virðist líta svo á, að það nægi að gefa fögur loforð, en lætur sig ekki skipta efndirnar, en ég lít svo á, að verkin verði að skera úr um, hvort ætlunin hafi verið góð.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskmrh. fyrir þá innsýn, sem hann hefur gefið okkur í þá nýju embættisfærslu, sem virðist hafa verið tekin upp hér á Íslandi. Mér virðist þetta embættisbréf, sem hæstv. ráðh. las upp frá skömmtunarstjóra, vera með þeim endemum, að aldrei fyrr hafi verið lesið upp annað eins embættisbréf á Íslandi. Staðlausar slúðursögur eru sem sé fluttar í embættisbréfi frá skömmtunarstjóra, einum voldugasta embættismanni ríkisins, sem þó að vísu hefur verið kosningasmali íhaldsins, og síðan eru þessar slúðursögur lesnar upp á Alþ. sem sönnunargagn fyrir rakalausum staðhæfingum, sem hæstv. viðskmrh. hefur sjálfur haft í frammi. Ef hæstv. ráðh. vildi sýna lit á því að sanna mál sitt, væri honum nær að höfða mál og rannsaka, hvernig í þessu máli liggur. En af hverju gerir hann þetta ekki? Af því að fyrsta greinin, sem kom hamstrinu af stað, kom í Morgunblaðinu, og þess vegna forðast hann að minnast á það blað. Og hvers má vænta af skömmtunarstjóra, að hann beri á borð fyrir menn, sem eru honum undirgefnir, eða menn, sem þurfa að bera upp erindi sín við hann, ef hann getur verið þekktur fyrir að bera svona slúðursögur á borð fyrir sinn yfirmann, hæstv. ráðh., og hvernig er eiginlega háttað röksemdafærslu hæstv. viðskmrh., þegar hann kemur með þetta plagg sem sönnunargagn og segir, að nú þurfi ekki lengur vitnanna við, því að sjálfur skömmtunarstjórinn segi þetta í bréfi til ráðh.? Eigum við að fara að búa við svona embættisfærslu í okkar þjóðfélagi og auka vald þeirra manna, sem svona koma fram, og hvert er komið rétti þeirra manna, sem eiga undir slíka embættismenn að sækja? Vil ég mega vænta þess, að þetta bréf verði birt, til þess að þjóðin fái að vita, hvað fer á milli hæstv. ríkisstj. og hennar trúnaðarmanna.

Þá kom hæstv. viðskmrh. að því, að það hefði orðið að prenta skömmtunarseðlana í svo miklum flýti, af því að ríkisstj. hefði ekki ákveðið að taka upp skömmtun fyrr en síldin brást. Þetta stemmir líka við það, að þegar ég var með till. um skömmtun í sambandi við frv. um fjárhagsráð í fyrra, þá sagði *form. fjhn.* í **Nd.**, sem var talsmaður hæstv. ríkisstj., að ekki næði neinni átt að samþ. svona till., sem mundu þýða skömmtun. Það er auðséð, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki haft neina fyrirhyggju í þessu máli; hún sá ekki, að hvort sem síldin mundi bregðast eða ekki, var nauðsynlegt að taka upp skömmtun. Þetta fyrirhyggjuleysi hæstv. ríkisstj. kemur einnig heim við það, sem eitt stjórnarblaðanna, Tíminn, segir í leiðara sínum í dag í sambandi við ráðstafanir til lækkunar dýrtíðarinnar. Þar segir svo — með leyfi hæstv. forseta —: „Meiri hluti stjórnarinnar taldi hins vegar ráðlegra að fresta ráðstefnunni til haustsins, en undirbúningurinn varð samt því miður ekki betri en það, að næstum strax varð að fresta ráðstefnunni, þegar hún kom saman um miðjan september, því að gögn vatnaði af hálfu stjórnarinnar, og munu þau fyrst vera að fæðast nú.“ Þannig eru störf hæstv. ríkisstj. varðandi eitt aðalvandamál þjóðarinnar, að ekki er einu sinni búið að ganga frá nauðsynlegum gögnum eða semja till. frá hæstv. ríkisstj. í hendur þeirrar ráðstefnu, sem skipuð var til þess að vinna að úrlausn þessa máls, þegar hún kom saman, heldur eru þau fyrst að fæðast nú.

Þá kom hæstv. viðskmrh. inn á punktakerfið. Öfugt við skoðun hans á punktakerfinu, sé ég ekki betur en að með því kerfi sé auðvelt að skipuleggja gjaldeyrissparnaðinn og ráða því, hvaða vörur við kaupum fyrst og fremst inn í landið, þannig að vörur, sem við þyrftum að greiða dollara fyrir, mundi þurfa að afhenda fleiri punkta fyrir heldur en þær vörur, sem við kaupum frá löndum, sem „clearing“-viðskipti eru við. Gætum við þannig hagað viðskiptum þjóðarinnar í samræmi við það, sem okkur hentar bezt um vörukaup á hverjum tíma, og álít ég, að punktaskömmtunarkerfið sé alls ekki eins þungt í vöfum og hæstv. ráðh. vildi vera láta. Þetta kerfi útheimtir aðeins eitt, og það er hugsun, en af henni er hæstv. ríkisstj. hins vegar mjög fátæk.

Við þessa framkomu hæstv. ríkisstj. í þessum málum bætist svo það, að á sama tíma sem hún prédikar fyrir landslýð, að nú verði allir að fórna og spara, þá er ekki við það komandi, að þeir aðilar, sem fá stærsta sykurskammtinn, eins og Coca-Cola- og sælgætisverksmiðjurnar, þurfi að skerða sinn skammt. Hæstv. ráðh. kom sér hjá því að tilnefna, hvaða magn það væri, sem þessar verksmiðjur notuðu, en ég get kannske fengið upplýsingar um það seinna, ef þær fást ekki hjá honum. Þessi staðreynd á sér stað samtímis því, sem hæstv. ríkisstj. er að gera aðrar ráðstafanir í sambandi við fjárhagsráð beinlínis til þess að stöðva atvinnu manna og skapa atvinnuleysi, eins og t. d. hvað byggingar snertir, þótt nægilegt byggingarefni sé til.

Hæstv. ráðh. sagði, að ekki væri mörgu að svara viðvíkjandi ræðum okkar, en auðsætt þykir mér nú, að það á að liggja á upplýsingum varðandi mál þetta, en kannske verða þær gefnar, þegar málið kemur í nefnd.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 27. okt., var enn fram haldið einni umr. um till.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að halda þessum umr. áfram mikið lengur en þegar hefur verið gert, enda fátt, sem svara þarf. Ég tók það fram í upphafi míns máls, þegar ég ræddi þetta í fyrstu, að ég vildi mæla með því, að málið gengi venjulega boðleið til n. og fengi þar þá meðhöndlun, sem bezt mætti verða, svo að ef eitthvað væri, sem fram gæti komið í þessu máli til nytsemdar, þá ætti það að geta orðið frekast á þeim vettvangi.

Ég taldi þó rétt þegar við þessa umr. að fara út í nokkur einstök atriði, sem hér hafa borið á góma,

og þau eru ekki svo mörg, að það út af fyrir sig hefði ekki átt að gefa tilefni til þessara löngu umræðna, sem hér hafa farið fram. Eins og till. ber með sér, þá var hún þannig orðuð, að allt þetta skömmtunarkerfi skyldi fellt úr gildi og nýtt koma í staðinn, án þess þó að á það væri bent, hvernig það kerfi skyldi vera. Ég taldi rétt að rekja hér nokkur þau önnur kerfi, sem notuð eru í nábúalöndum okkar og ýmsum öðrum löndum. Í nábúalöndum okkar er kerfið mjög svipað því, sem við höfum haft, og hefur gefizt mjög vel. Aftur á móti í Englandi er notað svokallað punktakerfi viðvíkjandi vefnaðarvöruskömmtun. Ég hygg, að það kerfi hafi einnig verið athugað hér, en það var talið, að það mundi verða of þungt í vöfum.

Einnig taldi ég rétt og óskaði eftir því að fá að heyra það hjá hv. flm., hvort hún óskaði eftir svipuðu kerfi eins og notað er í Rússlandi, þannig að skammta eitthvað með lágu verði og selja síðan með margföldu verði það, sem fram yfir er. Hv. flm. skaut sér hjá því að svara, hvort það væri hennar meining, að gengið yrði inn á þessa braut eða einhverja aðra. Hún tók það fram í sinni ræðu, að ég hefði farið að ræða um þetta atriði vegna þess, að það hefði hlakkað í mér, hversu smár skammturinn þar væri oft og tíðum. Þetta er misskilningur. Það hefur hvergi komið fram hjá mér, að mér væri ánægja að því, að sú þjóð eða nokkur önnur þyrfti að skammta smátt, en hitt taldi ég rétt, að þetta kerfi kæmi til álita eins og önnur, svo að menn gætu gert það upp við sig, hvort þeir vildu fara inn á þær brautir eða halda sig við þetta kerfi, sem við höfum, eða svipað. Ég taldi það benda til þess, að hv. flm. hefði hugsað sér þessa leið, að hún vildi útrýma kerfinu, sem nú hefur verið sett, og fá annað nýtt í staðinn. En hv. flm. hefur kosið að svara þessu ekki og hefur ekki enn gert þetta að sinni till.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Ég veit ekki, hvort ástæða er til að fara út í þau smáatriði, sem hér komu fram hjá hv. 8. þm. Reykv., það voru aðeins fá og smá atriði, sem hann fann þessu skömmtunarfyrirkomulagi til foráttu. Hann sagði t. d., að ekki væri séð fyrir neinum sápuskammti fyrir ungbörn, en það er misskilningur, því að þau fá hann eins og aðrir. Hann sagði enn fremur, að ekki væri séð fyrir ungbarnafötum. En með hliðsjón af því, að hér er aðeins um þriggja mánaða tíma að ræða, þá var gert ráð fyrir, að þessi 100 króna skammtur, sem veittur er auk utanyfirfata, mundi nægja í flestum tilfellum hvað þetta snertir. Hv. þm. talaði einnig um verkamannaföt, og sé ég ekki ástæðu til að orðlengja um það, sú till., sem um það fjallaði, hefur verið afgr. og er vafalaust, að úr því verður bætt.

Ég held það sé svo ekki mikið annað, sem ég þarf hér fram að taka. Hv. flm. taldi að vísu svo langt bil milli mín og hennar, að við mundum ekki skilja hvort annars meiningu, við værum ekki á sömu bylgjulengd í þessu máli frekar en öðrum, og má vel vera, að það sé rétt. Hún rökstuddi þetta með því, að mín skoðun væri sú, að það væri rétt að lofa bara nógu miklu, en láta mér hægt um efndirnar, en um þær skipti ekki miklu máli samkvæmt því, sem hún lagði mér í munn. Ég vil mjög andmæla þessu, því að það hefur ávallt verið mín meining, bæði hér og annars staðar, að lofa ekki meira en ég væri fær um að efna. Ég held þess vegna, að hinnar manntegundarinnar verði hún að leita í öðrum hópi.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um málið og mun ekki fara út í það frekar nema alveg sérstakt tilefni gefist til. Ég tel, að frekari athugun á málinu eigi að fara fram í þeirri n., sem því verður vísað til að umræðu lokinni.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. Ég get verið sammála hæstv. ráðh. um það, að vel fari á því, að þetta mál fari til n. og fái þar rækilega athugun. En hitt kom mér á óvart, sem hann sagði í niðurlagi sinnar ræðu, að hann telur ekki ástæðu til þess að segja meira, svo mörgum spurningum sem hann á ósvarað í sambandi við umr., sem fram hafa farið. Í fyrsta lagi vil ég benda á það, að það er ljóst, að það er ekki að ófyrirsynju, að hafnar hafa verið ýtarlegar umr. um skömmtunarfyrirkomulagið hér á Alþ. og raunar einnig í blöðum og á fjöldamörgum mannfundum, og þegar hefur verulega unnizt á vegna þessara umræðna, þar sem smátt og smátt er verið að gera breyt. á skömmtunarfyrirkomulaginu. Sem dæmi má nefna þær breyt., sem gerðar hafa verið varðandi stofnauka nr. 13, að ekki er það lengur svo, að hver kona sé til þess neydd að kaupa sér tvo kjóla í einu. Þetta er búið að lagfæra, og það er mjög gott, og jafnvel er komið inn á þá braut, að ekki er ófært að fá efni til fatnaðar út á þennan stofnauka. Þetta er allt í áttina. Þá er einnig komið í ljós, að sjálfsagt þykir að gefa undanþágu fyrir barnshafandi konur og fyrir fólk, sem er að stofna heimili, og fyrir verkamenn vegna skófatnaðar og vinnufata. Allt sýnir þetta, að skömmtunin er ákaflega hroðvirknislega og fljótfærnislega undirbúin, þegar byrjað er á því þegar á fyrstu vikum skömmtunarinnar að breyta þannig til. Allt er þetta árangur af umr. um skömmtunina, sem fram hafa farið bæði hér á Alþ. og annars staðar. Einnig er upplýst, að búið er að breyta skömmtunarreglunum að því leyti, að nú sé íslenzkt prjónles undanþegið skömmtun; þetta er líka framför. En eitt er það, sem ég ekki skil í sambandi við það, sem farið hefur fram í þessum efnum, það er afstaðan til verkamannanna varðandi aukaskammt af skófatnaði og vinnufötum. Ég get ómögulega skilið, hvers vegna ekki má ætla þeim beinlínis aukaúthlutun af þessari nauðsynjavöru. Það er sýnt, að hin reglan, að það eigi í hverju tilfelli að leita undanþágu hjá skömmtunarskrifstofunni um þetta, leiðir til þess að auka mjög mikið skriffinnsku vegna skömmtunarinnar og hins vegar til þess, að lítið öryggi verður um réttláta framkvæmd, og skal ég koma að því nokkuð síðar, að mér sýnist ýmislegt koma fram í umr., sem bendi til þess, að á þeim stað sé ekki sem fullkomnasts réttlætis að vænta. Margt fleira þyrfti að breytast í skömmtunarreglunum til þess að það markmið næðist, sem er virkilega markmið skömmtunar, sem sé að úthluta þeim vörum, sem á boðstólum eru í landinu, réttlátlega milli alls almennings. Þetta er markmið skömmtunar og annað ekki. Það er ekki út af fyrir sig það, að draga úr innflutningi, því að það má gera með öðrum leiðum samkv. úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, en þegar hömlur eru settar á innflutninginn, þá ber nauðsyn til þess að tryggja réttláta skiptingu vörunnar.

Ég get ekki komizt hjá því að benda á það, að

á það skortir talsvert mikið, að þessu marki sé náð, meðal annars vegna þeirra miklu undanþága, sem eru frá því, að menn þurfi að framvísa skömmtunarseðlum, þegar þeir kaupa vörur, sem tilheyra skömmtun. T. d. má benda á það, að við alþm. búum við það að geta fengið hér frammi í anddyrinu kaffi, smurt brauð og aðra dýrmæta skömmtunarvöru, og þannig er þetta í öllum kaffi- og veitingahúsum í landinu. Það sýnist sjálfsagt, að að því ráði verði horfið að fella þetta einnig undir skömmtun, ef réttlæti á að vera í úthlutuninni. Sama máli gegnir um brauðgerðarhús og brauðsöluhús, sem selja mikið af brauðvöru án skömmtunarseðla. Allt þetta þarf að leiðrétta.

Þá er ein tegund skömmtunar, sem þessar skömmtunarreglur ná ekki til og ég tel ástæðu til að gera að umræðuefni, það er mjólkurskömmtunin. Hún er tekin upp sem neyðarráðstöfun, sem óvíst er, hve lengi þarf að standa, þó að líkur séu til, að henni verði haldið komandi vetur. Nú hefur mér skilizt, að hún væri framkvæmd með þeim hætti, að raunverulega næði hún aðeins til þeirrar mjólkur, sem send er frá Mjólkursamsölunni, en mjólkurframleiðendur, sem selja mjólkina beint til neytenda, krefjist ekki skömmtunarseðla. Ég vil benda á, að sé þetta þannig, þá er hér um atriði að ræða, sem tvímælalaust þarf að kippa í lag. Hér er enn þá eitt dæmi um það, að að skömmtuninni hefur verið heldur slælega unnið.

Þá vildi ég benda á það, sem nokkuð hefur verið minnzt hér á, það er skömmtunin gagnvart ungbörnum. Hún er framkvæmd á þann hátt, að ungbörn geta strax og þau koma í þennan heim fengið sinn kaffiskammt og samkvæmt stofnauka nr. 13 yfirhöfn, kjóla eða alfatnað, en hins vegar hefur þeim ekki verið séð fyrir aukaskammti af mjólk, sem mjög er nauðsynlegt. Þetta sýnir enn þá einu sinni, að skömmtun er ekki miðuð við hinar mismunandi þarfir einstaklinganna í þjóðfélaginu, því að þær eru mismunandi. Vissar stéttir hafa sérstakar þarfir, og til þess á að taka tillit; það er engin ástæða til að úthluta ungbarni yfirhöfn, en hins vegar er ástæða til að úthluta því aukaskammti af mjólk og fleiri nauðþurftum barna.

Ég vil svo koma að nokkrum atriðum, sem hæstv. viðskmrh. hefur lagt alveg sérstaka áherzlu á og margendurtekið, að Þjóðviljinn, blað Sósfl., hafi hrætt fólk til að hamstra. Hæstv. ráðh. hefur oftar en einu sinni verið beðinn að koma með ummæli úr Þjóðviljanum þessu til stuðnings. Þetta hefur hann ekki gert, af því að hann getur það ekki. Það hefur hent hann sú leiðinlega skyssa að gerast þarna ósannindamaður. Það heita ósannindi á íslenzku, því miður. Enn fremur sagði hæstv. viðskmrh., að Þjóðviljinn, blað Sósíalistafl., hefði ekki aðeins hvatt fólk til hömstrunar í skrifum sínum, heldur sent auk þess starfsmenn sína eða kommúnista út og suður um bæinn í sama skyni. Þetta eru einnig ósannindi. Enn er hæstv. ráðh. staðinn að því að tala úr ráðherrastóli með þeim hætti, sem kallað er að fara með vísvitandi ósannindi. Þetta er mjög ömurleg staðreynd. En til þess að reyna að bjarga sér út úr þessum ógöngum, — því að almennt er vitað að sósíalistar eru með réttlátri skömmtun, — les ráðh. upp bréf hér í þinginu frá skömmtunarstjóra ríkisstjórnarinnar. Ég vissi ekkert um þann mann áður annað en það, að hann hafði verið skrifstofustjóri hjá Sjálfstfl., og gat hann svo sem verið ágætur maður fyrir það. En svo er þetta embættisbréf hans. Ráðh. biður embættismann um umsögn og fær í svari illviljaðan áróður gegn einum stjórnmálaflokki, Sósíalistaflokknum. Ég hef heyrt, að þessi embættismaður hafi 13 þús. króna árslaun og væri gaman að fá það upplýst. Starf sitt hefur hann til þessa rækt á þá lund, að allur undirbúningur skömmtunarinnar er fálm eitt og ósköp, en síðan skrifar hann ráðherra í embættisnafni áróðursbréf gegn ákveðnum flokki. Í öllum siðuðum þjóðfélögum mundi slík embættisfærsla ekki þykja hárra launa verð. Í þessu fræga bréfi segir skömmtunarstjóri m. a., að Þjóðviljinn hafi hvatt fólk til hömstrunar, og sezt hann þannig á bekk með hæstv. ráðh. sem ósannindamaður. Það er mjög leiðinlegt. En svo kemur embættismaðurinn enn fremur með alveg nýjar upplýsingar, sem sé að því hafi verið hvíslað að fólki í búðum kommúnista, — eða kommúnistar hafi látið hvísla því þar, — að skömmtun stæði fyrir dyrum, og hvatt þannig til hömstrunar. Með „kommúnistum" býst ég við, að átt sé við sósíalista, — og hverjar eru búðir þeirra? Ég veit, að ég fæ upplýsingar um það hjá hæstv. ráðh. Ég veit ekki til þess, að Sósíalistafl. né aðrir stjórnmálaflokkar eigi neinar búðir, — en sjálfsagt getur hæstv. viðskmrh. upplýst, hvaða búðir þetta eru og sagt ákveðið, í hvaða búðum fólk hafi verið að hvísla þessu, og hvaða fólk það var, því að það væri full ástæða til að láta það fólk svara til saka. Ég bíð nú og fæ að heyra skýringar hæstv. ráðh. En ég held, að það sé nú óhætt að setja skömmtunarstjórann á bekk með hæstv. ráðh. meðal þeirra, er segja ósatt. Og ég spyr hæstv. ráðh., hvort embættisfærsla skömmtunarstjóra sé sú embættisfærsla, sem hann óskar eftir að fá. Hann biður embættismanninn um umsögn, en fær í þess stað áróðursplagg gegn ákveðnum stjórnmálaflokki. Í þessu plaggi eru bein ósannindi, og því lýkur með orðunum: Gott er að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri. — Mér skilst, að hv. 2. þm. Reykv. eigi þá sneið, eða Sósíalistafl. í heild, það skiptir litlu máli, hvort er, þetta er skjalfest. Og nú spyr ég hæstv. ráðh., hvort honum þyki ekki ástæða til að benda skömmtunarstjóra á að gera greinarmun á því, hvort hann talar sem áróðursstjóri Sjálfstfl. eða opinber embættismaður. Ef hann skrifar sem áróðursstjóri, væri ekkert á móti orðalagi hans, ef hann færi með rétt mál, en sem embættismaður á hann að vera hlutlaus. Og í þessu sambandi vil ég drepa á það, sem hæstv. viðskmrh. hefur aftekið viðvíkjandi skófatnaði verkamanna, að sérstök úthlutun sé látin fara fram. Menn eiga heldur að leita til skömmtunarstjóra hverju sinni, er þeir þurfa á aukaskömmtun að halda. En guð hjálpi þeim, sem þurfa að leita til manns með slíka embættisfærslu, er vekur þær grunsemdir, að það sé ákvörðun stjórnarinnar, að starfið eigi að nota í áróðursskyni gegn vissum mönnum. Ég segi ekki, að þetta sé vilji hæstv. ráðh., en hann verður þá að taka afstöðu gegn slíkum embættismanni og slíkri embættisfærslu.

Þá er það eitt mál, sem mig langar til að fá upplýst. Fyrir nokkru var auglýst uppboð á vefnaðarvöru hér í Reykjavík, og fylgdi það með, að varan yrði seld án skömmtunarseðla, og vakti þessi auglýsing að vonum mikla undrun. Hvaða eftirlit hefur hér verið haft? Það virðist vissulega vera greið

leið fyrir hamstrara, sem hafa tekið sér til inntekta þau ummæli Morgunblaðsins, að nú ætti að fara að skammta, að koma nú hamstri sínu í verð á slíkum uppboðum. Ég spyr hæstv. ráðh., hvort ekki sé meiningin að stöðva slíkt, hvort þetta uppboð hafi farið fram með hans vilja og vitund og hvort ekki hafi verið gerðar ráðstafanir til, að slíkt endurtaki sig ekki?

Ég vona nú að fá skýr svör við öllu, sem ég hef gert fyrirspurnir um í ræðu minni, og skal ég aðeins að síðustu drepa á það helzta aftur: Sérstaklega óska ég eftir, að hæstv. ráðh. nefni hinar umtöluðu búðir kommúnista, svo að hægt sé að láta viðkomandi sæta ábyrgð fyrir það, sem þeim er borið á brýn. Þá voru það fyrirspurnir viðvíkjandi uppboðum, skömmtun á mjólk og fleiru, hvort ekki væri t. d. rétt að breyta skömmtuninni þannig, að ungbörn fengju nauðsynlegan skammt af mjólk, en þá heldur minna af kaffi.

Viðskmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að lengja þessar umræður meira, en hv. 6. þm. Reykv. hefur beint til mín svo ákveðnum fyrirspurnum, að ég tel rétt að svara þeim með nokkrum orðum. Ég gat þess í upphafi, að skömmtunina hefði borið að með meiri skyndingu en búizt hafði verið við, og átti áróður kommúnista einmitt sinn þátt í því að herða á eftir. Tíminn til ráðstöfunar var naumur, naumari en svo, að hægt væri að gera skömmtunarkerfið úr garði í öllum atriðum eins og menn hefðu helzt getað kosið. Það var því tekið það ráð að hafa skömmtunarfyrirkomulagið óbreytt frá því, sem verið hefur um skammtaðar vörur hér, þ. e. a. s., að allir fengju sama skammt. Hefði átt að mismuna mönnum við skömmtunina varðandi ýmsar vörur og reikna út allar hugsanlegar sérþarfir, þá hefði þurft miklu meiri undirbúning en um var að ræða. Ég hef áður getið þess, að það tók hálfan mánuð að prenta skömmtunarseðlana og þrjár vikur að dreifa þeim út, þannig að rúmur mánuður hlaut að líða frá því að skömmtuninni var slegið fastri og þar til kerfið var komið í lag. Þetta er ástæðan til þess, að skömmtunin er í því formi, sem hún er í, þrjá fyrstu mánuðina, eða til áramóta. Ákveðið hefur verið að verja þessu fyrsta tímabili til þess að gera þær lagfæringar á skömmtuninni, sem eðlilega munu reynast nauðsynlegar á reynslustigi fyrirkomulagsins, og fara inn á aðrar brautir í samræmi við það að loknum þessum þremur mánuðum.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. um sérstakan skammt til verkamanna vegna vinnuskófatnaðar og vinnufata á þessu tímabili, þá er hæpið að haga því á annan hátt en með undanþágum, því að ef prenta ætti og dreifa út skömmtunarseðlum fyrir aukaskammti, þá mundi vera komið fram undir áramót áður en því lýkur. Séu hins vegar einhverjir í kröggum á þessu tímabili, þá hefur verið hugsað að laga það á fyrrgreindan hátt, með því að veita þeim mönnum undanþágur.

Ég kem þá aftur að upphafinu, er skömmtunin var ákveðin, og þeim hlut, sem kommúnistar og blað þeirra áttu í því að skapa erfiðleika, er verið var að koma henni á. Hv. 6. þm. Reykv. hefur nú að vísu auglýst mig ósannindamann í þessu sambandi, en ég ætla samt að reyna að finna orðum mínum lítils háttar stað.

Þegar ríkisstj. ákvað að banna verzlunum að selja meira en ákveðið vörumagn til einstaklinga og mælti svo fyrir, að hver kaupandi skyldi rita nafn sitt undir úttektarnótur fyrir þeim vörum, sem hann keypti, þá voru einmitt gerðar sérstaklega hatramar árásir á þetta atriði í blaði kommúnista, Þjóðviljanum, og útmálað og bent rækilega á, hve auðvelt væri að fara á bak við þetta fyrirkomulag. Ég hef nú ekki Þjóðviljann við höndina til að lesa upp úr honum, en þessi áróður var endurtekinn blað eftir blað, það muna allir og geta lesið. Að vísu voru menn ekki beint hvattir til að hamstra, en mjög greinilega var bent á, hvernig hægt væri að komast í kringum þetta, og allur tónninn í blaðinu var sá, að lýsa því fyrir fólki, hve auðvelt væri að fara á bak við nótufyrirkomulagið, þar til skömmtunarseðlarnir kæmu út 1. október. Ég skal svo fúslega játa, að ég hefði heldur kosið, að ekki hefði þurft að grípa til viðtækrar skömmtunar, og hefði allt gengið eins og vonir stóðu til í efnahagsmálum þjóðarinnar, hefði ekki þurft að grípa til slíkrar skömmtunar. Ég á hér sérstaklega við benzín, það er mjög bagalegt að þurfa að grípa til viðtækrar skömmtunar á því og geta átt á hættu að draga þannig úr atvinnu manna. En þegar ljóst varð, hvernig ástandið er orðið, varð skömmtunin ekki umflúin, þó að kommúnistar hafi gert allt, sem þeir gátu, til að gera hana tortryggilega, áður en hún kom til framkvæmda. Eins og t. d. þegar sagt var frá því í Þjóðviljanum, að bílstjórar færu með tunnur að benzíntönkunum til að sækja benzín í þær, eins og til að ýta undir menn að hamstra benzíni, og m. a. vegna þess áróðurs varð að koma skömmtuninni á sem skjótast. Þjóðviljinn er eina blaðið í landinu, sem hefur ýtt undir menn að fara á bak við þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, og reynt að gera þær tortryggilegar.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. 6. þm. Reykv. um söguburð kommúnista, þá get ég svarað honum því, að fyrir utan annað veit ég t. d. sjálfur persónulega um tvö tilfelli, sem ég hef rannsakað, þar sem menn úr þessum flokki sögðu frá skömmtun áður en hún kom til framkvæmda, og ég gæti nefnt nöfn þessara manna hér, ef ég vildi. (**SigfS:** Ég þakka fyrir, ég óska eftir, að hæstv. ráðh. nefni nöfn þessara manna.) Ég get það, en geri það þegar mér sýnist og þegar mér þykir við eiga, ég er ekki að tala hér út í bláinn.

Hvað skömmtunarstjóri hefur fyrir sér í sínu bréfi, er mér ókunnugt með öllu, en ég geri ráð fyrir, að hann geti fært rök fyrir sínu máli, ef á þarf að halda. M. ö. o.: Kommúnistar og blað þeirra eru staðnir að því að róa að hömstrun, og svo stendur hv. 6. þm. Reykv. hér upp og kallar mig ósannindamann. En ég beini þeirri ásökun heim til föðurhúsanna, til hans sjálfs. Ég veit svo ekki, hvort meira er um þetta að segja. Ég get ekki upplýst hv. þm. um það, hvaða búðir kommúnista skömmtunarstjóri á við í bréfi sínu, en ég geri ráð fyrir, að hann eigi við þær búðir, þar sem kommúnistar eru að starfi. Annars veit ég ekki nánar um þetta, sem stendur í bréfinu. — Um uppboðið, sem hv. þm. nefndi, veit ég ekki annað en það, að ég las auglýsingu um það, og mér er ekki kunnugt um annað en að það uppboð hafi verið stöðvað. En þessi áhugi hv. þm. fyrir þessu uppboði er einmitt ágætt dæmi um það, hvernig hann og flokksbræður hans reyna að grípa hvert tækifæri til að

gera skömmtunarkerfið og framkvæmd þess sem tortryggilegast, en blása sig svo út af áhuga fyrir skömmtun að öðrum þræði eða í orði kveðnu. Þetta er það, sem kallað er í bréfi skömmtunarstjóra að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri.

Forseti (BSt): Hv. 6. þm. Reykv. gerir athugasemd.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég hef nú rétt á tveimur ræðum samkvæmt þingsköpum. Ég hafði nú að vísu ætlað mér að tala stutt, en ég hef rétt á tveimur ræðum, þar eð umræður hafa hvorki verið takmarkaðar með forsetaúrskurði né atkvgr.

Ræða hæstv. viðskmrh. var hin fróðlegasta. Hann upplýsti m. a., að reynslutími skömmtunarkerfisins væri nú raunar fram að næstu áramótum, og það er a. m. k. augljóst, að ekki veitir af reynslutímanum, og vel má vera, að gagnrýni sósíalista í blöðum og hér á Alþ. takist að kenna hinum tornæmu yfirvöldum eitthvað, svo að við fáum skömmtun, sem er byggð á skynsemi. Mér þótti vænt um, að hæstv. ráðh. skyldi gefa í skyn, að eftir áramótin verði horfið að því ráði að láta verkamenn fá sérstaka seðla sem innkaupaheimild fyrir vinnufötum og vinnuskóm, og að það eigi þá aðeins að gilda til þess tíma, að verkamenn þurfi að leita til skömmtunarstjóra til að fá hjá honum undanþágur allra náðarsamlegast.

Svo kom hæstv. ráðh. að því að sanna mál sitt um hömstrun á eftirfarandi hátt: Þegar tekin var upp sú regla að gera verzlunum að skyldu að láta viðskiptamenn kvitta fyrir því, sem þeir fengu, þá gerði Þjóðviljinn hatramar árásir á það. Mikið rétt. Allir eru sammála um, að það fyrirkomulag var hið fáránlegasta, og satt að segja er það óafsakanlegt fyrir ríkisstj., sem hefur verið við völd síðan í febrúar s. l. og haft aðgang að þaulreyndum skömmtunarreglum nágrannaþjóðanna, að undirbúa skömmtunina ekki betur. Því gat ekki farið hjá því, að slíkt handahófsfyrirkomulag yrði gagnrýnt af öllum almenningi. Og satt að segja held ég, að það hafi verið nokkurri tilviljun háð, hvort menn voru látnir kvitta fyrir úttekt eða ekki. Ég man t. d. eftir því, að ég keypti tvisvar vörur á þessu tímabili, er átti að kvitta fyrir. Ég get vel nefnt búðirnar, þótt hæstv. ráðh. gæti ekki nefnt búðir kommúnista. Í annað skiptið keypti ég ferðatösku hjá verzlun Haraldar Árnasonar í Reykjavík og kvittaði fyrir úttektinni, og er ekkert meira með það, en í hitt skiptið keypti ég ýmislegt smávegis í Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri, sokka, hálsbindi og fleira, en þar var engin kvittun tekin. Og áreiðanlega hefur það ekki verið fyrir áhrif frá kommúnistum. Sannleikurinn er sá, að aðferð hæstv. ráðh. var svo fáránleg og klaufaleg, að hún hlaut að sæta gagnrýni og vera stundum höfð að engu, og ekki hefur hann enn getað sagt, hvað varð af þessum nótum, sem átti að draga frá skömmtuninni, — en hefur það verið gert? Og nú vil ég benda á eitt, að aðalhömstrunin var áður en þessar nótur komu í umferð, t. d. hömstrun skófatnaðar. Ég bendi á, að bein skömmtun skófatnaðar var tekin upp og komin í gildi áður en nótufyrirkomulagið var tekið upp. Og nú vil ég undirstrika það, að hæstv. ráðh. taldi í ræðu sinni, að kommúnistar og blað þeirra hefðu hvatt mest til hömstrunar með því að gagnrýna nótufyrirkomulagið. En eins og ég sagði áðan, var aðalhömstrunin áður en nóturnar voru fyrirskipaðar, gagnrýni sósíalista á því fyrirkomulagi kemur því ekki fram fyrr en aðalhömstruninni er lokið, því að ómögulega hafa kommúnistar getað farið að gagnrýna það fyrirkomulag áður en það stökk alskapað út úr höfði hæstv. ráðh., svo að sú ásökun, að þeir hafi verið valdir að hömstruninni, fellur gersamlega um sjálfa sig. Því að það skal ég segja ráðh. til viðurkenningar, að nótufyrirkomulagið dró nokkuð úr hömstruninni, það get ég borið nokkuð um, því að ég hef yfirlit yfir og fylgist með sölu mikils fyrirtækis hér í bænum, það er Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis.

Og nú sagði ráðh., að kommúnistar hefðu kannske ekki beinlínis hvatt til hömstrunar í blaði sínu, en óbeinlínis þó. En áður hefur hann sagt, að þeir hafi beinlínis gert það, og þessi ummæli fá ekki staðizt hlið við hlið, þau stangast hálfóþyrmilega. Nú segir hann, að það hafi orðið óbein afleiðing af gagnrýni kommúnista á skömmtunarfyrirkomulaginu, að menn fóru að hamstra.

Þá sagði hæstv. ráðh., að hann gæti nefnt tvo menn úr Sósíalistafl., sem hefðu gengið um bæinn til að hvetja menn til hömstrunar. Manni skildist, að þeir hefðu verið sendir út af flokki sínum í þessu skyni, en hæstv. ráðh. sagði það þó ekki. Og nú skora ég á hann að nefna þessa menn hér á Alþ., ég skora á hann. Ef hann gerir það ekki, þá er óhreint mjöl í pokanum. Þessir menn skyldu svo leiddir sem vitni til þess að fá úr því skorið, hvað hæstv. ráðh. hefur á bak við sig. En ég óska eftir að fá nöfnin fram nú þegar og einmitt hér á Alþ., svo að öllum megi vera kunnugt. Vill ekki hæstv. ráðh. reyna að gera svolítið skynsamlegri grein fyrir því, hvað það sé, sem skömmtunarstjóri kallar búðir kommúnista. Hann sagði í ræðu sinni áðan, að það væru líklega búðir, þar sem kommúnistar störfuðu. Eftir því eru búðir sjálfstæðismanna búðir, þar sem sjálfstæðismenn vinna, búðir framsóknarmanna búðir, þar sem framsóknarmenn vinna, og búðir alþýðuflokksmanna búðir, þar sem alþýðuflokksmenn vinna. En hvernig á að fara með búðir, þar sem fólk úr tveim, þrem eða öllum stjórnmálaflokkunum vinnur? Og hvernig er hægt að segja um skoðanir manna, því að sem betur fer eru menn ekki spurðir um pólitískar skoðanir, þegar þeir eru ráðnir til búðarstarfa. Þetta er því furðulegt fleipur hjá hæstv. ráðh. og einungis sönnun þess, hve gersamlega hann er kveðinn í kútinn með ósannindaáburð sinn í garð okkar sósíalista.

Það var eitt atriði, sem kom skýrt fram hjá hæstv. ráðh. Hann var harðánægður með embættisrekstur skömmtunarstjórans. Maður, sem segir í embættisbréfi um pólitíska andstæðinga, að þeir hafi tungur tvær og tali sitt með hvorri, það er maður, sem hæstv. ráðh. líkar við. Ég hefði vænzt annars, því að slík embættisfærsla er ósæmileg og ætti að vera brottrekstrarsök, en ekki ástæða til sérstakrar viðurkenningar á Alþ. Íslendinga.

Ég sé nú ekki ástæðu til að svara fleiri atriðum í ræðu hæstv. ráðh. En ég vona, að hann geri einhverja tilraun til að finna stað fullyrðingum sínum um þá menn, sem hann þóttist geta nafngreint, svo að réttarhöld geti verið hafin og kannað, hvað ráðh. hefur fyrir sér. Enn fremur óska ég þess, að hann geri ofurlítið skynsamlegri grein fyrir því,

hvað eru „búðir kommúnista“, og ég skora á hann að skýra frá, hvenær sósíalistar hafa hvíslað að mönnum að hamstra og hvar slíkt hefur átt sér stað. En í vandræðum sínum út af illa framkvæmdu verki hefur hæstv. ráðh. gripið til þeirra ráða, sem sízt eru löguð til að afstýra vandræðunum eða auka hans hróður.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. er nú alveg kominn upp að vegg. Hann viðurkenndi, að Þjóðviljinn hefði, hvenær sem tækifæri gafst, gagnrýnt fyrirkomulagið á takmörkun vörusölunnar, enda ekki annars úrkosta fyrir hv. þm., því að í Þjóðviljanum var þrástagazt á því, hve fáránlegt fyrirkomulagið væri og hversu auðvelt væri að fara á bak við það. Þetta hefur nú sannazt. Hvað viðvíkur sögusögnum manna á milli er hins vegar auðveldara að skjóta sér undan. Ég tók dæmi, sem ég get sannað hvenær sem er, en hér tel ég ekki vera réttan vettvang til þess. En hv. þm. sagði eitt, sem mér þótti bæði skömm og gaman að heyra. Hann sagðist hafa góða aðstöðu til að fylgjast með rekstri eins verzlunarfyrirtækis hér í bænum og sagðist hafa komizt að því, að nótufyrirkomulagið svokallaða hefði dregið úr vörusölunni, eða hafi sem sagt komið að notum. Ég hef fyrir löngu orðið þess var, að þótt grípa þyrfti til þessara ráðstafana án ræðilegs undirbúnings, þá bar það þann árangur, að hamstrið hætti að mestu, þrátt fyrir áróður kommúnista á móti því. Það er hins vegar mikið verk að koma á víðtækri skömmtun, og ekkert kerfi verður fundið, sem ekki má finna að í upphafi. Sérstökum erfiðleikum olli og að þurfa að senda skömmtunargögnin til oddvita út um allt land.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fara um þetta mál öllu fleiri orðum. Ég tel, að það, sem af hálfu ríkisstj. hefur verið haldið fram um þetta, hafi reynzt rétt. Ég hef heldur aldrei mótmælt því, að gagnrýna mætti kerfið, og má sumt laga um næstu áramót, og annað hefur verið lagað án tillits til gagnrýni kommúnista, og var undirbúningur þess hafinn áður en málið kom fram.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 25 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

3. Markaðsleit í Bandaríkjunum.

Á deildafundum 7. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skipulagða markaðsleit fyrir hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum (A. 9).

Á 4. fundi í Sþ., 9. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 5. fundi í Sþ., 10. okt., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Eins og tekið er fram í grg. þessa máls, var það flutt hér í fyrra og vísað til nefndar, en sú n. skilaði ekki áliti, eftir því sem ég bezt veit, og kom því aldrei til kasta Alþ. að skera úr því, hvort henta þætti að verja fé til þeirra framkvæmda, sem hér er lagt til að hefjast handa um. Nú er ástandið breytt, svo að það, sem þá var nauðsynlegt, er orðið enn þá nauðsynlegra, og vænti ég því, að sú n., sem fær nú þetta mál til meðferðar, sjái, að það er rétt og nauðsynlegt að sinna því í fullri alvöru.

Till. gengur út á það, að lagt sé fram fé til að koma í kring sölu á hraðfrystum fiski í Bandaríkjunum í því skyni að skapa þar varanlegan markað fyrir þessa vöru. Það má kallast undarlegur hverfleiki hjá ráðamönnum okkar, að fyrir hér um bil 10 árum var lagt fram allmikið fé til að sýna íslenzkar vörur og íslenzka menningu í New York, eingöngu í því skyni, að þeirri sýningu fylgdi skipulögð markaðsleit. En upp úr þessu verður sú stefnubreyting, að ekkert er gert í þessa átt, þó að hér kæmi auk þess til greina, að við höfðum mikil samskipti við Bandaríkjamenn á stríðsárunum, margir þeirra voru hér, og miklir peningar runnu inn í landið frá þeim, þaðan bárust alls konar verkfæri og tæki og tækni, sem hafa t. d. gerbreytt búskap okkar og vegagerð. En samhliða þessu er eins og fallið hafi niður áhugi á því að halda áfram sýningu á vörum okkar vestra og allri landkynningu. Og hvernig er nú svo ástatt? Þannig, að við höfum hina mestu þörf á að verzla við Bandaríkin, eins og raunar allar Evrópuþjóðirnar, sem skortir dollaragjaldeyri, nema e. t. v. Portúgal, og búa við hallæri og vandræði vegna stríðsins. En hjá okkur, sem m. a. þurfum að flytja matinn til landsins, er þessi verzlunarþörf einna brýnust, því að segja má, að við þurfum að kaupa nálega allar nauðsynjar, bæði ætar og óætar, frá Bandaríkjunum, að fáum, t. d. kolum, undanskildum. Margir hér vilja ekki líta við bifreiðum, nema þær komi frá Bandaríkjunum, og tek ég það sem dæmi til að sýna, að smekkurinn hér er í þessu tilfelli orðinn svo háður áhrifum eða yfirdrottnun hinnar amerísku tækni, að ekki þýðir að bjóða Íslendingum vöruna, ef hún er ekki frá Ameríku, þótt hér sé um vöru að ræða, sem er fáanleg víðar.

En nú er ástandið orðið þannig í sambandi við verzlun okkar við Bandaríkin, að mér er kunnugt um, að fyrir stuttu varð eitt þeirra skipa, sem flytur hingað einna mestar nauðsynjavörur, að liggja fast í höfn vestra sökum þess að ekki var hægt að borga hafnargjöld þess og önnur nauðsynleg gjöld vegna gjaldeyrisleysis. Þessi vandi mun hafa verið leystur í þetta sinn með einhverjum Herkúlesarráðum, en þetta atvik er ljós bending um það, hve hörmulega við erum staddir, ef skip okkar geta ekki látið úr höfn, þar sem við kaupum nauðsynjarnar, sökum gjaldeyrisleysis. Í Evrópu er ekki hægt að fá ameríska gjaldeyri, það hefði árið sem leið átt að kenna okkur. Að vísu fékkst einhver amerískur gjaldeyrir frá Rússlandi, en ekki veit ég hve mikill, og markaðir eru þar mjög hverfulir og torsóttir. Það er því einsýnt, að ef ekki tekst að skapa markað í Ameríku fyrir stóra vörutegund, leiðir það til stærri vandræða hér en við viljum leiða hugann að. Því að allir sjá, hvernig Evrópa er eftir stríðið, að ég tali nú

ekki um verðlagið þar. Ég vil þó benda á, að okkur veitir ekki af að halda við þeim mörkuðum, sem við þegar höfum hér í álfu; jafnframt verður þó á þetta að líta: Að frátalinni saltsíldinni til Svíþjóðar seljum við lítið til Norðurlandanna. Í Þýzkalandi er ástandið svo hörmulegt, og reyndar í fleiri löndum, að þar er naumast um eiginlegan markað að ræða nú. Í Frakklandi er gífurleg dýrtíð, og lítil viðskipti eigum við þar. Í Rússlandi er hugsanlegt að hafa einhvern markað, en hann er þá bundinn við lýsið, og það er sú vara okkar, sem allar þjóðir vilja. En erfiðleikarnir við að selja hraðfrystan fisk í Rússlandi — og Evrópu yfirleitt — eru þeir, að hér í álfu skortir mjög á, að kælitæknin sé nægileg, og ekki er hún svipuð og í Ameríku. Jafnvel í Englandi er byggt á ísuðum fiski, það hentar þeim betur atvinnulega séð. Það er einmitt líklegt, að þeir verði öðrum óháðir og standi á eigin fótum um þá framleiðslu, áður en langt um líður, en á meðan svo er ekki, vilja þeir viðhalda smekk fólksins fyrir ísfiskinum.

Gallinn er sá með Evrópumarkaðinn, að Englandi frátöldu, að þar, sem reynt hefur verið að beita „clearing", er vöruverðið svo gífurlega hátt á móti okkar vöru, að það skapar okkur mikinn vanda. Fiskútflytjendum getur þótt ávinningur í því að flytja út fisk og lána til Grikklands, Póllands og Tékkóslóvakíu, það er þeirra hagur, en það er ekki hagur fyrir þjóðina í heild, bæði að lána og fá síðan uppsprengdar og rándýrar vörur í staðinn. Hér hljóta skoðanir neytenda og framleiðenda að verða nokkuð skiptar. En þegar frá er skilið það, sem alltaf mun verða reynt, að selja til meginlandsins, þá er eftir sú höfuðröksemd gegn því, að þær þjóðir hafa ekki þær vörur, sem við þurfum, og það er þörfin, sem mestu varðar. En við þurfum og fáum vörur af öllu tagi frá Bandaríkjunum, vörur, sem fólkið vill fá.

Nú stöndum við betur að vígi að því leyti, að við framleiðum góða vöru, hraðfrysta fiskinn, en ef Ameríka gengur undan, sé ég ekki annað en mikill voði sé fyrir dyrum. Við höfum varið hundruð milljónum króna í þennan atvinnuveg, og það er ágætt, þar sem önnur hlið peningsins er hraðfrystihúsin, en hin bátarnir. Með þessum atvinnuvegi hagnýtum við kosti landsins, að það liggur svo nálægt fiskimiðunum, þá kosti, sem við getum einir hagnýtt, en togaraveiðar geta aftur á móti aðrir stundað hér líka, sú veiði er alþjóðleg. Ef ekki skapast varanlegur markaður fyrir þessa vöru okkar, er voði fyrir dyrum. Þess er t. d. skemmst að minnast, er sendinefndir okkar sátu í Moskvu og London í fjóra mánuði s. l. vetur og gengu á eftir Rússum og Englendingum með grasið í skónum, unz komið var fram í júní. Það sjá allir, hvílík aðstaða okkar er í þessu efni. Og niðurstaðan varð sú, að samningamönnunum tókst að særa út nokkurn markað fyrir hraðfrysta fiskinn í London og Moskvu með því að gefa lýsið með honum. Þetta var hin hörmulegasta útreið fyrir bátafisk okkar, við gátum ekki losnað við hann nema með því móti að gefa með honum þá framleiðsluvöru, sem við erum stoltastir af, síldarlýsið. Þetta sýnir, að Rússar og Englendingar vildu bara gera það fyrir okkur að kaupa fiskinn, ef honum fylgdi tilskilið magn af lýsi. En þegar feitmetishungrið minnkar í heiminum, er þessi möguleiki einnig úr sögunni. Þessi reynsla sýnir allgreinilega, að markaður er mjög takmarkaður fyrir þessa góðu vöru okkar, hraðfrysta fiskinn.

Bandaríkin eru mesta kælitækniland veraldarinnar. Þar eru stór frystihús í borgunum, vagnar búnir kælitækjum, frystiklefar í sambandi við búðirnar, ísskápar á heimilunum, og í flestum járnbrautarvögnum er lofthitinn dempaður með kælitækni. Sú tækni gengur í gegnum daglegt líf manna í Bandaríkjunum og er meiri en í nokkru öðru landi. Þangað er hægt að selja fiskinn, ef skynsamlega er á haldið, en til þess þarf að gera mikið átak. Bandaríkjamenn eru ekki sérstök fiskneyzluþjóð, þó að fiskimiðin við strendurnar séu allvel notuð. En allur hinn svokallaði Missisippidalur er illa settur um fiskneyzlu, þangað flyzt aðeins vatnafiskur norðan frá Kanada, sem er ekki sambærilegur við okkar fisk undir neinum kringumstæðum, en Kanadamenn hafa hagnýtt sér mikla kælitækni, og á því byggist þessi fisksala þeirra. Ég hef náttúrlega ekki aðstöðu til að gera mig að dómara í þessu efni, en sem leikmaður held ég því fram, að hægt sé að leggja okkar fisk á borð við Kanadafiskinn og fá viðurkennt, að hann sé betri, enda þótt við verðum að flytja hann margfalt lengri leið, en þar kemur aftur til greina, að okkar fiskur er miklu betri frá náttúrunnar hendi. Ég hygg því, að við getum þrýst okkar fiski inn á markaðinn í Missisippidalnum og tryggt þannig, að við getum „eksisterað", en til þess þarf vitanlega mikinn áróður og elju.

Þó að ég segi hér fáein orð um það, hvernig ég gæti hugsað mér dreifingu vörunnar, þá játa ég, að ég hef aðeins ferðazt lauslega um það land, sem hér er um að ræða, en ég hef talað við ýmsa menn, er hafa verið vestra. Og ég held, að reyndin verði sú, að okkar ríkisstj. verði að hafa nokkra menn vestra í bili til að breiða út þekkingu á fiskinum og sýna hann víða um landið og komast í samband við ýmis sölusambönd og fyrirtæki, t. d. samband veitinga- og gistihúsaeigenda. Það er trú mín, að þetta beri tilætlaðan árangur, af því að okkar fiskur er góður. Nú hefur þetta ekki verið gert, og við það hefur þegar mikið tapazt, t. d. frá því í fyrra, er ég bar þetta mál fram.

Það eina, sem gert hefur verið í þessa átt, er, að hraðfrystihúsin hafa haft einn mann í New York, sem að vísu er mjög duglegur, en hann hefur verið bundinn, því að ég hygg, að hann hafi ekki haft verulegt fé til að auglýsa vöruna eða menn í sinni þjónustu til að kynna fiskinn. Í öðru lagi hefur honum verið uppálagt að selja fiskinn á ábyrgðarverði, sem að vísu er ekki óeðlilegt, en af því að það er svo hátt og miklu hærra en venjulegt markaðsverð, hefur svo sem ekkert selzt, og er það að vonum. Það er hlíðstætt því t. d., að Sambandið framleiddi kaffi á Akureyri og ætlaði síðan að selja það í samkeppni við Ludvig David í Reykjavík, en á helmingi hærra verði. Það er öllum ljóst, að Ludvig David mundi fá allan markaðinn.

Ég álít, að eitt af því fyrsta, sem við verðum að viðurkenna, sé það, að ef við ætlum að vinna markað í einhverju landi, sé ekki til neins að selja hærra verði en markaðsverði. Þetta vitum við frá Bandaríkjunum og Rússlandi. Þeirra innflytjendur segja: Við kaupum ekki af ykkur hærra verði en markaðsverði.

Það hefur verið deilt um það, að mér skilst,

að hraðfrystihúsin hafi sent skip vestur. Verðið, sem fæst fyrir farm Vatnajökuls, er langt fyrir neðan ábyrgðarverðið, svo það hefur verið gagnrýnt, að þetta var reynt. Þá komum við að því, hvar við eigum að selja okkar fisk. Er nokkur meining í því að ætla að selja okkar fisk helmingi dýrara en aðrar þjóðir selja sína vöru? Við verðum að bjóða fiskinn fyrir það verð, sem er á heimsmarkaðinum. Við viljum selja dýrara en aðrar þjóðir til þess að þurfa ekki að þrengja að okkur, og vitanlega viljum við halda því á meðan við getum. Nú er mönnum farið að skiljast, að ýmislegt bendi til þess, að við getum ekki lengur selt eins vel og við gerðum á stríðsárunum. Við verðum að sætta okkur við markaðsverð, og markaðsverðið er skapað af Kanadamönnum og Norðmönnum. Allt, sem við verðum að gera, er að selja ekki dýrara en aðrir. Nú spyr ég ykkur: Er nokkur von til þess, að við getum lifað hærra en Norðmenn, Bretar, Svíar, Bandaríkjamenn og Kanadamenn? Getum við lokað augunum fyrir því, að við verðum að lækka dýrtíðina, þannig að við stöndum á sama grundvelli og allar aðrar þjóðir í kringum okkur? Ef við ekki gerum það, höfum við ekkert til að borga með. Sumir eru að tala um að taka lán. Ef við gerðum það, hvar mundum við selja til þess að borga það?

Ég vil benda á það, að sökum þess að okkar stj. selur vörurnar til stjórna annarra landa, er ekki frjáls verzlun á Íslandi. Bæði kaupmenn og kaupfélög verða að óska þess, að þetta taki enda. Einn kosturinn við Ameríkuverzlunina er það, að hún er frjáls, ef við höfum normal vöru, sem við getum selt við normal verði, og er okkur því nauðsynlegt að gera Ameríku að okkar höfuðmarkaðslandi.

Ég óska þess svo, að þessu máli verði að umr. lokinni vísað til hv. fjvn., og vildi ég gjarnan heyra frá hæstv. ríkisstj. og hv. form. fjvn., hvort þetta sé ekki svo mikið mál, að æskilegt væri að því væri hraðað.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það málefni, sem flm. sá, sem nú hefur lokið ræðu sinni, ber hér fram, er mjög athyglisvert.

Það er nú svo, að tilraunir til markaðsleita fara oft fram og á ýmsa vegu, en í sjálfu sér er sú ein markaðsleit raunhæf, sem beitir öllum heiðarlegum brögðum til að koma á markaðinn þeirri vöru, sem bæði að verði og gæðum stenzt samanburð við sams konar vöru keppendanna. Ég heyrði, að hv. flm. er mér sammála um þetta grundvallaratriði í þessu máli.

Það eru nú um 10 ár síðan við vorum þátttakendur í New York sýningunni svokölluðu, og sýndist á þeim tíma sitt hverjum um það, hversu örugg aðferð það væri til markaðsleitar, en ég man, að því var haldið á lofti, að slík þátttaka mundi opna íslenzkum afurðum veginn á markaði Bandaríkjanna. Ég vil ekki fullyrða, að eitthvert gagn hafi ekki orðið fyrir okkur að þessari sýningu, en ég hef ekki heyrt færðar sönnur á, að þátttaka okkar í New York sýningunni hafi borið raunverulegan ávöxt. Það er sennilega erfitt að sanna slíkt. Hitt veit ég, að útgjöld í þessu skyni voru mikil, bæði frá ýmsum stofnunum og líka frá Alþ., og veit ég ekki til, að enn þá hafi verið birtir reikningar um New York sýninguna. Hvað háir þeir voru, veit ég ekki, en ég var þá á þeirri skoðun, að það væri vafasamt, hvort það borgaði sig að taka þátt í jafnkostnaðarsamri sýningu.

Bandaríkin eru það land, þar sem einna bezt aðstaða er til að selja hraðfrystan fisk, og þessi aðstaða gerir það að verkum, að ef önnur skilyrði væru fyrir hendi, ætti að vera ágætt að selja hraðfrystan fisk þar. Það er vitað, að það, sem gerir svo erfiða sölu á hraðfrysta fiskinum, er, hve erfitt er að flytja hann og geyma. Verzlunarfulltrúi Sovétríkjanna hefur sagt mér, að aðalerfiðleikarnir þar væru í sambandi við flutningana, þegar þarf að flytja fiskinn langa leið eftir fljótum. Það eru miklir örðugleikar í sambandi við þennan fisk, sem ekki gera sig svipað því gildandi, þegar um saltfisk og þurrfisk er að ræða. Það er því nauðsynlegt, að við reynum eftir mætti að rannsaka möguleika á því að koma þessari framleiðslu okkar á markað, bæði í Evrópulöndum og eins fyrir vestan, eftir því, sem við verður komið. En af því að sérstaklega háttar til með Bandaríkjamarkaðinn, vil ég benda þeirri nefnd, sem fer með þetta mál, á það, að við afgreiðslu þess er nauðsynlegt að leita ráða eða heyra álit sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, því eins og hv. flm. tók fram, hafa þau fram til þessa haft viðleitni til þess að selja fiskinn á þessum markaði, og það má segja, að á takmörkuðu sviði séu þegar í gangi skipulagðar tilraunir í Bandaríkjunum í þessu efni, en þó má ekki skilja mín orð þannig, að ég telji það nægja til þess, sem þessi till. fer fram á, því skiptar skoðanir geta verið um það, hvort rétt sé í málið farið.

Ég hef talað tvisvar við þann duglega mann, sem hraðfrystihúsin hafa fyrir vestan, og ég hef rætt við hann aðferðirnar til að koma þessari vöru út. Mér skilst, að hann hafi þá aðferð, að sölumiðstöðin hafi umboðsmenn í ýmsum borgum — ég má segja, að hann sagði 14 borgum, — sem hafa það hlutverk að koma fiskinum út, og aðspurður hefur umboðsmaðurinn haldið því fram, að þetta væri bezta aðferðin. Ég veit, að margir eru þeirrar skoðunar, að það mætti hafa þetta öðruvísi, en ég vil að svo komnu máli ekki leggja neinn dóm á það, hvort sú skoðun er rétt eða skoðun umboðsmannsins. Ég veit bara það, að sá maður mun leggja sig allan fram við það verk, sem hann tekur sér fyrir hendur, sú reynsla er fengin af honum hér.

Flm. lagði áherzlu á, að það þyrfti að hafa nokkra menn, sem kæmu þessari vöru út. Það má rétt vera, en einkum þarf varan að vera samkeppnisfær, bæði hvað verð og gæði snertir. En Jón Gunnarsson, fyrrverandi forstjóri hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, hefur gert aðfinnslur við fiskinn nokkrum sinnum — ekki verið ánægður með fráganginn á honum, — en það á máske rót sína að rekja til þess, að þegar sölumiðstöðin hefur verið að senda slatta með stórum skipum, sem hafa legið í Reykjavík og fara ekki á hafnirnar, hefur þurft að senda fiskinn með bifreiðum til Reykjavíkur, og ef illa hefur staðið á, hafa bifreiðarnar stundum þurft að bíða við skipshlið, svo að frostið hefur linazt í fiskinum. En það er skiljanlegt, að þegar skipin geta hlaðið á hinum ýmsu stöðum, eins og skip Eimskipafélagsins hafa gert og skip sölumiðstöðvarinnar mun gera, þá er hægt að koma fiskinum óskemmdum um borð. En þrátt

fyrir þessar aðfinnslur fullyrðir umboðsmaðurinn, að sér hafi tekizt að selja íslenzkan fisk dálítið hærra verði en annan fisk, sem á boðstólum er, og getur verið, að það, hve hann hefur þurft að hyllast til að hafa verðið hátt, hafi valdið því, að hann hefur ekki selt meira. Ég geri ekki ráð fyrir, að hann hafi reynt að selja við því verði, sem fiskábyrgðarl. segja fyrir um, því að þá hefði ekkert af honum selzt.

Annað skilyrði fyrir því að vinna svona markað er það, að varan sé alltaf til, — og er það viðurkennt af öllum, sem selja nauðsynjavöru, — að ekki komi dauðir kaflar, að neytendur, sem vilja íslenzka fiskinn, grípi ekki allt í einu í tómt. Það er vitaskuld hættulegt og getur ónýtt kannske margra mánaða — ef ekki ára — brautryðjendastarf sölumannanna, og það var þetta sjónarmið ekki síður en önnur, sem olli því, að stj. féllst á, að Vatnajökull færi vestur með þennan farm, sem selzt þó vafalaust með miklu tjóni miðað við fiskábyrgðarl., — þetta sjónarmið, að láta ekki fiskinn vanta nú á þessum tíma, því að það er einmitt um hausttímann og vetrartímann, sem fiskneyzlan er mest. Ef t. d. í þeim 14 borgum, sem ég veit eftir upplýsingum frá umboðsmanninum, að íslenzki fiskurinn hefur verið á boðstólum í undanfarið, — ef þær yrðu allar vörulausar núna og fram undir áramótin, mundi vitaskuld mikið af þeirri vinnu, sem umboðsmaður sölumiðstöðvarinnar hefur lagt í að fá söluna upp, fara til ónýtis. Það standa líka vonir til, að fiskverðið í Bandaríkjunum hækki núna að haustinu til í sambandi við aðrar matvælahækkanir, en vitaskuld þarf ekki að búast við, að sú hækkun verði neitt nálægt því, sem við þurfum til þess að geta fengið þann mismun, sem verður á markaðsverði þar og því verði, sem hér er heimtað.

Ég vildi aðeins láta þessa athugasemd fylgja þessari till., án þess að fara frekar út í það, sem flm. minntist á og ég er honum alveg sammála um, að höfuðvandinn á því að koma þessari vöru okkar á markað er sá, að við erum svo dýrseldir, allt of dýrseldir. En það var sérstaklega þetta, sem ég vildi benda n. á, að kynna sér þá byrjun að skipulagsbundnum tilraunum til að selja hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum, sem sölumiðstöðin hefur haft með höndum, og ef unnt væri, þegar tillögur yrðu afgreiddar, að taka tillit til þeirrar reynslu, sem þegar er fengin. Ef komizt yrði að þeirri niðurstöðu, að verið væri á réttri braut, ættu opinberar aðgerðir að miðast við þann grundvöll, sem lagður hefur verið, en að ekki sé stefnt í aðra átt með þær aðgerðir, án þess að styðjast við þá reynslu, sem þegar er fengin og nú hefur verið keypt alldýru verði.

Hitt getum við sjálfsagt allir verið sammála um, og það segir maður manni, þegar talað er við kunnuga menn um þetta, sem sé þetta, að ef við næðum að standa föstum fótum með þessa ágætu framleiðslu okkar á Ameríku-markaðinum, yrði það ákaflega mikill styrkur fyrir hana, — en þessi framleiðsla skipar nú mjög þýðingarmikið rúm í framleiðslukerfi þjóðarinnar. Og þetta þurfum við að gera, án þess að við vanrækjum á nokkru öðru sviði þá markaði, sem þegar hafa unnizt, þó að þeir séu kannske, sumir hverjir, dálítið tímabundnir, — að við reynum að halda í þá markaði, þar sem fiskurinn hefur verið vel meðtekinn, og freistum þess jafnframt að fá nýja kaupendur, líka í Evrópulöndunum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Flm. beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvort mér þætti ekki þetta mál þess virði, að það fengi betri og hraðari afgreiðslu en það fékk á síðasti. þingi. Það kemur líka fram í grg. nokkur þungi til fyrrv. fjvn. út af afgreiðslu málsins á síðasta þ., og vildi ég því gefa upplýsingar í þessu efni.

Fjvn. tók þetta fyrir á mörgum fundum, ræddi það við fiskimálastjóra og kallaði til sín á fund stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og forstjóra Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda.

N. var ljóst, að málið hafði legið um mörg ár í höndum n., sem heitir fiskimálan. eða fiskimálasjóður, því að fiskimálasjóði ber skylda til að stuðla að markaðsleit, og ef litið er á l. frá síðasta þ. um fiskimálasjóð, þá er talað um, hvert verkefni fiskimálasjóðs skuli vera. Í 4. gr. e-lið segir, að fiskimálasjóður veiti styrki til markaðsleitar. Samkvæmt 2. gr. eru tekjur fiskimálasjóðs þessar:

1. Eignir fiskimálasjóðs, er starfað hefur samkvæmt lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., nr. 75 31. des. 1937.
2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, öðrum en saltaðri síld, er nemi ½% — hálfum af hundraði — af verðmæti þeirra miðað við fob. verð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið að undanskilja þessu gjaldi fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni.
3. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, allt að einni milljón króna á ári næstu 10 árin frá gildistöku laga þessara.
4. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

Heimilt er stjórn fiskimálasjóðs með samþykki ríkisstjórnarinnar að taka allt að 10 milljóna króna lán til starfsemi sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þetta fyrir hönd ríkissjóðs.

Allt þetta var n. ljóst í fyrra. Þetta frv. var þá komið fram og líkur til, að það næði fram að ganga, enda varð það að l. Þess vegna leit fjvn. svo á, að málinu væri bjargað með þessum l., þar sem fyrirskipað er, að þessi aðili skuli verja svo miklu fé til markaðsleitar.

Ég vildi gefa þessa skýringu á, hvers vegna n. sá ekki ástæðu til að afgr. málið á því stigi. Hitt er annað mál, að mikið er um það deilt, hvort fiskimálan. hafi ekki vanrækt þessa skyldu sína í sambandi við markaðsleit undanfarin ár. Það er m. a. upplýst, að 1946 hefur ekki verið varið nema eitthvað 38 þús. kr. til þeirra hluta og eitthvað álíka 1945, en verið teknar milljónir til annarra framkvæmda, sem mjög mikill vafi er á, að heimilt sé samkv. lögum. Það var m. a. upplýst fyrir n., að uppi voru stórkostlegar kröfur frá sölumiðstöð hraðfrystihúsanna að fá stórar fjárhæðir til þessarar starfsemi. Sölumiðstöðin gerði kröfu, að mig minnir, um hálfa aðra milljón kr., og átti að nota sumt af því fé til að skipuleggja fisksöluna í Mið-Evrópu, m. a. til að veita styrk til að kaupa þar kælitæki í stærri og smærri stíl. Ég skal ekki fara inn á, hvort hyggilegt væri að gera þetta, en fjvn. vísaði málinu raunverulega frá sér til þessa aðila, sem ríkisstj. og Alþingi hefur falið að fara með þessi mál, og veitt honum mjög mikla upphæð til

þess starfs. Það er því fyrst og fremst þeirra manna að ráða því, hvernig þessu fé er varið og hvort heppilegt sé að beina markaðsleitinni fyrst og fremst til Bandaríkjanna. En þegar málið kemur á ný til fjvn., mun hún að sjálfsögðu halda fund um það og kveðja til sín sömu aðila á ný og fá hjá þeim upplýsingar um, hvernig þeir hafi varið því fé, sem með l. er veitt til þessarar starfsemi, hvort það hafi farið til annars en markaðsleitar og þá til þeirra verkefna, sem séu meir aðkallandi en öflun nýrra markaða.

Í sambandi við ýmisleg atriði, sem sögð voru um þetta mál af hv. flm., þá skal ég þar ekki fara út í einstök atriði. Ég vil þó benda á það, sem hæstv. ráðh. drap á, að það er afar mikill ágreiningur um það hjá eigendum hraðfrystihúsa, hvort sú stefna, sem Jón Gunnarsson fylgir í sölu á hraðfrystum fiski, sé rétt eða ekki. Hann hefur reynt að komast fram hjá millilíðum og haldið sér fast við þá verzlunaraðferð, sem haldið hefur verið fram af ákveðnum stjórnmálaflokki. Því hefur verið haldið fram, að þetta hafi verið meira böl fyrir fiskmarkað okkar í Ameríku en nokkuð annað, því að með þessu hafi verið sköpuð fullkomin óvild af hálfu allra annarra, sem flytja inn fisk í stórum stíl á þennan markað. Ég skal ekki leggja dóm á það, en það mun einnig verða gerð tilraun til að fá upplýsingar viðkomandi aðila um það mál.

Hitt er ekki nema það, sem allir vita, að erfiðleikarnir hafa verið mestir að fá það verð, sem við höfum heimtað, og veit ég ekki, hvort erfiðleikarnir væru meiri í Evrópu, ef við vildum fara þar inn með Ameríkuverði. Raunverulega er það þannig, að mikill hluti af fiskinum er seldur fyrir ákveðið verð á sama tíma og gefin er með honum svo og svo há upphæð frá annarri vöru. Ég veit ekki, hvort útkoman hefði verið nokkurn hlut verri, þó að síldin hefði verið seld sér og fiskurinn sér. En ef fiskurinn er seldur á Ameríkuverði, þá er hægt að selja hann fyrir það verð hvar sem er í Evrópu.

Ég vil benda á annað, sem er stórt atriði í þessu máli. Það er búið að koma svo fyrir sölu íslenzkra afurða, að öllum íslenzkum sölumönnum er hrundið burt frá þeirri starfsemi. Þeir eru þvingaðir til að nota hæfileika sína til að selja eingöngu vörur inn í landið, og er S. Í. S. þar engin undantekning. Ef einhver vill nú selja íslenzkar afurðir, þá mæta þúsund erfiðleikar. Ég varð fyrir einum um daginn. Þá gat ég selt 400 tonn af fiskimjöli fyrir 1 £ hærra en fékkst annars staðar. Nei, nei, þá mátti það ekki, þá var það einhver viðskiptanefnd, sem varð að gera það. Þetta er óþolandi. Ef við settum okkar ungu og ágætu viðskiptafræðinga í að selja afurðir okkar út um lönd í staðinn fyrir að láta þá alla vera í því að selja vörur inn í landið, þá mundi ekki þurfa að leggja eins mikið úr ríkissjóði og fiskimálasjóði og nú er gert til að afla markaða í útlöndum.

Ég skal svo ekki segja fleira á þessu stigi málsins. Ég lofa hv. flm., að málið skuli verða tekið fyrir í fjvn. og að þar skuli verða til kvaddir þeir, sem hæstv. ráðh. hefur óskað, að rætt verði við, áður en málið verður endanlega afgr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég þakka hæstv. fjmrh. og hv. form. fjvn. fyrir góðar undirtektir í þessu máli. Ég álít heppilegt, að um það fari fram nokkrar umr. vegna mikilvægis þess.

Út frá ræðu hv. þm. Barð. vil ég benda á það, að milli okkar er ekki skoðanamunur um nauðsyn þess að fá fleiri menn til liðs við þetta mál, þó að ég hafi góða trú á þeim eina, sem við það hefur fengizt, en ég fer ekki út í það, því að ég er ekki svo kunnugur því. Ég hygg, að hraðfrystihúsaeigendur hafi verið ófúsir til að eyða fé til þessara hluta. Þetta er eitt af því, sem ég hygg, að gæti orðið til þess, að hv. þm. Barð. beiti áhrifum sínum til að vekja málið til meira lífs en gert var í fyrra.

Ég veit, að það er rétt, sem hann sagði, að málið hefði verið rætt á mörgum fundum í fyrra. En þegar á það er litið, að ekkert hefur verið gert í þessu efni, og það er honum kunnugt, þá lít ég svo á, að þótt sú stofnun, sem hefur verið falið að inna þetta verk af hendi, sé sjálfseignarstofnun, þá fer hún með landsfé og því ekki óviðeigandi, að Alþingi og ríkisstjórn beini störfum n. inn á hagnýtari brautir en verið hefur, því að það kom líka fram í ræðu hans, að n. hefur haft til umráða allmikið fé, sem hún hefur notað til annarra þarfa og að það hefur sætt nokkurri gagnrýni. Og þar sem málið liggur nú enn skýrar fyrir en í fyrra, þá mætti það verða til þess, að ýtt yrði við þessari n., sem er ekki allt of fjörug, svo að hún beitti sínu afli til að hrinda þessu máli áleiðis. Ég held, að það sé enginn vafi, að ef á að gera stórt átak um markaðsöflun í Bandaríkjunum, þá þarf til þess fleiri Íslendinga og fleiri fyrirtæki, eins og mér skilst, að vaki fyrir hv. þm.

Þar sem hv. þm. bendir á, að ef farið væri með fisk með Ameríkuverði inn á Evrópumarkað, væri auðvelt að selja hann þar, þá neita ég því ekki. En ég vil benda hv. þm. á það, að menn vita nú, hvers virði dollarinn er á Íslandi. Nú er það svo, að dollarinn er seldur á svörtum markaði jafnvel á þreföldu verði. Það er allt annað að fá dollara en gjaldeyri frá Póllandi, Rússlandi, Ítalíu o. s. frv. Þetta held ég, að hv. þm. Barð. hafi ekki enn tekið nógsamlega með í reikninginn. Nú er svo komið, að það stendur fyrir dyrum stórkostlegt strand í okkar framkvæmdum, ef við getum ekki fengið dollara, og dollara í stórum stíl er ekki hægt að fá nema fyrir hraðfrystan fisk.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það er örstutt viðbót við það, sem ég sagði áðan.

Mér komu fyrst í hug, af því að þessi till. er eingöngu miðuð við Bandaríkin, tilraunir þær, sem sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur haft þar með höndum. En ég vil út frá ummælum hv. þm. Barð., að fiskimálan. geti séð um þetta, geta þess, að eftir því sem ég veit bezt, þá hefur n. áður leitað samvinnu við ýmsar útflutningsstofnanir með markaðsleitir almennt fyrir augum, og fer þá vel á því, eins og hann minntist á, að hún sé til ráðuneytis kvödd í þessu máli, sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

4. Mælingar í Þjórsá.

Á deildafundum 3. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um, að ríkisstjórnin gefi Alþingi nú þegar skýrslu um, hvaða rannsóknir og mælingar hafa verið framkvæmdar af erlendu félagi í Þjórsá og hvað þær mælingar og rannsóknir hafa leitt í ljós (A. 11).

Á 4. fundi í Sþ., 9. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 5., 7., 8., 9., 10. og 11. fundi í Sþ., 10., 15., 16., 17., 20. og 21. okt., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Sþ., 22. okt., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Þessi till. er flutt til þess að fá fram upplýsingar um þær mælingar og rannsóknir, sem framkvæmdar hafa verið af hálfu erlends félags í Þjórsá nú undanfarið og nú er talið að sé lokið við.

Ég flutti í vor, þegar frv. um fjárhagsráð var hér til umr., brtt. við l. um fjárhagsráð, þar sem meðal annars var farið fram á, að rannsökuð yrði og undirbúin, ef rannsókn leiddi í ljós, að það væri heppilegt, virkjun Þjórsár á næsta áratug. Ég birti sem fylgiskjal með mínu minnihlutaáliti við 2. umr. um l. um fjárhagsráð ýtarlegt skjal frá rafmagnseftirliti ríkisins og raforkumálastjóra um þær mælingar, sem fram hafa farið í Þjórsá um það leyti sem fyrra stríð hófst, sem hafa leitt í ljós, að þarna er um að ræða ekki aðeins eitthvert stærsta vatnsfall, heldur eitthvert hið allra hentugasta, ef stórvirkjun ætti að eiga sér stað.

Þessar till. mínar voru allar felldar, og ég álít það mjög miður farið, því að með þeim var gerð grein fyrir því, að hverju fjárhagsráð skyldi vinna og í hvaða átt það skyldi stefna, en nú virðist það hafa gefizt upp við allt, sem þyrfti að vinna á sviði stórframkvæmda hér á Íslandi, — en látum það vera. Hitt er aðalatriðið frá mínu sjónarmiði, að Íslendingar fari að gera það upp við sig, hver eigi að verða höfuðstefna þeirra í atvinnumálum framvegis.

Ég færði þá þau rök fyrir mínu máli, að við hefðum á því tímabili, sem nú væri að líða, lagt höfuðáherzlu á eflingu sjávarútvegsins, en hitt væri gefið, að við gætum ekki til frambúðar unað við það eitt, ekki sízt ef ekki ætti að efla sjávarútveginn eins og nýbyggingarráð hafði gert ráð fyrir, og ég færði þess vegna fram þessa hugmynd, að reynt yrði að koma upp stóriðju hér og hagnýta til þess fyrst og fremst raforkuna og benti á Þjórsá til dæmis um þær rannsóknir, sem þyrfti að framkvæma.

Ég held, að það sé alveg gefið, að ef við ættum að reyna að koma upp stóriðju hér hjá okkur á grundvelli mikilla og stórra raforkuvéla, þá yrði að taka ákvörðun um það strax, þó að stóriðjan ætti ekki að vera komin í framkvæmd fyrr en eftir 10 ár, og það er vegna þess hvað lítið fjármagn við höfum. Við yrðum að einbeita fjármagninu að þessum framkvæmdum um langan tíma, og við yrðum að hafa langan tíma til að afla tækja erlendis, — þess vegna verðum við að taka slíkar ákvarðanir löngu fyrir fram og haga atvinnupólitík, gjaldeyrispólitík og verzlunarpólitík okkar í samræmi við það. Allar þessar till. mínar voru felldar. Á sama tíma á það sér stað, að erlent hlutafélag er að láta rannsaka, hvað mikla orku sé hægt að fá í Þjórsá og hvernig virkjunarskilyrði séu þar. Enn fremur vitum við, að Þjórsá mun vera að einhverju leyti í eign félags, sem ekki er nema að litlu leyti íslenzkt, þó að Alþ. hafi það alltaf á sínu valdi að ráða virkjunum í okkar landi.

Nú hefur það heyrzt, og það er tilefnið til þessarar þáltill. minnar nú, að erlendu hlutafélagi, sem áhuga hefur sýnt fyrir Þjórsá, þyki líklegt, að þar sé hægt að koma upp stórvirkjun. Við vitum, hvers konar gífurlegt kapphlaup er í heiminum um allar orkulindir. Við vitum t. d. um baráttuna um olíuna og t. d. kolin, sem er einhver harðasta barátta, sem fram fer um auðlindir heimsins, vegna þess að visindamenn sjá fram á, að mjög mikið af þeirri orku, sem notuð hefur verið undanfarið, muni þrjóta áður en margar aldir líða, og þess vegna mun kapphlaupið um það að ná einhverjum tökum á orkulindunum, t. d. fossaaflinu og hveraorkunni hjá okkur, vaxa alveg gífurlega, og það hefur heyrzt, að verkfræðingafélagið, sem mælir Þjórsá nú, geri það að undirlagi brezks auðfélags. En hins vegar mun alveg sérstaklega hafa verið á það minnzt, að til mála kæmi, *ef slíkt félag hugsaði til virkjunar, að það* fengi hráefni frá Kanada til þess að vinna úr því alumíníum.

Norðmenn hafa verið að reisa hjá sér stórvirkjun á þessu sviði, og af hálfu erlends auðfélags hefur verið gengið afar hart að norsku stj. til þess að reyna að ná tökum á slíkri stóriðju. En Norðmönnum tókst að tryggja þjóðinni sjálfri þennan rekstur, sem þeir eru að koma upp á grundvelli sinnar vatnsorku, og þeir eru að undirbúa alumíníumframleiðslu.

Í þeim till., sem ég flutti í fyrra, var sérstaklega farið fram á, að rannsakaðir yrðu möguleikar á því að flytja inn erlent hráefni til að vinna úr alumíníum hér heima. Nú er vitað, að það er óhugsandi nema iðjuverið, sem reist er í sambandi við það, sé svo stórt, að það sé tiltölulega stórt á alþjóða mælikvarða. Það er óhugsandi að vera samkeppnisfær í heiminum með alumíníum á annan hátt en þann, að það fyrirtæki, sem vinnur slíkt alumíníum hér heima, sé svo stórt, að það geti skaffað ódýra orku. Við yrðum að ráðast í að taka stærstu fossana í Þjórsá, Urriðafoss eða fossana við Búrfell til þess að virkja. Vitanlega yrði kostnaður við slíkt gífurlegur, máske yfir 100 millj. kr. við Urriðafoss og mörg hundruð millj. við Búrfell, og ef ætti að byggja slíkt iðjuver, þá yrði það fyrirtæki risavaxið á okkar mælikvarða og jafnvel á erlendan mælikvarða. Slíkt mundi sem sé þýða, að við yrðum að einbeita fjármagni okkar í þessu skyni til margra ára, t. d. 5—10 ára, einbeita gjaldeyri okkar og öllu fjármagni þjóðarinnar, ef við ættum að eiga slíkt fyrirtæki einir og lánalaust. Ég drep hér á erlend lán af þeim sökum, að ég álít það höfuðskilyrði, ef við förum út í stóriðju, að við þurfum engin erlend lán að taka. Ef við þyrftum að taka erlend lán til þess,

eins og hæstv. viðskmrh. minntist hér á fyrir nokkru, líkt og í sambandi við Sogsvirkjunina, og greiða 4—6% vexti, þá þýðir það, að gróðinn af slíkum fyrirtækjum fer út úr landinu og við verðum að leggja því meiri skatta á okkur og framleiðsluafurðirnar, er mundi oft leiða til þess á hinn bóginn, að þær yrðu ekki samkeppnishæfar. Þess vegna þarf í þessu máli að leggja ákveðnar línur löngu fyrirfram, skipuleggja þjóðarbúskapinn með það fyrir augum og haga honum með sérstöku tilliti til þess, að við verðum færir um að leysa þetta sérstaka og mikla viðfangsefni af hendi.

Ég flutti þessa till. í vor til þess að vekja athygli á því í tíma, hve framkvæmdir í þessu efni þurfa langan undirbúning, og vara við því, sem oft hefur átt sér stað, að ráðast í miklar framkvæmdir án fyrirhyggju. En frestun undirbúnings fram á síðustu stund gæti leitt til þess, að við þættumst ekki eiga annars úrkosta en taka erlend lán eða gefast upp ella. En hvort tveggja er óþarfi, aðeins ef við gætum þess að skipuleggja þjóðarbúskapinn í tíma og haga öllum fjármálum okkar með það fyrir augum að vinna stórvirki, og þá er það kleift.

Þess vegna þykir mér nokkur ástæða til að óttast það, að útlendu félagi hefur verið leyft að rannsaka Þjórsá. Ég býst við, að sú rannsókn hafi byrjað í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. En ég er hræddur um, ef tilboð bærist frá erlendu félagi um að reisa hér gífurlega stóra rafstöð eða orkuver, veita atvinnu í sambandi við það og selja síðan rafmagn með verði, sem vafalaust yrði vægt, þá er ég hræddur um, eins og ég sagði áðan, að hægt væri að agitera hér upp stemmningu fyrir því, ef ekki er með forsjálni sýnt fram á, að við erum færir um að gera þetta sjálfir með því að skipuleggja þjóðarbúskapinn með það fyrir augum. Ég hef því lagt fram þetta mál í því skyni að fá opinberlega fram, hvað ýtarlegar rannsóknir hafa verið gerðar og hvað þær hafa leitt í ljós. Ég geng sem sé út frá því, að ríkisstjórnin láti ekki fara fram mælingar á Þjórsá eða öðrum orkulindum landsins án þess að tryggja sér jafnframt að fá að vita árangurinn af þeim rannsóknum, og í öðru lagi að íslenzkir sérfræðingar og trúnaðarmenn fái að öllu leyti að fylgjast með, svo að sú þekking, sem þannig aflast, sé um leið orðin eign íslenzku þjóðarinnar. Og ég álít einmitt gott, ef Alþ. gæti fengið að vita um niðurstöður þessara rannsókna á þessu þingi, svo að það geti gert þær ráðstafanir, sem það telur rétt að gera, í krafti þeirrar þekkingar, sem komin er í ljós. Ég vona, að engir samningar séu hafnir við hið erlenda félag, og tilgangur minn er sá að fá yfirlýsingu um, að slíkir samningar hafi ekki verið gerðir, og ég vona, að þeir verði aldrei teknir upp. En ástæðan til þess, að ég minnist á samninga í till. minni, er sú, að samkv. reynslu álít ég það óhjákvæmilegt, að Alþ. láti það álit sitt í ljós, að það vilji ekki slíka samninga og vilji fylgjast með því, hvort byrjað er á nokkrum samningum. Það er vitað, að af samningagerð ríkisstj. við volduga erlenda aðila um sérleyfi hér á landi kynni að stafa sú hætta, að stjórnin leiddist út í að ganga of langt í samningagerðinni og leggja síðan samninginn fyrir Alþ., og þingmenn, er styddu stjórnina, fyndu sig þá bundna við hana og gengju lengra en þeir hefðu nokkurn tíma ella gert. Fordæmanna þarf ekki langt að leita, og því hef ég sett þetta um samningana inn í ósk mína eða skýrslubeiðni til ríkisstjórnarinnar.

Ég vona, að hæstv. atvmrh. gefi nú skýrslu um þetta mál, ef unnt er á þessu stigi þess, og væri þá hægt að ræða það nánar hér á Alþ., og vænti ég þess, að þær umræður gætu orðið að töluverðu gagni og til einhverrar uppbótar á þeirri óheppilegu afgreiðslu, sem frv. um stóriðju í sambandi við fjárhagsráð fékk hér í fyrra.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það er sjálfsagt, að ég gefi þær upplýsingar, sem hægt er að gefa á þessu stigi málsins, en þær verða þó mjög takmarkaðar, því að það er langt frá því, að mælingum sé enn lokið, þó að hv. 2. þm. Reykv. gæti þess til, þær eru víst ekki meira en hálfnaðar eða tæplega það.

Það er rétt að rifja lítið eitt upp gang þessa máls, þó að ég gerði það lauslega í vor, en hann er sá, að vorið 1946 mun erlent félag hafa snúið sér til þáv. ríkisstjórnar og óskað eftir að fá að athuga Þjórsá og virkjunarmöguleika þar. Þáv. ríkisstj. mun hafa gefið leyfi til þess og greitt fyrir þessum mönnum, en vitanlega án loforðs um framhaldsrannsókn eða nokkur réttindi í þessum efnum. Eftir að ég tók við embætti atvmrh., kom að nýju beiðni frá ensku verkfræðingafirma um að fá að halda áfram þessum mælingum. Um þessa beiðni var rætt í ríkisstj., og féllst hún á að heimila framhaldsrannsókn, og samkv. því veitti ég þetta leyfi. Hitt var tekið skýrt fram, að leyfið veitti engan ádrátt um nein réttindi að rannsókn lokinni, og íslenzkum sérfræðingum og trúnaðarmönnum skyldi vera gefinn kostur á að fylgjast með öllum rannsóknum og mælingum, svo að íslenzkum aðilum yrðu jafnóðum kunnar allar niðurstöður rannsóknanna. Jakob Gíslasyni raforkumálastjóra og Geir G. Zoëga vegamálastjóra var einkum falið að vera trúnaðarmenn ríkisstj. í þessu efni, eins og þeir höfðu verið áður, og enn þá var það undirstrikað að enginn ádráttur væri gefinn um neins konar réttindi til starfa að rannsókn lokinni.

Í sumar hafa verið gerðar vatnsrennslisrannsóknir í Þjórsá, en eitt sumar kemur þar ekki að fullu gagni, þessar rannsóknir verður að gera á öllum tímum árs eða árið um kring. Og nú hafa verkfræðingarnir samið við bónda fyrir austan um, að hann fylgist með vatnshæðinni í Þjórsá og geri þar nauðsynlegar mælingar í vetur, svo að hægt sé að fylgjast með vatnsmagninu allt árið. Virkjunarmælingarnar eru aðallega gerðar hjá Urriðafossi og Búrfelli, og að miklu leyti er eftir að vinna úr þeim mælingum, sem þegar hafa verið gerðar. En íslenzkir trúnaðarmenn, sem fylgzt hafa með mælingunum, hafa látið uppi, að þær falli saman við fyrri mælingar, sem gerðar hafa verið og eru í íslenzkra manna höndum. Ég hef rætt þetta mál sérstaklega við raforkumálastjóra síðan þessi þáltill. kom fram, og hann telur, að hinir útlendu verkfræðingar hafi haldið það að láta íslenzka trúnaðarmenn fylgjast með því, sem gert er og leitt í ljós, en málið er enn þá á rannsóknarstigi og engar fastar niðurstöður fyrir hendi. Ég hef því miður ekki getað rætt við vegamálastjóra, því að hann hefur verið mikið veikur að undanförnu, en ég veit, að hann hefur fylgzt með þeim mælingum, sem gerðar hafa verið, og þeim niðurstöðum, sem þær hafa leitt til á þessu stigi málsins. Ég hef

einnig óskað eftir, að raforkuráð fylgdist vel með í þessu efni, en í því eiga sæti 5 fulltrúar, og er Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri formaður þess. Ég hef rætt málið við ráðið, og það hefur málið einnig með höndum til athugunar, hvernig taka beri á því að lokum, því að það er hverju orði sannara, sem hv. flm. sagði, að það er stórkostlegt vandamál fyrir íslenzku þjóðina smáa og félitla, hvernig taka á á slíku máli. Það getur orðið lyftistöng, ef rétt er á haldið, en það gæti líka orðið sú hætta, að slíkar framkvæmdir gleyptu þjóðfélagið. Það er því sjálfsagt að kveðja til alla trúnaðaraðila í þessu máli, og þó að ég telji mig ekki geta rætt þetta ýtarlega hér, þá vil ég skýra frá því, að tillögur hafa þegar komið fram í raforkuráði um það, hvernig réttast sé að taka á þessum hlutum, en ég tel mig þó tæplega hafa rétt til að skýra frá þeim tillögum hér að efninu til á þessu stigi málsins. En vegna þess hve þetta mál er þýðingarmikið og vegna þess að ég hef aðeins skýrt frá broti af þeirri þekkingu, sem er í höndum viðkomandi aðila, legg ég til, að umr. verði frestað og málinu vísað til nefndar, er fengi öll plögg og gögn til athugunar, sem eitthvað er hægt að græða á, og gæti hún þá rætt við viðkomandi trúnaðarmenn, t. d. raforkuráð, til þess að Alþ. geti nú og ætíð fylgzt með því, sem gerist í málinu. Því að ég er því fyllilega sammála, að hér sé um slíkt hagsmuna- og vandamál að ræða, að nauðsynlegt sé, að allir beztu menn séu til kvaddir að ráða hinum haldbeztu ráðum.

Ég hygg, að það hafi nú komið skýrt fram í ræðu minni, sem ég vil nú að lokum segja, að það er svo langt frá því, að samningar hafi hér verið gerðir við nokkurt erlent félag, að sá fyrirvari hefur einmitt verið gerður, að rannsóknaleyfið veiti engan rétt til framkvæmda að rannsókn lokinni. Það liggur því opið fyrir Alþ. að taka sínar ákvarðanir í þessu máli.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. atvmrh. fyrir skýrslu þá, er hann hefur nú gefið, og það er mér sérstakt ánægjuefni, að engir samningar hafa verið gerðir. Enn fremur er ég samþykkur því, að málið gangi til nefndar og þá helzt allshn.

Ég hafði heyrt, að þessu verkfræðingafélagi litist alveg sérstaklega vel á fossana við Búrfell og einn sérfræðingur hafi látið í ljós, að þessir fossar væru æskilegastir allra fossa í Evrópu til virkjunar, eða þeirra fossa, sem hann hefði séð. Þegar við vorum að ræða þetta mál hér í fyrra (ég var náttúrlega upp í skýjunum, eins og venjulega), þá snerist það um Urriðafoss, það virtist of stórkostlegt að hugsa um Búrfell, sem er nálega helmingi lengra frá Reykjavík og samkv. skýrslu Sætersmoen er reiknað þar með 470 hestafla virkjun miðað við afspennt afl í Reykjavík. Margt hefur breytzt með tilliti til tækniþróunarinnar, síðan Sætersmoen mældi og athugaði Þjórsá, en í skýrslu, sem raforkumálastjóri lét mér í té s. l. vor í sambandi við fjárhagsráðsfrv., er gizkað á, að orkuver við Urriðafoss mundi kosta 110 millj. með núverandi verðlagi, en orkuver við Búrfell 300 millj. Allur virkjunarkostnaður við Urriðafoss (að meðtöldum háspennulínum og aðalspennistöðvum) mundi þá verða 145 millj., en við Búrfell 465 millj. En raforkumálastjóri tók skýrt fram, að þetta væri ekki kostnaðaráætlun, heldur verðágizkun með hliðsjón af greinargerð og áætlunum Sætersmoen. Og nú kemur hér til greina spursmálið um ódýrt afl, þegar valið er á milli virkjunarstaða. Virkjun Búrfellsfossanna er að vísu miklu kostnaðarsamari í heild en virkjun Urriðafoss, en kostnaður á hverja afleiningu verður að líkindum miklu minni, ef virkjað væri við Búrfell, og komi það í ljós, er það gífurlegt fjárhagsspursmál fyrir Íslendinga, ef þeir ætla að virkja sjálfstætt, að virkja stórt, svo að orkan verði ódýr, en horfa ekki í stofnkostnaðinn í upphafi. En til þess að hægt sé að ráðast í slíka stórvirkjun, þurfa allar aðrar framkvæmdir þjóðarinnar að markast af og miðast við þetta gífurlega átak um langt árabil. Það þarf að rísa upp stóriðja í landinu, það þarf að fjölga fólkinu í landinu, skapa því aukna atvinnumöguleika og velmegun. Við landbúnaðinn fer fólkinu fækkandi, en sjálfur landbúnaðurinn fer þó hraðvaxandi, afköst hans hafa 5—10-faldazt á stuttum tíma. Við sjóinn hefur í allra djörfustu áætlunum nýbyggingarráðs ekki verið reiknað með meiru en 9 þús. mönnum á skipunum eða við þau. Spurningin er því: Að hverju á okkar þjóð að vinna í framtíðinni, eigum við að reka verzlun hver við annan og reka allt í smáum stíl? Þá er hætt við, að lífsstandardinn verði ekki hár. Við vitum vel, að stóriðja okkar í útgerðinni gefur af sér nálega allan gjaldeyri þjóðarinnar, og þó starfa ekki nema 1000 manns að þeirri framleiðslu. Ef við ætlum að hagnýta orkulindir okkar á landi eins vel og í jafnstórum stíl og við hagnýtum okkur gæði sjávarins og eins og hægt er að gera, þá þýðir það, að raforkuverin þyrftu að vera hin stærstu, sem lagt hefur verið í. Við höfum á undanförnum árum verið að fikra okkur áfram í þessum efnum, og alltaf hefur vantað rafmagn. Hins vegar vitum við, að ef við ætlum að leggja í slík stórfyrirtæki, þá þarf langan og öruggan undirbúning og rannsóknir, og það þarf að haga öllum öðrum framkvæmdum þjóðarinnar með hliðsjón af því um langt árabil. Það tvennt þarf að fylgjast að.

Ef við vildum gera fyrirætlanir um stórkostlegan útflutning í sambandi við raforkuna, mundi sá útflutningur eftir nokkur ár hafa sömu þýðingu og útflutningur stórútgerðarinnar nú. Það yrði að vísu nokkur áhætta, alveg eins og með fiskveiðið núna. Í slíkan stóratvinnurekstur yrði að setja yfirgnæfandi meiri hluta af öllum þeim gjaldeyri, sem fer til fjárfestingar, og ef við gerum ráð fyrir þessum stóriðnaði árið 1955, þá held ég, að það verði að taka ákvarðanir um hann nú þegar. Það er óhugsandi að láta verzlunina gleypa fjármagnið eins og undanfarið hefur verið. Það þýðir ekki að láta fjármagnið streyma þangað óhindrað, sem það gefur af sér mestan arð. Stórkostleg fyrirtæki verða ekki reist nema með sparnaði á þjóðartekjunum og skipulagi á dreifingu þeirra. Svona mál grípa inn í hvert einasta dægurmál, sem nú er afgr., og stórvirki verða ekki gerð, ef núverandi glundroði í þjóðarbúskapnum á að haldast. Það verða sömu vandræðin og árið 1934, þegar rannsókn á högum atvinnuveganna leiddi í ljós, að í verzluninni voru bundnar 100 millj. króna, en aðeins 22 millj. í sjávarútveginum. Með þessum hlutföllum óbreyttum er stóriðja hér óhugsandi. Setjum nú svo, að erlent félag kæmi, sem

vildi framleiða ódýrt rafmagn í stórum stíl, rafmagn, sem fólkið alls staðar á landinu beinlínis hungrar eftir. Við getum þá hugsað okkur tvístringinn, sem yrði, ef þá þyrfti skyndilega að fara að breyta um allan þjóðarbúskapinn. — Þessum hugleiðingum vildi ég aðeins bæta við, áður en málið færi til nefndar og til athugunar hjá öðrum viðkomandi aðilum.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 25 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

5. *Viðbótarvirkjun í Soginu og Laxá.*

Á 5. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um viðbótarvirkjun í Soginu og í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu (A. 18).

Á 7. og 8. fundi í Sþ., 15. og 16. okt., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Sþ., 27. okt., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Með þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, er farið fram á, að ríkisstj. geri ráðstafanir til þess, að viðbótarvirkjanir verði gerðar í Soginu og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu og að þessum virkjunum verði lokið svo fljótt sem verða má og eigi síðar en á árinu 1949. Eins og hv. þdm. er kunnugt, mun það vera um það bil helmingur landsmanna, sem á að fá raforku frá fyrrgreindum stöðvum, í fyrsta lagi til heimilisnota og í öðru lagi til þess hluta iðnaðar, sem rekinn er með rafmagnsorku. Það er því auðsætt, að það er geysiþýðingarmikið fyrir meginhluta landsmanna, að orkuver þessi séu fær um að veita þá orku, sem þörf er á á hverjum tíma. Eins og nú standa sakir, er orkuframleiðsla þeirra hins vegar ófullnægjandi, og raunar hafinn undirbúningur að stækkun stöðvanna og þar með viðurkennd hin mikla þörf, sem er á stækkun þessara orkuvera. Það er kunnugt, að höfuðborg landsins, Reykjavík, sem fær rafmagn frá Soginu, hefur þegar þörf fyrir meiri raforku en hægt er að framleiða, og til viðbótar hafa svo verið byggðar orkuveitur út frá Soginu til sveitanna hér fyrir austan fjall. Hafa þær ýmist verið tengdar við Sogsvirkjunina eða verða tengdar á næstunni, en vegna orkuleysis Sogsstöðvarinnar hefur nú orðið að loka hluta úr sólarhringnum fyrir strauminn til þeirra veitna, sem þegar hafa verið tengdar. Það er því ótvírætt, að orkuframleiðsla Sogsvirkjunarinnar er nú of lítil. Enn má gera ráð fyrir því, að raforkunotkunin hér fari vaxandi í nánustu framtíð, þannig að orkuvöntunin verði stórum meiri, er lengra líður, og það þegar á næstu árum. Það ríður því mikið á því, að þeirri viðbótarvirkjun, sem þegar er hafin við Sogið, verði hraðað sem mest og allt verði gert til þess, að framkvæmdin taki sem allra stytztan tíma.

Um Laxárvirkjunina er alveg sömu sögu að segja. Næststærsti bær landsins, Akureyri, fær alla sína orku þaðan, og það er staðreynd, að orkuþörfin þar er meiri en fullnægt verði nú. Auk þess er ýmist verið að tengja nýjar veitur við virkjunina eða ákveða að byggja fleiri, þannig að orkuþörfin er orðin miklu meiri en Laxárstöðin geti fullnægt, bæði hvað snertir Akureyri og héruðin í kring. Um þá stöð er því eins og með Sogsstöðina, að fyrir því liggja ótvíræðar sannanir, að stækkunar er þörf, og sú þörf er þegar viðurkennd með því að hefja undirbúning að stækkun, enda þótt ekki sé enn ákveðið, hvernig þeirri stækkun skuli hagað eða hvaða aðili skuli framkvæma hana. Ég vildi geta þess hér um Laxárvirkjunina, að þörfin á stækkun hefur ekki aðeins verið viðurkennd af Akureyrarbæ, heldur einnig af hæstv. ríkisstj. og Alþ., því að þetta mál var hér á dagskrá í lok síðasta þings og var ríkisstj. þá með þáltill. heimilað að hefja undirbúning að stækkun virkjunarinnar og að festa kaup á efni og vélum í því skyni. Nú er það svo, að þessi heimild hefur ekki verið notuð, en í rauninni má vera, að ekki sé hægt að ásaka hæstv. ríkisstj. fyrir það, þar sem nauðsynlegum undirbúningsrannsóknum, t. d. um, hvaða vélar skyldi nota, var ekki lokið fyrr en í sumar. En nú, þegar þetta liggur fyrir, þá má ákveða, hvaða aðili skuli hafa framkvæmdina með höndum og hefja verkið, og tilgangurinn með þessari till. er að ýta á eftir því, að heimildin verði notuð og allar ráðstafanir gerðar til þess að viðbótarvirkjuninni verði lokið á sem stytztum tíma.

Það mætti kannske ætla, að ekki væri sérstök þörf afskipta Alþ. á þessu stigi málsins vegna þeirrar heimildar, sem ríkisstj. hefur þegar fengið, og vegna þess að Reykjavíkurbær hefur ákveðið að hefja stækkun á Sogsvirkjuninni. En þó að undirbúningur sé hafinn, skiptir það, eins og áður er sagt, geysimiklu máli, að verkið taki ekki langan tíma. Ef framkvæmdin er tafin, geta orðið miklir erfiðleikar á því að útvega efni, t. d. nauðsynlegar vélar. Slík útvegun getur tekið langan tíma, og er því nauðsynlegt að byrja á verkinu sem fyrst. Ég hef fengið upplýsingar um, að vegna þeirra gjaldeyrisörðugleika, sem nú eru að vissu leyti fyrir hendi og hæstv. ríkisstj. hefur gert mjög mikið úr, þá sé ekki ennþá fengið nauðsynlegt gjaldeyrisleyfi til þess, að hægt sé að gera samning við þann erlenda verkfræðing, sem áformað var að fá til þess að gera áætlanir og uppdrætti um viðbót Sogsvirkjunarinnar. Í því tilfelli getur ekki verið um mjög háa upphæð að ræða, og þó að nokkrir gjaldeyrisörðugleikar séu fyrir hendi, þá nær það ekki nokkurri átt að láta það stöðva svona framkvæmdir, sem eru til brýnna nauðsynja fyrir þjóðina og beinlínis koma til með að skapa gjaldeyri. En þetta atriði og önnur, sem frekar smávægileg virðast, geta haft áhrif á undirbúningsstarfið og orðið þess valdandi, að byrjun verksins dragist of lengi og framkvæmdin verði ekki eins góð og skyldi. Kunnugir menn óttast, að ef dráttur yrði á málinu, t. d. með útvegun gjaldeyrisleyfa, þá geti það haft alvarlegar afleiðingar, eins og t. d. ef ekki væri sem fyrst hægt að gera samning við þann

erlenda verkfræðing, er ég minntist á áðan, en hann er mjög eftirsóttur og hætt við, að hann ráði sig annars staðar, ef ekki takast samningar við hann sem fyrst. Slíkt atriði og ótal mörg önnur, sem til greina koma, geta haft geysimikla þýðingu, og má ekkert slíkt sem það að fá ekki nauðsynleg gjaldeyrisleyfi standa í vegi fyrir góðum og skjótum undirbúningi.

Varðandi viðbótarvirkjunina í Laxá hefur raforkumálastjóri sótt um fjárfestingarleyfi fyrir þessa viðbót miðað við það, að verkið stæði í tvö ár, 1948 og 1949, en síðast þegar ég vissi, var leyfið ekki fengið. Ég vil vona, að ekki þurfi þó að standa á slíku leyfi, því að það þarf að liggja fyrir, strax og gengið hefur verið frá uppdrætti yfir viðbótina, svo að þeir, sem vilja bjóða í verkið, þurfi ekki að vera neitt hikandi.

Það er tilgangurinn með þessari till., að Alþ., sem engan veginn getur talið sér þetta mál óviðkomandi, láti málið þegar í stað til sín taka og láti uppi vilja sinn um það, að ekki skuli standa á, að undirbúningurinn gangi sem bezt og að öllum hindrunum verði þar rutt úr vegi. Ég vænti þess, að hv. Alþ. sé sama sinnis og s. l. vor og muni því með samþykkt þessarar till. veita ríkisstj. nauðsynlegt aðhald til þess, að leyfi fáist til kaupa á nauðsynlegum vélum og allt verði gert til þess, að verkinu verið lokið á sem allra stytztum tíma. Við höfum takmarkað tímann í till. þannig, að virkjununum skuli lokið ekki síðar en 1949, og liggja fyrir upplýsingar frá sérfræðingum, að það sé vel mögulegt, en þó því aðeins, að ekki verði neinn óeðlilegur dráttur á leyfisveitingum. Þessi till. er líka flutt til þess, að ríkisstj. undirbúi málið svo, að ekki þurfi að standa á þessum umræddu leyfum og verkinu geti orðið lokið á tilteknum tíma.

Ég legg svo til, að þessu máli verði vísað til fjvn.

Forseti (JPálm): Hæstv. atvmrh. hefur óskað að ræða þetta mál, en varð að fara á fund, svo að umr. verður frestað.

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 5. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það eru meðal annars þrjú atriði, sem farið er fram á með till. þeirri, sem hér um ræðir. Í fyrsta lagi er farið fram á við ríkisstj., að hún geri allar ráðstafanir til þess, að virkjununum verði lokið svo fljótt sem verða má og ekki síðar en 1949, í öðru lagi er farið fram á gjaldeyrisleyfi til að tryggja aðstoð erlendra sérfræðinga og loks, að ríkisstj. noti fengna heimild til að festa kaup á vélum og efni. Það má segja, að ekki sé vanþörf á að ræða þessi mál hér á Alþ., enda hlutu þau að koma til umr. hér, því að í ráðuneyti því, er ég veiti forstöðu, hefur verið skýrsla um þessi mál í heild, og er ákveðið að leggja þá skýrslu fyrir fjvn., sem kemur til með að þurfa mjög að fjalla um þessi rafmagnsmál. Og það þarf fleira að gera en skora á ríkisstj. að nota heimildir o. s. frv. Það þarf að taka málin fastari tökum.

Þessi tvö mál, sem um ræðir í till., standa nú þannig, að undirbúninginn að viðbótarvirkjun Sogsins hefur rafmagnsveita Reykjavíkur með höndum, og er rannsóknum þar langt komið. Hvað snertir erlenda sérfræðinga, þá hefur í sumar verið tryggður gjaldeyrir til þess, að þeirra gæti notið við. Þingmönnum er kunnugt, að heimild er til fyrir ríkisstj. að taka þátt í Sogsvirkjuninni, og í sumar kom borgarstjóri að máli við ráðuneytið til að spyrja um, hvort áhugi væri af hálfu ríkisstj. á því að nota þessa heimild. Ég tel, að áhugi á því sé fyrir hendi, ef viðunandi samningar takast milli Reykjavíkurbæjar og ríkisins, en í þessu sambandi eru mörg flókin atriði, sem athuga þarf gaumgæfilega, áður en samið er. Ríkisstj. hefur skipað sérfróða menn við undirbúning málsins og eru þeir í sambandi við rafmagnsstjóra Reykjavíkurbæjar, en niðurstöður þeirra verða lagðar fyrir þetta þing. En til þess að þetta þyrfti ekki að tefja virkjanirnar, þá hefur ríkisstj. stuðlað að því, að rannsóknir haldi áfram af fullum krafti. Sogsvirkjunin mun kosta um 50 millj. kr. og þar af 40—50% í erlendum gjaldeyri. — Um Laxárvirkjunina er það að segja, að heimildin, sem ríkisstj. fékk s. l. vor, hefur verið notuð að því leyti, að undirbúningsrannsóknir hafa verið gerðar í sumar og er svo langt komið, að brátt mun ástæða til að panta vélar til virkjunarinnar. Sama er að segja um Laxárvirkjunina og hina, að fram hefur komið sú skoðun, að ríkið ætti að standa að virkjuninni með Akureyrarbæ eins og að Sogsvirkjuninni með Reykjavíkurbæ, og er það í athugun, ef viðunandi samningar nást. Lausleg áætlun um kostnað við virkjunina við Laxá er um 20 millj. kr., þannig að kostnaðurinn við báðar virkjanirnar er áætlaður um 70 millj. kr., og eins og áður segir, 40—50% í erlendum gjaldeyri. En þegar þessar virkjanir eru á komnar, fylgir þegar stórkostleg lánaþörf til þess að færa orkuna út um byggðina og byggja nýjar línur, þannig að þessar virkjanir, þótt komnar séu upp, hafa í sér fólgna geysimikla þörf á auknu fjármagni. — Þessar tvær virkjanir, sem skorað er á ríkisstj. að hrinda í framkvæmd, kosta um 70 millj. auk kostnaðar við að byggja línur út frá þeim. En það eru fleiri mál, sem óleyst eru í þessu sambandi og þarf jafnvel að leysa á undan. Þessar virkjanir og leiðslur hafa verið byggðar eða er ákveðið að byggja og hefur verið ætlazt til, að þær gætu aflað sér lánsfjár. En ástandið er þannig, að þær hafa ekki getað fengið einn eyri frá hinum opinberu lánsstofnunum. Mörg þessara mannvirkja hafa verið sett á stofn með bráðabirgðalánum úr raforkumálasjóði, en þegar sjóðurinn hefur ætlað að kalla inn sín lán og virkjanirnar þurft að fá lán úr bönkum eða sparisjóðum, þá hafa þau ekki fengizt, og ef þessu fer fram, verður raforkumálasjóður að mestu óvirkur, er fé hans er þannig bundið.

Ég vil þá gefa nokkurt yfirlit um rafmagnsveitur, sem verið er að byggja eða áformað er að reisa, og ástand þeirra. Til Reykjanesveitu þarf allt að 350 þús. kr. bankalán, og ekkert af fé raforkusjóðs fengist þaðan endurgreitt. Árnessýsluveita er fyrirhuguð, og þarf til hennar 1,4 millj. kr. lán, en ekkert af því er fáanlegt nú. Húsavíkurveitu vantar 1,1 millj. kr., sem hvergi fæst. Virkjun Fossár var ákveðin hér á síðasta þingi, en í hana þarf 3,5 millj. kr., en það fjármagn er sömuleiðis

ófáanlegt. Gönguskarðsárveita var hafin í fyrra, en sökum gjaldeyrisskorts og þess, að ekkert lánsfé fæst, verður henni ekki lokið í ár, og það, sem gert er, er fyrir bráðabirgðalán úr raforkumálasjóði, þar sem hinar opinberu lánsstofnanir hafa ekki treyst sér til að láta neitt af höndum. Til Hafnarfjarðarveitu voru fyrirhugaðar 700 þús. kr., en það fé er ófáanlegt. Ölfusveita þarf 365 þús. kr., sem hvergi fást. Reykholtsveitu vantar 320 þús. kr., en það fé er ekki fáanlegt. Þá var og lína um Flóa, sem gerði ráð fyrir 680 þús. kr. láni, en það fæst ekki. Grenjaðarstaðaveitu skortir 100 þús. kr., sem einnig fæst ekki. Að Dalvíkur- og Hríseyjarveitu hefur nokkuð verið unnið, en þar vantar 1150 þús., en sú upphæð er ófáanleg. Smærri veitur þurfa svo 800 þús. kr., og fæst það fé hvergi að heldur. Þá eru tvær virkjanir, Skeiðsfoss- og Andakílsárvirkjanirnar. Til þeirra vantar lán að upphæð 600 þús. til 1 millj. kr. Og hef ég sem ráðh. þessara mála gert allt til að útvega þeim nauðsynleg lán, en hvergi fengið þau. Bankarnir eru lokaðir og hvergi peninga að fá. Með öðrum orðum, þegar þetta er saman dregið liggja fyrir raforkumannvirki, sem munu kosta um 160 millj. kr. og eru í undirbúningi eða ákveðin og þegar hafin, og lánsþörf þeirra er að minnsta kosti 120—130 millj. kr., og þegar ástandið er þannig, sem ég hef lýst, þá vona ég, að hv. þm. sjái, að meira þarf að gera en skora á ríkisstj. að kippa þessu í lag. Í kjölfar virkjananna siglir svo stórkostleg lánsþörf vegna línubygginga til að koma rafmagninu út um landið, því að annars væri tilgangslaust að reisa virkjanir. *Ég er sízt á móti því að ræða þetta mál hér* og hafði hugsað mér að byrja á því að gefa fjvn. skýrslu um málið, því að hún mun koma til með að hafa forgöngu um málið hér á þingi, og mun ég senda nefndinni skýrslu um þessi mál, en taldi rétt að gefa þetta bráðabirgðayfirlit hér. En það er víst, að nefndinni er óhætt að taka þessi mál til rækilegri athugunar en orðalag till. þeirrar, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir.

Flm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hæstv. ráðh., að mikil þörf sé á, að Alþ. taki þessi mál til athugunar og ráði fram úr þeim vandamálum, sem með þeim hafa skapazt, en það mun aðallega vera útvegun á fjármagni til þessara framkvæmda. En af þessu er líka auðsætt, að full ástæða er fyrir þeirri till., sem hér er flutt.

Meginhluti af ræðu hæstv. ráðh. fjallaði um bá erfiðleika, sem hann ætti við að etja í þessu sambandi, og því til staðfestingar las hann upp allmargar virkjanir, sem þegar væru hafnar og sumar langt á veg komnar, en væru að stöðvast eða stöðvaðar vegna þess, að ekki hefur tekizt að fá lán til framkvæmdanna. Einmitt þetta sýnast mér sterk rök fyrir því, að þessi mál séu tekin til rækilegrar yfirvegunar og komið í veg fyrir, að slík þjóðþrifamál stöðvist vegna fjárskorts. Ég álít, að þjóðin sé ekki svo fátæk, að ástæða sé til að leggja árar í bát, og þó að þessar framkvæmdir séu dýrar, þá held ég, að það sé enn þá dýrara að fresta þeim og það geti haft slæmar afleiðingar.

Hitt er svo annað mál, sem gæti gefið ástæðu til umr., að lánsstofnanir landsins virðast ekki hafa mikinn áhuga á að lána fé til þessara framkvæmda. Ég ætla ekki að fara langt út í það mál, en vil hins vegar benda á, hvort sú stefna, sem gert hefur vart við sig hjá lánsstofnunum í þessum málum og þar á meðal hjá þjóðbankanum, sé holl eða vel fallin til þess að greiða fyrir mikilvægum framkvæmdum. Mér virðist stefnan hættuleg og að það kunni að sýna sig, að nauðsyn verði fyrir löggjafarvaldið að taka fram fyrir hendurnar á þessum stofnunum og samræma starfsemi þeirra við þarfir atvinnulífsins og þjóðarinnar.

Nokkur undirbúningur mun hafa farið fram við þessar fyrirhuguðu virkjanir. Mér er t. d. kunnugt um, að veittur hefur verið erlendur gjaldeyrir til jarðvegsrannsókna í þessu sambandi, en hins vegar mun ekki enn hafa verið veittur gjaldeyrir til þess að hægt væri að semja við Bergdal verkfræðing, sem hér hefur verið, um endanlega áætlun um verkið, og mér hefur verið tjáð, að ef þetta leyfi fengist ekki fljótlega, þá mundi verkfræðingurinn ekki bíða, en það gæti haft alvarlegar afleiðingar, meðal annars dregið verkið mjög á langinn. Ég vil því sérstaklega óska eftir, að ríkisstj. beiti sér fyrir því, að slík atriði tefji ekki málið.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að enn væri óráðið, hvernig eignarrétti yrði hagað á þessum veitum, hvort þær mundu verða eign ríkis eða bæja, og taldi hann, að í því máli væru mörg og flókin atriði. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé alveg rétt, og einmitt þess vegna tel ég þörf á að athuga þau atriði nú þegar, svo að þau tefji ekki framkvæmdir, þegar þar að kemur.

Við Laxá mun undirbúningur það langt kominn, að næst liggur fyrir að bjóða verkið út, en til þess að það *sé hægt, þarf fjárfestingarleyfi* að vera fyrir hendi, því að öðrum kosti væri slíkt útboð ekki tekið alvarlega. Það er því nauðsynlegt, að ríkisstj. hlutist til um að fá þetta fjárfestingarleyfi, t. d. á næstu tveimur árum. Eins og kunnugt er, tekur það langan tíma að fá efni og vélar og þess vegna nauðsynlegt að panta þær fyrr en síðar.

Ég vænti þess, að fjvn. athugi þetta mál, og vil vona, að hún komist að sömu niðurstöðu og ég um nauðsyn á að hraða þessum framkvæmdum eftir því, sem föng eru á.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég hef litlu við að bæta það, sem ég sagði áðan, en að gefnu tilefni örfáar aths. Um það, að ríkisstj. hefði ekki enn útvegað fjárfestingarleyfi til þessara framkvæmda, sem hér um ræðir, þá er það alveg rétt, en ég lít þannig á, að málið sé ekki á því stigi enn. Mér finnst fyrst og fremst verða að tryggja það, að fyrir hendi sé nægilegt fjármagn, bæði innlent og í erlendum gjaldeyri, og þessa hlið málsins verður Alþ. að sjá um. Það munu allir ráðh. fá nóg af því til lengdar að fara lánsstofnun úr lánsstofnun til þess að biðja um nokkur hundruð þúsund króna lán til slíkra framkvæmda, auk þess sem slík lán eru alls ekki fáanleg nú. Það er tilgangslaust að skora á ríkisstj., ef Alþ. hefur ekki tryggt fjárhagshlið málsins með sínum ráðstöfunum.

Það má vel vera, að það sé dýrara að láta þessar framkvæmdir bíða, eins og þm. var að tala um, en þegar sá, sem framkvæma á, hefur ekki það afl, sem þarf, þá er ekki um neitt slíkt að ræða. Menn verða af fiskinum, þegar öngulinn vantar á færið. Ég er ekki með þessum orðum á nokkurn hátt að draga úr, að þessum framkvæmdum verði hraðað

eftir föngum, þvert á móti hef ég bæði embættislegan og persónulegan áhuga á, að þetta gangi sem bezt. Ég vona, að það takist að leysa þessi mál, og eins og ég tók fram áðan, mun ég senda fjvn. skýrslu um það, hvernig þessi mál standa, og á þeim grundvelli ræða við hana um úrlausn, sem við teldum sameiginlega bezta.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til fjvn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

6. *Benzínskömmtun og söluskattur af benzíni til einkabifreiða.*

Á 5. fundi í Sþ., 10. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um fyrirkomulag benzínskömmtunar og um söluskatt af benzíni til einkabifreiða (A. 19).

Á 7. fundi í Sþ., 15. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 19 ásamt hv. þm. N-Ísf. um fyrirkomulag á benzínskömmtun og um söluskatt af benzíni til einkabifreiða.

Benzínskömmtun var tekin upp um s. l. mánaðamót, og mun mörgum hafa fundizt skammturinn vera nokkuð krappur, ekki sízt atvinnubifreiðastjórum, og einnig til þeirra bifreiða, sem notaðar eru í þágu framleiðslunnar. Ég býst við, að þar verði um undanþágu að ræða. Þessi þáltill. er ekki fyrst og fremst til þess að fá aukinn skammt bifreiðum til handa, heldur fyrst og fremst til þess að afla ríkissjóði tekna með léttu móti.

Benzínskömmtunin er, eins og önnur skömmtun hér, til komin í þeim tilgangi að spara erlendan gjaldeyri. Ég vil heldur ekki loka augunum fyrir þeirri miklu þörf, sem er að spara gjaldeyrinn á þessum tímum. En það er nú hægt með svo mörgu móti, og getur margt komið þar til greina.

Undanfarin missiri hefur verið flutt mikið inn af bifreiðum, og munu bifreiðar í landinu vera um 10 þús. og bifhjól um 6 hundruð, og þar af mun helmingur vera fólksbifreiðar. Þegar svo dregnar eru frá atvinnubifreiðar og lækna- og sjúkrabifreiðar og jeppabifreiðar, sem notaðar eru í þágu landbúnaðarins, þá munu aðrar einkabifreiðar vera um 3500 eða því sem næst.

Þær tekjur, sem ríkissjóður hefur af benzíni með því verði, sem á því er, munu vera sem næst 26.5 eyrir af lítra, og er það drjúgur peningur með þeim benzínaustri, sem verið hefur undanfarið. Og það er vissulega nógu hár skattur fyrir þá, sem nota bifreiðarnar í þágu framleiðslunnar. En það, sem fyrir okkur flm. vakir, er að láta benzín til atvinnubifreiða með óbreyttu verði, en hækkunin, sem við leggjum hér til, verði aðeins látin ná til einkabifreiða, og eins og ég áður tók fram, er till. fyrst og fremst flutt til þess að afla ríkissjóði tekna með léttu móti.

Það segir nú kannske einhver, að það sé hlutverk ríkisstj. að koma með till. til tekjuöflunar, en það má þá segja til afsökunar því, að við flm. flytjum þessa þáltill., að það er í raun og veru hlutverk allra okkar þm. að koma með till. í þá átt, ef við teljum þær vera til bóta. Við flm. álítum, að ríkissjóði veiti ekki af nú að fá nýjar og auknar tekjur. Ég veit ekki, hvernig hagur ríkissjóðs er í dag, en við vitum, að á ríkissjóði hvíla þungir baggar, sem hann verður að standa undir, og ég býst við, að hagur hans sé ekki svo góður nú, að hann gæti ekki þegið það fé, sem honum stendur hér til boða. Það er vitað, að í sambandi við skömmtunina og takmörkun á innflutningi hljóta tekjuvonir ríkissjóðs að rýrna að verulegu leyti, og er því meiri þörf nýrra tekjuöflunarleiða.

Það eru tveir tekjustofnar, sem ríkissjóð munar mikið um, sem eru fyrir sölu á áfengi og tóbaki. Mér er sagt, að ríkissjóður muni á þessu ári fá í hreinar tekjur af sölu tóbaks og áfengis ekki minna en 50 millj. kr. Þetta er mikil upphæð hjá ekki stærri þjóð en við erum, Íslendingar. Og það er staðreynd, sem vert er að gera sér ljósa, að ríkissjóður, eins og er, er mjög háður því, hvernig tekst að koma eitri og deyfilyfjum í þjóðina. Ég býst við, að það verði erfitt að afla ríkissjóði nægilegra tekna án þess að vera að einhverju leyti upp á þessa tekjustofna komnir. En ég hygg, að bæði hæstv. ríkisstj. og aðrir vildu gjarnan, að hægt væri að koma málunum þannig fyrir, að ríkissjóður væri ekki í eins ríkum mæli háður því, hvernig til tekst um sölu á þessum eitur- og deyfilyfjum til þjóðarinnar.

Benzínið verður ekki fengið nema með erlendum gjaldeyri, og lítrinn mun nú kosta í innkaupi um 17 aura, og það er vitanlegt, að með auknum skammti til bifreiða þarf meiri erlendan gjaldeyri.

Það er ekki tekið fram í þessari þáltill. eða grg., hvernig hugsað er að framkvæma sölu á þessum aukaskammti, en það er vitanlega hægt með mörgu móti. En sennilega væri eðlilegast, að olíufélögin seldu benzín á sama verði, 68 aura, en gefnir væru svo út sérstakir benzínmiðar, sem giltu fyrir það benzín, sem selt væri með hinu háa verði, og þeir miðar væru seldir hjá lögreglustjórum.

Það er talað um það hér í grg. fyrir þáltill. að selja benzínið á 2 kr. pr. lítra, en það er vitanlega hæstv. ríkisstj. að ákveða það, hvort hún hefur það verð hærra eða lægra, ef út í það yrði farið að athuga, hvað heppilegast þætti í þessu efni. En 2 kr. finnst okkur flm. ekki vera nein fjarstæða. Og þegar þess er gætt, að benzínlítrinn kostar 68 aura nú, þá koma þar 132 aurar til viðbótar, og gætu þá þeir, sem vildu fá aukaskammt, fengið miða hjá lögreglustjóra, og hver miði kostaði 132 aura. Þá er í grg. gerð grein fyrir tekjum, sem líklegt þykir, að ríkissjóður fengi af þessum ráðstöfunum. Það er þar gert ráð fyrir, að aukning

benzínsölu mundi verða um 500—600 þús. lítra á mánuði, og er þetta vitanlega áætlun, sem ekki er hægt að segja ákveðið um, hvort stenzt. En ef miðað er við þá tölu einkabifreiða, sem ég áðan nefndi, þá er þetta ekki óeðlileg ágizkun. Og ég get búizt við, að á meðan peningaveltan er eins og hún er í dag, þá gæti eyðslan orðið meiri og tekjurnar þá eftir því. En sé miðað við 500—600 þús. lítra eyðslu á mánuði, þá kostar það um 100 þús. kr. í erlendum gjaldeyri á mánuði. Ef hið hækkaða verð yrði 2 kr. pr. lítra á 600 þús. lítrum, má gera ráð fyrir auknum tekjum af sölunni, er næmu allt að 900 þús. til 1 millj. kr. á mánuði, eða 10—11 millj. kr. á ári.

Nú mun einhver segja, að þessi áætlun standist ekki vegna þess, að þetta sé of hátt áætlað, en hlutfallstölurnar breytast ekki fyrir því milli gjaldeyriseyðslu og tekna ríkissjóðs, og gera má ráð fyrir, að álagningin verði undir öllum kringumstæðum um 1000%.

Ég veit ekki nákvæmlega, hve mikil álagning er á áfengi og tóbaki, en mér þykir líklegt, að hún sé svipuð og hún yrði á benzíni með þeirri álagningu, sem við flm. leggjum hér til, að hún verði. Ég held þá, að það sé heilbrigðara að gefa fólki kost á að kaupa benzín til skemmtiferða og annarra nota af frjálsum vilja heldur en að troða upp á það, eins og nú er gert, áfengi og tóbaki, sem er öllum óneitanlega til mikils tjóns.

Ef einhver kemur hér fram með þá skoðun, að gjaldeyrisástæðurnar leyfi ekki aukna benzíneyðslu og þessi þáltill. sé þess vegna ófyrirsynju, þá vil ég segja það, að það er þá betra að reyna að draga eitthvað úr innflutningi tóbaks og áfengis sem því nemur og leyfa meiri notkun á benzíni, því að ríkissjóður í báðum tilfellum græðir álíka mikið, en hitt verður hollara fyrir þjóðfélagið að leyfa fólkinu að nota benzín sér til skemmtunar og oft til gagns heldur en eins mikið tóbak og áfengi og nú á sér stað.

Ég tel því rétt að samþykkja þessa þáltill., þó að sú skoðun kæmi fram, að gjaldeyrisástæðurnar leyfðu það ekki, því að það mætti þá spara þann lið, sem ég áður hef nefnt.

Ég legg til, að þessari þáltill. verði vísað til hv. fjvn. Það hefur verið regla að vísa till., sem útgjöld hafa í för með sér, til þeirrar n., en ekki hinum, sem hafa tekjuvonir, en ég álít, að þessi till. til þál. sé betur komin hjá hv. fjvn. heldur en hjá hv. allshn. Ég legg til, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 5. des., utan dagskrár, mælti

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég leyfi mér að spyrja hv. fjvn., hvað líði afgreiðslu þáltill., sem ég flutti í byrjun þingsins. Hún var um fyrirkomulag benzínskömmtunar og söluskatt af benzíni til einkabifreiða. Nú vil ég æskja þess, að hv. n. geri grein fyrir afgreiðslu málsins, en hún hefur ekki enn gefið út nál. Annar flm. þessarar till. á nú sæti í n., en hann var ekki við, er ég hóf mál mitt. Vona ég, að hann geti gefið mér upplýsingar um afdrif málsins í nefndinni.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Út af fyrirspurn um till. okkar hv. þm. N-Ísf. varðandi sölu benzíns, þá er það mér að kenna, að n. hefur ekki enn afgr. till. N. skrifaði um málið til skömmtunarskrifstofu ríkisins, og hefur n. borizt svar hennar, og er svarið jákvætt. N. skrifaði einnig fjárhagsráði, en það, eða meiri hl. þess, eins og segir í svarinu, mælir ekki með till. að svo stöddu. Nú er það mér að kenna, að ekki hafa farið fram umr. um málið, en með því er ekki verið að reyna að sveefa það, heldur hef ég viljað fá svör frá fleiri aðilum um málið, og hv. meðflm. minn getur því verið rólegur þess vegna.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég er ánægður með þessar upplýsingar um meðferð málsins í hv. fjvn. Ég vissi, að meðflm. minn að þessari till. mundi sjá svo um, að ekki mundi dragast lengi að afgreiða þetta mál. En í þessu sambandi vil ég nota tækifærið og segja hæstv. ríkisstj. frá því, að hér er að skapast stórkostlegur svartur markaður með benzín, og má því ekki dragast miklu lengur, að till. okkar hv. 2. þm. Rang. verði afgreidd. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. veit það, að á bak við hana á sér stað stórkostleg sala á benzíni milli manna. Ég vildi segja henni frá þessu, en svarti markaðurinn getur valdið ríkissjóði stórkostlegu tjóni.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

7. Síldarbræðsluskip.

Á deildafundum 13. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um síldarbræðsluskip (A. 25).

Á 7., 8., 15. og 16. fundi í Sþ., 15., 16., 27. og 29. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Með þessari till., ef samþykkt yrði, er skorað á ríkisstj. að athuga, hvort tiltækilegt væri að smíða eða kaupa til landsins skip, er setja megi í síldarbræðsluvélar og nota sem fljótandi síldarverksmiðjur, og jafnframt er bent á, að athugað sé sérstaklega, hvort unnt væri að nota til þessa flugvélamóðurskip, sem munu vera á boðstólum. Ég flutti þessa till. hér á síðasta þingi, henni var vísað til allshn., en n. skilaði aldrei áliti um málið. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa till. nú, en vísa í því sambandi til grg. minnar fyrir henni í fyrra. Síðan hef ég rætt við ýmsa kunnáttumenn á þessu sviði, og þeir hafa flestir fullyrt, að það mundi bæði vera tiltækilegt og skynsamlegt að setja síldarbræðsluvélar í skip. Aðrar þjóðir hafa gert tilraunir og eiga að baki sér langa reynslu á þessu sviði, t. d. Norðmenn, þeir hafa haft bræðsluvélar í skipum til að bræða hval. Mér finnst það mjög at-

hugandi, og síldargöngurnar gefa ríkt tilefni til þess að ganga úr skugga um, hvort ekki sé rétt að hverfa frá þeirri stefnu að byggja eingöngu á verksmiðjum í landi, en hafa í þess stað nokkurs konar hreyfanlegar verksmiðjur eftir því, hvar síldin heldur sig. Það er að vísu vitað fyrir löngu, að síldin er duttlungafullur fiskur, en reynsla síðustu ára hefur þó sýnt það bezt. Það er því augljóst mál, að *ef vel tækist um framkvæmd eða rekstur síldarbræðsluskips*, væri það mikil og þörf nýjung fyrir síldarútveginn.

Ég vona svo að hv. allshn. sýni þessu máli meiri áhuga en í fyrra og að sú athugun geti farið fram, sem hér um ræðir.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

8. *Læknisbústaður í Flateyjarhéraði.*

Á 6. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um byggingu læknisbústaðar í Flateyjarhéraði (A. 27).

Á 7. og 8. fundi í Sþ., 15. og 16. okt., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 13. fundi í Sþ., 23. okt., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Ég hef á þskj. 27 borið fram till. til þál. um að skora á ríkisstj. að láta nú þegar gera allan nauðsynlegan undirbúning til þess, að byggður verði læknisbústaður í Flateyjarhéraði svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en fyrir árslok 1948 og heimila til þess fé úr ríkissjóði.

Ég get að langmestu leyti látið mér nægja að vísa til grg. um þetta mál, en vil þó leyfa mér sérstaklega að benda á, að það er svo mikill vandi aðsteðjandi í þessu máli fyrir héraðið, að það verður á einhvern hátt að greiða úr því á þessu þingi. Ég geri ráð fyrir, að n. fái málið til meðferðar og leiti sér allra upplýsinga í sambandi við það. Ég skal ekki þreyta hæstv. forseta með lengri framsögu, en óska, að till. verði að umr. lokinni vísað til fjvn.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil aðeins segja örfá orð, áður en till. fer til fjvn., því að ég geri ráð fyrir, að henni verði vísað þangað að till. hv. flm.

Eins og menn vita, er á hverju ári veitt í fjárl. fé til læknisbústaða og sjúkraskýla. Er gert ráð fyrir, að þetta fé sé notað til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli gegn framlagi frá héruðunum sjálfum, og ef ég man rétt, þá er hlutfallið ⅗ og ⅖. Nú hefur verið reynt að hafa þá stefnu að veita þetta fé þangað, sem þörfin er brýnust og minnstar líkur til, að læknirinn sjálfur hafi bolmagn til að leysa sín húsnæðismál, og annað þess háttar kemur til greina, því að ekki er hægt að sinna öllum óskum. Hins vegar er það svo, að þingið hefur ekki ákveðið það, í hvaða bústaði fé skyldi leggja, en hefur þó fylgzt með, hvað gerzt hefur. Þetta vil ég benda á og svo annað. Það stendur í grg. fyrir þessari till., að héraðið muni enga fjárhagslega möguleika hafa til að leggja fram neinn hluta, svo að sýnilega vakir það fyrir hv. flm., að bústaðurinn sé byggður án framlags heiman frá. Ég vil benda Alþ. á, að ef farið verður út á þessa braut, ég skal ekki um það dæma á þessu stigi, hvort það er fært, þá er enginn vafi á því, að margir mundu telja, að þeir ættu líka að njóta þessara hlunninda. Þess vegna er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því í n. og þinginu, hvort út á þessa braut skuli leggja. Ég vil styðja þá till., að þáltill. fari til fjvn., því að þar á hún heima, og í raun og veru hefði verið heppilegra að taka þetta málefni til meðferðar í sambandi við fjárl. en að flytja um það sérstaka þáltill., þó að það ætti ekki að gera svo mikið til, þar sem till. fer til fjvn. Ég vil skora á þá n. að athuga málið í sambandi við fjárl., þegar þar að kemur, og er reiðubúinn að ræða málið við n. og gefa upplýsingar um, hvernig því fé, sem veitt hefur verið í þessu skyni, hefur verið varið, og enn fremur umsóknir, sem fyrir liggja, svo að n. geti fengið sem bezt yfirlit yfir málið, áður en það er afgr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Út af ræðu hæstv. ráðh. vil ég benda á, að þetta mál er sérstaklega flutt til þess að fá allan kostnaðinn greiddan úr ríkissjóði, sem er á móti gildandi l. Í l. er ákveðið, að héraðið skuli greiða ⅗, en ríkissjóður ⅖, en í þessu tilfelli er algerlega útilokað, að héraðið geti staðið undir sínum hluta, en óhjákvæmilegt að leysa þörf héraðsins, því að þessir menn, sem þarna búa, eiga að sækja yfir 5—6 tíma ferð á sjó, auk þess sem þarf að fara á landi sums staðar til þess að ná í þann lækni, sem nú gegnir störfum í héraðinu. Í þriðja lagi hefur brugðizt von um, að heilbrigðisstjórnin veitti héraðinu þjónustu, og hefur þar strandað á því, að enginn læknisbústaður var í héraðinu. Þess vegna verður að finna einhver ráð til að veita héraðinu þjónustu, og ef það er ekki hægt með öðru en að byggja læknisbústað, þá verður að gera það, en ef bústaðurinn er kominn, þá tel ég, að hægt væri með ýmsu móti að veita héraðinu þjónustu, m. a. með því að fá læknanema frá háskólanum, sem eiga frí hluta af árinu.

Þetta er í raun og veru ekki nýtt mál hér á þingi, því að þegar l., sem gilda í þessu efni, var breytt, þá var því mjög haldið fram af mér, að óhjákvæmilegt væri ekki aðeins, að ríkissjóður ætti læknisbústaðina, heldur einnig lyfjabirgðir, svo að menn gætu komið þangað og gegnt héraðinu um stundarsakir án þess að fá veitingu. Það eru ekki mörg læknishéruð, sem svo er ástatt um, en þó nokkur. Nú er svo ástatt, að menn verða að sækja lækninn yfir þveran Breiðafjörð, hvernig sem veður er, til Stykkishólms og eiga á hættu, að hann sé í embættiserindum í víðlendu héraði heima hjá sér. Íbúar þessa læknishéraðs hafa beðið með

kröfu sína, af því að heilbrigðisstjórnin hélt fram, að af því að svo margir læknanemar væru staddir utan lands vegna stríðsins, væri skortur á læknum, en úr því mundi verða bætt, þegar þeir kæmu heim. En það, sem nú strandar á, er það, að ekkert skýli er til yfir læknirnn.

Þá er einnig þess að gæta, að síðan l. um læknisbústaði var breytt, hefur verið gengið inn á þá breyt. að byggja yfir alla presta landsins, m. a. var byrjað á því að byggja í Reykjavík tvö eða þrjú prestssetureshús. Ég skal ekkert um það ræða, hvort það hafi verið rétt stefna, en ef það hefur verið réttlætismál að byggja yfir alla presta í sveitum og kaupstöðum, þá er erfitt fyrir ríkið að standa á móti því að byggja yfir læknana, auk þess sem farið er nú að byggja yfir héraðsdómara. Það hlýtur þá að vera alveg eins rétt, að ríkið byggi yfir læknana að fullu og öllu. En það er vegna þess, að ekki er hægt að bíða eftir slíkri breyt., að ég hef flutt þetta mál hér. Mun ég kalla til fjvn. ráðh. og landlækni og fá upplýsingar hjá þeim um þetta mál allt, áður en það verður afgreitt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér, áður en þetta mál fer til n., að benda á þrennt.

Það eru nokkur fleiri héruð læknislaus, sem hafa kannske sömu ástæður og þetta hérað. Og þegar farið verður að athuga þessa till. í fjvn., þá má ekki heldur gleyma þeim öðrum héruðum, sem læknislaus eru.

Þegar þetta mál var rætt síðast hér á þingi, læknislausu héruðin, þá var samþ. að skipa mþn. til að gera álit og till. um málið. Síðan eru fjögur ár. Sú n. hefur starfað, en ég hef ekki heyrt neitt frá henni. Ég vil gjarnan heyra frá hæstv. ráðh., hvað þessi n. hefur starfað og hvenær mætti vænta, að hún færi að koma með sitt nál., sem átti að leysa læknamálið úti um land. Í þeirri n. mun landlæknir vera og, að ég held, núverandi borgarstjóri í Reykjavík og Magnús Pétursson bæjarlæknir. Kannske hefur borgarstjórinn verið sendur út í læknislausu héruðin til að leita álits manna þar, eins og hann var á sínum tíma sendur að leita að stjórnarskrám, en ég hef aldrei heyrt meira af þeim stjórnarskrám, sem hann kom með úr för sinni, og ef til vill er þetta svipað með álit þau, er hann hefur sótt til manna í læknamálinu, og kannske líkt starfi hans yfirleitt.

Í þriðja lagi vil ég benda á, að þegar í fyrra var um það rætt hér á þingi að byggja prestssetureshúsin, margbenti ég á það, að ekki ætti að afgreiða það mál, heldur frv. um embættisbústaði embættismanna ríkisins, svo að allir stæðu þar við sama borð. Nú heyri ég, að hv. þm. Barð. vill, að læknar séu þarna í sama hóp og aðrir embættismenn. Hví eiga ekki allar stéttir embættismanna að búa við sömu kjör? Hví ekki að samræma l. um bústaði fyrir alla starfsmenn ríkisins, sem ríkið vill láta hafa bústaði eða á að láta fá bústaði? Ég vil nú beina því til hæstv. stj., hvort hún vill ekki í tilefni af þessari till. sjá um, að bústaðir lækna verði byggðir á fleiri stöðum en Flatey. Þar er illa ástatt, en það er víðar. Ég vil spyrja hana, hvort hún vill ekki taka alla slíka bústaðaþörf upp og hvort hún vill ekki athuga, hvort ekki ætti að samræma l. um bústaði héraðsdómara, presta, lækna o. s. frv. og láta það sama gilda fyrir alla þá bústaði, sem ríkið vill kosta og leggja til sínum starfsmönnum.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það hefur ekki komið neitt frá mþn. enn, sem skipuð var fyrir alllöngu síðan til að athuga þetta mál og gera till. til úrbóta, en ég skal ganga eftir því, að sú n. skili áliti.

Ég vil aðeins í sambandi við þessa þáltill. og það, sem hv. þm. Barð. sagði um samanburð við prestssetur, skólastjórabústaði, sýslumenn og bæjarfógeta, segja það, að ég vil gjarnan vera með í því að endurskoða þessi mál í sambandi við þá þáltill., sem hér liggur fyrir, og beita mér fyrir því, að athugað sé, hvernig þessi mál standa og hver þörfin er, og að það yfirlit geti orðið lagt fyrir Alþingi. Það gæti vel verið ástæða til að breyta löggjöfinni að þessu leyti, og mætti snúa inn á þá breyt., ef mönnum sýndist það skynsamlegt.

Ég vil í sambandi við þetta mál benda á, að ekki er annað hægt en að athuga það sérstaklega vel, þegar svona till. koma fram, og það er það, sem ég fyrir mitt leyti vil eiga hlut að.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir það lið, sem hann vill leggja málinu í heild. Ég lofa því, að málið skal fá fullkomna athugun í n., áður en það kemur frekar til umr.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

9. Sendiferðir til útlanda.

Á 6. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um samning skýrslu um kostnað ríkissjóðs við sendiferðir til útlanda síðan stríði lauk (A. 28).

Á 7. fundi í Sþ., 15. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8., 15. og 16. fundi í Sþ., 16., 27. og 29. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Með þessari till., ef samþ. yrði, væri ríkisstj. falið að gefa Alþ. sundurliðaða skrá um þær fjárhæðir, sem greiddar hafa verið af ríki og ríkisstofnunum

sem ferða- og dvalarkostnaður eða laun sendimanna, sem hafa farið utan opinberra erinda, síðan stríði lauk, til að taka þátt í ráðstefnum og þingum, í markaðsleit eða til að undirbúa hinar og aðrar framkvæmdir. Nú sem stendur er mikill gjaldeyrisskortur og mikið talað um nauðsyn þess að spara gjaldeyri. Á hinn bóginn er það almannarómur, að ríkisvaldið sjálft hafi jafnvel greitt óhóflega mikið fé til sendiferða erlendis vegna þátttöku í alls konar ráðstefnum og þingum, vegna markaðsleitar o. s. frv. Sérstaklega leikur orð á því, að fyrrv. ríkisstj. hafi verið helzt til ráðdeildarlítil í þessum efnum, eftir að stríðinu lauk, og heldur lítið sparsöm á þess háttar kostnað. Ég skal ekkert fullyrða um rökin fyrir þessum almannarómi. Mér er að vísu kunnugt um nokkur dæmi til varnaðar í þessu efni (í sambandi við fyrrv. hæstv. ríkisstj. og þá sér í lagi fyrrv. atvmrh.), er ég tel litt verjandi. Ég ætla þó ekki að nefna hér nein dæmi, því að ég vil ekki vera svo ósanngjarn að nefna þau dæmi, sem ég þekki, ef önnur enn þá verri dæmi skyldu vera til, sem mér væri ekki kunnugt um. Á þessu stigi málsins fer ég því ekki út í þetta í einstökum atriðum, enda væri það að taka fram fyrir hendurnar á ríkisstj., sem einmitt er falið með þessari till. að láta gera og birta Alþ. skrá yfir þessi mál.

Það má segja, að tilgangurinn með þessari till. sé tvíþættur. Í fyrsta lagi: Ef almannarómurinn reynist rangur, er rétt, að hann sé borinn til baka með skýrum rökum og sýnt, að ekki hafi verið um neitt óhóf að ræða. Í öðru lagi: Ef almannarómurinn reynist á rökum reistur, er nauðsynlegt, að hið sanna komi fram, svo að það geti orðið núverandi ríkisstj. til hæfilegs varnaðar. Annað sé ég ekki ástæðu til að láta fylgja þessu máli, sem ég býst við, að verði vísað til allshn., og ég vænti þess, að hún mæli með því til samþykktar.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

10. Áfengisnautn.

Á 6. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um ráðstafanir til að draga úr áfengisnautn (A. 30).

Á 7. og 8. fundi í Sþ., 15. og 16. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 24. okt., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Ég hef ásamt fimm öðrum hv. þm. leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 30 um ráðstafanir til að draga úr áfengisnautn. Þær eru tvíþættar. Annars vegar að fela ríkisstj. að láta l. nr. 26 frá 1943, um héraðabönn, koma til framkvæmda eigi síðar en 1. jan. 1948. Hinn þáttur till. er að fela ríkisstj. að gefa út reglugerð um skömmtun áfengis. — Á síðasta Alþ. voru fluttar tvær þáltill. um þetta, sem þessi þáltill. er um, af sömu flm. Önnur þeirra var á þskj. 127, en hin á þskj. 70. Báðar voru till. ræddar í sameinuðu þingi og báðum var þeim vísað til allshn. Nál. kom að vísu um aðra þeirra, en umr. varð ekki lokið, og hvorug till. var afgreidd frá þinginu. Allir flm., sem að þessum þáltill. stóðu á síðasta þingi, urðu sammála um að endurflytja þær nú sem eina þáltill.

Ég sé ekki ástæðu til að gera grein fyrir þáltill. þessari meir á þessu stigi málsins, því að grg. er prentuð með þáltill. Ég legg til, að till. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til síðari umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 30, n. 289 og 319, 404).

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mjög mörg orð um þetta mál, a. m. k. að svo stöddu. Þn. fékk margar till., sem snerta áfengi og áfengisneyzlu í landinu, og meiri hl. hennar varð ásáttur um að bera fram brtt. við þáltill. á þskj. 30.

Ég skal fyrst taka fram af hálfu meiri hl. n., að hann lítur svo á, að það sé ekki hægt með öllu fyrirvaralaust að fyrirskipa stórkostlega skömmtun og takmörkun af hálfu löggjafarvaldsins án þess að séð sé fyrir tekjum ríkinu til handa í stað þeirra miklu fjárhæða, sem ríkið hlýtur að missa við slíkar ráðstafanir, ef maður má miða við þá reynslu, sem fengin er nú í þessum efnum síðustu ár. Hins vegar hygg ég mér sé óhætt að fullyrða, að meiri hl. n. telur, að mjög alvarlega horfi í þessum efnum hjá þjóðinni, hvað áfengisneyzlan er mikil og hvernig með áfengi er farið. En þó að þannig sé ástatt um málið, verða þeir, sem bera ábyrgð á fjárreiðum ríkisins, að hafa í huga, að það er ekki hægt með skyndiráðstöfunum fyrirvaralaust að ganga svo frá þessu máli, að ekki sé ríkinu séð farborða með þennan tekjumissi, sem það verður fyrir. Af hálfu okkar meiri hl. er það líka fullkomin alvara, að á þessu máli verði þannig tekið, að þær ráðstafanir, sem settar verða, komi að tilætluðum notum. Það hefur enga þýðingu í þessu máli, að gerðar séu aðrar ráðstafanir en þær, að áfengisneyzla meðal þjóðarinnar minnki stórkostlega. Ég ætla, að það mætti tæplega minna vera en áfengisneyzla minnkaði upp undir það um helming. Af minni hálfu get ég tekið fram, að mín vegna mætti neyzlan gjarnan minnka miklu meira, því að ég hef ekki trú á því, að það sé gott að neyta áfengis að neinu ráði. Með þetta fyrir augum, þetta viðhorf til málsins, þýðir ekkert að leggja hér til annað en það, sem maður ætlar, að

komi að einhverju gagni. Þjóðin er ekki betur á vegi stödd, þótt við gerum hér einhverjar ályktanir í þessu máli, sem hafa á engan hátt það í sér fólgið, að neyzla áfengra drykkja meðal þjóðarinnar minnki verulega við það. Það er þá ekki nema að sýnast og þjóðin ekki betur komin með þess konar vinnubrögðum. — Það er tæplega hægt að hugsa sér, að þetta mundi hafa í för með sér minni skerðingu fjármuna fyrir ríkissjóð á ári en 10—20 millj., og ef það á að skella því á fyrirvaralaust, án þess að gera neinar ráðstafanir, þá held ég, að það geti valdið ekki litlum erfiðleikum, og mér skilst, að af hálfu okkar hér, sem eigum að sjá fjármálum ríkisins farborða, séu slík vinnubrögð ekki viðhlítandi og því beri að haga framkvæmd þessa máls, sem annarra, í fullri ábyrgð.

Eins og hv. þm. sjá á þessum till., vakir það fyrir meiri hl., að tekin verði upp skömmtun, að l. um héraðabönn komi til framkvæmda, að sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að uppræta leynisölu, sem nú á sér stað í stórum stíl. Af hálfu okkar meiri hl. vil ég og taka fram, að fyrir okkur vakir það, að hæstv. ríkisstj. undirbúi þessi l. með þeim ráðum, sem hún getur við komið, þannig að Alþ. geti á sínum tíma fljótlega tekið ákvarðanir einmitt í þessum efnum, sem leiði það af sér, að neyzla áfengra drykkja meðal þjóðarinnar minnki stórkostlega frá því, sem nú er.

Ég get svo sagt persónulega, að ég hef ekki minnstu trú á takmörkunum í þessum efnum nema tekin verði upp skömmtun á áfengi. Í fyrra, þegar þessi mál lágu fyrir Alþ., komu meðmæli frá bindindismönnum með héraðabönnum einum. Ég hef ekki minnstu trú á slíkum ráðstöfunum út af fyrir sig. Ég hygg, að þessar ráðstafanir verði að haldast í hendur.

Ég vil svo taka það fram, — og hygg, að flestir líti þar líkt á, — að það er mikið alvörumál, hve mikill hluti uppvaxandi æsku er hneigður til þess að hafa áfengi um hönd og því miður oft í of stórum stíl. Ég hygg, að skemmtanalífið gerist nú oft með þeim hætti, sem veldur vafalaust þeim, sem þátt taka í því, máske aðeins stundargleði, en á þann hátt stundargleði, sem varir vafalaust stutt og skilur eftir sínar minningar, sem ég hygg, að séu jafnvel nokkuð galli blandnar, eins og oft hefur verið, ef mikið hefur verið haft um hönd af áfengum drykkjum á gleðisamkomum. Þetta er þjóðfélagsmein, sem nauðsynlegt er að reyna að bæta og laga og þolir ekki bið.

Viðvíkjandi þeim atriðum, sem ekki hafa verið tekin upp, eins og t. d. það atriði, sem fyrir liggur í till., að áfengi sé ekki veitt í veizlum, vil ég segja það, að ég held, að það sé tæplega hægt fyrir Alþ., það sé tæpast tilhlýðilegt að leggja á bann við slíku meðan ríkisvaldið heldur uppi sölu áfengra drykkja, að lagt sé bann við því að hafa vín um hönd í opinberum veizlum, sem haldnar eru hjá æðstu stjórnarvöldum landsins. Þetta ber ekki þannig að skilja, að ég telji það neitt sáluhjálparatriði af minni hálfu, en mér finnst þetta engin háttvísi af hálfu hins opinbera. Það annast þessa sölu, útvegar þessa vöru, en bannar hana svo í veizlum, sem æðsta stjórn landsins heldur. Slíkt væri í alla staði mjög óviðeigandi.

Þá er það viðvíkjandi 2. tölul. þessarar till., þar sem lagt er til að koma á þeirri skipan, að engir fái áfengi undir útsöluverði, en þó haldist sú venja, sem verið hefur um þetta efni gagnvart æðstu stjórnarvöldum landsins. Í þeim lið er vitaskuld engin bindandi ákvörðun og kemur því málinu ekkert við, heldur er það tekið þar inn í til þess að gera ekki mörg mál úr raunverulega einu máli, og það, að meiri hl. n. fellst á þessa till., stafar af því, að þing eftir þing er nú farið að gera þessi svokölluðu sérréttindi að umræðuefni, og verður að játa, að þær umr., sem fram hafa farið um þessi mál, hafa hvorki verið skemmtilegar né þinginu til sóma, og það er af þessum ástæðum, að meiri hl. kemur inn á þau mál, til þess að þurfa ekki að endurtaka þing eftir þing umr. um mjög lítið atriði.

Ég sé svo ekki að svo vöxnu máli ástæðu til að segja um þetta fleiri orð. Ég vil vænta þess, ef Alþ. getur á þessar till. fallizt, að þá geri hæstv. ríkisstj. þær ráðstafanir, sem í till. felast, fljótt og vel.

Hv. minni hl. n. mun gera grein fyrir afstöðu sinni, og fyrir fram skal ég ekkert minnast á hana.

Frsm. minni hl. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. Ég get verið sammála hv. frsm. meiri hl. allshn. (JörB) um það, að lítil þörf sé á að hefja langar umr. um þetta mál, svo mjög sem það er þaulrætt bæði utan og innan þingsins. Ég get þó ekki komizt hjá að fara nokkrum almennum orðum um þær till., sem fyrir liggja, m. a. vegna þess, að mér þótti rétt, þegar málið var í fyrstu lagt fyrir hæstv. Alþ., að spara ræðuhöld, og hafði því mjög stutta framsögu í málinu.

Eins og hv. þm. er ljóst, er um tvö atriði að ræða í þáltill. á þskj. 30. Í fyrsta lagi er lagt til, að ríkisstj. sé falið að láta l. nr. 26 frá 1943, um héraðabönn, koma til framkvæmda eigi síðar — stendur hér í till. — en 1. jan. 1948, sem að sjálfsögðu yrði að breytast í framkvæmd, ef till. yrði samþ., af því að nokkur tími er liðinn síðan hún var borin fram. Í þessu sambandi vil ég aðeins minna hæstv. Alþ. á þá staðreynd, að héraðabönn á Íslandi eru ákveðin í gildandi l. Það er m. ö. o. lögboðið, að ekki skuli hafa áfengisútsölur í neinu héraði landsins nema samkvæmt ákvörðun meiri hl. kjósenda innan héraða. Nú er hægt að deila óendanlega um það, hvort þessi löggjöf er heppileg eða óheppileg, og skal ég ekki enn einu sinni skorast undan að taka þátt í umr. um það efni við þessar umr., en mun ekki fara út í slíkt að fyrra bragði. Vil ég aðeins minna á það, að l. um héraðabönn eru enn í gildi, og er 2. gr. þeirra svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú telur ríkisstjórnin, að lög þessi kunni að brjóta í bága við milliríkjasamninga, og skal hún þá gera þær ráðstafanir, er hún álítur nauðsynlegar til þess að samrýma þá samninga ákvæðum laganna. Að því loknu öðlast lögin gildi, enda birtir ríkisstjórnin um það tilkynningu.“

Þær grunsemdir voru sem sé uppi, þegar l. um héraðabönn voru sett, að svo kynni að fara, að fróðir menn álitu, að l. brytu í bága við milliríkjasamninga, en Alþ. gaf ríkisstj. skýr fyrirmæli um það, að ef hún kæmist að þeirri niðurstöðu, skyldi hún breyta þeim samningum til samræmingar við l. og síðar auglýsa, að l. kæmu til framkvæmda. Nú eru liðin 5 ár síðan þetta gerðist, og er vissa fengin fyrir því, að allar ríkisstj., sem setið hafa að völdum síðan, hafa a. m. k. saman-

lagt haft nægan tíma til þess að gera upp við sjálfar sig þessi atriði, sem sé í fyrsta lagi, hvort l. brjóti í bága við millirikjasamninga, og ef svo væri, þá að gera á þeim samningum nauðsynlegar breytingar. Ég vil undirstrika það, að svona getur þetta ekki öllu lengur gengið, og er annaðhvort tveggja að gera að framkvæma þessi l. eða að fella þau úr gildi. Er því rétt, að vilji þ. komi. fram í þessum efnum og ákveði og sjái um, hvað gera skuli, og tel ég, að hér þurfi ekki lengur umhugsunar við.

Í öðru lagi er lagt til í þessari þáltill., að gefin verði út reglugerð um skömmtun áfengis. Ég get sagt það hér, sem ég hef sagt áður á Alþ., að ég hef haft og hef enn takmarkaða trú á skömmtun áfengis, en verð að viðurkenna þá staðreynd, að þann tíma, sem skömmtun áfengis var reynd snemma á stríðsárunum, kom í ljós, þrátt fyrir hversu ófullkomin hún var, að hún dró allmikið úr áfengisneyzlunni. Sú skömmtun var tekin upp *af sérstökum ástæðum og undir sérstökum kringumstæðum*, og það er staðreynd, að hún dró verulega úr sölu áfengis. Ég hygg líka, að þegar svo gegndarlaus sala áfengis á sér stað eins og nú, geti ekki hjá því farið, að skynsamlega framkvæmd skömmtun á áfengi mundi draga úr sölu þess og neyzlu. Tel ég nauðsynlegt, að gerðar verði ráðstafanir til þess, að slíkt megi verða, og ég hika ekki við að fullyrða, að slík yrði reyndin á, ef áfengisskömmtun yrði upp tekin, þótt ég sé mjög í vafa um gildi hennar þegar til lengdar lætur.

Þá er og annað atriði, sem veldur því, að ég er fylgjandi samþykkt þessarar þáltill., og það er, að þeir menn, sem áhuga hafa fyrir héraðabönnum og kunnugastir eru á þeim svæðum, þar sem helzt kæmi til mála að loka áfengisútsölum, hafa látið í ljós þá skoðun sína, að ef skömmtun yrði upp tekin jafnhliða lokun vínútsölu, væri áreiðanlega hægara um að ná árangri að lokum. Ég hef fallizt fyllilega á þessar röksemdir, og þær vega nokkuð mikið á metaskálunum hjá mér og valda því, að ég get eindregið mælt með samþykkt þessarar till. eins og nú standa sakir.

Sá mjög svo undarlegi háttur hefur nú verið hafður á af hv. meiri hl. allshn. að taka til meðferðar í brtt. sínum við þáltill. á þskj. 30 önnur þingmál. Ég hygg, að þetta sé með fádæmum, ef ekki einsdæmum, og efa ég mjög, að þetta geti heitið þingleg meðferð. En eigi að síður veldur þetta því, að ég kemst ekki hjá að minnast nokkuð á tvær af þeim till., sem sé um afnám sérréttinda í áfengiskaupum og um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins. Ég vík fyrst máli mínu að till. um afnám sérréttinda í áfengiskaupum. Ég skal viðurkenna, að þetta er ekkert sérstakt bindindismál, og geri ekki ráð fyrir því, að samþykkt þeirrar till. mundi orka neinu um bindindissemina í landinu yfirleitt, en hitt sýnist mér augljóst, að það er illa viðeigandi, að vissir opinberir starfsmenn séu launaðir á þann hátt að njóta þeirra fríðinda að fá áfengi keypt frá opinberri verzlun við margfalt lægra verði en almenningur. Sé það svo að *áliti* Alþ., *að þessir menn þurfi að halda uppi* risnu, er eina leiðin sú, að það hafi kjark í sér til að veita hlutaðeigandi mönnum fé til að standa straum af slíkri risnu, því að eins og þessu er nú fyrir komið, er þetta ekki annað en feluleikur — og það í alla staði óviðeigandi feluleikur og við búið, að það fari í vöxt, að þessir embættismenn verði látnir fá fleiri vörutegundir við ódýrara verði en aðrir frá fleiri og fleiri stöðum. Hefur og verið á það bent, að vissir opinberir starfsmenn eigi aðgang að ódýrara tóbaki, ódýrari bílum o. fl., og ég verð að segja það, að um þetta allt eigi að fara á eina lund og afnema öll slík fríðindi. Hv. meiri hl. er sammála mér um, að rétt sé að afnema þennan sið, en þó ekki að öllu leyti, því að hann vill, að honum sé haldið áfram hvað snertir ríkisstj. og forseta Íslands. Get ég ekki fallizt á slíka undantekningu og sýnist, að hér eigi eitt yfir alla að ganga og að þessi fríðindi eigi að afnema með öllu. Ég endurtek það, að þurfi ríkisstj. og forseti Íslands á því að halda að nota þessa vöru í risnuskyni, eigi að horfast í augu við að greiða hana því verði, sem almenningur verður að greiða fyrir hana, og veita fé til þess. Hvað forsetann snertir, skiptir þetta engu máli, því að ég veit ekki betur en að honum sé greiddur allur risnukostnaður samkvæmt reikningi.

Hvað hina till. snertir, gegnir þar allt öðru máli, því að þar er um mjög þýðingarmikið bindindismál að ræða. Sé það svo, að valdhafarnir, ríkisstj. og Alþ., óski þess í raun og sannleika, sem ég vil ekki efa, að úr áfengisneyzlu dragi í landinu, sýnist mér, að einna myndarlegasta átakið, sem þessir aðilar gætu gert, væri að gefa sjálfir hið góða fordæmið og afnema drykkjusiðina úr samkvæmum sínum. Það eru orð að sönnu: Hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það. Mér kemur ekki til hugar að halda því fram, að áfengisnotkun sé meira misnotuð í opinberum samkvæmum en öðrum, nema síður sé. Ég hef reynt að fylgjast með þessu, og ég tel síður en svo, að ríkið fari í þessum efnum verr að ráði sínu en fjölmargir aðrir aðilar. Þess vegna er afstaða *mín til þessa máls mótuð af því einu*, að ég tel, að ríkisvaldið eigi í þessum efnum að gefa hið góða fordæmi.

Skal ég svo láta útrætt um efnishlið þessara till. og mun þá víkja nokkrum orðum að þeirri afgreiðslu, sem hv. meiri hl. vill hafa á málinu. Afgreiðslan, sem hann óskar eftir, er sú að vísa málinu til ríkisstj. Hún á síðan að athuga ýmsar leiðir og leggja till. sínar fyrir Alþ., þegar unnt er, — ekki endilega næsta Alþ., heldur eitthvert Alþ., þegar ríkisstj. telur sér henta. Ég verð nú að segja það, að frá árinu 1930 hef ég átt viðskipti við allar þær ríkisstj., sem að völdum hafa setið, einmitt um áfengismál, að undantekinni núv. ríkisstj., og rætt við þær um þessi mál fyrir hönd bindindisstarfseminnar í landinu og Stórstúku Íslands. Get ég lýst yfir því, að afstaða þeirra allra í þessum málum hefur verið nákvæmlega sú sama. Þær hafa sem sé sagt: Þetta er alvarlegt vandamál og eitthvað þarf að gera til þess að draga úr áfengisneyzlunni. En síðan hafa þær ekki bent á neinar leiðir eða gert neinar ráðstafanir til úrlausnar þessu mikla vandamáli. Þá er annað sameiginlegt með þeim öllum; þær hafa sagt: Áfengissalan er svo veigamikill þáttur í rekstri ríkisbúsins, að það er annað en gaman að draga þennan tekjustofn saman og vinna að minnkun á áfengissölunni, því að hún gefur okkur svo miklar tekjur. — Nú skal ég segja það, að traust mitt til núv. hæstv. ríkisstj. er ákaflega takmarkað, en afstaða mín í þessum efnum er nákvæmlega hin sama til annarra ríkisstj.;

ég hef hvorki fyrr né nú treyst nokkurri ríkisstj. til að vinna að úrlausn þessara mála og veit fyrir víst, að það mun engan árangur bera að fela henni þau til meðferðar. Ég ætla því, að hv. þm. megi af þessu vera ljóst, að ég get ekki fylgt því að vísa málinu til hæstv. ríkisstj., og ég veit, að hv. þm. hafa rætt þessi mál það mikið, að þeir munu fyllilega hafa gert málið upp við sig. Ég get ekki heldur komizt hjá að minna á það, að ekki svo fáir þeirra hv. þm., sem hér eiga sæti á þ., hafa óhikað sagt skoðun sína á þessu máli. Áður en síðast var gengið til kosninga, voru margir hv. þm. spurðir um afstöðu sína í þessum málum, og gáfu margir þeirra svör þar að lútandi. Hygg ég, að þeim væri nú hollt að endurskoða hug sinn um, hvað þeir sögðu þá. Ég ætla líka að minna á það, að árið 1946 voru mættir hér fulltrúar frá bæjarstjórnum víðs vegar að af landinu til þess að ræða áfengismálin. Þessir fulltrúar gengu á fund þáv. ríkisstj. og báru fram við hana ýmsar óskir, m. a. um að loka áfengisútsölunum á Siglufirði og í Vestmannaeyjum vissan tíma ársins, og jafnframt lögðu þeir sérstaka áherzlu á, að ríkisstj. léti l. um héraðabönn koma til framkvæmda. En þegar sýnt þótti, að þessar viðræður við ríkisstj. mundu lítið gagn gera, var það ráð tekið, að farið var til þm., sem þá voru staddir hér í bænum á stuttum þingfundi, og var þeim boðið upp á að undirskrifa svo hljóðandi till., sem margir þeirra skrifuðu undir:

„Við undirritaðir alþm. óskum hér með að mæla með eftirfarandi tillögum, sem fulltrúar tilnefndir af bæjarstjórnum, bæjarráðum eða bæjarstjórum lögðu fyrir ríkisstj. 15. þ. m.:

1. Að áfengisútsölunum á Siglufirði og Akureyri verði lokað nú þegar og til 1. okt., eða þar til síldveiði er að fullu lokið og aðkomufólk farið frá Siglufirði. Lokunin verði framkvæmd samkvæmt beinni fyrirskipun ríkisstjórnarinnar.
2. Að áfengisútsölunni í Vestmannaeyjum verði lokað á komandi vetrarvertíð, og áfengisútsölunni á Ísafirði frá 15. sept. til 15. nóv. n. k.
3. Að ríkisstjórnin gefi sem allra fyrst út tilkynningu um það, að lögin um héraðabönn öðlist gildi."

Nú ætla ég ekki að lesa upp, hvaða hv. þm. undirrituðu þessar till., en þeir voru mikill meiri hl. þm. Ýmsir höfðu þó fyrirvara um 3. lið, þ. e. um héraðabönnin, en ég vil sérstaklega taka það fram, að hv. frsm. meiri hl. var ekki í þeirra hópi, sem undirrituðu með fyrirvara, heldur undirritaði hann skilyrðislaust þessa áskorun um að láta l. um héraðabönn koma til framkvæmda. Og ef svo væri, að þessir hv. þm. væru búnir að gleyma þessu plaggi, sem þeir hafa sjálfir undirritað, gæti ég sýnt þeim það.

Ég á þá aðeins eftir að minnast á eitt atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl., sem var þungamiðjan og mergurinn málsins í ræðu hans, en það var þetta: Það má ekki gera ráðstafanir til þess að draga skyndilega úr áfengissölunni vegna afkomu ríkissjóðs. Ég bið bara guð að hjálpa ykkur! Ég sé nú, að margir hv. þm. brosa, en það ættu þeir ekki að gera, því að þetta sjónarmið er algerlega ósæmilegt. Ég ætla ekki — fremur venju — að fara að útskýra það með sterkum litum, hvað íslenzka þjóðin uppsker af notkun og sölu áfengis. Við þekkjum allir það margfalda böl og þá meinsemd, sem áfengið er rót að, og það er vafamál, hvernig lokareikningarnir standa, ef tekjur og útgjöld ríkissjóðs verða beinlínis gerð upp vegna áfengisnotkunarinnar. Ég vil benda hv. þm. á þá staðreynd, að hverjum þeim eyri, sem varið er til áfengiskaupa, er á glæ kastað — og verra en það. Og er ríkið þannig á vegi statt, að það þurfi að fá þegnana til þess að kasta peningum í sjóinn eða verra en það til þess að geta innheimt tekjur í ríkissjóð? Ég ætla hins vegar, að þegnarnir séu betri skattþegnar og kostnaður ríkisins af lögregluliði, hegningarhúsum, sjúkramálum o. fl. væri stórfellt minni, ef unnt væri að minnka til muna sölu áfengis.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar, en vænti, að þ. láti ekki undir höfuð leggjast að sýna vilja sinn og lit í þessu máli og að atkvgr. skeri þar úr, því að það er ekki sæmandi að humma málið fram af sér. Og í trausti þess, að hæstv. forseti greiði skörulega fyrir málinu, skal ég stytta mál mitt og lofa að takmarka ræður mínar, nema sérstakt tilefni gefist, en tel aðalatriðið að fá vilja þingsins fram í þessu máli.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég skal gefa sama loforð og hv. 6. þm. Reykv., að tefja ekki þessar umr., og það því fremur, þar sem svo undarlega vill til, sem ég býst þó ekki við, að hefði verið vænzt af mér, að ég er þessum hv. þm. að mörgu leyti sammála. Ég er t. d. sammála því, sem hann sagði nú síðast, að hæstv. Alþ. væri sæmra að gefa skýrari yfirlýsingu um vilja sinn í þessu máli en hér virðist standa til.

Hv. 6. þm. Reykv. var eitthvað að minnast á spurningar, sem frambjóðendum hefðu verið sendar við síðustu alþingiskosningar, um hvaða afstöðu þeir hefðu í áfengismálunum. Mig rámar eitthvað í þetta, og ég minnist þess, að ég svaraði þessum spurningum engu, því að þær voru frá mönnum, sem mér komu ekkert við. Ekki veit ég, hvað aðrir þm. hafa gert í þessu.

Eins og mönnum er kunnugt, reyndi ríkisstj. um tíma ráð, sem stungið er upp á í þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, en það var, að áfengi skyldi skammtað. Árið 1941 var tekin upp skömmtun á áfengi, og stóð hún alllangan tíma. Allir hljóta að sjá, að ástandið í áfengismálunum breyttist mikið við þessa ráðstöfun til hins betra. Ölvun á almannafæri minnkaði stórlega, og landsreikningarnir sýna, að mikið dró úr sölu áfengis, svo að hún hefur ekki verið jafnlítil um fjöldamörg ár.

Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir á þskj. 30, felur í sér ákveðnar ákvarðanir um tilhögun á áfengismálum þjóðarinnar. Fyrra ákvæðið er um það, að ríkisstj. skuli láta l. um héraðabönn koma til framkvæmda. Síðari liður till. er svo um það, að tekin skuli upp skömmtun á áfengi.

En hvernig snýst svo meiri hl. hv. allshn. við þessari till.? Ég hygg, að það eigi ekki fyrir mörgum þskj. að liggja að verða fræg, en þó skil ég varla annað en að nál. meiri hl. allshn. á þskj. 319 verði nokkuð frægt. Samkvæmt áliti n. má Alþingi ekki láta í ljós vilja sinn um lausn þessa máls, heldur á ríkisstj. að fá það til undirbúnings og athuga, hvort ekki reynist fært að framkvæma till., en þó sérstaklega með tilliti til þess, að ríkissjóður missi ekki við það neitt af tekjum sínum. Ég er sannfærður um, að ekki verður hægt að draga úr áfengissölunni, ef sjá á ríkissjóði fyrir tekjum,

nema þjóðin greiði í ríkissjóð eftir einhverjum öðrum leiðum en þeirri að kaupa áfengi.

Ég hef áður lýst yfir því, að ég hef ekki mikla trú á héraðabönnum, og ég var á móti l. um það, þegar þau voru sett. Ég veit ekki betur en við höfum nokkurs konar héraðabönn, þar sem víða eru stór svæði í landinu, þar sem engin áfengisverzlun er. Mér er ekki kunnugt um, að á þessum stöðum sé drukkið neitt minna en annars staðar á landinu, þar sem hægara er að ná í vín.

Ég minnist þess, að þegar till. um héraðabönn var til umr. hér, rökstuddi l. flm. hana m. a. með því, að þegar Djúpbáturinn færi vestur á firði frá Ísafirði, væri eftir komu hans þar mikil ölvun og almenn. Þarna er þó nokkurs konar héraðabann, sem auðvitað kemur ekki að gagni, þar sem áfengisútsala er á Ísafirði. Og jafnvel þótt héraðabann væri einnig á Ísafirði, væri áreiðanlega hægurinn á fyrir Ísfirðinga að fá nóg vín með Esju og öðrum skipum. Öðru máli væri þó að gegna, ef skömmtun fylgdi með. Þá ættu leynisalar örðugra með að birgja sig upp af víni.

Mér virðist, að þótt þessi tvö atriði, héraðabönn og áfengisskömmtun, séu ekki nein fullnaðarlausn á áfengismálum, þá styðja þau hvort annað, og það er álit mitt, að Alþ. ætti að geta tekið fullnaðarákvörðun gagnvart þeim.

Svo að ég nú víki aftur að nál. meiri hl. allshn., þá tekur hann fram, að fela skuli ríkisstj. að sjá um, að l. um héraðabönn komi til framkvæmda. Eins og hv. 6. þm. Reykv. benti á, eru þetta landslög og ríkisstj. því skylt að láta þau koma til framkvæmda. Það er embættisskylda hennar. Mér finnst það undarlegt að eiga nú að fara að samþykkja hér till. um að fela ríkisstj. að gera það, sem henni ber að gera lögum samkvæmt.

Ég verð einnig að taka undir það með hv. 6. þm. Reykv., að seinni liður brtt. n. á þskj. 319 sé næsta undarlegur, en hann fjallar um það að skora á ríkisstj. að koma á þeirri skipan, að engir fái áfengi undir útsöluverði, þó að óbreyttri þeirri venju, sem gilt hefur áður um þetta gagnvart æðstu stjórnarvöldum landsins, þeim sem með framkvæmdarvaldið fara. Efni þessa liðs er í sjálfu sér ekkert undarlegt, heldur það, að liðurinn skuli eiga að koma inn í till. um ráðstafanir til að draga úr áfengisnautn í landinu. Ég hygg, eins og hv. 6. þm. Reykv., að það mundi ekki draga neitt úr áfengisnautn í landinu, þó að þessir 11 menn, sem fengið hafa áfengi með lægra verði en aðrir, yrðu allir sviptir þeim fríðindum. Það hefði kannske einhver áhrif á útgjöld ríkissjóðs, en engin á vínnautnina. Hv. frsm. meiri hl. játaði líka, að hvað þennan lið snertir, þá væri þar ekki um neitt bindindismál að ræða, og þetta væru ekki ráðstafanir til að draga úr áfengisnautn. En hvers vegna er þá verið að setja slíkt inn í till. um ráðstafanir til að draga úr áfengisnautn? — Hv. frsm. gat þess, að hann aðgreindi ekki lengur allar þessar till., sem fyrir hendi eru í bindindismálunum. En því ekki að gera það og taka forseta Alþingis undan þeim ákvæðum, sem gilt hafa um kaup á áfengi með lægra verði? Það væri miklu eðlilegra en að vera að setja þetta inn í till. þá, sem hér liggur fyrir. Mér þykir heldur leiðinlegt að tala um þetta, af því að ég á hér hlut að máli, en ég get lýst yfir því, að ég hef hingað til getað keypt það brennivín, sem mér hefur sýnzt að kaupa, án þess að ég fengi það með lækkuðu verði. — Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa tekið eftir því, og ég bið þá að taka eftir því, að þessi fríðindi, hið svo kallaða „forsetabrennivín", er stjórnarráðstöfun frá tímum Jóns Magnússonar forsrh., að því er snertir forsetana. Með 2. lið brtt. á þskj. 319 er lagt til, að Alþ. lögfesti þessa venju, því að þar er skorað á ríkisstj. að láta þessi fríðindi haldast gagnvart æðstu stjórnarvöldum landsins, þeim er með framkvæmdarvaldið fara. Nú er það áreiðanlegt, að forseti Sþ. mundi stundum heyra undir þetta, — sem sagt þegar forseti lýðveldisins er erlendis eða forfallaður. (**PO**: Hann er þá í skjóli forsetans).

Ég vil taka undir þá ósk, sem beint var til forseta utan dagskrár, að hann láti taka á dagskrá það, sem 2. liður brtt. á þskj. 319 fjallar um, og lýsi ég yfir því, að ég mun greiða atkvæði með honum. — Ég get svo látið máli mínu lokið að þessu sinni.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 17. marz, var fram haldið síðari umr. um till. (A. 30, n. 289 og 319, 404, 475, 478).

Jónas Jónsson: Herra forseti. Það er nokkuð langt síðan mál þetta var til umræðu, en það er jafngott fyrir því. Ég flutti þá brtt. (Má ég spyrja forseta, hvort afbrigði séu leyfð?) Þegar málið var hér fyrst til umræðu, var því haldið fram, að ekki væri hægt að þrengja svo eins og hér er gert að risnu þeirri, sem þeir hafa haft bæði forseti, stjórnarráðið og ráðherra. Á þessu stigi málsins er ástæða til að minnast á till., sem ég flutti hér. Í till. fór ég fram á, að Alþ. lýsti óánægju sinni og bannaði, að þegnunum væri mismunað í ýmsum atriðum, og nefndi sérstaklega kaup á tóbaki, áfengi og bílum. En nú hefur málið fengið þá afgreiðslu hjá allshn., að ekki er hægt að minnast á nema áfengið. Samt sem áður ætla ég að minnast lítillega á hitt. Ég sé, að hæstv. forsrh. er hér, svo að hann getur komið fram með skýringar á því, sem hér kemur fram. Ég vil minna á það, að ráðh. hafa nú undanfarið fengið bíla tollalaust og álagningarlaust. Ég veit ekki fyrir víst, hversu lengi þetta hefur átt sér stað, en ég hygg að minnsta kosti síðan 1942. Nú hefur þetta gengið upp og niður, og Þjóðviljinn deilir á Ólaf Thors fyrir að hafa fengið ráðherrabíl tollfrjálsan, eftir að hann fór úr stjórn. Ég veit ekki, hvort þetta er rétt, en hitt er víst, að ráðherrar kommúnista fengu báðir sína tollfrjálsu bíla. Og er þetta gott dæmi þess, hvernig þetta dæmi lukkast, því að þegar flokkar fara að brigzla hver öðrum um þetta, er auðséð, að þeir telja, að borgararnir séu á móti þessu. Ég vil nú spyrja hæstv. forsrh., hvort hann vilji ekki leggja til við sína stjórn, þegar hún fer frá eftir margra ára stjórn, að hún hætti þessu og borgi toll af sínum bílum.

Ég mun nú ekki tala um tóbakið að sinni, enda hefur það minni þýðingu en vínið. Ég sé nú, að hæstv. dómsmrh. er kominn í d.

Ég mun nú víkja að till. Þó að hún lúti að því, að utanrrh. og forseti lýðveldisins hafi rísnu með niðursettu verði, tel ég það rangt. En þar sem fjölmenn n. komst ekki lengra en að bæði ráðh. og forseti hefðu þetta, sé ég ekki ástæðu til að halda lengra, en tala um vínið. Ég hefði heldur kosið, að þessir tveir menn, sem rísnu hafa fyrir ríkið,

hefðu reikningshald yfir það og fengju síðan borgaða sína nauðsynlegu risnu, og með forsetann er það svo, að hann fær risnu borgaða eftir reikningi. Hitt veit ég, að er rétt hjá hæstv. utanrrh., að sé vín til stórveizlu keypt með gangverði, verði það mjög há upphæð. En ef borgurum landsins er sagt satt frá, geri ég ekki ráð fyrir, að erfitt verði að láta fólk skilja, að ekki beri öðrum en forseta og utanrrh. að hafa vínveitingar í veizlum. En nú er það svo, að borgarar landsins eru ekki á móti víni, og þar sem menn langar í vín, er ekki hægt að halda veizlur án áfengis.

Ég er hér með brtt., og ef hún yrði samþ., væri hægt að komast nær takmarkinu. Og menn verða að viðurkenna, að meðan vín er haft með höndum í opinberum veizlum, er hentugast að hafa það aðeins hjá þessum tveimur mönnum. Ég álít, að allshn. sé ekki mjög dugleg, þótt í n. séu duglegir menn, og að hún hefði getað gert betur en að leggja til, að undanþáguhringurinn væri þrengdur, og mun hún ætla að taka vínið af forsetum, þinginu, forstjóra Á. V. R. og stjórnarráðinu, en vill vera holl ráðherrunum og leyfa þeim vínið sem áður. En þar sem hv. frsm., hv. 1. þm. Árn., er hér viðstaddur, vil ég segja honum eina sögu um það, hversu lítil virðing það er fyrir stjórnarráðið að hafa þessa undanþágu. — Það mun hafa verið fyrir 2 árum, að starfsfólk í stjórnarráðinu var í veizlu austur í Valhöll á Þingvöllum, og voru menn orðnir drukknir. Þá var það að 2 menn, kunnir að góðu, fóru að berjast eins og hrútar á gólfinu. Þetta voru engan veginn ósmekklegustu drykkjulætin, en aðeins tekið hér sem dæmi um það, hversu heppilegt slíkt sé á einum helzta stað landsins, þar sem Íslendingar og útlendingar hittast einkum. Ég tel ekki, að starfsfólk í stjórnarráðinu sé drykkfelldara en gengur og gerist, en get þessa einungis vegna þess, að það er eina stofnunin, sem fengið hefur þessi hlunnindi. — Ég álít því, að n. geri rétt í því að steypa yfir þetta.

Ég vil beina þeirri fyrirspurn til forseta, að ef þessi till. næði ekki afgreiðslu nú eða yrði felld, hvort hann vildi, að þessum veizlum yrði haldið áfram í sinni stjórnartíð.

Það hefur verið mikið talað um undanþágu forsetanna og mikið rætt um það í blöðunum. Nú er það ekki svo, að forsetar séu verri menn en aðrir. En af pólitískum ástæðum hefur það vakið meira umtal en hjá öðrum. Og einkanlega þeirra vegna vil ég, að þessari till. sé hraðað sem mest í gegnum þingið. Og ef það tekst ekki, vona ég, að forsetar sjái sóma sinn í því að hætta að nota þessa undanþágu.

En það varð skoðanamunur milli mín og allshn. í því, sem viðvék risnu ráðherranna. Því var haldið fram, að allir 6 ráðh. hefðu risnu og þyrftu þess samkvæmt íslenzkri venju, og þyrftu því að hafa þessa undanþágu. Þessu var ekki þannig háttað þau 5 ár, sem ég var í stjórn. Við höfðum enga risnu, hvorki vín né fé. En við tókum stundum hádegisverð með gestum, sem voru í landinu, og var það þá borgað sérstaklega, en án undanþágu. Og sem form. utanrmn. borðaði ég stundum með sendiherrunum, þegar þeir komu heim, og var þá vín í veizlunum og var það þá borgað eftir reikningi. Gæti slíkur kostnaður hjá þeim, sem ekki hafa skyldurisnu, orðið svo lítill, að hann gæti komið undir liðinn óviss útgjöld. — Ég álít, að draga beri skarpa línu á milli núverandi skipulags, að forsrh. hafi risnuna, og að öll risnuskylda verði lögð í hendur utanrrh. og forsrh. undanþeginn því að hafa hana á hendi, og það því fremur sem hann er nú hættur að búa í forsætisráðherrabústaðnum, en þar mátti við koma nokkurri risnu, en búast má við, að utanrrh. búi þar a. m. k. stundum, þótt ekki sé svo nú. Ef því verður svo breytt, sýnir bæði þing og stjórn, að það óskar ekki eftir neinu líku af forsrh. í þessum efnum. — Í þessu sambandi má benda á það, að þeir Stauning og Per Albin Hansson bjuggu í litlum húsum í útjaðri borganna og gátu þar af leiðandi ekki haldið veizlur heima hjá sér, en héldu þær á gistihúsum í borginni. Af þessu má sjá, að engin rök eru fyrir því, að þessi undanþága þurfi að ná til allra ráðh., heldur aðeins til utanrrh., sem hefði þá forsætisráðherrabústaðinn til umráða. — En hvað er svo unnið með því að taka þessa undanþágu af ráðh.? Þeir liggja nú sem stendur undir umtali fyrir það, að sagt er, að þeir sækist eftir að fá vín með undanþágum. Skipulagið gefur tilefni til slíks. Ég hygg því langfarsælast fyrir þessa stjórn, sem stýrir á erfiðum tímum og vill láta gott af sér leiða, að afnema þetta. Þá held ég, að hún gerði fátt betra en ef hún segði: Við kærum okkur ekkert um undanþágur með bíla og áfengi. — Það er óþægilegt fyrir ráðh., sem standa næst forseta að mannvirðingu, að hægt sé að segja um þá, að þeir hefji sig yfir skattalögin með svo lítilfjörlegum hlutum sem áfengi, tóbaki og bílum.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég vil aðeins segja nokkur orð og mun draga saman mál mitt. Það hefur litla þýðingu að fjölyrða um þetta.

Háttv. frsm. minni hl. þótti afgreiðsla meiri hl. ekki fullnægjandi. Hann taldi ekki mikils að vænta af framkvæmdum núverandi stjórnar. Hann gat þess, að hann hefði ekki átt tal við hana, en við undanfarandi stjórn, en af því hefði enginn árangur orðið hvað við kæmi minnkaðri áfengissölu, og bjóst við, að svo mundi verða enn. Ég skal ekkert segja um, hver raunin verður, en vænti þess, ef till. okkar verður samþykkt, að þá snúi ríkisstj. málinu eftir beztu getu, og megi þá árangurs vænta. Og hvað viðvíkur því, sem nú er að gerast varðandi sölu áfengis, tel ég það stefna í rétta átt og tel það vera byrjun nýrrar stefnu í þessum málum að uppræta leynivínsöluna, eins og nú er verið að gera þessa dagana, og tel þess fulla þörf.

Ég gat þess áður, að meiri hl. gæti ekki fallizt á róttækar ráðstafanir í þessum efnum vegna ástandsins í fjármálum þjóðarinnar. Mér heyrðist hv. 1. þm. Eyf. (BSt) gera lítið úr þessu. En þegar fjórða hver króna af tekjum ríkisins er fyrir sölu á áfengi, skil ég ekki annað en það grípi óþægilega inn í, ef því væri kippt burtu, og að gera þyrfti einhverjar ráðstafanir til að mæta þeim tekjumissi. Ég legg því til, að ríkisstj. fái frest til að athuga ráðstafanir til að mæta tekjumissinum, áður en stórkostlegar takmarkanir eru settar.

Ég vil nú ekki fjölyrða frekar um þetta, en vil svara frsm. minni hl. nokkru. Hann sagði raunar um eitt atriðið, að hann væri í vafa um gildi skömmtunar til langframa. Hann bað guð að hjálpa okkur, ef við tækjum þessa afstöðu út af fjármálum. En hvernig eigum við að fara að, ef við treyst-

um hans forsjá, þegar hann segist ekki hafa trú á skömmtun og varla heldur héraðabanni? Og tæplega getur háttv. minni hl. bent á, að vín verði algerlega bannað. En hvað á þá að gera, því að þetta eru þó þær ráðstafanir, sem líklegastar eru til að verða að gagni, og kem ég ekki auga á aðrar leiðir, nema þá að bíða eftir algeru aðflutningsbanni á áfengi, og er ég þá í vafa um, hvort það verður á næstunni. Ef við getum ekki haft hemil á áfengisneyzlu með skömmtun áfengis og öðrum slíkum ráðstöfunum, þá vil ég vænta, að minni hl. bendi á þær leiðir, sem vakir fyrir honum, að verði til bóta í þessu efni.

Ég skildi það, þegar hv. 1. þm. Eyf. (BSt) stóð upp og lýsti yfir, að hann væri eiginlega, þó að furðulegt væri, sammála hv. 6. þm. Reykv. (SigfS). Ég skildi vel, hvað vakti fyrir honum. Hann hefur ekki sérstaklega mikinn áhuga fyrir að gera mikið í þessu máli, og er það ekki sagt honum til lasts. Því miður er hv. 1. þm. Eyf. ekki við, en ég kemst samt ekki hjá að víkja að honum nokkrum orðum, af því að þetta er síðari umr. málsins.

Hv. þm. taldi, að þetta þskj. 319 mundi verða frægt og hélt fram, að samkvæmt því mættu menn ekki láta í ljós skoðun sína í þessu máli. Þetta finnst mér hljóma einkennilega, því að með þessari till. er stj. að vísu falið að undirbúa þetta mál, en till. bera með sér, að þar er unnið af fullri alvöru að þessu máli.

Hann gerði lítið úr fjárhagslegu hliðinni. Þar geta menn haft sína skoðun, eftir því sem þeir hafa skaplyndi til og viðhorf þeirra er, en það hygg ég samt, að margur, sem hugsar þetta mál í alvöru, geti ekki gert lítið úr því.

Hv. þm. taldi sig á móti héraðabönnum og taldi, að lítið gagn væri að þeim, og það hygg ég, að sé rétt, ef það eru bara þau ein. Hann taldi, að eins mikil áfengisneyzla væri þar, sem engin áfengisútsala væri, og þar, sem áfengi væri selt. Um það hef ég ekki þá kunnleika, að ég geti dæmt um það, og ég efast um, að hv. 1. þm. Eyf. geti það heldur. En af því að hann talaði svona um málið, þá þykir mér einkennilegt, að hann skyldi á síðasta þingi taka þátt í að afgreiða svo að segja sömu till. Þá lagði hann til ásamt okkur fleirum að koma á héraðabönnum — og héraðabönnum einum. Hann skrifaði að vísu undir með fyrirvara, en hann var þó fylgjandi málinu. En ég veit vel, af hverju það stafaði. Það var af því, að þá lögðu templarar til mjög ákveðið, að þessi ráðstöfun væri gerð. Þá taldi hv. þm. það skyldu stj. að koma á héraðabönnum. Það væri samkvæmt l. og þess vegna ekki þörf að gefa um það ný fyrirmæli. Það kann að vera. Þó vil ég benda á í þessu sambandi, að þetta eru heimildarl. og þess vegna ekki um neina skyldu að ræða fyrir stj. Það er undir mati stj. komið, og þessi l. eru þó orðin nokkuð margra ára og hafa ekki verið framkvæmd enn. Ég ætla meira að segja, að þau hafi ekki enn öðlazt gildi. Það þurfti að gera sérstakar ráðstafanir, sem ég ætla, að hafi ekki verið gerðar enn. Þess vegna er síður en svo þarflaust eða út í loftið að skora á ríkisstj. að láta þessi l. taka gildi og koma til framkvæmda.

Þá minntist hann á undanþágurnar eða þessi fríðindi, og get ég þá um leið komið að því, sem hv. þm. S-Þ. (JJ) sagði um það mál. Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að ef till. yrði samþ., væri hún nokkurs konar áskorun á ríkisstj. að halda áfram þessum hlunnindum, sem nú eru, og með þessu værum við að veita þeim nokkurs konar lagagildi. Þetta er fjarri öllu lagi. Það, sem gerist í þessu efni, er, að þingið tekur enga afstöðu til þess, lætur það hlutlaust, en lýsir yfir um leið, að það geri enga sérstaka ákvörðun um það efni, svo að það er á valdi ráðh., hvað þeir vilja gera í því. Meiri hl. hefði hiklaust lagt til að afnema þessi hlunnindi eða ívilnun, ef það er rétt að nefna það svo, ef Alþ. væri búið að sjá fyrir að veita meira fé til risnu en gert hefur verið hingað til. Það er aðeins fyrir þessa sök, að við látum þetta standa og leggjum til, að ekki verði gerð breyt. á því. En ef Alþ. sýnir einhverja viðleitni í því að veita ráðh. risnufé, mun ekki standa á okkur í meiri hl. allshn. að vera með því að afnema þetta. En meðan þessi ákvörðun stendur, finnst mér heldur óviðfelldið að flokka ráðh., eins og hv. þm. S-Þ. vill gera.

Þá sagði hv. 1. þm. Eyf., að þetta snerti aðeins 2—3 menn, því að forseti Alþingis hefði þessi réttindi, því að það gæti svo farið, að hann yrði að gegna forsetastörfum, og þá hefði hann þennan rétt. Þetta er mikil fjarstæða. Það eru þrír menn, sem eiga að fara með forsetavald í forföllum forseta sjálfs, og þá er ekkert lögleg athöfn nema a. m. k. tveir af þeim séu sammála. En hvað áhrærir risnu, þá kemur það í hlut forsrh. að sjá um það, og ef till. okkar verður samþ., kemur það ekki til, því að til þess að forseti Sþ. geti gert það gildandi, yrði hann að hafa annan mann með í því, og það held ég satt að segja, að enginn mundi gera.

Fleira mætti um þetta segja, en ég ætla ekki að fara um það fleiri orðum. Þetta liggur svo fjarri, að það tekur engu tali, en eftir okkar till. hefur enginn þessi réttindi nema ráðh. og forseti ríkisins.

Hv. þm. S-Þ. benti á í ræðu sinni, hversu áfengi væri misnotað. Mér skildist hann vilja halda fram, að starfsmenn stjórnarráðsins hefðu misnotað það, að þeir hefðu fengið áfengi ódýrar. En úr því að ríkið selur áfengi og menn eru svo gerðir hvað neyzlu á þessum drykk snertir, að þeir kunna sér ekki hóf, þá er alltaf hætta á, að einhverjir gangi of langt og verði jafnvel sjálfum sér til minnkunar. Sú lýsing, sem hann gaf á framferði þessara manna, hefði eins getað átt sér stað, þó að þessi réttur hefði ekki komið til. (JJ: Það er mjög sjaldgæft, að menn berjist eins og hrútar). Já, sem betur fer, og það er sagt, að einsdæmin séu verst. En því miður eru það sjálfsagt fleiri en þessir menn, sem hafa hagað sér verr en vera ætti. Þetta er það, sem hefst upp úr því, þegar þjóðin hefur þessa vöru til sölu, að menn gæta sín ekki, skortur á velsæmi og skortur á menningu. Ég man, að hv. þm. S-Þ. sagði eitt sinn viðvíkjandi þessu, að þannig ættu menn að kunna að fara með áfengi, að menn gætu drukkið það úr kaffibollum án þess að það kæmi að sök. (JJ: Það er svolítið lagað). Ég ætla, að efnið hafi ekki raskazt. (JJ: Ég sagði, að í útlöndum drykkju menn vínið eins og menn drekka hér kaffi). En það hefur sýnilega misheppnazt hjá mönnum að læra að fara þannig með vínið, og þá er að gera við því. Það er síður en svo, að ég mæli þessu bót, en það kemur ekki þessari till. við.

Ég vil því mega vænta þess, að Alþ. fallist á till. meiri hl. allshn. Ef enginn ávinningur næst

með henni, lízt mér ekki á, að mikill árangur fáist, þó að till. minni hl. yrði samþ., kannske eitthvað harðorðari, en ef til vill ekki hægt að fara eftir henni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef því miður ekki getað verið við þessar umr. vegna anna við afgreiðslu fjárl., en hefði þó gjarnan viljað heyra rök með og móti þessu máli.

Ég vil, áður en þetta mál fær fulla afgreiðslu, beina þeirri fyrirspurn til hv. form. allshn., hvort n. hefur ekki rætt þetta mál við embættismann, sem nefnist áfengisvarnaráðunautur ríkisins. Ég vil einnig heyra frá hæstv. ráðh., hvort hann veit, hvernig starfi þessa embættismanns er háttað nú. Það eina, sem ég veit, er það, hvað þessi maður fær í laun ár frá ári, og þau eru ekki lítil. En hvenær sem rætt er um áfengismál, kemur ekkert frá þessum manni, hvorki álit né till. Hann ætti þó að vera formaðurinn í sókninni í þessum málum. Er þetta bara styrkur til hans, og mætti ekki spara þarna eitthvað á móti því tekjutapi, sem verða mundi, ef hætt væri að hafa þessa vöru til sölu? Ég vil gjarnan fá að heyra um þetta atriði.

Í sambandi við afgreiðslu frá n. vil ég leyfa mér að benda á, að ég á ákaflega erfitt með að skilja afgreiðslu hennar á þessu máli. Þessu máli er vísað til stj. til að benda henni á, hvað hún eigi að gera. En hefur ekki verið bent á að skora á stj. að setja sérstaka n. manna til að gera till. í málinu? Ég held, að því fé væri ekki illa varið, sem færi til að kosta undirbúning undir þá sókn, sem verður að hefja í þessu máli, því að það er engin lausn að gera það, sem hér hefur verið stungið upp á. Það er búið að reyna þessar leiðir. Við höfum reynt skömmtunarleiðina. Hún endaði með smán. Aðflutningsbannið fór á sömu leið. Það má segja, að það sé á valdi ríkisstj., hvort hún flytur inn vín eða ekki, því að það má enginn flytja inn áfengi nema hún, en sú hugmynd hefur liðið skipbrot. Um héraðabönnin þarf ekki að ræða, því að það er alkunnugt, að þau héruð, sem hafa ekki áfengisútsölu, eru sízt betri en hin. Í fyrra var upplýst af hv. 3. landsk., að strandferðabátur, sem hefur styrk á þriðja hundrað þúsund, Fagranes, gerði lítið annað en flytja áfengi frá Ísafirði. Ég býst við, að þótt áfengisútsalan á Ísafirði yrði lögð niður, mundi hann vera látinn flytja áfengið frá Rvík í staðinn. Það þýðir því ekki að tala um héraðabönn. Þau eru út af fyrir sig engin lausn á þessu máli. Svo lengi sem einhvers staðar er opin vínútsala, hafa menn einhver ráð með að ná í áfengið. Það þýðir því ekki að ætla sér að leysa málið með því að samþykkja till. um héraðabann.

Það er ákaflega mikilsvert atriði, hvernig hægt væri að bæta ríkissjóði það tekjutap, sem hann yrði fyrir, ef hætt væri að selja áfengi, og það er raunverulega kjarni málsins, því að það er þess vegna, sem hver ríkisstjórn hefur tilhneigingu til að auka söluna, til þess að fá meiri tekjur. Það hefur verið rætt í Ed. um að finna ráð við þessu, ekki hvernig á að bæta tekjumissinn, heldur hvernig eigi að stöðva drykkjuskapinn. Það hefur verið talað um að setja hluta af ágóða áfengissölunnar til ákveðinnar starfsemi, sem er þó ekki fljótvirkari en svo, að það á að byrja á að byggja 4—5 millj. kr. höll. Svona er alvöruleysið mikið hér á landi. Enginn vill taka föstum tökum á málinu. En það sorglegasta er, að menn vilja ekki líta við því frv., sem hefði getað orðið liður í þessari sókn, en það er ölfrv. Það hefði verið hægt að nota það sem lið í sókninni gegn ofnautn áfengra drykkja og um leið að bæta ríkissjóði upp þann tekjumissi, sem orðið hefði vegna minnkandi sölu sterkra drykkja. En hvernig hefur þessu máli verið tekið? Bindindismenn úti um allt land hafa sent mótmæli gegn því að reyna þessa leið. Það hefur rignt yfir Alþ. mótmælum víðs vegar af landinu til að dæma þessa tilraun til dauða fyrirfram. Ég fyrir mitt leyti var alveg viss um, að það var möguleiki á að sameina þetta tvennt, að minnka áfengisneyzlu í landinu og á sama tíma halda uppi starfsemi til tekna fyrir ríkissjóð með ölframleiðslu og minnka innflutning sterkra drykkja og útsölu á þeim á hverjum tíma. En það hefur ekki verið hægt að tala um þetta mál fyrir ofstæki þeirra manna, sem alltaf berja sér á brjóst og segja: Við erum þeir einu, sem vitum, hvað rétt er að gera í þessum málum. (**PO:** Eru það nokkrir aðrir en þeir?). En hvað sem líður siðferðisvottorðum hæstv. dómsmrh. í þessu máli, efast ég um, að hann unni þessu máli meir en ég. En ég hef aldrei verið sá ofstækismaður, að ég hafi ekki viljað líta á allar leiðir, sem leitt geti að ákveðnu marki. Ég hef séð aðflutningsbannið hrynja og fleiri ráðstafanir, sem átt hafa að draga úr áfengisneyzlu. Samt sem áður vilja ýmsir reyna aftur þessa hluti, án þess að taka tillit til staðreyndanna, sem er lífið sjálft. Ég skil ekki enn — án þess að ölfrv. sé á dagskrá —, að það sé undir neinum kringumstæðum hægt að drekka sig daglega fullan af 4% öli. En ég skil hitt, að ef ölið væri sett inn og sterku drykkirnir dregnir út, væri hægt að minnka ofnautn á áfengi stórkostlega, án þess að tekjur ríkissjóðs þyrftu að líða við það. En það hefur enginn viljað tala um þá lausn fyrir hreinu ofstæki. Og sannleikurinn er sá, að þegar maður les þessa till. hér og athugar afgreiðslu hennar í allshn., er sýnilegt, að þessir menn meina ekki nokkurn skapaðan hlut með nál., sem annaðhvort stafar af hræðslu við að segja eitthvað, sem ekki kemur sér vel hjá ríkisstj., sem þeir styðja, eða þá meina þeir allt annað en þeir segja í nál. Þeir þora ekki að taka á málinu. Ég tala nú ekki um, þegar maður kemur að 2. tölul. Þá skil ég nú bara ekki, hvað sá liður á að þýða hér í þáltill. Það, sem þar er, er ekki annað en að segja, að allt skuli vera í þessum efnum eins og það er nú. Þar er sagt, að það eigi ekki að halda þessu áfram, sem þar er um að ræða, þó að óbreyttri þeirri venju, sem gilt hefur áður um þetta efni gagnvart æðstu stjórnarvöldum landsins, þeim er fara með framkvæmdarvaldið. En hvað er það annað en að halda áfram á sömu braut og verið hefur? Það hefur víst enginn búizt við því, að hv. allshn. mundi skora á ríkisstj. að skerða þessi hlunnindi fyrir sérstaka menn. Nei. Enda vill hún undirstrika, að þessi hlunnindi fyrir sérstaka menn séu ekki skert, heldur skuli allt standa í þessum efnum eins og það er nú. Allshn. virðist ekki þora að taka á þessum málum, sem kannske er af einskæru fylgi við hæstv. ríkisstj., og ég býst við, að svo sé.

Það gæti verið, að það eina, sem árangur verður af í þessari þáltill. og flutningi hennar, að c-liðurinn í brtt. allshn. hafi kannske haft nokkurn árangur, ef hann hefur orðið til þess, að gerð hefur

verið sú herferð gegn leynivínsölu í bænum, sem blöðin geta um, að gerð hafi verið. Og sé svo, þá hefur þó nokkur árangur orðið af flutningi hennar. — Annars held ég, satt að segja, að hæstv. dómsmrh. hafi svo mikinn áhuga fyrir þessu máli, að hann hafi e. t. v. um lengri tíma gert ráðstafanir til þess að uppræta leynivínsöluna. Og mér er kunnugt um, að hann hefur haft áhuga á að fá enn sterkari lagaákvæði í sambandi við það, þó að það hafi drukknað í önnum, svona rétt fyrir þingslitin.

Ég held, að ég treysti mér tæplega til að vera með þessari grautargerð, sem hér er soðin upp. Ég tel þetta engan áfanga í þessu stóra máli. Það verður að skipuleggja sóknina gegn ofdrykkjunni þannig að reyna að breyta áliti þjóðarinnar, byrja á því, svo að það sé útilokað, að menn geti leyft sér að hafa æðstu menntastofnun þjóðarinnar, eins og háskólann, opinn annaðhvort einu sinni eða tvisvar á ári fyrir skemmtunum, sem fá önnur eins blaðaummæli og birt hafa verið um þær skemmtanir, sem þar hafa farið fram. Þarna er það virki Bakkusar, sem þarf fyrst að sprengja. Það er óverjandi í menningarlandi, að um þá stofnun, sem þjóðin lítur mest upp til og foreldra dreymir um, að börn sín geti orðið að mönnum í, skuli vera skrifað um það á hverju ári, að skemmtanir fari þar þannig fram, að þar séu bæði unglingar og eldra fólk á kolfylliríi. Ég er ekki að segja, að svo sé. En hvaða tilefni er þá til þessara skrifa? Og þessu verður sem fyrst að breyta. Og það verður að byrja á því að breyta almenningsálitinu í þessum efnum. Það liggur miklu nær en að skammta áfengi, sem hefur sýnt sig, að ekki hefur dugað hingað til. Það er nú látið óátalið, að þeir menn, sem elga að vera leiðandi menn þjóðarinnar, og menn, sem elga að mennta unglingana, geri ekki skyldu sína í þessum málum. Þar á fyrst að ráðast á garðinn til að reyna að bæta úr. Og í trausti þess, að hæstv. dómsmrh. beiti sínum miklu áhrifum í þá átt, að það verði gert, mun ég ekki hafa mikil afskipti af þessu máli, sem hér liggur fyrir, eins og afgreiðsla þess er hér í þinginu.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt brtt. frá hv. 1. þm. Árn. (JörB), um að við fyrirsögnina bætist: „og fleira“. Það er víst von á fleiri brtt. skriflegum, svo að ég fresta að biðja um afbrigði.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég held, að hinar mörgu till., sem liggja fyrir þessu þingi um áfengismál, sýni greinilegar en kannske flest annað, hvers konar úrræðaleysi og öngþveiti ríkir í þeim málum, ekki aðeins hjá þjóðinni, heldur og á hæstv. Alþ. Mér virðist einnig, að efni þeirra till. beri það sorglega með sér, hvílík eindæma kákstefna er uppi meðal þeirra manna í þessu máli, sem vilja nú boða þjóðinni nýja og betri siðu í þessum efnum. En um þetta mál í heild skal ég ekki fara mörgum orðum. Það, sem ég vildi fyrst og fremst segja hér, er ekki að ræða um öllð, eins og hv. þm. Borgf. gat sér nú til um. Það er nú nefnilega þannig, að þó að sá hv. þm. verði sem ölóður, strax og hann heyrir það mál nefnt, þá er því nú ekki þann veg farið með mig. Ég læt honum það eftir að fást við það mál í tíma og ótíma og skal ekki fara um það neinum orðum hér, enda þótt ég sé að sjálfsögðu sammála því, sem hv. þm. Barð. mælti um það mál. (**PO:** Og líka því, sem hann sagði um Fagranesið og að styrkja það til að flytja brennivín?). Ég heyrði það ekki. Hins vegar veit hv. þm. Borgf., hvaðan það skip var fengið. Skipið var fengið beint frá höfuðstað kjördæmis hans. Ég skal ekki fullyrða um það, hvað með það var gert áður en það kom vestur. En fyrir vestan veit ég ekki til þess, að það hafi verið notað til slíkra flutninga. En vel má vera, að það hafi verið notað til þeirra hluta meðan það gekk á milli höfuðstaðar landsins og kjördæmis hv. þm. Borgf.

En ég vildi segja það, að ég er að nokkru leyti samþykkur allshn., en hef skrifað undir nál. með fyrirvara um afgreiðslu þessa máls, sem er að nokkru leyti vegna fyrri liðar brtt. hennar. Ég vil láta í ljós þá skoðun, að ég tel mjög hæpið, að það kæmi að nokkru gagni í þessu efni, þó að l. um héraðabönn væru látin koma til framkvæmda. Ég hef hugsað þetta mál töluvert. Og því meir sem ég hugsa, því vantrúaðri verð ég á það, að þau l. kæmu að nokkru gagni, þó að þau kæmu til framkvæmda. Og ég held, að þeir hv. þm., sem búa í héruðum, þar sem engar áfengissölur eru, geti nokkurn veginn dæmt eftir reynslunni í þessum efnum. Er það virkilega þannig, að í þeim héruðum, þar sem engar áfengisútsölur eru, sé minna drukkið og meiri hófsemd í meðferð áfengis en þar, sem áfengisútsala er á næstu grösum? Ég held, að svarið verði neikvætt. Ég hef komið í héruð, þar sem næsta áfengisútsala er hundruð km í burtu, og ég hef hvergi séð meiri né almennari ölvun en á þessum stöðum. Og mega svo aðrir telja sér trú um, að lokun áfengisútsalanna hingað og þangað um landið hafi siðbætandi áhrif í þessum efnum. Ég get ekki verið þeirrar skoðunar.

En það, sem ég fyrst og fremst vildi minnast á, er síðari liður brtt. hv. n., sem ég hef skrifað undir með fyrirvara, þ. e. a. s. varðandi afnám þeirra fríðinda, sem vissir embættismenn ríkisins hafa haft varðandi kaup á áfengi og tóbaki. Ég get lýst því sem minni skoðun, að mér fyndist það fyllilega athugandi mál, að engir af ráðamönnum eða embættismönnum ríkisins nytu slíkra fríðinda, ekki heldur þeir, sem með æðstu stjórn fara, eins og forseti Íslands og utanrrh., sem risnuskylda hvílir að vísu á. Ég held, að sú leið, sem hv. n. hefur farið í þessu, sé með öllu ófær, að leggja til, að ákveðin æðstu stjórnarvöld landsins, sem fara með framkvæmdarvaldið, njóti slíkra fríðinda. — Ég vil í þessu sambandi rifja upp það, sem gerzt hefur hér á þingi nú í haust, fyrst og fremst það, að hér hafa farið fram umr., þar sem beint hefur verið þvílíkum svigurmælum til hæstv. forseta Alþ., bæði sameinaðs þings og deilda, að furðu sætir, þessara æðstu embættismanna þingsins. Þessi ummæli hafa verið á þá leið, að þeim væri ekki treystandi til þess að njóta slíkra fríðinda. Þeim hefur verið borið það á brýn, að þeir notuðu forsetabrennivín til þess m. a. að afla sér fylgis, og ekki aðeins til þess, heldur til þess að gera þm., sem sérstaklega hefðu áhuga fyrir því að fá sér í staupinu, handgengna sér með því að veita þeim sitt ódýra risnu- og forsetabrennivín. Ég álít, að þessi ummæli og allur tónninn í þeim hafi verið með þvílíkum gersamlegum siðleysisblæ, að það hafi verið alveg furðulegt af Alþ. að ætla að undirstrika réttmæti þeirra ummæla með því að samþykkja till. eins og þá, sem hv. allshn. leggur hér

til í 2. tölul. brtt. sinnar. Ég skal ekki fara að gefa forsetum þingsins neitt siðferðisvottorð. Þeir þarfnast þess ekki. En Alþ. þarfnast þess, að einstökum alþm., sem illa hafa gát á tungu sinni, liðist ekki að setja slíkan blett á hæstv. Alþ., að samþ. sé þessi liður till. Heiður Alþ. þarfnast þessa. Ég hika ekki við að fullyrða, að þessir hv. þm. hafa með framkomu sinni sett blett á heiður þingsins, sem mundi verða miklu stærri, ef Alþ. tæki undir ummæli þeirra með því að samþykkja till. eins og þessa. Ég álít, að það væri hreint og beint móðgun við Alþ. að samþykkja slíka till. En það er engin móðgun við forsetana eða embættismenn ríkisins að láta þá hafa þessi fríðindi um áfengiskaup. Ég lít á þessi fríðindi sem sára lítils eða einskis virði, og mér hefur heyrzt á öllum forsetum þingsins, að þeir kærðu sig lítið um þau. Það er alveg furðulegur skilningur, að það eigi í þessu efni að setja þá, sem gegna þeim embættum að fara með framkvæmdarvaldið, skör hærra um þessi sérstöku fríðindi en sjálfan löggjafann. Þetta er varla takandi alvarlega. (JJ: Á löggjafinn að fara á fyllirí?). Ég held, að hvorki löggjafarnir né þeir, sem fara með framkvæmdarvaldið, eigi að fara á fyllirí. En ég býst ekki heldur við, að þessi fríðindi séu veitt til þess, að þessi stjórnarvöld skemmti sér á þann hátt, sem hv. þm. gerði aths. um.

Ég skal ekki fara lengra út í að ræða þetta. En ég vil lýsa yfir, að ég vil ekki taka þátt í slíkum skrípaleik, sem hér er verið að leika. Alls ekki. Ég vil ekki láta ata saklausa menn auri og taka undir slíkt athæfi með því að samþykkja till. eins og þessa. Og ég er alveg óhræddur við að láta í ljós þá afstöðu mína. Ég hef aldrei sótzt eftir því að vera talinn í hópi þeirra manna, sem sífellt þykjast vera að flytja einhvern siðbætandi boðskap og benda á nýjar skynsamlegar leiðir í þessum vandamálum þjóðarinnar, en hafa á sér yfirskin guðhræðslunnar, en afneita hennar krafti. Því að það er gert með till. þeim, sem bornar hafa verið fram í þessum málum hér á þessu þingi.

Ég vil svo í samræmi við það, sem ég hef sagt um 2. tölul. þessarar brtt. hv. meiri hl. allshn., leyfa mér að flytja brtt. við þennan lið á þá leið, að niður verði felld síðustu orðin í þessum tölul.: „þeim, er fara með framkvæmdarvaldið". Og ég vil fastlega vænta þess, að hv. þm. láti það ekki henda sig að ganga frá þessu máli eins og lagt er til í 2. tölul. brtt. hv. meiri hl. allshn., því að ef það væri samþ., held ég, að það gæfi allt of mikinn höggstað á þessari stofnun, Alþ., ef þann veg yrði tekið á þessum málum eins og gert er ráð fyrir í þessum tölul.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, að nauðsyn beri til þess að gera raunhæfar ráðstafanir til þess að draga úr áfengisnautn meðal þjóðarinnar. En öll framkoma þeirra manna og aðgerðir, sem hér þykjast vilja þessum málum bezt á þessu þingi, miðar því miður að því gagnstæða.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt brtt. frá hv. þm. N-Ísf. (SB), sem hann hefur nú lýst. Það mun vera von á fleiri brtt., og leita ég því ekki afbrigða strax.

Jónas Jónsson: Það er utan dagskrár, herra forseti. Ég ætla aðeins, sérstaklega út af því, að það stendur til gleðskapur þm. eftir örstuttan tíma, og í sambandi við ræðu hv. þm. N-Ísf., taka fram, að meðan ég er á þingi, ef það kemur fyrir í samkomum þm., að einhver af þingbræðrum mínum er ölvaður, þó að það sé forseti, og ætlar að rífa föt eða berja menn, mun ég kalla á lögregluna hvenær sem er. Þetta vil ég tilkynna hv. þm. N-Ísf., ef hann gæti eitthvað af því lært.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Auk þeirrar till., sem hér er nú til umr., liggja fyrir þessu þingi fleiri till. um áfengismál, t. d. till. um afnám sérréttinda í áfengiskaupum, sem er ekki á dagskrá þessa fundar, og önnur, um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins, sem er 9. mál á dagskrá fundarins. Ég er meðflm. að öllum þessum till. og átti jafnvel öðrum fremur þátt í því, að þessar till. eru í fleira en einu lagi, vegna þess að hér var um nokkuð óskyld atriði að ræða, þó að þau væru varðandi sama málið í raun og veru. Nú hefur hv. allshn. fundið tilhneigingu hjá sér til að tengja saman tvær þessara till. og hefur lýst yfir því, að hún muni ekki skila áliti um hinar till., sem hjá henni liggja til athugunar um þessi mál. Á þskj. 319, þar sem er brtt. frá meiri hl. allshn., er tekið upp að nokkru leyti efnið úr till. um afnám sérréttinda í áfengiskaupum. En þar sem þessi till. er þannig, að hæstv. forseti telur, að tæplega muni vera hægt að bera hana upp í tvennu lagi, þá ætla ég að leggja hér fram brtt. um þetta atriði við sjálfa till. á þskj. 30, sem mundi þá koma til atkvgr., ef brtt. hv. meiri hl. n. yrðu felldar. Þó að ég hafi talið óheppilegt að ríma þetta saman í eina ályktun, vil ég ganga til móts við meiri hl. n., fyrst hann hefur áhuga á, að þetta verði samferða. Ég vil því leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við tillögugreinina bætist:

Enn fremur ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að koma á þeirri skipan, að engir fái keypt áfengi undir útsöluverði."

Ég ætlast til, að þetta bætist við till. á þskj. 30, svo framarlega að brtt. meiri hl. allshn. verði felld.

Ég ætla ekki að taka þátt í þeim umr., sem hér hafa farið fram um þetta málefni, tel ekki ástæðu til þess.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. V-Húnv., sem hann hefur nú lýst.

Umr. frestað.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

11. Vínveitingar á kostnað ríkisins.

Á 6. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins (A. 31).

Á 7. fundi í Sþ., 15. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sþ., 16. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Sþ., 27. okt., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur, nokkrir þm., að flytja hér á þskj. 31 þáltill. um að afnema vínveitingar á kostnað ríkisins. Ég flutti till. á síðasta þingi, sem var samhljóða þessari, en henni var vísað til nefndar og þar dagaði hún uppi. Þetta mál er því það kunnugt, þar sem það hefur áður verið til meðferðar, að ekki sýnist þörf frekari útskýringa. Ég get búizt við, að það verði talið eðlilegt að athuga málið í þingnefnd, og vil ég því leggja til, að umr. verði frestað og allshn. látin fá málið til umsagnar.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 31, n. 290).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Sérréttindi í áfengiskaupum.

Á 6. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um afnám sérréttinda í áfengiskaupum (A. 32).

Á 7. fundi í Sþ., 15. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. og 16. fundi í Sþ., 16. og 29. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þessi till., sem við flytjum á þskj. 32, er um afnám sérréttinda í áfengiskaupum. Á síðasta þingi var flutt till. um sama efni, en málið kom þá aldrei frá allshn. Mönnum er því nokkuð kunnugt þetta mál frá síðasta þingi, og því er ekki ástæða til að fjölyrða um það. Þingmönnum er öllum ljóst, hvað hér er á ferð, og skýringar í langri ræðu eru því með öllu óþarfar. Að mínu áliti virðist ekki þörf á að vísa þessari till. til nefndar nú, en ef þingmenn teldu það betur við eiga, tel ég réttast að vísa henni til allshn. og fresta þá umr. En verði till. vísað til þeirrar nefndar, vildi ég mega vænta þess, að hún afgreiddi málið nú, en léti það ekki daga uppi, eins og það gerði í allshn. á síðasta þingi.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á deildafundum 29. jan. var útbýtt frá Sþ. nál. frá minni hl. allshn., á þskj. 291, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

13. Eignarnám lóða vegna Menntaskólans í Reykjavík.

Á 7. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um eignarnám á lóðum vegna Menntaskólans í Reykjavík (A. 35).

Á 8. fundi í Sþ., 16. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Á þingi í fyrra flutti ég sams konar till. og þá, sem hér liggur fyrir, en þá varð ekkert úr framkvæmd hennar og málið ekki afgreitt frá þinginu. Nú eru aðstæður hins vegar að ýmsu leyti breyttar, og geri ég ráð fyrir því, að þessu máli verði meira sinnt nú heldur en þá var gert.
Í tíð fyrrverandi ríkisstj. var hafinn mikill undirbúningur af hálfu þáverandi menntmrh. um það að færa menntaskólann út úr bænum, og er frá því sagt í grg. þessarar till. Sá staður, sem fyrrverandi ríkisstj. hafði augastað á, fékkst ekki, þegar til kom. Að vísu munu aðrir staðir hafa verið fáanlegir, en þá var annað komið til, þ. e. fjárhagslegir erfiðleikar ríkisins á að reisa stórar byggingar, og er óhætt að segja, að ekki líti út fyrir, að þar verði undinn að bráður bugur. — Nú eru uppi um þetta mál tvær kenningar. Önnur er sú að leggja niður hin gömlu heimkynni menntaskólans hér og byggja annan stærri og vel útbúinn að öllu leyti utanvert við bæinn, hin er sú að endurbæta gamla menntaskólann og gera ráð fyrir byggingu annars skóla utan við bæinn, þegar kringumstæður leyfa, og það álít ég einu færu leiðina, eins og sakir standa. Það er ekki hægt að mótmæla því, að við þurfum að reisa fleiri og stærri skóla heldur en þá, sem fyrir eru, þar sem bærinn er í stöðugum vexti, en hins vegar geta allir líka verið sammála um það, að engar líkur eru til, að þetta verði gert, þar sem stjórn byggingar- og fjárhagsmála hefur nú tekið fyrir allar nýjar byggingar, a. m. k. í þeim tilfellum, þegar hægt er að komast af með þær gömlu. Hygg ég mörg rök mæla með því, að gamla skólahúsið verði ekki lagt niður, heldur notað framvegis fyrir þessa skólastarfsemi. Eru við þessa byggingu bundnar margar sögulegar minningar og óneitanlega mikið hagræði að því að hafa

skólann í miðjum bænum. Áður hafa og verið færð rök að því, hve mikill kostnaður væri að því bæði fyrir nemendur og kennara skólans, ef þeir þyrftu að fara með strætisvögnum til og frá skóla, sem byggður væri utanvert við bæinn. Færi ég það fram sem röksemd í þessu máli, að þótt dýrt sé að kaupa lóðir bak við menntaskólann upp að Þingholtsstræti, mundi sú upphæð vinnast fljótlega upp með þeim auknu útgjöldum kennara og nemenda í fargjöld til og frá skólanum, ef reistur yrði fjarri þeim stað, sem hann er nú á. Þá er það að ýmsu leyti óhentugt, þótt það hafi verið gert sem bráðabirgðaúrræði, að ætla rektor skólans bústað langt frá sjálfum skólanum, og er mér kunnugt um, að hann hefur óskað mjög eftir því að fá að búa í gamla landlæknishúsinu, sem stendur rétt við menntaskólann, og yrði þetta mjög hentugt fyrir forstöðumenn skólans í framtíðinni. — Ég hygg því, að við verðum að hallast að því ráði að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um eignarnám á lóðum þeim og húsum, sem næst menntaskólanum standa, og kaupa þannig smátt og smátt til þess að bæta úr þörfum skólans. Ég vil sérstaklega benda á, að leikfimihús skólans er algerlega ófullnægjandi, bæði gamalt og illa hirt, þannig að eitt af því, sem er óhjákvæmilegt, er að byggja sæmilegt leikfimihús. Þá vil ég minnast á annað atriði, sem sýnir, hversu húsnæðisástandið er erfitt varðandi starfrækslu skólans. Fyrir löngu síðan var bygging reist bak við skólann, sem kölluð var „fjósið". Þetta var aldrei vönduð bygging, og þegar ég hafði með kennslumál að gera fyrir nokkrum árum, var hætt að kenna í „fjósinu", en nú eru þrengslin í skólanum orðin svo mikil, að farið er að kenna þarna á ný, en þetta hús ber auðvitað alltaf þess merki, að það var aldrei ætlað fyrir mannabústaði. Ég hygg því, að eðlilegasta lausnin til úrbóta á húsnæðisvandræðum skólans eins og sakir standa sé sú að laga gamla skólann og láta framtíðina um það, hvenær verður farið að byggja á þeim lóðum, sem talað hefur verið um að fá undir nýjan skóla. Þá vildi ég fá vitneskju um það hjá hæstv. ríkisstj., hvað líði þessum byggingarmálum, hvað líði því fé, sem veitt hefur verið til skólans 2 undanfarin ár, og hvers konar heimtur eru á því, sem bundið var inn hjá Kleppi. Legg ég svo til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Varðandi fyrirspurn hv. þm. S-Þ. um það, hvernig hafi verið varið fé því, sem veitt hafi verið til byggingar menntaskóla í Reykjavík, er því til að svara, að nokkuð miklum hluta af fyrri fjárveitingunni, 300 þús. krónum, var varið til að kaupa erfðalóðarréttindi í landi Laugarness, en það fé, sem þá var eftir, hefur ekki verið lagt út, en fjmrn. gaf fyrirheit um, að það yrði greitt, þegar ráðizt yrði í framkvæmdir. Aftur á móti hefur ekkert verið notað af fjárveitingu þessa árs, og geri ég mér vonir um, að hún verði lögð til hliðar, þar sem ekki hefur orðið úr neinum framkvæmdum í þessum efnum á árinu. Eins og mönnum mun kunnugt, hefur Reykjavíkurbær og ýmsir aðrir aðilar hér í bæ viljað fá þessa lóð við Laugarnes og nota hana á annan hátt, og hefur bænum verið gefinn kostur á að fá lóðina, ef hann vildi láta af hendi stað, sem gæti verið frambúðarstaður fyrir menntaskólabyggingu, og hefur bæjarstj. fallizt á að vísa á stað í þessu skyni, sem er nálægt golfvellinum, í skiptum fyrir Laugarneslóðina. Er ráðuneytið út af fyrir sig á þeirri skoðun, að vinna beri að því að skipta á þessum lóðum.

Í þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að tekin verði upp sú stefna að taka eignarnámi lóðirnar í grennd við menntaskólann með það fyrir augum, að framtíðarbygging skólans verði þar. Ég vil ekki fara út í að ræða þetta mál ýtarlega við þessa umr., þar sem það fer til n., og er þá sjálfsagt, að n. athugi öll gögn og upplýsingar í málinu. Ég vil benda á það strax, að ég tel tvennt mæla því í gegn að hafa skólann þar, sem hann er nú. Báðar eru þessar ástæður mjög þýðingarmiklar, og voru þær m. a. þess valdandi, að rektor skólans, form. n., sem athugaði þetta mál, var á þeirri skoðun að byggja skólann annars staðar. Fyrri ástæðan er sú, að það er sýnilegt, að til þess að fá nægilega miklar lóðir undir skólann og rífa hús af þeim verður að leggja út milljónir króna. Hin ástæðan er sú, að staðurinn er þannig settur, að það hljóta alltaf að verða veruleg þrengsli um skólann, jafnvel þótt þessar milljónir yrðu lagðar út til þess að ná nefndum lóðum. Þetta eru meginástæðurnar fyrir því, að talið er nauðsynlegt að flytja skólann á annan stað. Það, sem aftur á móti mælir með því að hafa skólann þarna, er aðallega tvennt. Í fyrsta lagi verður skólinn um nokkra framtíð meira í miðpunktinum, ef hann stendur þarna áfram, og í öðru lagi hefur skólinn verið þarna, og þessar ástæður verða menn að virða og meta. Það hefur verið stefnt í þá átt fram að þessu af ráðuneytinu í samráði við byggingarn. skólans, að réttara mundi vera að stefna að því að flytja skólann, og þarna hafa ráðið m. a. þær tvær ástæður, sem ég áðan nefndi. Það má sjálfsagt segja, að hér komi til greina margt bæði með og móti, en ég mun ekki fara út í það á þessu stigi. Ég álít nauðsynlegt, að hv. þm. kynni sér þau gögn og umsagnir, sem fyrir liggja um málið frá báðum aðilum, og þær skoðanir, sem fram koma, áður en þeir taka afstöðu um málið.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég verð nú að segja, að ég hafði gert ráð fyrir því, að einhverjar nýjar athuganir hefðu verið gerðar í þessu máli síðan í tíð fyrrv. ríkisstj., en ég sé nú af ræðu hæstv. menntmrh., að því er ekki svo varið. Það er misskilningur hjá honum, að bæjarráð þurfi að fara fram á það við ríkisstj. að fá leyfi til að nota lóðina í Laugarnesi, vegna þess að það, sem fyrrv. ríkisstj. fékk, var ekki lóð, heldur erfðafesturéttindi, sem þannig er ástatt um, að bærinn er landeigandi að og hefur bærinn réttinn nú, og þess vegna gat ríkið ekki byggt á lóðinni, nema bærinn vildi sleppa henni. Mér finnst því, að ríkið eigi á hættu að tapa þessum 300 þús. eða því fé, sem það hefur lagt þarna út, ef bærinn vill ekki láta lóðina undir skólann. Geri ég þó ekki ráð fyrir, að þetta sé tapað fé, en samt situr þetta nú þarna fast. Málið liggur því einhvern veginn öðruvísi fyrir heldur en hæstv. menntmrh. vildi vera láta, og bærinn er búinn að ráðstafa Laugarneslóðinni á annan veg heldur en undir menntaskóla. Sýnir það, hversu þessir skólaflutningar eru í lausu lofti byggðir, að annað eins skuli hafa komið fyrir, að keypt hafa verið lóðarréttindi, sem strangt tekið

eru einskis virði. — Þá vil ég enn fremur benda hæstv. ráðh. á það, að mér finnst ekki veita af þessari þáltill., til þess að Alþ. skeri úr um það, hvort flytja eigi skólann. Í sambandi við þessar fjárveitingar til skólans, er nema um hálfri milljón króna, var ekkert sagt um það, að þeim ætti að verja til þess að flytja hann burt af þeim stað, sem hann stendur á. Finnst mér það því fullkomið gerræði hjá ríkisstj. að leggja út í 15 milljón króna fyrirtæki í þessu skyni, án þess að Alþ. hafi ákveðið, hvar skólinn ætti að vera. Hygg ég, að hæstv. núverandi menntmrh. geti verið glaður yfir því að fá úr því skorið með atkvgr. á Alþ., hvort þessu fé eigi að verja til menntaskólabyggingar utan bæjarins, og liggur mér við að segja, að það sé næsta óheiðarleg meðferð á þessu fé, ef engin slík atkvgr. fer hér fram, því að engin ákvörðun liggur enn fyrir frá Alþ. um þetta mál. Ég vil enn fremur beina því til hæstv. ráðh. að líta á, hvernig ástandið er í menntaskólanum nú. Það er búið að fylla húsið svo, að rektor getur ekki búið þar lengur, og er slíkt mjög óhentugt í svo stórum skóla. Í öðru lagi er skólinn svo yfirfullur, að það er tví- eða þrísett í sumum kennslustofunum og þrengslin svo mikil, að það hefur orðið að taka þetta gamla útihús til viðbótar fyrir kennslu. Þarf því ekki að fjölyrða um það, að það hlýtur að ganga út yfir kennara og nemendur, þegar svona illa er búið að skólanum.

Ég skal ekkert um það segja, hversu mikið það mundi kosta að kaupa þessar lóðir, en hitt veit ég, að það mundi vera mjög kostnaðarsamt að starfrækja skóla utanbæjar. Ég vil nefna hér eitt dæmi: Háskólinn í Winnipeg er 6 km fyrir utan bæinn. Stjórnin hafði ákveðið að hafa þarna stóran búnaðarskóla, en hann reyndist svo dýr í rekstri, að horfið var frá því að hafa þarna búnaðarskóla, en í staðinn var hafður þar háskóli. Skúli Jónsson sagði mér sjálfur, að daglega eyddi hann 3 klst. í leiðinlegar sporvagnsferðir til skólans og frá, og er það eitt af þeim mörgu óþægindum, sem af utanbæjarskóla leiðir.

Svo vildi ég gjarnan fá að vita hjá hæstv. utanrrh., hv. fyrrverandi borgarstjóra, hvort hann líti svo á, að samningurinn, sem gerður var um Laugarnes, sé enn í gildi, þó að bærinn hafi tekið þessa lóð til annars en að byggja þar skóla.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég hygg, að það sé á misskilningi byggt, sem fram hefur komið hér, að ágreiningur sé milli bæjarstjórnar og ráðuneytisins út af þessu máli. Bæjarstjórnin var búin að gefa samþykki sitt til, að skólinn yrði reistur í Laugarnesi, en seinna sáu menn svo fram á, að hentugra væri að reisa þarna aðrar byggingar, og var útgerðarmönnum í bænum afhent landið undir fiskstöð, en bæjarráð vísaði þá á golfskálahæðina sem hentugan stað fyrir menntaskóla. Allt fór þetta fram án þess, að um nokkra misklíð væri að ræða. Hv. þm. S-Þ. sagði að vafasamt væri, að ráðuneytið hefði nokkurn rétt til þess að flytja skólann án þingssamþykktar. Ég hygg, að ekki sé verið að flytja skólann, þótt hann yrði settur í núverandi útjaðar bæjarins. Bærinn hefur stækkað afar mikið síðustu árin og fer ennþá ört stækkandi, svo að það, sem voru úthverfi fyrir nokkrum árum, eru nú orðin svo að segja miðbærinn. Mér virðist því ekki nema rétt að hafa það fyrir augum, þegar ráðizt er í jafnmikla byggingu sem menntaskóla. Hitt má vel vera, að Alþ. vilji velja stað fyrir skólann, og er í sjálfu sér ekkert við því að segja. Annars er ekki venja, að það ákveði neitt um slíkt, og ég hygg, að ríkisstj. hafi oft ákveðið annað eins og þótt hún ákvæði, hvar menntaskólinn yrði reistur.

Eins og ég hef annars áður tekið fram, þá finnst mér ekki nema sjálfsagt, að hv. allshn. fái í hendur öll gögn í máli þessu, svo að hún geti kynnt sér það vel og borið fram till., ef hún vill, það varðandi. Ég hef þegar beðið formann byggingarnefndar skólans, sem er rektor sjálfur, að senda ráðuneytinu till. um fyrirkomulag byggingarinnar, m. a. með það fyrir augum, hvernig nýbygging gæti sem fljótast bætt úr hinni brýnu húsnæðisþörf skólans. Ég fer svo ekki lengra út í mál þetta að sinni, en vænti, að ég eigi í bili engu ósvarað.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. S-Þ. þá mun ég nú segja hér nokkur orð. — Það liggur í augum uppi, að að svo miklu leyti sem bærinn hefur bundið sig, þá veitir erfðafesturétturinn, sem keyptur var, ekki nema skilorðsbundinn rétt, þannig að bæjarstj. mundi hafa rétt til þess að taka landið hvenær sem er til sinna nota.

Ég hef því miður ekki öll plöggin um þetta mál í höndunum nú, en ég veit ekki betur en að bæjarstj. væri búin að samþykkja, að skólinn skyldi reistur í Laugarnesi, og þess vegna var samkomulag um, að það land, sem bærinn keypti þarna, skyldi ekki notað til annars. Síðar gerðist það svo í málinu, að útvegsmenn í bænum bentu á, að einmitt þessi staður væri hentugur fyrir fyrirhugaða geymsluskála og aðrar byggingar varðandi sjávarútveginn, og fleiri komu með till. í þá átt, að þetta land yrði notað til þess. Ég hygg, að flestir eða allir hafi verið sammála um það, að Laugarnes væri sá bezti staður, sem til var einmitt til þessa, og ég veit ekki til þess, að neinn ágreiningur hafi orðið milli bæjarstj. og ríkisstj. út af því, að landið var afhent til þessara nota. Bent hefur verið á Golfskálahæðina sem hentugan stað fyrir menntaskóla, og ég held, að það hljóti að vera auðfundinn staður, sem sé jafngóður og Laugarnes, og ég fyrir mitt leyti álít, að það sé beinlínis vandfundinn verri staður fyrir skólann heldur en einmitt inni í Laugarnesi. Engu að síður samþykkti ég þó, að bæjarstj. leyfði ríkisstj. að byggja skólann þarna, ef hún vildi, því að ég áleit, að ríkið réði þessu, en bæjarstj. ætti ekki að vera að streitast við ríkisstj. út af, hvar skólinn ætti að vera, og með því ef til vill að tefja nauðsynlegan framgang málsins. Helzt vildi ég, að skólinn yrði kyrr á sínum gamla stað. Þrátt fyrir það vildi ég gjarnan greiða götu ríkisins í að finna góðan stað fyrir skólann, ef endilega á að flytja hann.

Ég verð að játa það, að ég hafði ekki gert mér verulega glögga grein fyrir þessu máli fyrr en nýlega, að ég las greinar eftir þá Einar Magnússon og Sigurkarl Stefánsson, en eins og kunnugt er, þá eru þeir báðir kennarar við skólann. Þeirra till. finnast mér þær beztu, sem enn hafa komið fram í þessu máli, og virtust mér þær svo eðlileg og sjálfsögð lausn á málinu, að mér fannst næsta undarlegt, að engum skyldi fyrr hafa komið þær í hug. Þeir stinga upp á því, að skólinn verði

kyrr á sínum gamla stað, en seinna verði reistur einhvers staðar á góðum stað nýr skóli, en hann verði miklu minni en sá, sem nú er í ráði að reisa. Mér virðist þetta vera hin rétta lausn. En hvað viðvíkur því að ráðast nú í að byggja þennan stóra skóla, sem mikið hefur verið talað um, þá verð ég að segja það, að mér finnst það mikið óráð, þar eð langur tími hlýtur að líða, þar til hann gæti bætt úr hinni brýnu húsnæðisþörf skólans. Annars má segja, að hin mesta kyrrstaða hafi verið á þessu máli. Skólameistara menntaskólans á Akureyri hefur tekizt með hjálp ríkisins að auka húsakynni skólans allmjög, en á sama tíma hefur allt verið í athafnaleysi hér syðra um aukin húsakynni til handa menntaskólanum hér, og ennþá er enginn skriður kominn á málið. Alltaf þegar til framkvæmda hefur átt að taka, rákust menn á það, að hugmyndin um hinn nýja skóla var svo ógeðfelld, að það varð að hverfa frá henni. Það hafa oft verið leidd rök að því, að skólann ætti að hafa á sama stað, en sá staður er af allflestum viðurkenndur bezti staðurinn, og ég fyrir mitt leyti get hvergi í bænum fundið betri stað né heppilegri, og allar þær ástæður og rök, sem komið hafa fram gegn því, virðast mér næsta léttvæg. Auk þess mæla hinar sögulegu minningar, sem tengdar eru við menntaskólahúsið gamla, á móti því, að skólinn sé fluttur. Það eru áreiðanlega fá hús, sem merkilegri eða hugljúfari minningar eru tengdar við, og í okkar þjóðfélagi, þar sem svo lítið er um erfðavenjur, virðist mér vera fjarstæða að kasta á glæ þeim mikla menningarauka, sem fólginn er í þessum minningum.

Mér finnst það eins og æðri handleiðsla, að enn skuli ekki hafa tekizt að koma flutningi skólans lengra á veg, og ég hygg, að það hljóti að verða niðurstaðan, að skólinn verði áfram þar, sem hann er, og að keyptar verði nálægar lóðir undir auknar byggingar fyrir skólann. Því, sem hv. þm. S-Þ. hefur nú vakið máls á, hefur hann fyrr stungið upp á, en ekki haft dugnað né harðfylgi til þess að koma því lengra á veg, og er það ótrúlegt um jafnduglegan mann og þessi hv. þm. er í raun og veru. Hann vakti athygli á þessu árið 1930, en þá vildi hann ekki, að ríkið legði í þessar framkvæmdir. Ef hann hefði þá verið fúsari til þess, þá stæðu þessar byggingar líklega nú sem óbrothættur bautasteinn um atorku hans og framsýni.

Nú vildi ég benda á það, að kaupa mætti lóðir þær, sem hér ræðir um, smám saman. Nú eru sum húsin, sem þarna standa, þannig, að vel mætti nota þau í þarfir skólans til bráðabirgða, t. d. hús K. F. U. M. Það er að vísu ekki sem fullkomnast né bezt, en vel gæti það bætt úr húsnæðisvandræðum skólans að nokkru leyti, þar til betur úr rætist.

Hv. þm. S-Þ. var að spyrja um, hvað bærinn hafi gert í þessu efni. Ég vil benda hv. þm. á það, að það er ekki fyrst og fremst bærinn, sem á að fjalla um þetta mál, og ég hef alltaf haldið þeirri stefnu, að bærinn færi ekki að taka á sig neinar aukakvaðir, því að hann hefur nóg samt. Þrátt fyrir þetta þá veit ég, að vænta má fullrar samvinnu við bæinn um mál þetta. T. d. hefur bærinn sýnt áhuga á að eignast olíulóðina bak við skólann og verið þess fýsandi, að ríkið fengi þessa lóð handa skólanum, ef það vildi.

En ef kaupa á lóðir fyrir 5 millj. kr. og rífa niður hús í því augnamiði að koma upp skólanum, þá virðist mér, að þessu nauðsynlega og aðkallandi máli sé stefnt í hættu, í stað þess að kaupa lóðir smám saman og byggja við og auka húsnæði skólans sem skjótast. Að vísu yrðu þær skólabyggingar ekki jafnglæsilegar og sú bygging, sem nú er í bígerð, en það er líka langur tími, þangað til hún yrði fullgerð og nothæf.

Ég lýsi ánægju minni yfir því, að hæstv. menntmrh. hefur nú hreyft þessu máli, og gæti það orðið stuðningur þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, varðandi málið í heild.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég stend nú upp til þess að leita frétta. Fyrir nokkrum árum var skipuð mþn. til þess að athuga, hvernig hentugast mundi að byggja á svæðinu í grennd við gamla menntaskólann, og ég ætla, að flm. þessarar tillögu hafi bæði verið hvatamaður að nefndarskipuninni og sjálfur verið í henni. Ég hef enn ekki orðið var við, að þessi n. hafi gert nokkurn skapaðan hlut þetta varðandi, og vildi ég fá að vita, hvernig því er háttað. Hitt, sem ég vildi spyrja um, er viðkomandi því, að í fyrra mun hafa verið flutt hér á þinginu þáltill. um sama efni og þessi till., sem nú liggur fyrir. Um hana urðu nokkrar umr., en síðan var hún send til n. Nú vildi ég gjarnan fá að vita, hvað hv. n. meinar með því að svæfa svona till., því að hún kom aldrei frá n. aftur. Í fyrra lágu atvik þannig, að þá var að mörgu leyti hægara að kaupa lóðirnar í nánd við skólann, eftir að bruninn varð við Amtmannsstíg, en að því er ég bezt veit, var ekkert gert í því máli þá.

Ég vil láta það álit mitt í ljós, að það er ósiður, sem ekki á að eiga sér stað, að mál séu þannig tekin út úr umr. á Alþ. og síðan svæfð í n. og þm. á þann hátt meinað að taka afstöðu til þeirra.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Á seinasta þingi flutti ég till. til þál. um menntaskólann í Reykjavík, svo hljóðandi: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að menntaskólinn í Reykjavík hafi áfram aðsetur þar, sem hann er nú, og að veitt verði nægilegt fé í fjárlögum til þess að endurbæta hið gamla skólahús, þannig að það fullnægi nútíma kröfum til skólahúsa, og til þess að byggja nýtt leikfimishús og rektorsbústað við skólann. Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstj. að tryggja skólanum nægilegt landrými milli skólalóðar og Þingholtsstrætis.“

Þessi till. fékk ekki afgreiðslu, hún var svæfð í nefnd. Ég hef verið áhugamaður um málefni Menntaskólans í Reykjavík og því fylgzt vel með, hvað gerzt hefur í húsnæðismálum hans. Það hafa komið fram raddir um, að ástæðan fyrir núverandi húsnæðisvandræðum skólans sé sú, að hann sé orðinn allt of lítill. En þetta er ekki rétt, skólinn er að vísu orðinn of lítill, en ekki allt of lítill.

Mér virðist vera um fjórar leiðir að velja til að leysa þessi húsnæðisvandræði. Þær eru ekki tvær eða þrjár, eins og komið hefur fram, heldur eru þær fjórar. Í fyrsta lagi sú, að flytja skólann allan burt og leggja hann niður á núverandi stað. Í öðru lagi er að halda gamla skólanum í notkun, en taka umræddar lóðir undir hús fyrir stærðfræðideild og önnur nauðsynleg hús. Þriðja leiðin

er svo sú, sem tveir af kennurum menntaskólans hafa sett fram og er í því fólgin að halda áfram gamla skólanum þar, sem hann er, en byggja svo annan menntaskóla annars staðar. Fjórða leiðin er að halda áfram rekstri gamla skólans, en taka gagnfræðadeild neðan af og láta þá unglinga stunda nám í öðrum hvorum gagnfræðaskólanum, sem eru í bænum, og láta þannig menntaskólann vera aðeins menntadeild. (**HV**: Það er þegar ákveðið að leggja niður gagnfræðadeild skólans.) Nú ef svo er, þá sýnist mér sem húsnæðisvandamál skólans muni leysast, og þá er líka tilefnið til þessara miklu umræðna fallið úr gildi. Af þessum fjórum — eða nú þrem leiðum, sem ég gat um, finnst mér sú fyrsta fráleitust og koma sízt til greina. Og mér finnst kostnaðar vegna og ýmissa annarra ástæðna ekki ráðlegt að kaupa í einu allar lóðirnar bak við skólann. Skynsamlegasta leiðin er sú þriðja, hún er tvímælalaust langbezta framtíðarlausnin á málinu. Mér finnst, að Alþ. ætti að láta í ljós ákveðinn vilja sinn í þessu. Ég hef haft í hyggju að leggja fram frv. um menntaskólann, þar sem lagt yrði til, að lögfest yrði, að gamli skólinn verði kyrr þar, sem hann nú er, en annar verði svo byggður, þegar tilefni verður til.

Það er mál manna, sem vit hafa á, að kostnaður við skóla fari að langmestu leyti eftir tölu bekkjanna. Skóli, sem er helmingi stærri en annar, mun vera um helmingi dýrari í rekstri. Mér hefur skilizt, að skólafróðir menn haldi því fram, að góður skóli megi ekki vera fjölmennari en tvö til þrjú hundruð nemenda. Það er því augljóst, að betra er að hafa tvo litla menntaskóla en einn stóran. Ég vil svo að síðustu endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég mun flytja frv. um menntaskóla innan skamms, ef ekki verður fram komið annað, sem gengur í sömu átt, en ég hef nú heyrt, að svo muni e. t. v. verða gert, og mun þá vitanlega ekki vera þörf á, að ég geri það. Það er nauðsynlegt að lögbinda það, hvernig skólamálin eiga að vera í framtíðinni.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég ætla að gera aðeins athugasemd við það, sem einn af mönnunum úr gamalli og dauðri nefnd var að segja hér áðan. Það er rétt, að skipuð var nefnd til að athuga, hvernig nota ætti sem bezt lóðirnar, þar sem nú er Gimli og bakaríið. Það var nokkuð fjölmenn nefnd. En þegar hún tók til starfa, kom í ljós, að togstreita milli skipulagsnefndar ríkisins og bæjarins varð svo mikil, að nefndin gat ekkert starfað. Málið liggur því óleyst enn eins og það var þá.

Út af þeim ummælum utanrrh., að ég hefði ekki gert meira en að leggja til, að þessar lóðir væru keyptar, vil ég segja þetta, að ég lagði til á sínum tíma við Akureyrarbæ og Reykjavíkurbæ, að þeir afhentu lóðir undir menntaskóla sína. Akureyrarbær gerði það strax, en Reykjavík ekki, og var það miður farið. Nú, hæstv. utanrrh. benti á, að hann hafi í fyrra gert till. um að lóðin undir olíustöðinni yrði tekin undir skólann, og er það vissulega spor í rétta átt. Það er bráðnauðsynlegt fyrir skólann í Reykjavík að fá stærri og meiri lóðir undir ýmsar byggingar, svo sem rektorshús, leikfimishús o. fl. Ef nú þessar lóðir verða teknar eignarnámi, ætti að banna að endurbyggja á þeim nema með leyfi ríkisstj.

Ég vil taka það fram út af ræðu hæstv. ráðh., að það er alveg nýtízku regla hér á Alþ. og algert nýmæli, ef það á ekki að þurfa að bera það undir Alþ., þegar kasta á alveg burt gömlu húsi og flytja það, þótt það kosti ekki nema 15 millj. Ég vil bara segja, að slíkt er vítavert að gera nema með samþykki Alþingis.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil endurtaka það, að það er alger misskilningur, að ágreiningur hafi orðið milli skipulagsnefndar ríkisins og bæjarins um Laugarnes. Ég hef fengið upplýsingar um, að bærinn hafi verið búinn að samþykkja, að skólinn yrði í Laugarnesinu.

Það hefur nú verið mikið minnzt á þetta mál, síðan ég talaði áðan. Ýmsir hv. þm. hafa mjög ákveðnar skoðanir, hvaða leiðir séu heppilegastar. Ég hygg því, að þetta mál þurfi rækilegrar athugunar, því að það er mikið vandamál. Það eru fleiri en ein till., sem komið hafa fram. Ég fyrir mitt leyti skal ekki segja neitt um, hvort heppilegra sé að hafa skólana tvo, en mér finnst skylt, að þó að menn vilji vera sjálfstæðir í skoðunum, þá sé hlustað á þá menn, sem vit hafa á málunum. Það er algerlega rangt hjá hæstv. utanrrh., að ég sé á móti því, að Alþ. láti í ljós skoðun sína um þetta mál, en ég vil, að það fái rækilega athugun í n. Ég skal ekki neita því, að vel má vera, að ekki hafi verið blandað nægilega saman staðarvali skólans og byggingarframkvæmdum. Í umræðunum hafa menn ekki gert sér það ljóst, að þetta tvennt á að fara saman. Það kemur nefnilega til álita, hvort byggja á allt í einu eða smám saman. Það er tæplega hægt að gera ráð fyrir því, að við á einu ári getum reist allar þær byggingar, sem þarf. Það gæti verið ástæða til að fara nánar út í einstök atriði, sem komið hafa fram í umræðunum, en ég hygg það sé betra að bíða, þangað til málið hefur fengið athugun í nefnd.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af ummælum, sem komið hafa hér fram og í fólst ásökun á fjvn. fyrir trassaskap í afgreiðslu mála og fyrir að fara óþinglega með mál, vildi ég aðeins segja nokkur orð. Ég vísa algerlega á bug þessum ásökunum. Það er algerlega ástæðulaust að vera að ásaka fjvn. Hún hefur ábyggilega skilað mun betur af sér málum en sumar aðrar nefndir þingsins. Gangur þessa máls er sá, að í fyrra var því vísað til fjvn. þann 15. nóv., og tók nefndin það fyrir á fundi 6. des. Þar var ákveðið að senda það til umsagnar menntmrh. og fjmrh. Þar sem ekki var vitað þá, hverjir mundu taka sæti í hinni nýju ríkisstjórn, sem ekki var enn mynduð, varð einhvern veginn ekkert úr þessu, og fékk nefndin aldrei svar. Þegar svo nýja ríkisstj. kom, var málið aftur tekið fyrir á fundi í n. Þar var mér falið að tala við ráðherrana, en þeir höfðu þá engan tíma vegna þess, hversu mörg mikilvæg mál biðu afgreiðslu þeirra. Enn var svo málið tekið fyrir í n. í apríl, og var mér þá enn falið að tala við ráðherrana. Þeim viðræðum lauk með því, að samkv. beiðni ráðherra yrði málið ekki afgreitt frá n. fyrr en eftir nánari athugun. Svona hefur þá málsmeðferðin verið. Ég veit ekki, hvort hún er þingleg eða ekki. En hv. þm. geta þó séð, að n. hefur ekki legið á liði sínu og ástæðulaust er að ásaka

hana fyrir trassaskap, en sá hv. þm., sem það gerði, hefði að minnsta kosti getað leitað sér upplýsinga um gang málsins í n., áður en hann kom hér inn í þingið með ásakanir sínar. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

14. Hlunnindi einstakra trúnaðarmanna þjóðfélagsins um vörukaup.

Á 10. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um bann gegn því, að einstakir trúnaðarmenn þjóðfélagsins fái vörur, svo sem áfengi, tóbak og bifreiðar, með undanþáguheimild frá ríkisvaldinu, við lægra verði en aðrir þegnar þjóðfélagsins (A. 39).

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 27. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég veit ekki, hvernig á því stendur, að svo virðist sem þessi till. hafi utan þings vakið meiri eftirtekt og mótstöðu en aðrar tillögur, og hefur það ekki sízt komið fram í ýmsum blöðum, og virðist þetta því vera viðkvæmt mál fyrir aðstandendur þeirra. Og það er raunar gott, að það hefur komið fram. Með þessari till. er farið fram á, að Alþ. játi eða neiti með úrskurði sínum við afgreiðslu þessa máls, að gilda eigi tvennar venjur um íslenzka borgara, skeri úr því, hvort höfðingjarnir skuli vera hafnir yfir lög, á meðan almúginn á að hegða sér eftir þeim. Sú var tíðin, að þetta var þannig, en það hefur ekki verið fyrr, síðan frelsi óx í landinu. Ég hef fengið sannanir fyrir fyrsta liðnum, sem nefndur er í till. minni, að nokkrir valdamenn hafa fengið ákaflega mikið af víni með niðursettu verði, og hið sama gildir um tóbak. Enn fremur hafa nokkrir ráðherrar og forsetar fengið bifreiðar stöðu sinnar vegna, en þetta tvennt á að taka fyrir og banna hreinlega. Ef Alþ. fellir þessa till., játar það þar með, að tvenn lög eigi að gilda í landinu, önnur fyrir þá voldugu, hin fyrir þegnana eða almúgann.

Ég mun tala hér mest um áfengið, vegna þess að tóbakið og bifreiðarnar eru ekki jafnþýðingarmiklir liðir fyrir ríkissjóð, þó að þetta sé engu þýðingarminna fyrir réttarfarið.

Það, sem hefur verið játað með skýrslu hæstv. ráðh., er, að forseti lýðveldisins, ráðherrar allir, þrír alþingisforsetar og forstöðumaður Áfengisverzlunar ríkisins hafi leyfi til að fá áfengi með meira eða minna niðursettu verði. Ég hygg, að þessir aðilar fái flöskuna fyrir 5—6 krónur, sem annars er seld almenningi á 60 krónur, svo að verðfallið er mjög verulegt.

Ég hef í grg. þessarar till. skýrt frá því, hvernig þetta er upprunalega til komið, að í tíð Jóns Magnússonar ráðh., er var forsrh., er bannið var afnumið, komst sú hefð á, að forsrh. — en á honum hvíldi þá risnuskyldan — fékk vín með niðursettu verði til risnu. Þar sem hann var mjög hófsamur í öllu, kom það ekki að sök að veita honum þessa praktisku undanþágu, sem var veitt sökum þess, að risnufé hans hrökk ekki til og ekki var sanngjarnt að bæta risnukostnaðinum á hann sjálfan. Að því er virðist, hafa allir forsætisráðherrar notað þessa undanþágu síðan nema Tryggvi Þórhallsson. Síðan komst á sú venja, að þessi friðindi næðu til allra ráðherra, þá færðist undanþágan yfir á forseta lýðveldisins, og þau undur gerðust, að hlunnindin voru einnig látin ná til alþingisforseta. Nú er það vitað mál, að forsetar Alþ. halda ekki uppi neinni risnu, nema er þeir standa fyrir þingveizlum, en þær koma ekki til greina í þessu sambandi. Ef það þarf að halda slíkar veizlur, þá kæmu til mála sérstakar fjárveitingar í því skyni. Það vita allir, að alþingisforsetar halda ekki uppi neinni risnu. Hér eru ekki einu sinni herbergi, sem þingmenn geta notað til viðtals við menn, hvað þá að hér séu risnuherbergi eða herbergi, þar sem haldið er uppi risnu. Það er því algerlega tilefnislaust að láta þessa undanþágu ná til alþingisforseta. Og loks færðust áfengisfríðindin yfir á varaforseta þingsins. Ég hygg, að bifreiðaundanþágan hafi færzt yfir á forsetana á vissu tímabili, hvort sem þau fríðindi eru nú í gildi eða ekki.

Ég hef nú leyft mér að fara fram á, að þessu verði öllu neitað og það afnumið og að þeim tveimur mönnum, sem þurfa að hafa risnu, forseta lýðveldisins og utanrrh., verði veitt risnufé eftir því, sem með þarf, ekki lítið og naumt risnufé eins og í tíð Jóns Magnússonar, svo að þessir menn bíði stórskaða vegna risnuskyldunnar, sem þeim er lögð á herðar, því að það er til minnkunar fyrir þing og þjóð að búa þannig að þessum mönnum um risnufé, að þeir sökkvi í skuldir. Nánasarskapur í þessu efni hefur leitt til þess, að menn hafa farið inn á þær krókaleiðir, sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni, svo að nú er allt komið út í öfgar. Ég álít, að sú hætta stafi af þessu fyrirkomulagi, eins og raunar hefur komið í ljós í opinberu lífi, að þessi óvani verði til að kasta skugga á þing og stjórnarvöld landsins.

Í einu stjórnmálablaði landsins var í fyrra ráðizt kröftuglega á núverandi hæstv. forseta sameinaðs Alþingis, hann var þar uppnefndur og kenndur við áfengi, og af því að minnzt er á hann í einu atriði í grg. till. minnar, þá vil ég taka það skýrt fram hér, að hann hefur aldrei sagt eitt orð, svo að ég viti, um snapsagerð hér í þinginu. Hann hefur ekkert talað um það. En ég hef átt tal við fjóra merka þingmenn, sem komið hafa úr utanferðum, og þeir hafa m. a. minnzt á það, að í erlendum þingsölum væri útdeilt snöpsum.

En nú kem ég aftur að blaðinu, sem ég nefndi áðan. Nú hefur það alveg snúið við blaðinu, ef svo mætti segja. Sama stjórnmálablaðið, sem réðst á Jón Pálmason í fyrra fyrir þá óvenju, sem ég játa, að sé, það afsakar nú þessa óvenju í vetur. Það gaf mér eitt tilefni til að víkja að því, að þingmenn virðast nú aðallega vera uppteknir af þeirri dýrð annarra landa, að þar sé útdeilt snöpsum á þingum. Og í fyrr nefndu blaði er í haust talað um, að deildaforsetar Alþ. hafi verið að ræða um snapsasölu, og segir þar m. a. með leyfi hæstv. forseta: „Brugðu forsetar deildanna á glens og sagði annar þeirra í gamni, að réttast mundi vera að svara þessu með því að koma upp staupabar í alþingishúsinu, og tók hinn létt undir það.“ Í sama blaði er vitnað í eftirfarandi úr Morgunblaðsgrein um till. mína: „Í grg. fyrir till., sem er geysilöng, segir flm., að það sé nú á almannavitorði, að til mála hafi komið að setja upp „bar“ eða snapsaútsölu í þinghúsinu, og er ekki gott að segja, nema sú „hugsjón“ hefði orðið að veruleika, ef forseti Sþ. hefði ekki beitt sér á móti þessari nýjung.“ Þegar ég bar fram mína till., hafði ég í fórum mínum þessa mikilsverðu vitneskju frá þingbræðrum mínum, sem ég nefndi áðan, um snapsaútsölu í þingum erlendis, og að þetta hafði meira en komið til orða, eins og blaðið Tíminn, sem ég átti við áðan, upplýsir með því að skýra frá samtali deildaforsetanna. Sú frásögn virðist einna helzt vera eftir báða forsetana, svo nákvæmlega er sagt frá og kunnuglega þrætt samtal forsetanna um staupabarinn, og að lokum segir blaðið, að forseti Sþ. hafi haldið, að ekki væri þó rétt að koma honum upp.

Nú bið ég menn að athuga þessi dæmi, hvar þetta kann að lenda. Í fyrra réðst Tíminn á Jón Pálmason, hæstv. forseta Sþ., og uppnefndi hann brennivínsforseta, en nú hefur hann snúið við blaðinu og er farinn að dekra við brennivínið, en verður nú þó að játa, að Jón Pálmason hafi kveðið staupabarinn niður. Og það er vitað mál, að þessi hæstv. forseti Sþ. hefur aldrei talað um þetta. Það hefur aldrei staðið neitt upp á hann í þessum efnum, þó að hann hafi að vísu haldið góðar þingveizlur.

Svo kemur feikileg ádeila á mig í blaðinu fyrir, að ég skuli í grg. minni hafa sagt frá þessari hugmynd um barinn, sem það verður þó að viðurkenna sjálft, að sé rétt með farið, sbr. samtal forsetanna, sem blaðið skýrir frá. M. ö. o., sama blaðið, sem réðst í fyrra að ósekju á Jón Pálmason, hæstv. forseta Sþ., fyrir brennivínsdekur, það játar nú, að deildaforsetarnir hafi verið að orða brennivínsbar hér, og bregður skildi fyrir þá. Vinnubrögðin eru sem sé þannig, að maðurinn, sem hneykslaðist mest á forsetabrennivíninu í fyrra og hóf máls á því hneyksli, hann vill nú hins vegar draga úr því, að deildaforsetum hafi verið alvara með barinn, segir, að þeir hafi ekki meint þetta, en hver getur fullyrt eða sannað, að þeir hafi ekki meint það, úr því að um þetta var talað, a. m. k. er sagt, að öllu gamni fylgi nokkur alvara? Og enn fremur er eitt, sem sýnir vel, að ástæða er fyrir þingið að losna við þetta. Fyrrnefnt blað segir sem sé í ádeilunni á mig fyrir að ljóstra þessu upp, með leyfi hæstv. forseta: „Það hefur aldrei þótt drengilegt að ljúga sökum á þá, sem hent hefur mannorðsslys og standa því höllum fæti gagnvart almenningsálitinu.“ Hvað er átt við hér? Það er verið að tala um, að þm. hafi hent mannorðsslys. Álitið á þinginu er nú komið niður á það stig, að talað er um það í opinberu blaði, að þm. hafi hent mannorðsslys og því verði að þegja um málið. Ég vil þó ekki láta hjá líða að minnast á, að er þetta vinmál var fyrst tekið upp hér í þinginu, taldi einn þm. sig knúðan til að rísa upp og deila á hæstv. forseta Nd. fyrir það, að hann misbrúkaði vín, og forseti tók ekki til skörulegra ráðs en þess, að biðja þá þm. að rísa upp, er vildu ásaka hann. Ég held, að það hafi aldrei verið meiri erfiðleikum bundið fyrir forseta að útvega sér sakleysisvottorð, og lítill úrskurður fólst í þessari aðferð hans.

Það, sem fyrir mér vakir, er, að tekið sé hreinlega á þessu máli. Ríkisstj. hefur veitt sjálfri sér leyfi, sem hún hefur ekki leyfi til, um 20 ára skeið til sinna skemmtiþarfa, og stjórnarráðið hefur fengið þetta leyfi undir sömu kringumstæðum. Þessi undarlega tilhögun, að þeir, sem ekki hafa leyfi, veiti sjálfum sér leyfi til að lifa í óhófi fyrir almannafé og ganga til starfa sinna með þessu nautnalyfi, er óhafandi. Alþ. hefur allt annað að gera en verja einstaka forseta, sem misbrúka þessa svo kölluðu heimild. Þess eru dæmi, að einn ráðh. skuldaði áfengisverzluninni 5000 krónur fyrir vín, er hann fór frá völdum. Það sýnir ljóslega misnotkunina. Ég held, að við ættum að vera búnir að fá nóg af þeim leiðinlegu afleiðingum af því, að Alþ. kunni ekki upphaflega að sjá sóma sinn og útvega sæmilegt fé til risnu, en það olli því, að farið var inn á þá braut, sem hér um ræðir. Undanþágurnar hafa haldið áfram og vaxið, það er eins og ævinlega, þegar illu sæði er sáð. Við þurfum að ganga hér hreint til verks. Það eiga allir að vera jafnir fyrir lögunum, jafnt forseti, forsrh. og alþýða manna, og við verðum að þora að veita fé til þeirra manna, sem ekki komast hjá því að inna risnuskyldu af hendi. Hugleysi þingsins hefur valdið því, að þessi óvenja komst á. Ég skal svo ekki segja, hvaða aðferð Alþ. á að hafa í þessu efni. Ég hef gert mína skyldu sem þm. Þing og stjórn og jafnvel forseti þingsins, sem fer allra manna bezt með vín, hefur orðið fyrir aðkasti vegna þessarar óvenju. Ef þingið er á annarri skoðun en ég í þessu máli, þá á það að ganga hreint til verks og fá þá bara staupabar, fá heimild til þess hjá sjálfu sér, veita vín handa okkur öllum, snapsa og svartadauða fyrir fimm krónur flöskuna t. d., svo að það verði nógu útgjaldalítið fyrir okkur að inna af hendi þessa menningarskyldu.

Ef þessi till. fer til n., þá mælist ég eindregið til, að hún verði ekki lengi þar. Ég vil, að málið verði annaðhvort hreinlega drepið eða samþykkt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það kann að vera, að ekki sé viðeigandi, að ég tali neitt um þetta mál, því að ég er einn af þeim bersyndugu, sem nýt þeirra hlunninda, sem hér um ræðir, þótt takmörkuð séu. Fyrir það varð ég fyrir aðkasti í sama blaði og kallaði hæstv. forseta Sþ. brennivínsforseta, þó að mér sé lítt skiljanlegt, hvaða sök ég ber á því, að þessi réttindi hafa verið veitt. Ég hef engan þátt átt í að koma þeim á eða um þau beðið, og ég hygg alla forseta þingsins saklausa af því.

Um þessa till. er það að segja, að mér þótti

yfirleitt fremur vænt um, að hún skyldi vera borin fram, og ég álít, að hún sé þannig vaxin, að hún eigi að skera úr um álit þingsins á þessu máli, en ekki till., sem borin hefur verið fram af æði mörgum þm. áður og fjallar aðeins um eitt atriði þessarar till., sem sé till. um að afnema rétt þessara einstaklinga til þess að fá vín til risnu með ódýru verði. Þessi till. sem hér er til umr. tekur báðar munaðarvörurnar, er ríkið verzlar með, áfengi og tóbak, og tiltekur einnig bifreiðar. Ég veit ekki, hvort ástæða er til þess, því að mér er ekki kunnugt um, hvort valdsmenn hafa fengið bifreiðar ódýrar en aðrir, en ef svo er, þá er ekki úr vegi að taka það með. Ég vil því beina því til allshn., sem væntanlega fær þessa till. til athugunar, að afgreiða þessa till., og mér finnst, að þm. eigi heimtingu á að fá að greiða fyrst atkv. um þá till., er lengra gengur. Þetta er raunar sama málið, og vitanlega á það sama að ganga yfir vín og tóbak, og ef það ætti að veita eina tegundina þeim, sem veita risnu, þá ætti frekar að veita vín en tóbak, vegna þess að menn eru annaðhvort tóbaksmenn eða ekki, og þeir, sem það eru, bera það þá alltaf með sér, en víns aftur á móti neyta fæstir nema endrum og eins, en mörgum þykir mikil glaðning að fá einstöku sinnum í staupinu.

Hv. þm. S-Þ. minntist nokkuð á það, er hann sagði, að væri í till. sinni, en er raunar í grg. till., að til mála hefði komið að setja hér upp bar, og af því að hann blandaði mér í það mál, þá bendi ég á það, að ég hygg, að bindindismenn geti verið alveg rólegir um það, að ekki verði settur hér upp brennivínsbar allt í einu af þeirri einföldu ástæðu, sem ég hélt, að hv. þm. S-Þ. vissi, að til þess þyrfti lagabreytingu, og lög verða nú ekki til, meðan þing stendur yfir, án þess að þm. verði eitthvað varir við það og geti gert sínar athugasemdir og greitt atkv. með eða móti. Ég held, að hv. þm. S-Þ. hljóti að vita þetta, því að ég man, að það var hann, sem stóð fyrir setningu áfengislöggjafarinnar 1928, en hann var þá dómsmrh., en í þeirri löggjöf var sett það ákvæði, að ríkið hefði einkarétt til að selja áfengi, en þó mætti veita einu veitingahúsi rétt til að selja áfengi í smáskömmtum eða á annan hátt. Ný áfengislög voru sett 1934 að vísu, sem gerðu þá aðalbreytingu, að leyft var að selja sterkari drykki, en ákvæðinu um, að eitt veitingahús aðeins mætti fá áfengissöluleyfi, var ekki breytt, og ég hygg, að enginn geti efazt um, að ég, sem bý á Hótel Borg og hef tvisvar fjallað um þetta ákvæði, að mér sé fullkunnugt um það. Þess vegna er það bara broslegt að reyna að koma því inn hjá mönnum, að okkur forsetunum hafi í alvöru komið í hug að setja hér upp bar. Það er bezt að segja hverja sögu eins og hún gengur. Við vorum að spauga um þetta forsetarnir, ekki af því, að þetta væri vilji okkar, heldur af því tilefni, að þegar nýbúið var að kjósa forseta hér í haust, þá skrifar Halldór Kristjánsson grein í „Tímann" um „forsetabrennivínið", er hann svo kallaði, en ætti heldur að heita stjórnarbrennivín, og veitist þar í grein sinni að okkur öllum forsetunum persónulega. Og eftir að við höfðum lokið verki nokkru, þá bar grein þessa á góma, og sagði þá einhver sem svo: Ja, hvað skyldi Halldór Kristjánsson og hans fylgismenn segja, ef bar yrði nú settur hér upp eins og í þinghúsum í sumum öðrum löndum? Féllu hjá okkur fleiri gamanyrði um þetta, og ræddum við það m. a. við hv. 1. landsk. þm. Þannig liggur nú í þessu máli, hvað okkur forsetunum við kemur. Það má vera, að forsetar megi ekki segja spaugsyrði, en ég held, að margir verði brotlegir í því efni og hæpið að taka öll orð bókstaflega. Meðan við þekktumst meira, hv. flm. og ég, heyrði ég ýmsar uppástungur hans, sumar í gamni, sumar í æsingu, sem ég held, að hann kærði sig ekki um að gera opinberar. Ég legg ekki í vana minn að fara með slúður og ætla ekki að rekja það, sem ég hef heyrt hv. flm. segja við ýmis tækifæri. En hvað viðvíkur spaugsyrðum okkar forsetanna, þá eru nú spaugsyrði á allra vörum, og tal okkar var að gefnu tilefni frá grein Halldórs Kristjánssonar. Hvaða afstöðu þeir hafa, sem kynnzt hafa börum í þinghúsum erlendis, til þess að setja hér upp bar, veit ég ekki um. Ég hef heyrt fulltrúa okkar á þingi Sameinuðu þjóðanna segja, að þar í þinghúsinu væru barar og þar gætu fulltrúar fengið keypt vín, en ég held þá, að vissara sé, eftir þeim tón, sem hér ríkir, að hugsa sig um, áður en sendir eru fulltrúar á þing þetta, þar sem þessi voði er fyrir hendi.

En svo að ég víki aftur að till., þá held ég, að það sé misskilningur hjá hv. flm. að blanda forseta lýðveldisins inn í þetta. Ég held það sé ekki rétt að telja hann meðal þeirra manna, er umtalaðra forréttinda njóta, því að í lögum eru forsetanum ákveðin laun og embættiskostnaður, og risna telst áreiðanlega til embættiskostnaðar hans, og því hygg ég, að hann fái ekki afslátt á víni og tóbaki til risnu, heldur leggi ríkið honum þessar vörur beinlínis til. En út af till. að öðru leyti vildi ég taka fram, að ég tel hana réttmæta og á allan hátt frambærilegri en svipaða till. áður fram komna og vonast til þess, að hv. n. afgreiði þessa till., þótt mér finnist hún tæplega nógu viðtæk. Till. virðist borin fram til þess að afnema sérréttindi, er vissir trúnaðarmenn þjóðfélagsins hafa, en þau hafa vitanlega verið veitt vegna þess, að þeir menn hafa verið taldir gegna kostnaðarsamari embættum en aðrir. Till. hv. þm. V-Húnv. og meðflm. virtist hins vegar ekki borin fram út af þessu. Flm. hennar hafa ekkert við það að athuga, þótt menn njóti sérréttinda, ef það er bara ekki vín. En þegar ég sagði, að till. væri tæplega nógu viðtæk, þá átti ég við það, að hún nær ekki til þess atriðis, að ýmsir embættismenn, t. d. ráðherrar, hafa rétt til þess að nota bíla, sem ríkið á, leigulaust með bílstjóra og öllu tilheyrandi, ekki eingöngu í embættisferðum, heldur hvert sem er. Þetta er aðeins venja, sem stjórnin hefur veitt sér, en engin lög. Það kann að vera, að ekki sé gott að greina á milli, hvenær ráðherrar eða aðrir, er þessara réttinda njóta, t. d. vegamálastjóri, fara í embættisferð eða einkaferð og þess vegna sé ekki annað að gera en stjórnarráðið hafi hæfilega tölu bifreiða fyrir þessa menn, en þá finnst mér, að þetta ætti ekki að veitast án heimildar, heldur ættu að vera til lög um þetta atriði. Það mætti setja inn í launalögin ákvæði um réttindi þessara manna, alveg eins og þar eru sett ákvæði um það, að ýmsir embættismenn skuli hafa leigulaust húsnæði o. s. frv., og vil ég beina því til hv. n., hvort hún vilji ekki athuga þetta eins og annað, er í till. greinir.

Ég geri ráð fyrir, að hæpið sé, að ráðherrar og forsetar hafi atkvæðisrétt um þessa till. sam-

kvæmt þingsköpum, en þó hygg ég mér a. m. k. sé heimilt að greiða atkvæði um meðferð málsins, og annað liggur ekki fyrir nú. Ég mun greiða till. atkv. til allshn. og vil taka undir ósk hv. flm. um, að n. láti atkv. ganga í þinginu um þessa till. Ég geri ekki ráð fyrir, að þetta mál muni lengi snerta mig persónulega, en álít, að þeir, sem í minni aðstöðu eru, séu ekki að öllu leyti öfundsverðir. Ég held, að betra væri að hafa einhverju slegið föstu um þennan rétt eða afnema hann með öllu. Ég tek alveg undir orð hv. flm., og þó að það stæði í mínu flokksblaði, tel ég það alveg óhæfileg ummæli að kalla hæstv. forseta Sþ. „brennivínsforseta", þótt hann að tilefnislausu frá sjálfum honum hafi fengið þessi réttindi, enda hefur hv. flm. tekið fram, að hann hafi ekki misnotað þessi réttindi, en mér heyrðist eins og hann vildi ásaka okkur deildaforseta fyrir það, þótt ekki segði hann það nú beint. Ég ber mig ekki undan því, að ég hef drukkið áfengi og það stundum helzt til mikið. En ég hef aldrei misnotað mín sérréttindi til þess að koma mér eða öðrum á fyllirí til tjóns eða skammar, og ég vil biðja hv. flm. að finna orðum sínum stað, ef hann hefur átt við það. Það, sem mér verður fundið til ávirðingar í þessum efnum, stendur ekki í sambandi við þetta svo kallaða „forsetabrennivín".

Barði Guðmundsson: Herra forseti. Ég tók eftir því, að hv. þm. S-Þ. bað um orðið, og þar sem ég heyrði ekki síðustu ræðu hans, vildi ég gjarnan, að hv. þm. S-Þ. talaði fyrst.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég get verið ánægður með undirtektir hv. 1. þm. Eyf. undir þessa till., er ég hef flutt, bæði til að hreinsa hann og aðra af núverandi skipulagsleysi. Það virtist gæta nokkurs misskilnings hjá þessum hv. þm. varðandi það, er ég las úr blaði því, sem honum er nú tengdara en mér, ásakanir í garð forsetanna. Ég las þetta aðeins eins og það stóð í blaðinu, en gerði það alls ekki að mínum orðum, sagði aðeins, að þessi ummæli blaðsins væru þannig löguð, að þau köstuðu rýrð á forseta þingsins, en það var ekkert í minni ræðu, sem gaf tilefni til þess að spyrja mig, hvort ég gæti fundið stað þeim orðum, að einhverjir einstakir forsetar hefðu misnotað sérréttindi sín. Það er raunar aukaatriði, hvort bar er settur hér upp eða ekki. Það væri bara ómerkileg formsbreyting, því að alþm. hafa rétt á því að fá vín með niðursettu verði, og ættum við þá nokkuð að hika við að hagnýta okkur þessi réttindi? Mér sýnist, að það, að ég tók dæmið um samtal forsetanna um barinn, sé aðeins rökrétt afleiðing þess ástands, sem nú er, að alþm. hafa rétt á ódýru víni og geta ráðstafað því eftir vild.

Út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að aðeins eitt veitingahús hefði vínveitingaleyfi, þá hélt ég, að hann vissi, að öðru hverju er veitt vín víðar en á Hótel Borg og það með einhverju leyfi, og ég hygg, að hv. 1. þm. Eyf. sjái, að úr því að alþm. hafa leyfi til að fá ódýrt vín, þá muni það ekki vera í vandræðum með að hagnýta sér þessi réttindi. Ég get ekki skilið, hvers vegna sumir alþm. komast í svo vont skap út af þessari litlu þáltill.

Nú kom forseti Ed. að því í sinni ræðu, að þetta, sem hér um ræðir, væri í fullum blóma í Ameríku. Mér finnst því ástæðulaust fyrir þm. að vera með neinn ofsa út af þessu, en þetta með „barinn", sem komst til tals hjá forsetunum, er ekki nema lítilfjörlegt áframhald frá því sem nú er. Ef við athugum þetta með ráðherraheimildina, þá eru engar hömlur á því, nema ráðh. mega ekki selja það vín, sem þeir fá. Hins vegar geta þeir ráðstafað því á allan annan hátt. Af þessu leiðir, að ungur maður, sem sezt í ráðherrastól, getur birgt sig upp af víni. Það er tiltölulega lítil upphæð, sem í því liggur, þegar hann fær það fyrir innkaupsverð. Þessi ráðh. getur fyllt kjallarann sinn af víni, því að vínið batnar við geymsluna og verður verðmætara. Þessu fyrirkomulagi þarf að breyta, og því sé ég enga ástæðu til, að þm. séu í illu skapi út af þeirri till., sem hér liggur fyrir.

Barði Guðmundsson: Herra forseti. Fyrir nokkru var ég að blaða í ensku riti: „International who is who", og þar rakst ég meðal annars á nafnið Jónas Jónsson. Út af fyrir sig var það ekkert merkilegt, að nafnið Jónsson stæði þarna, því að þessi maður mun vera kunnur utan landssteinana fyrir sannleiksást, góðgirni og drengskap. En það voru skrítnar upplýsingar, sem blaðið hafði fengið, því að þar var talað um „historian" Jónas Jónsson. Flestir munu vita, hvernig slíkt verður til, en það er á þann hátt, að blaðið sendir spurnareyðublöð, sem hlutaðeigendur fylla út. Það er því enginn efi, hver hefur gefið upp sagnfræðititilinn. En því tala ég um þetta, að það er táknrænt fyrir allan málflutning Jónasar Jónssonar. Hann blandar saman lygi og sannleika á viðeigandi hátt í það og það sinnið, en eins og allir vita, þá er hann ekki sagnfræðingur, heldur lygasagnafræðingur.

Hv. þm. S-Þ. talaði um það á ný í ræðu sinni, að til mála hefði komið að stofna bar hér í Alþingi. Ég hlustaði ekki á þessa ræðu, en ég get mér til, að í henni hafi verið svipaður málflutningur og á þskj. 39. Það væri fróðlegt, ef þm. vildi gera grein fyrir í fyrsta lagi, hvaðan hann hefði þessar upplýsingar og í öðru lagi, hvernig forseti Sþ. mátti hindra þessar aðgerðir. Ég hélt, að þm. S-Þ. vissi, að þetta er alls ekki á valdi forseta, og eins og forseti Ed. sagði hér í sinni ræðu, þá heyra þessi mál undir dómsmrn., og mundi þurfa lagabreyt. til slíkra framkvæmda. Hins vegar munu allir þm. vita, að það hefur aldrei komið til mála, heldur er það sambland af lygi og sannleika frá þessum hv. þm. Það vita líka allir, ef talað hefur verið um þetta, þá hefur það verið í gamni, en svo leyfir þm. S-Þ. sér að bera þetta fram í grg. sem blákalda alvöru. Það er annars næsta undarlegt, að þm. S-Þ. skuli ætla að gerast siðameistari á því sviði, sem þál. þessi greinir, en þar segir svo, með leyfi forseta: „Ekkert er hættulegra heilbrigðu þjóðlífi í lýðfrjálsum löndum en að hafa valdastétt, sem skammtar sér hlunnindi, sem aðrir þegnar borgfélagsins geta og mega ekki njóta." Þessi ár, sem ég hef lifað, hef ég engan mann þekkt eins sérgóðan og Jónas Jónsson. Ég hafði þá raun að starfa með Jónasi Jónssyni 8 ár í menntamálaráði, og það var langur reynslutími. Við höfðum verið formenn þar, Sigurður Nordal ég og Kristján Albertsson, en svo kom Jónas Jónsson 1934. Við höfðum aldrei leyft okkur að senda reikninga fyrir bílanotkun, þó að við þyrftum að tala við myndhöggvara eða málara, en þegar Jónas Jónsson kemur, þá er ekki

sparað að láta ríkið borga bílferðir. Við höfðum aldrei haldið veizlur, en eitt af fyrstu verkum Jónasar Jónssonar var að halda veizlu á Hótel Borg, en þar var vínið ekki keypt með innkaupsverði, heldur hótelsverði, — og ætli þm. S-Þ. hafi greitt þetta úr eigin vasa? Ónei. (JJ: Það var sjálfsagt að láta ritarann hafa væna hressingu.) Það er ekki til neins fyrir Jónas Jónsson að snúa út úr þessu, því að það er öllum kunnugt, að hann er bæði hræsnari, rógberi og lygari, en ærulaus er hann ekki, því að hún hefur ekki enn þá verið dæmd af honum. (Forseti hringir. — JJ: Lofið honum að tala.) Nei, mér virðist sæmst fyrir Jónas Jónsson að hafa sig ekki mikið í frammi og þegja, því að það munu fáir vera í þessu þjóðfélagi, sem unnið hafa önnur eins óhæfuverk og Jónas Jónsson, og get ég rifjað það upp, ef vill.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég er hissa, að hinn merkilegi sagnfræðingur og virðulegi forseti Nd. skuli fara svo langt út af venjulegum leiðum í málflutningi, en það er kannske ekki að ástæðulausu, því að hv. þd., bæði ég og aðrir, hefur farið fram á, að vínréttindi forseta verði afnumin. Þegar þessi ræða bætist við það, sem einn flokksmaður kommúnista færði rök fyrir í fyrra og forseti Nd. gat ekki borið af sér, þó að hann bæði d. að bera vitni með sér, en það var, að hann væri ekki fær um að vera forseti deildarinnar sökum of mikillar áfengisneyzlu við forsetastörf, þá er sannarlega kominn tími til að ræða þessi mál. Þessi ræða sýnir það líka, að það á ekki að freista manna, sem hafa mikla skapgalla, með hlunnindastöðum.

Ræða forseta Nd. var á engan hátt merkileg, en hún greinir það dálítið, hvernig vitsmunir manna fara, þegar þeir njóta hlunninda í of ríkum mæli. Forsetinn sagðist hafa lesið það í einhverjum lexikon, að ég væri kallaður sagnfræðingur. Það skiptir mig engu máli, því að ég hef aldrei gefið neinar upplýsingar um mig, nema ef væri — eg man það ekki vel —, þegar Brynleifur Tobíasson gaf út „Hver er maðurinn", þá gaf ég honum upp nokkur ártöl. En misskilning og rangfærslur má oft sjá í blöðum og tímaritum. T. d. sá ég einhvers staðar í erlendu blaði, að ég var sagður vera dr. í lögum, og þá sá ég mér ekki annað fært en senda leiðréttingu. En hvort sem ég er sagnfræðingur eða ekki, þá held ég, að það hefði aldrei getað komið fyrir mig að halda fram dönsku kenningunni um uppruna Íslendinga. Ég held, að forseti Nd. hafi aldrei verið talinn mikill sagnfræðingur, en þó að svo hafi verið, þá mun danska kenningin vera nægileg til þess, að hann þarf ekki að hafa áhyggjur af að vera talinn það lengur.

Um það, hvort heppilegt væri að setja upp snapsasölu í Alþingi, skal ég ekki ræða, en hitt liggur engu að síður fyrir, að það hefur komizt á kreik, eða veit þm. ekki, að í Tímanum, blaðinu, sem studdi hann til kosninga síðast, var viðurkennt, að hann sem annar aðili hefði tekið þátt í umr. um þetta mál? Um alvöruna veit enginn, og forseti getur sagt, að þetta hafi aðeins verið í gamni, en hitt skiptir miklu máli, að forseti Nd. hefur verið ásakaður fyrir ofdrykkju í forsetastól og orðið að kingja því. (BG: Það er skömm fyrir þingið að hafa lygara í þingsæti.) (Forseti hringir.) Ég vil óska þess af hv. forseta, ef forseti Nd. vill viðhafa fúkyrði, þá sé hann ekki hindraður, því að gott er, að fram komi, til hvers ofnotkun umræddra fríðinda leiðir.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. furðar sig á því, að hér skuli hafa verið vikið að því, sem hann sjálfur gerir að umtalsefni í grg. fyrir þeirri till., sem hér er til umr., en það er eins og hann orðar það: „Er nú á almanna vitorði, að til mála hefur komið að setja upp „bar" eða snapsaútsölu í þinghúsinu, og er ekki gott að segja, nema sú „hugsjón" hefði orðið að veruleika, ef forseti Sþ. hefði ekki beitt sér á móti þessari nýjung". Þessi orð sýna, að þó þm. sjái nú þýðingarlaust að bera slíkt fram, þá var tilgangurinn sá, að vekja tortryggni og láta fólk halda, að snapsaútsala í þinghúsinu hafi verið því sem næst ákveðin, þar til hin frelsandi hönd forseta Sþ. hefði hindrað það. Ég benti á það í minni fyrri ræðu, að til slíkrar útsölu mundi þurfa lagabreytingu, en það vildi þm. draga í efa, þó mun það nú þannig vera. Varðandi rétt stjórnarráðsins til áfengiskaupa með innkaupsverði vildi flm. þeirrar till., sem hér er til umr., læða inn þeim skilningi, að hver starfsmaður í ráðuneytinu hefði þennan rétt. Ég hygg, að ég fari með rétt mál, að þessi réttur sé ekki til nema fyrir stofnanirnar sjálfar. Alþ. hefur þessi réttindi sem stofnun, og stjórnarráðið hefur þessi réttindi sem stofnun. Og í raun og veru skipta þessi réttindi ekki miklu máli fyrir þessar stofnanir, því að t. d. Alþ. notar ekki vín, nema þegar haldnar eru þingveizlur, og það mun vera gömul venja, að kostnaður við þingveizlur sé greiddur af almannafé. Það er því aðeins bókfærsluatriði, hvort þetta vín er reiknað á innkaupsverði eða útsöluverði. Þetta er í sjálfu sér alveg hliðstætt með forsetann. Hann fær vínið með innkaupsverði sem stofnun, og ríkið greiðir kostnaðinn við þessa stofnun, og þar af leiðandi er aðeins um bókfærsluatriði að ræða í þessu tilfelli. Að öðru leyti þarf ég ekki að ræða mikið um ræðu flm., því að hann virtist ekki gera tilraun til þess að hrekja það, sem ég hef áður sagt. Það var aðeins eitt atriði, sem hann nefndi út af þessum bar. Hann sagði, að ég vissi ekki, að það væru fleiri hótel en Borgin, sem seldu vín, og það væri ekki meira, þó að settur yrði bar á Alþ., heldur en láta þessi hótel selja vín. Þegar þessi hótel selja vín, þá er það samkvæmt landsins l. Það mátti ekki leyfa nema einu hóteli að hafa vínsölu. Að öðru leyti hafði áfengisverzlunin einkasölu á víni. En það má veita öðrum veitingahúsum undanþágu. Ef veizla er í tilteknu hóteli, þá má veita hótelinu með sérstöku bréfi rétt til að selja vín þetta kvöld, en það gildir ekki nema kvöldið. Þannig mun nú þetta vera. Þetta mun nú vera nýjung, sem kom með l. 1934, en var ekki í l. 1928. Þá átti eitt hótel alveg að hafa einkaréttindi í þessu efni. Það mætti þó veita Alþ. undanþágu til þess að hafa hérna staupasölu, en sérstakt leyfi þyrfti fyrir hvern dag, og væri það þá eina staupasalan, sem um gæti verið að ræða. (JJ: Forseti getur sjálfsagt fengið leyfi fyrir þessu.) Forseti getur ekki leyft það, og ég tel það ólíklegt, að stjórnin mundi leyfa það. Nú hefur a. m. k. ekki verið sótt um slíkt leyfi, svo að ég viti til, á þessu þingi. Annars hafa einu sinni verið vínveitingar hér í þinghúsinu. Það var ríkisstj., sem þar hélt veizlu eða miðdegisboð 1. des. 1943. Um annað veit ég ekki í því efni. Ég held, að ef halda þarf þingveizlu hér,

þá sé hægt að fá leyfi hjá lögreglustjóra. Það er allt annað en að setja upp staupasölu eða bar. Það er þess vegna alveg víst, sem ég segi, að til þess að þetta mætti verða, sem flm. segir í grg., að sé alveg að koma, þá þyrfti að breyta l. til að koma þessu í kring. Forsetar geta flutt frv. um það, en það stendur nú svo á, að ekki geta allir forsetar verið saman um að flytja frv., af því að þeir eiga sæti í tveimur d. Við skulum nú segja, að ég eða forseti Nd. flytti frv. um þetta, að það skyldi vera bar á Alþ., ja, þá sé ég ekki annað en að Alþ. hafi æði mörg ráð til að fella þetta, því að þetta kostar a. m. k. 6 umr., ef það á fram að ganga, og svo atkvgr.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér neitt inn í þær umr., sem risið hafa hér upp á Alþ. um áfengi. En ég vildi aðeins segja örfá orð út af efni till. á þskj. 39.

Eftir því sem ég veit bezt, er það mjög nálægt því að vera alþjóðleg regla, að ríkisstj., sem situr að völdum í löndunum, hafi fengið þann rétt að fá með innkaupsverði vín og tóbak, vegna þess að talið er, að stöður þeirra útheimti verulega risnu. Líka þekkist, að fyrirsvarsmenn þessara þjóða hafi einhver slík hlunnindi, þó að mér sé það ekki eins kunnugt. Ég held, að frá upphafi hafi verið venja hér í landi, að ríkisstj. hafi haft þennan rétt í samræmi við alþjóðlega reglu, álíka og útlendir fulltrúar um allan heim nota þessi fríðindi, hvar sem þeir dvelja, og þeir þurfa alls staðar að halda uppi verulegri risnu. Hitt er annað mál, að vilji Alþ. breyta um og hafa aðra reglu hér í landi en víða tíðkast annars staðar, þá hefur það sjálfsagt vald til þess. Ég ætla þó, að ekki væri heppilegra að hækka svo risnufé hjá þeim mönnum, sem þurfa að halda uppi verulegri risnu, eins og forseta lýðveldisins og ríkisstj., að vín það, sem haft kynni að vera um hönd í sambandi við þetta, yrði keypt með útsöluverði. Ég hygg, að það þyki ekki á neinn hátt vera eðlilegra í framkvæmd. Ég vil aðeins benda á þetta atriði og undirstrika það aftur, að það er Alþ., sem sjálft á að ákvarða um, ef það vill hafa einhverja aðra háttu á þessu en tíðkast mun annars staðar, og þá hefur Alþ. fullkominn rétt til þess að ákvarða um það.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Sþ., 28. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil í sambandi við þessa þáltill., sem hér liggur fyrir, minna á, að fyrir nokkru síðan var lögð hér fram í Sþ. af sex þm. till. um afnám sérréttinda í áfengiskaupum. Sú till. fjallar að nokkru leyti um sama efni og þessi þáltill., sem hér liggur fyrir. Þessi þáltill., sem ég nefndi, er fyrir nokkru komin til hv. allshn. Sþ., og mér þykir líklegt, að þessari till., sem hér liggur fyrir, verði einnig vísað þangað. Nú vildi ég vænta þess, að áður en mjög langt líður, þá yrði þessi fyrri till., sem ég gat um, um afnám sérréttinda í áfengiskaupum, afgr. frá hv. allshn. Og fallist nú hæstv. Alþ. á að samþykkja þá till., þá tel ég, að vel geti komið til mála að samþykkja einnig aðra liði þessarar till., sem hér liggur fyrir, snertandi tóbak og bifreiðar. Það hefur nú raunar ekki heyrzt um það fyrr, að einstakir menn hafi átt þess kost að fá bifreiðar innfluttar með öðrum kjörum en almennt gerist, en að því er vikið í þessari þáltill. Þetta getur verið, þó að mér sé ekki um það kunnugt, hvort það á sér stað, eða þá með hverjum hætti. (**Dómsmrh.:** Það var í Tímanum fyrir mörgum árum, að þetta væri gamall siður.)

Í grg., sem þessari till. fylgir, er atriði, sem ég vildi minnast á. Þar er sagt, að það hafi komið til mála að setja upp bar eða staupaútsölu hér í þinghúsinu og að vel hefði mátt svo fara, að sú hugsun hefði orðið að veruleika, ef forseti Sþ. hefði ekki beitt sér á móti þessari nýjung. — Nú vil ég spyrja hæstv. forseta Sþ., hvort nokkuð sé hæft í þessari sögu. Það getur ekki verið rétt, að hæstv. forseti Sþ. hafi beitt sér á móti þessari nýjung, nema einhverjir, innan þingsins eða utan, hafi verið með ráðagerðir og tilraunir til þess að koma þessu á, þessari staupasölu hér. Sé það ekki fyrir hendi, að neinir hafi haft það á prjónunum, þá getur ekki verið rétt, að hæstv. forseti hafi beitt sér gegn þessu, því að þá var gegn engu að beita sér í þessu efni. — Ég vil því leyfa mér að óska þess, að hæstv. forseti gefi upplýsingar um það, hvort þetta sé rétt, að honum hafi verið kunnugt um, að einhverjir menn hafi haft ráðagerðir og fyrirætlanir um þetta á prjónunum og hann hafi kveðið þetta niður með því að beita sér gegn þessari nýjung, eins og stendur hér í grg.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég vil víkja fyrst að því, sem kom fram í ræðu hæstv. forseta Nd. í gær. Þó að það sé ekki stórt atriði, að ég hefði haldið vínveitingaveizlu fyrir hann og þá, sem voru með mér í stjórn Þjóðvinafél. og menningarsjóðs, þá taldi hann, að það hefði verið á vítaverðan hátt. Og hann taldi það ásökunar vert, að ég hefði ekki fengið þetta niðursetta verð, heldur mundi sjóðurinn hafa orðið að borga þetta. Enn fremur átaldi hann mig fyrir, að ég hefði ekki borgað sjálfur bílreikninga, þegar við hefðum verið að fara í erindum menntamálaráðs. — Ég tek þessar ásakanir eins og part af því ástandi, sem hæstv. forseti var í í gær og ég mun telja nokkra sönnun fyrir því, að þessi þáltill. mín sé ekki ástæðulaus, því að sannarlega getur enginn, sem er starfsmaður landsins og í embættiserindum, verið vítaverður fyrir það, þó að hann kosti ekki sína ferð sjálfur. Ég vil enn fremur benda á, að mér tókst að spara á þessum tíma, meðan ég var formaður menntamálaráðs, meira en gert hefur verið síðan, þannig að þessi hv. þm., sem ég minntist á, fékk þá ekki nema 1200 kr. í árslaun fyrir starf sitt þar — og það hygg ég, að hafi verið alveg nóg. (Hlátur á áheyrendapöllum). En eftir að ég var farinn úr n., hefur honum tekizt að fá þetta hækkað, að ég hygg, í 7 þús. kr. á ári, þannig að ég get vel skilið, að hann sé langminnugur þessa sultar, sem hann þykist hafa liðið vegna míns tilverknaðar í sambandi við störf í þessari nefnd. — Ég man, að þegar við 7—8 menn borðuðum kvöldverð saman, eftir að hafa unnið fyrir miklu minna kaupi en nú er gert í menntamálaráði, þá glöddum við okkur á hóflegan hátt. Og á þeim stöðum og tímum var ekkert út á framkomu núverandi hæstv. forseta Nd. að setja. Mér hefur líka lánazt í sambandi við stærri verkefni að hafa

hóf á í þessum hlut, og ég átti þátt í því, að stærsta samkoma, sem nokkru sinni hefur haldin verið á Íslandi, fór þannig fram, að mikill sómi þótti að, alveg sérstaklega fyrir það, hvaða ráðstafanir voru gerðar í sambandi við áfengismál, sem voru gerðar í anda alls ólíkum þeim, sem hér á sér stað hjá þeim, sem standa að brennivínsundanþágunni.

Ég álít, að það sé rétt, að Alþ. athugi það, að á þessu máli geta verið kannske einhverjar hliðar, sem má kalla grínhliðar, svo sem hefur verið haldið fram í ræðum hæstv. deildaforseta. Það er hægt að ræða þær hliðar sér. En alvara þessa máls er meiri. Það er játað fyrst og fremst, a. m. k. af hæstv. forseta Ed., að hann hafi hreyft því, að því er virðist þegar forsetar voru allir saman, og hinn deildarforsetinn hafi tekið undir — eða kannske forseti Nd. hafið máls á því —, að hafa vínsölu hér í þinghúsinu. Það er þegar játað, að hæstv. forseti Sþ. hafi ekki tekið undir þetta. Það er játað í blöðum, sem stutt hafa kosningu þessara beggja hæstv. deildaforseta, að þetta sé rétt, þeir hafi hreyft þessu þarna. En í því blaði, sem um þetta hefur verið skrifað í, er sagt, að þetta hafi verið bara spaug. — Nú er það einkennilegt við þessa málsmeðferð, að þetta blað, Tíminn, hefur fyrir atbeina Halldórs á Kirkjubóli ráðizt á forseta Sþ., jafnvel með uppnefnum, fyrir þessa venju, sem komin var til, áður en hann varð forseti Sþ., að forsetar hafi ríflegan aðgang að vínkaupum. Nú hef ég verið saman með þessum núverandi hæstv. forseta Sþ. í 13 eða 14 ár, og ég hef aldrei séð hann undir áhrifum áfengis. Og árásir þessa manns, sem í Tímann hefur skrifað, er ég sannfærður um, að eru af flokkslegri illgirni, eins og oft kemur fyrir. En þegar þessi till. mín kemur fram, kemur þessi sami maður og ræðst á mig fyrir að koma með till., en játar jafnframt, að honum sé kunnugt um þessar umr., sem hafi orðið, og ræðst með ákaflega mikilli beiskju á þessa tvo menn, helzt báða, þessa núverandi forseta deildanna, en reynir þó í aðra röndina að afsaka þá. Hann gefur í skyn, að þetta séu fallnar persónur, sem mér hefur aldrei dottið í hug að segja, og sízt um hæstv. forseta Ed., sem staðið hefur vel og skörulega í sinni forsetastöðu. — Þetta sýnir samt þá hættu, sem kemur af því að hafa undanþáguna um áfengiskaup, þ. e. a. s. það er nokkur hætta á, að ráðizt sé á menn í forsetastöðum, enda þótt þeir séu alveg án saka í þessum efnum, eins og hæstv. forseti Sþ. En þegar farið er að athuga málið nánar, kemur í ljós, að sá maður, sem ber hæstv. forseta Sþ. sökum, hann hefur skjólstæðinga, sem hann segir um, að sé verið að níðast á vanmáttugum með því að tala um þeirra framkvæmdir í þessum efnum. Og þegar flokkshagsmunir koma til greina, reynir hann að breiða yfir þetta, sem hann þó ásakar fyrir á ókurteislegri hátt en mér hefði nokkurn tíma getað dottið í hug viðkomandi hæstv. forseta Ed. Það þarf ekki að hafa mörg orð um þetta. En þessi ómerkilega grein sýnir samt, hvernig komið er um þetta mál. Og út frá því, sem sagt hefur verið, að í útlöndum sé það svo, að mektarmenn fái þessa hluti á sérstakan hátt, þá sé ég ekki, að okkur komi það við. Hér er þetta svo mikil alvara, að það er vitað, að einum manni, sem ég hygg, að sé sérstakur reglumaður, voru taldar til skuldar 5 þús. kr. fyrir áfengi, þegar hann fór úr sinni trúnaðarstöðu. Og þetta varð að deilumáli í útvarpsumr. nú fyrir skömmu. Það sjá þess vegna allir, hvert það horfir út af fyrir sig, ef það bætist ofan á annað álas gagnvart Alþ., að illa sé á haldið í þessum efnum, ef það er ekki nógu illt fyrir orðstír þingsins að hafa staðið í 9 mánuði eitt sinn án þess að geta leyst stærsta vandamál þess og nú nærri tvo mánuði án þess að gera neitt. Ég held, að þetta sé svo fráleitt og fjarstætt, að það muni fara svo, að forsetar og ráðherrar muni ekki til lengdar vilja halda þessum sið áfram.

Ég vil að síðustu, af því að þetta er aðeins stutt aths., aðeins benda á, hvað hefur komið hér fyrir: að maðurinn, sem á að stjórna Nd. og hefur verið valinn til þess í 2 ár, kemur hér þannig fram, að það er óhugsandi annað en honum hefði t. d. í móðurlandi þingræðisins verið vísað strax úr þinginu fyrir jafnmikið siðleysi og fram kom á fundinum hér í gær. Það er víst, að svona framkomu getur enginn maður haft, nema hann sé sterklega undir áhrifum áfengis, svona siðlausa og heimskulega framkomu. Ég hef lagt ríkt á það við skrifara, að þeir nái sem allra nákvæmast öllu orðbragði hæstv. forseta Nd., svo að bæði hv. þm. og aðrir geti fengið alveg glögga hugmynd um það, hvert þetta svo kallaða forsetabrennivín leiðir. Það er þannig, að Alþ. er með þessari framkomu komið niður fyrir það, sem maður verður að kalla fyrir neðan allar hellur.

Forseti (JPálm): Þótt ég hafi gefið næsta þm. orðið, vil ég taka fram, að ég tel mig ekki sem forseta í neinum spurningatíma hjá þm. Og varðandi þetta mál álít ég, að gefnar hafi verið fullar upplýsingar af hæstv. forseta Ed.

Barði Guðmundsson: Herra forseti. Nú kom það berlega fram, sem hv. þm. S-Þ. var að dylgja um í gær í ræðu sinni, að ég hefði verið undir áhrifum áfengis, þegar ég talaði hér í gær. Hérna er, eins og oftar, um ósannindi að ræða, því að áfengi hafði ég ekki bragðað. — Hitt atriðið, þar sem hann talaði um siðlausa framkomu mína, fara þau orð hans ekki vel í munni mesta siðleysingja, sem uppi hefur verið í ræðu og riti á þessum mannsaldri.

Hv. þm. var ekki að minnast á það í ræðu sinni, að hann hefur sjálfur látið borga af opinberu fé bilreikninga í eigin þágu, sem í rauninni átti að vera í þágu menntamálaráðs, og að einnig hann hefur haldið vínveitingaveizlur á Hótel Borg. En hvernig var það hjá formanni menntamálaráðs, sem var á undan hv. þm. S-Þ.? Þá datt okkur sannarlega aldrei í hug að bregða okkur á Hótel Borg, drekka dýrt vín og láta ríkissjóð borga. Þetta er það, sem hv. þm. S-Þ. gerði. Þetta er maðurinn, sem gerir sig breiðan út af ímynduðum klækjum annarra. Við ræddum um það í menntamálaráði, hvort hann greiddi þetta sjálfur úr eigin vasa. Við töldum jafnvel líklegast, að svo hlyti að vera. En það kom fljótt í ljós, að svo var ekki.

Þm. ætlaði að afsaka kostnaðinn með því, að sjálfsagt væri, að bílarnir væru borgaðir af opinberu fé, þar sem þeir væru notaðir í embættisindum. Ég man eftir einni för, sem ég vil gjarnan minnast á. Það var hérna um veturinn, þegar þm. S-Þ. var formaður menntamálaráðs, að hann hringdi í mig einn daginn og spurði, hvort ég vildi fara í bílferð austur fyrir fjall, því að hann vildi

skoða málverk hjá góðvini sínum austur við Ölfusá. Ég tók þessu boði hans. Einnig hafði hann boðið Árna Pálssyni, sem sæti átti í menntamálaráði. Síðan var haldið af stað og staðið við um stund hjá góðvininum á Ölfusá og drukkið þar nokkuð af víni, og síðan var haldið heimleiðis. Sá ekki verulega vín á þm. S-Þ., og hafði hann þó drukkið talsvert. Var þetta í nóvembermánuði, um tólfleytið að kvöldi. Þegar komið var á Hellisheiði á heimleiðinni, fór þm. S-Þ. að tala um viðskipti sín við skáldin, hafði þá nýlega skrifað greinina um skáldin sex og spurði, hvernig mér líkaði. Ég lagði ekkert til málanna, talaði alls ekkert, fyrr en þm. S-Þ. snýr sér við æstur og spyr mig: „Hvernig líkar þér greinin, Barði?" Þá varð mér á að segja: „Ég les ekki Tímann." Og hvað haldið þið, að þessi hv. þm. hafi þá tekið til bragðs? Hann sneri sér við í sætinu og hvæsti framan í mig, froðan stóð úr munni hans, skammarunan skall á mér með tilheyrandi hótunum. Svo endaði hann þessa glæsilegu framkomu á þann hátt að skipa bílstjóranum að stöðva bílinn og fleygja mér út. Það væri gaman að fá upplýst frá hv. þm. S-Þ., hver hefur borgað þennan bíl, sem var látinn hanga við Ölfusárbrú heilan dag til þess að bíða eftir mönnum í vínveizlu. Þessu hefur hann stjórnað.

En ég tel líka rétt að upplýsa á Alþingi, hvernig á þeim fjandskap stendur, sem þm. S-Þ. hefur stöðugt lagt á mig. Það er vert að geta þess, að ég hef ekki gert neitt á hluta þess þm. Þvert á móti hef ég hindrað hann í því að vinna ýmis ógæfuverk í sambandi við úthlutun styrkja, þegar hann átti sæti með mér í menntamálaráði. En einmitt fyrir það, að mér tókst að koma í veg fyrir, að hann gæti framkvæmt ýmis óhappastrik þar, einmitt fyrir það leggur hann á mig fæð, en hefði mátt vera mér þakklátur. — Það var furðuleg hlutdrægni, sem þessi maður reyndi að sýna og koma fram í einstökum tilfellum. Þegar mikil sæmdarkona, Aðalbjörg Sigurðardóttir, sótti um frítt far til útlanda á 2. farrými, þá ætlaði þessi þm., þegar hann sá þessa umsókn, að verða æfur. Við samþykktum vitanlega að veita henni þetta, því að okkur fannst það sjálfsagt.

Þá var það einnig annar maður, sem hv. þm. S-Þ. var alltaf á eftir, einn af listamönnum okkar, Ásmundur Sveinsson, sérstaklega stilltur maður og prúður, sem gengur eingöngu upp í list sinni, og Alþ. hefur tekið hann upp, en formaður ráðsins reyndi að bola þessum manni frá, þegar hann kom í ráðið.

Ég gæti talið upp fjölda af dæmum, þar sem engum rökum var beitt, en aðeins illgirni ein réð. Og ég hef séð þennan mann, sem nú talar mikið um siðleysi hér, blána þar í framan á fundum, hvæsa þar og brúka ókvæðisorð.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég er þakklátur fyrir þessa síðustu ræðu, því að það gefur mér tilefni til að upplýsa skemmtileg atriði viðvíkjandi elzta listaverki Alþingis, og einmitt forseti Nd. Alþingis hefur með þessu orðið til þess, að eitt mesta listaverkið hér í húsinu mun verða meira metið en áður, þegar menn vita, hvað ég hef orðið að líða fyrir föðurlandið til þess að eignast það. Þeir menn, sem eiga aðgang að þessum sal — sem kallaður er lestrarsalur — sem starfsmenn eða aðrir, sem eru hér staddir og geta komið á öðrum tímum, sjá 4 ágæt verk eftir Jóhannes Kjarval. Eitt þeirra keypti ég með aðstoð forseta Nd. fyrir 1500 kr., og ég þori að fullyrða, að ef mér væri fengið það nú, gæti ég selt það fyrir a. m. k. 20 þús. kr., en mundi samt ekki vilja gera það, af því að ég tel þetta svo merkan hlut, að ég vil, að landið eigi hann. — Úr því að farið er að tala um þetta, er bezt að ég segi þá sögu. Mér var kunnugt um það, að Egill Thorarensen átti þetta málverk, og hreyfði ég því eitt sinn við hann, að ég vildi, að þetta málverk hefði komizt í hendur menntamálaráðs, því að það ætti að vera í eigu landsins. Þá sagði Egill: „Ég væri til með að selja það." Þetta þóttu mér mikil tíðindi, því að ég hafði sagt sem svona við hann, án þess að mér dytti í hug, að hann vildi selja málverkið. Við fórum svo austur til þess að kaupa málverkið. Mátti heyra á ræðu forseta, að ég hefði verið með vínveitingar á kostnað landsins. En sannleikurinn er sá, að við sátum þarna stundarkorn og gengum frá málverkinu. Ég þorði ekki að kaupa það einn, þar sem við vorum 5 í ráðinu, og við vorum 3 og gengum allir inn á það. — Nú er ég satt að segja alveg hissa á því, — heima hjá Agli, jafnhófsömum manni. Ég hafði að vísu ekki fylgzt vel með vindrykkju hæstv. forseta, en hann hlýtur þó að hafa fengið sér drjúgan neðan í því, því að þegar við vorum komnir út í bílinn, var hann orðinn alveg ófær, hafði enda tekið með sér flösku. Hann var orðinn alveg ófær, ekki aðeins til þess, sem heitir gangur, heldur hóf hann mál sitt með sams konar orðbragði og hér í gær, og er því heppilegt að fá þessar umræður rétt á eftir, því að það fæst þá skjalfest, hvernig þessi maður er, þegar hann tapar sinni lítilfjörlegu dómgreind. — Þegar við Árni Pálsson reyndum að sefa hann, þannig að hægt væri að hafa hann þarna með, sem þó bar ekki árangur, getur vel verið — ég man það ekki —, að ég hafi sagt, að bezt væri að henda honum út úr bílnum. Hann var alls ekki hafandi, og gat ekkert réttlætt að hafa hann í bílnum annað en það að koma honum fyrir á sæmilegum stað, þar sem hann gæti ekki farið sér að voða. Ég hef alltaf verið ánægður með það að hafa farið þessa ferð og fengið þetta mikla listaverk í eigu þjóðarinnar úr eigu einstaks manns. Ég álít, að það hafi verið þjóðhappaverk.

Ég ætla ekki að fara að deila við þennan mann um það, hvernig veitt hefur verið í menntamálaráði. Ég vil aðeins benda á, að það var ég, sem stofnaði menntamálaráð, og það hefur staðið í góðu gildi síðan og verið talið uppfylla brýnar þarfir. Vegur þess fer vaxandi, því að það er rétt skipulagt, þó að vitanlega geti slæðzt þar inn menn, sem ekki er sérstaklega varið í, eins og t. d. þessi hv. þm. Ráðið hefur réttlátlega úthlutað styrkjum fyrir hundruð manna í ýmsum listgreinum, þó að það sé gefið, að um það eru menn ekki alltaf sammála.

Ég vil taka fram, að allt það, sem hæstv. forseti Nd. sagði um úthlutun til Aðalbjargar Sigurðardóttur o. fl., eru helber ósannindi, enda gefið, að fyrir manni, sem er á þessu stigi eins og hv. þm. og forseti Nd., fyrir honum er það lítilfjörlegasta synd að ljúga svona smáum hlutum eins og um úthlutun á styrkjum.

Ég álít nú, að það hafi verið alveg óhjákvæmilegt að fá upplýst ýmislegt, sem þessar umr. hafa leitt í ljós. Hvað finnst mönnum um það, ef við setjum

svo, að það sé rétt, sem hæstv. forseti Nd. sagði áðan, að hann hefði verið ódrukkinn í gær? Hugsum okkur, að hann væri búinn að viða að sér áfengi fyrir um 5 þús. kr. og búinn að drekka það til þess að æsa sig og aðra! Ég vil ekki neita því, að það er almenn trú manna, að hann sækist eftir að vera forseti af þessari ástæðu, sökum þess veikleika, sem ég hef lýst.

Barði Guðmundsson: Það stendur orð á móti orði í frásögn okkar hv. þm. S-Þ., og ég efast ekkert um það, hvernig þeir menn, sem þekkja okkur báða, líta á sannleiksgildi frásagnar hvors um sig, þar sem ekki ber saman, og skal ég svo ekki eyða orðum að því.

Ég vil aðeins segja nokkur orð viðvíkjandi því, sem hv. þm. S-Þ. talaði um orðbragð mitt í gær. Það hefði kannske mátt segja það á viðfelldnari hátt fyrir hann, hversu aumleg framkoma hans hefur verið. En ég kann ekki við að vera að skera utan af því, sem ég hef að segja. Ég sagði, að hann væri lygari. Það er sannnefni. Ósannindamaður passar ekki, því að í því liggur ekki annað en að rangt sé farið með — það geta eins verið óviljandi ósannindi. En lygar eru það að fara með vísvitandi ósannindi, og margir vita, að þetta gerir hv. þm. S-Þ. iðulega. Ég endurtek það, að ég hef aldrei þekkt nokkurn mann, sem er háður annarri eins ósannindahneigð til mannskemmda og þessi hv. þm. En þetta er ekkert nýtt, þjóðin hefur vitað það fyrir löngu, hvernig hann er, svo að ekki þarf að fara mörgum orðum um það. En mig langar til að lesa upp úr alþingistíðindunum rökst. dagskrártillögu, sem samþ. var í Ed. 1926 með ⅔ hlutum atkv. í sambandi við þáltill., sem þm. S-Þ. hafði borið fram viðvíkjandi því að fá málsókn í þingi á hendur mætum manni, sem nú er dáinn fyrir mörgum árum og kallað hafði þennan þm. (JJ) ærulausan rógbera og lygara. Rökst. dagskráin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að ríkisstj. getur ekki skipað embættismönnum að fara í meiðyrðamál og með því að flm. till. þessarar hefur í opinberu, víðlesnu blaði verið lýstur ærulaus lygari og rógberi af hinum sama manni, sem hann nú vill láta lögsækja, án þess að hafa, svo vitanlegt sé, gert ráðstafanir til að hreinsa sig af þeim áburði, verður deildin að líta svo á, að henni sé með till. þessari lítilsvirðing sýnd af flm. hennar. Hún sér því ekki ástæðu til að sinna till. að neinu leyti og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þessi dagskrártill. var samþ. með ⅔ atkv. í deildinni. Þetta er ekkert nýmæli, hv. þm. S-Þ. Þetta er svo alkunnugt, að segja má, að óþarfi sé að vera að rifja þetta upp.

Bernharð Stefánsson: Hv. þm. V-Húnv. (SkG) spurðist fyrir um það hjá forseta Sþ., hvað væri hæft í því, sem stæði í grg. þessarar till., að til hefði staðið að setja upp brennivínsbar hér í þinginu. Hæstv. forseti vísaði til þess, að ég hefði skýrt þetta mál að fullu í gær. Þá mun hv. þm. V-Húnv. ekki hafa verið inni, en ég get nú ekki borið ábyrgð á því, þó að menn sitji ekki á þingfundum, og hefði því ekki skipt mér af þessu, ef hv. þm. S-Þ. hefði ekki áðan komizt svo að orði, að við deildaforsetar hefðum játað það að hafa hreyft þessu barmáli hneykslanlega. Má hreyfa málinu á ýmsan hátt, en bæði hv. þm. V-Húnv. og aðrir, sem ekki fylgdust með umr. í gær, gátu náttúrlega skilið þessi orð hans svo, að við hefðum látizt hafa ætlað að koma upp staupasölu, litlum bar, hér í þinghúsinu. Þess vegna skal ég enn taka fram, hvernig þetta samtal var. Við vorum að spauga um það að gefnu tilefni — grein, sem Halldór Kristjánsson skrifaði um okkur forsetana —, hvernig honum og skoðanabræðrum hans mundi verða við, ef bar væri settur upp í alþingishúsinu, eins og væri alsiða meðal annarra þjóða.

Ég hef hreyft þessu við fleiri. Má kalla á þann hátt, að ég hafi hreyft því við hv. 3. landsk., þessu barmáli, og hann getur borið um það, að ég hreyfði þessu á nákvæmlega sama hátt við hann. Ég er nú búinn að vera 24 ár á þingi og hef vanizt því, að þm. segðu utan funda eitt og annað að gamni sínu, og hv. þm. S-Þ. hefur gert það engu síður en aðrir. En ég hef aldrei vitað það fyrr, að hlaupið væri með svona lagað til þess að láta skrifa það í grg. frv. eða tillögu eða þyrla upp í útvarpið.

Þó að ég hafi ekki leyfi nema til að gera stutta aths., vil ég þó, úr því að ég stóð upp, láta þess getið, að mér þykir einkennilegur háttur, sem hv. þm. V-Húnv. vill hafa á þessu máli. Till. sú, sem hann flytur, er aðeins um eitt atriði þeirrar till., sem hér liggur fyrir. Nú vill hann láta samþykkja sína till. fyrst, síðan kannske hina á eftir. Hér er nú margt skrítið. En með því skrítnasta þætti mér vera að fara að samþ. tvær till. um nákvæmlega sama málið. Mér finnst þess vegna, eins og ég hélt fram í gær, einn háttur sjálfsagður á þessu máli, því að þótt málið sé á tveim þingskjölum, er það sama málið. Og hátturinn er vitanlega sá að bera fyrst upp til atkvæða þá till., sem lengra gengur. Að henni fallinni mætti svo náttúrlega bera upp þá till., sem skemmra gengur. Ég býst nú við, að ég hafi tæplega atkvæðisrétt um þessi mál — ég skal nú ekki segja um það —, en held nú, að hvernig sem ég lít á málið að öðru leyti, gæti ég ekki annað en greitt atkvæði móti till. hv. þm. V-Húnv. Ef ætlunin er endilega að bera hana upp á undan, mundi ég heldur bera fram rökst. dagskrártill., þar sem till. lægi fyrir þinginu til afgreiðslu, sem fjallaði um þetta mál, og teldi þá ekki ástæðu til að hafa atkvæðagreiðslu um slíkt.

Hv. þm. S-Þ. er viðkvæmur fyrir því, hvað sagt er um forseta sameinaðs þings, og ádeilum Halldórs Kristjánssonar. En þessi maður hefur nú líka vikið að okkur hinum forsetunum, og það er náttúrlega ekki eins viðkvæmt, en ég skal ekki skipta mér af því, því að það er náttúrlega eðlilegt, að mönnum sé betur til eins en annars. En einu vil ég þó alltaf mótmæla. Hv. þm. sagði, að Halldór hefði sagt þetta af flokkslegri illgirni. Ég er alveg sannfærður um, að þetta er ekki rétt. Enginn maður er góðgjarnari en hann. Ég álít, að hann hafi sagt þetta af bindindisofstæki. Og það er ekkert meira hjá Halldóri Kristjánssyni að segja þetta en það, sem ýmsir þm. létu sér um munn fara í þingsölunum í fyrra haust, og það fór ekkert eftir flokkum, því að ég held, að það hafi verið menn úr öllum flokkum, sem fóru hér inn í þingsalinn til að bera sakir á þingbræður sína í þessum efnum — ekki allir í sama skiptið. Það er nefnilega svo, að þó að það sé ágætt að vera í bindindi, býst ég við, þá er eins

og það verki á suma menn svipað og að ganga í einhvern ofstækistrúflokk, og þeim finnst þeir menn, sem ekki eru eins og þeir í bindindi, vera hálfgerðir glæpamenn. Það þykir nú leiðinlegt, þó að ríkið sjálft selji áfengi fyrir margar milljónir króna og hafi það fyrir hvern sem vill — það þykir leiðinlegt að ráðast á hvern mann sem ærulausan, sem leyfir sér að bragða þetta, sem ríkið hefur á boðstólum handa öllum. Það er þetta, sem um er að ræða, en engin flokksleg illgirni, sem sést á því, að þessi maður hefur ráðizt á mig og okkur alla forsetana með orðbragði, sem frá mínu sjónarmiði er miklu verri áburður en þótt manni sé brugðið um drykkjuskap. En þetta stafar af bindindisæsingi, en ekki flokkslegum æsingi. Ég lít svo á, að það séu til margfalt verri hlutir en þó að maður drekki sig fullan af brennivíni.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég er alveg hissa á því, hvað forseti Nd. er áfjáður í að gera veg minn sem mestan. Nú er hann búinn að leiða í ljós, að ég hafi með margvíslegum fórnum bjargað hér inn í þetta hús ágætum málverkum. Í öðru lagi hefur hann komið hér fram í gær á þann hátt, að betur hefði ekki verið hægt að sanna mál mitt, hversu óhæfilegt þetta forsetabrennivín er. En í þriðja lagi hefur hann gert mér enn meiri greiða með því að taka ályktun úr Ed. frá andstæðingum mínum, sem eins stóð á um og framkomu forseta Nd. í gær. Hann var reiður. Þessir ágætu menn í Ed. voru sárir við mig, því að þeir vissu, að ég var að innleiða nýtt tímabil í okkar réttarfari, og þeir kunnu ekki við það, þessir menn, höfðu allt annað sjónarmið, ekki miklu hærra en sjónarmið þessa forseta. Og í barnaskap sínum samþykktu þeir svo skammir um mig, ef þeir gætu með því áorkað einhverju. En niðurstaðan varð hin sama og hjá Birni Kristjánssyni, þegar hann var í kosningaferðalagi. Hann sagði: „Ég er búinn að segja á 16 fundum, að Jónas Jónsson sé kommúnisti, og hann er það." Ég varð nú ekki fremur kommúnisti, þó að Björn Kristjánsson segði þetta, og er ekkert fjær skapi. Svo liðu nokkrar vikur. Þá var mál þetta lagt undir þjóðina, og þá voru það þessir menn, sem lentu í duftinu, en ég varð dómsmrh. í mörg ár.

Það er gott, að þetta hefur komið fram. Menn með vondan siðferðismóral verða gjarnan reiðir og æstir, þegar komið er við kaun þeirra. En það gagnar þeim ekki, það verða þeir að skilja.

Skúli Guðmundsson: Mér kom dálítið á óvart svar forseta við þessari fyrirspurn, sem ég beindi til hans. Ég spurði hann, hvort nokkuð væri hæft í því, sem stendur í grg. fyrir þessari till., að hann hafi beitt sér móti þeirri nýjung, að sett yrði upp áfengisútsala hér í alþingishúsinu. Hann sagði aðeins, að hann væri ekki fyrir neinum rétti og engin skylda hvíldi á sér að segja það. Þetta getur nú vel verið, ég er enginn rannsóknardómari yfir honum. En ég hélt satt að segja, að það væri sjálfsagt, að forseti sameinaðs þings væri fús að lýsa yfir því, ef þetta væri rangt, sem hér er með farið, því að annars, ef svo væri ekki, gæfi hann þeim sögum vitanlega byr í seglin og undir fótinn því slúðri, sem komizt hefur á kreik út af þessu og ég gat um, að einstakir menn, jafnvel hér á Alþ., hafi haft uppi ráðagerð um að koma þessu á í þinghúsinu.

Forseti Sþ. vildi nú vísa til forseta Ed., að hann hefði gefið einhver svör við þessu í gær. Því miður veit ég það ekki, ég hlustaði ekki á ræðu hans. En ef til vill hefur það komið fram í ræðu hans, að þetta væri tilbúningur, forseti Sþ. hefði aldrei þurft að beita sér á móti þessari vintillögu, því að aldrei hefði staðið til að setja hana hér upp. Sé það upplýst í málinu, að þetta sé alrangt, þá er það náttúrlega gott að vita það rétta í því, hvernig á þessu stendur. Mér dettur helzt í hug, að það hafi getað orðið einhver ruglingur með handritið, og hafi það átt að fara í blað, sem hv. flm. till. gefur út, en hafi óvart lent í prentsmiðju með prentun á þingskjalinu. Þykir mér þetta eðlilegasta skýringin.

Annars þykir mér dálítið einkennilegt, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði um till. þá frá 6 þm., sem ég er 1. flm. að. Hann sagði, að það væri sjálfsagt að hafa þann hátt á afgreiðslu mála hér á Alþ. að taka fyrst til meðferðar þær till., sem gengju lengra efnislega. Ég hefði nú haldið, að eitthvað ætti að fara eftir því, í hvaða röð málin koma fram. Mér hefur skilizt, að það ætti að vera þannig, að fyrst ætti að afgreiða þau mál, sem fyrr kæmu fram. Hv. þm. sagði, að ef nú lægi hér fyrir og borin væri undir atkvæði nú till. okkar hinna 6 þm. um afnám þessara sérréttinda, þá mundi hann greiða atkvæði á móti henni eða vilja vísa henni frá með rökst. dagskrá, vegna þess að það hefði síðar verið flutt önnur till. um þetta efni og fleiri saman. Mér þykir það dálítið einkennileg aðferð að leggja á móti máli vegna þess, að það hafi komið síðar till. um sama efni, eða kannske væntanleg síðar, og þess vegna sé rétt að vísa því, sem svipað liggur fyrir, frá. Mér finnst þvert á móti miklu eðlilegra að taka fyrst þá till., sem fyrst kom fram í hendur d. og er fyrir hendi. Vita allir, að ýmsir menn í þjóðfélaginu hafa þessi fríðindi, að fá áfengi fyrir miklu lægra verð en aðrir. Getur líka verið um fleiri hlunnindi að ræða, t. d. tóbak, og mætti þá gjarnan taka það með.

Hv. 1. þm. Eyf. talaði hér um einn utanþingsmann, sem hann sagði, að væri haldinn bindindisofstæki, að mér skildist fyrir það, að sá maður hefði í blaðaskrifum fundið að því fyrirkomulagi, að forsetar Alþ. og fleiri fengju brennivín fyrir lægra verð en almennt gerist. En mér finnst nú, að hv. 1. þm. Eyf., þó að hann sé kannske ekki enn orðinn ofstækismaður, þá finnst mér hann vera kominn nokkuð nærri því að vera það sjálfur, þegar hann vill stimpla þá menn sem ofstækismenn, sem finna að þessu fyrirkomulagi, þessum sérréttindum.

Bernharð Stefánsson: Það er í annað skiptið, sem ég fæ að gera aths., og skal ég ekki misnota það eða fara út í ræðu hv. þm. V-Húnv. í einstökum atriðum. Ég hefði nú búizt við heiðarlegri málflutningi af þessum hv. þm. en raun ber vitni um. Mér hefur aldrei komið til hugar að kalla Halldór Kristjánsson ofstækismann vegna þess, að hann finnur að þessu fyrirkomulagi, að einstakir menn komast að öðrum kjörum um áfengiskaup en aðrir til þess að halda með því uppi risnu. Ég viðhafði þetta orð að gefnu tilefni, vegna þess að annar þm. var að deila á þennan mann fyrir það að hafa kallað forseta Sþ. brennivínsforseta. Má hver fyrir mér halda því fram, að afnema eigi þessi réttindi.

Ég lýsti yfir því í gær, að ég væri ekkert sérstaklega hrifinn af þeim. En þó að menn af tilviljun fái þessi réttindi og kannske án tillits til þess, hvort þeir nota þau eða ekki, — ef það þykir leyfilegt að ausa þá gífuryrðum fyrir það, þegar þeir eru settir í trúnaðarstöður, sem þessi réttindi fylgja, þá þykir mér skörin færast upp í bekkinn, og það kalla ég ofstæki.

Hv. þm. V-Húnv. hefur einu sinni verið ráðh. Þegar hann var ráðh., voru víst ekki þessi réttindi innan ríkisstj. nema hjá forsrh. Nú hafa allir ráðh. þessi réttindi. Segjum, að hv. þm. V-Húnv. verði aftur ráðh., sem ekki er ólíklegt. Mundi honum þykja það sanngjarnt, að hann yrði á þennan hátt ofsóttur fyrsta daginn, sem hann hefði þessi réttindi, án nokkurs tillits til þess, hvort hann mundi nota þau eða ekki? Það er þetta, sem ég kalla bindindisofstæki, þetta orðbragð, en ekki að halda fram, að þetta fyrirkomulag eigi að afnema. Ég hef ekki deilt neitt á hv. þm. S-Þ., þó að hann hafi flutt þessa till. Það eina, sem hefur valdið deilum okkar á milli, eru viss orð í grg., þar sem hann fer ekki með rétt mál, sennilega vegna misskilnings. Og ég skal taka fram, að þetta er ekki að kenna forseta sameinaðs þings, það er ekki hans sök.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þessi þáltill., sem hér var til umr. í gær og aftur í dag, fjallar um það, að bann skuli verða lagt við því *framvegis, að trúnaðarmenn þjóðfélagsins fái* vörur, svo sem áfengi og tóbak, með undanþáguheimild við lægra verði en aðrir. Ég held, að þessi till. og önnur sama efnis, sem einnig liggur fyrir þinginu, hafi eingöngu átt erindi hingað inn í þingið vegna þeirrar siðferðislegu hliðar, sem þetta mál hefur, en hefðu ekkert erindi átt, ef þær hefðu eingöngu haft þá hlið, sem umræður hafa fjallað hér um í gær og í dag, hlið hins persónulega hnútukasts milli tveggja sagnfræðinga, sem eiga setu hér á þingi. Þær eiga ekki heldur erindi hér inn í þingið sem árásarefni á þá, sem nú eru forsetar hæstv. Alþ. Það er margupplýst í málinu, að þeir eru ekki upphafsmenn að þessum leiða sið, sem hér er um að ræða. Þess vegna ætti málið ekki að fá pólitískt þann svip að vera persónulegt hnútukast gegn núverandi forsetum. Ég vildi því leyfa mér að fara örfáum orðum um þá mórölsku hlið, sem þetta mál hefur og gefur málinu rétt til þess að vera til umr. á Alþingi.

Það er sem sé staðreynd, að forsetar sameinaðs þings hafa um nokkurt árabil haft réttindi til þess að fá áfengi frá Áfengisverzlun ríkisins með innkaupsverði, og eru þessi hlunnindi ekki bundin við neina hámarksupphæð. Síðar hafa deildaforsetar fengið þessi sömu réttindi, bundin við ákveðna upphæð, þannig að þeir máttu taka út áfengi á þingi hverju fyrir allt að 10 þús. kr. verðmæti að innkaupsverði. Ég hygg, að flm. þessarar till. hafi tekið fram í gær, að hann teldi meginefni þessa máls vera það, að ósæmilegt væri, að tvenns konar réttur gilti um þetta í þjóðfélaginu, og er ég honum sammála um það. Það hefur verið á það bent, að það gæti verið óheppilegt og lítt sæmandi, ef allir ölkærir menn þingsins teldu mesta keppikefli að komast í forsetastólana vegna þessara hlunninda. Og ég held, að ekki geti orðið um það deilt, að þetta væri skuggi á þeirri mórölsku hlið, sem þetta mál hefur.

En segjum svo, að af þessum hlunnindum forsetanna, hvort sem það er forseti sameinaðs þings eða deildanna, gæti leitt það, að þeir á mannlegan hátt, í skjóli þessara hlunninda færu að veita sínum samþm., sem ölkærir væru, eitthvað af þessu ódýra áfengi sínu, þar sem ekki væri neitt ósennilegt, að þeir vildu láta þá finna til gestrisni af þessum hlunnindum sínum. Það væri þá annar skuggaflóki á hinni mórölsku hlið. Og hver gæti tekið í forsvar, að forsetar mundu aldrei reyna að *fá sér stuðning í kosningu þessara manna?* Enn fremur mætti gera sér í hugarlund, að forsetar, hvort sem þeir nota vín sjálfir eða ekki, gæfu kunningjum sínum, t. d. bændum í sínu kjördæmi, flösku og flösku. Það vita allir, að sumum er ekki kærara að fá neina gjöf, jafnvel ekki heila jörð, en að fá flösku að gjöf. „Hann gaf mér það, sem mér þótti vænst um, blessaður maðurinn: eina flösku af brennivíni". Og hver gæti láð einum forseta það, þó að hann léti fyrir kosningar eina og eina flösku fara til kjósenda? En þetta væri ekki æskilegt þjóðfélagsástand, þetta væri þjóðfélagsspilling, sem væri afleiðing af því ástandi, sem hér er um að ræða. Og það eru engar líkur til þess, að það hafi verið farið með svo miklum grandvarleik með þessi sérréttindi, að þetta hafi ekki átt sér stað, og sögur hafa um þetta gengið og ómögulegt fyrir nokkurn mann í forsetastóli að verja sig fyrir þeim gróusögum, sem um þetta hljóta að ganga. Af þessum ástæðum er óverjandi að viðhalda þessu skipulagi. Og ég er viss um það, að þeir menn, sem hafa verið forsetar, hafa ekki séð, að þeir voru ofurseldir ásökunum vegna þessa sérréttindaskipulags, að þeir gátu varla haldið mannorði sínu óskertu. Þess vegna er ég hissa á því, þar sem í forsetastólana hljóta að veljast menn, sem hafa glögga dómgreind á það, hvað sé sæmandi mönnum í þeirra stöðum — þeir hljóta að vera valdir fyrst og fremst með tilliti til þess, að þeir séu mjög dómbærir á mórölsk áhrif — ég er hissa á, að þeir skuli ekki fyrir löngu hafa fundið, að þetta gengur nærri sæmd þeirra, og borið fram kröfu um það, að þessi sérréttindi yrðu afnumin, því að þetta hlaut að verða þeim til óþurftar. Ég skal ekkert kapp á það leggja, hvort þessi þáltill. eða sú, sem ég er meðflm. að, verði borin fyrr undir atkv., en ég þori að fullyrða, að það hlýtur að verða niðurstaða þessa máls, að þessi sérréttindi verði afnumin og það á þessu þingi. Það gladdi mig að heyra við umr. í gær, að forseti Ed. bar fram ósk um það, að þessi sérréttindi yrðu felld niður. Ég vil því vona, að ekki einungis þeir, sem kallaðir eru ofstækismenn í bindindis- og bannmálum, fylgi þessari till., heldur og þeir, sem ölkærir eru, og líka þeir, sem hafa notið þessara sérréttinda eða átt kost á að njóta þeirra. Ég vil einungis líta á þetta mál sem móralskt og skal ekki fara neinum orðum um hina persónulegu hlið málsins. Álít ég þær persónulegu svívirðingar, sem hér hafa átt sér stað út af þessu máli, vera þinginu til lítils sóma og mun því ekki taka þátt í þeim.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég mun ekki blanda mér inn í þessar umr., en get tekið undir það, að þær hafa verið þinginu til lítils sóma, og er líklegt, að margt af því, sem sagt hefur verið af hv. þm. sjálfum um áfengismálin,

kunni að leiða til þess, að menn, sem hér eru ókunnugir og hlusta á umr., haldi, að Alþ. væri samkvæmi drykkjuræfla og vesalinga og að það væri alveg víst, að þeir, sem til mikils trúnaðar eru kjörnir af þm., væru vísir til að misnota öll hlunnindi, sem þeim yrðu veitt. Þetta kom ekki sízt fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem gerði ráð fyrir því, að það eitt, að mönnum væru veitt viss hlunnindi, hlyti að leiða til misnotkunar þeirra. Nú er það svo með alla þá menn, sem eru valdir til mikils trúnaðar, að það verður að fela þeim meiri völd en almennt gerist á ýmsum sviðum, og þegar gengið er út frá því sem gefnu, að ef þessi heimild sé fyrir hendi, sé hún misnotuð, þá er þar verið að kveða upp þungan áfellisdóm á siðferðisástand fulltrúa þjóðarinnar — dóm, sem ég vil mótmæla, að hafi við nokkur rök að styðjast. Vandlæti þm. á að koma fram í því að kjósa ekki aðra til trúnaðarstarfa, hvort heldur er til forseta eða í aðrar stöður, sem sérréttindi fylgja, heldur en þá, sem treysta má, að ekki misnoti þau. Það hefur að vísu komið fyrir í einstaka tilfellum, að slík hlunnindi hafi verið misnotuð, en það á að leiða til þess, að slíkum mönnum á ekki að fela trúnað áfram, en ekki til þess, að slíkur málflutningur sé upp tekinn eins og hér hefur verið gert, þar sem gert er ráð fyrir því, að allir æðstu trúnaðarmenn þings og þjóðar séu siðferðissnauðir vesalingar. Það, sem hér er um að ræða og menn tala sumpart um eins og ókunnuga hluti, er það, að ríkisvaldið hafi — því miður má segja — komizt inn á þá braut, að vísu ekki nýlega, heldur fyrir mörgum áratugum, að vissir æðstu embættismenn ríkisins eru verr launaðir en ástæða væri til. Ástandið í þjóðfélaginu er nú þannig, að ráðherrar eru helmingi verr launaðir en kyndari um borð í togara eða loftskeytamaður. Þetta hefur leitt til þess, að með vitund og vilja þm. — þori ég að fullyrða — hafa ráðh. um margra áratuga skeið notið vissra hlunninda til þess að bæta þetta upp lítillega, sem eru miðuð við, að ætla má, að þeir þurfi að bera meiri kostnað í sambandi við framkvæmd embættis síns en aðrir. Það er vitað mál, að á ráðherraembætti hvílir bein skylda að halda uppi risnu og allmeiri en gerist um embættislausa menn, og hefur ríkið ekki séð sér fært að bæta þetta upp með hærri launum. Nú verður að ganga út frá því, að hver ráðh. hafi það nokkuð eftir sinni venju, sem er kunn, áður en honum er falið embættið, hvort hann neytir víns eða ekki, en vegna þess að ríkið fær sjálft mikinn hagnað af vínsölu, er sá háttur hafður á, þar eð risnan er m. a. fólgin í því að veita vín við ýmis tækifæri, þá hafa æðstu mönnum ríkisins verið veitt þau hlunnindi að þurfa ekki að greiða ríkinu álagningu af því víni, sem ætla má, að þeir þurfi til sinnar risnu, meðan þeir gegna þessu embætti. Hér getur því ekki verið að ræða um annað en fjárhagsatriði, en kemur ekkert siðferðismálum við, og allra sízt við í þessu sambandi að vera að drótta að mönnum drykkjuskap og ganga út frá, að þeir menn hljóti að neyta sjálfir eða veita öðrum óhæfilega mikið vín, sem njóta þessara hlunninda. Ef menn kjósa í trúnaðarstöður þá aumingja, sem líklegir eru til að fara þannig að, þá er slíkt blettur á þeim þm. eða öðrum, sem velja þá menn í embættin, og bera sjálfir sökina, og eiga þm. að varast að kjósa menn til trúnaðarstarfa, sem þeir trúa til þess að misnota sína stöðu á þennan veg.

Ég held því, að það sé í raun og veru ástæðulaust, að þetta mál sé látið ganga athugasemdalaust til n., þannig að ekki sé á það bent, að hér er eingöngu um fjárhagsatriði að ræða af hálfu ríkisins um það, hvernig það vill búa að tiltölulega litlum hóp sinna æðstu trúnaðarmanna. Ástandið er þannig, að ríkið treystir sér ekki til að greiða þeim þau laun, sem talin eru hæfileg, þegar tekið er tillit til hins ýmislega embættiskostnaðar, sem embættunum eru samfara. Þar af leiðandi hefur ekki verið lagt á vissar vörur, sem talið er sennilegt, að þeir þurfi að nota, og það er sjálfsögð regla, að ætlazt er til, að þeir menn, sem veittur er trúnaður og vald umfram aðra menn í þjóðfélaginu, kunni að gæta þess. Og því aðeins eru þeir valdir til starfans, að þeir misnoti þetta ekki frekar en svo margt annað, sem undir þá er lagt, og út af fyrir sig kann ég ekki að sitja hér þegjandi undir því, að gefið sé í skyn, að ráðh. og aðrir, sem þessi hlunnindi hafa, séu gerðir að hálfgerðum glæpamönnum, Eins og hv. þm. S-Þ. (JJ) tók fram, fylgir það sumum ráðherraembættunum að hafa á hendi risnu fyrir ríkið, og þannig er því varið með mitt embætti, að það er beinlínis lagt fyrir mig að hafa á hendi slíka risnu. Mér stendur nákvæmlega á sama, hvort hún er mikil eða lítil, en ég hef bara enga peninga til þess að borga þetta úr eigin vasa fyrir ríkisins hönd, og það hefur gert þá peninga drýgri, sem mér hafa verið fengnir af ríkinu, að mér er afhent áfengi og tóbak með þessum afslætti, en ef borga ætti þetta með fullkomnu útsöluverði, yrði annaðhvort að auka risnufé um verulega upphæð, er skipti tugum þúsunda, eða að draga að sama skapi úr risnunni. Slíkt er að vissu leyti ekki hægt, þ. e. að draga úr risnunni, vegna þess að hún er m. a. í því fólgin að taka hér við mönnum til stuttrar dvalar, auk þess sem hér verður að halda uppi risnu af hálfu ríkisins gagnvart þeim erlendu fulltrúum, sem hér dvelja, og við megum ekki gera okkur að þeim halanegrum að ætla, að við verðum minni menn, þó að veitt sé vín af ríkisins hálfu. Við lifum að sumu leyti á vínöld, þar sem meginþorri borgaranna telur það sjálfsagðan hlut að drekka vín, enda væru Íslendingar einstakt fyrirbrigði á yfirborði jarðar, ef þeir væru auvirðilegir fyrir það að smakka vín, og þeir menn mega skammast sín, sem halda því fram, að Íslendingar séu sérstakir drykkjuræflar. Ég álít það sé til skammar fyrir þm., þegar þeir sumir vitna um það daglega, að helmingur þm. séu ofdrykkjumenn og kunni ekki fótum sínum forráð í þessum efnum. Með þessu er verið að gefa þjóðinni alranga lýsingu af þeim mönnum, sem hér eru samankomnir, og við gerðir auvirðilegri í augum almennings en nokkur ástæða er til. Það er að vísu rétt, að hér er drukkið of mikið af áfengi, en hitt er til skammar, að menn séu að ráðast hver á annan eða rífa klæðin hverjir af öðrum, eins og hér hefur verið gert. Hins vegar er ég því sammála, að menn eiga að taka upp þann sið að reka þá menn af samkundum, sem gera sig seka um spjöll, og að menn eigi að forðast að tala við slíka menn, en þetta er ekkert skylt við notkun víns, því að menn geta orðið sér til skammar, þótt þeir séu ekki drukknir. — Kjarni þessa máls er sá, að þm. verða að gera það upp við sig, hverjir

það eru af embættismönnum ríkisins, sem eiga að halda uppi risnu, og síðan ætla þeim fé til þess og á annan veg en gert hefur verið, vegna þess að með því móti er nokkur falinn risnukostnaður. Dæmi þess arna kom fram í því, að út af veizlu, sem ég hélt sem borgarstjóri Reykjavíkurbæjar, var það blásið upp, að þar hefði verið óhóflegur vínreikningur, vegna þess að reikningurinn var talinn nema um 20 þúsundum króna með álagningu. Þetta er að vísu töluvert hár reikningur, þegar hann er settur svona fram, en þegar á það er litið, að með því verði, sem ríkið greiðir fyrir áfengi á sínum samkomum, svarar þetta til 1—2 þús. króna, og er þetta þá ekki nema það, sem sambærilegt er við aðrar veizlur, sem haldnar eru. Ég minnist þess í þessu sambandi, að hér var fyrir um ári síðan efnt til veizlu af því opinbera, og höfðu menn verið með mótmæli þann sama dag um að veita ekki vín í veizlum, en svo var mér sagt, að þeir, sem bjuggust ekki við neinum vínveitingum, hefðu tekið með sér á veizlustað töluvert af víni í rassvasanum. Í veizlunni var svo veitt vín eins og venjulega, og ég hygg, að vínneyzlan hafi verið ósköp svipuð í báðum þessum veizlum, því að sannleikurinn er sá, að menn tala um þessi mál hér í þingsölunum allt öðruvísi en þegar þeir eru komnir inn í hliðarsalina, og meiri hluti manna hagar sér hér og mælir margt allt öðruvísi en í prívatlífinu. Það hlýtur öllum að ofbjóða að hlusta á þær umr., sem hér hafa átt sér stað undanfarið í sambandi við þetta mál og einnig önnur, og það er siðferðisblettur á þjóðinni, að slíkur yfirdrepsháttur skuli eiga sér stað, eins og hér hefur orðið raunin á, og því miður er það sízt til að draga úr drykkjuskapnum, vegna þess að hann verður ekki yfirunninn á annan hátt en með hófsemi og skynsamlegri framkomu af hálfu þeirra manna, sem vinna gegn honum. Ég játa það, að ástandið í áfengismálunum er svo alvarlegt, að það er ekki til að hafa í flimtingum, og þess vegna verður að vinna að því að bæta þetta böl með hófsemi og aðgerðum í slíkum anda, en ekki með öfgum og yfirdrepskap. — Varðandi það mál, sem hér liggur fyrir, vil ég ítreka það, að ef menn vilja ekki láta veita þessi hlunnindi, þá leiðir það til þess, að risnan verður þá þeim mun minni, nema beint fé til hennar verði aukið. — Varðandi annað, sem hér hefur verið drepið á, þá varð ég hissa á því, að hv. þm. V-Húnv. (SkG) skyldi ekki vita, að ráðh. hafa um langt skeið fengið bíla með sérstökum kjörum. Ég hef að vísu ekki notfært mér þetta enn, en mundi ekki skammast mín fyrir að nota þessi hlunnindi, meðan þau eru í gildi, vegna þess að mér er ljóst, að sú staða, sem ég gegni, er þannig launuð, að ég teldi mér það ekki of gott. — Þetta mál kemur ekkert siðferðinu við, heldur er hér um bókfærsluatriði að ræða, þar eð verði sum þessara hlunninda felld niður, hefur það í för með sér aukinn tilkostnað á öðrum útgjaldaliðum ríkisins.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Eyf. var að spyrja um það, hvernig mér mundi líka það, ef ég væri einhvern tíma í stöðu, sem þessi hlunnindi fylgdu, að heyra því fleygt, að ég misnotaði þau. Ég býst við, að slíkt mundi ekkert hrína á mér, en vitanlega geta þeir, sem njóta þessara hlunninda, þrátt fyrir það að þeir njóti þeirra hóflega eða kannske alls ekkert, átt von á því, að ýmsu sé til þeirra kastað, meðan þetta viðgengst í þjóðfélaginu.

Hæstv. utanrrh. talaði um það, sem mun vera rétt, að ekki hafi verið talið fært að veita nema takmarkað fé til risnu, þar sem sú skylda hvílir á að halda uppi risnu af hálfu hins opinbera, og þess vegna hafi verið valin sú leið að láta vissa embættismenn fá áfengi, tóbak og bifreiðar við lægra verði en aðra þegna þjóðfélagsins, og hefur verið allmikið um þetta rætt. — Hæstv. utanrrh. og mig greinir á um það, hvort ástæða sé til að hafa vínveitingar í opinberum veizlum eða ekki. Hæstv. ráðh. virðist vera þarna mjög á öðru máli en ég, og var hann að tala um halanegra í sinni ræðu. Skildist mér, að að hans áliti væri okkar þjóð halanegrar, ef ekki væri haft vín um hönd í opinberum veizlum, en fyrir 20 árum höfðum við forsrh., sem sat í 4—5 ár og veitti aldrei vín í opinberum samkvæmum, og heyrði ég Íslendinga ekki kallaða halanegra á þeim árum frekar en nú. Um þetta geta menn deilt, en ég álít það miklu hreinlegra, ef menn telja nauðsynlegt að hafa vínveitingar í opinberum veizlum og vilja halda uppi risnu, að veita þá fé til þess, eftir því sem þörf krefur, til þess að þessir embættismenn geti þá keypt þessar vörur við gangverði. — Eins og kom fram síðast í ræðu hæstv. utanrrh., er þetta bókfærsluatriði fyrir ríkið.

Ég verð að segja það, að mér finnst á allan hátt hreinlegri og betri aðferð, að breytt verði bókhaldinu viðvíkjandi sölu þessa víns á þann hátt, að áfengisverzlun ríkisins sé greitt jafnt fyrir þetta vín sem annað, og ef menn vilja endilega hafa það svo, að þessir opinberu starfsmenn veiti vín í veizlum sínum og við önnur tækifæri, þá verði þeim heldur hjálpað til að greiða þann kostnað, það væri a. m. k. hreinlegri leið. — Annars vil ég mæla með því, að þessi fríðindi verði afnumin, og ef meiri hluti þings álítur rétt að veita leyfi fyrir vínveitingum í opinberum veizlum, þá verði það vín bókfært með réttu verði.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. þm. V-Húnv. lauk máli sínu með því að ræða um hina óhreinu bókfærsluleið, sem farið væri með mál þetta eftir, og get ég þar að nokkru verið sammála honum. Hins vegar sagði hann, að ég hefði sagt, að það væri halanegraháttur að veita ekki vín í opinberum veizlum. Ég tel það engan halanegraháttur, þó að menn, sem sjálfir eru bindindismenn, veiti ekki vín í veizlum sínum, en hitt verð ég að segja, að ég uni því ekkert illa, þó að þing, sem skipað er hófsmönnum á áfengi, telji það halanegraháttur að vera andvígir því að veita vín í opinberum veizlum, og ég tel það hræðslu við almenningsálitið, ef Alþingi, þar sem um 90% þm. eru ekki bindindismenn, samþykkir að banna vínveitingar í opinberum veizlum, þó að þeir í hjarta sínu séu því andvígir, og það er tilraun til að berja opinberlega inn allt annað siðferði en raunverulega er. Þess vegna greina menn ekki á milli hófsemdar og ofdrykkju. Með þessu svara ég ummælum hv. þm. V-Húnv., er hann sagði, að ég hefði verið að óvirða fyrrv. ráðh., sem ekki höfðu vín í veizlum sínum. Þetta er alveg misskilningur. Hins vegar má minna á það, að samstarfsmaður þessa ráðh. hefur skýrt frá því opinberlega, að gestir, bæði innlendir og útlendir, hafi

komið með vín með sér í rassvasanum í veizlur þessa ráðh. Þetta hefur verið lagt út til skammar, en fyrir þetta verður ekki komið í veg með öðru en að breyta siðferðinu. Á meðan menn vilja hafa vín um hönd, er halanegraháttur að leyfa ekki að hafa áfengi um hönd í opinberum veizlum, þegar þess er neytt alls staðar annars staðar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður, en vil aðeins víkja nokkrum orðum að þeim misskilningi, sem mér virðist hafa komið hér fram við þessar umr. Ég skal skýra frá því, að hv. forseti Ed. hefur aldrei minnzt á hinn margumrædda „bar" hér í þinghúsinu við mig öðruvísi en í góðlátlegu gamni, og það er óhætt að gleðja hv. þm. með því, að honum hefur ábyggilega aldrei komið til hugar að hrinda þeirri hugmynd í framkvæmd, og ef hv. forseti Sþ. hefur ekki þurft að beita sér meir gegn neinni annarri hugmynd, já, þá verð ég að segja, að hann hefur ekki þurft að beita sér mikið. Ég held sem sagt, að við getum verið alveg rólegir fyrir því, að „bar" verði settur hér upp í húsinu. Hitt er rétt, að sumir þeir þm., sem farið hafa utan og séð fyrirkomulag svipað þessari „bar"-hugsjón hér, hafa verið að gamna sér við það sín á milli, að dýrlegt væri að hafa slíkan „staupabar" í þessu þinghúsi, eins og tíðkast víða erlendis. Hvað snertir ræðu hæstv. utanrrh., þá gat ég ekki betur heyrt en að hann væri andvígur þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, og hann væri þess fýsandi, að fyrirkomulag það, sem gilt hefur í þessum efnum, fái að haldast í framtíðinni. Hæstv. ráðh. gat þess, að einu sinni hefði verið harkalega ráðizt á sig fyrir 20 þús. kr. vínreikning eftir veizlu eina opinbera. Ég minnist þessa. Þetta varð til þess, að hann fór að athuga gamla vínreikninga og hneykslaðist hann stórum yfir þeim, enda ekki undarlegt. Hann sagði þá í ræðu sinni, að sumir þeirra embættismanna, sem hér væri um að ræða, væru ekki það vel launaðir, að þeim veitti af að njóta þessara ívilnana um kaup á víni og tóbaki, þar sem þeir þyrftu að halda uppi allmikilli risnu. Þarna kom það fram í ræðu hæstv. utanrrh. sem svo víða annars staðar, að mönnum nú til dags þykir ekki mikið til koma ráðherralaunanna eða launa, sem eru þeim jafnhá, eins og t. d. kom fram, þegar bæjarstjórnarmeirihlutinn á Ísafirði réð í haust bæjarverkstjóra og gat ekki fyrir hans hönd gert sig ánægðan með minna en ráðherralaun, og þegar við það er miðað, þá er kannske ekki að furða, þó að þeir vilji bæta laun sjálfra ráðh. með hagkvæmum vínkaupum.

Það hefur komið fram hjá sumum ræðumönnum hér, að hentara væri að hækka laun ráðh., en afnema þessi fríðindi, og ég er því algerlega samþykkur. Með því væri útrýmt og afnumin sú óhreina bókfærsluleið, sem með þessu er farin. Nú er það upplýst, að þessi hlunnindi nái ekki einungis til víns og tóbaks heldur einnig til bifreiða, og er kannske út af fyrir sig ekki svo mikið við því að segja, úr því að laun ráðh. eru svo lág, en ef einhver ráðh. notar þessi hlunnindi þannig, að hann veiti öðrum þau einnig, og allt af fleiri og fleiri, þá er það, eins og allir sjá, óafsakanlegt og hlýtur að leiða til óreiðu og aukinnar eyðslu.

Þá er það enn eitt við þetta fyrirkomulag, sem mér geðjast ekki að. Ef einhver af þeim mönnum, sem þessara hlunninda njóta, fer niður í áfengisverzlun og kaupir þar flösku af víni — og þótt hann meira að segja kaupi þessa flösku með útsöluverði og borgi það út í hönd —, þá fellur samt á hann grunur vegna þessa fyrirkomulags, og það er eitt með öðru nóg til þess að þetta fyrirkomulag verður að hverfa. Það er ekki fyrst og fremst vegna þess, að þeir, sem þessara hlunninda hafa notið, hafi notað þau svo óhóflega — þótt svo hafi reyndar verið í sumum tilfellum —, heldur vegna þess, að þetta fyrirkomulag er óhafandi svo margra hluta vegna. Hvernig ættu t. d. þessar launauppbætur að koma fram, ef hlutaðeigandi kærir sig alls ekki um að kaupa vín? Á máli þessu er mórölsk hlið, og það fyrirkomulag, sem nú gildir, hlýtur að setja menn í vanda og baka ýmiss konar tortryggni og erfiðleika og á því hiklaust að afnemast með öllu og víkja fyrir betra skipulagi í þessum efnum.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. og mun því verða stuttorður.

Hæstv. utanrrh. minntist hér á veizlu nokkra, sem haldin var af ákveðnum ráðh. Þessi samkunda mun hafa verið þing Alþýðusambands Íslands. Það gerði sínar samþykktir um áfengismál, og ég verð að játa, að þessir vínreikningar voru mér vonbrigði. Ég hygg hins vegar, að ummæli andstæðinga Alþýðusambands Íslands um þessa veizlu hafi verið nokkuð beiskju blandin og stafi þau af óánægju út af því, að þarna skyldi haldin veizla með vínveitingum fyrir sauðsvartan almúgann.

Eins og nokkrir ræðumenn hafa sýnt hér fram á, þá er fyrirkomulag það, sem gildir í þessum málum, óhæft og óviðunandi og því auðsætt, að till. sú, sem hér er fram borin, hefur við gild rök að styðjast. Ég skal ekkert um það segja, hvaða ályktanir verði dregnar af þeim umr., sem hér hafa farið fram um mál þetta, en engan hef ég heyrt halda því fram, að ástand það, sem nú ríkir í áfengismálunum, sé viðunandi lengur, þótt menn hins vegar greini á um, hvað verða megi til bóta. Hygg ég, að megi með réttu segja um mál þetta í heild: Hvað höfðingjarnir hafast að, hinir meina sér leyfist það. — Það er því álit mitt, að þennan ósið, sem komizt hefur á í þessum efnum, beri að afnema hið bráðasta og að ríkisvaldið eigi meira að segja heldur að launa þessa menn svo sæmilega, að slíkra hlunninda sem þessara þurfi alls ekki með til þess að bæta afkomu þeirra, enda ekki vansalaust né á neinn hátt viðeigandi að gera það á þennan hátt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. fórust orð eitthvað á þá leið, að bókfærsluhlið málsins skipti engu. Þetta er ekki rétt. Hér er um það að ræða, hvort sannleikurinn í þessum hlunnindamálum skuli hulinn, falinn fyrir kjósendum. Undanfarið hefur ríkisstj. rækilega falið þessa reikninga fyrir almenningi, svo að menn hafa ekki hugmynd um, hve þessi fríðindi nema háum upphæðum né hvað opinberar veizlur kosta ríkið mikið. Hér er því beinlínis um hálfgerða fölsun að ræða, þar sem alltaf er reynt að haga reikningsfærslu þannig, að menn fái ekki áttað sig á, hvernig þessi mál raunverulega standa. Þjóðin öll á rétt á að sjá í réttu ljósi, hver hagnaður er árlega af áfengissölunni, án þess að nokkuð sé undan dregið eða nokkrar undantekningar gerðar, og hún á heimt-

ingu á að fá að vita, hvað laun þessara manna eru raunverulega há, reiknuð með þessum fríðindum.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

15. Vinnuhælið á Litla-Hrauni.

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um stækkun á vinnuhælinu á Litla-Hrauni (A. 55).

Á 16. og 23. fundi í Sþ., 29. okt. og 19. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er afar einfalt. Litla-Hraun er aðalfangelsi landsins, en er of lítið. Menn bíða í tugatali til að geta afplánað hegningu. Bygging nýs fangahúss í Reykjavík yrði of dýrt fyrir landssjóðinn, og þess vegna ber ég fram till. um að byggja nýja byggingu að Litla-Hrauni, sem sé byggð af vistmönnunum sjálfum. Þeir vinna að múrsteinagerð, en úr slíku efni má byggja vandað einnar hæðar hús, og þannig er hægt um vik fyrir ríkið að bæta úr vöntun þeirri, sem nú er í þessum efnum. Ég hef ástæðu til að ætla, að hæstv. dómsmrh. sé hlynntur málinu. Ef till. fer til hv. fjvn. og nær samþykki hennar, þá er ákveðin eyðsla á verðmæti, sem er til, að kostnaður sá, sem yrði vegna þessa, mundi fara nýjar brautir og ekki þyrfti að bíða eftir fjárlögum. Ég vona, að hv. fjvn. athugi þessa hlið málsins, er hún fær það í sínar hendur. Ég hef svo ekki meira um þetta að segja í bráðina.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Mér dettur ekki í hug að mótmæla þeim rökum, að nauðsyn sé að stækka Litla-Hraun. Það er rétt, að þar þyrfti að vera meira pláss — því miður. Það er ekki það, sem ég vildi drepa á í þessu sambandi, heldur annað. Það er til gömul samþykkt frá Alþingi um, að ríkisstj. sé falið að athuga möguleika á því að flytja vinnuhælið í burtu frá Litla-Hrauni. Menn voru þá sammála um, að vinnuhælið skyldi ekki vera í sveit sett svo nærri Eyrarbakka, en á einhverjum öðrum afviknari stað. Þetta var nú samþykkt á Alþingi, en ég veit nú ekki til þess, hvort nokkur ríkisstj. hefur athugað þetta. En tilefni þessarar tillögu var það, að menn vissu, að það var kauptúnsbúum á móti skapi, að niðurstaðan með staðsetningu vinnuhælisins varð svo að segja mitt á meðal þeirra. Ég vona, að hv. alþm. skilji, hvað átt er hér við. Hælið varð til að hálfu sem neyðarráðstöfun, og húsakynni þess, eða það hús, sem notað er fyrir fangelsi nú, var upphaflega byggt sem spítali, og var því óhentugt til annarra hluta. Vegna þess að ekki voru tök á að fullgera þennan spítala, var hælið dæmt til að setjast á þessar stöðvar — mitt á meðal fólksins. Ég skal ekki mótmæla till. þeirri, sem hér liggur fyrir, heldur vildi ég fyrst og fremst minna á, að Alþ. samþykkti að breyta hér til, eins og íbúar Eyrarbakka vildu, og eftir því skyldi fara, ef nokkuð mark skal taka á því, sem Alþingi ályktar. Mér finnst erfitt að þegja slíkt fram af sér. Það er ekki hægt að samþykkja þetta eða hitt og skjóta svo skollaeyrum við öllu saman. Það er ábyggilegt, að heppilegra er fyrir vistmenn á vinnuhæli að vinna afsíðis en meðal annarra manna. Og sama mun vera með staðarval í borg, að þar koma sömu gallar í ljós, og því komu þessar óskir fram, að hælið yrði flutt á afviknari stað. Gamla þáltill. miðaði í þessa átt. Skapgerð mín er þannig, að mér fannst rétt að minna á þetta. Það er óhæfilegt að samþykkja einhvern hlut, en gleyma honum svo.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Út af ræðu hv. 2. þm. Árn. vil ég segja þetta. Ég held, að áhyggjur hv. þm. um velferð hinna ógæfusömu manna á Litla-Hrauni séu ekki rétt grundaðar, og ég vil segja þessum hv. þm., að merkur lögfræðingur og fyrrv. þm. Árn. sagði, að í Danmörku væri keppnin á milli borganna ekki um skóla, t. d. menntaskóla, heldur fangelsi. En fjárhagsleg hlið þeirra mála færir heim sanninn um það, að þeim sé heppilegt að njóta slíkra hlunninda. Reykjavík hefur fangelsi inni í miðjum bænum. Það hús var lengi eitt hið fegursta í bænum, og sama má segja um Litla-Hraun. Það er eitt fallegasta húsið við Eyrarbakka. Ég sé ekki, að Eyrbekkingum sé vandara um en íbúum Reykjavíkur, og held, að starfsemin á Litla-Hrauni sé þeim eigi til ama.

Hvað snertir staðarvalið, þá voru þær ástæður hjá landssjóðnum, að ekki var hægt að halda þeirri byggingu áfram. Það var til láns fyrir lausn þessa vandamáls. Á Litla-Hrauni eru heilnæm húsakynni. Það var byggt fyrir sjúkrastofur. Hið fagra Suðurland blasir þar við úr gluggunum. Um leið og vistmenn fengu ágæt húsakynni, gátu þeir að nokkru notið hinnar miklu náttúrufegurðar. Ég mótmæli ekki till. þeirri, sem hv. þm. minntist á, en ég vil skýra eitt atriði dálítið nánar. Ef ég hefði átt að velja stað fyrir vinnuhæli, þá held ég, að vart hefði fundizt heppilegri staður. Það er tiltölulega stutt síðan fundust miklar vikurnámur við fjörurnar hjá Eyrarbakka. Úr þessu efni hafa vistmenn unnið að því að steypa vikurplötur og steina. Slík vinna er mjög hentug fyrir þessa menn, sem þurfa að taka út sína hegningu í lengri eða skemmri tíma. Það er erfitt að finna heppileg verkefni að vinna á vetrum fyrir vistmennina, en önnur vinna hefur ekki fundizt heppilegri en sú, sem ég gat um. Það hafði verið reynt að láta fanga vinna að bílaviðgerðum, smíðum o. fl. Þá vinnu gátu ekki allir gert, en allir geta þeir steypt hellur og steina úr vikrinum, og hefur hælið haft talsverðar tekjur af þeirri iðju. Við Litla-Hraun er mjög grasgefið land, og hafa fangar verið látnir vinna á sumrin við garða og tún. Þetta hvort tveggja gefur góðan rekstur á hælinu. Enn fremur

eru fangarnir þar í nokkurri snertingu við fólkið. Vistmenn hafa stundum verið látnir grafa skurði fyrir Eyrbekkinga. Ætti slík liðveizla að vera að nokkru þakkarverð.

Svo vil ég benda hv. þm. á, að svo er langt síðan byggt hefur verið fangelsi, að nú mun vanta um 70 klefa í Reykjavík, en hún hefur ekki efni á að stækka fangelsi sitt, þótt hún hafi um 50 miljónir kr. í tekjur. Fangelsi Reykjavíkur mun ekki hafa verið stækkað síðan um 1880, og ætti Reykjavík að vera þakklát Eyrbekkingum fyrir hjálpina, bæði fyrir sig og landið. Landið getur ekki bætt betur úr þessum vanda en með því að láta vistmenn Litla-Hrauns stækka húsakynnin þar. Og hvar væri höfuðborgin og ríkissjóðurinn annars staddur í sínum mikla vanmætti í þessum málum? Litla-Hraun hefur leyst þetta mikla spursmál. Þar eru fangar tiltölulega frjálsir menn og vinna úti. Þar er engin mikil eða djúp gjá á milli þess frjálsa og ófrjálsa. Það er eitthvað demokratiskt við þetta, en þó er mönnum hegnt. Hér er mönnum hegnt á mjög eftirtektarverðan hátt og mjög ólíkt því, sem gerist í einræðislöndum.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, þá var sú skoðun látin í ljós, að vinnuhæli skyldi ekki komið fyrir mitt á meðal annarra borgara. En hv. þm. S-Þ. vitnaði hér til merks lögfræðings og fyrrv. þm. Árn., og er ég hlessa á því, að hann skyldi ekki geta fyrr um þetta, en hann hefur nú varla getað um þetta dæmt, því að hvorki var hann búsettur á Eyrarbakka né vistmaður á Litla-Hrauni, svo að hann hefur ekki fengið reynsluna. (**JJ:** Þetta var ágætur Árnesingur og bjó á Eyrarbakka.) Það kann að vera, en ekki á Litla-Hrauni. Sleppum nú því, en varðandi hin mörgu verkefni, sem finna má á Litla-Hrauni, þá er það alveg rétt hjá flm. Vikurvinnslan er merk, hvort sem hún er fangin eða frjáls. En þótt það sé nú gott og blessað, þá væri þessi atvinnugrein ágæt fyrir hinn frjálsa lýð, að honum yrði gerður opinn aðgangur að vikrinum. Þá yrði þessi atvinna ekki einungis fyrir fanga, en skapaði meiri atvinnu fyrir Eyrbekkinga sjálfa. Ég vil nú ekki fara að leiða þessa hlið málanna inn í deilur hér, en tilefni mitt var það eitt að minna á þáltill., sem samþ., var hér á Alþ. Í till. þeirri, sem hér liggur fyrir, er ekkert minnzt á þetta. En mér finnst einmitt eins konar stuðningur í því, að í annarri till. til þál., sem sami hv. flm. hefur komið fram með, er því haldið fram, að svona stofnun eigi að vera á heldur afskekktum stað. Ég á við till. hans um hæli fyrir áfengissjúklinga í Ólafsdal. (**JJ:** Þar er húsið til.) Það er bezt fyrir þetta vesalings fólk, sem þarf að vera undir læknishendi, að það sé afsíðis, eins og gert er ráð fyrir í till. þm. um Ólafsdal, og ég álít, að þessu svipi hvoru til annars, þótt ég geri hvorugt að játa eða neita, að Ólafsdalur sé vel til þessa fallinn. Ég hef bara viljað minna á þau rök, sem ég hef vakið athygli á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 27. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á deildafundum 19. febr. var útbýtt frá Sþ. nál. frá allshn., á þskj. 363, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

16. *Brýr á Álftaskálará og Vatnsdalsá.*

Á deildafundum 28. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um brýr á Álftaskálará og Vatnsdalsá (A. 57).

Á 23., 25., 26. og 27. fundi í Sþ., 19., 26., 27. og 28. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 5. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þegar við hér fyrir nokkrum árum fórum að hugsa um það að koma brúm á þær ár, sem þá voru óbrúaðar og þá voru nokkuð margar, — líklega einar sjö þá, sem voru það dýrar, að vonlaust var um það að fá til þeirra fjárveitingu frá Alþ. í einu lagi, — þá var komið á brúarsjóði á þann hátt, að safnað var í sjóð í fleiri ár fé af benzínskattinum. Þetta gekk nú ekki þrautalaust, en gekk þó. Því var þá haldið fram hér á þingi af sjálfstæðismönnum, að það næði engri átt að hafa ríkissjóð í „mörgum skúffum", þetta væri og ætti að vera ein skúffa allt saman, en ekki margar skúffur, þar sem ætlað væri úr einni skúffunni til þessarar framkvæmdarinnar og annarri til hinnar. Þó hafðist þetta fram, og það var lagt nokkuð af benzínskattinum til hliðar í sjóð, sem verja átti til brúargerða á stórárnar og ákveðið, að fyrsta brúin, sem byggð yrði, skyldi vera á Jökulsá á Fjöllum. Vegna þessa brúarsjóðs hefur verið byggð ein brú. En þegar séð var, að ein brú væri þannig komin, var sjóðurinn lagður niður. Og þó að hér á Alþ. væri lagt til að halda áfram að leggja í þennan sjóð, þá hreif það ekki. En strax og búið var að leggja þennan sjóð niður, var farið að safna í margar skúffur. Fyrst í tvær, aðra til þess að brúa Blöndu fyrir og úr hinni skúffunni til þess að brúa Jökulsá í Fljótsdal.

Það er gert ráð fyrir, að brúin á Blöndu muni kosta á aðra millj. kr., eða 1,4 til 1,6 millj. Það er víst, að þegar svo margar smáár eru óbrúaðar enn í landinu sem raun ber vitni, þá verður ekki hægt að fá fjárveitingu úr ríkissjóði á einu ári, er nægir til þess að brúa þessa stóru á, heldur mun líða langur tími þangað til nógu er safnað til þess. Það mun kosta töluvert á þriðju millj. kr. að brúa þá af stóránum, sem mest kostar að brúa, og þótt hæstv. Alþ. sé þegar búið að samþykkja að byggja þá brú, er enn ekki farið til þess og ekki veitt neitt fé enn til þeirra framkvæmda, enda þótt þessi sjóður sé kominn á stað til þess að byggja brúna á Blöndu fyrir og yfir Jökulsá í Fljótsdal. Á meðan þessir peningar liggja þarna í sérstökum skúffum, eru þeir ekki til neins annars en að geyma þá þar. Það fer hins vegar eftir vilja hæstv. Alþ. á hverjum tíma, hvað það veitir til smábrúa. En þegar aðstaðan er þannig, að þessir

sjóðir eru til á sérstökum stað, sem ekki verða notaðir nú þegar, en fyrir liggur knýjandi nauðsyn fyrir byggingu annarra smærri brúa í sama héraði og hér er um að ræða, í Húnaþingi, tel ég rétt að nota þennan sjóð til þess, og á það benti ég í fyrra við atkvgr. fjárl. Ég benti þá á, að nóg fé væri þarna til staðar til þess að brúa þessar tvær ár í Vatnsdalnum, og ætti slíkt ekkert að tefja fyrir byggingu Blöndubrúar, þegar þar að kæmi, því að þá mætti vera búið að láta í hennar skúffu aftur það, sem þessum brúm síðar verður ætlað. Það er áreiðanlegt, að þegar búið er að safna 1,6 millj. kr. í byggingarsjóð Blöndubrúar, þá verður búið að byggja þessar tvær brýr í Vatnsdalnum.

Það er þannig ástatt með þessar tvær brýr, sem ég vil í bili byggja fyrir það fé, sem ætlað er til Blöndubrúar, að í því héraði, sem þessar tvær ár liggja um, eru nú að hefjast mjólkurflutningar til Blönduóss, og er þá nauðsynlegt fyrir héraðið að fá þessar brýr, til þess að hægt sé að hringaka dalinn og koma þannig heim á hvern bæ til þess að taka mjólk, en að öðrum kosti verður að flytja hana frá bæjum austanvert í dalnum yfir ána, sem getur orðið ófær oft og einatt.

Ég ætla ekki að fara í neinn samanburð á þessum brúm. Það liggur ekki fyrir, því að ég geri ekki ráð fyrir, að þessar framkvæmdir, sem ég legg hér til, að gerðar verði, tefji neitt byggingu Blöndubrúar, því að það mun verða búið að leggja fé til þessara brúa, þegar að því kemur að byggja Blöndubrú. Það má segja, að bygging Blöndubrúar sé nauðsynleg að því leyti, að hún mundi tengja saman tvær sveitirnar, sem að henni liggja, og það mundi bæði verða betra og skemmtilegra fyrir alla þá, sem þar búa. Og síðar meir styttir hún þjóðleiðina milli Suður- og Norðurlands, en það verður ekki fyrr en vegurinn kemur um Reykjabraut og Svínadal. Það getur komið fyrir í einstaka tilfellum, að Blöndubrú sé nauðsynleg vegna flutninga að vetrinum, því að stundum leggur þannig snjó, að hægara er að aka upp Svínadalinn. En það er þó ekki nærri alltaf, að sú leið sé færari en Langadalsvegurinn, og ég er ekki viss um, að Húnvetningum þyki sér neinn greiði gerður með því, að það opinbera hætti snjómokstri á Langadalsbraut, þannig að þeir verði sjálfir að halda þeirri leið opinni að vetrinum, en það er þeim nauðsynlegt vegna mjólkurflutninga. Og þá býst ég við, að þeim þyki sér frekar hagur að því að hafa ferðirnar um Blönduós, en ekki, að áætlunarferðirnar fari þar fram hjá, eins og verður þegar brúin á Blöndu er komin og vegurinn um Reykjabraut. Þetta er ekki sagt af því, að ég telji Blöndubrú ónauðsynlega. Það er síður en svo. Og ég veit líka, að með sama framlagi til hennar áfram getum við búizt við, að hún komi eftir 6—10 ár, en löngu fyrir þann tíma verður veitt fé til þess að brúa árnar í Vatnsdalnum, þó að menn sjái sér ef til vill ekki fært að leggja það fram nú.

Þess vegna óska ég, að þessari þáltill. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjvn. og hún athugi, hvort hún sér sér það fært að veita til þess fé að byggja brýrnar í Vatnsdalnum í ár eða að samþykkja tillögu mína. Enn er ekki búið að áætla kostnaðinn við Vatnsdalsbrýrnar. Það er ekki búið að slá því föstu enn af vegamálastjóra, hvar þær eigi að vera eða hvort þær eigi að vera ein eða tvær. Verði ein brú aðeins, útilokar hún nokkra menn frá mjólkurflutningum og verður dýrari. Ég hef hér í þessari till. til þál. slegið föstu, hvar ég vil láta þær koma. Ég vil leggja það undir álit hv. fjvn., hvort hún vill leggja fram fé nú til þessara brúa eða taka af því fé, sem ætlað er til Blöndubrúar. Það er hægt að fara hvora leiðina sem er. Kannske treystir hv. fjvn. sér til þess að taka upp á fjárl. fé til þeirra, eða þá, að tekið verði það fé, sem ætlað er til Blöndubrúar, sem ætti ekki að þurfa að tefja neitt þær framkvæmdir, þegar þar að kemur.

Ég vil enn að endingu minna á, að með þeim breyttu framleiðsluháttum, sem nú eru að ryðja sér til rúms í Húnaþingi, þá er nauðsynlegt að fá þessar brýr nú þegar.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég býst við, að það gætu orðið langar umr. á þingi, ef rætt væri um það, hvort þessi brú eða hin er nauðsynleg í þessu og þessu héraði. Ég skal ekki fara langt út í umr. um þessa till. En það er mér sönn ánægja, ef svo er sem virðist vera eftir sumum ummælum hv. frsm., að hann hafi iðrazt eftir að hafa greitt atkv. gegn fjárveitingu til þessara brúa í Vatnsdalnum í fyrra, því að það var hér till. á þingi í fyrra um að heimila ríkisstj. að leggja fram 100 þús. kr. fjárveitingu til þess að byggja þessar brýr, en þá greiddi þessi hv. þm. og hans flokksmenn, að undanteknum hv. þm. S-Þ., atkv. á móti þeirri till., og því féll hún þá. Og þar að auki er þessi hv. þm. með frv. í Ed. um það að fella niður kafla af núverandi sýsluvegi í Húnaþingi.

Það er ekki til neins að tala um vilja eins eða annars á því nú, hvar brúin eigi að vera. Það er þegar búið að ákveða það ef vegamálastjóra. Það sýnir sig líka, að tilgangur hv. flm. með þessari till. er ekki annar en sá að rægja saman einstaka menn, með því að bera fram till. á víxl um brúargerðir í sama héraði.

Varðandi það að taka það fé, sem ætlað er til Blöndubrúar í Svínadal, þá tekur það náttúrlega ekki neinu tali, því að þessi brú á Blöndu hefur þegar verið ákveðin með samþykki Alþ., og er gert ráð fyrir að byrja á þeim framkvæmdum nú á næsta sumri, enda er það svo nauðsynlegt, að það má ekki dragast, meðal annars vegna þess, að það kostar ríkissjóð tugi þúsunda króna á hverjum vetri umfram það, sem þyrfti að vera, að halda opinni þessari leið gegnum Langadalinn, í stað þess að fara Svínvetningabrautina að vestan og svo norður yfir. Það er satt, að stytting á leiðinni kemur ekki til greina, fyrr en búið er að leggja Reykjabraut. Það getur tekið nokkur ár, en þá styttist leiðin um 15 km. Ég býst við, að sá vegur yrði ekki farinn nema að vetri til, en það er nauðsynlegt að fá þann veg, og Blöndubrúin er jafnnauðsynleg fyrir því.

Annars mætti koma með margvíslegar till., ef menn ætla sér, að hægt sé að færa á milli liða, það sem þegar hefur verið ákveðið í fjárl. Það mætti t. d. benda á það, ef hægt væri að taka upp slíka reglu, að taka það fé, sem ætlað er til Hvalfjarðarferjuvegar og kannske kemur aldrei til framkvæmda, og byggja fyrir það fé brú eða skóla, eða þá taka það fé, sem veitt væri til skólans í Skálholti, og byggja fyrir það brú á Þjórsá, og þá alveg eins að taka fé frá áburðarverksmiðjunni

og byggja fyrir það einhver önnur mannvirki. Að taka allt slíkt fé, sem þegar er ákveðið, og færa það á milli liða, tel ég ekki geta náð nokkurri átt, enda þótt um nauðsynleg mannvirki sé þar að ræða, eins og t. d. brýrnar í Vatnsdalnum. Eina leiðin í þessu máli er að fá fjárveitingu til þess að byggja þessar brýr. Enda er sannleikurinn sá, og það er út af fyrir sig mjög eðlilegt, að það sé ágreiningur um það hér á þingi, þegar rætt er um að fá fjárveitingu fyrir byggingu brúa, vegna þess að slíkar framkvæmdir eru ákaflega aðkallandi víðs vegar um landið og að mínu áliti látnar sitja á hakanum oft og tíðum og það miklu fremur en margar aðrar.

Ég mæli ekki á móti, að þessi þáltill. fari til hv. fjvn. Ég veit, að hún mun aldrei mæla með því að taka fé frá Blöndubrúnni eða öðrum framkvæmdum, sem þegar er búið að ákveða. Ég vona, að hv. fjvn. styðji það vel, að lagt verði fram fé á *næsta ári* til þess að byggja þær brýr, sem hér er um að ræða.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Út af ræðu hv. þm. A-Húnv. vil ég taka þetta fram: Í fyrsta lagi sagði hv. þm., að það hefði komið til orða að brúa Vatnsdalsá í einu lagi neðar, og að ég sé að leggja til að taka af einhvern þjóðvegakafla. Og í þriðja lagi væri búið að mæla fyrir brúnni, það hefði verið gert í sumar. Það er hvorki búið að ákveða að brúa Vatnsdalsá í einu né tvennu lagi. Það er ekki búið að taka neina ákvörðun um það. Ég talaði í fyrradag við Árna Pálsson verkfræðing um þetta, og sagði hann, að ekki væri búið að ákveða neitt um það enn. Og þessi 100 þús. kr. fjárveiting í fyrra, sem hv. þm. lagði til, að veitt yrði til að brúa Vatnsdalsá, var alveg út í loftið. Þá var ekki búið að mæla fyrir henni, og ekki minntist hann þar á Álftaskálará og hefur því víst ætlazt til, að brúin kæmi neðar á ána. Fyrst í sumar var mælt fyrir brúnum og nú er verið að gera áætlanir um þær. En ég held fast við þá skoðun, að það væri hægt að taka fé til þessara framkvæmda til láns úr skúffunni, sem fé er geymt í handa Blöndubrúnni, og maður getur verið viss um, að peningarnir koma í skúffuna aftur, þegar á þeim þarf að halda fyrir byggingu brúarinnar á Blöndu, því að þar sem gert er ráð fyrir, að sú brú kosti á aðra millj. kr., en nú mun vera í brúarsjóðnum um 450 þús. kr., þá þykir mér ekki líklegt, að fjvn. vilji leggja til, að hafizt verði handa í sumar um þá byggingu. Þess vegna vil ég benda á þessa leið, að fá peningana lánaða úr skúffu Blöndubrúar til byggingar hinna brúnna, ef ekki fæst fjárveiting til þeirra í ár.

Það er stundum hægt að fara Svínadalinn. Þó mun það ekki vera hægt nú. Það mun nú vera allmikill snjór á milli Sólheima og Svínavatns, eða um einn og hálfan km. Það er því ekkert leggjandi upp úr því út af fyrir sig. Það er svo misjafnt, hvernig snjóinn leggur. En ég hef bent á, að það geti haft þýðingu fyrir ferðirnar endrum og eins að geta farið þá leið.

En þegar hins vegar Svínavatnsbrautin kemur, kemst Langidalurinn úr umferð, og munu þá Langdælingar óska eftir því, að hæstv. Alþ. vilji stuðla að því, að mokað verði hjá sér, svo að þeir komi frá sér mjólkinni.

Ég hef aldrei dregið í efa nauðsyn fyrir brú á Blöndu, og er ég þar sammála hv. þm. A-Húnv. En hitt er ég ósammála honum um, að á meðan peningarnir eru ekki notaðir, heldur aðeins geymdir í skúffunni, sé ekki miklu réttara að fá þá lánaða til þessara framkvæmda, en sjá um, að það verði þó ekki til þess að tefja neitt byggingu brúar yfir Blöndu.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki eyða löngum tíma til þess að ræða þetta mál hér, það er ákaflega þýðingarlaust. Það verður aldrei ákveðið með þáltill., hvorki þeirri, sem nú er til umr., né annarri, hvernig þessar brýr verða byggðar. Það þarf að ákveðast með fjárl. Svo er hitt aðalatriðið, að búið er að ákveða að byggja brúna yfir Blöndu og veita fé til þess. Og eftir því, sem maður frekast gerir ráð fyrir, verður byrjað á því verki í sumar, því að búast má við, að það taki fleiri en eitt sumar að byggja hana.

Eins og ég tók fram áður, var rætt um að byggja Vatnsdalsbrúna í einu lagi neðar í dalnum, en nú er búið að ákveða að byggja þær fram frá, eins og hv. þm. talar um í till. sinni. En allt þetta þvaður hans er af því, að hann veit, að flokksmenn hans í Vatnsdalnum voru ekki hrifnir af því, að flokksmenn þeirra á þingi voru á móti því að leggja nokkurn eyri í þetta mannvirki, og hv. flm. ætlar að friða huga þeirra með því að flytja þetta í þáltill. Það er eðlilegt, að Vatnsdælingar leggi kapp á að fá þessa brú. Hún er nauðsynleg, og þarf að byggja hana eins fljótt og hægt er, en ekki fyrir fé, sem ákveðið er til annarra framkvæmda, heldur með framlagi beint úr ríkissjóði.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég held, að hv. þm. A-Húnv. sé alls ekki ljóst, hvað hann er að segja viðvíkjandi breytingunni á vegalagningunni, sem hann talaði um. Hvernig hljóðar gr. nú? Leiðin liggur yfir Vatnsdalsá á brú. (**JPálm:** Yfir að Ásbrekku). Nei, það er alls ekki búið að ákveða, hvar sú brú eigi að vera. Vegamálastjóri athugaði mælingar í sumar, hvort hún á að vera framfrá eða útfrá, og fyrst þegar hann er búinn að athuga þær mælingar, tekur hann ákvörðun um það, á hvorum staðnum brúin verði. Hv. þm. A-Húnv. veit þetta. Mín till. um veginn slær aðeins föstu, að þó að brúin komi utar, skuli þó þjóðvegur alltaf liggja að Ásbrekku.

Það er langt frá því, að ég hafi samvizkubit út af því, hvernig ég greiddi atkv. í fyrra um þetta mál. Hitt get ég vel skilið, að hv. þm. A-Húnv. hálfgremjist, að hann skyldi ekki reyna að nota það ráð, sem ég gaf við atkvgr. í fyrra, að þar sem ekki væri búið að gera neinar áætlanir um þessar brýr í Vatnsdalnum, væri varla hægt að veita fé af fjárl. til framkvæmda, en hins vegar væri hægt að taka fé til láns í bili, sem ætlað væri til brúar á Blöndu. Ég veit, að það hefði verið unnt í sumar að fá fé úr Blöndubrúarsjóði til að byggja þessar brýr, og þá hefðu þessar brýr verið komnar á núna. Það þarf þess vegna ekki að verða til þess að tefja fyrir Blöndubrú, ef Alþ. vill veita þetta fé. Það eru 1.6 millj. kr., sem til þess þarf, að hægt sé að byrja á Blöndubrú, og ætti að verða hægt að endurgreiða þetta fé, sem þessar brýr kosta, áður en sú upphæð er komin í sjóðinn, er þarf til að brúa Blöndu.

Jón Pálmason: Ég vil aðeins segja það, að það verður byrjað á Blöndubrú svo fljótt sem fé er fyrir hendi. En út af því, sem þessi þm. (PZ) hefur lagt til viðvíkjandi Vatnsdalnum, vil ég segja það, að þetta er ekki nema kattarþvottur fyrir hann og hans flokk út af þeirra fyrri till. í þessu máli, þar sem þeir snerust gegn því nauðsynjamáli, sem brúarbyggingin er.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

17. Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum.

Á 17. fundi í Sþ., 30. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um fávitahælið á Kleppjárnsreykjum (A. 68).

Á 25., 26. og 27. fundi í Sþ., 26. 27. og 28. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Sþ., 5. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta er gamalt mál hér á þingi. Fyrir allmörgum árum beitti frú Guðrún heitin Lárusdóttir sér fyrir umr. og löggjöf í þessu efni, en það er ekki komið lengra en það, að enn er ekki til nema lítið hæli fyrir eitthvað 20 fávita, en þessir vesalingar eru eitthvað yfir 200 hér á landi. Nú þarf ekki langa ræðu um það, að þar, sem fáviti er á heimili, sem ekki er hægt að koma á hæli, er líf hans kross fyrir aðstandendur hans, og veit ég, að enginn, sem til þekkir, muni efast um, að svo sé. Nú hefur komið til mála að koma upp slíku hæli hér nálægt Reykjavík og hefur því verið borið við af sumum, að erfitt væri að fá fólk til að starfa utan Reykjavíkur, en bæði er dýrara að byggja hér hjá Reykjavík og að mörgu leyti óheppilegt að annast þessa sjúklinga hér í Reykjavík eða rétt hjá bænum. Á Kleppjárnsreykjum er mikið og gott land og jarðhiti, og er vel til fallið að byggja þar hæli fyrir fávita. Ég óska svo, að þessari till. verði vísað til fjvn. og svo til stj., til þess að málið fái afgreiðslu og að innan tiltölulega skamms tíma verði hægt að veita þeim fávitum hælisvist, sem þess þurfa.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er fátt, sem er nauðsynlegra í heilbrigðismálum þjóðarinnar en að koma upp fávitahæli, og býst ég við, að flestir séu sammála um það. Nú er á fjárlfrv. eftir minni till. nokkur fjárveiting í þessu skyni á næsta ári, og meiningin er sú, að hafizt sé handa á næsta ári um byggingu hælis. Ekki er enn ákveðið, hvar þetta hæli skuli byggja, en aðallega koma til greina tveir staðir. Annar er sá, sem minnzt er á í þáltill. þeirri, sem hér er til umr., en hinn staðurinn, sem til greina kemur, er Kópavogur. Nú geta komið til greina fleiri staðir, en það fyrsta, sem til greina kemur, er það, að dýrt er að koma upp fávitahæli. Það þarf að vera í nokkrum deildum, því að það þarf að skipta sjúklingunum eftir kynjum og aldri, það þarf aðstöðu fyrir starfsfólkið og sameiginlegan stað fyrir hin sameiginlegu verk. Æskilegast væri, að hægt væri að byggja fávitahælið þannig, að það væru mörg smá hús utan um eitt stórt hús, sem væri miðstöð alls. Nú er í Kópavogi allmikið hús, sem bráðlega væri hægt að fá til þess að vera sem uppistaða í slíku hæli, og væri þá hægt að spara stórkostlega mikinn stofnkostnað með því að byggja utan um það. Þetta hefur verið mjög til athugunar, en því hefur ekki verið slegið föstu. Það hefur ýmsa kosti að hafa hælið þarna, en líka marga annmarka. Sama má segja um Kleppjárnsreyki. Sá staður hefur einnig marga kosti, en líka annmarka. Þar er líka hús, en miklu minna en í Kópavogi, svo að það er líklegt, að þar yrði meiri stofnkostnaður. En áður en n. segir sína skoðun, vildi ég gjarna eiga tal við hana ásamt þeim, sem hafa áhuga á þessu máli, því að það er ætlun okkar í ráðuneytinu, að þessir möguleikar báðir séu athugaðir, áður en tekin er ákvörðun um þetta.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

18. Uppeldisheimili.

Á deildafundum 31. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um uppeldisheimili (A. 71).

Á 25. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Katrín Thoroddsen): Herra forseti. Að till. þessari til þál. standa 5 þm., meðlimir í heilbr.- og félmn. hv. Nd., og var n. öll einhuga um að flytja þessa till. Á síðasta Alþ. kom fram, einnig frá sömu n. eða mönnum úr sömu n., mjög áþekk till., og kom hún seint fram og varð ekki afgr. En orsökin til þess, að hún kom svo seint fram, var sú, að það var ekki ástæða til þess að bera hana fram fyrr en l. um vernd barna og unglinga voru samþ., en það var snemma í apríl s. l., að mig minnir. Í þeim l. var svo ákveðið, að ríkið skuli setja á stofn tvær stofnanir, annars vegar fyrir börn, sem andlega eru miður sín, og uppeldisheimili fyrir börn og unglinga, sem eru á glapstigum siðferðislega. Í hinum nýju barnaverndarl., sem samþ. voru, er talað um, að þessar stofnanir skuli reistar, þegar fé sé veitt til þess á fjárl., og var okkur ljóst, sem flytjum þessa þáltill., að stofn-

un, sem taka á þessi börn, þarf mikils undirbúnings áður en hún er reist, og þarf því að hefja þann undirbúning nú þegar. Auk þess er mikil nauðsyn á, að stofnunin komist upp til þess að hægt sé að segja fyrir um, hvernig með hvert barn skuli fara.

Það tekur langan tíma að koma þessari stofnun á fót, líklega ekki minna en 3—5 ár, og okkur er ljóst, að hún þarf rækilegs undirbúnings, bæði með stofnsetningu og fyrirkomulag, sömuleiðis með starfsfólk. Við teljum því mikla nauðsyn á því, að sem fyrst sé hafinn undirbúningur að því að koma upp þessari stofnun, og því flytjum við þessa till.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta langt mál. Það var gert á síðasta þ., og það er svo skammt síðan, að ég sé ekki ástæðu til að taka það upp aftur. Aðeins vil ég geta þess, að mér þótti leitt að sjá þessa ekki getið með einum staf í fjárlfrv., en það verður athugað á sínum tíma. — Ég vænti, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, — allshn. þætti mér heppilegast — sýni því fullan skilning og eins að þ. sæi sér fært að samþ. till. og stj. að framkvæma hana.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 27. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 30 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

19. Fæðingardeildin í Reykjavík.

Á deildafundum 4. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um fæðingardeildina í Reykjavík (A. 76).

Á 23. fundi í Sþ., 19. nóv., var till. tekin til fyrri umr. (A. 76, 115).

Flm. (Jónas Jónsson): Ég býst við, að það verði ekki miklar umr. um þessa till., hún er svo sjálfsögð. Eins og tekið er fram í grg., er nú lokið við fyrir nokkru stórhýsi, sem landið og Reykjavíkurbær hefur byggt, fæðingardeildina á landsspítalalóðinni, og þessi stofnun er svo nauðsynleg, að mér er sagt, að það komi fyrir nú suma daga, að það sé beðið um plass á landsspítalanum fyrir 7 konur, en ekki sé hægt að taka neina þeirra. Nú stendur þannig á, að það mun vanta eitthvað lítils háttar af gjaldeyri til þess að fullgera þetta hús, það vanti húsbúnað og lyftu, sem ekki er til. En það er hverfandi lítið, sem þarf til þess að gera húsið nothæft, og á því er svo mikil nauðsyn, að heilbrigðisstjórnin verður heldur að setja bráðabirgðahúsbúnað í húsið, ef ekki fengist varanlegt og gott efni, heldur en að láta það vera ónotað. — Nú mun hafa staðið nokkuð í stappi milli þeirra, sem með þetta eiga að fara, um það, hvort eigi að hafa sérstakan forstöðumann við fæðingardeildina eða hvort hún eigi að heyra undir landsspítalann. Mér fannst rétt, að reynt yrði að skera úr þessu, og lagði því til, að deildin heyrði undir landsspítalann. Það má segja, að það sé ekki stórt atriði, hvort deildin heyrir beint undir heilbrigðisstjórnina eða undir prófessorinn í skurðlækningum við landsspítalann. Það hefur komið fram hjá einum þm. brtt. um þetta, og hef ég ekkert um það að segja. Aðalatriðið er, að till. verði samþ., annaðhvort eins og hún er orðuð frá mér eða með brtt.

Ég vildi svo óska eftir því, að hæstv. heilbrmrh. segði nokkur orð um það, hver er afstaða stj. í þessum efnum og hvort þetta er ekki svo sjálfsagt mál, að leggja beri áherzlu á að koma þessu í framkvæmd. — Ég vildi svo skjóta því til hæstv. forseta, hvort ástæða er til að vísa þessu máli til n., en ef það fer til n., þá vil ég óska, að það verði afgr. fljótt, því að það er til minnkunar fyrir alla, fyrir landsspítalann, þingið og þjóðina, að hafa þetta eins og það er.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er rétt, að fæðingardeildin hefur verið nokkuð lengi í byggingu, eins og ýmis önnur hús í þessum bæ og þessu landi. Eftir að ég tók við starfi heilbrmrh., fékk ég skýrslu frá stjórn ríkisspítalanna um það, hvernig þetta mál stóð, og gerði ég það með það fyrir augum að koma rekstrinum af stað sem allra fyrst. Mér var þá gefin skýrsla um það, að það vantaði innbú í húsið og enn fremur þýðingarmikla hluti í sambandi við sjálfa bygginguna, og enn fremur var mér skýrt frá því, að sumpart væru fengin fyrir þessu innflutningsleyfi, en yfirfærslur væru ekki fyrir hendi, og sumpart væru ekki fengin innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Þessu næst átti ég tal við landlækni og húsameistaraskrifstofuna um það, að þessar stofnanir ýttu á eftir þessu máli með leyfisveitingar og yfirfærslur, og lagði ég áherzlu á, að þessir aðilar fylgdu þessu fast eftir við viðkomandi stofnun, en þetta allt með þeim hörmulega árangri, að ekki er búið að fá yfirfært, þrátt fyrir eftirgangsmuni, allar þær fjárhæðir, sem nauðsynlegar eru til þess, að þetta nytsemdarfyrirtæki komist í framkvæmd. Það hefur verið gerð hver hríðin eftir aðra í þessu, og nú síðast fyrir nokkru hefur heldur losnað um, þannig að skriður er nú loks kominn á þetta, þannig að það má gera sér vonir um, að gjaldeyrisörðugleikunum sé úr vegi hrundið, en þó hefur þetta nú allt saman orðið til þess að tefja framkvæmd málsins um langan tíma. En það er áreiðanlega víst, að ríkisstj. leggur á það áherzlu, að þessi rekstur fari af stað svo fljótt sem nokkrir möguleikar leyfa. Hins vegar hafa menn skirrzt við að gera í þessum efnum bráðabirgðaráðstafanir, sem gætu verið kostnaðarsamar, en aðeins að gagni til bráðabirgða, í þeirri von, að málinu yrði að fullu kippt í lag. Nú vil ég fyrir mitt leyti taka það fram, að ég tel þessa þáltill. algerlega óþarfa. Það er fullvíst, að það verður gert í þessu allt, sem unnt er, til þess að flýta þessu. En ef þingið er í einhverjum vafa um, að það verði gert, þá vil ég leggja til, að þessari till. verði vísað til n., og fari fram í þeirri n. athugun á því,

hvernig þetta mál stendur og hvort ástæða er fyrir þingið að gera um það ályktun. Ég geri það því að minni uppástungu, að málið fari til allshn. Það hefur engin áhrif á gang málsins, hvort þetta er samþ. í dag eða síðar, það verður gert allt í þessu, sem unnt er, hvort sem er. Þess gerist ekki heldur þörf að bera fram till. um það, undir hvers yfirstjórn þetta skuli vera, nema því aðeins að breytt yrði til frá því, sem nú er. En beinast liggur við, að fæðingardeildin sé undir yfirstjórn yfirlæknis handlæknisdeildar landsspítalans eins og fæðingardeildin hefur verið, og hefur ekki verið gerð nein ákvörðun um að breyta því, og mér hefur skilizt, að landlæknir leggi til, að því verði þannig fyrir komið. En það verður vitanlega afráðið mjög fljótlega. — Ég hef svo ekki meira við þetta að bæta, en styð þá till., að málinu verði vísað til nefndar.

Katrín Thoroddsen: Herra forseti. Á þskj. 115 á ég brtt. við þáltill. þá, sem hér er til umr. Ástæðan til þess, að ég flyt þessa brtt., er sú, að ég tel mér ekki fært að greiða málinu atkv. eins og það liggur fyrir, en er þó fyllilega samþykk þeim ákvæðum till., er lúta að því, að ríkisstj. verði falið að láta fæðingardeildina taka til starfa hið allra fyrsta. Það er niðurlag till., sem ég get engan veginn fallizt á og legg því til, að orðin „undir yfirstjórn forstöðumanns handlæknisdeildar landsspítalans" falli niður. Ég þykist mega ráða í það, að þetta orðalag sé sprottið af ókunnugleik eða misskilningi hv. flm., sem auðheyrilega er annt um, að deildin taki til starfa sem fyrst, ella hefði hann ekki tengt það því skilyrði, að forstöðumaður handlæknisdeildarinnar verði endilega forstöðumaður fæðingardeildarinnar. Það er varhugavert af Alþ. að ætla sér að tryggja hag stofnunarinnar með því skilyrði. Það gæti orðið til þess að tefja fyrir því, að hún taki til starfa, því að ef hlutaðeigandi yfirlæknir neitaði að taka við svo miklum starfa, sem á hann hefði verið lagður að honum forspurðum, þá er till. orðin marklaus og skilyrðið til þess eins að tefja framgang málsins.

En ókunnugleiki flm. kemur ekki aðeins fram í þessu eina atriði. Hann minntist á, að það vantaði lyftu í húsið, en það vantar bara margt fleira. Rúm eru að vísu tilbúin, en margt vantar, sem hægt er að útvega og hæstv. heilbrmrh. hefur lofað, að komi sem fyrst, svo sem húsgögn, búsáhöld, lín, hreinsunartæki og læknisáhöld.

Auðvitað hefði átt að vera búið að velja forstöðumann fæðingardeildarinnar, þegar hún var reist, svo að hann hefði getað verið með í ráðum um fyrirkomulag hennar og útbúnað allan. Þá hefði verið betur á öllu haldið, ef slíkur maður hefði haft aðgang að hlutunum og getað rekið á eftir. Þá hefði það verið sjálfsagður hlutur að skipa forstöðumann svo tímanlega, að hann hefði einnig getað haft tíma til að fara utan til að kynnast nýjungum í sérgrein sinni, en þetta hefur verið vanrækt. Ekki er það þó vegna þess, að heilbrigðisstjórninni hafi ekki verið gert aðvart um nauðsyn slíks, þó að hún hefði auðvitað átt að gera það ótilkvödd. Guðmundur Thoroddsen yfirlæknir skrifaði stjórnarnefnd ríkisspítalanna bréf, er verið var að grafa fyrir grunni fæðingardeildarinnar, og gerði þar þær till. um læknafjölda við hana, að auk yfirlæknis yrði ráðinn fastur aðstoðarlæknir og tveir kandídatar, því að ekki er hægt að ætlast til, að einn kandídat vinni í 24 tíma á sólarhring, þarna þarf læknir ætíð að vera viðlátinn. Þetta bréf, sem ég nefndi, var sent í apríl 1945, og því hefur ekki verið sinnt á neinn hátt enn þá. Ég býst við, að sumum vaxi í augum læknafjöldinn, og það er eðlilegt, að þeim vaxi hann í augum, sem álíta, að fullséð sé fyrir læknaþörf hinnar nýju fæðingardeildar með ígripavinnu frá annarri stofnun í öðru húsi. En þeir, sem þannig hugsa, gera það af algerum ókunnugleika um þau störf, sem hér um ræðir og vinna á í fæðingardeildinni. Gert er ráð fyrir, að þar verði 1000 til 1200 fæðingar á ári, en auk þess konur, sem eru sjúkar um meðgöngutímann, en hafa ekki haft neitt athvarf fram að þessu, enn fremur konur með hafnarlos og ýmsa kvensjúkdóma, og loks fer þarna fram skoðun á þeim konum, sem þangað eru komnar, og hinum, sem ætla að komast þangað. „Líkn" hefur hingað til haft veg og vanda af slíkri skoðun og haft opið tvisvar í viku í því skyni, eina klukkustund í hvert skipti, en það er allt of lítið, og þarf að ætla slíkri skoðun 1—2 klukkustundir á dag í hinni nýju fæðingarstofnun, því að auk skoðunar fyrir fæðingu þarf að skoða konurnar áður en þær yfirgefa fæðingardeildina, og loks þarf að skoða þær einum, tveimur til þremur mánuðum eftir að þær eru farnar þaðan.

Þegar alls þessa er gætt, nær það engri átt, að yfirlæknisstarfið við þessa stofnun sé neitt íhlaupastarf, og tel ég því fráleitt að fallast á niðurlag till. Mér þótti gott að heyra, að hv. flm. gerði sig ánægðan með brtt. mína, og ég vona, að hann greiði henni atkv. Það er óviðfelldið að samþ. þessa þáltill. eins og hún liggur fyrir, það er óviðfelldið, að Alþ. samþ. ályktun, sem beinlínis miðar að því að skikka ákveðinn mann í ábyrgðarmikilli og umfangsmikilli stöðu til að taka að sér mjög ábyrgðarmikið aukastarf, sem með öllu er ósamrímanlegt því aðalstarfi, sem hann hefur fyrir, og hefur hann sagt mér, að hann mundi segja af sér störfum, ef til kæmi, að skikka ætti hann í eitt starfið í viðbót. Hann er þegar bæði prófessor og yfirlæknir, og er hvort það starf fyrir sig talið fullnóg fyrir einn mann, en verður samt ekki aðskilið hér, og með góðum vilja má létta undir erfið skilyrði. Og vinnuskilyrði prófessorsins eru mjög erfið og slæm. Upphaflega var handlækningadeildin ætluð fyrir 40 sjúklinga, en þar liggja nú aldrei færri en 60. Þó komast ekki nærri allir að, sem biðja um pláss, og stöðugt liggur fyrir stafli af inntökubeiðnum, og því fylgir aftur stöðugt nudd og suð lækna og aðstandenda þeirra, sem bíða eftir sjúkrahúsvistinni. Allir þurfa þeir persónulega að tala sínu máli við yfirlæknirinn, og sumir oft á dag, unz þeir hafa haft sitt mál fram. Auk þessa er komið með öll slys, smá og stór, sem verða í Rvík og nágrenni bæjarins, og í öllu þessu verður yfirlæknirinn að standa og bera ábyrgð á því alla daga vikunnar, virka og óvirka, nótt og dag, og þó að hann hafi aðstoðarlækni, er það ekki nægilegt, hann verður að vinna miklu meira en við hliðstæðar erlendar stofnanir og hefur engan tíma til vísindaiðkana og því síður til að sinna hugðarefnum sínum. Auk þessa þarf Guðmundur Thoroddsen að inna af hendi hina almennu kennslu við læknadeild háskólans, kenna við ljósmæðraskólann og veita honum forstöðu og veita forstöðu

hinni litlu fæðingardeild í landsspítalanum. Það þekkist hvergi í heiminum nema hér, að sami maðurinn skipti sér þannig á milli tveggja jafnólíkra greina og handlækninga og kvensjúkdóma og fæðingarhjálpar í starfi og kennslu. Það er ekki ætlazt til þess, að neinn sé svo fær, að hann inni hvort tveggja af hendi, svo að hvorugt líði við það, gangi þannig tvískiptur að verki. Ástæðan til þess, að litla fæðingardeildin fylgdi handlækningadeildinni í upphafi, var sú, að þegar spítalinn var stofnaður, var allt þar svo ómyndarlegt að fyrirkomulagi og deildin lítil. Þar var aðeins talið rúm fyrir 12 konur, þó að venjulega hafi verið þrengt þar inn 19 konum í einu, og af þessum sökum var ekki talið gerlegt að hafa sérstakan yfirlækni fæðingardeildarinnar. Nú er þetta gerbreytt. Þetta gat gengið á meðan konurnar voru fáar og í sama húsi, að hafa sama yfirlækni fyrir báðar deildirnar, handlækningadeild og fæðingardeild, en það getur ekki gengið, þegar hlaupa þarf á milli húsa og sinna sjúklingum, enda verður nýja fæðingardeildin margfalt fjölmennari en sú gamla, og þar verður alltaf að vera læknir til taks og sérstakur yfirlæknir. Það skaðar ekki að minna heilbrigðisyfirvöldin á, að Guðmundur Thoroddsen prófessor á aðeins eftir fjögur ár, þar til hann lætur af störfum, og ég tel mjög vafasamt, að hann gegni lengur embætti en hann nauðsynlega þarf, og mér er enn fremur kunnugt um, að frá þeirra hendi, sem ættu um slíkt að tala, hefur hann ekki verið beðinn um að taka að sér það starf, sem á að fá honum með niðurlagi þessarar till., en hitt má ég fullyrða, að hann muni ekki láta skikka sig á milli stofnana.

Ég hef nú orðið nokkuð langorð um þetta mál, sökum þess að mér er ekki grunlaust um, að ókunnugleika gæti þar hjá fleiri en hv. flm. Ég mundi fylgja því, að það færi í nefnd, ef till. kæmi fram um það, en allar upplýsingar er einnig hægt að fá hjá læknadeild háskólans og yfirlækni núverandi fæðingardeildar.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég held, að það hafi ekki verið vanþörf á að hreyfa þessu máli hér, m. a. hefur komið fram mikill skoðanamunur á milli hæstv. menntmrh. og hv. 2. landsk. (KTh), en hæstv. menntmrh. á sinn drjúga þátt í því, að svo hörmulega hefur tekizt til, að þessu máli hefur enn eigi verið ráðið til lykta á viðeigandi hátt, og því mætti hv. 2. landsk. vera mér þakklát fyrir að hreyfa þessu máli. **(KTh:** Ég er það.)

Varðandi hæstv. menntmrh. þá hefur hann nú haft þetta mál til meðferðar í 8—9 mánuði, og ætti því að vera farið að draga að fæðingu, og ætti hann nú að gefa hv. d. upplýsingar um, hve mikið fé það er, sem ekki hefur fengizt yfirfært vegna fæðingardeildarinnar. Hv. þm. Barð. gat þess, að nýlega hefðu verið fluttir inn 100 bílar fyrir dollara, og virðist ekki hafa vantað gjaldeyri til þess innflutnings, þó að ekki sé til gjaldeyrir handa fæðingardeildinni. Ég vil segja það, að náttúrlega er lítill gjaldeyrir til, en í því sambandi vil ég minna á það, að í Landsbankann hefur enn þá ekki komið eyrir af dollurum í sambandi við flugvöllinn, en flugvöllurinn í Keflavík á að gefa 10 millj. kr. á ári í dollurum, í fyrsta lagi fyrir lendingar flugvéla, í öðru lagi fyrir kaup íslenzkra manna, er þar vinna, og í þriðja lagi fyrir íslenzk matvæli. Þessum dollurum er að miklu eytt í eftirlitslaust ferðaflakk með amerískum vélum. Hæstv. ráðh. ætti að athuga, að stj. lofaði þessum peningum. Hér er ekki um lítinn gjaldeyri að ræða, og þessi mál heyra undir hann, og ef hann skortir gjaldeyri, þá vil ég benda honum á það úrræði að stöðva þetta ferðaflakk.

Hæstv. ráðh. gaf í skyn, að óþarft væri að ræða þetta mál mikið hér, en ég tel tíma þingsins betur varið til þess en í umr. um sum önnur mál, sem tekið hafa viku af þingtímanum hvert, eins og t. d. umr. um flugvöllinn og ölið, hvort tveggja þýðingarlaus mál, og er eitthvað skemmtilegra að taka mál hér til meðferðar, sem hafa gildi fyrir alla þjóðina, í stað orðavaðals um gersamlega þýðingarlaus mál. Það, að ráðh. hefur legið á þessu máli í 8—9 mánuði, er óhafandi og til minnkunar fyrir hann og landlækni og að líkindum fyrir einhverja prófessora landsspítalans. Þessa till. mína ætti að samþ. hér orðalaust til þess að sýna, svo að ekki verði um villzt, að hvorki ráðherra, landlækni né prófessorum líðist lengur að fara með þetta mál eins og þeir hafa gert.

Þá vík ég að brtt. Það er síður en svo af vantrausti á Guðmundi Thoroddsen, að gert er ráð fyrir í till. minni, að hann verði forstöðumaður deildarinnar, enda væri ekki gott að koma því saman, og það er óþarfi af hv. 2. landsk. (KTh) að bregða mér um ósanngirni við hann eða önnur ættmenni hennar við landsspítalann, en fyrst hún gefur tilefni til, má rifja upp sögu landsspítalans. Á fyrstu þingum Jóns Sigurðssonar vildi hann koma á spítala í Rvík, en þáverandi landlæknir var á móti því og taldi þess ekki þörf, bærinn væri lítill og þurrabúðarmenn gætu bara legið heima, þegar þeir væru veikir. Síðan var ekkert gert í málinu af hálfu Íslendinga um langa stund, en kaþólskir byggðu spítala í Landakoti. Læknastéttin virðist ekki hafa haft neinar framkvæmdir í málinu, en er konur fengu kosningarrétt, tóku þær, í minningu um þessa réttarbót sína, að safna fé til landsspítalans með miklum dugnaði, og þegar fyrsta konan situr á Alþingi 1923, Ingibjörg H. Bjarnason, flytur hún frv. um landsspítala, sem flokksmenn hennar stöðva, af því að þeim þykir of dýrt að leggja í þessa framkvæmd. En þá tekst samstarf milli mín og hennar á nýjum grundvelli, að byggður sé einn þriðji hluti þess spítala, sem hún hafði upphaflega hugsað sér, og bænum gert að skyldu að leggja honum til heitt vatn frá laugunum. Læknar gerðu ekkert, og allt var áður í glundroða og vesaldómi og eini spítalinn timburhjallurinn hjá þeim kaþólsku. Þá var það, að þó að ekki væri alltaf gott samkomulag milli okkar Ingibjargar Bjarnason, að ég sagði við hana: Hvernig væri, að við tækjum höndum saman um að koma þessu máli fram? — Og það gerðum við, og svo komst málið fram. Þetta er þá saga þessa máls. Konur hér í bænum fengu mikil samskot, sem þær lögðu fram, en bærinn gerði ekki neitt. Nokkru seinna fékkst svo peningalán í öðru landi. Ég tel, að þessi hv. læknir, sem talaði hér áðan, hafi ekki fært fram nein rök. Það þýðir ekkert fyrir einn lækni að koma hér og segja okkur þetta og þetta. Nei, nú á að fara að eins og við Ingibjörg Bjarnason fórum að á sínum tíma, í stað þess að láta húsið bíða vegna þess, að rifizt er um, hvort þessi læknir eða hinn eigi að vera forstöðumaður fæðingardeildarinnar.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Það, sem komið hefur fram í þessu máli varðandi forstöðuna, þá vil ég taka það fram, að mér hefur aldrei getað skilizt það á þeim mönnum, sem ég hef krafið upplýsingar, að það hafi staðið á fæðingardeildinni vegna rifrildis um forstöðuna, heldur vegna þess, að staðið hefur á gjaldeyri og yfirfærslum á efni til byggingarinnar. — Annars er rétt að athuga allar skoðanir, sem koma fram í málinu.

Hv. þm. S-Þ. var að minnast á bíla í þessu sambandi. Þessir bílar, sem nú eru að koma, eru hér af völdum fyrri gjaldeyrisyfirvalda og eru því ekki sök núverandi gjaldeyrisyfirvalda. Annars hygg ég, að full ástæða væri til að fara fyllilegar út í það mál. En það er harla einkennilegt að halda því fram hér, að það sé minnkun fyrir mig og landlækni, hvernig þannig hafi verið haldið á gjaldeyrinum. Það er engin minnkun fyrir mig, það er minnkun þeirra, sem sóuðu gjaldeyrinum þannig, og menn eiga kröfu á að fá að vita, hvernig á málunum hefur verið haldið, og það mun verða gert. Ég tók það fram áður, að það hefur engin áhrif á málið, hvort þessi till. verður samþ. Við munum gera allt, sem við getum, til þess að hrinda þessu í framkvæmd. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en óska að lokum, að málinu verði vísað til nefndar.

Katrín Thoroddsen: Aðeins örfá orð. Mér finnst það hefði átt að vera sjálfsagður hlutur, að læknirinn, sem þarna átti að starfa, hefði haft hönd í bagga með öllu fyrirkomulagi fæðingardeildarinnar, og hvað viðvíkur ræðu hv. þm. S-Þ., þá vil ég árétta þá skoðun mína, að yfirlæknisstaðan við fæðingardeildina sé engin fígúrustaða. Annars ætla ég ekki að ræða mikið það, sem hv. þm. sagði um Guðmund Thoroddsen, en vil aðeins segja það, að það kemur ekki oft fyrir og sennilega ekki framar, að menn taki sérgrein bæði í handlækningum og fæðingum. Þess vegna minnti ég líka á, að það eru ekki nema 4 ár þar til hann lætur af störfum. Annars sé ég ekki ástæðu til að taka neitt aftur af því, sem ég sagði. —

Ég held svo, að það hafi ekki verið fleira, sem ég vildi segja. Ég get þó samsinnt hv. þm. S-Þ. í því, að Reykjavíkurbær hafi brugðizt skyldu sinni í þessu máli, en það er ekki sök læknanna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 20. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 115 tekin aftur til síðari umr.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Sþ., 19. marz, var útbýtt nál. frá allshn., á þskj. 564, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

20. Skálholtsstaður.

Á deildafundum 4. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um nefnd til að undirbúa verndun Skálholtsstaðar og stýra framkvæmdum við endurreisn staðarins (A. 77).

Á 23. fundi í Sþ., 19. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25., 26. og 27. fundi í Sþ., 26., 27. og 28. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 5. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Það þarf ekki að skýra þetta mál mjög ýtarlega, vegna þess að öllum er kunnugt um, að síðan Skálholt lagðist niður sem biskupssetur og skólasetur fyrir hálfri annarri öld, hefur mannfélagið ekkert gert til þess að sýna þessum stað sóma. Þetta er óþolandi, vegna þess að nú með auknum samgöngum kemur fjöldi manna á þennan stað og sér þá vanrækslu, sem hann er í. Ég segi, að mannfélagið hafi vanrækt þennan stað, en ekki þeir bændur, sem hafa búið þar. Þeir hafa setið staðinn eins vel og unnt er fyrir einstaklinga að sitja hann og sérstaklega sá, sem hefur verið þar nú síðast, sem hefur gert þar miklar jarðabætur miðað við, að það er einn maður, sem gerir þær, en ef hlynna á að Skálholtsstað eins og með þarf, má það ekki miðast við, að einn maður geri það. — Till., sem kom fram um skóla í Skálholti, snertir ekki þetta, og þar að auki er hann hugsaður nokkra km frá Skálholti, svo að það rekur sig ekki á. Nú er þetta þannig, að þetta er kirkjunnar staður og menntasetur og þetta verður ekki reist við á stuttum tíma. Það hefur þurft 20 ár til þess að rétta Reykholt við, og þurfti til þess mikið fé. Ég vil taka sem dæmi um það, hvað það kostar að reisa svona stað við, að það var fyrst í sumar fyrir Snorrahátíðina, sem lögð var vatnsleiðsla til þess að tryggja staðnum nægilegt vatn. Þetta kostaði mikið fé, og það er það, sem með þarf.

Ég legg þess vegna til, að skipuð sé n. manna, sem hafi áhuga fyrir þessu máli, til þess að undirbúa nauðsynlegar umbætur á staðnum, og að í þeirri n. eigi sæti biskup landsins, búnaðarmálastjóri, húsameistari ríkisins, fornminjavörður og þjónandi prestur á staðnum. — Ég vil svo óska þess, að þessari till. verði vísað til allshn. og umr. frestað.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

21. Réttindi Íslendinga á Grænlandi.

Á deildafundum 14. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um réttindi Íslendinga á Grænlandi (A. 110).

Á 23. fundi í Sþ., 19. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að umr. um þetta mál verði frestað. Mér þykir ekki ómaksins vert að fara að reifa málið hér, þar sem ekki eru nema örfáir hv. þm. mættir á fundi og enginn af hæstv. ráðh., sem ég vildi, að fengju tækifæri til þess að hlusta á umr. um þetta mál. Ég vildi þess vegna eindregið mælast til þess, að málið verði nú tekið af dagskrá og hæstv. forseti taki það til meðferðar á fundi, þannig að fundur gæti heitið.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26., 27., 28., 29. og 30. fundi í Sþ., 27. og 28. nóv. og 5., 8. og 11. des., var till. aftur tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Sþ., 27. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Í grg. þeirri, sem fylgir þessari till., er vitnað til ýmissa sögulegra raka, sem sýna og sanna ótvírætt hið nána samband milli Grænlands og Íslands, sem hélzt óslitið í margar aldir. Grænland fannst og byggðist frá Íslandi af íslenzkum þegnum eingöngu. Á Grænlandi gengu íslenzk lög um margar aldir. Því til sönnunar eru ýmsir staðir. Grágás og fleiri lögbækur og aðrar heimildir staðfesta þetta. Viðskiptasamband var um langan aldur milli landanna. Bókmenntir Íslendinga bera þess ljós vitni, hversu þeir töldu Grænland sér nákomið og sögu þess hluta af sögu síns heimalands. Er það söguleg staðreynd, að íslenzk nýlenda stóð þar um 500 ár, enda hefur Grænland verið talið nýlenda Íslands að fornu og er almennt nefnt svo í ritum útlendum sem innlendum fram á síðustu tíma.

Sú skoðun hefur um langan aldur verið fast mótuð í hugum Íslendinga, að þeir ættu sögulegan rétt til Grænlands, rétt til hagnýtingar á auðlindum landsins, bæði á landi og í sjó. Það er og rótgróin skoðun hér á landi, studd af ummælum og áliti erlendra þjóðréttarfræðinga, að ekkert hafi það gerzt á síðari öldum, er skert hafi eða afmáð þennan rétt Íslendinga til landsyfirráða á Grænlandi þjóðréttarlega séð. Vík ég nánar að því síðar. Eftir að Grænland var numið og byggt af Íslendingum, voru þar um aldir sömu búskaparhættir og á Íslandi. Aðstæður til landbúnaðar og sjávarútvegs eru ekki ólíkar í löndum þessum. Íslendingar eru næstu nágrannar Grænlands af þeim þjóðlöndum, sem hvítir menn byggja. Af þessum ástæðum hafa Íslendingar öðrum þjóðum betri skilyrði til hagnýtingar á náttúrugæðum landsins, bæði á landi og í sjó.

Mér þykir rétt að taka hér upp stutta kafla úr ræðu, sem Jón Þorláksson, fyrrv. forsrh., flutti á Alþ. 1931 í sambandi við þáltill., sem hann bar fram um rétt Íslands til Grænlands, þar sem vikið er að þessum þætti málsins. Jón Þorláksson segir svo:

„Ég þarf ekki að rifja það upp, á hverju það byggist almennt, að Íslendingar láta sig varða um Grænland og telja sig eiga rétt til þess og vænta, að þau réttindi gætu orðið Íslandi til hagsmuna á ókomnum tímum. Ég vil aðeins minna á, að sú hvítra manna byggð, sem verið hefur á Grænlandi, er héðan komin og stóð í nánustu sambandi við okkar þjóðfélag af öllum þjóðfélögum um nokkrar aldir. Enn fremur vil ég minna á það, að Grænland var eitt af þeim þremur löndum úti í Atlantshafi, sem töldust skattlönd Noregskonungs um nokkurt skeið án þess að tilheyra Noregi sjálfum. Þessi lönd fylgdu með, þegar Noregur sameinaðist Danmörku, en urðu svo viðskila við Noreg með friðnum í Kiel 1814. Segja má, að þau afskipti og yfirráð hvítra manna, sem framkvæmd hafa verið á Grænlandi nú á síðari öldum, hafi verið framkvæmd af því ríkjasambandi, sem Ísland taldist til og var einn hluti af."

Þannig falla Jóni Þorlákssyni orð um þetta atriði málsins. Síðar mun ég svo víkja nánar að ummælum hans í sambandi við rétt Íslands til Grænlands.

Í grg. þessarar þáltill. er að því vikið, að Íslendingum hafi lengstum verið það vorkunnarmál, þótt þeir gerðu ekki gangskör að því að krefjast réttar til atvinnurekstrar og yfirráða á Grænlandi. Stöðu Íslands var svo háttað til ársins 1918, að vér Íslendingar höfum fyrst þurft að leita réttar sjálfra vor til fullra yfirráða í landi voru. Það var því fyrst eftir 1918, sem segja má, að Íslendingar hafi haft aðstöðu og olnbogarými til þess að leita réttar síns í þessu efni, þess réttar, sem í salti hefur legið um ár og aldir. Þótt aðstaða Íslendinga til beinna athafna í þessu máli væri sú fyrir 1918, sem hér hefur verið lýst, þá er því engan veginn svo varið, að mál þetta lifði ekki góðu lífi í réttarmeðvitund Íslendinga. Við og við koma fram á sjónarsviðið boðberar þeirrar stefnu, að Íslendingum bæri strax og færi gæfist að gera kröfur til þess, að þeir mættu endurheimta þessa fornu nýlendu sína. Sá boðberi íslenzku þjóðarinnar, sem mest kvað að um þessa hluti á sínum tíma, var skáldið og hugsjónamaðurinn Einar Benediktsson. Ritaði hann fjölda þróttmikilla og rökfastra blaðagreina um rétt vorn á Grænlandi. Kvaddi hann sér og hljóðs um mál þetta á fundum, bæði á stúdentafundum og við önnur tækifæri. Stúdentar létu mál þetta mjög til sín taka eftir 1918. Árið 1924 gengust stúdentar fyrir því, að haldinn var borgarafundur um mál þetta í Rvík. Var fundur þessi mjög fjölmennur. Meðal ræðumanna á þessum fundi voru Einar Benediktsson, frummælandi, Benedikt Sveinsson, fyrrv. forseti, og Bjarni Jónsson frá Vogi. Var Grænlandsmálið rætt af miklum áhuga á fundi þessum og við góðar undirtektir fundarmanna. Var svo hljóðandi áskorun til ríkisstj. samþykkt í einu hljóði:

„Fundurinn skorar á stjórnina að láta ekkert ógert til þess að halda uppi réttmætum kröfum

vorum til Grænlands, hinnar fornu nýlendu Íslands."

Um þessar mundir eða árið eftir kom Grænlandsmálið til kasta Alþingis. Á árinu 1925 var skipuð þriggja manna n., er falin skyldi athugun á Grænlandsmálinu. Nefnd þessi var fyrst kosin á einkafundi þm., en síðar á þessu sama ári var nefndarskipun í þessu augnamiði ákveðin opinberlega í sameinu þingi. Var Grænlandsmálið um þessar mundir mjög á dagskrá meðal þjóðarinnar, og létu stúdentar ekki sitt eftir liggja, eins og fyrr er að vikið, til þess að slá til hljóðs fyrir aðgerðum í málinu. Síðari hluta ársins 1926 voru haldnir tveir fundir í stúdentafélagi Rvíkur um Grænlandsmálið og á síðari fundinum voru samþykktar tvær till. um málið. Var annarri þeirra beint til Grænlandsnefndar þeirrar, sem Alþingi kaus 1925, og var hún svo hljóðandi:

„Stúdentafélag Reykjavíkur skorar á alþingisnefndina í Grænlandsmálinu að láta til sín taka um kröfur til notkunar réttinda yfir hinni fornu nýlendu Íslands, sem beint verði til ríkisstjórnarinnar á grundvelli söguréttar og þegnjafnaðar eftir sambandslögunum frá 1918."

Hin samþykktin var áskorun til Alþ. og ríkisstj. og hljóðar svo:

„Stúdentafélag Reykjavíkur skorar á þing og stjórn að hlutast til um, að Grænland verði opnað til fullra afnota fyrir Íslendinga."

Um þessar mundir höfðu risið upp harðvítugar deilur milli Norðmanna og Dana út af yfirráðum á Austur-Grænlandi. Höfðu Norðmenn gert tilraun til þess að kasta eign sinni á töluvert landssvæði á Austur-Grænlandi. Var svo komið gangi þessa máls árið 1931, að Danir höfðu skotið ágreiningsmáli þessu til alþjóðadómstólsins í Haag.

Í tilefni af þessum viðburðum flutti fyrrv. forsrh., Jón Þorláksson, eins og fyrr er getið, svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gæta hagsmuna Íslands út af deilu þeirri, sem nú er risin milli stjórna Noregs og Danmerkur um rétt til yfirráða á Grænlandi."

Þessi þáltill. Jóns Þorlákssonar er rökstudd með þeirri ríkjandi skoðun Íslendinga, að Ísland ætti bæði réttar og hagsmuna að gæta á Grænlandi. Till. þessari var vísað til utanrmn., sem mælti einróma með samþykkt hennar. Utanrmn. skipuðu þá: Ásgeir Ásgeirsson, Jón Þorláksson, Bjarni Ásgeirsson, Magnús Torfason, Ólafur Thors, Jónas Þorbergsson og Einar Arnórsson. Magnús Torfason var frsm. n. Afgreiðsla Alþ. á till. fór á sömu lund. Var till. samþykkt með samhljóða atkvæðum og þannig afgreidd til ríkisstj. Jafnskjótt og gengið hafði verið frá samþykkt till. kom ríkisstj. því á framfæri við fasta dómstólinn í Haag, að Ísland teldi sig eiga réttar og hagsmuna að gæta í sambandi við yfirumráðarétt Grænlands í heild og mótmælti skiptingu landsins, en blandaði sér ekki að öðru leyti inn í þessa deilu. Um svipað leyti tilkynnti ríkisstj. utanríkisráðherrum Noregs og Danmerkur skoðun og afstöðu Íslendinga til Grænlandsmálsins eins og hún kemur fram í fyrrgreindri þáltill.

Á síðustu árum hafa þeir atburðir gerzt í Grænlandsmálinu hér á landi, að sjómenn og útgerðarmenn hafa tekið upp skelegga baráttu fyrir því, að einskis verði látið ófreistað til þess, að réttur vor til atvinnurekstrar á Grænlandi og yfirráða þar verði viðurkenndur. Hefur fiskiþingið tvívegis samþykkt mjög ákveðnar till., sem hníga í þessa átt, og Farmanna- og fiskimannasambandið sömuleiðis. Samþykktir annarra félagssamtaka þessara stétta ganga í sömu átt. Með hverju árinu, sem líður, harðnar sókn þessara aðila fyrir því, að hafnar séu án undandráttar aðgerðir af hálfu stjórnarvalda landsins í þessu máli. Íslenzkir sjómenn og útgerðarmenn eru svo gerhugulir og framsýnir menn, að þeim er það ljóst, hvað óskoraður réttur til fiskveiða við Grænland og hagnýting á landi í því sambandi er þýðingarmikill fyrir fiskveiðar Íslendinga í framtíðinni. Vík ég nánar að því atriði síðar.

Hér hefur verið í stuttu máli bent á nokkur dæmi þess áhuga, sem ríkjandi er meðal Íslendinga fyrir því, að gangskör verði að því gerð að krefjast viðurkenningar á rétti vorum til Grænlands og að málinu verði fylgt eftir þannig, að til skarar skríði.

Er þá enn ótalinn sá þáttur þessa máls, sem ekki er ómerkastur, en það eru fræðirit þau um sögulegan rétt Íslands til Grænlands, sem hinn kunni mennta- og fræðimaður Jón Dúason, dr. phil., hefur ritað og nú er verið að gefa út. Hefur Jón Dúason varið til þess miklum hluta af ævistarfi sínu að viða að heimildum í þessi rit og skrá þau. Er það stórvirki, sem eftir Jón liggur á þessu sviði. Eru rit þessi hin merkustu, og eru fyrir hendi ummæli þjóðréttarfræðinga, sem telja þau þung á metunum sem sönnunargagn fyrir rétti Íslendinga til Grænlands. Hefur Alþ. viðurkennt þetta merka starf Jóns Dúasonar með því að veita nú um nokkurt árabil fé á fjárl. til útgáfu þessara rita. Enn fremur hefur Alþ. veitt fé til þess að þýða rit þessi á enska tungu. Er þetta mjög makleg viðurkenning af hálfu Alþ. til handa Jóni Dúasyni fyrir það þrekvirki og óeigingjarna starf, sem hann hefur hér af hendi innt.

Hvað snertir sögulegan rétt Íslands til Grænlands má enn fremur benda á skarplega og rökfasta ræðu um þetta efni, sem Benedikt Sveinsson, fyrrv. forseti, hélt á Alþ. 1925. Endaði Benedikt þessa gagnmerku ræðu sína með þessum orðum:

„Tel ég þjóðinni það hollt og gagnvænlegt að hafa stór og göfug mál fyrir stafni, þau er tengt geti saman krafta hennar og eflt sjálfstæðismeðvitund hennar. Nóg er til, sem tvístrar og sundurdreifir."

Þjóðréttarfræðingurinn Ragnar Lundborg, sem er að góðu kunnur hér á landi fyrir það lið, sem hann veitti Íslendingum með ritum sínum, þegar sjálfstæðisbarátta Íslendinga stóð sem hæst, hefur skrifað merkan ritdóm um þann hluta rita Jóns Dúasonar, sem fjallar um sögulegan rétt Íslendinga til Grænlands í fornöld. Ritdómur þessi hefur birzt í íslenzkri þýðingu. Eftir að þjóðréttarfræðingurinn hefur rakið rök Jóns Dúasonar og grannskoðað þau niður í kjölinn, fellir hann um þau þennan dóm:

„Mér virðist, að ekki ætti lengur að leika nokkur vafi á réttarstöðu Grænlands í fornöld. Það er íslenzk nýlenda, hluti úr hinu íslenzka réttarsvæði, „várum lögum"."

Þegar Ragnar Lundborg skrifar ritdóm þennan, höfðu honum ekki borizt rit Jóns Dúasonar um réttarstöðu Grænlands frá því á síðari hluta mið-

alda og til vorra daga. En um þennan þátt málsins setur þjóðréttarfræðingurinn fram sínar eigin skoðanir, en þær skoðanir hníga á þá lund, að á þessu tímabili hafi að hans dómi engar breytingar orðið á réttarstöðu Grænlands frá því, sem var í fornöld, er hann áður hefur lýst.

„Aðstaða þess," þ. e. Grænlands, segir Ragnar Lundborg, „er tímar liðu, væri framkvæmd á annan veg. Stafaði af því, að beitt var ofbeldi. Ofbeldi getur aldrei skapað varanlegan rétt. Ísland hélt alltaf fast við hina sjálfstæðu réttarstöðu sína. Þar sem Grænland kom sem íslenzkt land með Íslandi í sambandið við Noreg og Danmörku, glataði Ísland ekki sínum áður fengna rétti til Grænlands. Það ætti að vera algerlega ljóst mál."

Ragnar Lundborg segir enn fremur:

„Í hinum nýja sáttmála, sem gerður var 1918 milli Íslands og Danmerkur, var enginn fyrirvari settur um rétt Íslands til Grænlands."

Um þennan þátt Grænlandsmálsins segir Ragnar Lundborg að lokum, og eru það varnaðarorð hans til Íslendinga í þessu sambandi:

„Ef íslenzka stjórnin skyldi hér eftir taka upp samninga við Danmörku um Grænland eða réttarstöðu Íslendinga þar, er það eftir minni skoðun nauðsynlegt, að Ísland standi fast á sínum sögulegu landsyfirráðum yfir Grænlandi. Það er fastur og öruggur grunnur til framdráttar málstaðar Íslands. Það er mögulegt, að við samninga á þeim grundvelli geti náðst samkomulag til gagns fyrir bæði ríkin. En án fyrirvara um sinn sögulega eignarrétt til Grænlands má Ísland ekki byrja neina samninga viðkomandi Grænlandi, því að það mundi vera hægt að skoða slíkt sem sönnun fyrir því, að Ísland hefði gefið Grænland upp og viðurkennt landsyfirráð Danmerkur yfir því."

Þær aðvaranir og ráðleggingar, sem felast í þessum orðum hins kunna þjóðréttarfræðings og Íslandsvinar, eru vissulega þess eðlis, að Íslendingar gefi þeim gaum.

Skoðanir Ragnars Lundborgs á því, að sambandslagasáttmálinn frá 1918 rýri í engu rétt Íslands til Grænlands, falla alveg saman við skoðun Jóns Þorlákssonar um þetta efni, er fram kom í ræðu þeirri, sem hann hélt á Alþ. í sambandi við Grænlandstillögu sína 1931, sem áður hefur verið minnzt á. Ummæli Jóns Þorlákssonar, sem að þessu lúta, eru á þennan veg:

„Nú er Ísland orðið sjálfstætt ríki fyrir nokkrum árum, eins og kunnugt er, með góðu samþykki Danmerkur. En þegar sáttmálinn 1918 var gerður, þá var ekkert sérstakt ákvæði sett um það, hvernig fara skyldi með rétt Íslands til Grænlands, og stendur það að mínu viti við það sama sem var áður en sambandslögin frá 1918 voru sett. Ég tel þannig, að auk þess sögulega réttar, sem Íslendingar kunna að eiga vegna sögulegrar aðstöðu í fortíðinni, þá höfum við óhrekjanlegan nútímarétt til Grænlands við hlið Dana vegna sambandsins við Dani, eða hverju nafni sem menn nú vilja nefna þetta."

Jón Þorláksson segir enn fremur í þessari sömu ræðu:

„Nú, þó að það liggi utan við þetta mál" (Þar á hann við efni þáltill.), „þá vil ég aðeins skjóta því hér inn í, að ég hef ávallt hugsað mér, að þegar endanleg málalok verða milli Íslendinga og Dana, þegar sambandslögin falla úr gildi, þá sé sjálfsagt, að samningar komi til milli þessara ríkja um afstöðu hvors fyrir sig til Grænlands. Ég hef fyrir mitt leyti ekki ástæðu til að vænta annars en að Íslendingar geti í þessu efni haft góða aðstöðu til þess að halda öllum sínum rétti."

Um tilgang þann, sem liggur að baki þess, að Jón Þorláksson flutti till. þessa eins og málum þá var komið, segir hann meðal annars:

„Það er þess vegna í fyrsta lagi tilætlun mín með þessari þáltill., að íslenzka ríkisstj. taki eftir þessari deilu og styðji þá skoðun, að Grænland sé ein heild, sem ekki beri að skipta í sundur, og að Íslendingar telji sig hafa rétt umfram aðrar þjóðir til landsnytja á þessu landi."

Jón Þorláksson er ekkert myrkur í máli um skoðun sína á rétti Íslendinga til Grænlands, þar sem hann heldur því fram, skýrt og skorinort, að Íslendingar hafi rétt umfram aðrar þjóðir á Grænlandi. Jón Þorláksson dregur ekki heldur dul á það, að ganga beri út frá því sem sjálfsögðum hlut, að þegar sambandslögin séu úr gildi fallin og endanleg uppgerð fer fram milli Íslands og Danmerkur við endanlegan skilnað þessara ríkja, þá verði til fullnustu gert út um afstöðu hvors þess fyrir sig til Grænlands. Og Jón Þorláksson er svo bjartsýnn og viss í sinni sök um rétt Íslendinga til Grænlands, að hann hikar ekki við að segja, að hann hafi ekki ástæðu til að vænta annars en að Íslendingar geti í þessu efni haft góða aðstöðu til þess að halda öllum sínum rétti. Þessi ummæli hins gerhugula og vitra manns, Jóns Þorlákssonar, eru — ekki síður en ummæli Ragnars Lundborgs, sem ég hef áður drepið á — mjög athyglisverð og vissulega hvatning og uppörvun fyrir Íslendinga til sóknar og baráttu fyrir þessum málstað.

Mér þykir ekki ástæða til að fara fleiri orðum um þessa hlið þessa þýðingarmikla máls en ég nú hef gert. Það er ljóst af því, sem fram hefur komið við það að rekja nokkuð gang Grænlandsmálsins hér á landi um nokkurt árabil, að allmikið skortir á röggsemi Alþ. og ríkisstj. að undanförnu til þess að þoka þessu máli áleiðis. Á þessu verður nú að verða gagngerð breyting. Alþingi og ríkisstjórn verður nú að taka upp forustu í þessu máli. En jafnframt því, sem ég deili á Alþ. fyrir litlar aðgerðir í þessu máli að undanförnu, þá vil ég taka það fram, að það má engan veginn vanmeta það við Alþ., að það hefur á þýðingarmiklum tímamótum haldið vel og hyggilega á rétti Íslendinga í Grænlandsmálinu, þ. e. þegar sambandslagasáttmálinn var gerður og með samþykkt þáltill. Jóns Þorlákssonar árið 1931.

Nú er mál þetta tekið upp í Alþ. Má nú eigi út af bera um það, að Alþ. geri skyldu sína í málinu og búi það þannig í hendur ríkisstj., að eigi orki tvímælis um það, hvað henni beri að gera til þess að hrinda málinu áleiðis.

Nú standa yfir samningar milli Íslendinga og Dana í sambandi við sambandsslit ríkjanna. Einn meginþáttur í þeirri uppgerð, sem nú fer fram milli þessara aðila, hlýtur að vera krafa Íslendinga um rétt til Grænlands. Ríkisstjórn vor er sjálfsagður sóknaraðili af hálfu Alþingis og alþjóðar í þessu máli sem og öðrum málum, sem af sambandsslitunum leiðir. Er það vissulega þýðingarmikið og afdrifaríkt fyrir framtíð Íslendinga, hversu ríkisstjórn vorri tekst að fá þessum málum til lykta ráðið.

Er það innileg ósk mín, að andi Jóns Þorlákssonar svífi yfir vötnunum við sókn og málsfærslu ríkisstjórnar vorrar í Grænlandsmálinu og að öll framkoma hennar í því máli verði mótuð af þeirri bjartsýni og sigurvissu um rétt Íslendinga, sem fram kemur hjá Jóni Þorlákssyni, en hann túlkar þar tvímælalaust vilja íslenzku þjóðarinnar. Þá hefur og ríkisstj. meðal annars sterkan bakhjall í sókn þessa máls, þar sem eru hin rökstuddu fræðirit Jóns Dúasonar um réttarstöðu Grænlands að fornu og nýju. Annars er það um Grænlandsmálið að segja, að það er þess eðlis, að ef samningar takast ekki milli Íslendinga og Dana um þá lausn á því, sem Íslendingar geta fellt sig við og eru vel sæmdir af, er sjálfsagt og liggur beint við að leggja málið fyrir alþjóðadómstól og fá þannig úr skorið um deiluatriðið, og verða málsaðilar þá að sjálfsögðu að hlíta þeirri niðurstöðu, sem dómurinn kemst að.

Að lokum vil ég fara nokkrum orðum um það, hvaða þýðingu það getur haft fyrir framtíð Íslendinga, að þeir fái viðurkenndan rétt sinn til Grænlands. Það orkar ekki tvímælis, að hér er um að ræða harla merkilegt og þýðingarmikið atriði í framþróunarsögu hins íslenzka þjóðfélags.

Einhverjir kunna að líta svo á, að Íslendingar séu ekki fleiri en svo, að landskostir séu ærnir heima fyrir til lands og sjávar handa þeim íbúafjölda, sem land vort byggir, svo að við af þeim ástæðum höfum ekki sérlega tilhneigingu til að leita atvinnurekstrar út fyrir landið sjálft. Þó að slíkt megi að ýmsu leyti til sanns vegar færa, eins og nú stendur, þá skyldu menn varlega flika fullyrðingum um það, að þessu verði svo háttað um alla framtíð. Það er þess vegna eðlileg ósk af hálfu Íslendinga að vilja tryggja sér til varðveizlu þann rétt, sem þeir telja sig eiga til Grænlands, til þess tíma, að Íslendingar þurfi að taka lands- eða sjávargæði þar til notkunar handa sér, en sú þörf getur að höndum borið máske miklu fyrr en marga órar fyrir nú.

Náttúrugæði heimsskautalandanna voru lítils metin áður og fyrr, og afkoma þess fólks, sem þar ól aldur sinn, þótti ekki björguleg. En hugmyndir manna um þessa hluti hafa gerbreytzt á síðari árum. Eftir því sem mannsandanum hefur tekizt að gera sér náttúruna meira og meira undirgefna, hefur það komið í ljós, að náttúrugæðin í hinum norðlægari löndum eru allt önnur og miklu meiri en menn höfðu gert sér hugmynd um. Um Grænland er það vitað, að þar eru náttúrugæði mikil, bæði til lands og sjávar. Fiskveiðaþjóðum, sem stundað hafa fiskveiðar við Grænland, ber saman um það, að þar sé á stundum miklu meiri uppgripaafli en nokkur dæmi eru til annars staðar. Er þó fjarri því, að enn sé vitað um öll þau fiskigrunn, sem vera kunna út frá ströndum Grænlands í austri og vestri, slík óra viðátta sem þar er. Og um það verður aldrei vitað til fulls, fyrr en rekin verður staðbundin útgerð á Grænlandi. Nýjustu rannsóknir fiskifræðinga, sem að slíkum rannsóknum starfa í Norðurhöfum, hafa leitt í ljós með merkingum fiska og á annan hátt, að sami fiskistofn er við Grænlandsstrendur og við strendur Íslands, og miklar og tíðar fiskigöngur séu á milli landanna. Enn fremur hafa fiskifræðingar talið sig geta leitt rök að því, að aðalklakstöðvar nytjafiska, sem veiðast við strendur beggja þessara landa, hafi verið við strendur Íslands, einkum suðurströndina. En reynsla síðustu áratuga virðist benda til þess, að á þessu sé orðin nokkur breyting. Fiskisvæði það við suðurströndina, Selvogsbankinn svonefndi, var lengi talið eitthvert víðáttumesta og þýðingarmesta hrygningarsvæði við strendur þessa lands. Var þetta augljóslega markað meðal annars af því, hvílík óskapa fiskimergð var ávallt á þessum slóðum á hrygningartíma þorsksins. Meðan skútuútgerð var rekin hér á landi, var aðalvetrarvertíðaraflinn sóttur á þessar slóðir og brást aldrei. Eftir að togaraútgerð hófst hér, var hér hið sama uppi á teningnum. Botnvörpungarnir sóttu vertíðarafla sinn á þessi sömu mið, og voru veiðiuppgripin svo mikil þarna stundum í aprílmánuði, að undrum sætti. Nú er sú breyting á orðin á síðustu tveimur áratugum eða rúmlega það, að heita má, að fisklaust sé með öllu á þessu svæði um hrygningartímann og endranær. Fiskurinn, sem áður safnaðist þarna saman til hrygningar, er nú horfinn þaðan, hvað sem veldur. Nú hrygnir hann á öðrum slóðum. En hvar hann hrygnir, er óráðin gáta, og geta fiskifræðingar vorir þar um engin svör gefið. Enn sem komið er hefur hvergi fundizt á Íslandsmiðum á hrygningartímum neitt svipað fiskimagn og áður var á Selvogsbankanum, er bent gæti til þess, að um þýðingarmiklar hrygningarstöðvar nytjafiska sé að ræða. Það er vitað, að sjávarhitinn við strendur Íslands hefur aukizt að undanförnu, og sú getgáta er langsennilegust, að fiskurinn hrygni nú á norðlægari svæðum — máske við strendur Grænlands. Um þetta er allt á huldu.

Það er auðsýnilegt, að samtímis því, sem þessi breyting hefur verið að ske, hefur fiskigengd við strendur Íslands hrakað. Uppgripaaflasvæði togveiða, eins og við Hvalbak út af Eystra-Horni, er nú gersamlega úr sögunni sem fiskigrunn. Þangað leita íslenzkir togarar nú ekki nema endrum og eins og án árangurs. Eina fiskigrunnið, sem telja má, að íslenzkir togarar sæki nú á að staðaldri með árangri, eru Halamiðin svo kölluðu, á straumamótum á hafinu milli Íslands og Grænlands. Má með sanni segja, að þessi mið séu nú, eins og komið er, haldreipi íslenzkrar togaraútgerðar, hvað lengi sem það varir. Aðstaða til fiskveiða á vélbátaflotanum hér er ekki heldur, eins og nú stendur, neitt sérstaklega glæsileg hvað aflabrögð snertir. Það er að vísu ekki beinlínis hægt að segja það, að vetrarvertíðarafli á bátaflotann hafi brugðizt að undanförnu, en oft og löngum hefur afli verið næsta tregur miðað við það, sem áður var, og þá geysilegu línulengd, sem lögð er í sjó í hverjum róðri. Á öðrum tímum en á vetrarvertíð er naumast um að ræða, svo að teljandi sé, nokkra þorskveiði á hina stærri báta. Þá er ekki upp á neitt að stóla, sem heitið getur, nema síldveiðina. Þrjú síðastliðin sumur hafa síldveiðar brugðizt hrapallega, og hafa afleiðingar þess, eins og kunnugt er, markað djúp spor á erfiðleikabraut útgerðarinnar. Hefur tvívegis orðið að setja á fót á þessum árum láns- og hjálparstarfsemi fyrir útveginn af þessum sökum. Nú eru í eigu Íslendinga 39 togarar. Auk þess eru í smíðum 14 togarar, og þegar þeir eru komnir til landsins, sem væntanlega verður fyrir næstu áramót, er tala togaranna komin upp í 53. Íslendingar eiga nú 649 vélknúin fiskiskip og báta, þar af 196 50 smálestir og yfir. Allur þessi fiskiskipafloti gerir samanlagt 702 skip, sem eru 55826 rúmlestir.

Mikið af þessum fiskiskipaflota eru ný skip, vel úr garði gerð og fær í flestan sjó. En þau eru að vonum dýr og þarf að aflast mikið á þau, svo að útgerðin geti gefið góða raun og lagt sinn skerf til traustrar fjárhagsafkomu þjóðarinnar.

Ég dreg nú hér fram á sjónarsviðið þetta viðhorf, sem við okkur blasir um hagnýtingu hins mikla fiskiskipaflota Íslendinga á heimamiðum einum saman, til athugunar fyrir þá menn, sem kunna að halda því fram, að óþarft sé að gera því skóna, að Íslendingar þurfi að leita með fiskiskipaflota sinn út fyrir landgrunnið í kringum strendur landsins. Frá mínu sjónarmiði horfir mál þetta allt öðruvísi við. Ég tel það höfuðnauðsyn, að hægt verði að tryggja fiskiskipaflota Íslendinga að einhverju leyti aðstöðu til veiða á Grænlandsmiðum að sumarlagi. Þess vegna er spursmálið um rétt Íslendinga til atvinnurekstrar á Grænlandi ekki einvörðungu framtíðardraumur, heldur blátt áfram aðkallandi úrlausnarefni, sem krefur skjótra aðgerða, og það er með öllu óverjandi að láta lengur en orðið er síga úr hömlu með að nota þau sönnunargögn, sem Íslendingar hafa í höndum til þess að fá rétt vorn í þessu efni viðurkenndan. Án frjáls og óskoraðs réttar til atvinnurekstrar á Grænlandi geta Íslendingar ekki til neins verulegs gagns notfært sér fiskiveiðar á Grænlandsmiðum. Íslendingar geta að vísu sent togara sína þangað ferð og ferð á strjálingi, en fiskibátaflota Íslendinga er með öllu fyrirmunað að nota þær með öðrum hætti en þeim, að reistar séu útgerðarstöðvar í landi, þar sem bezt hentar.

Þetta er nú um þá hlið málsins að segja, sem að því snýr, að Íslendingar öðlist fiskveiðaaðstöðu á Grænlandi. En þar með er ekki allt talið, sem Grænland hefur að geyma. Grænland býr að öðru leyti yfir margs konar gæðum. En mikið skortir á, sökum þess hve landið er lítt kannað, að menn kunni þar full deili á. Þar eru landkostir góðir. Landbúnaður var þar mikill meðan Íslendingar byggðu landið. Útigangur er mikill og góður. Hefur þróazt þar mjög vel fjárstofn sá, sem þangað var fluttur frá Íslandi fyrir nokkrum áratugum, enda hefur íslenzkra manna lengst af notið þar við um leiðbeiningar um meðferð og hirðingu fjárins. Nær þetta íslenzka fé mun meiri þroska og vænleika á hold í Grænlandi en fé í beztu sauðfjársveitum hér á landi. Hreindýr og sauðnaut þrífast ágæta vel á Grænlandi. Þar er gnægð loðdýra og veiði þeirra gagnsamleg. Selir og rostungar eru á ísnum við strendur landsins. Lax og silungur er þar í ám. Talið er, vitað og víst, að málmar séu í jörðu á Grænlandi, járn, kopar, asbest og fleira. Þá hafa sézt merki þess, að þar sé gull og silfur og dýrir steinar. Heil fjöll og eyjar eru þar úr margvíslega litum marmara. Námugröftur er nokkur rekinn á Grænlandi, kol og kryólít. Þar er sögð vera mikil gnægð kola og lögin þykk. Hefur rannsókn farið fram hér á landi á gæðum þessara kola. Er talið, að á Grænlandi séu kol, sem eru til þess einkar vel fallin að vinna úr þeim benzín og olíu. Mætti svo lengi telja. Eins og gefur að skilja, ná rannsóknir á auðlindum Grænlands, enn sem komið er, harla skammt, í þvílíkri víðáttu sem þar er um að ræða og aðstæðum að öðru leyti er háttað. Eru þar enn stór landflæmi, sem aldrei hefur verið drepið niður fæti á, hvað þá heldur meira.

Ég hef nú reifað þessa þáltill. mína um, að ríkisstj. geri nú þegar gangskör að því, að viðurkenndur verði réttur Íslendinga til atvinnurekstrar á Grænlandi og við strendur þess, nokkuð gerr en gert er í grg. þeirri, sem till. fylgir. Vildi ég með flutningi þessarar till., eins og ég hef fyrr vikið að, árétta það, sem Alþ. hefur raunar áður samþykkt, að Íslendingar hefðu réttar og hagsmuna að gæta í Grænlandi, og jafnframt fá því til vegar komið, að Alþ. legði nú fyrir ríkisstj. að hefjast án tafar handa um það að fá borgið rétti þeim og hagsmunum, sem Íslendingar telja sig eiga tilkall til á Grænlandi. — Legg ég svo mál þetta fyrir Alþingi.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil þakka hv. tillögumanni fyrir að hafa flutt þetta mál. Það er ljóst af samþykktum félaga, er gerðar hafa verið, að almenningur hefur nokkurn hug á málinu. Hver sem niðurstaðan verður, er nauðsynlegt, að málið verði gerhugsað, og það er því gott, að hv. þm. Borgf. hefur hreyft því.

Þess er ekki að dyljast, að í þeim samþykktum, sem sézt hafa um þetta mál, og í þáltilligr. sjálfri, eins og hún liggur fyrir, er nokkur hulda yfir því, hverju skuli halda fram af Íslands hálfu varðandi réttindi Íslendinga til Grænlands. Ég vil fyrst taka fram, að ég held, að ekki geti leikið á því nokkur vafi í hugum okkar, að það væri okkur hagur að ýmsu leyti, ef við hefðum réttindi við Grænland, — ég segi af ásettu ráði ekki yfir Grænlandi, vegna þess að það er nokkuð annað mál og umfangsmeira en ég skuli rekja hér til hlítar, hvort það væri Íslendingum, þegar til lengdar lætur, raunverulegur hagur, ef Grænland heyrði undir þeirra yfirráð. Enda skilst mér ekki, að það sé fram á það farið í þessari þáltill., heldur hitt að gera gangskör að því, að viðurkenndur verði réttur Íslendinga til atvinnurekstrar á Grænlandi og við strendur þess. Ég held, að við verðum allir sammála um það, að okkur væri það hagur, ef við fengjum slíkan rétt viðurkenndan. Ég tek fyllilega undir það, sem hv. þm. Borgf. sagði um það, að fiskveiðar okkar yrðu áreiðanlega betur tryggðar og öruggari en þær eru nú, ef við hefðum heimild til landstöðva á Grænlandi. Og þess vegna skilst mér, að það hljóti út af fyrir sig að vera eftirsóknarvert af okkar hálfu, hvað sem líður réttindum okkar yfir öllu Grænlandi, að fá slíkan atvinnurétt viðurkenndan. Spurningin er þá aftur á móti, með hverjum hætti slíkan rétt ætti að fá viðurkenndan. Ég ætla, að við eigum að reyna að koma honum fram með vinsamlegum samningum við Dani, sem nú ráða ríkjum yfir Grænlandi, t. d sem einn lið í norrænni samvinnu, að Íslendingar fengju einhverjar fiskveiðistöðvar við Grænland. Það er hugsanlegt, að menn kunni að fara þessa leið. Og það er líka hugsanlegt, að við hefðum ekki aðra leið að fara en slíka vinsamlega samningaleið, ef niðurstaðan yrði sú, að lögformlegur réttur okkar til yfirráða á Grænlandi öllu eða til atvinnurekstrar þar yrði ekki viðurkenndur af öðrum aðilum, sem um þetta mál mundu fjalla. Eins er hugsanlegt, að við eigum að taka þetta mál upp einnig með vinsamlegum samningum í sambandi við sérstaka samninga okkar við Dani og þá einkanlega í sambandi við óskir þeirra um réttindi sinna manna til fiskveiða við Ísland. Og því hefur oft verið hreyft, að það væri

eðlilegt, að ef Færeyingum væru veitt fiskveiðiréttindi hér við Ísland, þá áskildu Íslendingar sjálfum sér í staðinn réttindi við Grænland. Gallinn á því er sá, sem sumir hafa haldið fram, að réttindi Færeyinga hér, þau sem kemur til mála, að Íslendingar veiti, séu svo lítils virði, að menn geti ekki búizt við nema lítilsverðum réttindum frá Dönum í staðinn. En þá er að meta það við samningsborðið, hversu langt Íslendingar vildu ganga í réttindaveitingum hér gegn haldgóðum réttindum sjálfum sér til handa í Grænlandi. Um hvora tveggja þessa leið er það að segja, að með þeim báðum er byggt á því, að Danir eigi fullveldi yfir Grænlandi. Og þeir, sem ráðleggja, að þessar leiðir séu farnar, virðast þá gera ráð fyrir því í huga sínum, að Íslendingar verði að sækja þarna á vinsamlegan hátt, njóta annaðhvort vinsemdar annarra eða þá þess að bjóða önnur hlunnindi í staðinn.

En svo sést þriðja leiðin, sem sumir vilja, að farin sé, sem er sú, að Íslendingar standi á fornum rétti sínum yfir Grænlandi og fái í skjóli hans viðurkennd réttindi eða e. t. v. alger yfirráð yfir Grænlandi. Og þó að till. sú, sem hér er fram flutt, fjalli einungis um rétt Íslendinga á Grænlandi og við strendur þess, þá skilst mér, að í henni sé byggt á þessu síðasta. Það sé ráðgert, að síðast talda leiðin sé farin, sú að halda fram, að Íslendingar eigi þarna rétt, sem ranglega sé fyrir þeim haldið, þannig að við þurfum í raun og veru ekki að sækja með lipurð eða vinsemd á í garð þeirra manna, sem nú telja sig eigendur Grænlands, heldur sé einungis það rétta að fara fram með réttindakröfur og heimta í okkar hendur þann rétt, sem við teljum, að við eigum. Og þá skilst mér, að rökrétt afleiðing þess verði að vera sú, sem að vísu nokkurt hik virðist vera með í þessari till., sem hér er fram flutt, að við gerum kröfu til yfirráða á öllu Grænlandi. Og sérstaklega ef Grænland allt væri okkur svo mikið hnoss sem skilja mátti af ræðu hv. flm. að hann teldi, þá undrar mig nokkuð, að hann ekki beinlínis beri fram till. um, að við höldum fram okkar rétti, sem bæði till. hans, svo óljós sem hún er, og hinn greinagóði málflutningur hans virðist benda til, að hann áliti, að við hljótum að eiga. En ég skil það, að hann fer ekki lengra í till., sem merki þeirrar skoðunar hans, að hann telji okkur ekki henta að fá yfirráð alls Grænlands, þótt við eigum rétt til, og er það að vísu líka skiljanlegt sjónarmið, samkvæmt því, sem ég sagði í upphafi orða minna, að um það kynni að verða deilt, þó að ekki væri umdeilt, að við hefðum hag af vissum réttindum við Grænland, þá kynni að verða um það deilt, hvaða hag við hefðum af því að eiga Grænland allt, þó að við ættum tilkall til þess. Og mér skilst, að sá vafi komi fram í tillgr., og að ekki er lengra farið þar en þar er gert, þá held ég, að þessi vafi hljóti að vera því valdandi.

Hv. flm. gerði nú hér ýtarlega grg. fyrir þeim rétti, sem hann taldi okkur eiga yfir Grænlandi eða til Grænlands. Ég skal nú ekki á neinn hátt fara að reyna að hnekkja þeim rökum eða staðhæfingum, sem hann þar flutti. Enda voru þær staðhæfingar ekki, eins og menn heyrðu, lögfræðilegar rökræður, heldur meir tilvitnanir í álit ýmissa merkra manna, sem annaðhvort hafa látið uppi, að við hefðum beinan lagalegan rétt, að við hefðum sögulegan rétt, svo kallaðan, hvað sem í því kann að felast, eða að við hefðum þarna mikilla hagsmuna að gæta. Ég veit, að allt það, sem hv. þm. Borgf. um þetta sagði, er rétt eftir haft. Og meðal þeirra manna, sem hann vitnaði þarna í, eru margir merkir menn, sem vissulega er fróðlegt að vita, hvað hafa um þetta talað. En einmitt vegna þess, að hv. þm. Borgf. byggði upp mál sitt með þessum hætti, þá tel ég rétt hér að benda á, að málið liggur ekki alveg eins einfalt fyrir og ætla mætti eftir orðum hv. flm., þm. Borgf., og að það er ekki eingöngu skortur á skörungsskap eða dug íslenzkra stjórnarvalda, Alþ. og ríkisstjórna, að ekki hefur meira verið aðhafzt í máli þessu en raun ber vitni um, heldur koma þar einnig fleiri ástæður til greina, sem sé þær, að margir engu síður merkir menn en ýmsir þeir, sem hv. þm. Borgf. vitnaði til, og jafnvel menn, sem meir hafa nú lagt stund á að kynna sér lögfræði og ekki sízt réttarsögu en ýmsir þeir virðulegu menn, sem hv. þm. Borgf. færði fram ummæli eftir, máli sínu til stuðnings, þeir hafa þarna annað sjónarmið. Ég skal nú ekki gera hér tilraun til þess að gera hér upp á milli þessara aðila. Ég vil einungis benda á, og það er nauðsynlegt, ef á að gera þetta að alþjóðamáli og íslenzkum stjórnarvöldum er leið á hálsi fyrir að hafa sýnt ódugnað í því, þá er skylda okkar, sem stöndum í forsvari fyrir málum þjóðarinnar, hvort sem er Alþ. eða ríkisstj., að segja þjóðinni og Alþ. skýlaust frá því, hvernig málin standa, — einnig því, sem ætla má, að fært verði fram á móti okkar málstað svo kölluðum, en ekki aðeins hinu, sem er til að styðja trú okkar á því, að málið horfi mun betur við, þó að sumir vilji láta einungis líta svo út sem réttur okkar sé öruggur í þessum efnum. Ég skal ekki á neinn hátt reyna hér að gera lítið úr þeim mönnum, sem hv. þm. Borgf. vitnaði til. Þvert á móti eru, eins og ég sagði, ýmis ummæli þeirra eftirtektarverð og þarf að skoða betur ofan í kjölinn, við hvað fullyrðingar þeirra styðjast, þar sem rökin virðast ekki liggja alveg á yfirborðinu. Ég get þó ekki stillt mig um, þar sem hv. þm. Borgf. vitnaði sérstaklega í ummæli dr. Jóns Dúasonar, að geta um þau rök, sem nú nýlega hafa komið fram frá honum sem kjarni þessa máls, og það er grein í Tímanum 5. janúar 1948. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp, hvernig þessi gr. byrjar. Hún er eftir Jón Dúason:

„Hvernig öðlaðist Ísland eignar- og yfirráðarétt yfir Grænlandi?

Sjón helgaði rétt í fornöld, og sjón getur helgað rétt enn í dag. En Grænland er sýnilegt frá Íslandi, og hlýtur að hafa verið margséð af Íslandi, áður en það „fannst“.“

Ég verð nú að segja, að hvað sem menn að öðru leyti segja um lögfræðilegar kenningar — og þar má nú mörgu halda fram og byggja á ýmsum fræðikenningum —, þá er þetta ein hin furðulegasta staðhæfing, sem ég hef lesið. Því miður byggir dr. Ragnar Lundborg einmitt á þessari sömu fræðikenningu dr. Jóns Dúasonar í riti, sem nýlega hefur verið gefið hér út, ég held að tilhlutun dr. Jóns Dúasonar, um þetta mál, þar sem safnað er saman greinum og greinarkornum um þetta efni. Ég held, að það þurfi áreiðanlega að færa haldbetri rök að því, að Íslendingar eigi Grænland, heldur en það, að Íslendingar eigi Grænland af því, að það hafi oft sézt frá Íslandi. A. m. k. hafa landatilköll annarra þjóða orðið að styðjast við frekari rök

en slík. En þetta virðist mér — og það geta þeir betur séð, sem það kynna sér — vera orðinn aðalkjarninn í rökum dr. Jóns Dúasonar varðandi Grænlandsmálið. Hitt er svo líka, að hann hefur rakið ýmsar gamlar sögulegar tilvitnanir í þessum efnum. Um þær tilvitnanir er það vissulega svo, að margar þeirra benda til þess, að svo kunni að hafa verið, að náið samband hafi verið á milli byggðarinnar í Grænlandi til forna og íslenzka þjóðríkisins, og jafnvel, að Grænland hafi verið hluti af íslenzka þjóðríkinu. Hann og sumir aðrir vilja byggja þá fullyrðingu á þessum tilvitnunum í gamlar heimildir. Í því er þó þess að gæta, að ef við staðhæfum, að grænlenzka byggðin hafi verið hluti af þjóðríki Íslendinga, og ef Íslendingar vilja byggja rétt sinn til Grænlands á fornum lagastöfum, þá verðum við að sanna, að þeir séu svo ótvíræðir, að ekki sé vafi á, að réttur okkar til Grænlands hafi verið fullveldi, þannig að íslenzka ríkið hafi ráðið þar lögum og lofum. Ég skal ekki á nokkurn hátt ræða um það hér, hvort þessir lagastafir benda til þess arna eða ekki, og enn síður, hvort þeir séu fullnægjandi eða ekki, þó að sönnunarskyldan hvíli algerlega á okkur. Hitt vil ég færa fram, vegna þess að það er nauðsynlegt til skilnings á því, að íslenzk stjórnarvöld hafa ekki nú síðustu árin — ekki núverandi ríkisstj. fremur en undanfarnar stjórnir — né Alþ. verið sköruleg í þessu máli, að það er vegna þess, að mjög mikill ágreiningur er meðal beztu fræðimanna um það, hvað felist í þessum fornu lagastöfum. Það er t. d. alls ekki viðurkennt, að orðin: „í órum lögum“ í Grágás eigi við Grænland. Sumir fræðimenn halda fram, að þau eigi aðeins við Íslendinga. Aðrir telja, að það sé hæpið. Og sumir vilja ganga svo langt að segja, að þetta, þessi orð í Grágás séu sönnun fyrir því, að Grænland hafi tilheyrt Íslandi, þó að Grænland sé aldrei nefnt, þegar sagt er: „í órum lögum“. Það eru aðeins þau lög, sem um er að ræða, og verður að ályktа út frá þeim. Aðrir halda fram, að réttarlíking milli Grænlands og Íslands hafi verið mjög mikil í þá daga, að lög vegna sérstakra atriða, sérstaklega varðandi tvíkvæni, sem þessi l. taka til, hafi verið svo svipuð í báðum löndunum og menningarsambönd landanna að öllu leyti svo mikil, að þess vegna sé „í órum lögum“ þarna látið ná til Grænlands. Hvað sem um það er, þá geri ég nú ráð fyrir, að töluvert sterkari stoðir þurfi að renna undir landatilkall en svo tvírætt orðalag, sem kemur fram í gamalli lögbók, að það verði að byggja á meiru en því einu, sem þar stendur: „í órum lögum“, að Grænland hafi tilheyrt Íslandi. Ég hygg, að það yrði að byggjast á einhverjum staðreyndum og því, að einhver merki sæjust þess, að Grænlendingar hefðu í framkvæmd verið undir íslenzkum lögum. Og það er ekki hægt að neita því, að því verður haldið fram á móti okkur, að þess sjáist ekki merki. Við verðum að gera okkur ljóst, hverju verður haldið fram á móti okkur. En því verður haldið fram á móti okkur, að ef Grænland hefði verið hluti af Íslandi, þá mundu hafa verið settar skýrari reglur af Alþ. um réttargæzlu af Íslands hálfu á Grænlandi, þannig að ekki þyrfti út frá óljósum lagastöfum að vera með skarpvitrar getgátur í þessum efnum, heldur hlyti það einhvers staðar að koma skýlaust fram. Og hafi Íslendingar haft fullveldi á Grænlandi, þá væri þó furðulegt, að ekki hefðu verið beinar lagareglur settar um stjórn þar, og verður þá að líta á það, að Íslendingar voru engir viðvaningar í lögum á þessum árum, vegna þess að þjóðveldislöggjöf þeirra stendur miklu framar lögum margra þjóða á þeim tíma og er ein merkasta heimild um germanskan rétt frá því tímabili, sem hér er um að ræða. Hefði því verið furðulegt, ef slíkir lögfræðingar, sem um lög okkar fjölluðu á þeim tíma, hefðu látið slíkt atriði fram hjá sér fara, sem réttarfar á Grænlandi hefði verið, án þess að hafa um það sérstök, skýlaus fyrirmæli, ef Íslendingar hefðu ráðið þá yfir Grænlandi. Það hefur líka verið á það bent, að í hinum miklu handritum Íslendinga skuli ekki vera sagt frá ýmsum staðreyndum, sem ekki væru aðeins hæpnar röksemdir, sem vitna mætti til, heldur staðreyndir, sem byggja mætti það á að halda fram, að Grænland hefði verið hluti af íslenzka ríkinu. Nú telur dr. Jón Dúason sig hafa bent á ýmsar staðreyndir, sem til þess bendi í handritunum, en aðrir fræðimenn vilja gera minna úr því. Og ég verð hér að vitna í ummæli langmerkasta réttarsögufræðings, sem mér er óhætt að kalla, sem nú er uppi á Íslandi, *próf. Ólafs Lárussonar*, sem eru í ritgerð í Andvara 1924, er heitir „Réttarstaða Grænlands að fornu“. Á síðu 63 og 64 stendur í þessari ritgerð svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og sýnt hefur verið hér að framan, sýna heimildirnar, að byggðin forna á Grænlandi var sjálfstætt og fullvalda ríki, óháð öllum öðrum ríkjum, allt fram til 1261, er Grænlendingar játuðust undir vald Hákonar konungs. Frændur okkar á Grænlandi voru, þótt fámennir væru og lífskjör þeirra örðug, öllum óháðir. Sjálfir héldu þeir af eigin ramleik uppi lögum og rétti í landi sínu. Hvorki vér né Norðmenn né neinir aðrir geta með réttu talið land þeirra hafa verið hluta af sínu ríki. Sumir kynnu að ætla, að vegur vor Íslendinga mundi vaxa við það, ef við gætum bent þar á gamlan íslenzkan ríkishluta, ef þar væri íslenzk „irredenta“. En vegur okkar minnkar ekki, þótt vér viðurkennum söguleg sannindi, og þyngri væri ábyrgð vor á hinum ömurlegu örlögum Grænlendinga, ef Grænland væri forn ríkishluti íslenzkur. Og viljum vér gera kröfur til Grænlands nú, þá skulum vér byggja þær kröfur á einhverju öðru en því að umhverfa sögulegum sannindum. Því það hefnir sín.“

Þetta eru ummæli próf. Ólafs Lárussonar, sem ég hygg, að ekki aðeins lögfræðingar, heldur og aðrir telji merkasta réttarsögufræðing, sem nú lifi á Íslandi. Nú veit ég, að margir eru ekki aðeins ósammála þessari grein próf. Ólafs Lárussonar og niðurstöðu hans, heldur beinlínis gramir honum fyrir, og segja, að hann hafi þarna reynt að hafa réttindi af Íslendingum. Ég tel síður en svo ástæðu til að ásaka hann fyrir að segja það, sem hann eftir vísindalega rökleiðslu telur, að rétt sé. En ég bendi á, að það, sem máli skiptir í minni röksemdafærslu, er það, að þetta, að maður eins og próf. Ólafur Lárusson, með þá þekkingu, sem hann hefur, lítur gersamlega öðrum augum á réttarstöðu í sambandi við Grænland til forna en hér hefur komið fram, Það sýnir, hversu örðugt muni reynast okkur að sannfæra aðra um það, sem okkur ber að sannfæra þá um, ef við viljum, að krafa okkar verði tekin til greina um það, að það verði viðurkennt, að við höfum haft rétt til Grænlands á þessum tíma. Því að sönnunarskyldan hvílir á

okkur að öllu leyti um það, að við höfum til forna haft rétt yfir Grænlandi, ef við viljum halda slíku fram. Ef próf. Ólafur Lárusson hefur rangt fyrir sér í þessu, þá er ólíklegt, að hann hafi svo rangt fyrir sér, að ekki leiki mikill vafi á því a. m. k., hvert réttarástand hefur verið í þessum efnum til forna. Og ef einhver vafi er á þessu, þá er sá vafi okkur til óhags, vegna þess að sönnunarbyrðin hvílir á okkur.

Það eru fleiri en próf. Ólafur Lárusson af fræðimönnum okkar, sem um þetta hafa ritað, sem hafa svipaða skoðun og hann. Þannig er það t. d. ekkert leyndarmál, að prófessor og síðar hæstaréttardómari Einar Arnórsson skrifaði að tilhlutun ríkisstj. og utanrmn. ýtarlega grg. um Grænlandsmálið í skýrslu, sem er dagsett 7. janúar 1932. Þetta var gert í sambandi við málflutning fyrir Haagdómstólnum út af deilu Norðmanna og Dana um Grænland. Ég hygg, að þessi skýrsla hafi ekki verið birt, og ég sé ekki ástæðu til að rekja hana hér í einstökum atriðum, en árangurinn af skýrslu hans varð sá, að Íslendingar gerðust ekki beinn aðili að málinu í Haag, heldur létu það fram hjá sér fara án þess að leggja þar kröfu fyrir dóminn, og varð þess ekki vart, að ríkisstj. sætti þá ámæli frá Alþingi, meðan mönnum var sú rannsókn í huga, sem þá hafði farið fram.

Þá er á það að líta, að Íslendingar hafa haft ýmiss konar samningaviðskipti við Dani, og það er við búið, að Danir vitni til þess, að ef Íslendingar hefðu talið Grænland vera hluta af Íslandi eða nýlendu þess, þá hefði, þegar þeir samningar fóru fram, orðið að hreyfa málinu frá Íslendinga hálfu eða a. m. k. gera einhvern fyrirvara. Það er að vísu rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Borgf., að Íslendingar höfðu fram til 1918 ekki fulla aðstöðu til að krefjast Grænlands af Dönum. Þó er á það að líta, að ef Grænland hefði í vitund Íslendinga verið skoðað sem hluti landsins, þá hefði það fylgt með eins og Vestmannaeyjar, Grímsey og aðrir slíkir staðir. En því fer svo fjarri, að nokkru slíku hafi verið hreyft, og við samningsgerðina 1918 var ekki farið fram á Grænland sem hluta af Íslandi eða nýlendu, heldur eingöngu farið fram á að fá fiskveiðaréttindi við Grænland í skiptum við rétt Færeyinga við Ísland. Ég efast ekki um, að Danir muni halda fram, að með þessu hafi Íslendingar sýnt, að þá hafi þeir talið, að Grænland tilheyrði réttilega Danmörku. Í samningunum kom einnig fram sú skoðun af Dana hálfu, að Grænland lyti alveg yfirráðum Dana, og Íslendingar gerðu engan fyrirvara þar á móti. Eins held ég, ef mér er rétt skýrt frá, að við samningagerðina og eftir þá og ég hygg fram að því hafi því ekki verið hreyft af hálfu Íslendinga, að við ættum yfirráðarétt yfir Grænlandi, heldur hafi eingöngu verið talað um fiskiveiðaréttindi við Grænland í skiptum fyrir önnur réttindi og þá fyrst og fremst rétt Færeyinga hér við land, og að því er ég bezt veit, þá var þessi afstaða samningamannanna íslenzku tekin eftir að flokkarnir hér höfðu áður borið ráð sín saman um þetta og orðið sammála. Og þess er ekki að dyljast, að það verður áreiðanlega bent á þetta sem veiklun á málstað okkar.

Þá vil ég minna á það, sem komið hefur fram í umræðum, að dómur hefur gengið um réttarstöðu Grænlands við alþjóðadómstólinn í Haag 5. apríl 1933, að vísu fyrst og fremst varðandi kröfu, sem Norðmenn gerðu um nokkurn hluta Austur-Grænlands. Íslendingar voru, eins og ég áður sagði, að hugsa um að gerast beinn aðili að því máli, en hurfu frá því ráði að athuguðu máli. Ég efast ekki um, að því verði haldið fram í málaferlum, ef til þeirra kæmi, að Íslendingar hafi þar setið af sér rétt sinn, ef þeir hafi talið hann einhvern vera, með því að bera hann ekki fram í Haag á þessum tíma. Í enska textanum af þessum dómi segir svo á bls. 64, með leyfi hæstv. forseta:

„It follows from the above, that the Court is satisfied that Denmark has succeeded in establishing her contention that at the critical date, namely July 10th 1931 she possessed a valid title to the sovereignty over all Greenland."

Lauslega þýtt: Nú leiðir af framan sögðu, að dómstóllinn er sannfærður um, að Dönum hefur heppnazt að sanna þá fullyrðingu sína, að á þeim tíma, sem hér skiptir máli, 10. júlí 1931, hafi þeir haft yfirráðarétt yfir öllu Grænlandi. — Með þessu er kveðinn upp dómur alþjóðadómstóls um það, að Grænland lúti lögsögn Dana. — Íslendingar áttu rétt á því að ganga inn í þetta mál, og yfirlýsing þeirra til dómsins sýndi, að þeim var kunnugt um þetta mál. Engu að síður taldi dómstóllinn, að Dönum hefði tekizt að sanna, að þeir hefðu fullkominn yfirráðarétt yfir öllu Grænlandi.

Nú má segja, að þessi dómur sé ekki bindandi nema um þá tvo aðila, sem þarna áttu hlut að máli. En það væri að ganga blindandi út í leikinn, ef við gerðum okkur ekki fyrirfram grein fyrir því, að Íslendingar tóku ekki beinan þátt í málssókninni eða báru þar fram sínar kröfur, þegar dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu, að Danir hefðu þarna fullkominn yfirráðarétt, og það hlýtur að verða mjög til að veikja kröfur okkar. Ástæðan til þess, að Íslendingar tóku ekki þátt í málssókninni, var auðvitað sú, að þeir að athuguðu máli þá töldu hagsmunum landsins bezt borgið með því að skipta sér ekki frekar af málinu. En úr því að þeir tóku þessa afstöðu og dómstóllinn komst að þessari niðurstöðu, sem ég hef vitnað til, þá sé ég ekki gagn að því, að um það sé þagað, að aðstaða okkar er fyrir það veikari en áður, en sterk rök fyrir Dani til viðbótar við þann rétt, sem þeir höfðu.

Ég skal ekki rekja frekar þau atriði, sem fram hafa komið og benda til, að þetta mál verði ekki eins auðsótt af okkar hálfu og margir hafa viljað vera láta.

Ég vil taka fram, að ég er með þessu á engan hátt að segja frá eigin brjósti, hvað rétt er eða rangt. Ég tel, að um það megi deila, hver réttur hinnar fornu nýlendu hefur verið og í hverju skyni bygging Grænlands hefur verið nýlenda Íslands. En þó að ég vilji ekki segja neitt af minni hálfu á þessu stigi málsins, þá tel ég, að nauðsynlegt sé, að hv. þm. viti, að það eru mjög mikilvæg rök, sem hníga á móti þeirri rökfærslu, sem hv. þm. Borgf. hefur borið hér fram, og að Íslendingar loki ekki augunum fyrir þeim þungu gagnrökum, sem fram hafa verið færð af hinum færustu mönnum og ríkisstj. og Alþ. hafa fallizt á og hagað sér eftir, því að einmitt það, að við höfum ekki sótt þetta mál öll þau ár, sem liðin eru síðan 1918, sýnir, að íslenzk stjórnarvöld hefur skort trú á réttmæti þessarar fullyrðingar, þegar á hefur átt að herða.

Ég tel hins vegar mjög gott, að þetta mál hefur verið borið hér fram. Ég tel mjög nauðsynlegt, að

það sé rætt frá báðum hliðum og menn geri sér grein fyrir, hvað við getum fært fram máli okkar til styrktar, vegna þess að rétt athugun á þessu máli hlýtur að leiða menn til ákvörðunar á því, hverja af þeim þremur leiðum, sem ég nefndi í upphafi máls míns, við skulum ganga. Það er vissulega einföld lausn þessa máls, ef hún dugir, sem dr. Jón Dúason heldur fram, að menn varpi augum sínum á einhvern hlut, og þá sé hann þeirra eign. Ég hygg, að sú aðferð væri að sumu leyti ekki heldur æskileg fyrir okkur Íslendinga, því að þá er hætt við, að einhverjir kynnu, þegar tímar líða, að seilast á þann hátt til okkar lands. Þessi leið er of fjarstæð til að geta haft þýðingu í þessu máli.

Ég tel, að í þessu máli gæti enn að nokkru þess eðlilega baráttuhugar, sem í okkur var gagnvart Dönum, meðan við áttum óuppgerðar sakir við þá varðandi sjálfstæði okkar og þeir sátu yfir okkar hlut. Þá var eðlilegt, að við héldum fram okkar ýtrustu kröfum í öllum efnum og legðum oft á tæpasta vað til að geta loks náð því, sem mestu máli skipti. Það er enginn vafi, að þetta var rétt aðferð þá. En nú, þegar við höfum slitið öll stjórnmálaleg tengsl við Dani, þá tel ég, að skipti miklu, að við breytum um aðferð í þessum efnum, þar sem það er okkar hagur ekki síður en Dana, að Íslendingar og Danir geti haft góð samskipti saman. Og það vita allir, sem fylgzt hafa með málum á alþjóðlegum vettvangi og hugarfari milli þjóða, að fáar þjóðir eru svo líklegar til vinsamlegrar samvinnu og Íslendingar og Danir. Ég tel þetta gleðilegt tímanna tákn, og ég tel, að Íslendingar eigi að nota sér þessa auðsæju aðstöðu til vináttu, sem við getum haft við Dani sem við aðrar þjóðir. Að vísu situr það í sumum Dönum, sem eru miður málum kunnugir, að við fórum úr sambandi við þá. Það er minnimáttarkennd hjá þeim, sem upprætist áður en varir, og þá vil ég vona, að frá þeirra hálfu verði sama hugsun og nú er frá öllum ráðandi mönnum Dana, vinarhugur til Íslands og góðvilji, og sama tel ég, að við eigum að sýna, án þess þó að slaka á þeim rétti, sem við eigum. En við verðum í eitt skipti fyrir öll að gera upp við okkur, hvaða kröfur við eigum og ætlum að halda til streitu. Við eigum ekki að halda fram og ekki vera með kröfur, sem kannske fáir, kannske 1—2, kannske 10 menn trúa á, en hinir leiða hjá sér með góðlátlegu glotti og höfuðhristingu, og láta líta út sem það séu alþjóðlegar kröfur. Ég segi ekki, að þessi sé afstaðan í Grænlandsmálinu. Ég veit, að margir góðir menn hafa þá tilfinningu, að þarna eigum við rétt, þó að ég því miður verði að segja þann sannleika, að sá maður, sem verður að telja Íslendinga fremstan í þjóðréttarfræði, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, sem ég áður minntist á. Málið verður okkur til vandræða, ef svo fer, að við förum að koma með óljósar kröfur, án þess að við gerum okkur ljóst, hverjum þeirra við ætlum að fylgja fram með fullri alvöru. Ég tel því ágætt, að hinn skeleggi baráttumaður, hv. þm. Borgf., skuli hafa flutt málið, svo að utanrmn., ríkisstj. og Alþ. geti látið fram fara á því þá athugun, sem er nauðsynleg til þess, að við komumst þar allir á sameiginlegan grundvöll.

Ég taldi skyldu mína að benda á þá annmarka, sem á leið okkar eru, vegna þess að hv. þm. Borgf. var svo bjartsýnn á það. Ég hef ekki gert nema að rifja upp staðreyndir, sem fyrir hendi eru í málinu, og álit og skoðanir hinna færustu manna. Við nýja athugun getur verið, að menn finni nýjar leiðir og rök, sem gætu leitt til þess, að við fengjum viðurkenndan, sem æskilegt væri, einhvern fiskveiðirétt við Grænland.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að koma hér með nokkrar hugleiðingar í sambandi við þetta mikla mál.

Þetta mál er, eins og þegar hefur verið tekið fram, ákaflega mikilvægt og því nauðsynlegt, að við gerum okkur sem bezt grein fyrir því. Ég vil taka fram, að því fer fjarri, að ég hafi til fulls gert mér grein fyrir málinu, og þær hugleiðingar, sem ég kem með, kunna ef til vill að breytast. Ég vil enn fremur taka fram, að þessar hugleiðingar flyt ég á mína ábyrgð persónulega, án þess að minn flokkur hafi tekið þar nokkra afstöðu.

Ég held, að þegar við ræðum mál eins og framtíðarrétt okkar við Grænland, þá sé nauðsynlegt, að við gerum okkur ljóst, á hvers konar grundvelli skuli byggja rétt okkar. Ég held, að sá lögfræðilegi grundvöllur, sem sérstaklega hefur verið rætt um í sambandi við þetta mál, sé engan veginn einhlítur, hvorki frá okkar sjónarmiði sérstaklega í þessu máli né reynist vera það í heimsstjórnmálunum, þegar ákvarðanir eru teknar.

Ég verð að segja, án þess að gera á nokkurn hátt lítið úr því, sem haldið er fram frá lögfræðilegu og sögulegu sjónarmiði, að ef við athugum þá atburði, sem hafa verið að gerast og eru nú að gerast í heiminum, þá er fleira, sem taka þarf tillit til en sú lögfræðilega hlið. Ég fyrir mitt leyti vil, að við athugum, hvaða siðferðislegan rétt við höfum, áður en við ákveðum afstöðu okkar í slíku vandamáli. Ég skal til samanburðar taka þá ákvörðun, sem gerð hefur verið í heimsstjórnmálunum viðvíkjandi Gyðingum og Aröbum. Ég býst við, að hver lögfræðilegur dómstóll hefði fram til 1919 talið, að Arabar ættu rétt til Palestínu, þar sem þeir hafa nú verið þar í 2 þúsund ár. Gyðingar hafa aftur á móti sínar menningarlegu, þjóðernislegu og sínar sterku siðferðislegu og náttúrlegu röksemdir. Eftir 1919 var þeim sleppt inn í þetta land, sem önnur þjóð hafði átt upp undir 2 þúsund ár. Nú hafa sameinuðu þjóðirnar ákveðið að stofna Gyðingaríki í þessu landi, sem önnur þjóð hefur haft yfirráð yfir í 2 þúsund ár og haft til landsins skýlausan rétt. Ég get ekki séð, að þetta sé byggt á lögfræðilegum forsendum, heldur siðferðislegum, menningarlegum, þjóðernislegum og sennilega pólitískum.

Ég vil taka fram, að jafnvel þó að það kynni að vera rétt, sem hv. þm. Borgf. hefur haldið fram og dr. Jón Dúason, að Grænland sé partur af Íslandi, þá vil ég mótmæla þeirri skoðun, að Grænland geti verið nýlenda Íslands. Ég býst ekki við, að við lítum nokkurn tíma á Grænland sem nýlendu Íslands, sem sé undir Ísland gefin með minni réttindum en menn hér á landi hafa. Og þegar það kemur fram á þessum tímum að krefjast Grænlands sem nýlendu, þá álít ég það órétt og í mótsetningu við allan siðferðislegan rétt, sem við Íslendingar byggjum okkar eigin sjálfstæði á. Ég tel, að við verðum fyrst og fremst að stinga hendinni í eigin barm. Rétturinn til Grænlands hlýtur fyrst og fremst að vera Grænlendinga sjálfra.

Og að svo miklu leyti sem þeir kunna að vera afkomendur og frændur okkar Íslendinga og geyma að meira eða minna leyti hjá sér þá réttarhugmynd og sjálfstæðiskröfur, sem að einhverju leyti kunna að byggjast á því ríki, sem þar hefur verið, áður en það kom undir Noregskonung, þá ber okkur, að svo miklu leyti sem þeir eru frændur okkar, að styðja þá í því máli. Sá réttur, sem Danir hafa til Grænlands og þeim var dæmdur af alþjóðadómstólnum, er enginn siðferðislegur réttur og engu meiri en sá réttur, sem þeir höfðu til Íslands á 18. öld, og sá siðferðislegi réttur til Grænlands hlýtur að vera þeirra manna, sem þar búa og heyja þá hörðu lífsbaráttu, sem þar er háð. Og okkur Íslendingum sem þjóð, sem hefur barizt fyrir því að öðlast sjálft frelsið, og höfum öðlazt það eftir margra alda kúgun, okkur hlýtur að renna blóðið til skyldunnar, að sú þjóð, sem þetta land byggir, fengi sinn rétt. Og ég býst við, að það séu margir Danir, sem líta þannig á málið. Það er vitað, að það er ekki þjóðin sjálf, sem ræður því, hvernig stjórnað er þarna, heldur er það lítil nefnd, sem hefur þar einokun, og mér er kunnugt um það, að frá hálfu mjög margra Dana hafa komið mjög harðvítugar árásir á það stjórnarfar, sem þar er ríkjandi. — Ég vil því, að það komi greinilega fram, þegar við Íslendingar tölum um afstöðu okkar til Grænlands, að við viðurkennum fyrst og fremst rétt þeirra manna, sem þar búa, til þess að ráða málum sínum sjálfir, — þann rétt, sem öllum lögum er æðri.

Hvað snertir hins vegar það spursmál um Grænland, sem er næstum eins stórt og heil heimsálfa, — réttinn til að hagnýta þau auðæfi, sem þar eru, álít ég, að það mál eigi að athuga alveg sérstaklega. Ég skal ekki fara inn á hinar lögfræðilegu og sögulegu forsendur í þessu sambandi, en halda mig við þann siðferðislega rétt, sem þarna kemur til greina.

Að svo miklu leyti sem þjóðin, sem byggir Grænland, hefur ekki möguleika til að hagnýta sér auðlindir þess, álít ég ekki óeðlilegt, að við Íslendingar gerðum kröfu til þess að fá að hagnýta þær auðlindir, sem þar eru. Með því á ég ekki við, að við hefðum þar nein einokunarréttindi, heldur jafnrétti og jafnvel forréttindi fram yfir flestar aðrar þjóðir. Ég vil byggja þessa kröfu á því, að þjóð okkar hefur um aldaraðir haldið uppi byggð hér á norðurhjara veraldar, við erfiðustu skilyrði, sem nokkur þjóð hefur búið við. Við og Grænlendingar höfum allar þessar aldir barizt við erfiðari lífsskilyrði en nokkur önnur þjóð í Evrópu hefur þurft að berjast við á þeim tíma. Báðar þessar þjóðir, Íslendingar og Grænlendingar, hafa háð þessa baráttu þannig, að það hefur legið við, að þjóð okkar hafi farizt í þessu róti, og það er fyrst núna, sem við erum búnir að vinna upp það, sem við höfðum tapað vegna þess, að við höfðum í fyrsta lagi átt við svo mikla erfiðleika að stríða, og í öðru lagi vegna þeirrar kúgunar, sem við höfum orðið að sæta okkur við vegna annarra þjóða. Þess vegna eigum við nokkurn rétt á því, þegar þess er gætt, hvað við höfum lagt til málanna, hve miklar mannfórnir við höfum fært, þá eigum við siðferðislega kröfu til þess, að tekið sé tillit til þessara mannfórna okkar, þegar það er gert upp, hvaða þjóðir skuli hafa aðgang að þessum auðlindum. Og ég vil taka fram, að þær fórnir, sem Grænlendingar hafa fært, gefa þeim auðvitað enn meiri rétt en okkur.

En þó byggist þessi réttur okkar ekki aðeins á siðferðislegum forsendum. Ég vil taka undir það, sem hv. frsm. réttilega tók fram, að þessar kröfur okkar, eins og allra þjóða, byggjast fyrst og fremst á möguleikanum til þess að geta lifað. Við höfum byggt tilveru okkar á fiskveiðum, en aðrar þjóðir hafa hagnýtt sér þessi fiskimið þannig, að nú er hætta á, að þau fari að ganga til þurrðar. Ef þessi fiskimið, sem við höfum byggt svo mikið tilveru okkar á, eru eyðilögð af þessum þjóðum, er sjálfsagt, að við gerum kröfu til þess, að við fáum frá öðrum þjóðum aðgang að þeim fiskimiðum, sem hér um ræðir.

Í öðru lagi, þá eru í þessu landi, eins og hv. frsm. gat um, mjög miklar náttúruauðlindir. Við Íslendingar höfum sérstaka möguleika á því að framleiða, vegna fossa okkar og hveraorku, og gætum komið hér upp stóriðju, ef ekki vantaði til þess flestöll hráefni. Ef meginið af þeim hráefnum, sem þarf til stóriðju á Íslandi, væri til á Grænlandi, þá væri mjög eðlilegt, að við Íslendingar, í samstarfi við Grænlendinga og fleiri þjóðir, gætum haft sérstakan rétt til að vinna þau hráefni og hagnýta þau. A. m. k. finnst mér sjálfsagt, að það komi fram strax í þessu máli, að Grænlendingar og Íslendingar og kannske fleiri þjóðir hafi meiri rétt til þess að hagnýta sér slík auðæfi en ýmsar stærri þjóðir heims, sem hafa nægilegt af slíkum hráefnum hjá sér. Við vitum það af sögu mannkynsins síðustu 9 aldir, að stærstu þjóðir heimsins hafa lagt undir sig meginið af hnettinum, þótt þær hefðu nægilegt heima hjá sér. Ég álít, að það væri mjög illa farið, ef hin miklu náttúruauðæfi Grænlands lentu í klóm stórþjóða, sem mikið vald hafa til þess að geta lagt undir sig auðæfi hér og hvar um alla veröld. Mér finnst, að Grænlendingar, Íslendingar og e. t. v. aðrar þjóðir á norðurhjara veraldar hefðu fyrst og fremst rétt til slíkra auðlinda. — Ég álít, að þegar við förum að ræða afstöðu okkar til þessa máls, eigi að taka fullt tillit til þess siðferðislega réttar, sem okkur ber í þessu sambandi, sem byggist á skilyrðum þjóðar okkar, fórnum þjóðar okkar á undanförnum öldum, og þann rétt getum við svo enn betur stutt, eftir því sem okkur sýnist, með sögulegum og lagalegum rökum.

Við verðum einnig að gera okkur ljóst, að meðferð okkar á þessu máli hefur ekki aðeins þýðingu fyrir augnablikið, eins og hv. frsm. tók fram, heldur fyrir framtíðina. Okkur, sem berum gæfu til þess að vera fyrsta kynslóðin, sem stjórnar hér á Íslandi eftir að við höfum öðlazt fullt sjálfstæði, okkur ber að gæta þess í hvert skipti, sem við mótum afstöðu okkar út á við, að hugsa ekki aðeins frá sjónarmiði þeirra þarfa, sem við höfum nú á þessum áratugum, heldur frá sjónarmiði þjóðar okkar í framtíðinni. Þótt við séum enn fámennir, vonum við, að hér eigi eftir að búa íslenzk milljónaþjóð og sú þjóð þurfi fyllilega að geta gert kröfu til þess, að lífsmöguleikar hennar hafi ekki verið eyðilagðir á fyrsta tímabili hins íslenzka lýðveldis. Við verðum að hugsa um þær kynslóðir, sem koma á eftir okkur, að búa svo í haginn fyrir þær, að þær hafi einhverja lífsafkomumöguleika.

En hvað sem snertir nú okkar siðferðislega rétt, þann rétt, sem við kynnum að hafa lagalega eða

sögulega, þá vitum við allir, að það er einu sinni svo í veröldinni, að þótt við gætum sannað okkar siðferðislega rétt, þá þýðir það ekki venjulega um leið að fá slíkt viðurkennt. Það kostar venjulega langa og harðvítuga baráttu, alls konar pólitískt samstarf eða samninga að fá slíkan rétt viðurkenndan, og við Íslendingar þekkjum þjóða bezt, hvað það hefur kostað. Við sjáum hins vegar, að slíkur áróður fyrir góðum málstað getur áorkað mjög miklu, sbr. t. d. þá afgreiðslu, sem Palestínumálið hefur fengið hjá þingi Sameinuðu þjóðanna. Spurningin fyrir okkur er því þessi: Á hvern hátt getum við gert okkur vonir til að fá þann siðferðislega rétt viðurkenndan, sem við álítum, að við ættum þarna? Ég álít, að við ættum í þessum efnum að leita samstarfs við frændþjóðir okkar. Í fyrsta lagi er þetta land, sem allir viðurkenna, að Grænlendingar hafi tilkall til sjálfir. Í öðru lagi vitum við, að Færeyingar sem þjóð gera sérstakar kröfur til að fá þarna ítök, sökum þess að fiskimið þeirra hafa verið eyðilögð af öðrum þjóðum á undanförnum áratugum. Við vitum í þriðja lagi, að Norðmenn hafa gert sérstakar kröfur til hluta af Grænlandi og til fiskimiða við Grænland. En þó alveg sérstaklega eru það Danir, sem við vitum, að hafa hið raunverulega vald yfir Grænlandi sem stendur, hvort sem við viljum viðurkenna, að það sé byggt á lögum eða siðferðislegum rétti. Þetta eru þær þjóðir, sem fyrst og fremst hafa hér réttar að gæta. Það var einu sinni sú tíð, að danska krúnan réð yfir öllum þessum löndum. Um Norður-Atlantshafið var svo að segja hálfhringur, sem Danir höfðu sölsað undir sig. Gamla danska ríkið hefur verið að liðast í sundur á undanförnum árum. Hins vegar höfum við, þessi þjóð, sem einu sinni lutum þessu valdi, ekki beinna hagsmuna að gæta í þessu sambandi, heldur lítum við svo á, að það séu ýmis bönd, sem tengja okkur saman. — Ég kem inn á þetta hér vegna þess, að mér hefur í blöðum bæjarins verið blandað nokkuð inn í þetta mál, vegna þess að danskur blaðafulltrúi, sem hér var, Ole Killerich, mun í dönsku blaði hafa skrifað nokkuð um viðtal, sem hann hefur átt við mig, og kemur hann inn á Grænlandsmálin í þessu sambandi og telur þessa kröfu standa að einhverju leyti í sambandi við hugmynd, sem ég hef sett fram við hann þar. Ég skal segja frá þessu samtali hér.

Ég talaði við þennan mann af því, að hann var frjálslyndur Dani, sem þótti leitt til þess að hugsa, að við stofnuðum lýðveldi. Þetta var aðeins einkasamtal og ég kom ekki fram með neinar till., heldur setti aðeins fram mínar persónulegu hugmyndir. Ég leiddi honum fyrir sjónir, að frá hans sjónarmiði sem frjáls, ungs Dana, sem þá tæki virkan þátt í baráttunni fyrir föðurlandi sínu gegn Þjóðverjum, þyrfti það ekki að vera neitt leiðinlegt, að Íslendingar skildu að fullu við Dani og stofnuðu lýðveldi, því að það mundi ekki verða til þess að fjarlægja þessar þjóðir, heldur skapa grundvöll að betra samstarfi milli þeirra. Það væri óhugsandi frá sjónarmiði Dana og þá sérstaklega þeirra, sem stæðu fremst í frelsisbaráttunni gegn Þjóðverjum, að ætla sér að halda að einhverju leyti, þó ekki væri nema konungsnafninu yfir Íslendingum. Það hefði farið þannig með Noreg, þannig færi á næsta ári með Ísland og fleiri af þessum löndum, sem einu sinni hefðu verið undir dönsku valdi. Færeyjar mundu verða sjálfstæðar og einhvern tíma kæmi að því, að svipað yrði um Grænland. Það væri ekki hægt að standa á móti þessum kröfum þjóðanna, og það ættu Danir að geta skilið, þar sem þeir stæðu sjálfir í þjóðfrelsisbaráttu. Ég sagði því við hann, að ég áliti heppilegast, að í Danmörku kæmi fram barátta fyrir því, að tekið yrði vel í frelsiskröfur þessara þjóða, til þess að þessi skilningur gæti orðið með slíku móti, að sem bezt samstarf yrði milli þessara þjóða á eftir. Að því er t. d. Færeyjar snerti mundi það, ef Danir styddu að því, að Færeyingar öðluðust sama sjálfstæði og þeir sjálfir krefðust, verða til þess að gera sambandið og samstarfið betra milli þjóðanna. En í hvert skipti, sem mótstaða kæmi frá Dönum gegn sjálfstæðiskröfum Færeyinga, mundu útlend öfl ýta undir slíkar kröfur og um leið reyna að tengja sig þeim nánari böndum. Það væri t. d. enginn vafi á því, að í Englandi væru öfl, sem ynnu að því að ýta undir Færeyinga að skilja við Dani með það fyrir augum að láta Færeyinga komast undir ensk yfirráð. Þess vegna ættu Danir að ýta undir sjálfstæðiskennd Færeyinga og hjálpa þeim, því að þeir hefðu svo margra sameiginlegra hagsmuna að gæta.

Þetta var ég að reyna að skýra fyrir Ole Killerich frá mínu sjónarmiði. Norrænu þjóðirnar yrðu að standa saman og vernda þá hagsmuni, sem þær eiga hér að gæta, til þess að aðrar þjóðir utan þess hagsmunasvæðis geti ekki tekið þennan rétt af þeim. Ég álít það mjög þýðingarmikið, að við Íslendingar gætum átt þess kost að hagnýta auðæfi Grænlands, en ég álít hins vegar ekki neitt mæla með því, að við fengjum þessu framgengt, nema aðrar þjóðir, sem ég hef nefnt, fengju að einhverju leyti líkan rétt. Ég held, að ráðlegt væri að reyna að vinna frjálslynda menn í Danmörku og öðrum löndum til skilnings á þessu máli og fá þá til þess að standa saman um lausn þessa Grænlandsmáls, sem tryggi það, að Grænland varðveitist innan þeirrar norrænu heildar, sem það hefur verið í. Ég hef þá trú, að það mundi vera hægt að skapa slíkan skilning hjá mönnum t. d. í Danmörku. Ég hef þá trú á dönsku þjóðinni, eftir það sem hún sjálf hefur þurft að ganga í gegnum á undanförnum árum til þess að berjast fyrir frelsi sínu, að hún muni í fyrsta lagi taka þá afstöðu til Grænlands að viðurkenna sjálfstæðisréttindi þeirra manna, sem það land byggja, og í öðru lagi vilja hafa samvinnu við hin Norðurlöndin, ef þau hafa áhuga fyrir, um hagnýtingu náttúruauðæfa landsins og um eins konar sameiginlega utanríkispólitík þessara landa um að standa á verði um, að áhrif annarra stórþjóða grípi ekki þarna inn í. Við vitum, að það kemur til með að hafa mikla þýðingu hvað framtíðina snertir, hvort land eins og Grænland yrði skoðað sem land, þar sem Grænlendingar, Íslendingar, Færeyingar, Danir og Norðmenn ættu að einhverju leyti samstarf um að tryggja hagnýtingu náttúruauðæfa þess, að sjálfsögðu með forréttindum þeirrar þjóðar, sem það byggir, eða hvort það t. d. lenti í höndum einhvers stórveldis. Við vitum ekki, hvaða auðæfi kunna að vera fólgin þarna, en við vitum, að þau lönd, sem ég nefndi áðan — að Noregi undanteknum — eru fátæk af öllum málmum og öðru slíku, sem að öllum líkindum er fólgið í jörðu á Grænlandi. Og ef það land yrði rannsakað norð-

ur við heimsskautsbaug, kunna að leynast þar auðæfi, sem engan okkar grunar í upphafi atómaldarinnar, en það er álit fróðra manna í þessum efnum, að pólarlöndin muni vera rík af þeim efnum, sem notuð eru til kjarnorkuframleiðslu.

Ég held þess vegna, að okkur Íslendingum beri að athuga þetta mál mjög gaumgæfilega og um leið reyna að koma okkur niður á víðsýna utanríkispólitík í þessum efnum. Vil ég á engan hátt draga úr þeirri andstöðu, sem við Íslendingar eigum að hafa til danskrar einokunar á Grænlandi, en ég vil hafa samstarf við alla frjálslynda Dani um þetta mál.

Við höfum nú séð, hverju andleg barátta Gyðinga hefur getað áorkað undanfarið, er hefur nú leitt til bráðabirgðalausnar Palestínuvandamálsins, og ég álít, að við Íslendingar eigum að koma okkur niður á, hver sé hinn siðferðislegi réttur í þessu máli, og að reyna að finna heppilegustu leiðina til þess að fá slíku réttlæti fullnægt til handa þeirri þjóð, er Grænland byggir — og okkur hinum Norðurlandaþjóðunum.

Hitt vil ég endurtaka, að við Íslendingar gerum áreiðanlega ekki kröfu til þess að eignast nýlendur. Við höfum nógu lengi verið nýlenduþjóð til þess að geta unnað nokkurri þjóð þess hlutskiptis. Það sæti líka illa á okkur að ætla nú, þegar við erum nýsloppnir úr 7 alda erlendri kúgun, að fara að gera kröfu til yfirráða yfir annarri þjóð. Það, sem hér er um að ræða, er fyrst og fremst það að reyna að koma á samstarfi milli þeirra norrænu þjóða, sem þarna hafa hagsmuna að gæta, og þeirrar þjóðar, sem Grænland byggir.

Þetta er smávægis hugleiðing, sem ég vildi, að kæmi fram á þessu stigi málsins. Ég álít það mjög gott, að þetta mál skyldi koma hér fram, og að okkur beri að taka það mjög alvarlegum tökum og að reyna að afgreiða það þannig, að við stöndum þar á grundvelli þess réttar, sem ekki verður véfengdur, og gerum kröfu til þeirra hagsmuna, sem við álítum, að sé óhjákvæmilegt annað en að gera fyrir íslenzku þjóðina í framtíðinni, en með fullu tilliti til þeirrar þjóðar, er Grænland byggir.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 28. jan., var fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Ég vil byrja á því að láta í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. dómsmrh. hefur fagnað þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir. Hefur hann heitið málinu stuðningi sínum, þannig að utanrmn., sem till. að sjálfsögðu fer til, taki málið til rækilegrar og gaumgæfilegrar athugunar. Vildi ég mega vænta þess, að svo skipist málum í meðferð utanrmn. á till., að hún eigi þar svipuðu gengi að fagna og till. sú um Grænlandsmál, sem Jón Þorláksson flutti árið 1931, en hún var, eins og hef áður sagt, afgreidd frá n. með samhljóða atkvæðum. Þá er og þess að vænta, að lokinni athugun utanrmn. á till., að hún fái og hjá Alþ. svipað brautargengi og fyrrnefnd till. Jóns Þorlákssonar fékk á sínum tíma, enda þarf nú, eins og komið er, að hraða máli þessu, þar sem það er þýðingarmikill þáttur í því uppgjöri, sem nú er að hefjast milli Íslendinga og Dana eftir sambandsslitin.

Hæstv. dómsmrh. taldi, að það gæti nokkuð orkað tvímælis, samkvæmt orðalagi þáltill. minnar, hvort sú merking fælist í henni, að Íslendingar krefðust yfirráðaréttar yfir Grænlandi, eða eingöngu væri að því stefnt að Íslendingar fengju þar — máske með því að láta sérstök fríðindi á móti koma — atvinnuréttindi, en að yfirstjórn Dana héldist eftir sem áður.

Út af þessu vil ég taka það skýrt fram, eins og bæði grg. fyrir till. og ræða mín, er ég fylgdi till. úr garði, staðfestir, að það er tilgangurinn, að Íslendingar krefjist óskoraðs réttar til atvinnurekstrar og landsyfirráða á Grænlandi. Ef mönnum lízt, að þessi hugsun samrímist ekki að öllu leyti orðalagi till. eins og hún er, stendur það vitanlega til bóta, og mundi ekki þurfa annað en að skjóta inn í till. einu orði, til þess að þetta kæmi alveg óvéfengjanlega í ljós. Hæstv. dómsmrh. (BBen) sagði og, að allur málflutningur minn í sambandi við till. benti til þess, að þetta væri meiningin, og er það alveg rétt skilið hjá hæstv. ráðh.

Það er á grundvelli þessarar kröfu af hálfu Íslendinga, sem ég legg til, að mál þetta sé lagt fyrir alþjóðadómstól til úrskurðar, ef samkomulag næst ekki milli Íslendinga og Dana um þá lausn á málinu, sem Íslendingar geta sætt sig við og þeir telja sig vel sæmda af.

Viðkomandi því, þegar ég tala um, að samkomulag geti náðst um þetta mál milli Íslendinga og Dana, þá gæti komið til mála, að samið yrði án þess að við fengjum að því sinni fullnægt kröfum okkar um landsyfirráð á Grænlandi, en samkomulagið tæki til þess, að viðurkenndur yrði réttur Íslendinga til atvinnurekstrar á Grænlandi og við strendur þess, en slíkur samningur kæmi því aðeins til greina, að Íslendingar gerðu hann með fyrirvara um, að þeir héldu eftir sem áður sínum sögulega eignarrétti til Grænlands. Að önnur fríðindi kæmu á móti af hálfu Íslendinga við slíka samningagerð en þau að falla frá því um óákveðinn tíma að halda til streitu kröfunum um landsyfirráð á Grænlandi, kæmi vitanlega ekki til greina undir neinum kringumstæðum. Íslendingar hafa ekki til þessa samið af sér nein réttindi viðvíkjandi Grænlandi.

Þótt segja megi, að Alþ. hafi verið tómlátt í þessu máli, þá hefur sú aðgerðahægð ekki leitt af sér neina skerðingu á rétti Íslendinga í þessu efni, og geta þeir nú, er Alþingi og ríkisstjórn tekur upp þessar kröfur, þess vegna haft í fullu tré um sókn þessa máls.

Þegar sambandslagasáttmálinn var gerður, geymdu Íslendingar óskertan rétt sinn í þessu máli. Þá höfðu þeir því erfiða og þungsótta verkefni að sinna að sækja í hendur annars ríkis rétt sinn, er það hafði setið yfir í margar aldir, og að fá sjálfstæði sitt og fullveldi viðurkennt. Var þetta torsótt mjög og urðu Íslendingar að slá af kröfum sínum í fjárskiptum landanna til þess að fá að því sinni fullveldisviðurkenningu. En rétt sinn til Grænlands varðveittu Íslendingar þá sem endranær. Kröfur þær um endurheimting þessa réttar, sem háværar raddir voru uppi um eftir 1918, eru góð sönnun þess, að réttur vor í því efni var geymdur, en ekki gleymdur.

Aðgerðir Alþingis árið 1931 í þessu máli styrktu rétt Íslendinga, en veiktu hann ekki. Íslendingar komu þá á framfæri við dómstól þann, sem gerði út um deilu Norðmanna og Dana um yfirráð yfir

Austur-Grænlandi, yfirlýsingu af þeirra hálfu um það, að þeir teldu sig hafa réttar og hagsmuna að gæta ekki einasta í þeim hluta Grænlands, sem deilan stóð um, heldur á Grænlandi í heild. Jafnframt því, sem þeir beindu athygli dómsins að þessu, mótmæltu þeir því, að Grænlandi væri skipt, eins og orðið hefði, ef Norðmenn hefðu borið hærri hlut í deilunni. Þetta ávannst. Landinu var ekki skipt. Að öðru leyti létu Íslendingar málið ekki til sín taka að því sinni.

Það vakti fyrir Alþingi þá, að mál þetta yrði tekið upp eftir sambandsslit ríkjanna. Þetta sanna ummæli Jóns Þorlákssonar, þau er ég las upp úr ræðu hans í gær.

Í dómsniðurstöðum Haagdómstólsins er ekkert um það sagt, að Danir hafi yfirráð Grænlands, heldur eru Norðmenn dæmdir frá yfirráðum á þessu umdeilda landssvæði. En í forsendum dómsins er vikið að því, að í þessu efni sé réttur Dana ríkari en Norðmanna.

Þessi dómur gefur því enga bendingu um það, hvernig alþjóðadómstóll mundi dæma um kröfur Íslendinga til réttar á Grænlandi. Danir notuðu í málfærslu sinni gegn Norðmönnum, að Grænland hefði byggzt frá Íslandi, en ekki frá Noregi. Hafi þetta verið vatn á myllu Dana í deilunni, hversu mundi þá ekki verða ríkari réttur Íslendinga í þessu efni en Dana, sem ekki komu hér við sögu fyrr en mörgum öldum síðar.

Hæstv. dómsmrh. fór nokkrum orðum um þær skoðanir, sem uppi væru hér á landi meðal fræðimanna um sögulegan rétt Íslendinga til Grænlands. Minntist hann í því sambandi á skoðanir Jóns Dúasonar, ekki þó eins og þær koma fram í hans stóra og merkilega riti um þetta mál, heldur gerir hann að umtalsefni blaðagrein eftir Jón og nefnir aðeins eitt atriði, hina svo kölluðu „sjónhelgi".

Hins vegar drap hann á skoðanir Ólafs Lárussonar, prófessors, í tímaritsgrein, en hann gerir þar lítið úr rétti Íslendinga. Ekki sagðist ráðherrann vilja gera upp á milli þessara skoðana. Hann sagðist ekkert vilja segja um það, sem milli bæri, frá eigin brjósti, en ekki duldist mér þó, að nokkra tilhneigingu hafði hæstv. ráðh. til að gagnrýna rök Jóns Dúasonar fyrir málstað Íslendinga um leið og hann leit, að því er virtist, gagnrýnislítið eða gagnrýnislaust og jafnvel með nokkurri viðurkenningu á skoðanir hins aðilans, sem allar eru í því fólgnar að gera lítið úr rétti Íslendinga. Virtist mér, að þetta væri ekki í fullu samræmi við umgetna hlutleysisyfirlýsingu hæstv. ráðh.

Hæstv. ráðh. vildi gera lítið úr kenningu Jóns Dúasonar um sjónhelgi. Þetta hugtak hafði ákveðna merkingu til forna, og munu vera til fornir dómar, sem byggðir eru á sjónhelgi einmitt í sambandi við yfirráðarétt á landi og landhelgi, þó að þeir taki til þrengra sviðs en þess, sem Jón Dúason áleit sjónhelgina taka til í því tilfelli, sem hann ræðir um.

Það er fleira í fornum lögum og venjum um að helga eignar- og umráðarétt yfir landi en þetta, sem þykir andkannalegt nú á dögum, þótt gott og gilt væri það á sinni tíð. T. d. var talið, að réttur landeiganda út frá landi hans næði það á sjó út, að flattur fiskur sæist á borðstokki frá landi. Þá var það á landnámsöldinni algeng aðferð við að nema land að fara eldi um landið. Markaðist þá landssvæðið af því, að það sæist frá einu bálinu til annars. Ein kona nam land með þeim hætti, að hún leiddi kvígu tvævetra vorlangan dag, en innan þess hrings, sem hún hafði farið um, var landnám hennar. Ég minntist á þetta til ábendingar um það, að það kastar engri rýrð á þessar aðferðir né sögulegt gildi þeirra, þó að þetta komi einkennilega fyrir nú á tímum.

Ég skal ekki fara út það á þessu stigi málsins að ræða um kenningar þeirra manna, sem telja rétt Íslendinga til Grænlands lítinn eða engan. Ég vil aðeins segja það, að það er ekki í fyrsta sinni, sem menn á Íslandi verða til þess að smíða vopnin í hendur andstæðinga vorra, þegar um hefur verið að ræða baráttuna fyrir sjálfstæði lands og þjóðar. Slík fyrirbrigði eru þekkt í aldagamalli sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. En þrátt fyrir þetta náðu Íslendingar þar settu marki. Kjarni og kröfur þeirra manna, sem stóðu á rétti vorum, varð öllu yfirsterkari og er engin ástæða til að örvænta um, að svo geti einnig farið í því máli, er hér um ræðir.

Hæstv. dómsmrh. minntist á það, að Íslendingar hefðu veitt Færeyingum nokkur fiskveiðaréttindi hér við land. Var réttur þessi framlengdur um takmarkaðan tíma á þessu þingi. Þessi réttindi til handa Færeyingum eru veitt án þess að gerð sé krafa til, að nokkuð komi þar á móti, hvorki frá þeim né Dönum.

Hæstv. dómsmrh. minntist á það í lok ræðu sinnar, að kröfu Íslendinga á hendur Dönum til réttar á Grænlandi hefði máske mátt rekja til gremju þeirrar, sem ólgaði og sauð í Íslendingum, þegar Danir voru okkur þungir í skauti og vildu ekkert slaka til um rétt vorn. Þessi kenning ráðh. fær ekki staðizt. Við samkomulag það, sem náðist milli Íslendinga og Dana með sambandslagasáttmálanum árið 1918, batnaði mjög sambúð þessara ríkja. En einmitt eftir þennan tíma fá kröfur Íslendinga til réttar á Grænlandi byr undir báða vængi. Þetta var eðlilegt. Til þessa tíma var Íslendingum svo þröngur stakkur skorinn til sjálfstæðra athafna í þessu máli, að átak þeirra í þá átt hlaut að verða lint, þó að alltaf lifði í kolunum og Íslendingum væri það ljóst, að þeir ættu þennan rétt. Það var því eðlilegt, að kröfur þessar væru upp teknar strax og færi gæfist, eins og það er eðlilegt og sjálfsagt, að við sambandsslit ríkjanna verði mál þetta til lykta leitt. Það má ekki líta á það sem neina tilbekkni við Dani, að við krefjumst þessa réttar. Íslendingar mundu fara svo að, hvaða þjóð sem í hlut ætti, ef svona stæði á. Þetta hljóta Danir að skilja.

Mér er það ljóst, að það getur farið svo, að það kosti ærna fyrirhöfn af hálfu Íslendinga að sækja þetta mál. Það dugir ekki að kippa sér upp við það. Íslendingar hafa aldrei endurheimt rétt til handa sér nema með mikilli fyrirhöfn og þrautseigju.

Ég gat þess áður, að hæstv. dómsmrh. hefði sagt, að hann vildi ekki gera upp á milli hinna mismunandi skoðana fræðimanna um rétt Íslendinga til Grænlands, og að hann vildi engan dóm fella um þetta deiluatriði að svo stöddu frá eigin brjósti. Ég gat þess enn fremur, að mér hefði virzt, að hann héldi ekki til fulls þessa hlutleysisyfirlýsingu. Ég sé í Alþbl. í dag, að sá, sem skrifað hefur í það blað frásögn um þessar umr. á Alþ. í gær, hefur lagt þann skilning í orð hæstv. dómsmrh., að hann teldi röksemdir þeirra manna, sem gera vildu

kröfu til réttinda á Grænlandi, ekki mikilvægar frá lögfræðilegu sjónarmiði. Í Morgunblaðinu í dag er einnig frásögn um þessar umr. Margar og stórar fyrirsagnir eru á fyrstu síðu. Þar stendur fyrst: „Ræða utanrrh. um Grænlandsmálin". Þessu næst: „Þýðingarlaust að halda fram kröfum, sem enga stoð hafa." Og enn fremur: „Haagdómstóllinn úrskurðaði Dönum yfirráðarétt yfir öllu Grænlandi". Þetta er það, sem fregnritari Mbl. gefur til kynna, að sé aðalkjarninn í ræðu hæstv. dómsmrh. Með öðrum orðum, að kröfur þær, sem Íslendingar halda fram um rétt á Grænlandi, hafi enga stoð — og að Haagdómstóllinn hafi endanlega gert út um yfirráð Grænlands, svo að það sé af þeim sökum þýðingarlaust fyrir Íslendinga að bera fram neinar kröfur í þessa átt.

Ég bendi á þennan málflutning blaðsins með tilliti til þess, að þótt ég gæti ekki varizt því, að mér þætti hæstv. dómsmrh. vera nokkuð slappur í hlutleysinu um hinar mismunandi skoðanir, þá var engan veginn hægt að draga þessa ályktun af orðum hans. Enda sjá allir ósamræmið í því, eins og hæstv. dómsmrh. orðaði það, „að hann vildi ekki gera upp á milli hinna mismunandi skoðana og ekkert segja frá eigin brjósti um það, sem hér ber á milli" — og hins, að draga hefði mátt þá ályktun af orðum hans, sem fyrirsagnirnar í Mbl. benda til. Ég veit, að þessar fyrirsagnir eru ákaflega geðþekkar Dönum, en ég veit það líka, að það er fjarri hæstv. dómsmrh. að vilja rétta að þeim slíka dúsu. Máske finnur hæstv. dómsmrh. ástæðu til að láta Mbl. strika yfir stóru orðin.

Ég vildi svo enda mál mitt með því að endurnýja það, sem ég sagði í upphafi um skjóta afgreiðslu þessa máls í nefnd og á þingi og að því loknu röggsamlegan framgang ríkisstj. í því að hrinda málinu áleiðis.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Af ástæðum, sem ég hef skýrt forseta frá, þurfti ég að hverfa frá um stund og get því einu svarað af ræðu hv. þm. Borgf. (PO), er ég hef heyrt. Vil ég taka það fram, að ég ber ábyrgð á því einu, sem ég hef sagt, en ekki á ályktunum annarra af orðum mínum.

Ég gerði glögga grein fyrir viðhorfi mínu í þessu máli í gær og tel mig ekki þurfa að bæta neinu þar við. Ég taldi ástæðulaust að rekja það, sem réttindum Íslendinga á Grænlandi er fært til stuðnings, vegna þess að það hafði flm. till. sjálfur gert með prýði og af hita og þunga. Hins vegar áleit ég skyldu mína að rifja upp þau atriði, sem fyrirfram er vitað, að færð verða fram þar á móti. Mér skilst að vísu, að ég hafi orðið slappur í hlutleysinu, er ég gagnrýndi rök Jóns Dúasonar í umræddri Tímagrein, og að ég hafi átt að slíta ummæli hans út úr sambandi. En því fer fjarri. Ég las upphaf greinarinnar eins og það var. Ragnar Lundborg virðist byggja aðalrökstuðning sinn á sjónhelginni í nýbirtri grein og telur Íslendinga eigendur Grænlands, af því að til Grænlands megi sjá frá Íslandi. En þá færi nú, eftir þessari kenningu, eigum hv. þm. Borgf. að verða hætt, því að margra augu sjá heim að Ytra-Hólmi frá Rvík. (**PO:** Eða eigur margra í Rvík frá mér). Ég kallaði þessa kenningu furðulega og held, að allir hljóti að vera mér samdóma um það. Þó að margir mætir menn, sem ég vil engan veginn gera lítið úr, hafi haldið fram rétti vorum til Grænlands, eins og t. d. Pétur Ottesen, sem ég met manna mest, þá hafa ýmsir færustu lögfræðingar Íslands verið á öðru máli, og er það engin ný bóla frá mér, er ég tel, að kenningar Jóns Dúasonar fái ekki staðizt til hlítar. Þegar í fyrra benti ég á þetta á Alþ., er rætt var um að gefa út rit dr. Jóns Dúasonar á ensku, og lagði til, að leitað væri álits fræðimanna, áður en hafizt væri handa. Dr. Jón Dúason hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf, og vil ég engan veginn gera lítið úr því eða særa hann, en hann hefur ekki meðal fræðimanna unnið kenningum sínum samþykki, og margar staðhæfingar hans telja þeir ekki fá staðizt. Allur þorri þeirra fræðimanna, sem hafa látið álit sitt í ljós, er um þetta mál á annarri skoðun en hann, og er bezt að gera sér það ljóst. Annað mál er það, að dr. Jón Dúason hefur fórnað heilli ævi til að rannsaka þetta mál og dregið margt merkilegt fram í dagsljósið; en hann hefur dregið af því ályktanir, er ekki fá staðizt. — Þetta kom fram hjá hv. þm. Borgf. (PO), er honum fannst ég verða slappur í hlutleysinu með því að minnast á eina af kenningum dr. Jóns Dúasonar.

Að öðru leyti vil ég ekki gera upp á milli kenninga þeirra, er fram hafa komið sem rök í þessu máli. Tel ég rétt, að það sé gert með þeim athugunum, sem hv. utanrmn. gerir á sínum tíma. En það var nauðsynlegt að benda á þau rök gegn till., sem helzt liggja í augum uppi, þar sem málstaður vor kynni annars að verða álitinn sterkari en hann er í raun og veru.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, en á 62. fundi í Sþ., 24. marz, utan dagskrár, mælti:

Pétur Ottesen: Ég vildi leyfa mér að spyrja formann utanrmn., hv. þm. Str., hvað líði afgreiðslu á till. til þál. um rétt Íslendinga á Grænlandi. Ég ætla, að það hafi verið 28. jan. s. l., sem henni var vísað til utanrmn., svo að það er nú komið hátt upp í tvo mánuði síðan. Nú er svo háttað um utanrmn., að hún starfar á milli þinga, og þarf því engan veginn að vera örvænt um, að hún verði við því búin á næsta þingi að gefa greið svör við þessu. Jafnframt vildi ég spyrja hæstv. dómsmrh., ef hann heyrir mál mitt, hvað hann hyggist að gera til þess að hrinda málinu áfram. Hann lét sig það allmiklu skipta hér við fyrri umræðu, og hét hann mér fyrirgreiðslu í málinu. Mun ég, þar sem ég sé, að hann er ekki hér viðstaddur, inna hann eftir þessu við næstu samfundi

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég vil svara þessari fyrirspurn, sem hér hefur verið beint til mín, nokkrum orðum.

Það er rétt, að vegna þess að formaður utanrmn. liggur veikur, ætti varaformaður að gegna störfum í forföllum hans. En það hefur þó verið venja, að ég held ófrávíkjanleg, að varaformaður hefur ekki tekið upp þessi störf, nema honum bærist tilkynning frá formanni um forföll hans, en ég hef enga slíka tilkynningu fengið, því að þess hefur ávallt verið vænzt, að formaður gæti tekið til starfa einhvern daginn. — Það hefur einnig verið venja í

n., að lítt er boðað þar til funda, á meðan þing situr, nema ríkisstj. óski þess, að n. komi saman, og sízt gat ég, þótt ég væri varaformaður, krafizt funda. Það hafa verið boðaðir 2—3 fundir, á meðan formaður hefur verið veikur, og allir eftir ósk ríkisstjórnarinnar. Ég tel rétt að geta þess, að fyrir fáum dögum vakti hæstv. dómsmrh. athygli mína á þessu, og sagðist ég mundu boða fund, ef ríkisstj. óskaði þess. Út af þessari fyrirspurn get ég sagt það, að verði formaður sjúkur enn um skeið, svo að hann geti ekki gegnt störfum, þá mun ég sjá um, að málið verði tekið fyrir í n. og afgreitt.

Pétur Ottesen: Ég tek mér náttúrlega til þakka, að málið verði tekið til athugunar, þótt það sé með seinni skipunum. En ég verð að telja það meinbugi á starfsemi n., ef ekki er boðað þar til funda, nema ríkisstj. bjóði, því að það eru tekin fyrir mál í þinginu, sem heyra undir utanrmn. og eiga að fá afgreiðslu í n. sem önnur þingmál í öðrum nefndum. Mér þykir miður, hver seinagangur er á þessu, en úr því, sem komið er, tel ég betra en ekki að eiga von á því, að n. athugi málið, og ætti það þá að geta fengið greiða afgreiðslu, er það verður flutt á næsta þingi.

22. Endurgreiðsla aðflutningsgjalda af vélbátum.

Á deildafundum 17. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vélbátum (A. 117).

Á 25. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Finnur Jónsson: Við erum hér einhverjir fleiri flm., en hæstv. fjmrh., sem er fyrsti flm., er hér ekki staddur. Það er svo um till. þessa, að þar sem ekki er tekið aðflutningsgjald af skipum, sem eru yfir 150 rúmlestir, virðist óeðlilegt að taka af bátum, sem eru minni, af því líka að þau skip eru tiltölulega dýrari í innkaupi og því ólíklegri til að gefa góðan arð en hin stærri skip. Það hefur orðið að samkomulagi, að við flyttum þessa till. til samræmis um aðflutningsgjald á skipum og til þess að létta undir með þeim, sem hafa keypt skip, sem eru miklu dýrari en þau, sem fyrir eru, og hafa því þurft að greiða hátt aðflutningsgjald. Ég vænti að þessu máli verði vísað til síðari umr. og fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 26. fundi í Sþ., 27. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

23. Síldarrannsóknir.

Á 23. fundi í Sþ., 19. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um síldarrannsóknir (A. 122).

Á 25. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Það vill nú svo til, að ég hef í raun og veru fengið ádrátt hjá hæstv. sjútvmrh. um, að hann muni nú þegar í stað láta hefja undirbúning þeirrar rannsóknar, sem lögð er til, að gerð verði, í þessari till. til þál. Ég get þess vegna fallið frá að gera frekari grein fyrir málinu en gert er í grg. með þáltill. að öðru leyti en því, að ég vil taka fram, að ég álít, að kostnaður við þá framkvæmd, sem þáltill. gerir ráð fyrir, mundi verða um 100 þús. kr. á mánuði. Ég mun hafa samband við form. fjvn., sem væntanlega fær þessa þáltill. til athugunar, og óska ég þess, að hún komist sem fyrst til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 26. fundi í Sþ., 27. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

24. Drykkjumannahæli í Ólafsdal.

Á deildafundum 25. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um hæli fyrir áfengissjúklinga í Ólafsdal í Dalasýslu (A. 135).

Á 25., 26. og 27. fundi í Sþ., 26., 27. og 28. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Sþ, 5. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég hygg, að allir þm. séu sammála um það, að ástæða sé til að taka áfengissjúklinga úr bænum sérstaklega og ætla þeim vist á hæli. Það hafa að vísu verið nokkrar framkvæmdir í þessa átt, en þær hafa lagzt niður. Hins vegar hygg ég, að ef stjórn og þing vildu veita nokkurt fé í þessu skyni, væri ástæða til að ætla, að Reykjavíkurbær mundi vilja vinna með ríkinu að því að koma upp slíkri stofnun. — Ég hef nefnt Ólafsdal, af því að þarna eru ónotuð húsakynni, þar er góð jörð, þar er fallegt og þar er hægt að ráða fram úr hitaspursmálinu með virkjun í landareigninni. Þau mistök voru með það hæli, sem reynt var að reka áður, að þar hafa sjúklingar orðið

að biðja um hælisvist, og þeir hafa getað farið, þegar þeir vildu. Mér er einnig sagt, að kostnaður við hvern einasta sjúkling hafi verið svo gífurlega hár, að ég kinoka mér við að nefna þær tölur. Það fyrsta, sem gera þarf í þessu máli, er að finna staðinn og svo að gera undirbúning og fá forstöðu.

Ég legg svo til, að málinu verði vísað til fjvn. og umr. frestað.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

25. Skáldastyrkur og listamanna.

Á deildafundum 25. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um námsstyrki og heiðurslaun skálda og listamanna (A. 136).

Á 25. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 26., 27., 28. og 29. fundi í Sþ., 27. og 28. nóv. og 5. og 8. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Takmörkun á sölu áfengis.

Á 27. fundi í Sþ., 28. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um takmörkun á sölu áfengis (A. 143).

Á 28. fundi í Sþ., 5. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Sþ., 8. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Laxá í Þingeyjarsýslu.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um að gera Laxá í Þingeyjarsýslu laxgenga ofan við rafstöðina á Brúum (A. 149).

Á 28. og 29. fundi í Sþ., 5. og 8. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég hreyfði þessu máli í fyrra, en þá taldi ríkisstj., að ráðunautur hennar í klakmálum þyrfti að athuga betur landið norður þar. Nú hefur hann víst haft betri aðstöðu til þess.

Það, sem hér er um að ræða, er það, hvort loka eigi Laxá fyrir laxgengd, þegar verið er að reisa þar orkuver, sem kostar tugi milljóna. Þessi á mun vera allra bezta laxveiðiá í landinu, og er búið að spilla mjög aðstöðunni með þeirri virkjun, sem komin er, en með samþykkt þessarar till. mundi verða úr því bætt, ef undinn er að því bráður bugur nú. Þau hlunnindi, sem þannig fengjust, mundu verða til afar mikils hagnaðar í framtíðinni, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en vildi heyra frá landbrh., hvaða upplýsingar hann hefur um málið.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Ég hef rætt um þetta mál við ráðunaut ríkisstj., og gerði hann þær athuganir, sem nauðsynlegar voru til undirbúnings þessu starfi. Fór hann í sumar norður og kvaðst þá mundu ganga frá þessum athugunum. Hann hefur ekki sent mér niðurstöðurnar af þessum rannsóknum, en ég geri ráð fyrir, að hann hafi þær hjá sér og geti lagt þær fyrir þá n., sem þetta mál fer til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 17. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

28. Faxaflóasíld.

Á 28. fundi í Sþ., 5. des., utan dagskrár, mælti

Áki Jakobsson: Herra forseti. Er litið er á dagskrá funda Alþingis, sjá menn mál, sem eru æði sundurleit og misjöfn, og gengur oft í miklu þófi með afgreiðslu þeirra. En eitt er það mál, sem nú verður að leysa án tafar, en það er, að það þarf að losa þau 70 skip, sem bíða hér með 60—70 þús. mál síldar á Reykjavíkurhöfn. Nokkur skipanna hafa þegar legið í viku án þess að geta losað. Nú er byrjað að lesta e. s. Banan, og annað skip mun verða lestað á morgun, en þessi skip munu ekki geta tekið meira en 25—30 þús. mál. Eru því mjög litlir möguleikar til þess, að öll skipin geti landað

á næstu vikum. Þetta er mjög alvarlegt ástand. Síldarverksmiðjur ríkisins ættu nú að athuga, hvort ekki sé hægt að skipa síldinni á land, svo að skipin geti hlaðið sig að nýju. Komið hefur til orða að landa síld í Hvítanesi, en þar eru lítil löndunarskilyrði, og er því fyrirsjáanleg stöðvun bátanna, verði ekki gripið til skjótra ráðstafana. Á sumarvertíðinni stöðvaðist flotinn vegna þess, að síldin var of lítil. Nú stöðvast hann af því, að síldin er of mikil. Og það er hægðarleikur fyrir hv. þm. að kynna sér, hvernig komið er, með því að ganga niður að höfninni og sjá, hvernig þar er umhorfs. Við rífumst um margt, en um öflun hins nauðsynlega gjaldeyris ættum við að geta orðið sammála nú, og mun láta nærri, að hver 10 þús. síldarmál færi okkur 1 milljón í gjaldeyri. Við ættum nú að geta orðið samtaka að drífa aflann á land og létta þannig undir með útveginum, að hann geti losað sig úr nokkrum skuldum. Við sjáum, hvað í húfi er. Í dag er nóg af síld, — á morgun getur hún verið farin. Nú ætti því að byrja uppskipun síldarinnar til geymslu í stórum stíl. Ég hef ásamt hv. 2. þm. S-M. lagt fram þáltill., sem felur í sér, að þetta skuli framkvæmt. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hana hér upp. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að síldarverksmiðjur ríkisins taki þegar við þeirri síld til geymslu hér í Reykjavík eða á einhverjum stað í nánd við veiðisvæðið, sem flutningaskip anna ekki að flytja jafnóðum, til þess að tryggt sé, að hægt verði að halda áfram veiðum án löndunarstöðvunar.

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða nauðsynlegan kostnað af þessum ráðstöfunum úr ríkissjóði."

Ég býst við, að sá kostnaður, sem yrði við löndun síldarinnar, yrði ekki ríkissjóði mjög þungur, því að sjómenn og útvegsmenn mundu verða fúsir til samvinnu um þann þáttinn.

Ég vil svo leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki till. þessa á dagskrá fundarins og haldið verði áfram fundi eftir kaffihlé, ef með þarf, til að afgreiða þessa till. Þess mun ekki langt að bíða, að till. komi prentuð og verði útbýtt hér á fundi. Ég veit einnig, að það vakir fyrir hæstv. sjútvmrh. að leysa þennan vanda.

Forseti (JPálm): Það er ekki hægt að hefja miklar umr. um mál utan dagskrár. Ég veit ekki um flokksfundi í dag, en ef þeir eru ekki boðaðir, þá sé ég ekkert á móti því að taka þetta mál fyrir, ef hv. þm. óska þess.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég var nú ekki í salnum, er þm. sá, er síðast talaði, hóf mál sitt, og var það tilviljun ein, að ég fékk að vita, að vakið var máls á máli, sem mig snertir. Ég tek undir það, að þetta með síldina og hvernig eigi að koma henni í peninga er mikið vandamál og er búið að vera það síðan síldveiðar hófust í haust. Blað hv. þm., Þjóðviljinn, hefur logið því að undanförnu, að ég væri kærulaus um þessi mál. Mér er því þetta kærkomið tækifæri frá hv. þm. að hrekja þessa lygi.

Er sýnt var, að síldveiðarnar yrðu miklar, það miklar, að verksmiðjurnar á Akranesi og Patreksfirði hefðu ekki undan, var sýnt, að nauðsynlegt væri að sigla með síldina til Siglufjarðar. Formaður síldarverksmiðja ríkisins fór með þann vanda að finna úrlausn þessa máls, þann vanda að fá síldina flutta norður. En einn stjórnarmeðlimur síldarverksmiðjanna, er þm. sósialista komu að, torveldaði mjög þetta starf með þverúð sinni og pexi út af smámunum. Þessi maður var Þóroddur Guðmundsson, flokksbróðir hv. þm. Siglf. Vegna þessa var leitað til mín sem sjútvmrh., og voru fundir haldnir upp í stjórnarráði til að leita sætta. Og er á það var minnzt í stjórn síldarverksmiðjanna, að þjóðarheill væri í voða, ef ekki væri staðið vasklega að því að koma flutningunum af stað, þá var það fulltrúi kommúnista, sem sagði: „Hvað varðar okkur um þjóðarheill?" Ég hef sagt honum, og síldarverksmiðjustjórnin öll, að leggja önnur sjónarmið til hliðar, en leggja áherzlu á að hagnýta aflann, sem á land kæmi, en ekki að karpa um, að kostnaðurinn lenti á einum aðila eða öðrum, en binda sig við það heildarsjónarmið að vinna með þjóðarheill fyrir augum að þessum málum. Eg sagði tilknúður, af því að ég vissi, að formaður stjórnar síldarverksmiðjanna var í vanda, að í þeim atriðum, þar sem um það væri að ræða að gera hlutina eða ekki og tregt væri með meiri hluta í stjórninni, yrði hann að gera þá á ábyrgð ráðuneytisins og að ég legði mig og stöðu mína að veði til þess að standa að baki honum í þessum efnum. Svona er nú gengið frá hlutunum af hálfu þess aðila, sem er fulltrúi hv. þm. Siglf. í stjórn síldarverksmiðjanna. Formaður stjórnarinnar sagði mér í gær, að ekki væri hægt að taka neina ákvörðun með fullum meiri hluta. Það er undarlegt, að menn skuli skrifa um þessi mál eins og gert er í blaði því, sem hv. þm. stendur að. Ég veit ekki betur en að hvert tækifæri hafi verið notað til þess að koma síldinni á markað eða til vinnslu. Eimskipafélagið hefur verið fengið til að sleppa tveimur af skipum sínum og þremur leiguskipum, þar á meðal True Knot. Eimskipafélagið sleppti einu þeirra þremur klukkutímum áður en það átti að fara til Ameríku og búið var að setja í það seglfestu og vörur. Það má því nærri geta, hvort ekki hefur verið nokkuð fast knúið á. Þá hafa og verið fest önnur leiguskip. Blað þm. segir, að Landssamband ísl. útvegsmanna hafi haft forustuna í þessum málum, en það hefur verið eftir fyrirmælum ríkisstj. og þeirra manna í stjórn síldarverksmiðjanna, sem hafa viljað greiða fyrir þessum málum. Vitaskuld getur sambandið ekki tekið að sér að leigja skip undir síld nema hafa ríkisstj. og verksmiðjustjórnina bak við sig. Ég kann ekki tölu á öllum þeim skipum, sem eru með í þessum flutningum, en vitað er, að um hávetur eru þessir flutningar erfiðir viðfangs, þó að skipakostur væri meiri en við höfum yfir að ráða nú. Veðrin, sem á skella, geta verið óviðráðanleg, svo að fresta verði flutningum dögum saman. Veðrið, sem skall á á dögunum, torveldaði flutningana, og enn hefur það gert trafala mikinn, svo að True Knot hefur þurft að leita undan veðri og bjargaðist nauðulega til Patreksfjarðar.

Hv. þm. segist vera með till. um þetta mál, en til þess að koma henni á framfæri beitir hann fast að óþinglegum leiðum. Það er í athugun hjá verksmiðjustjórninni og þeim mönnum, sem hafa samvinnu um þessi mál, að leggja hér síld á land, en það er ekki hægt að fleygja henni hér og þar á opið svæði. Ég skal ekki fara út í einstakar hugmyndir, sem fram hafa komið í þessu efni, bæði

hvað snertir Hvalfjörð og Reykjavík, en sannlega hef ég látið mér detta þann möguleika í hug, og í gær var unnið að athugun á allstóru húsaporti, sem komið gæti til mála að leigja í þessum tilgangi, en það er sá stóri ágalli á því, að það er ekki undir þaki. Það gerir auðvitað ekkert til í veðri eins og nú er, en veðrið getur breytzt, og er þá erfitt að hafa miklar birgðir undir berum himni, ef rigning kemur, því að það hefur í för með sér stórkostlega rýrnun.

Ég skal svo ekki á þessu stigi fjölyrða frekar um þetta, en ég hlaut af gefnu tilefni að benda á óráðvendnina í málflutningi Þjóðviljans og hina þvermóðskufullu afstöðu fulltrúa kommúnista í verksmiðjustjórninni í afskiptunum af flutningunum til Siglufjarðar. Hann hefur bara viljað segja við bátana: „Gerið þið svo vel og komið með síldina til Siglufjarðar.“

Ég vil líka geta þess, að stjórnin vinnur að því eftir megni að fá síld flutta til útlanda. Ég hef séð því haldið fram í Þjóðviljanum, að ég held af hv. þm. Siglf., að munur sé á vinnubrögðunum nú og í tíð fyrrv. ríkisstj. Það mun koma í ljós. Þegar hv. þm. hafði þessi mál með höndum, var einn farmur sendur út undir umsjá hans, og kostaði hann fiskimálasjóð 60 þús. kr. Slík vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar.

Það er enn af hálfu ríkisstj., verksmiðjustj. og sjútvmrn. unnið að því að fjölga skipunum við flutningana eins og unnt er. En þó að við fáum hin mestu skip, er veiðigengdin svo mikil, að rúm endist ekki, og veðrið getur líka komið hindrandi á milli. Það, að enn hefur ekki verið horfið að því að leggja síld hér á land, stafar af því, að það þýðir ekki nema undir sæmilega öruggum skilyrðum, svo að hún skemmist ekki. Hitt er sjálfsagt, að hafa þetta til athugunar, og það er það nú þegar hjá mönnum, sem með þessi mál fara, kannske ekki í þeim anda, sem till. hv. þm. er orðuð, að moka síldinni upp í hauga hvar sem er, en það er unnið að því að finna möguleika, sem eru nokkurn veginn forsvaranlegir. Ég geri ráð fyrir því, að vandfundin verði stór geymslupláss. Inni í Hvalfirði er verið að athuga þetta og hefur komið til mála að leggja síld á land í Hvítanesi. Þar er töluvert pláss undir þaki, og þó enn stærra undir beru lofti.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en ég varð að gefa þessar skýringar. Þó að ég verði að hafa daglegar ályggar í blöðum þeim, er þessi hv. þm. stendur að, þá vil ég ekki liggja undir þeim þegjandi á Alþ., þótt hann geti svo haldið áfram rangfærslum sínum og stórlygum í blöðunum.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að standa í deilum við hæstv. fjmrh., enda gaf ég ekkert tilefni til þess, datt það ekki í hug. Það er erfitt að skilja þann taugaóstyrk og næstum æsingu, sem greip hann. Það er misskilningur hjá honum, að ég skrifi í Þjóðviljann, en hann hefur tæpast meiri ástæðu til að kvarta undan honum en ég undan Morgunblaðinu. Við getum látið það vera nú að dengja persónulegum móðgunum hvor á annan. Ég tek ekki þátt í því nú, heldur mun ég tala um það mál, er hér liggur fyrir.

Ég vil benda hæstv. fjmrh. á það, að það getur verið gott að bera af sér óhróður með orðum, en nú getur hann gert það í verki með að láta losa þau 70 skip, sem nú bíða löndunar. Ef hann hugsar vel, mun hann sjá, að verkin tala hærra í þessu efni en margar ræður hér á þingi, og hann mundi hljóta þökk allrar þjóðarinnar. Þótt við rifumst um eitt og annað í sambandi við gjaldeyrinn, þá erum við þó allir sammála um það, að gera beri ýtrustu ráðstafanir til þess að bjarga þeim gjaldeyri á land, sem hér er um að ræða.

Ég vil mótmæla ummælum hæstv. ráðh. um Þórodd Guðmundsson. Það er ekki rétt með farið, enda mun hæstv. ráðh. hafa þetta gegnum fleiri hendur.

Ég veit, að verksmiðjustjórnin hefur gert ýmislegt, að erfitt er um skip og veður þannig, að erfitt er að koma flutningum við. True Knot hefur orðið að leita hafnar, þótt veðrið hafi ekki verið neitt óskaplegt. Þetta bendir til þess, að við verðum að skipa síldinni á land. Þá er hægt að gera fasta samninga um skip og jafnvel komast af með færri skip. Hugsanlegt er að nota mætti bara íslenzk skip. Þá er hægt að gera hagkvæma leigusamninga, eins og ég veit, að hæstv. ráðh. mun fallast á. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta væri allt til athugunar, og ég veit, að það er rétt. En hann ætti að gera sér það ljóst, að menn, sem búnir eru að bíða í viku, eru órólegir, þótt málið sé í athugun hjá verksmiðjustjórninni, þar sem það er tekið fram, að þetta muni taka nokkra daga, og aðeins eitt pláss nefnt, í Hvítanesi, sem tekið getur við um 15 þús. málum. Minni skipin geta ekki fiskað fyrir lágmarkstryggingunni, ef ekki er hægt að koma aflanum undan. Í Reykjavík er víða hægt að finna handhæg pláss. Það mætti skipa síldinni upp á Löngulínu, og víða má rýma burt öðrum vörum til þess að fá pláss. Það er ekki rétt, að útilokað sé að geyma síldina undir beru lofti. Nú eru engir erfiðleikar á því, en ef rigningar byrja, má afla „preseninga“ til þess að verja bingina. Ef málið er tekið föstum tökum, má losa þessi 70 skip á tveimur þremur næstu dögum, sennilega tveimur dögum, og hæstv. ríkisstj. getur verið fullviss um það, að hún hefur alla þjóðina að baki sér til þess að hraða framkvæmdum sem mest. Síldin getur horfið á einum degi. Nú eru milljónir mála í Hvalfirði, en á morgun getur hún verið farin. Hér er tækifæri til þess að afla gjaldeyris, og ég vil ítreka þá beiðni mína, að málið verði tekið föstum tökum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Fyrst hér hafa orðið umræður um þetta mál utan dagskrár, vildi ég benda á, hvort ekki væri rétt að athuga alla möguleika og meðal annars það, hvort ekki væri hægt að setja á stað Skagastrandarverksmiðjuna. Það er auðvelt að komast til Blönduóss, en erfiðara að halda opinni leiðinni frá Blönduósi til Skagastrandar. Vörubílakostur okkar er nú mjög mikill, og eru eflaust til 500—1000 bílar, sem nota mætti til þessa. Ferðin tekur um sólarhring, hver bíll tekur 20 mál, og 500 bílar munu því geta flutt 10000 mál. Ég vonast til þess, ef síldveiðin heldur áfram, að allar leiðir verði notaðar. Þó að þetta verði dýrt þjóðhagslega séð, er aðkallandi að láta ekki gjaldeyri fara forgörðum. 10000 mál gefa eina millj. kr. Það ætti því að íhuga í þessu sambandi, hvort þetta borgaði sig ekki.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af ummælum hv. 2. þm. Reykv. vil ég geta þess, að

þessi leið hefur verið rædd og athuguð í byrjun síldveiðanna og var af ýmsum talin líkleg. Ég hafði sama álit og lét jafnvel athuga það nokkuð, hvort ekki væri hægt að létta á með því að flytja síldina á bílum frá Akranesi til Skagastrandar. Þegar líðkaðist með skip, vék þó þessi hugmynd til hliðar, meðal annars vegna þess, að praktískara var talið að flytja á skipum vegna benzíneyðslu og gúmmíslits, er hitt hafði í för með sér. Síðar vék ég enn að því við formann verksmiðjustjórnarinnar, hvort ekki væri freistandi að reyna þessa leið, en hann taldi tvenn tormerki á því, að talið væri vafasamt, að Skagastrandarverksmiðjan væri starfhæf, og að leiðin milli Blönduóss og Skagastrandar væri ófær vegna snjóa. Það er að vísu ekki svo löng leið, að ekki mætti halda henni opinni, ef ekki væri iðulaus stórhríð. Sem sagt, ýmsir létu sér detta þetta í hug, en kostnaðurinn var talinn svo stórkostlegur, að því var eðlilega vikið til hliðar. Ég vil gjarnan láta athuga þetta enn nánar, en það strandar, ef ekki er hægt að koma verksmiðjunni í gang eða allt fólk er fjarri, svo að hún kemst ekki í gang þess vegna.

Hv. þm. Siglf. vil ég segja það, að það er lítill vandi að gera þá sjómenn óánægða, sem bíða losunar. Hitt er vandinn, sem glímt er við og verður haldið áfram að glíma við með góðra manna tilstyrk, að bjarga þessum afla, svo að ekki verði þannig til stofnað, að hann verði gerður að engu. Viðvíkjandi hraða í framkvæmdum vil ég bara benda á það, að í stjórn síldarverksmiðjanna er svo mikil tregða, að fátt fæst afgreitt á löglegan hátt.

Mér finnst sérstök ástæða til þess að minna þennan hv. þm. á það, að kommúnistar eiga fulltrúa í stjórn síldarverksmiðjanna, sem á að standa að ákvörðunum, er koma til með að hafa fjárhættu í för með sér bæði fyrir verksmiðjurnar og ríkissjóð. Ég vil ráðleggja hv. þm. Siglf. að tala vel við hann, því að hann er mjög ragur í aðgerðum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það síðasta, sem hæstv. sjútvmrh. sagði, var, að tregðu gætti í stjórn síldarverksmiðjanna. Ég vil styðja þá till., sem tveir hv. þm. hafa komið fram með, að skipuð verði sérstök nefnd fyrir Faxaflóasíldina. Það er nauðsynlegt. Og það sýnir sig nú, að það hefði verið betra að samþ. till. Sósfl. í fyrra, að hafa aðra stj. á þessu máli. Og þegar þessi till. kemur fram, sem boðuð hefur verið, gefst tækifæri til þess, og stjórnin hefur aðstöðu til þess, því að þarna þarf að skipta um.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það er misskilningur hjá hæstv. fjmrh., að ég sé að reyna að gera sjómenn óánægða, það þarf hvorki mig né aðra til þess. Ég skal ekki neita því, að það eru ýmis vandamál í sambandi við þetta mál. En þetta mál verður að leysast. Og mér þykir furðulegt að heyra hæstv. ráðh. bera það fram hér, að ríkisstj. sé bundin á höndum og fótum um framkvæmd þessa máls vegna þess, að Þóroddur Guðmundsson á sæti í stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Þetta eru ekki rök. Er ekki hægt að bera Þórodd Guðmundsson atkvæðum? Er ekki hægt að gera neitt í stjórn síldarverksmiðjanna vegna Þórodds Guðmundssonar? Þessu máli er hægt að bjarga þegar í stað, það er hægt að byrja á skipum, sem liggja við Ægisgarð, og leggja síldina í bing á Ægisgarðinn. Þar væri vafalaust hægt að koma fyrir 50—60 þús. málum, og það er sennilega það, sem er í öllum skipunum, sem nú bíða losunar. Þar er svo hægt að taka síldina í flutningaskip, þegar þau koma. Þetta væri hægt að gera þegar í dag, og væri þá sennilega búið að leysa málið.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Mér þykja ummæli hv. þm. einkennileg, þar sem hv. þm. hlýtur að vera það kunnugt, að það er stjórn síldarverksmiðjanna, sem að lögum hefur með þetta mál að gera, að hann skuli ekki hafa látið fulltrúa sinn í þessari stjórn koma fram með þessa einföldu till., sem hann er hér með, í gær eða fyrradag. (**ÁkJ:** Ef það veltur allt á Þóroddi Guðmundssyni, skal ég tala við hann.)

Síðar á sama fundi, utan dagskrár, mælti

Áki Jakobsson: Herra forseti. Í upphafi þessa fundar bar ég fram ósk um það, að sérstök þáltill. um lausn á því stóra vandamáli, að hér bíða nú á Reykjavíkurhöfn 70 skip með um 60 þús. mál af síld, sem þau geta eins og er ekki fengið að losna við, og síldveiðar í Hvalfirði eru þar með stöðvaðar á meðan, yrði tekin á dagskrá þessa fundar og till. yrði tekin fyrir til meðferðar, áður en fundinum yrði lokið. Nú mun þessi till. koma á næstu mínútum í prentuðu formi. — Ég vil þess vegna ítreka tilmæli mín um, að þessum fundi verði haldið áfram og þetta mál tekið á dagskrá.

Forseti (BSt): Ég hef nú þegar tekið það mál, sem var verið síðast að ræða, út af dagskrá, og sömuleiðis 4. og 10. mál á dagskránni. Hins vegar hef ég ekki slitið fundi. Og þar sem ég er nú í forsæti í forföllum aðalforsetans ... (Aðalforsetinn kom inn í salinn og tók forsæti).

Forseti (JPálm): Ég skal taka fram út af beiðni hv. þm. Siglf., að ég hef fengið vitneskju um, að það verða flokksfundir í eftirmiðdag, og verður því ekki hægt að verða við hans beiðni, enda virðast mér svör hæstv. ráðh. á þá leið, að það skipti ekki öllu máli um þáltill. þessa, hvort hún verður rædd í dag eða á morgun eða næstu daga. (**ÁkJ:** Verður fundur á morgun?) Því vil ég ekki lofa. En ef sérstaklega þætti á því ríða, þá er það til athugunar. — Já, þessi till. er nú komin, og það er verið að útbýta henni. Hún heitir:

Till. til þál. um viðstöðulausa móttöku á síld þeirri, er nú veiðist við Faxaflóa.

Flm. till. eru Áki Jakobsson og Lúðvík Jósefsson.

Hæstv. varaforseti var búinn að taka dagskrármálin af dagskrá, sem eftir voru á dagskránni. (**EOl:** Má ekki taka þetta mál á dagskrá?) Það er ekki hægt. Menn verða ekki við á fundi hér, heldur á flokksfundum.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég vil þá leyfa mér að fara fram á, að það verði borið undir hv. þm. sjálfa að taka ákvörðun um það, hvað þeir meta þýðingarmest, hvort þeir meta meira að vera á flokksfundum eða þeir meta meira þetta mál, sem verið var að útbýta hér, og m. a. bera það undir hæstv. sjútvmrh., hvort hann hefði ekki nægilegt vald til þess að keyra þetta mál hér áfram.

Forseti (JPálm): Ég bið þá hv. þm., sem eru með því að taka þetta mál nú á dagskrá og halda áfram fundinum, að rétta upp hönd. (Nokkrir þm. réttu upp hönd.) Þeir, sem eru á móti. (Fleiri þm. en hið fyrra sinni réttu upp hönd). Það er yfirgnæfandi meiri hluti hv. þdm. á móti því að taka þetta mál nú á dagskrá og halda fundi áfram.

Á 29. fundi í Sþ., 8. des., var till. tekin til fyrri umr. (A. 158).

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. 1. flm. er ekki staddur hér í svipinn, en hann ætlaði sjálfur að hafa framsögu í málinu. Ég vil því fara fram á það við hæstv. forseta, að hann bíði með að taka málið fyrir, unz 1. flm. kemur, ef ekki þarf lengi að bíða eftir honum, ella mun ég hafa framsögu, ef hann getur ekki mætt. En nú sé ég, að hv. 1. flm. er að koma inn í deildina.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Þetta er till., sem lá hér fyrir á þingfundi á föstudag. Hún er flutt vegna ástandsins í síldarmálunum hér, og þegar hún var flutt, biðu hér, eins og tekið er fram í grg. till., 70 skip með um 60 þús. mál. Nú liggja hér fleiri skip með heldur meiri síld, en hins vegar hefur ýmislegt skeð í þessum málum í millitíð. Till. þessi hefur í rauninni borið þegar mikinn og góðan árangur, því að strax og hún kom fram, boðaði sjútvmrh. stjórn síldarverksmiðja ríkisins á sinn fund, og þar var ákveðið að taka einn farm af hverju skipi í bing á 22 kr. málið. Kvöldið áður hafði verksmiðjustjórnin rætt málið og ákveðið þar að taka a. m. k. 40 þús. mál og 15 þús. í hús í Hvítanesi við Hvalfjörð, en þar eru mjög erfið löndunarskilyrði. Sú löndun átti að byrja í dag eða á morgun, svo að þær ráðstafanir, sem stjórn SR var búin að gera áður en við fluttum þessa till., drógu ekki úr löndunarstöðvuninni. Ég vil þó þakka hæstv. sjútvmrh., hvað hann brá skjótt við, er till. okkar kom fram, þó að miklar misfellur hafi hlotizt af því, að hann hafði ekki samráð við útvegsmenn um löndunina. Það var sem sé auglýst upp úr kaffi á föstudag, að nú tækju síldarverksmiðjur ríkisins við síld í bing, einum farmi úr hverju skipi, og síðan er birt yfirlýsing um verðlækkun án samráðs við útvegsmenn. Því næst er reiknað með, að löndun hefjist af fullum krafti, en hið merkilega skeður, að enginn útvegsmaður vill láta aflann á hinu auglýsta verði. Þessu fer fram frá því á föstudagskvöld og þar til seint í gærkvöld, að tilkynning kemur um, að síldin verði tekin á 25 kr. í stað 22 kr. verðsins, og þá hófst löndun. Vegna hinnar óhóflegu lækkunar, sem upphaflega var auglýst á síldarverðinu, varð á þessu tímabili ekkert gagn að ráðstöfun ráðh. og stjórnar SR, og svo var komið í gærkvöld, að 90 skip biðu hér losunar með samtals um 70 þús. mál, eftir því sem útvarpið sagði, og þá tók ráðh. málið í sínar hendur á nýjan leik. Um verðlið átti auðvitað þegar að hafa samráð við útvegsmenn, verðlið getur verið svo lágt, að það sé sama og stjórnin segi, að síldveiðum skuli hætt. Menn sjá nú, hve útvegsmenn eru fúsir til að fara af stað, er verðlið hefur verið hækkað um 3 krónur.

Hæsta verð, sem útvegsmenn hafa fengið fyrir síldina, komna um borð í flutningaskip hér, er 32 kr., en þegar síldin hefur verið flutt á bílum úr veiðiskipi í flutningaskip, hefur það aukið hraðann á losun þeirra veiðiskipa, og þau hafa fengið 30 kr. og 50 aura fyrir málið, eða orðið að borga 1 kr. og 50 aura pr. mál í flutningskostnað með bílunum. Og síðan var auglýst þriðja verðlið á síld í bing, 22 kr. málið, eins og kunnugt er. Kosti það 1 kr. og 50 aura að flytja síldina á bílum í flutningaskip, þá býst ég við, að það sé ekki dýrara að aka henni í bing, svo að verðlið á henni kominni í bing og kominni í flutningaskip sé svipað, eða um 30 kr. og 50 aurar. Með 22 kr. verðinu tekur því stj. kr. 8,50 af hverju máli fyrir rýrnun í bing og flutningskostnað úr bing, eða 7 kr. fyrir rýrnun í bing, ef gert er ráð fyrir, að það kosti 1 kr. og 50 aura að flytja síldina úr bing, eins og það kostar að flytja hana í binginn. Það er álit margra útvegsmanna, að hér sé mjög ríflega í farið. Og það ber líka að athuga, að við að geyma síldina er hægt að gera nýja samninga við flutningaskip og hagstæðari, af því að vitað er um ákveðið magn fyrir hendi og stöðuga flutninga. Þannig er hægt að lækka flutningskostnaðinn allverulega. Ég er sannfærður um, að það má borga meira en 25 kr. fyrir síld í bing. Útvegsmenn hafa nú fengið verðlið upp í það, en ég er sannfærður um, að það mætti fara hærra.

Þegar 22 kr. verðið var auglýst, var jafnframt auglýst klausa, sem stórspilli fyrir, og á ég við, að tekið var fram, að aðeins yrði veitt móttaka einum farmi úr hverju skipi í bing. Það var út af fyrir sig að þola þessa lækkun, en til þess að geta staðizt hana varð að vinna tapið upp með hiklausri og stöðugri löndun, en það var einmitt auglýst, að aðeins yrði tekið við einum farmi, og það reið alveg baggamuninn. Ég hef nú ekki séð tilkynninguna um hið nýja 25 kr. verð og veit því ekki, hvort þar er tekið fram, að ekki verði tekið á móti nema einum farmi frá hverju skipi.

Ef við drögum sögu þessa máls saman, þá ber mest á því, að stjórnin er á stöðugu undanhaldi. Fyrst eru það 15 þús. mál, þá einn farmur á skip á 22 kr. málið, þá 25 kr. málið og loks ótakmörkuð löndun. Þetta er kannske smekksatriði, en lítinn vott ber það um festu, framsýni og heildarsýn, og ég vil benda hæstv. sjútvmrh. á, að ef stjórnin hefði ákveðið 25 kr. verðlið fyrir viku eða hálfum mánuði, þá hefðum við getað bjargað stórkostlegum verðmætum fram að þessu.

Það hefur verið gert mikið úr því, að síldin mundi skemmast í bing, og í því liggur viss hætta að geyma hana þannig, því er ekki að leyna. Það verður að fylgjast vel með henni, og áreiðanlega er æskilegast, að geymslan sé undir þaki, svo að síldin sé varin fyrir úrkomu, og má t. d. í því sambandi benda á flugskýlið, þar sem landbúnaðarsýningin var haldin. Þar er gólf allt steinsteypt, svo að hægt er að nota ámokstursvélar til að moka síldinni á bíla, þegar hún er flutt burtu, án þess að hætta sé á, að grjót komi upp í moksturstækin og fari síðan í vélar verksmiðjanna, en á því er hætta, ef ekki er steinsteypt gólf undir síldargeymslunni. En vitanlega verður stjórnin undir öllum kringumstæðum að láta fylgjast vel með því, hvernig um vöruna fer í geymslu, og ef útlit er á, að hún ætli að skemmast, verður stjórnin að gera sínar ráðstafanir, áður en það er orðið of seint. Hún yrði þá að fá veiðiskipin til flutninga eða fá fleiri flutningaskip, og ef um það er að ræða að stöðva síldveið-

arnar um stund eða bjarga síldarmagni í bing frá skemmdum, þá er það vitanlega fjárhagslegt matsatriði, hvað skal gera. Ef mikið liggur undir skemmdum, er rétt að bjarga því fyrst. Ég tel, að unnt sé að forðast stórkostleg fjárhagsleg áföll, ef geymslustaðirnir eru vel valdir, en ef síldin fer að skemmast á annað borð, er hún mjög fljót að renna í sundur. Með því að geyma í bing aflast líka mjög þýðingarmikil reynsla. Ef hægt er að geyma síldina, er hægt að gera stórfelldar ráðstafanir án mikils tilkostnaðar. Ef við verðum svo lánsöm að fá síld á næstu vetrarvertíð, sem margir ætla, þá gæti komið til mála, ef vel tekst um geymsluna nú, að byrja á því að byggja þrær hér syðra, en sjá vitanlega um, að lýsið, sem rennur af síldinni, sé tekið upp og unnir úr því peningar. Hér er því um stórfellda tilraun að ræða og kannske nýjar leiðir. Og allt bendir til þess, að unnt sé að geyma síldina án stórvægilegs tjóns.

Ég vil svo að lokum benda á, að þegar allt í einu berst svo mikil veiði, að slíks eru fá eða engin dæmi og ekkert lát er á veiðinni, þá er það alveg óforsvaranlegt, að allar þær ráðstafanir, sem í slíku tilfelli þarf að gera, sé talið sjálfsagt að framkvæma einungis á ábyrgð útgerðarinnar, en ríkissjóður taki ekki neina ábyrgð á sig. Það ætti fremur að vera öfugt, þegar svona stendur á, því að það er útvegurinn, sem vinnur undirstöðustörfin, og öll vinna í landi og allur sá ágóði, sem þjóðinni hlotnast, veltur í þessu sambandi á því, að útgerðarmenn sjái sér fært að senda skip sín út á miðin. Og út frá þessu sjónarmiði er réttmætt, að ríkisstj. taki á sig ábyrgðina af því, sem gera þarf til þess að tryggja útgerðinni það, sem hún þarf til þess að geta gegnt skyldu sinni og sótt veiðina. Það hefur greinilega komið í ljós það princip ríkisstj. að láta útveginn bera alla áhættuna, og þegar loks að því kom, að ríkisstj. sá sig tilneydda að taka á sig nokkra ábyrgð, þá var kostnaðurinn svo ríflega áætlaður, að hún varð að leiðrétta sitt eigið mat um 3 kr. á hvert síldarmál, sem er hreint ekki lítill peningur. Ég vildi svo spyrja hæstv. fjmrh., hvernig því er háttað með þessa þriggja króna tilslökun, hvort hún er bundin við það, að enn þá sé aðeins tekinn einn farmur af hverju skipi, og hvort enn þá standi það fyrirheit, að útvegsmenn fái verðið hækkað, ef kostnaðurinn vegna aðgerða ríkisstj. verður minni en ríkisstj. hefur metið, og enn fremur, hvort ríkisstj. hafi ekki hugsað sér, þegar héðan verður um fasta og varanlega síldarflutninga að ræða, að reyna að fá lækkað flutningsgjald síldarinnar, sem er mjög hátt. Flutningsgjaldið var ákveðið svo hátt til þess að fá veiðiskipin sjálf til þess að flytja síldina, en fá þeirra bera meira en 1000 mál, en hins vegar, þegar flutt eru í einu 10, 12 og 14 þús. mál og jafnvel enn meira, þá sér hver maður, að flutningskostnaðurinn verður ekki eins mikill, svo að þarna mætti stórlækka kostnaðinn, enda er talið, að stóru flutningaskipin hafi góða þénustu af síldarflutningunum, en það var ekki meiningin að láta þau stórgræða á þeim tíma, sem verð síldarinnar er lækkað til sjómanna. Ég tel því, að hefði ríkisstj. gert skyldu sína í þessu efni, þá hefði verðið ekki þurft að lækka. Í þessari till. er meginatriðið það, að sem mestu síldarmagni verði komið á land með sem minnstum töfum, og hefur hún þegar að verulegu leyti náð tilgangi sínum með því að ýta við ríkisstj. til þess að aðhafast eitthvað. Hins vegar tókust ríkisstj. framkvæmdirnar svo bögulega, að af þeim varð ekkert gagn fyrr en verðið hafði verið hækkað aftur. Enda þótt nokkur árangur hafi þegar náðst, tel ég rétt að samþykkja till., með því að hún miðar að því að nýta síldaraflann til hins ýtrasta, enda býst ég við því, að umr. um þessa till. muni verða — og það hafa þær raunar verið — til þess að gera ríkisstj. hugdjarfari í framtíðinni til þess að leysa þessi mál.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta mál bar hér að með þeim einkennilegasta hætti, sem ég hef vitað þingmál bera fyrir, og gildir það þegar um það, sem opinberlega var vitað á föstudaginn var, og þó einkum, ef athuguð eru öll tildrög og málavextir. Hér stendur upp einn þm. í fundarbyrjun á föstudaginn og segist vera með till., sem hann veifar og les upp utan dagskrár og krefst þess, að till. sé tekin fyrir sama dag. Mig rekur ekki minni til óþinglegri aðferðar við að flytja mál, sem ætlazt er til, að tekið sé alvarlega. En enn þá einkennilegri er þessi málatilbúnaður hv. þm. Siglf. (ÁkJ), þegar upplýst er það, sem ég skal nú upplýsa, en það er, að þegar hann ber fram þáltill. sína, er ekki liðin nema lítil stund síðan hann í viðtali við framkvæmdastjóra Landssambands íslenzkra útvegsmanna, Jakob Hafstein, er búinn að fá að vita, að það standi til að fara nú að taka síldina á land hér fyrir sunnan. Þetta fær hv. þm. Siglf. að vita í viðtali við Jakob Hafstein fyrripart föstudags, en skömmu eftir hádegi kemur hann askvaðandi með sama mál á þskj. sem sína till. Hann fékk enn fremur að vita, að málið hafði verið til athugunar hjá stjórn síldarverksmiðja ríkisins og hjá ríkisstj. Nú skal ég segja það, að meðan þetta mikla happ berst til landsins svo ríkulega, þá skal ég játa það, að ég sem ráðh. sjávarútvegsmála hefði ekki treyst mér upp á mitt eindæmi að ráða fram úr því að hafa til næg flutningaskip á degi hverjum. Hitt er vitað, að til er stjórn þessara mála, þar sem er stjórn síldarverksmiðja ríkisins, og leitaði hún að leiðum til úrbóta með þeim erfiðleikum þó, sem ég lýsti í ræðu minni á föstudaginn var, og einkum stöfuðu af því, að einn meðlimur verksmiðjustjórnarinnar vildi enga áhættu leggja á verksmiðjurnar og var yfirleitt hinn þverasti, en það var flokksbróðir hv. þm. Siglf., Þóroddur Guðmundsson. Hin frægu ummæli hans: „Hvað varðar okkur um alþjóðarhag?“ voru samstundis og hann sagði þau skrifuð niður í dagbók eins af meðlimum verksmiðjustjórnarinnar, og tjáir þar ekki móti að mæla. Þessi virðulegi fulltrúi, kommúnistinn Þóroddur Guðmundsson, hefur nú tekið sér frí og er farinn norður í land, og verða aðrir stjórnarmeðlimir að taka að sér störf hans.

Þegar leitað var til útgerðarfélaganna hér í bænum um að leggja til flutningaskip, skal ég segja Eimskipafélagi Íslands til verðugs hróss, að það brást mjög vel við og sömuleiðis Skipaútgerð ríkisins, sem tafarlaust leigði annað strandferðaskip sitt til flutninganna. Síðan voru útveguð útlend skip í sama tilgangi, þannig að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur náð á flot til síldarflutninga skipastól, sem ber um 100 þús. mál. Það getur vel verið, að einhverjir hefðu sýnt meiri dugnað og framsýni, sem hv. þm. Siglf. taldi þurfa í ríkara

mæli en verið hefði, en ég held, að mér sé óhætt að segja, að af hálfu stjórnar síldarverksmiðja ríkisins og ríkisstj. hafi ekki verið legið á liði sínu. Hitt hlaut svo að koma til athugunar, þegar flutningaskipin reyndust ónóg, hvaða aðgerðir kæmu þá til greina aðrar, og var þá t. d. rætt um að flytja síldina í bílum norður, en sú leið virtist ófær vegna mikils kostnaðar og erfiðra samgangna. Hitt, að landa síldinni hér, var búið að vera til athugunar fleiri daga, þegar þáltill. þessi kom fram. Þá var verið að athuga, hvort landa mætti síldinni í Hvítanesi og einnig hér í hinu svo kallaða Kveldúlfsporti, og allt þetta fékk hv. þm. Siglf. að vita í viðtali sínu við Jakob Hafstein þann sama dag og hann flýtti sér með till. sína hingað í þingsalinn. 5. des. var það, að hann flutti till., en 4. des. skrifar stjórn síldarverksmiðja ríkisins Landssambandi íslenzkra útvegsmanna eftirfarandi bréf, sem ég vil lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Bréfið er svo hljóðandi: „Stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur athugað möguleika á því að flytja bræðslusíld á land til geymslu í Reykjavík og víðar og áætlað kostnað við það. Mun hann nema að minnsta kosti kr. 10.00 á hvert mál síldar, er sundurliðast þannig:

Vinna við móttöku, akstur, lageringu og útskipun síldarinnar í flutningaskip	kr.	5.00	pr. mál.
Rýrnun 10%	—	3.20	— —
Aukakostnaður á salti	—	0.30	— —
Lóðarleiga	—	0.50	— —
Undirbúningur og annar kostnaður	—	1.00	— —
Samtals kr.		10.00	pr. mál.

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins sér sér ekki fært að leggja út í þann mikla undirbúningskostnað, sem þessu fylgir, nema tryggt sé, að útgerðarmenn vilji samþykkja þessa lækkun á verði þeirrar síldar, sem tekin verður til geymslu. Stjórn S. R. tekur það fram, að hún skyldar engan til að afhenda síldina á framangreindan hátt, en vill hins vegar gefa mönnum kost á að losna við síldina með þessu móti, ef útgerðarmenn óska, en svar um það þarf oss að berast fyrir kl. 5 e. h. á morgun."

Þetta er undirritað af formanni verksmiðjustjórnarinnar, Sveini Benediktssyni, fyrir hönd stjórnarinnar allrar. Svar Landssambands íslenzkra útvegsmanna mun hafa verið í þá átt, að það teldi, að menn mundu geta sætt sig við þetta verð, þar sem bátunum gafst þarna tækifæri til að losa sig við einn farm, meðan þeir biðu eftir að koma afla sínum í skip, og gætu þannig aukið afla sinn. Í samræmi við þennan skilning var gefin út eftirfarandi tilkynning þann 5. des., með leyfi hæstv. forseta: „Þrátt fyrir það, að ráðin hafa verið til síldarflutninga skip, sem bera í einni ferð rúmlega 100 þús. mál, hafa veiðarnar gengið svo vel, að þessi flutningaskipastóll hefur reynzt ófullnægjandi. Hafa því undanfarna daga verið athugaðir möguleikar á því að taka síld í land til geymslu í Rvík eða nágrenni bæjarins og í Hvítanesi við Hvalfjörð. Á fundi sínum í gær, hinn 4. des., ákvað stjórn síldarverksmiðja ríkisins að hefja móttöku á bræðslusíld til geymslu í Rvík og nágrenni bæjarins. Sökum kostnaðar og rýrnunar á síldinni við geymsluna getur verð á þessari síld ekki orðið nema kr. 22.00 fyrir málið afhent á bíl við skipshlið. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur kynnt sér vilja útgerðarmanna í þessu efni, og virðast þeir geta sætt sig við lækkun á síldarverðinu undir þessum kringumstæðum. Það verður lagt í vald útgerðarmanna skipanna, hvort þeir vilji afhenda síldina með þessum skilmálum eða kjósi heldur að bíða eftir afgreiðslu í síldarflutningaskip og fá þá hærra verðið, kr. 32.00 pr. mál, ef landað er beint í skip úr málum, eða kr. 30.50, ef landað er á bílum í flutningaskip. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins býst við að geta hafið móttöku síldarinnar til geymslu í Rvík á morgun, laugardag, og verður fyrst um sinn tekinn einn farmur af skipi."

Nú bar það við, eins og hv. þm. Siglf. lýsti, að útgerðarmenn og sjómenn voru ekki ánægðir með þetta verð. Ég skal ekki segja um, að hve miklu leyti sú óánægja var aðflutt og að henni róið, en nokkuð var það, að þeir vildu ekki landa síldinni á þessu verði. Hv. þm. Siglf. telur það eðlilegt, og má vel vera, að svo sé. Ég segi bara, að ég teldi mig heppinn, og sennilega hv. þm. Siglf. líka, ef ég gæti boðið sjávarútveginum upp á ekki óarðvænlegri kjör en þau að fara inn í Hvalfjörð og stútfylla þar bátana og koma aflanum viðstöðulaust á land. Hitt er auðvitað betra, að fá hærra verðið, og allir vilja sitja við þann eldinn, sem bezt brennur. En er sýnt var, að þessar aðgerðir voru gagnslausar, því að útvegsmenn vildu ekki sætta sig við að landa á þessu verði, þá ræddi ríkisstj. þetta mál við stjórn síldarverksmiðja ríkisins, en ég skal taka það fram, að fyrri ákvarðanir verksmiðjustjórnarinnar voru þar ekki í einstökum atriðum bornar undir ríkisstj., enda tel ég, að ríkisstj. eigi ekki að blanda sér inn í störf stjórnskipaðra nefnda, nema um mjög alvarleg atriði sé að ræða. En stjórn S. R. óskaði viðræðna við ríkisstj. um það, að þrátt fyrir, að löndunarpláss væri fengið, þá vildu útgerðarmenn ekki landa á 22 kr. verði, og varð það að samkomulagi að reyna að greiða úr þessu þannig, að ríkisstj. tæki á sig áhættuna af því, ef einhver halli yrði á, og í samræmi við þetta samkomulag var gefin út svo hljóðandi tilkynning í gærkvöld, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þess, að kostnaður og rýrnun á bræðslusíld þeirri, sem tekin verður í land til geymslu hér í Reykjavík, er áætlaður að minnsta kosti kr. 10.00 á mál, ákvað stjórn síldarverksmiðja ríkisins verð þeirrar síldar skv. því kr. 22.00 málið. Þar sem hlutur sjómanna og útvegsmanna þykir rýr með framangreindu verði, hefur ríkisstj. ákveðið, að S. R. og ríkissjóður tækju á sig hallann við að hækka bræðslusíldarverðið upp í kr. 25.00 málið, komið á bíl við skipshlið, á þeirri síld, sem S. R. veita móttöku til geymslu hér syðra. Er þetta sama verð og greitt var fyrir Kollafjarðarsíld í fyrra afhent í flutningaskip og kr. 5.50 lægra pr. mál en á síld þeirri, sem nú er landað á bílum beint í flutningaskip. Greitt verður áfram kr. 32.00 pr. mál fyrir síld, sem landað er í málum í flutningaskip, og kr. 30.50 fyrir síld, sem landað er á bílum í flutningaskip."

Þetta er nú það síðasta, sem gerðist í þessum verðmálum varðandi þessa síld. Hv. þm. Siglf. þakkaði mér, hve fljótt ég hefði hafizt handa skv. þáltill. hans. Ég frábið mér þakklæti hans í því sambandi. Hins vegar hef ég löngu áður en hans till. kom fram og alltaf reynt að gera það, sem í mínu valdi

hefur staðið, og aðeins í því efni gert það, sem mér var skylt, en ég hef ekki viljað taka fram fyrir hendur stjórnar S. R. og ekki talið mig hafa ástæðu til þess, því að þótt komið geti fyrir, að sitt sýnist hvorum, þá þarf það að vera mjög alvarlegt mál, ef ríkisstj. á að taka ráðin af þeim, sem hún sjálf hefur valið til að vinna verkið. Og ég tel, að meiri hluti stjórnar S. R. hafi gert allt, sem hann gat, til þess að bjarga þeim verðmætum, sem okkur hafa borizt. Málin standa því þannig, að það, sem farið er fram á í þessari þáltill., var ákveðið áður en till. kom fram og er nú komið í framkvæmd.

Hv. þm. Siglf. var svo með ýmsar hugleiðingar, og get ég tekið undir sumt af því, sem hann sagði og hann sér auðvitað jafnrétt og aðrir. En það er heldur óviðkunnanlegt, þegar þessi hv. þm. er að tala um, að ríkisstj. hafi skort framsýni, þm. með aðra eins framkvæmdasögu að baki í síldarmálum og ýmsum öðrum málum frá því að hann var í ríkisstj. Það er hins vegar ekki lítið verkefni fyrir alla aðila, sjómenn, útgerðarmenn, stjórn S. R. og ríkisstj., þegar svona mikil veiði og óvænt berst með ekki meiri reynslu og undirbúningi en verið hefur. Hv. þm. Siglf. taldi, að þurft hefði að byrja á að bingja síldina fyrir hálfum mánuði, en er hann ekki enn sammála mér um það, að meðan von var nægra flutningaskipa, var varla gefinn hlutur að fleygja síldinni hér upp í bingi? Ég held, að jafnvel hann hafi þurft að hugsa sig um. Hér hef ég bréf, sem þáv. sjávarútvegsmálaráðh., þm. Siglf., skrifaði stjórn síldarverksmiðjanna varðandi Kollafjarðarsíldina. Þar heimilar hann stjórn síldarverksmiðjanna að greiða ákveðið verð fyrir síldina, en þó er það tekið fram, að þetta verð sé aðeins miðað við það, að nægilegur skipastóll fáist til að flytja síldina fyrir 15 kr. pr. mál. Ef það hins vegar fáist ekki, þá breytist bræðslusíldarverð í samræmi við það. Hann hefur sem sagt vaðið fyrir neðan sig og setur verðið með þeim skilyrðum, að síldin sé flutt norður og það fyrir 15 kr. pr. mál. Ég er ekki að tala um, að þessi fyrirvari hafi verið að ófyrirsynju, þvert á móti, því að það er nauðsynlegt að gæta varúðar. Það skal líka tekið fram, að í þessu bréfi þáv. ráðh. er jafnframt lagt fyrir stjórn síldarverksmiðjanna að útvega nægilegan skipastól til flutninganna. Kollafjarðarsíldin var að vísu mikil í fyrra miðað við það, sem áður hafði þekkzt, en þó var hún ekki nema smámunir miðað við Hvalfjarðarsíldina nú. Án þess að ég sé á nokkurn hátt að gera mikið úr mínum störfum í þessu máli, þá held ég, að ég hafi gert meira en að skrifa eitt bréf, og býst ég við, að stjórnir síldarverksmiðjanna og Landssambandsins mundu bera mér vætti í því máli, ef til væri leitað.

Forsaga þm. Siglf. í þessum málum er því sú, að hann miðaði verð síldarinnar í fyrra við það, að hún væri sett í flutningaskip og flutningsgjaldið skyldi ekki fara yfir 15 kr. pr. mál, og svo varpaði hann áhyggjum sínum á stjórn síldarverksmiðjanna með að útvega skip til flutninganna. Auk þessa má að sjálfsögðu nefna, að hann lét flytja einn skipsfarm út, en það mun hafa kostað ríkið 63 þús. kr. Þegar þessi saga er athuguð, þá kemur málflutningur þessa þm. harla einkennilega fyrir eyru manna.

Ég get verið sammála þm. Siglf. um það, að æskilegast væri að geyma síldina inni eða undir þaki, og það er þess vegna, að ég hef gert sérstakar ráðstafanir til að fá slíka staði, svo að tryggja megi, að ekki rigni í síldina. Þessar ráðstafanir hafa borið þann árangur, að nú er góð von með að fá skemmu þá á flugvellinum, sem þm. minntist á. En jafnvel þó að gólfið sé gott, eins og þm. benti á, þá mun ekki vera óhætt að setja síld þangað, nema gera nokkrar ráðstafanir, því að fróðir menn telja, að veggir skemmunnar muni ekki þola þunga síldarinnar, og þess vegna hefur verið ákveðið að slá upp þró fyrir síldina. Auk þessa geta fleiri staðir komið til greina. En hins vegar fellur þetta ekki saman við þá skoðun þessa þm., þegar hann leggur til, að síldinni verði rótað upp á Ægisgarðinn, því að þar er ekkert þak.

Hv. þm. var hvassyrtur yfir því, að útvegsmenn yrðu alltaf að bera alla áhættuna. En ég vil minna þm. á það, að þetta er ekki ný saga, því að þeir, sem við áhættusaman atvinnurekstur fást, hafa alltaf orðið að bera áhættuna. Ég hefði oft kosið það sem útvegsmaður, að skakkaföllin hefðu ekki lent á mér. En hins vegar tel ég nokkra hættu í því að láta ríkið bera áhættuna og hætt við, að þá mundi ábyrgðartilfinning manna dofna. Og hvað er svo þessi ríkissjóður, sem alla áhættu á að hafa? Jú, hann er ekkert annað en vasi borgaranna. Það getur að vísu oft verið réttmætt, að borgararnir almennt beri áhættuna, en það getur gengið of langt, ef skella á allri áhættu á ríkissjóð. Það er ekki nein smááhætta, sem ríkið stendur á bak við með rekstri síldarverksmiðjanna. Og í sambandi við þær skuldir, sem á þeim hvíla, þá hef ég ekki heyrt annað en að ríkið bæri ábyrgð á þeim.

Hv. þm. spurði að því, hvort ekki væri ætlunin að borga útvegsmönnum og sjómönnum til baka, ef umræddur kostnaður yrði ekki eins hár og gert væri ráð fyrir. Því er til að svara, að það mun hafa verið rætt um það og ætlunin að bæta upp verðið, ef rýrnunin eða annar kostnaður mundi ekki reynast eins mikill og upphaflega var gert ráð fyrir.

Þá spurði þm., hvort ekki yrði reynt að lækka flutningskostnaðinn, þegar síldin væri til staðar í landi, og í því sambandi minntist hann á, að það væri ekki svo lítill gróði, sem flutningaskipin bæru frá borði. Það er eflaust rétt, að skipin fá miklar tekjur af þessum flutningum, en þess ber að gæta, að skipin voru tekin út úr áætlun, t. d. hjá Eimskip, auk þess sem forstjóri þess fyrirtækis útvegaði True Knot. En þessi fyrsta aðferð þess sýnir, að það er ekki öll sagan sögð, þó að mikið fáist fyrir flutningana, sérstaklega þegar svo háttar, að skipin eru alls ekki gerð fyrir flutninga eins og hér er um að ræða, og eru breytingar þær, sem þörf er að gera á skipunum, oft miklar og kostnaðarsamar, en ef þær eru ekki gerðar, þá fer eins og með þetta stóra skip, sem enn þá liggur á Patreksfirði. Ég tel, að fyrst og fremst verðum við að fá skip til flutninganna, þó að þau séu dýr. Hins vegar getur verið, að það skapist aðstaða síðar til að fá þessa flutninga ódýrari, þó að ég sé hræddur um, að þörfin verði ekki síður brýn, ef síldin er geymd hér í stórum bingjum.

Af því, sem hér hefur verið sagt, þá tel ég, að það hafi greinilega komið í ljós, að þessi till., sem hér er til umr., er fyrst og fremst flutt að yfirvarpi. Því að það, sem hún felur í sér, var þegar búið að gera eða gera ráðstafanir til að yrði gert, þegar till. kom fram. Þess vegna sé ég ekki, að Alþ. geti

haft nein afskipti af þessu frekar en þegar hefur verið gert.

Ég man ekki, að það sé fleira, sem ég hef ekki svarað. Það var jú eitt atriði, — að ég hefði kallað stjórn síldarverksmiðjanna á fund síðastliðinn föstudag. Þetta er ekki rétt. Ég átti tal við einn mann úr stjórninni, en það var enginn fundur haldinn, enda var vitað, hvað til stóð, svo að það þurfti engan fund að boða. Í sambandi við það að setja síldina á land hér í Rvík, þá viðurkenndi þm. það, að einhver smávægilegur munur væri nú á því og landa í skip. Ég er sannfærður um það, að ætti þessi þm. að bera persónulega ábyrgð á síldinni, þá mundi hann vilja gefa allmiklu hærra verð fyrir þá síld, sem lönduð væri beint í skip, en það er í raun og veru alveg sama hvað verksmiðjurnar áhrærir. Það er ekki hægt að krefjast hærra verðs en hugsanlegt er að fá fyrir síldina þegar kostnaður og rýrnun hefur verið dregin frá. Og það er óhætt að fullyrða, að stjórn síldarverksmiðjanna hefur gert allt, sem í hennar valdi hefur staðið, og mun gera það áfram. Auk þess mun ríkisstj. veita henni allan sinn stuðning, sem vera ber.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir, er í raun og veru tvíþætt. Í fyrsta lagi, að allt, sem unnt er, verði gert til þess að ekki þurfi að koma til löndunarstöðvunar á Hvalfjarðarsíldinni, en hinn þátturinn er annars eðlis, eða um það, hver bera skuli áhættuna og kostnaðinn af þeim ráðstöfunum. Ég vil nú ræða báða þessa þætti nokkuð.

Þegar hinn óvænti uppgripaafli barst hér að landi af Hvalfjarðarsíld, þá voru landsmenn alveg óviðbúnir að flytja allan þann afla til verksmiðjanna til vinnslu. En ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að það hafi enginn beitt sér meira fyrir, að þetta mætti vel takast, heldur en sjávarútvegsmálarh., því að það má segja, að hann hafi lagt saman nótt og dag við að ráða fram úr þeim örðugleikum, sem skapazt hafa. Þetta starf hans hefur ekki heldur verið árangurslaust, því að það má telja kraftaverki næst, hvað mikið magn af síld er komið norður á svo skömmum tíma, sem hér hefur verið til stefnu. Ég skal ekki fara að rekja það í smáatriðum, en á það má benda, að það hefur verið tekinn floti frá öðrum störfum og það skip, sem alls ekki eru ætluð til slíkra flutninga, sem hér er um að ræða, enda hefur það haft sínar afleiðingar, þar sem eitt stærsta skipið varð fyrir áfalli og það fyrst og fremst vegna þess, að það er ekki útbúið fyrir þess konar flutninga sem hér um ræðir. Það er því óþarfi að bera ráðh. það á brýn, að hann hafi ekki sýnt áhuga á þessum málum, því að hann hefur í raun og veru gert allt, sem hugsanlegt hefur verið, til þess að ekki þyrfti að koma til löndunarstöðvunar. Hann hefur meira að segja látið athuga möguleikana á því að fylla skipsflak það, sem liggur hér inni á sundum, og flytja það norður eða geyma í því síld, og nefni ég það sem dæmi, hvernig hann hefur gert sér far um að athuga alla möguleika. Ég sé því ekki ástæðu til að ræða þessa hlið till. frekar, en vil næst víkja að hinu atriðinu.

Hæstv. ráðh. upplýsti, að nú væri greitt fyrir síldina 32 kr., en flutningsgjald norður væri 20 kr. pr. mál. Síldin kostar verksmiðjurnar því 52 kr. pr. mál. Nú vil ég spyrja flm. till., hvort von sé til, að þetta verð fáist aftur. Allir, sem hafa kynnt sér rekstur verksmiðjanna, komast að raun um, að á þeim er mikill rekstrarhalli, en sá rekstrarhalli stafar af ráðstöfunum, sem flm. þessarar till. gerði í sinni ráðherratíð. Hvort þær ráðstafanir voru góðar eða slæmar, skal ég ekki fara út í hér. En sé það tilfellið, að verksmiðjurnar fái ekki það fé aftur, sem þær þurfa að láta af hendi, en það er 52 kr. pr. mál að viðbættum vinnslukostnaði, sem búast má við, að verði hár nú, þá er mjög hæpið, að verksmiðjurnar geti tekið á sig meiri áhættu. Varðandi flutningskostnaðinn, þá hygg ég, að öll hin smærri skip séu ekki ofsæl af því flutningsgjaldi, sem þau fá nú, enda hef ég heyrt, að það sé 5—6 hundruð kr. halli á þeim á dag. Það styður líka þessa skoðun, að síldarskipin vilja heldur liggja hér dögum og jafnvel vikum saman en flytja síldina norður fyrir þetta gjald. Um stærri skipin skal ég ekki segja, en hins vegar er það vitað, að mjög mikill stofnkostnaður er við að hefja þessa flutninga, því að það þarf að breyta útbúnaði skipanna, og höfum við glöggt dæmi um það, hvernig fer, ef sá undirbúningur er ekki vandaður. Flutningur frá veiðiskipum til skips er reiknaður kr. 1,50 á mál. Þó má gera ráð fyrir, að það þurfi að auka þetta eitthvað, ef þarf að fara með síldina suður á flugvöll. Þá kemur til greina flutningur frá skipi og að þeim stað, þar sem síldin er geymd, og rýrnar síldin töluvert á geymslustað. Ég hygg, að kr. 8,50 sé ekki nægilegt til að standast þann kostnað. Reynslan sannar þetta, þegar að því kemur. Þess utan er vitanlegt, að því lengur sem síldin er geymd, því minna verður fitumagn hennar, svo að ég hygg, að nú daglega komi ekki nema 12% í stað 16%, enda er það svo, að þær verksmiðjur, sem áður keyptu málið á 52 kr., aðrar en Síldarverksmiðjur ríkisins, mundu stöðva reksturinn nema málið yrði lækkað um 10 kr. Allt þetta sýnir, að boginn er spenntur eins og hægt er. [Frh.].

Forseti (JPálm): Ég verð að spyrja hv. ræðumann, hvort hann á mikið eftir af ræðu sinni. (**GJ:** Að minnsta kosti hálftíma). Þá bið ég hv. þm. að fresta ræðunni, því að fundartíminn er á enda.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Sþ., 11. des., var fram haldið fyrri umr. um till.

Gísli Jónsson [frh.]: Herra forseti. Ég hafði á síðasta fundi í Sþ. rætt nokkuð um þetta mál og sýnt fram á, að engin ástæða væri til að bera fram þessa till., því að áður en hún kom fram, hafði ríkisstj. og stjórn SR gert allt, sem unnt var, til að bæta úr hinum óvæntu erfiðleikum á þessari síldarvertíð. Ég skal svo ekki ræða þetta mikið nú, en aðeins benda á, að ef ætlazt er til, að ríkið taki á sig allan kostnað við að flytja síldina hér í land og svo úr landi, en láti ekki þennan aukna kostnað koma fram í síldarverðinu, þá er það vissulega mikið að greiða og hlýtur að koma niður á síldarverksmiðjum ríkisins eða heildarverði þeirra næsta ár.

Með tilvísun til þess, sem ég hef nú sagt, höfum við hv. þm. Ísaf. og hv. þm. N-Þ. leyft okkur

að bera fram svo hljóðandi rökst. dagskrá í málinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að upplýst hefur verið, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins hafði þegar áður en þál. þessi kom fram á Alþ. gert ráðstafanir til að leggja síld á land hér syðra til þess að greiða fyrir veiðiskipunum og framkvæmd þessi er nú þegar hafin, lítur Alþ. svo á, að till. sé að ófyrirsynju fram komin, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég skal svo ekki tefja störf Alþ. með því að ræða þetta mál meira, ég tel þess ekki þörf, en leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessa dagskrá.

Forseti (JPálm): Dagskrá sú, sem hv. þm. Barð. var að lesa, liggur þá hér fyrir til umr. Þar sem óskað er eftir, að þessi fundur standi ekki lengur en til klukkan tvö, og þar sem flm. þessarar till. er ekki á fundi, þá sýnist mér ekki fært að halda þessum fundi lengur áfram.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er eins og hæstv. forseti hefur tekið fram, að 1. flm. er ekki viðstaddur, en ég býst nú við, að hann komi bráðlega. En þegar þessi rökst. dagskrá kemur nú fram og er ekki einu sinni prentuð, þá er einkennilegt, að það skuli liggja svo mjög á að bera hana upp til framhaldsumræðu. Ég vil því fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann fresti þessu um sinn, í dag að minnsta kosti eða þar til unnizt hefur tími til að útbýta þessari till.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vil styðja þau tilmæli hv. síðasta ræðumanns, að málinu verði frestað, af því að flm. er fjarstaddur, og styður það þau tilmæli, að samþykkt till. hefur engin minnstu áhrif á það mál, sem hún fjallar um.

Umr. frestað, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

29. Málmleit o. fl.

Á deildafundum 12. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um leit að dýrmætum efnum og málmum í jörðu (A. 178).

Á 41. og 42. fundi í Sþ., 4. og 5. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Sþ., 3. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í sambandi við þessa till. á þskj. 178 vildi ég leyfa mér að segja nokkur orð. — Ég hygg, að flestir hv. alþm. séu sammála um, að of lítið hafi verið gert til þess að ganga úr skugga um, hvort dýrmæt efni og málmar væru í jörðu á landi voru í svo ríkum mæli, að það svaraði kostnaði að vinna þau. Við höfum hér rannsóknaráð ríkisins, en því hefur verið sniðinn svo þröngur stakkur, að það hefur ekki getað nema að litlu leyti leyst þessi störf af hendi. Við höfum orðið varir við það, að aðeins fyrir tilviljanir hafa menn fundið dýrmæt efni í jörðu hér, — ekki af því að þeir hafi verið að leita að þeim, heldur t. d., þegar menn hafa verið að grafa skurði eða fyrir húsum, og er þar skemmst að minnast marmarans á Snæfellsnesi. Það er vitanlega engin vissa fyrir því, hvort hér á landi séu svo miklir málmar í jörðu, að það svari kostnaði að vinna þá, en þar sem líkur virðast ef til vill til þess, þá er óafsakanlegt að hefja ekki rannsóknir á því, þannig að úr því verði að fullu skorið. Með þessari þáltill. er ætlazt til, að rannsóknaráði ríkisins verði falin þessi rannsókn, en þá þarf um leið að búa öðruvísi að því en nú er gert. Þeir menn, sem í rannsóknaráði eru, mega ekki hafa þetta sem aukastörf, nema því aðeins að það ráði sérfræðing eða sérfræðinga til þessara starfa. Fyndist mér það engin fjarstæða, þótt 1 eða 2 sérfræðingar væru ráðnir í þessu skyni til þess að vinna að þessu nú um sinn, svo að við vöðum ekki lengur í villu um það, hvað hér er um að ræða. Atvinnuvegir landsmanna eru ekki það fjölbreyttir, að við getum ekki bætt þar við, og ef um dýrmæt efni í jörðu hér er að ræða og það kannske í stórum stíl og það gæti svarað kostnaði að vinna þá, þá hefðum við vissulega þörf fyrir slíkt.

Ég tel líklegt, að hæstv. Alþ. taki þessari till. vel og vilji ekki sofa lengur á þessu máli. Hv. alþm., sem vita það, að fjárhag ríkisins á hverjum tíma er þannig háttað, að þar er þörf fyrir meira fé til ýmiss konar starfsemi, vilja vissulega athuga það, hvort hér séu ekki nýir möguleikar fyrir hendi. — Ég legg þess vegna til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til síðari umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

30. Rafmagnsþörf austurhluta Rangárvallasýslu og Mýrdals.

Á 32. fundi í Sþ., 20. des., var útbýtt:

Till. til þál. um athugun á rafmagnsþörf austurhluta Rangárvallasýslu og Mýrdals í Vestur-Skaftafellssýslu (A. 246).

Á 42. fundi í Sþ., 5. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Sþ., 3. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Gíslason): Herra forseti. Þessi till. á þskj. 246, sem ég flyt hér ásamt hv. 1. þm. Rang., er um athugun á rafmagnsþörf fyrir austurhluta Rangárvallasýslu og Mýrdal í Vestur-Skaftafells-

sýslu. — Ástæðan fyrir því, að við berum till. fram, er m. a. sú, að í Vík í Mýrdal er mjög mikill skortur á rafmagni. Kauptúnið hefur farið ört vaxandi á síðari árum, og til þess liggur m. a. sú ástæða, að þar er starfrækt Loran-veðurathugunarstöðin, en við hana starfa 14 til 16 manns á fullum árslaunum. Auk þess hafa verið stofnsett þarna ýmis verkstæði, og þetta allt gerir það að verkum, að þörf kauptúnsins fyrir rafmagn hefur farið mjög vaxandi. Kauptúnið hefur notað ævagamla rafstöð, sem fyrir löngu er orðin of lítil til að fullnægja þörfum þess. En skammt frá Vík er lítil á með mikilli fallhæð og nokkuð jöfnu vatni, og til hennar hafa Víkurbúar löngum rennt hýru auga í þeirri von, að hún seinna mætti færa þeim ljós og hita, en þetta mundi aðeins nægja Víkurbúum og allra næstu bændabýlum, og þá virðist næst að líta eftir stórvirkjun og þá lengra frá. Er þá um tvennt að gera, annaðhvort að virkja Skógafoss eða fá leiðslu frá Sogsvirkjuninni í áframhaldi af þeirri leiðslu, sem væntanlega verður lögð austur í Hvolhrepp á Rangárvöllum, og yrði að því ráði hallazt, sem líklegt er, þá mundu margir fleiri aðilar en Víkurkauptún njóta góðs af því, þ. e. 4—5 hreppar með mjög góð ræktunarskilyrði í austurhluta Rangárvallasýslu og Mýrdalnum, og hafa bændur á þessum slóðum eins og annars staðar mjög mikla þörf fyrir að fá rafmagn til sinna afnota. Í þriðja lagi kemur þarna til Skógaskóli. Er ekki langt þangað til þessi skóli getur tekið til starfa, en rafmagnsþörf skólans er enn óleyst. Vitanlega má þó leysa úr rafmagnsþörf skólans með sérstakri virkjun frá smávatni, sem þar er rétt hjá, eða með mótor, en reynsla þeirra, sem framleiða rafmagn með mótor á þessum slóðum, er sú, að þetta verður nokkuð dýrt, þegar þarf að flytja olíuna á annað hundrað km leið.

Þetta þrennt liggur til grundvallar þessari þáltill. okkar, þ. e. hin aðkallandi þörf Víkurkauptúns fyrir rafmagn og þörf sveitanna á þessum slóðum, og virðist okkur því nauðsynlegt að fá úr því skorið sem fyrst, á hvern hátt eigi að leysa þessi mál sem hagkvæmast fyrir þessa aðila. Er þetta tilgangur þáltill. okkar. Vil ég vona, að hún fái góðar undirtektir hv. þm., og legg til, að henni verði að lokinni þessari umr. vísað til fjvn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. V-Sk. hefur gert grein fyrir till. á þskj. 246. Hann hefur líka gert grein fyrir því, hvers vegna till. er flutt, og það er í fyrsta lagi vegna rafmagnsskorts í Vík í Mýrdal. Það er ekki nema eðlilegt, að hv. þm. V-Sk. hafi áhuga fyrir að leysa raforkumál Víkurkauptúns og annarra þar í grennd, en hv. þm. er nýr hér á þingi, enda talaði hann um þetta mál eins og það væri alveg nýtt og ekkert væri farið að gera í því. Og af þeirri ástæðu, að hv. þm. talaði um málið á þennan hátt, og þar sem felst í till. áskorun um að vinna það verk á þessu ári, sem verið er að vinna að og loforð liggja fyrir, að verði lokið fyrir næsta ár, kemst ég ekki hjá að gefa upplýsingar um málið eins og það liggur fyrir hv. þm. til leiðbeininga.

Það var árið 1946, sem Skógafoss var mældur með tilliti til virkjunar, og var það eftir ósk frá Jóni Kjartanssyni, núverandi sýslumanni Skaftafellssýslu, Gísla Sveinssyni fyrrv. alþm. og samkvæmt bréfi, sem ég skrifaði þáverandi raforkumrh., Emil Jónssyni. Hann lagði síðan fyrir rafmagnseftirlit ríkisins að mæla Skógafoss og láta rannsaka, hvort heppilegt væri fyrir austurhluta Rangárvallasýslu og Víkurkauptún að fá rafmagn frá Sogsvirkjuninni eða virkja Skógafoss. Og samkv. fyrirmælum fyrrv. raforkumrh. er rafmagnseftirlitið nú að vinna að þessu, og hef ég fengið loforð þess um, að þessum rannsóknum skuli verða lokið, áður en Alþ. næst kemur saman, til þess þá að hægt verði að taka ákvörðun um, hvað gera skuli í þessum efnum. B-liður þessarar þáltill. er því ekki heppilegur á þessu stigi málsins, því að samkv. honum felst áskorun um að leggja fram frv. um öflun raforku fyrir þessar sveitir, sem byggt sé á niðurstöðu þessarar rannsóknar. Og verði að því horfið að leiða rafmagn frá Soginu, þá er ekki um það að ræða að afla raforku sérstaklega fyrir þessar sveitir, því að þær fylgjast þá að með virkjun Sogsins þangað austur og þá verður væntanlega þar ekki um neina rafeklu að ræða. Um þetta efni þarf því ekki ný l. Verði hins vegar að því ráði horfið að láta Víkurkauptún og bæina í Mýrdalnum og undir Eyjafjöllum fá raforku frá virkjun Skógafoss, verður að leggja fram sérstakt frv. um virkjun Skógafoss og fá samþ. l. um það, en það er ekki tímabært að leggja fram frv. um þetta, fyrr en niðurstöður rannsókna liggja fyrir um, að það sé heppilegra.

Það er ekki nema eðlilegt, að hv. þm. V-Sk. og hv. 1. þm. Rang. hafi áhuga fyrir þessum málum og kannske eðlilegt, að hv. þm. V-Sk. hafi ekki fylgzt með, að þessar rannsóknir séu nú að fara fram, en ég hafði búizt við, að hv. 1. þm. Rang. hefði vitað, hvað væri að gerast í þessum málum, en svo er ekki að sjá, því að hann hefur gerzt flm. að þessari till. — Ég veit, að hv. þm. sjá nú af því, sem ég hef sagt, að þessi till. er gersamlega óþörf, þótt hún að vísu geti ekki spillt fyrir málinu. — Ég taldi mér skylt að upplýsa þetta mál og vænti, að hægt verði að hefjast handa um framkvæmdir, þegar rannsóknum er lokið, því að það er rétt hjá hv. 1. flm., að rafmagnsþörf þessara staða er mjög mikil, og er Víkurkauptún mjög illa statt í þessum efnum og mjög kostnaðarsamt að nota olíuvélar til raforku.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Mér kemur það einkennilega fyrir sjónir, að hv. 2. þm. Rang. skuli hafa á móti þessari þáltill., því að þótt eitthvað sé farið að undirbúa rannsóknir í þessum efnum, þá er langt í land, að þeim sé lokið, og lítið farið að gera í þessum málum, og þykir mér það ákaflega einkennilegt, ef ekki má koma fram með þessa þáltill. án þess að spyrja hv. þm. um leyfi. Er mér kunnugt um, að hann var að safna undirskriftum austur undir Eyjafjöllum s. l. haust til þess að reyna að herða á, að eitthvað yrði gert í þessum málum.

Ég tel þessa þáltill. fullkomlega tímabæra, því að hún fer ekki fram á annað en það, að þessari rannsókn verði flýtt og að henni lokinni verði lagt fram frv. um það, hvort eigi heldur að leiða rafmagn til þessara héraða frá Skógafossi eða Soginu. Margir hafa meiri trú á virkjun Skógafoss fyrir þessi héruð, og er ég þess fullviss, að það á langt í land, að rafmagn frá Soginu komist austur í Mýrdal. Við vitum það, að virkjunarmöguleikar Sogsins eru ákaflega miklir, en þó ekki óþrjót-

andi, og þess vegna er það gefið mál, að við verðum að taka til athugunar aðra staði, sem virkjunarmöguleikar eru á, og álít ég vafasamt, hvort ekki sé hyggilegra að sjá þessum héruðum fyrir rafmagni frá Skógafossi, sem liggur miklu nær. Um þetta vil ég þó ekki fullyrða á þessu stigi — um það verða sérfræðingar að dæma, en þessi till. fer ekki fram á annað en það, sem gæti orðið til að flýta fyrir afgreiðslu þessa máls, og að niðurstöðum fengnum, á hvern hátt þetta mál verði sem hagkvæmast leyst fyrir þessar sveitir.

Flm. (Jón Gíslason): Herra forseti. Samflutningsmaður minn hefur í ræðu sinni tekið fram flest af því, sem ég vildi segja um b-lið till. Ég hef átt tal við raforkumálastjóra um þetta mál, og gat hann þess alls ekki, að hann teldi till. óþarfa, heldur þvert á móti hugði hann gott að hafa þetta ákvæði um áframhaldandi rannsóknir á virkjun. Ég get ekki séð, að það geti talizt óþarfa afskiptasemi, þó að Vestur-Skaftfellingar vilji hafa hönd í bagga með þessari virkjun. Þeir hafa haft það og vilja, að svo sé áfram. Það er svo auðvitað skiljanlegt, að hv. 2. þm. Rang. láti sig málið miklu varða, og ég hygg, að það sé mjög æskilegt, að góð samvinna geti verið um það, því að þetta er mikið nauðsynjamál, sem fyrir hendi liggur að leysa. Ég hef ekki meira við þetta að bæta, en vænti þess, að till. verði samþ.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja örfá orð út af ræðum þeirra hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. V-Sk. Það, sem okkur greinir á um, er aðeins meiningamunur.

Hv. 1. þm. Rang. gat þess í ræðu sinni, að hann teldi heppilegra að virkja Skógafoss og fá þaðan raforku heldur en frá Sogsvirkjuninni. Um það geta auðvitað verið deildar meiningar, en ég vil leyfa mér að lesa bréf það, sem mér hefur borizt frá raforkumálastjóra, eftir að ég hafði gert fyrirspurn til hans um virkjun Skógafoss. Í bréfi þessu lýsir hann, hvað búið væri að gera og hvað eigi að gera í þessum efnum, og af því að mér virtist, að þessir tveir hv. þm. efuðust um það, sem ég sagði áðan, þá vil ég nú lesa bréfið, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðvíkjandi fyrirspurn yðar, herra alþm., um áætlanir um virkjun Skógafoss skal eftirfarandi tekið fram: Sumarið 1946 var svæðið í kringum og upp frá Skógafossi mælt. Kort var síðan teiknað um veturinn. Jafnframt var komið á reglubundnum vatnsmælingum í Skógaá. Nú er verið að ganga frá frumáætlunum um eftirfarandi þrjár virkjunartilhaganir.“ Ég sleppi að lesa lýsinguna á þeim. Í einni þeirra er gert ráð fyrir að virkja 8 þús. hestöfl, í annarri 5800 hö. og í þeirri þriðju er gert ráð fyrir jafnmörgum hestöflum og í þeirri fyrstu. Þetta sýnir, að búið er að gera mikið í málinu, og ætla má, að lokið verði að vinna úr þeim gögnum, sem fyrir hendi eru, fyrir næsta haust. Til þess að skera úr, hvað gera eigi, þarf vitanlega fyrst og fremst nákvæmar vatnsmælingar, en þeim hefur verið haldið áfram í 2 ár. Einnig hefur jarðfræðingur nákvæmlega athugað svæðið og verkfræðingur hefur einnig unnið að rannsóknum varðandi virkjunina. Í niðurlagi bréfs síns segir raforkumálastjóri: „Að öllu samanlögðu mun mega gera ráð fyrir því, að rannsókn um virkjun Skógafoss og rafveitur út frá væntanlegri virkjun þar eða Sogsvirkjun verði komið það langt næsta haust, að leggja megi málið fyrir næsta vetrarþing Alþingis, ef ástæða þykir til.“

Bréf þetta er dagsett 9. febrúar síðast liðinn. Eins og menn heyrðu, þá lofar raforkumálastjóri að hafa lokið þessum athugunum og rannsóknum fyrir næsta haust. Raforkumálastjóri hafði beiðni frá hæstv. raforkumrh. um að láta fara fram vatnsmælingar í Skógaá, og hafa þær nú verið gerðar, eins og ég sagði áður, í 2 ár á sumri komanda. Hæstv. ráðh. var kunnugt um, hvað verið var að gera í málinu, og á s. l. sumri barst honum bréf frá sýslumanninum í Vík í Mýrdal, þar sem þess var óskað fyrir hönd sýslubúa, að verkinu væri hraðað. Núv. hæstv. raforkumrh. sá ekki ástæðu til að gefa þessa skipun, af því að hann vissi, að málið var í fullum gangi, og ætti þetta að vera hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. V-Sk. nokkur trygging, ef þeir efast um, að málið sé vakandi.

Það er misskilningur að ætla, að ég sé á móti till. þessari, sem hér liggur fyrir. Ég hygg, að hún spilli ekki fyrir, en sé hins vegar óþörf. Ég vildi aðeins skýra frá gangi málsins, svo að mönnum væri kunnugt um, hvernig það stæði nú. Ég er sannfærður um, að þessir hv. þm. hefðu ekki flutt till., ef þeir hefðu vitað, í hvaða farvegi málið var. Það er alls ekki ætlun mín, að þeir hafi flutt hana til að sýnast, og það er afsakanlegt, þó að menn viti ekki gjörla allt, sem gerist í málum á löngum tíma. Ágreiningur með okkur er því frá mínu sjónarmiði enginn, og ég hef aldrei ætlazt til þess, að ég væri beðinn leyfis um að flytja þessa till., en ég kann illa við fullyrðingar hv. 1. þm. Rang. um það, hvenær þessu verði lokið. Það minnir mig ónotalega á ýmsar fyrri fullyrðingar hans í raforkumálum, en þær hafa, sem betur fer, ekki staðizt.

Ég skal ekkert um það fullyrða, hvaðan reynist heppilegra að fá raforku, frá Skógafossi eða Soginu, en úrskurður um það liggur væntanlega fyrir á komandi hausti, og þar sem við erum allir sammála um, að leysa beri mál þetta sem fljótast og flýta fyrir framkvæmdum, þá efast ég ekki um, að samvinna okkar geti verið góð að úrskurði fengnum og við getum þá orðið sammála um hina heppilegustu lausn á þessu nauðsynjamáli.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

31. Fjárskipti í Eyjafirði og Skagafirði.

Á 36. fundi í Sþ., 22. jan., var útbýtt:

Till. til þál. um fjárskipti 1948 í Eyjafirði, norðan Akureyrar, og í Skagafirði, austan Héraðsvatna (A. 263).

Á 49., 51. og 55. fundi í Sþ., 3., 10. og 17. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

32. Starfsfé handa Ræktunarsjóði.

Á deildafundum 23. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um fyrirgreiðslu á starfsfé handa Ræktunarsjóði Íslands, að upphæð 10 millj. kr. (A. 266).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

33. Byggingarsjóður Skálholtsskóla.

Á deildafundum 23. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um byggingarsjóð Skálholtsskóla sem framlag ríkisins í byggingarsjóð Búnaðarbankans (A. 267).

Á 38. fundi í Sþ., 28. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

34. Ákvæðisvinna og kaupgreiðslur eftir afköstum.

Á 37. fundi í Sþ., 27. jan., var útbýtt:
Till. til þál. um ákvæðisvinnu og kaupgreiðslur eftir afköstum (A. 275).

Á 38. fundi í Sþ., 28. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

35. Viðgerðarstöð talstöðva, útvarpsviðtækja og símaáhalda.

Á deildafundum 29. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um viðgerðarstöð talstöðva, útvarpsviðtækja og símaáhalda á Vestfjörðum og Austfjörðum (A. 292).

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

36. Flugvallargistihús í Reykjavík.

Á deildafundum 10. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. varðandi rekstur gistihúss við flugvöllinn í Reykjavík (A. 320).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

37. Bráðabirgðafrestun nokkurra laga.

Á deildafundum 10. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um bráðabirgðafrestun nokkurra laga (A. 321).

Á 45. fundi í Sþ., 18. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 49. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

38. Utanfarir og gjaldeyrisleyfi.

Á deildafundum 10. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um bann gegn því, að heimilt verði að kaupa farseðla milli Íslands og útlanda fyrir íslenzka peninga án þess að fá til þess venjulegt gjaldeyrisleyfi (A. 322).

Á 45. fundi í Sþ., 18. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

39. Kópavogshæli.

Á 43. fundi í Sþ., 11. febr., var útbýtt:
Till. til þál. varðandi notkun Kópavogshælis (A. 323).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

40. Veiði, friðun fugla og eggja o. fl.

Á deildafundum 19. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun laga um veiði, friðun fugla og eggja o. fl. (A. 361).

Á 49. og 55. fundi í Sþ., 3. og 17. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

41. Þjóðvörður.

Á deildafundum 1. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um stofnun þjóðvarðar (A. 403).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

42. Bein Jóns biskups Arasonar og sona hans.

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um meðferð á burtfluttum beinum Jóns biskups Arasonar og sona hans og um vörzlu kirkjugripa (A. 473).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

43. Skipanaust h/f í Reykjavík.

Á 54. fundi í Sþ., 13. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir h/f Skipanaust í Reykjavík (A. 488).

Á 55. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ásamt þm. Reykv., sjö að tölu, hef ég leyft mér að flytja þessa till. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán allt að 2700000 kr. fyrir h/f Skipanaust. Þetta mál er ýtarlega skýrt með fylgiskjali í grg., og get ég því verið stuttorður. Forsaga málsins er það, að árið 1944 stofnuðu allmargir iðnaðarmenn í Reykjavík með sér félag til að koma upp dráttarbrautum og öðrum nauðsynlegum tækjum til skipaviðgerða. Hlutafjárloforð eru þegar orðin 1300000 kr., og hefur félagið tryggt sér land undir mannvirkin og samið við ameríska verkfræðingafirma um framkvæmdina. Nýbyggingarráð mælti með þessu á sínum tíma, og í bréfi frá 12. maí 1947 sagðist ráðið hafa samþykkt að taka byggingu dráttarbrautanna sem einn lið í heildaráætlun sinni um þjóðarbúskapinn árið 1947 og tilkynnti, að það hefði lagt fyrir stofnlánadeild sjávarútvegsins að lána 2400000 kr. til fyrirtækisins, og ef fyrirtækið reyndist dýrara, þá mundi ráðið athuga, hvort það sæi sér fært að mæla með hærri upphæð. Nú hefur það farið svo, að stofnlánadeildin hefur ekki reynzt þess megnug, sem nýbyggingarráð ætlaðist til. Hins vegar er nú svo um þetta fyrirtæki, að jarðframkvæmdum er að mestu lokið og fest hafa verið kaup á efni, og er timbrið komið til landsins, en annað efni ekki og hætt við að það missist, ef ekki er hægt að tryggja fyrirtækinu fjármagn. Hið ameríska firma hefur lofað að ljúka byggingunni á hálfu ári, eftir að allt efni sé komið til landsins. Til að tryggja þessar framkvæmdir er þáltill. flutt, sem er um það, að ríkissjóði sé heimilt að ábyrgjast fyrirtækinu 2700000 kr. lán. Það er vitanlega öllum hv. þm. kunnugt, hve nauðsynlegar þær dráttarbrautir eru, sem hér er áformað að reisa, einkum þegar litið er á hina miklu aukningu fiskiskipaflotans, og ég vil minna hv. þm. á, að hér kom fram fyrir nokkru önnur till. svipaðs efnis eða um það að ábyrgjast lán fyrir Slippfélagið, og var hún samþ., og vænti ég þess að þessi till. verði það einnig, því að bæði þessi félög hafa brýn verkefni. Það er ekki hægt að koma upp í sambandi við Reykjavíkurhöfn öllum nauðsynlegum dráttarbrautum, og er því óhjákvæmilegt að vinna að þessu utan hafnarinnar, og það hefur félag þetta, Skipanaust, valið sér að verkefni. Ég legg svo til, að till. verði vísað til fjvn., og vænti þess, að hún fái meðmæli n. og greiða afgreiðslu á þessu þingi.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins óska upplýsinga um atriði, sem ég hef ekki komið auga á í grg., og það er um það, hvort þetta félag ætli að hafa með höndum aðeins byggingu og rekstur dráttarbrauta, eða hvort það einnig ætlar að hafa með höndum skipaviðgerðir og skipasmíðar. Og í sambandi við till. vildi ég vekja athygli á því, hvort ekki væri ástæða til, ef ábyrgðin væri veitt, að láta þá fylgja einhver skilyrði um aðgang annarra að þessum dráttarbrautum, hvort sem um væri að ræða ríkisstofnanir, er eiga skip, eða einstaklinga og félög, sem hafa skiparekstur á hendi. Það kann að vera, hvað snertir leigu eftir dráttarbrautirnar, sem þetta félag kynni að lána, ef um skipaviðgerðir væri að ræða, að það félli undir hið almenna verðlagseftirlit, en þá vildi ég vekja athygli á því, hvort ekki væri ástæða til að setja einhver skilyrði um aðgang að dráttarbrautunum og gjald fyrir uppsátur þar. Það er vafalaust þörf fyrir þetta fyrirtæki og ástæða til að hlynna að því, að það komist upp.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. V-Húnv. skal ég geta þess, eins og segir í grg., að stjórn félagsins mun veita allar upplýsingar um tilgang og skipulag fyrirtækisins til þeirrar n., er fær málið til meðferðar. Að öðru leyti skal ég taka það fram, að ég geng út frá því, að ætlazt sé til þess, að allir hafi þarna frjálsan aðgang eftir því, sem rúm leyfir. Ef hv. þm. hefur átt við það, að ríkisfyrirtæki ættu að hafa forgangsrétt, þá er það náttúrlega til athugunar fyrir n. Hins vegar voru slík skilyrði ekki sett, þegar lánsábyrgðarheimildin var samþ. fyrir Slippfélagið. Eftirlit með þeim gjöldum, sem fyrirtækið tekur eftir leigu og viðgerðir, fellur vafalaust undir hið almenna verðlagseftirlit, og geri ég ráð fyrir, að hv. n. muni að öðru leyti taka til meðferðar þau atriði, sem hv. þm. V-Húnv. minntist á.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef engar athugasemdir fram að bera við ræðu flm. En

þar sem enginn úr n. er á fundi, þýðir ekki að beina spurningum til n.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Sþ., 24. marz, var till. tekin til síðari umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fara þess á leit, að mál þetta verði tekið út af dagskrá og umr. um það frestað. Ég tek fram, að ef forseti verður ekki við þessari ósk að taka málið út af dagskrá, mun ég ekki telja mál mitt nú til ræðu.

Fjvn. hefur enn sem komið er ekki getað gefið sér tíma til þess að útbúa nál. vegna mikilla anna, og hún er heldur ekki óklofin í málinu. Frv. til l. var borið fram í Ed. um, að ríkisstj. skyldi byggja þurrkví við Elliðaárvog í Reykjavík. Þetta frv. var afgr. með rökst. dagskrá, sem sjútvn. þeirrar d. bar fram. Rökst. dagskráin er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Í trausti þess, að ríkisstj. leiti samkomulags við bæjarstjórn Reykjavíkur um að ákveða stað fyrir væntanlega þurrkví og tryggja henni nægjanlega stórt landssvæði fyrir starfsemi hennar og að ríkisstj. einnig sjái um, að gerðar verði fullkomnar áætlanir um kostnað við byggingu þurrkvíarinnar, eftir að staður hefur verið valinn, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“ Þessi mál eru svo nátengd, að ég legg til, að málið verði ekki afgr. á þessu þingi. Ég legg til, að ríkisstj. tilnefni einn mann af sinni hálfu til þess að hafa samstarf við Skipanaust h/f, Reykjavíkurbæ, Slippfélagið og Stálsmiðjuna, sem eru bundin og nátengd þessum málum, og hafi sá aðili forgöngu um allan undirbúning og afgreiðslu þessa máls, en niðurstöður hans yrðu svo lagðar fyrir næsta þing.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Fari svo, sem hv. þm. Barð. mæltist til, mun fjmrn. verða við óskum hv. þm. að fela einum manni, sem yrði fulltrúi ríkisstj., að hafa forgöngu um athuganir í þessu máli og þurrkvíarmálinu, sem form. fjvn. minntist á, og afgreiða svo till. sínar fyrir næsta Alþ. Þessu vildi ég lýsa yfir, sem er ákvörðun fjmrn., ef till. fær ekki afgreiðslu hér nú.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég sé tæplega, að hægt sé að afgr. þetta mál nú, þar sem þinglausnir eiga að fara fram kl. 5. Ég hef heyrt það, sem hv. form. fjvn. sagði í þessu máli, og er ég sammála honum, að fela skuli ákveðnum mönnum að undirbúa þetta mál. En með tilliti til n. þeirrar, sem hæstv. ráðh. kemur til með að skipa í þetta, þá vil ég gera nokkrar athugasemdir um samsetningu hennar. Það er ekki eðlilegt, að 3 hlutafélög og Reykjavíkurbær standi að þessari n., en hins vegar er sjálfsagt, að ráðuneytið sjálft, fulltrúi frá Reykjavíkurbæ og frá Skipanaust h/f fjalli um þetta, en ekki Slippfélagið og Stálsmiðjan. Sérstaklega er slíkt óeðlilegt, þar sem áður hefur starfað mþn. í þessu máli, sem var opinberlega skipuð. Ef skipa á nú líka n. upp aftur, kynni ég ekki við, að meiri hl. hennar væri skipaður af hlutafélögum. Hins vegar er sjálfsagt að leita til félags, sem hlut á að þessu máli. Ég vildi mælast til þess, að hæstv. ríkisstj. gæfi yfirlýsingu um þetta.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ef gengið yrði frá afgreiðslu þessa máls nú, þá mundu fleiri fyrirtæki koma fram með svipaðar óskir, þ. e. a. s. þau, sem nýbyggingarráð mælti með, að fengju lán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins og ríkisstj. ábyrgðist að útvega lán fyrir. Það er nú upplýst, að stofnlánaleildina vantar tilfinnanlega fé til þess að geta staðið við þessar skuldbindingar um lán til báta og frystihúsa. Ég tel, að ef þessi lánsheimild yrði afgr. nú, þá mundu önnur fyrirtæki koma á eftir, sem hafa fengið vilyrði fyrir lánum. Þau mundu koma með sömu tilmæli um ríkisábyrgð. Ef lengra yrði farið nú, mun ég flytja till. þess efnis, að hér gilti einu og sama fyrir alla þá aðila, sem vilyrði hafa fengið frá nýbyggingarráði, en hafa ekkert lán fengið. Ég skal ekki telja aðferð þá, sem þm. Barð. leggur til um afgreiðslu till., vera alls fjarri. En í þessu sambandi er ekki óeðlilegt, að samráð yrði haft við heilbrigðisstjórnina. Eins og hv. þm. vita, þá hefur verið erfitt um pláss fyrir geðveikt fólk. Úr þessu hefur að nokkru verið bætt með viðbótarbyggingu við Klepp. Ef þetta fyrirtæki yrði nú sett upp sama megin vogarins og Kleppur er, þá yrði að flytja Kleppsspítalann, enda liggur það í augum uppi, að ekki er hægt að bjóða taugaveikluðu og geðveiku fólki upp á að vera í grennd við sífelldan hávaða og hamarshögg. Ég beini því til hæstv. fjmrh., að ef nefnd hefur þetta mál til athugunar, þá hafi hún eitthvert samráð við heilbrigðisstjórnina varðandi þetta atriði.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég hef heyrt það, sem hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf. hafa að athuga við þetta mál, og fari það svo, að það komi til kasta ráðuneytisins að láta þessa athugun fara fram, þá skal ég sjá um, að sjónarmið þeirra verði tekin til athugunar.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

44. Hótel Borg og þingmannaheimili.

Á 54. fundi í Sþ., 13. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um stækkun á Hótel Borg og þingmannaheimili í Reykjavík (A. 497).

Á 55. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

45. Sjóminjasafn.

Á 57. fundi í Sþ., 19. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um undirbúning að stofnun sjóminjasafns (A. 550).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

46. Gát á glæpamönnum.

Á 57. fundi í Sþ., 19. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um gát á glæpamönnum (A. 556).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

47. Vínnautn í skólum.

Á 57. fundi í Sþ., 19. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um bann gegn vínnautn í skólum ríkisins (A. 563).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

48. Öryggi í flugferðum.

Á 58. fundi í Sþ., 20. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um aukið öryggi í flugferðum (A. 609).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

49. Bændaskólar.

Á 60. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um breyt. á löggjöfinni um búnaðarskóla landsins (A. 632).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

50. Framtíðarskipulag utanríkismála.

Á 61. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um athugun á framtíðarskipulagi utanríkismála (A. 651).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

51. Þingsköp Alþingis.

Á 61. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun ákvæða þingskapa um fyrirspurnir og tillögur til þingsályktunar (A. 659).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

Fyrirspurnir.

1. Áfengi með niðursettu verði.

Á 7. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um réttindi til áfengis með niðursettu verði (A. 33).

Á 8. fundi í Sþ., 16. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 26 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 22. nóv., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Það hefur verið hreyft nokkuð áfengismálunum bæði á þessu þingi og ekki síður í fyrra, þótt ekki sé hægt að segja, að sú málaleitun hafi gengið vel, með því að meginið af þeim málum og þeim till., sem hafa komið fram, hafa verið svæfðar af einhverjum dularfullum öflum. Nú aftur á móti koma til greina hin nýju þingsköp, og mun þetta vera fyrsta spurningin, sem hér er lögð fram í þessum efnum, og vænti ég, að það verði til þess að skýra þetta mál nokkru nánar. Ég hef leyft mér að spyrjast fyrir um það, hvaða trúnaðarstöður í þjóðfélaginu séu nú þannig settar, að þeir, sem þar hafa forustu, geti fengið áfengi með niðursettu verði. Mér er kunnugt um það, að í sumum tilfellum er áfengið sett niður um 90%. En mestu máli skiptir að vita, hvað lengi þessi siður hefur haldizt við og hvernig hann hefur komið, vegna þess að ég álít, að þetta þurfi að breytast, þessar undanþágur eigi að falla niður, og það er þá ekki alveg þýðingarlaust að vita, hvað lengi þessi siðvenja hefur haldizt. Það hefur verið nokkuð á lausu, hverjir í þessu landi hafa haft þessar undanþágur. Stundum hafa t. d. aðalforsetar þingsins haft þennan rétt, stundum allir forsetarnir og stundum enginn forseti. Ef þessi hlunnindi eiga að haldast, þá á að byggja það á skynsamlegum rökum, hvað mikið og hverjir þeirra hlunninda eiga að njóta, og mun ég vikja að því síðar, þegar hæstv. ráðh. hefur svarað. En hitt sýnist mér vera eðlilegt, að verði athugað, ef á að halda þeim reglum, að nokkrir menn fái undanþágu, að þá munu koma fleiri, sem telja sig eiga jafnan rétt í þessum efnum, og mun ég benda á það við síðari meðferð, hverjir það geta yfirleitt. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, fyrr en hæstv. ráðh. hefur svarað.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Fjmrn. sendi þskj. 33 til forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins með þeirri beiðni, að hann svaraði þeim spurningum, sem þar eru fram settar. Hann hefur nú svarað ráðuneytinu með bréfi, dags. 21. okt., er hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með bréfi dags. 17. okt. s. l. hefur ráðun. sent oss fsp. Jónasar Jónssonar alþm. til ríkisstj. á þskj. nr. 33 (67. löggjafarþing) og mælzt til þess, að vér gefum ráðuneytinu upplýsingar, er mál þetta varðar.

Fyrsti liður fsp. er svolátandi: Hvaða trúnaðarstöðum í landinu fylgir réttur til að fá frá ríkinu áfengi til kaups með niðursettu verði?

Svar: Þennan rétt hafa nú:

1. Forseti Íslands.
2. Stjórnarráð Íslands, samkvæmt fyrirlagi einhvers af ráðherrunum.
3. Alþingi samkvæmt fyrirlagi forseta sameinaðs þings.
4. Ráðherrar.
5. Forsetar Alþingis.
6. Forstjóri Áfengisverzlunar ríkisins.
7. Erlendar sendisveitir og heimansendir konsúlar.

Annar liður fsp. hljóðar þannig: Hvenær hafa trúnaðarmenn þjóðfélagsins öðlazt þessi réttindi, hvaða stjórnarvöld veittu réttindin, og hvaða ár fékk hver einstök trúnaðarstaða sinn frumrétt?

Svar: Þegar núverandi forstjóri verzlunarinnar tók við starfi á miðju ári 1928, hafði forsætisráðherra haft þennan rétt og stjórnarráðið samkvæmt hans fyrirlagi. — Enn fremur Alþingi samkvæmt fyrirlagi forseta sameinaðs þings.

Í tíð þjóðstjórnarinnar, sem sat að völdum frá 1939—1942, var öllum ráðherrunum veittur réttur til þess að kaupa áfengi með niðursettu verði, en kaupin féllu í framkvæmdinni niður, meðan áfengissölu var hætt, frá því í júlímánuði 1941 til ársloka, er teknar voru upp undanþáguveitingar til kaupa á áfengi.

Á þessu tímabili öðluðust einnig deildaforsetar og síðar varaforsetar Alþ. rétt til kaupa á áfengi með niðursettu verði samkvæmt fyrirlagi þáverandi forseta sameinaðs þings. Með bréfi fjmrh., dags. 26. júní 1944, er mælt fyrir um, að forseti sameinaðs þings skuli einn af þingforsetum hafa þennan rétt. En með bréfi frá fjmrn., 29. jan. 1946, er mælt fyrir um, að selja megi forsetum Alþ. áfenga drykki án álagningar fyrir allt að 1000 krónum hverjum árlega. En þetta hefur í framkvæmdinni aðeins verið látið ná til forseta efri og neðri deildar Alþ.

Forstjóri Áfengisverzlunar ríkisins hlaut aðstöðu til þessara áfengiskaupa í júnímánuði 1944.

Þriðji liður fyrirspurnarinnar er þessi: Hvaða skilyrði eða takmarkanir eru settar hinum einstöku notendum þessara hlunninda?

Svar: Engin önnur en þau, er að framan greinir og vita að forsetum efri og neðri deildar Alþ. um magn það, er þeim er leyft að kaupa.

Síðasta lið fsp. teljum vér ekki í vorum verkahring að svara."

Þetta er sem sé svar það, sem forstjóri áfengisverzlunarinnar hefur látið ráðuneytinu í té, og býst ég við, að engum sé þetta betur kunnugt en honum, og hef ég við þessar upplýsingar engu nýju að bæta.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Ég er þakklátur hæstv. fjmrh. fyrir þá skýrslu, sem hann hefur gefið og er sjálfsagt eins ýtarleg og fært er, þó að það hefði skipt máli að fá að vita um fyrsta liðinn, hvað snemma þessi aðalundanþága hefur verið veitt, en ég læt það niður falla. Það virðist vera mjög gamalt, að forsrh. hafi haft þessa risnu, og hefur verið gerð grein fyrir því annars staðar, hvernig það er til komið.

Ég vil á þessu stigi málsins benda á það, að þegar svo er komið, að a. m. k. 10 æðstu menn landsins: forseti Íslands, forsrh. og hans 5 meðráðh., 3 forsetar Alþ. og þar við bætist a. m. k. forstjóri Áfengisverzlunar ríkisins — hafa undanþáguheimild, þá er hér um mjög athugaverða ráðabreytni að ræða, sem ég hef ekki tíma eða löngun til að fjölyrða um, þar sem hér er aðeins um fsp. að ræða. En ég vil þó aðeins benda á það nú þegar, að ef t. d. allir ráðh. eiga að hafa þennan rétt, þó að vitanlega hafi aðeins einn þeirra risnu, og ef alþingisforsetar eiga að hafa þennan rétt, þó að það sé vitað, að þeir hafa enga risnu, og ef forstjóri áfengisverzlunarinnar á að hafa þennan rétt, þá verð ég að segja, að mér sýnist vera stutt skref yfir í það, að t. d. skrifstofustjóri Alþ., skrifstofustjórar stjórnarráðsins, sýslumenn landsins, forseti hæstaréttar og nú síðast sú mikla stofnun, fjárhagsráð, sem ræður eiginlega yfir ráðherrunum, eigi að hafa þessar undanþágur. Ef þessu skipulagi verður haldið áfram, þá þykir mér ósennilegt annað en að miklu fleiri komi þarna til greina, og mundi mér þá ekki þykja ólíklegt, að allir alþm. segðu, að þeir hefðu sömu risnuskyldu og risnuþörf eins og forsetarnir.

Ég vil að síðustu benda á það, að það eru frekar leiðinlegar fréttir, sem bárust í gær í útvarpinu, að tæplega 40 unglingar á Akureyri, sem komu ölvaðir af gleðisamkomu, hefðu ráðizt á lögregluna og hegðað sér þannig, að þeir eiga skilið að fara í fangelsi. Ég ætla aðeins að enda þessa fsp. með því að segja: Þetta er það, sem gerist úti um allt land í sambandi við vínið, og það er athugavert fyrir þá, sem fengu þessa undanþágu og sitja í mestu valdastöðum þjóðfélagsins, hvort þessir unglingar á Akureyri geta sagt: Við leikum höfðingjana í Reykjavík — við borgum bara sjálfir fyrir okkar vín.

2. Þingmannabústaður.

Á 12. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt:
Fyrirspurn til forsætisráðherra um þingmannabústað (A. 48,1).

Á 13. fundi í Sþ., 23. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Eins og hv. alþm. mun reka minni til, þá var svo ákveðið í 1. gr. l. nr. 9 13. febr. 1943, að ríkisstj. skuli sjá þeim þm., sem búsettir eru utan Reykjavíkur, fyrir húsnæði, meðan á þingtímanum stendur, og er henni heimilað að láta reisa hús eða kaupa hús fyrir þingmannabústað til þess að fullnægja þessu ákvæði. Þetta var svo áréttað í l., þar sem ríkisstj. var heimiluð allvíðtæk lántaka til húsbyggingar í 2. gr. l. nr. 59 12. marz 1945, þar sem sett er sérstakt ákvæði um það, að heimila ríkisstj. lántöku til þess að koma upp þingmannabústað. Við þetta bætist svo þál. frá 26. febr. 1947, þar sem liggur fyrir bein áskorun frá Alþ. til ríkisstj. um það að nota fyrr greindar lagaheimildir. Ég hygg því, að það séu fá mál, sem eins augljós og margendurtekinn þingvilji hefur komið fram í eins og einmitt í þessu máli. Síðan þessi heimild var fyrst gefin, hafa þrjár ríkisstj. setið að völdum, og mér er ekki kunnugt um, að nein þeirra hafi gert neitt í þessu máli nema nota þá heimild, sem sett var í l. 1943 um, að á meðan þingmannabústaður væri ekki kominn upp, þá væri stj. heimilt að leigja húsnæði, til þess að þm. utan af landi gætu búið þar. Og þetta er svo eindreginn þingvilji, að ég minnist þess ekki um neina af þessum samþykktum, þegar þær voru gerðar, að nokkurt mótatkvæði hafi komið fram, heldur hafi allar þessar samþykktir verið gerðar mótatkvæðalaust. Ég hef ekki orðið var við, að neitt hafi verið gert í þessum efnum, þess vegna spyr ég: Hvað hefur verið gert? Því að ótrúlegt mundi það þykja, að ekkert hafi verið gert, eftir að jafnendurtekinn þingvilji hefur fram komið, og ég skil þá ekki, hvað þýðir fyrir Alþ. að beina áskorun til ríkisstj., þar sem þingið margsinnis lætur vilja sinn í ljós.

Ég hef áður vikið að því í sambandi við þetta mál, að hægt væri að leysa það á auðveldan og ódýran hátt. Í Tjarnargötunni er hús, sem ríkið á og áður var notað fyrir bústað handa forsrh. Nú hafa 3 síðustu forsrh. alls ekki búið í þessum bústað. Það má að vísu gera ráð fyrir því, ef forsrh. kæmi utan af landi, eins og var með fyrsta forsrh. Íslands, Hannes Hafstein, sem kom vestan af Ísafirði, að ráðstafa þyrfti því, að hann gæti setzt hér að, en ég sé ekki miklar líkur til þess, og a. m. k. eins og stendur, álít ég, að þetta hús væri miklu betur notað fyrir þingmannabústað en til þeirra nota, sem það er nú haft, að halda einstaka sinnum í því veizlur. Þá er nær að alþm. búi þarna, en veizlur séu haldnar á Hótel Borg, heldur en að þm. búi á Hótel Borg, en veizlur ríkisstj. séu haldnar í ráðherrabústaðnum. Auk þess er

ég ekki viss um, að það sé ósamrímanlegt, að þm. utan af landi byggju uppi á lofti í ráðherrabústaðnum og veizlur gætu farið fram niðri í sölunum eins fyrir því. Ég skal ekki frekar en áður lasta það að vera á Hótel Borg sem gestur í eina viku eða svo, en það ætti hver maður að geta sagt sér sjálfur, hvað það muni vera þægilegt fyrir menn, sem þurfa að dvelja hér í bænum hálft árið eða lengur við störf, að hafa hótelherbergi sem sitt annað heimili.

Tími minn er nú liðinn, en ég vil biðja hæstv. forseta að leyfa mér að spyrjast fyrir um eitt atriði enn þá. Nú hefur verið lögð sérstök kvöð af hótelinu á gesti, þ. e. að kaupa morgunhressingu á 10 kr. fyrir hvern gest. Nú vildi ég spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forsrh., hvort þetta er með í herberginu eða ekki. Ef það er ekki, sýnist mér undarleg kvöð lögð á menn, sem flestir borða úti í bæ, en alls ekki á Hótel Borg.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Út af þessari fsp. hv. 1. þm. Eyf. vil ég taka það fram, að eftir að núverandi ríkisstj. tók við, sýndist henni, að þess væri enginn kostur enn að stofna til þess að fara að reisa þingmannabústað hér í Reykjavík. Ætla ég, að þingheimi sé vel kunnugt um það, að nú standa svo sakir bæði með erlendan gjaldeyri og byggingarefni, að látið sé sitja fyrir í þeim efnum nauðsynleg íbúðarhús og eins byggingar í sambandi við framleiðslu og atvinnurekstur landsmanna. Annars hefur ríkisstj., eins og undanfarnar stjórnir, samkvæmt þeim l., sem um það gilda, reynt að sjá þm. utan af landi, þeim sem þess óska, fyrir bústað hér í Reykjavík. Hefur það orðið niðurstaðan að þm., sem leitað hafa til ríkisstj. í þessum efnum, hafa svo að segja allir búið á Hótel Borg, og ég segi fyrir mitt leyti, að ég tel, að það sé ekki annan stað hægt að fá betri eða hentugri fyrir þm., sem búsettir eru úti á landi, heldur en Hótel Borg, vegna þess að það er bezta gistihúsið hér í Reykjavík og auk þess nálægt þinghúsinu. Auk þess vil ég benda hv. þm. á, að þeir gætu fengið leigð einstök herbergi úti í bæ fyrir tilvísan forstjóra Hótel Borgar, en þeir hafa heldur tekið þann kost að búa á Hótel Borg en að leigja herbergi úti í bæ. Ég held því, að eftir atvikum hafi verið svo sómasamlega fyrir þessu séð sem kostur er.

Varðandi það atriði, sem hv. fyrirspyrjandi minntist á, sem er hús ríkisins í Tjarnargötu 32, þá tel ég, að það sé hvort tveggja, að hverri ríkisstj. sem er sé nauðsynlegt að hafa slíkt hús, annaðhvort til íbúðar fyrir utanrrh., ef hann vildi það kjósa, og þá sérstaklega til þess að halda uppi þeirri risnu, sem hver ríkisstj. verður að hafa yfirleitt. Hótelum og veitingahúsum hér í Reykjavík er þann veg háttað, að það eru ekki sérstaklega margir kostir að fá þar húsnæði til þess að halda uppi risnu, sem ríkisstj. þarf að hafa á hverjum tíma. Auk þess sem ég tel þetta hús yfirleitt æskilegt til afnota fyrir hvaða ríkisstj. sem er, þá hygg ég líka, að herbergjaskipun sé þar svo háttað, að það sé ekki hentugt fyrir bústað 10—20 þm. til að dvelja þar einhvern tíma ársins, og ég hygg, að það gæti ekki farið saman að nota þetta hús fyrir hvort tveggja í senn, þingmannabústað og til nauðsynlegra nota vegna risnu fyrir ríkið. En ef hnigið hefði verið að því ráði að hafa húsið eingöngu til afnota fyrir þingmannabústað, þá hefði þurft að gerbreyta því. Hér er um að ræða gamalt timburhús, og slíkar stórbreytingar mundu hafa í för með sér geysimikinn kostnað, og tel ég það sízt af öllu heppilegt.

Út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. spurðist fyrir um skyldukvöð þm., sem á Hótel Borg búa, til þess að kaupa morgunkaffi með húsnæðinu og borga það dýrara fyrir hótelherbergið, þá álít ég, að það sé atriði, sem komi til úrskurðar og athugunar hjá þfkn., þegar þar að kemur, hvort þm. gætu losnað við þessa skyldu með morgunkaffið, ef þeir vilja vera lausir við hana.

Að öðru leyti sé ég ekki að fsp. gefi ástæðu til frekari svara af minni hálfu. En ég skal leyfa mér að geta þess, að í byrjun apríl s. l. skrifaði Hótel Borg forsrh. og spurðist fyrir um það, hvort þess væri óskað, að Hótel Borg útvegaði þm. herbergi úti í bæ í staðinn fyrir herbergi á Hótel Borg. Þetta bréf var afgr. til forseta þingsins á sínum tíma, og kom það svar frá forseta sameinaðs þings, að það væri mál milli einstakra þm. og forsrn., hvort þessu boði yrði tekið. En ég hygg, eftir því sem áður hafði verið yfir lýst, að þeir þm., sem á annað borð sjá sér ekki fyrir húsnæði, en það eru margir þeirra, séu sammála um það, að það sé sæmilega fyrir þessu séð með því, að þeir búi á Hótel Borg.

Ég skal ekki draga í efa það, sem hv. fyrirspyrjandi tók fram, að það hafi komið í ljós þingvilji fyrir því, að utanbæjarþm. eigi kost á að fá hér í Reykjavík yfir þingtímann gott og hæfilegt húsnæði og þá á kostnað Alþ. Mér er hins vegar kunnugt um það, að í öðrum löndum, þar sem æði margir þm. eru búsettir utan höfuðborganna, þar sem þingin eru háð, þá sjá þeir sér sjálfir fyrir húsnæði í bænum, en hafa hærra kaup fyrir þingsetu sína en aðrir þm. Sá kostur hefur verið upp tekinn hér hjá okkur, að þfkn. greiðir húsnæði utanbæjarþm., og þeir þurfa ekki að sjá fyrir því, það gerir ríkisstj., og ég vænti þess, að eftir atvikum sé sómasamlega frá þessu gengið. Þess er enginn kostur, eins og nú standa sakir, að reisa sérstakan þingmannabústað hér í Reykjavík.

Fyrirspyrjandi (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin, það sem þau ná. En ég verð að segja það eins og það er nú þegar, að ég tek ekki allar þær ástæður gildar, sem hæstv. ráðh. bar fram fyrir því, að í raun-inni hefur ekkert verið gert í þessu máli, því að þessi leiga á herbergjum á Hótel Borg er ekkert annað en það, sem stjórnin kemst alls ekki undan samkvæmt l. Það er svo sem ekkert gustukaverk, sem stjórnin er að gera á alþm., henni ber skylda til þess samkvæmt l. að sjá um þetta.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri bezta lausnin á þessu máli, að þessir þm. byggju á Hótel Borg, og það mundi ekki vera hægt að koma því svo fyrir, að það yrði þeim heppilegra. Eins og ég sagði áðan, þá mundi ég vera vel ánægður með að búa á Hótel Borg sem gestur eina nótt, eina viku eða svo. En hæstv. ráðh. ætti bara að prófa það sjálfur, hvernig það er að hafa hótelherbergi sem svefnherbergi, vinnustofu og gestaherbergi meira en hálft árið, eins og þing hafa oft staðið yfir, t. d. 8 mánuði eins og síðasta þing, og mega ekki hafa gesti hjá

sér nema til kl. hálftólf. Ég get vel fallizt á, að eftir að núverandi stjórn tók við störfum, þá hafi ekki verið vegna fjárhagsástandsins, einkanlega gjaldeyrisástandsins, fært að reisa hús í þessu skyni, en ég get ekki séð, að þessar ástæður, sem hæstv. ráðh. færði fram gegn því, að hægt væri að taka ráðherrabústaðinn gamla, hafi við fullgild rök að styðjast. Það getur vel verið, að það sé nauðsynlegt að hafa þarna risnu þá, sem ríkisstj. þarf að hafa á hendi, en ég hygg nú, að það séu ekki fleiri þm., sem óska eftir að vera á vegum ríkisstj. yfir þingtímann, en svo, að hægt væri að útbúa loftið á ráðherrabústaðnum þannig, að þeir gætu þar verið. Fyrir eina tíð var ég kunnugur í þessu húsi, og þar uppi á loftinu voru mörg herbergi, og sumum mætti skipta. Ég get því ekki fallizt á það, sem hæstv. ráðh. sagði, að hann teldi sæmilega fyrir þessum málum séð. Hann telur, að í öðrum löndum muni það ekki vera þannig, að ríkisstj. sjái þm., sem búsettir eru utan höfuðborganna, fyrir húsnæði. Það kann að vera. En ég hygg, að í fáum löndum sé eins ástatt og í Reykjavík hvað þetta snertir, að útvega einstök herbergi úti í bæ, og það verður að viðurkenna, að það mun ekki vera þm. hagkvæmara en að búa á Hótel Borg, ekki sízt ef þau herbergi væru húsgagnalaus, en náttúrlega væri það hentugast fyrir þm. að leigja sér herbergi eða íbúð allt árið. En það er nú svona með þingmennskuna, að það er engin eilífðarstaða að vera þm., og þess vegna hafa þm. utan Reykjavíkur tekið þann kost að leigja herbergi aðeins um þingtímann. En ég veit til, að það eru einstaka þm., sem hafa leigt sér herbergi allt árið, en það eru þeir einir, sem jafnframt þingmennskunni hafa með höndum önnur störf hér í Reykjavík, sem gera það að verkum, að þeir þurfa að koma hingað og dvelja hér oftar en um þingtímann.

Út af bréfi því, sem hæstv. ráðh. gat um, að hann hefði sent forseta þingsins, þá vil ég segja það, að ég vil taka undir það, sem hann hafði eftir forseta sameinaðs þings, að ég álít þetta mál óviðkomandi forsetum þingsins, sökum þess að það eru lagaákvæði um það, að fyrir þessu á ríkisstj. að sjá, en ekki forsetar þingsins. Eitt efa ég mjög, að sé alls kostar rétt, sem hæstv. ráðh. greinir hér, að þfkn. eigi að skera úr um það, hvernig eigi að fara með þetta aukagjald á Hótel Borg. Ríkisstj. á að sjá fyrir húsnæðinu, og þetta gjald felst í húsnæðinu. Ég held því, að það sé ríkisstj., en ekki þfkn. að skera úr um þetta atriði.

Ég verð því miður að segja, um leið og ég sezt niður, að þó að ég þakki hæstv. forsrh. fyrir svörin, það sem þau ná, þá get ég ekki verið ánægður með niðurstöðuna eða aðgerðir ríkisstj. né heldur fyrri ríkisstjórna í þessu máli, og mér finnst, að í þessu máli hafi komið fram ákaflega lítil virðing þriggja ríkisstj. undanfarið fyrir þingviljanum, sem er svo skýr í þessu máli, eins og ég tók fram, að á betra verður ekki kosið í því efni.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að láta í ljós óánægju mína yfir aðgerðarleysi ríkisstj. í þessu máli, og ég get ekki fallizt á, að allar þær afsakanir, sem hæstv. forsrh. bar hér fram áðan í ræðu sinni, hafi við mikil rök að styðjast. Það er nú það fyrsta, að ég lít svo á, að ríkisstj. hafi borið skylda til að gera eitthvað í þessu máli. Hv. 1. þm. Eyf. gerði hér í sinni fyrri ræðu grein fyrir þeim samþykktum um málið, sem gerðar hafa verið á Alþ. undanfarin ár og nú síðast seint í febrúar í þessu ári, þá var samþ. á þinginu áskorun til ríkisstj. um að nota þær heimildir til að láta reisa eða kaupa hús fyrir þingmannabústað, sem áður höfðu verið veittar á Alþingi.

Ég lít nú svo á, að ríkisstj. sé skylt að fara eftir fyrirmælum Alþ. á hverjum tíma, ákveðnum og skýrum fyrirmælum. Ég get viðurkennt, að það kunni að vera einhverjum erfiðleikum bundið nú, en það var vitað, er þessi ríkisstj. kom til valda. Hæstv. forsrh. gat réttilega um gjaldeyriserfiðleika, en það hefur áreiðanlega verið mikið um húsabyggingar hér í Reykjavík, eftir að þeir erfiðleikar tóku að gera vart við sig, og á mörgum byggingum hefur verið byrjað hér, síðan þessi ríkisstj. tók við. Og ég efast um, að öll þau hús hafi verið svo miklu nauðsynlegri en hinn margumtalaði þingmannabústaður, að hann þyrfti að sitja á hakanum. En úr því að það hefur farið svo, vil ég taka undir með hv. 1. þm. Eyf. viðvíkjandi gamla ráðherrabústaðnum, að ríkisstj. taki hann til einhverra nota í þessu skyni, og ég vil enn fremur benda á, að hús ganga daglega kaupum og sölum hér í Reykjavík, og mér þykir mjög ótrúlegt, að ríkisstj. hefði ekki getað náð í hús, sem er nothæft til þessara hluta, á þeim tíma, sem hún hefur þegar setið. Ég held sem sé, að það hafi verið og sé enn þá hægt að bæta úr þessu á viðeigandi hátt, ef nægur vilji er fyrir hendi hjá ríkisstj., en mér skilst, að henni beri skylda til að framkvæma vilja Alþ. í þessu efni sem öðrum.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Út af ræðum vil ég taka það fram, að ég svara að sjálfsögðu aðeins fyrir núverandi ríkisstj. eða þá tímabil, sem liðið er, síðan hún tók við störfum. Og hv. fyrirspyrjandi hefur lýst yfir því, að hann tæki þau rök gild, að eins og högum hefði verið orðið háttað, er þessi ríkisstj. tók við, hefði hann tæplega ætlazt til, að farið væri að byggja nýjan þingmannabústað, og ég hygg, að hv. þm. V-Húnv. hafi tekið í þann streng og viðurkennt erfiðleikana. Hvað varðar byggingu nýs bústaðar, álít ég því, að núverandi ríkisstj. sé komin út úr þessum umræðum. Og þá eru eftir tveir möguleikar, eftir því sem fyrir lá, annars vegar að taka hús á leigu í þessu skyni og hins vegar að útvega þm., er þess óskuðu, svo gott húsnæði sem hægt var að fá. Ég hygg nú, að það sé miklum vandkvæðum bundið að taka hús á leigu fyrir þm., t. d. um sex mánaða skeið á árinu, og nota það svo hinn helming ársins í öðru skyni. Ég hygg, að það hefði reynzt torvelt að útvega þannig betra húsnæði en þm. eiga nú kost á að fá fyrir atbeina ríkisstj. Það má hafa það í huggju eftirleiðis, bæði í þessari ríkisstj. og öðrum, hvort hægt væri að taka sérstakt hús á leigu fyrir þingmannabústað þann tíma, er þing situr, en persónulega hef ég enga trú á því, að með því móti verði unnt að útvega heppilegt og ódýrt húsnæði. Og þá er aðeins hinn möguleikinn eftir, að taka ekki sérstakt hús á leigu, heldur útvega þeim þm. húsnæði yfir þingtímann, er þess óska. Það hefur verið gert í tíð núverandi ríkisstj. eins og að undanförnu. Þessir þm. hafa flestir búið á Hótel Borg, og tel ég, að þeim hafi ekki verið í

kot vísað. Þetta er bezta gistihúsið, sem til er á Íslandi, og aðeins fá fótmál frá alþingishúsinu. Varðandi ráðherrabústaðinn, Tjarnargötu 32, held ég fast við þá skoðun, og hef þar fyrir mér gild rök, að óhentugt sé að breyta því húsi í þingmannabústað, samtímis því að baka ríkinu annan og aukinn kostnað við að útvega þá annað húsnæði, þar sem hægt væri að halda uppi þeirri risnu, sem ríkisstj. þarf að halda uppi. Ég held að lokum, að núverandi ríkisstj. verði ekki með réttu sökuð um það að sýna áhugaleysi og viljaleysi á því að sjá utanbæjarþm. fyrir húsnæði. Framtíðin mun skera úr því, hvort heppilegra telst að byggja nýtt hús eða — sem mér þykir ólíklegt — taka húsnæði á leigu.

3. Starfskerfi og rekstrargjöld ríkisins.

Á 12. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar frá 3. marz 1945, um starfskerfi og rekstrargjöld ríkisins (A. 48,2).

Á 13. fundi í Sþ., 23. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. 3. marz 1945 var samþykkt hér á Alþ. ályktun um að skora á ríkisstj. að láta þá þegar fara fram rækilega athugun og rannsókn á því, hvernig hægt væri að draga verulega úr rekstrarkostnaði ríkisins og ríkisstofnana, og jafnframt skyldi leitazt við að gera þetta starfskerfi einfaldara og óbrotnara. Þál. þessi var flutt af fjvn. árið 1945, og fylgdi henni ýtarleg grg., þar sem birt var yfirlit yfir útgjöld ríkisins og ríkisstofnana frá 1939 og gerður var samanburður á gjöldunum 1939 og 1945, miðað við fjárlög síðara ársins. Það var vitanlega hugmynd flm. þessarar till., að sú athugun og rannsókn, er þar getur, beindist að því að finna leiðina til að draga úr hinum gífurlega kostnaði við ríkisreksturinn, sem (eins og grg. till. bar með sér) hafði vaxið gífurlega frá því fyrir stríð. Það er ekki vitað, að fyrrv. ríkisstj. gerði neitt í málinu, a. m. k. hef ég ekki orðið var við neina skýrslu frá henni um málið, sem henni bar þó vitanlega að gera. Þessu verkefni var því ólokið er núverandi stjórn tók við völdum, og nú hef ég leyft mér að flytja hér fsp. um það, hvað rannsókn þessari líði. Það er óhætt að fullyrða, að rekstrargjöld ríkisins hafa enn farið vaxandi frá 1945, og er því sízt minni þörf á rannsókn og athugun í þessu efni en þá var. Ég hef heyrt, að núverandi hæstv. ríkisstj. hafi fyrir nokkru skipað einhverja starfsmenn ríkisins til að gera einhverja rannsókn eða athugun, en ég hef óljósar fregnir af því og vænti þess að fá nú upplýsingar nánar um hana, hvernig henni er hagað, hvenær vænta má, að rannsóknin ljúki og niðurstöður fáist, og þá einhverra tillagna til úrbóta, sem menn hljóta að vona, að sigli í kjölfar rannsóknarinnar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þessi fsp. varðandi þál. frá 3. marz 1945 fjallar um athugun á starfskerfi og rekstrargjöldum ríkisins og framkvæmd þeirrar athugunar. Ég skal taka það fram, að síðan núverandi ríkisstj. tók við völdum, hef ég ekki orðið var við, að neitt liggi fyrir í ráðuneytinu um þá rannsókn, sem hér er um að ræða. En í septembermánuði þessa árs fól fjmrn. í samráði við ríkisstj., eða öllu heldur fjmrh. í samráði við aðra ráðh., fimm mönnum, þ. e. a. s. þeim Magnúsi Gíslasyni, skrifstofustjóra fjmrn., Gunnlaugi Briem, skrifstofustjóra í atvmrn., Jónasi Guðmundssyni, skrifstofustjóra í félmrn., Magnúsi Björnssyni ríkisbókara og Birni Árnasyni aðalendurskoðanda, að rannsaka og gera tillögur til ríkisstj. um sparnað á rekstrinum, sérstaklega að athuga það, hversu fækka mætti nefndum, er starfa á vegum ríkisins, með afnámi þeirra eða samfærslu á störfum. Í útnefningarbréfi þessara manna er ráðgert, að rannsókn þessari verði lokið svo tímanlega, að hún geti komið að notum, áður en fjárlög eru samin fyrir árið 1948. Þetta kann nú að vísu ekki að taka yfir allt það svæði, sem þál. frá 3. marz 1945 gerir ráð fyrir, en það tekur þó til verulegs hluta af því athugunarsvæði. Það er ákaflega mikið verksvið, sem þál. frá 1945 fer fram á, og jafnvel það, sem farið er fram á í bréfi ráðuneytisins, er stórt verkefni, svo stórt, að ég býst við, að bæta þurfi við starfskröftum. Einkum og sér í lagi vill verða seinagangur á að fá svör og upplýsingar frá þeim, sem aðspurðir eiga að gefa upplýsingar, í því efni er oft mikill eftirrekstur. Hins vegar geri ég þó ráð fyrir, að viðurkennt verði, að hér hafi þó verið sýnd viðleitni á að fá þessa athugun í gang. En þegar svo er komizt að orði í fsp., að rekstrargjöld ríkisins eru einnig tekin með, er þess að gæta, að hv. Alþ. hefur þá athugun jafnan með höndum, þar eð það leggur sjálft grundvöllinn undir afgreiðslu fjárlaga, ekki aðeins varðandi fjárlagafrv., heldur einnig með samþykktum ýmissa lagaákvæða, sem aftur á móti binda fjárveitingavaldið. Það er m. ö. o. Alþ. sjálft, sem krefst fjárveitinganna, þær eru lítið á valdi þeirrar skrifstofu fjmrn., sem stendur fyrir greiðslum úr ríkissjóði. Hún er orðin nokkuð víðtæk sú löggjöf, sem viðtekin er þann veg, að stofnanir, stjórnir og framkvæmdamenn fara með lagaheimildir, sem krefjast fjárframlaga, og virðast ekki þurfa að hafa, né hafa heldur, önnur afskipti af fjármálastjórninni í þrengstu merkingu en leggja fram reikninga, þegar þeir eru fallnir í gjalddaga. Ég held, að þetta fyrirkomulag sé eitt af því, sem þarf að athuga og endurbæta, og ætla ég ekki að orðlengja það að öðru leyti.

Rétt nýverið var slík athugun, sem hér um ræðir, sett á stofn í einu af nágrannalöndum okkar, og þar var hafður sá háttur á að nota starfskrafta og þekkingu forstöðumanna hinna ýmsu stjórnardeilda, en sú athugun var einnig látin ná til rekstrarútgjalda bæjarfélaga, og er sannast að segja brýn þörf á því — engu síður en um rekstrargjöld ríkisins — að láta athuga opinberan rekstur bæjarfélaga, þó að það hafi ekki verið

tekið til meðferðar hér. Ég mun gera það, sem ég get, til að fá þessari athugun hraðað, og að sú leið var farin, að fela þetta embættismönnum, kemur af því, að þeir hafa mjög góða þekkingu á sínum stjórnardeildum, starfskerfi ríkisins og því skipulagi, sem við búum við, og ættu því að hafa góða yfirsýn yfir, hvar mætti lagfæra eitthvað, sem er sjálfsagt víða.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í sambandi við svar hæstv. fjmrh. vil ég benda á, að í byrjun þessa þings sendi fjvn. fjmrn. bréf, þar sem hún óskaði eftir að fá upplýsingar um og sundurliðun á launum, verðlagsuppbót og aukagreiðslum til starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, og var óskað eftir svari fyrir lok þessa mánaðar. Það hefur enn eigi borizt, en ég tel, að þetta sé þó fyrsta sporið til að átta sig á því, hvort hægt sé að framkvæma þessa athugun, sem hér um ræðir. Ég vildi nú heyra það frá hæstv. ráðh., hvort fjvn. má vænta þess að fá þessi gögn fyrir tilskilinn tíma.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Það hefur nú komið í ljós af svari hæstv. fjmrh., að ekkert hefur verið gert til að framkvæma þál. þá, sem flutt var af fjvn. og samþ. árið 1945, fyrr en nú í september, að n. er skipuð í þessu skyni, og með tilliti til verkefnis tillögunnar mun sú athugun ekki koma til kasta þessa Alþ., nema það sitji því lengur. Starf ríkisstj. samkvæmt þáltill. er margbrotið og mikið. Farið er fram á, að ríkisstj. láti athuga, hvort ekki megi sameina einhverjar ríkisstofnanir og hvort ekki sé hægt að taka upp aukna tækni og hagkvæmari vinnubrögð í stofnunum ríkisins. Enn fremur að taka upp allsherjar eftirlit með vinnubrögðum í ríkisstofnunum og meta starfsmannaþörf stofnananna og athuga, hversu mikið sé þar um eftirvinnu og ráða til þessarar athugunar sérstakan mann. Einnig að reynt sé að gera innheimtu tolla og skatta umfangsminni og athuga um leið, hvaða formbreytingar á skattalöggjöfinni þyrfti að gera, til þess að svo gæti orðið. Ég sé af upplýsingum þeim, sem hæstv. fjmrh. gaf, að erfitt mun að sækja upplýsingar til stofnananna sjálfra. En það kemur til af því, að ríkisstj. hefur vanrækt að framkvæma það atriði till. að hafa þar sérstakan eftirlitsmann með vinnubrögðum og starfstíma. Það var meiningin að fela þetta eftirlit fróðum manni og að hann við rannsóknir sínar drægi sínar ályktanir og legði síðan brtt. sínar fyrir hæstv. ríkisstj. Ef þetta hefði verið gert, þá hefði ríkisstj. nú haft góðan aðgang að fróðum manni og þyrfti ekki að leita til starfsmannanna sjálfra eftir upplýsingum. Og þegar leitað er til forstjóra stofnananna, þá eru venjulega ekki miklar till. til breytinga, sem þeir hafa að gera. Það er góðra gjalda vert, að ríkisstj. hefur skipað n. til að fjalla um þessi mál, en málið er raunar svo síðbúið, að Alþ. mun nú ekki gefast kostur á að gera nauðsynlegar ráðstafanir, en þær verða þó væntanlega gerðar, áður en mjög langt um líður, og segja má um þetta, að hálfnað er verk, þá hafið er.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð til þess að lýsa því yfir út af fsp. hv. þm. Barð., að þessu verki, sem óskað er eftir af hálfu fjvn., verður því miður sennilega ekki lokið fyrir þann tíma, sem hv. þm. óskaði, en því verður hraðað og lokið eins fljótt og unnt er.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur verið ásökuð fyrir aðgerðaleysi í því máli, sem hér um ræðir, en mér skilst, að ríkisstj. hafi gert dálítið. Hún hefur stytt vinnutímann hjá öllum starfsmönnum sínum með þeim afleiðingum, að bæta þurfti við nokkrum tugum nýrra starfsmanna, þó var ekki bætt svo mörgum við, að hafa þurfti áfram eftirvinnu og búa til sérstakan taxta yfir þá eftirvinnu, og líka hefur orðið að hækka suma menn fram yfir launalögin og lofa þeim eftirvinnu til að halda þeim í embættunum. Allt þetta hefur verið gert, síðan umrædd þáltill. var samþ., að vísu mest af næstsíðustu stjórn, en þó eitthvað af þeirri, sem nú situr. Hvort þetta miðar í þá átt, að árangur sá, er gert er ráð fyrir í till., náist, skal látið ósagt, en þetta hefur verið gert, og ég get ekki þakkað þetta.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör, er hann hefur gefið við fsp. minni. Það er gott að heyra, að hæstv. núverandi ríkisstj. hefur ákveðið að hefja þessa athugun að nokkru leyti, sem þáltill. frá í marz 1945 var um. Hins vegar hefði athugun þessi átt að fara fram 2—3 árum fyrr, en sú stjórn, sem sat næst á undan núverandi stjórn, gerði ekkert í þessu máli. Þess er að vænta samkvæmt upplýsingum hæstv. fjmrh., að eitthvað liggi fyrir frá n., sem skipuð hefur verið til að athuga þessi mál, áður en Alþ. gengur endanlega frá fjárlögum. Einnig vænti ég þess, að fjvn. geti fengið einhverjar upplýsingar, sem henni mættu koma að gagni. Þess er mikil þörf að lækka, ef verða má, gjöldin við ríkisreksturinn, sem mjög hafa farið hækkandi á síðari árum, og vafalaust verður nú reynt að finna heppilegra fyrirkomulag. Að lokum þakka ég veittar upplýsingar og vænti, að það starf, sem hafið er, beri góðan árangur.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. V-Húnv. um þörfina á því að lækka rekstrargjöld ríkisins og nauðsyn þessarar athugunar, og hygg ég, að ég tali þar fyrir hönd ríkisstj. í heild, því að hún var einhuga um að koma þeirri athugun á. Það má segja, að það hafi ekki verið gert nógu snemma, en ríkisstj. var í óvenjulega miklum önnum vegna fiskábyrgðarlaganna, sem krefjast svo að segja daglegra afskipta. Ríkisstj. hefur ekki hafið þetta mál með neinum áróðri eða auglýsingum og talið vænlegast til árangurs að fela þetta starf færustu og kunnugustu mönnum. Hvað snertir ræðu hv. 1. þm. N-M., þá geta upplýsingar hans ekki átt við það, sem núverandi stjórn hefur gert, en má vera, að hann tali þar um einhverjar aðrar stjórnarframkvæmdir, en hjá núverandi stjórn hefur slíkt ekki átt sér stað.

4. Viðlega báta um vertíðir.

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt:

Fyrirspurn til sjávarútvegsmálaráðherra um, hvað líði athugun á, hvernig viðlegubátum verði tryggð viðunandi aðstaða í verstöðvum og vermönnum sómasamleg aðbúð (A. 64,1).

Á 17. fundi í Sþ., 30. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Sþ., 5. nóv., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Björn Kristjánsson): Herra forseti. Á vetrarþinginu 1945 bar 1. þm. S-M., núverandi hæstv. menntmrh. (EystJ), fram þáltill., svo hljóðandi: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. í samráði við Fiskifélag Íslands að rannsaka, hverra ráðstafana muni þörf til þess að tryggja bátaflota landsmanna viðunandi aðstöðu til viðlegu um vertíðir og vermönnum viðunandi aðbúð.“ Till. þessi var samþ. með samhljóða atkv. 2. marz 1946. Svo hljóðandi grg. fylgdi till.:

„Á því hefur borið undanfarið, að skortur hefur verið viðhlítandi aðstöðu til viðlegu um vertíðir fyrir bátaflota landsmanna. Nú stendur fyrir dyrum nokkur aukning bátaflotans, og eru þeir bátar, sem menn nú kaupa, tvímælalaust flestir ætlaðir til útróðra á vetrum frá aðalstöðvum landsins. Er fyrirsjáanlegt, að vandkvæði í þessum efnum aukast verulega, nema leitað sé skipulegra úrræða til bóta. Ef takast á að bæta úr í tæka tíð, þarf vafalaust að byggja framkvæmdir á staðgóðri þekkingu á því, hvernig ástatt er, og þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru til framkvæmda. Hér kemur fleira en eitt til greina, hafnarbætur, verbúðabyggingar o. fl. Virðist flm. þörf á því, að áætlun sé gerð um þessi efni og að menn geri sér grein fyrir því þá um leið, hvaða framkvæmda í þessa átt sé að vænta af hendi einstakra héraða, einstakra manna eða félaga, enda kæmi þá í ljós, hvað hið opinbera yrði að aðhafast til þess að ná því marki, sem sett er í þáltill.

Flm. virðist eðlilegast, að Fiskifélagi Íslands væri falið að framkvæma nú þegar athugun á þessu máli og gera um það álit og tillögur, sem síðan kæmu til kasta ríkisstj. og Alþ. Það er hins vegar tæpast viðeigandi, að Alþ. feli Fiskifélagi Íslands með ályktun slíkt verkefni, og því er lagt til, að Alþ. feli ríkisstj. að fara með málið í samráði við Fiskifélag Íslands.

Hefur þá verið gerð grein fyrir þeirri hlið till., sem veit að aðstöðu til viðlegu fyrir bátaflotann, og skal vikið nokkuð að hinni hlið till., sem snýr að aðbúnaði vermanna.

Þeir, sem kunnugir eru í verstöðvum landsins, vita það, að aðbúnaður vermanna er víða alveg óviðunandi, húsakynni þröng og ill, samkomustaðir lélegir eða engir. Mun yfirleitt brýn nauðsyn á því, að úr verði bætt í þessum efnum. Þykir flm. ástæða til, að þetta sé athugað, um leið og gerð væri áætlun um þær framkvæmdir, sem gera þyrfti til þess að tryggja bátaflotanum viðlegupláss. Við þá athugun kæmi væntanlega í ljós, hvort þörf væri sérstakra afskipta af hálfu hins opinbera um þessa hlið málsins og þá hverra.“

Nú er liðið hátt á annað ár síðan þessi þáltill. var samþ., og á þeim tíma hefur bátafloti landsmanna stækkað stórkostlega, og er því augljóst, að hafi verið ástæða til að skora á ríkisstj. að láta fara fram athugun slíka sem þessa á þeim tíma, þá er sú ástæða margfalt brýnni nú. Hins vegar er okkur flm. ekki kunnugt, að þessi athugun hafi farið fram, og því er það, að við berum fram fsp. um þetta til hæstv. sjútvmrh. og væntum þess, að hann gefi upplýsingar um þetta. Hafi þessar athuganir og rannsóknir aldrei farið fram, finnst okkur ástæða til að minna á þessa þál., sem enn er í fullu gildi, og jafnframt óskum við þess, að það dragist ekki lengi, að þessi athugun fari fram.

Ég hef haft sérstakar ástæður til að hafa nokkur kynni af mönnum, sem lágu við hér við Faxaflóa s. l. vertíð, og eftir þeim lýsingum, sem þeir gáfu mér af húsakynnum og aðbúnaði öllum, sem viðlegumenn áttu við að búa, þá var það svo ótilhlítilegt, að stórfurðulegt er, að þeir skyldu geta haldið út að vera þarna.

Minn tími er búinn, en ég vil að lokum taka það fram, að þó að hagur ríkissjóðs sé nú á þá lund, að ekki sé þess að vænta, að hann geti lagt stórfé í ýmiss konar nýmæli, þá þarf þó fyrst að gera þessar athuganir, og það er ekki fyrr en að þeim loknum, að til þess kæmi, að Alþ. taki ákvörðun um það, hvað ætti að sitja í fyrirrúmi. En athugun er nauðsynleg, áður en framkvæmdir byrja.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef reynt að grafast fyrir það, hvað hafi verið gert út af þessari þál., og mér hefur verið tjáð, að tillögur eða umsagnir hafi verið afhentar fyrrv. atvmrh., en ég hef enn ekki getað fengið það fram í stjórnarráðinu til athugunar. Þó er það þannig eftir upplýsingum Fiskifélagsins, að þetta voru ekki lokafyrirmæli þeirra, heldur eitthvað, sem horfði til bráðra aðgerða hér suður með sjó. Annars hefur Fiskifélagið með höndum enn þá uppdrætti af verbúðum, sem þeir kalla, sem mér skilst, að sé sameiginleg íbúðarhús og áhalda- og veiðarfærageymsluhús, sem þeir ætla að hafa til taks og til þess að geta veitt aðstoð einum eða öðrum aðila, er hygðist koma upp verbúðum. Nú vil ég minnast á það, að síðan þessi þál. kom fram, hygg ég, að hafi verið gerð breyt. á hafnarl., þannig að nú njóta verbúðir sams konar tekna og önnur slík mannvirki, og er það gert til þess, að auðveldara sé að koma upp verbúðum, þar sem þeirra er þörf, og er þá vitanlega til ætlazt, að viðkomandi bæjarstjórnir eða hreppsnefndir taki að sér að koma þessu í verk, en njóti því ríflegri fjárframlaga úr ríkissjóði, sem annars er ákveðið hlutfall á þeim og þeim stað, í þeim hafnarmannvirkjaframkvæmdum.

Ég er sammála hv. flm. um það, að það er orðin stór þörf mikilla umbóta á aðbúnaði sjómanna. Er raunalegt til þess að vita, hversu mjög þeim aðbúnaði hrakar, um leið og landsmenn hafa yfirleitt komið sér upp betri húsakynnum. Sú afturför, sem hefur komizt á á þessu sviði, á ef til vill rót sína að rekja til nokkurs konar stóriðjubrags, sem í sumum verstöðvum er kominn á útgerðina. Ég man svo langt, að mótorbátaeigendur, þar sem ég

ólst upp, skiptu á heimili sín aðkomumönnum, sem þeir þurftu að halda til sjósóknar, og jafnvel til landvinnu líka, og þessir menn bjuggu að öllu leyti við eins góð kjör og sama kost og heimilismenn sjálfir. Þetta á sér kannske einhvern stað enn þá, en þó ekki eins mikið og áður var. Það er líka fólkseklan á heimilunum — þjónustufólkseklan — sem kemur talsvert í veg fyrir það nú, að hægt sé að hafa á þann hátt, sem óefað er bezti aðbúnaður, sem sjómenn geta haft, að þeir geti verið á góðum heimilum þann tíma, sem þeir eru við veiðar. En nú er að gera við því, sem er, að margir eiga þess ekki kost, og þess vegna hafa raddir komið fram og eru að koma fram um það að bæta úr á þessu sviði. Ég vil gjarnan leggja lið til þess, að úr þessu geti orðið bætt, eftir því sem föng eru til, og þegar Fiskifélagið hefur sínar till. tilbúnar, þá ætti að minni hyggju að reyna að ýta á það við bæjar- og sveitarstjórnaryfirvöld á þeim stöðum, er þetta mál snertir, að hagnýtt séu þau fríðindi í þessu efni, sem síðasta breyt. á hinum almennu hafnarl., eða réttara sagt hin almennu hafnarl., láta í té.

Fleira um þetta mál get ég því miður ekki sagt á þessari stundu. Ég viðurkenni þá þörf, sem hv. þm. lýsti, og tel, að athugun og undirbúningi að slíkum verbúðum þurfi að hraða.

Fyrirspyrjandi (Björn Kristjánsson): Ég stend á fætur til þess að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf, og þó sérstaklega fyrir þau vinsamlegu orð, sem hann lét falla um það, að hann mundi reyna að greiða fyrir því, að þessi athugun færi fram og úrbætur, eftir því sem ástæður leyfðu. Mér var ljóst, að í þessu efni ætti að vera mikil bót í máli, að núverandi hafnarl. gera ráð fyrir því, að verbúðir og annað þess konar, sem þarna er um að ræða, sé tekjuhæft á sama hátt og hafnargerðirnar sjálfar og jafnframt sé ríkissjóði gert að skyldu að ganga í ábyrgð fyrir þeim hluta, sem þarf að koma frá öðrum aðilum, en vegna þessara breyt. á hafnarl. ætti það að verða frekar til þess að ýta undir, að nauðsynlegar framkvæmdir og umbætur yrðu gerðar.

Hins vegar óttast ég það, að jafnvel þó að skilyrði fyrir þá, sem þessarar hjálpar þurfa að njóta, séu þannig stórkostlega bætt frá því, sem áður var, þá held ég samt, að það veitti ekki af því, að það opinbera, löggjafarvaldið og ríkisstj., gerðu meira að því, eftir að rannsókn hefur farið fram, að eiga forgöngu að því, að umbætur séu gerðar þar sem ekki eru líkur til, að aðrir mundu gera þær. Ég ætla svo ekki að segja meira um þetta, en þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans undirtektir.

5. *Síldarverksmiðja á Norðausturlandi.*

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt:

Fyrirspurn til sjávarútvegsmálaráðherra um byggingu síldarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness (A. 64,2).

Á 17. fundi í Sþ., 30. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Sþ., 5. nóv., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, var samþ. á síðasta þingi breyt. við lög frá 1942 um nýjar síldarverksmiðjur. Þessi breyt. gekk út á það að byggja síldarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness, 5000 mála, og skyldi undirbúningi lokið á þessu ári, en framkvæmdir hafnar á árinu 1948. Mér og öðrum fyrirspyrjendum er ekki kunnugt um, að neitt hafi verið gert í þessu máli, þótt undarlegt megi virðast. Það hefði mátt ætla, að það, sem gerðist s. l. sumar, hvernig síldin hagaði sér, að síldveiðiflotinn þurfti að sækja mikið af þeirri síld, sem veiddist, austur fyrir Langanes, að það hefði verið nóg til þess að ýta undir þær aðgerðir, sem l. ætlast til, að framkvæmdar yrðu á þessu ári. Án þess að fara lengra út í það þá má hins vegar fullyrða, að það hefur valdið síldveiðiflotanum milljóna tjóni, að ekki er nú þegar til verksmiðja fyrir þetta svæði. Eitt af því marga, sem þarf að gera í sambandi við undirbúning þessa máls, er vitanlega staðarval fyrir verksmiðjuna. Það er vitað, að þeir staðir, sem liggja bezt við fyrir þetta síldveiðisvæði, hafa ekki upp á æskileg hafnarskilyrði eða hafnir að bjóða. Vil ég þar til nefna Bakkafjörð og Vopnafjörð. Það er líka vitað, að staður eins og Seyðisfjörður með sín ágætu hafnarskilyrði hlýtur að koma þar til greina, þrátt fyrir það, að hann liggi ekki vel við síldveiðisvæðinu sjálfu. Þess vegna er augljóst, að áður en þeir menn, sem áttu að athuga stað fyrir verksmiðjuna, gátu tekið sínar ákvarðanir, þá þurftu að fara fram rannsóknir á þeim stöðum, sem liggja bezt við síldveiðisvæðinu, hvað þyrfti að gera til þess að gera viðunandi aðstöðu á þeim stöðum og hvað slíkar aðgerðir mundu kosta. Þetta varð að gerast, áður en þeir menn, sem áttu að ákveða verksmiðjunni stað, gátu fellt rökstuddan úrskurð um, hvar hún ætti að vera. Þeir urðu að hafa þessar upplýsingar til þess að geta metið það, hvort verksmiðjuna á að byggja þar, sem hún er bezt sett, eða hvort á að byggja hana á öðrum stað, þar sem hún verður mun ódýrari. Það má vel vera, að það verði ýmsar ástæður til þess að valda töfum á því, að þessi verksmiðja verði byggð, en slík rannsókn sem þessi og athuganir geta ekki kostað mikið fé. Það virðist því vera lítt skiljanlegt, að það skyldi ekki vera gert á s. l. sumri, og þess vegna töldum við fyrirspyrjendur ástæðu til að beina þeirri fsp. til hæstv. sjútvmrh., hvað ylli því, að þessar rannsóknir hafa ekki verið gerðar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef í tæka tíð falið stjórn síldarverksmiðja ríkisins að framkvæma þær rannsóknir, sem hér um ræðir, og athuga staðhætti o. s. frv. Ég skal ekki segja, hvað hefur dvalið stjórn SR fram að þessu, en ég hef nýlega átt fund með henni og ítrekað þessi tilmæli og veit ekki betur en hún áformi að gera þessa rannsókn bráðlega. Ég hef beðið um það, að stjórn síldarverksmiðjanna hraðaði ferð sinni

austur, og var að reyna að fá skip til að flytja hana um daginn, því að stjórnarmeðlimirnir vildu heldur fara með skipi en bifreið eða flugvél. Ég vona því, að úr því geti orðið, sem raunar hefði átt að vera, meðan vegirnir voru góðir, að þessi athugun fari fram. Ég þóttist vera á réttum stað með því að fela stjórn SR að gera þetta. En eins og vitað er, er talsverð togstreita um stað fyrir verksmiðjuna, og svo er annar þrándur í götu, og það er tregða á lánsfé, jafnvel til síldarverksmiðja. Það er alveg satt, að það er illt til þess að vita, að mikill afli skuli missast fyrir það, hve langt er til hafna fyrir síldarskipin á þessum slóðum, og hafa nú verið og eru uppi ýmsar hugmyndir til að bæta úr því, eins og kunnugt er. En þær hugmyndir liggja að vísu ekki fyrir hér nú til umræðu, og skal ég því ekki fjölyrða um það. Ég vona sem sagt, að þær athuganir, sem hér er farið fram á, muni ekki koma til að standa málinu fyrir þrifum, en hitt er alvarlegra, hve erfitt er að fá lánsfé, og því er ekki að leyna, að við erum í talsverðum vanda staddir með að greiða byggingarkostnað nýju síldarverksmiðjanna á Skagaströnd og Siglufirði, vegna þess að tregða er á lánum, eins og sakir standa. En ég vona, að úr því rætist, og það er raunar nokkuð víst, ef vel er á haldið og heppnin er með. Og þá er líka líklegt, að sá vandi verði leystur, áður en allt of langt um líður, sem er fyrir höndum hjá síldveiðiflotanum, eins og nú standa sakir, þegar mikið berst að austan fyrir Langanes.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil aðeins benda hæstv. fjmrh. á það, sem ég gerði raunar í sumar, að nýbyggingarráð, sem hæstv. ráðh. var formaður fyrir, var byrjað að athuga það mál, sem hér um ræðir, og það er nauðsynlegt, að hin nefndin eða stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sem nú á að framkvæma þessa athugun, fái það, sem nýbyggingarráð var búið að gera. Að mér áheyrandi lagði hæstv. fjmrh. það líka fyrir, að þetta skyldi gert, en fyrir nokkru síðan vissi ég til þess, að þessi gögn voru enn í vörzlu nýbyggingarráðs, en ekki í vörzlu stjórnar SR. Ég vildi því árétta það, að þessi gögn kæmust í hendur verksmiðjustjórnarinnar, áður en hún gerir þær athuganir, sem hér um ræðir.

Fyrirspyrjandi (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir greið svör, þó að ekki sé hægt, því miður, að þakka framkvæmdirnar, en mér skilst þó, að hæstv. ráðh. verði ekki sakaður um það atriði, þar sem upplýst er, að hann hefur falið stjórn SR að gera þetta. En ég tel, að sú stjórn hafi sýnt vítavert tómlæti með því að gera ekkert í málinu. Hæstv. ráðh. taldi, að þessi dráttur yrði ekki til að tefja fyrir verksmiðjunni, en það er augljóst, að þetta getur tafið málið um eitt ár a. m. k. Hann talaði einnig um, að togstreita væri um það, hvar velja skuli verksmiðjunni stað, en ég held, að það verði ekki til að tefja málið. Að vísu er um fleiri en einn stað að ræða, en um það, hvort togstreita nær að brjótast fram, fer eftir því, hve málið er vel undirbúið með athugunum. Ég tel rétt, að stjórn SR hafi þessar athuganir með höndum, en hún þarf að hafa aðra með sér til aðstoðar á þeim stöðum, sem til greina koma, t. d. verkfræðinga, og rannsókn verkfróðra manna þarf að vera fyrir hendi, áður en verksmiðjustjórnin fellir rökstuddan úrskurð. Því betur sem athugað er og undirbúið, því minni hætta er á togstreitu um þetta.

Ég geri ráð fyrir því, að okkur fyrirspyrjendum og öðrum, sem hafa skilning á nauðsyn málsins og áhuga á, að því verði hrundið sem fyrst í framkvæmd, — ég geri ráð fyrir, að okkur sé það öllum ljóst, að svo megi fara, að meiri dráttur verði á sjálfri framkvæmdinni en nú er gert ráð fyrir. En því aðeins getum við sætt okkur við örðugleikana, að unnið sé að málinu af heilum hug, það sem unnt er, að reynt verði að gera það, sem mögulegt er, og að undirbúningur eða þeir hlutir, sem auðvelt virðist að framkvæma, verði a. m. k. ekki látinn dragast lengur.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég mun að gefnu tilefni gangast frekar eftir því, að sú athugun fari fram, sem hefur dregizt of mjög á langinn. Út af athugun nýbyggingarráðs vil ég segja það, að sé það rétt, að þau gögn séu enn eigi komin í hendur verksmiðjustjórnarinnar, þá mun ég biðja fjárhagsráð að senda henni strax afrit af þeim. Það er rétt, að þessi athugun, sem nýbyggingarráð gerði, sé rannsökuð, ef hún gæti komið að notum. Þessi athugun er gerð af góðum og greindum mönnum, og ég skal sjá um, að hún tapist ekki út úr málinu.

6. Fjármál flugvallanna í Keflavík og Reykjavík.

Á 16. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um fjárhag og fjármál flugvallanna í Keflavík og Reykjavík (A. 64,3).

Á 17. fundi í Sþ., 30. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 30 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Sþ., 5. nóv., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., 19. nóv., var fyrirspurnin aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Það er nú orðið nokkuð langt síðan þessi fyrirspurn kom fram, en ég óskaði eftir, að hún kæmi eigi til umr. fyrr en í dag. Ég veit, að það er allmikill áhugi meðal almennings fyrir því að fá að vita, hvernig gengur með rekstur flugvallanna í Reykjavík og í Keflavík. Það er uppi sú skoðun, að komið hafi til mála að leggja annan niður, og sýnist sitt hverjum, en það fer eftir fjárhagnum, hvernig snúizt verður í því. Ég hef það frá heimildum, sem eru ábyggilegar, að kostnaðurinn virðist vera kominn á tólftu milljón króna til flugvallanna, og er aðalkostnaðurinn við Reykjavíkurflugvöll, en annars er þetta ekki sundurliðað. — Ég hef orðið var við, að mönnum stendur stuggur af þessum mikla tilkostnaði. Mér hefur og skilizt, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki séð

annað fært en að breyta frá þjóðnýtingu á Winstonhóteli á Reykjavíkurflugvelli og að komið hafi til mála að leigja það út. Nú hefur þetta hótel bætt úr hótelskorti í Reykjavík, og er ekki ósennilegt, að það komi til kasta Alþingis, hvort laga ætti þetta gistihús og reka það áfram eða rífa það. Ég hef enga trú á því, að Reykjavíkurbær geti rekið Reykjavíkurflugvöllinn, auk þess sem mikil hætta fylgir því að hafa flugvöll inni í bænum á ófriðartímum. Ég vil því, að það verði rannsakað til hlítar, hvort Reykjavík getur staðið undir flugvellinum eða ekki. Enn er tiltölulega lítið um viðhald þar, en það mun verða æði miklu meira seinna. Ég hef svo ekki miklu meira um þetta að segja, en bíð eftir svari hæstv. ríkisstj.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Þessi fsp., sem hér liggur fyrir, er nokkuð víðtæk, og mun það taka nokkurn tíma að svara henni, en ég vil taka það fram strax, að ég get ekki svarað öllum liðum hennar eins ýtarlega og ég vildi, því að þessi mál eru enn í deiglunni. En ég get lýst því yfir, að svarið verði tæmandi um kostnaðarhliðina á liðnum tíma og eins og það stendur nú. Ég ætla, að hægt verði að bæta úr því máli á þessu þingi, og mundi það þá heyra undir fjvn. þingsins. Ég skal nú snúa mér að einstökum liðum þessarar fsp.

Fyrsti liðurinn hljóðar svo: Hve mikið hefur ríkissjóður þurft að greiða fyrir fasteignir flugvallanna, bætur til landeigenda, hús, mannvirki og tæknileg áhöld? — Eftir því sem flugráð hefur gefið mér upplýsingar um, hefur verið lagt út fyrir þenna lið 1152000,00 kr. vegna Reykjavíkurvallar og ekkert vegna Keflavíkurvallar.

Þá er næsta spurning þessi: Hve mikið hefur ríkið lagt fram til verklegra endurbóta á hvorum flugvellinum fyrir sig, þar með talið allt viðhald, sem hvílir á íslenzka ríkinu? — Samkv. upplýsingum frá sömu aðilum hefur verið varið á öllu tímabilinu, sem flugvellirnir hafa verið í íslenzkri eign, 1090000,00 kr. Þessa upphæð hef ég ekki getað fengið sundurliðaða enn, en menn hafa verið settir til þess og vinna nú að því. Eins eru þeir að athuga aðra kostnaðarliði, sem virtust óþarflega háir. En ég geri ráð fyrir, að töluverður hluti þessarar upphæðar hljóti að vera vegna endurbóta á Winstonhóteli á Reykjavíkurflugvelli. Á Keflavíkurflugvelli hafa verið lagðar út í þessu skyni 250000,00 kr., en það eru braggar, sem hafa verið endurbættir og notaðir undir flugvallastjóra og starfslið hans.

Þá er spurt: Hvað voru miklar tekjur og útgjöld ríkisins við hótel Winston, meðan það var starfrækt á kostnað ríkisins? — Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið, en þær ná frá 1. maí 1946 til 1. júlí 1947, þá voru útgjöld 1046000,00 kr., en tekjur 890000,00 kr. Rekstrarhalli bókaður er því 155000,00 kr., en auk þess eru svo innréttingar og endurbætur taldar 255000,00 kr. Hallinn nemur því alls 401000,00 kr. Þessir reikningar eru enn ekki fyllilega krufðir til mergjar, og ég skal ekki um það segja, hvort öll kurl eru komin til grafar. Það er ekki fyllilega rannsakað enn. Nú hefur sú breyting verið gerð eftir tillögu flugvallastjóra, að rekstri á Winstonhóteli hefur verið hætt og það leigt út. Þar með er fyrirbyggt, að slíkt tap verði á rekstri þess eftirleiðis fyrir ríkið. Eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefur, hef ég ekki trú á, að ríkið reki þetta hótel, nema það fengi þá úrvalsmenn til að standa fyrir því. Hótelið hefur þó ekki verið leigt út til langs tíma.

Þá er það næsta, sem spurt er að: Hve margir verkamenn vinna að öllum jafnaði á hvorum flugvellinum, hve margir löggæzlumenn, tollmenn, veðurfræðingar, loftskeytamenn og aðrir kunnáttumenn, og hve mikil eru útgjöld ríkisins við hverja þessa deild? — Þetta er talsvert margþætt spurning, en ég skal reyna að svara henni á eins einfaldan máta og unnt er. Það er spurt um, hve margir verkamenn vinni á flugvöllunum. Þegar rætt er um starfsliðið, verður að gera greinarmun á lausráðnum mönnum og hinum fastráðnu starfsmönnum, og mun ég gera það í svari mínu. Ef við tökum Reykjavíkurflugvöllinn og tökum t. d. einn mánuð, í þessu sambandi getum við tekið októbermánuð 1947, eftir að sparnaðarráðstafanirnar hafa farið fram, þá eru þar fastráðnir menn 28 talsins og kostnaður við þetta fólk nærri 69000,00 kr. Aftur á móti voru lausráðnir menn þann mánuð milli 20 og 30, en sú tala er ekki ábyggileg og segir í rauninni lítið. Ef nokkurn veginn örugg tala þessara manna ætti að fást, yrði að taka miklu lengra tímabil, en það verður ekki gert hér. Ef við tökum svo sama mánuð á Keflavíkurvelli, þá eru þar flugvallarstjóri, og starfslið hans eru 3 menn. Löggæzlumenn eru 12 og hafa 24000,00 kr. laun á mánuði og tollmenn eru 4. Ég tek þetta hér með, þótt það komi mér ekki við. Nú er rétt að upplýsa í þessu sambandi, að þessar upplýsingar, sem ég hef gefið, eru eins og málin standa í dag. Áður voru fastir starfsmenn við flugvöllinn 27 manns, og mun langmest af launum þessara manna koma fram sem hreinn sparnaður við reksturinn. — Hvort það auðnast flugráði og flugvallastjóra að fækka starfsmönnum enn meir en gert hefur verið, veit ég ekki, en þessir aðilar hafa það þó til athugunar. En það er oft erfitt að draga saman seglin í slíkum tilfellum, en ég fæ ekki betur séð en að flugráð og flugvallastjóri hafi gengið vel fram í því að lækka rekstrarkostnaðinn og fækka starfsmönnum. — Nú hefði verið æskilegast, að ég hefði getað, um leið og upplýst er, hversu margir hinir föstu starfsmenn eru, og upplýstir eru einstakir kostnaðarliðir, — þá hefði verið æskilegt, að ég hefði getað gefið upplýsingar um rekstrarkostnaðinn sjálfan í heild, hver hann hefði verið og hvað gera mætti ráð fyrir, að hann yrði. En um þetta er ekki hægt að segja neitt í dag, og það verður sent fjvn. á sínum tíma til athugunar. Þetta er ekki það lítil flækja, og er ekki hægt að stilla upp glöggum reikningum yfir þær starfsgreinar, sem hér er um að ræða, en það þarf að gera yfirlit yfir þetta og fá upplýst, hverjar till. flugráðs og flugvallastjóra ríkisins eru í þessum málum. Með tilliti til þessa hef ég beðið flugráðið um að gefa mér heildarskýrslu varðandi þetta, en hún hefur enn ekki borizt til mín. En þrátt fyrir þetta vildi ég gefa upplýsingar um starfsmannafjöldann, sem vinnur við flugvellina í Reykjavík og í Keflavík, vegna þess að fyrirspurn kom um það.

Þá er það fimmta spurningin. Hún hljóðar svo: Hve mikið hefur nú verið greitt af alþjóðafé til ríkissjóðs fyrir veðurþjónustu Íslendinga í sambandi við flugvellina, og hve mikið er nú þegar vangoldið til ríkisins af samningstryggðum endurgreiðslum? — Hér er aðeins spurt um veðurþjón-

ustuna, en fróðlegt er í þessu sambandi að athuga, hve miklu fé er eytt í flugþjónustuna yfirleitt og hve mikill hluti þess kostnaðar kemur til með að verða endurgreiddur, og er hér ekki einungis um að ræða veðurþjónustu. Þar er skemmst að segja, að þetta mikla fé, sem veitt er til flugþjónustunnar, fer til þriggja stofnana: veðurstofunnar, sem heldur uppi veðurathugunum vegna flugs um Norður-Atlantshafið, landssímans, sem hefur samband við flugvélar, sem eru á flugleiðum um Norður-Atlantshafið, og loks Keflavíkurstöðvarinnar, sem er í sambandi við flugför á fyrr greindum leiðum. Þessi kostnaður skiptist þannig milli ára:

1946 2044 þús. kr.
1947 3733 þús. kr.

að því er gert er ráð fyrir. Þetta er mikið fé, sem gert er ráð fyrir, að fáist endurgreitt, þótt það sé ekki enn borgað. Þetta hefur verið tekið upp á alþjóðaráðstefnum, sem haldnar hafa verið um þessi mál, en fast loforð hefur enn ekki fengizt um endurgreiðslurnar, en hins vegar er málið á svo góðan veg komið, að telja má öruggt, að Íslendingar fái þessar greiðslur endurgreiddar, og reikningur hefur þegar verið sendur til alþjóðasamtakanna yfir þetta. Þannig er þessu máli enn eigi lokið, og augljóst er, að ef ekki verður tekin til greina krafa okkar um endurgreiðslu þessa kostnaðar, þá verðum við að breyta um stefnu í þessum málum og bera ekki uppi viðtækari starfsemi til flugþjónustu en teljast má brýn þörf fyrir okkur Íslendinga sjálfa, en við það mundu möguleikar Íslands sem millistöðvar í alþjóðaflugi minnka mjög. Menn hafa veigrað sér við enn sem komið er að skipta um stefnu, vegna þess að gera má fastlega ráð fyrir, að krafan um endurgreiðslu verði tekin til greina. Á fundi, sem haldinn var í Dublin á Írlandi viðvíkjandi fyrirkomulagi þessara mála, þar sem ákveðin voru svæði, sem hinar einstöku þjóðir skyldu sjá um flugþjónustu á, var það greinilega tekið fram, að fluggjöld yrðu endurgreidd, og verður að treysta þessu áliti fundarins. Fyrir utan þetta eru tvær aðrar stöðvar, sem hafa flugþjónustu með höndum hér á landi, og á ég þar við Loran-stöðina í Vík í Mýrdal. Hún er líka fyrir erlendar flugvélar, og 95% af þeim kostnaði, sem hún skapar ríkissjóði, verður endurgreiddur, og þær endurgreiðslur eru þegar byrjaðar. Hefur reikningur þegar verið sendur Ameríkumönnum að upphæð 12800 $, og hafa þeir greitt sem svarar þessari hundraðstölu eða 12160 $.

Sjötta spurningin er: Hve margar borgaðar flugviðkomur hafa verið á hvorum velli, síðan ríkið eignaðist þá, og hve mikið greiða hinar einstöku og mjög misstóru flugvélar fyrir afnot flugvallanna? — Til glöggvunar er rétt að taka sjöundu spurninguna hér með, en hún er: Hve margar úthafsflugvélar hafa notað hvorn flugvöll, síðan ríkið eignaðist þá, og hvers vegna vilja fáar eða engar af þess háttar flugvélum nota völlinn hjá Reykjavík? — Samkvæmt skýrslu, sem ég hef fengið um þetta hjá flugráði, þá er viðkoma flugvéla á flugvöllunum í Reykjavík og Keflavík sem hér segir: (Er þá átt við tímabilið 6. júlí 1946 til 1. okt. 1947.)

Samtals hafa lent á Reykjavíkurflugvelli:

Millilandaflugvélar	241
Flugvélar, sem fljúga innanlands	3240
Samtals	3481
Kennsluflugvélar og einkaflugvélar	10220
Samtals	13701

Á Keflavíkurflugvelli:

Gjaldskyldar lendingar innanlandsvéla	208
Gjaldskyldar millilandavélar	654
Samtals	862

Með þessu yfirliti er þá líka svarað sjöundu spurningunni, um úthafsflugvélar. En síðari liður hennar er, hvers vegna flugvélar vilji ekki nota Reykjavíkurvöllinn eins vel og Keflavíkurvöllinn. Það er dálítið erfitt fyrir mig að svara þessu, en það hefur verið talsvert um það, að millilandavélar hafi lent á flugvellinum hér við Reykjavík, en brautir eru stærri í Keflavík, og þar eru radarlendingartæki, sem ekki eru hér, og kjósa flugmenn af þessum ástæðum ef til vill frekar að lenda á Keflavíkurflugvelli. En það er nokkuð erfitt að gera grein fyrir þessu.

Ég hef gleymt úr 6. spurningunni, hve mikið flugvélar greiði fyrir viðkomu á flugvöllunum. Ég er nú ekki alls ánægður með svar það, sem ég hef fengið varðandi þetta, þar sem ekki er getið um, hve mikið fæst fyrir hverja ferð, en hér í skýrslu, sem ég hef látið gera yfir þetta, eru lendingargjöldin sett sem þungagjöld. Teknar eru kr. 6.00 af hverju tonni að 20 tonnum, en sé þunginn yfir 20 tonn, þá eru teknar 3 kr. fyrir hvert tonn þar fram yfir. Og flugvallargjald benzíns eru 9 aurar pr. lítra. Nokkuð álitamál er það, hve hátt skuli setja þessi gjöld, og er það nokkurt afkomuatriði fyrir flugmálin, hve þessi gjöld eru há, og ég hef lagt fyrir flugvallastjóra að athuga gjaldskrána og endurskoða gjöldin með það fyrir augum, hvort ekki væri mögulegt að hækka þessi gjöld, því að rekstur flugvallanna er ríkissjóði mjög þungur.

Áttunda spurningin er: Hve mikið kaup fá flugmála- og flugvallastjóri og hver fulltrúi í flugmálanefndinni? — Flugmálastjóri er í 3ja flokki launalaganna með 13 þús. kr. laun, og flugvallastjóri ríkisins er í sama launaflokki. Ekki er enn ákveðið, hver laun meðlimir flugráðs skulu hafa, en ákveðið er, að formaður flugráðs fái sem næst launum formanns útvarpsráðs, eða 325 kr. grunnlaun á mánuði. Að öðru leyti er erfitt að ákveða laun flugráðs, því að það hefur orðið að leggja á sig alveg óhemju vinnu til þess að komast að niðurstöðu um ástand flugmálanna. Það hefur sem sagt orðið að vinna allt ofan í kjölinn.

Í 9. lið er spurt: Hve mikið fé hefur ríkið lagt á yfirstandandi ári í nýbyggingu og viðhald flugvalla utan Gullbringu- og Kjósarsýslu? — Ég skal nú gera nokkra grein fyrir þessu. Til nýbygginga flugvalla eða flugbrauta hefur verið lagt fram eftirfarandi:

Til lendingar fyrir sjóvélar á Akureyri	kr.	7.000,00
Til flugbrautar á Hólmavík (sjóvélar)	—	6.600,00
Til flugvallarins í Hornafirði	—	14.100,00
Til flugvallarins í Vestmannaeyjum	—	51.200,00
Til flugskýlis á Ísafirði (sjóvélar)	—	65.200,00
Til lagfæringar flugvallarins á Fagurhólsmýri	—	19.900,00
Til lagfæringar flugvallarins á Melgerðismelum í Eyjafirði	—	33.000,00
Lagfæring flugvallarins við Gufuskálamóðu hjá Sandi	—	22.700,00
Samtals kr.		219.700,00

Auk þessa var veitt:

Til að fullgera dráttarbraut og flugskýlið á Ísafirði kr. 20.000,00, og hefur því sú fjárveiting numið samtals kr. 85.000,00. Til bygginga í sambandi við flugvöllinn í Vestmannaeyjum kr. 203.000,00, og nemur því sú upphæð, sem greidd hefur verið til hans, kr. 255.000,00 rúmlega. Nú hafði verið ákveðið á fjárlögum að veita fyrstu greiðslu til flugskýlis á Austurlandi. Flugráð hefur tekið flugmál Austfjarða til ýtarlegrar athugunar og hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að bygging flugstefnuvita skuli sitja fyrir og sé hann byggður á Austurlandi. Að þessum till. fengnum frá flugráði hefur ráðuneytið fallizt á, að fé þetta verði notað til byggingar flugstefnuvita, og vona ég, að ekki verði tekið hart á okkur fyrir þessa breytingu. Okkur þótti það meira virði að láta þær framkvæmdir ganga fyrir, sem flugráð taldi nauðsynlegastar. Þá er það skoðun flugmanna, að nauðsynlegt sé, að byggður verði flugstefnuviti á Skagatá, og hefur verið ákveðið að leyfa byggingu þessa vita, án þess að fjárveiting væri fyrir hendi. Var ekki hægt að draga að koma vitanum upp vegna þess, hve flugmenn töldu það aðkallandi, og varð flugráð sammála um það. Auk þessa hefur flugráði verið falið að athuga ástand flugvalla úti um land, sem lagfæra mætti án mikils tilkostnaðar, sem feldist í því að merkja flugvellina og flugbrautirnar og annað því um líkt. Og þegar allt kemur til alls, þá hafa verið notaðar til endurbóta og bygginga á flugvöllum 1,1 milljón króna, og tel ég mig þá hafa svarað spurningu þeirri, sem felst í 9. lið þessarar fyrirspurnar.

Ég get getið þess hér, að flugráð hefur athugað flugvöllinn við Kópasker með það fyrir augum, að hann gæti orðið varaflugvöllur fyrir millilandaflugvélar. Það mun kosta tiltölulega lítið fé að gera hann svo úr garði, að hann geti orðið varaflugvöllur fyrir stórar vélar. Fleira er ekki nýtt, sem ástæða er til að drepa á varðandi þetta. En hvað viðkemur 10. lið fsp. um, hve miklar tekjur hafi orðið af Reykjavíkurflugvellinum og hvers konar endurbætur flugmálastjórnin vilji gera á honum, þá veit ég ekki enn, hverjar endurbætur flugráðið vill gera á honum. Ég hef beðið flugráð um till., en ekki fengið þær enn þá og get því eigi svarað hér til. En á 22. gr. fjárlaga eru veittar 1,3 millj. kr. til þessara mála, en hvernig það sundurliðast, veit ég ekki. Þetta mál mun fjvn. taka til meðferðar á sínum tíma, og geri ég ráð fyrir, að flugráð muni skila áliti um þetta. Varðandi tekjur Reykjavíkurflugvallarins þá voru þær: 1946 296 þús. kr. Til 1/7 1947 250 þús. kr.

Ég hef ekki við höndina nú glöggan rekstrarkostnað, eins og menn gætu ætlað, en það verður ekki langt að bíða þess, að ég geti svarað þeirri hlið málsins.

Þá er spurt um það í 11. liðnum, hve dýrar þær endurbætur séu, sem Bandaríkjamenn eru nú að framkvæma á Keflavíkurflugvellinum. Ég get ekki svarað því. Það er búið að byggja bráðabirgðaflugstöð og verið að leggja grunn að varanlegri flugstöð. Sömuleiðis er verið að byrja á því að grafa fyrir öðrum húsum, eins og þvottahúsi og viðgerðarstöðvum. Frekar get ég ekki upplýst um þetta.

Í 12. liðnum er spurt um það, hve miklar tekjur megi telja sennilegt, að Íslendingar fái árlega af starfsemi flugvallarins í Keflavík í sambandi við viðkomugjöld flugvéla, kaup og laun íslenzkra manna, tolla af benzíni og öðrum vörum, andvirði greitt fyrir íslenzkar neyzluvörur og aðra tekjuliði. Því miður get ég ekki á þessu stigi málsins sagt neitt um þetta. Það er að vísu til áætlun frá flugráði um viðkomugjaldið, en hún er með þá miklum fyrirvara, að ég sé ekki ástæðu til þess að draga hana inn í þessar umræður.

Ég held nú, að ég hafi svarað þessum fsp., eftir því sem hægt er. Ég mun síðar afla nánari upplýsinga og svara því, sem hægt er að ætlast til, að greið svör verði gefin við með góðu móti.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur nú svarað allýtarlega fyrirspurnum mínum, þótt ekki hafi hann svarað þeim öllum. Við því verður ekkert sagt, því að um allmörg vafaatriði er að ræða, eins og viðskilnaður hæstv. fyrrv. flugmálarh. var. Hann er því miður ekki hér. Það vekur eftirtekt, hve gífurleg útgjöldin eru við flugvöllinn í Reykjavík. Það er um 6 millj. kr., sem við greiðum í veðurþjónustu, loftskeyti og aðra öryggisþjónustu. Ekkert af þessu hefur verið endurborgað, og það kom fram hjá hæstv. ráðh. betur en áður, að þessir peningar eru svo sem ekki í handraðanum, þar sem ekki er einu sinni fyrir hendi formlegt loforð um endurgreiðslu. En það, sem mestu varðar fyrir Alþ. og borgara landsins, er að fá að vita, hve mikill munur er á útgjöldunum og því, sem við fáum.

Þessari einu millj. kr., sem búið er að verja í lendingarbætur, mun að öllu leyti hafa verið skynsamlega varið og reynt að bæta úr annmörkum í þessum efnum, eftir því sem fjárhagur hefur leyft. En önnur útgjöld í þessu sambandi eru gífurleg, og ég þykist heyra á hæstv. ráðh., að þungir póstar muni koma til fjvn. Frá fjmrn. hef ég fengið upplýsingar, sem benda til þess, að það sé komið á tólftu millj. kr., sem búið er að greiða fyrir flugvellina, og mun það láta nærri, eftir því sem kom fram hjá hæstv. ráðh. Eftir að hæstv. stjórn hefur gefið þessa ýtarlegu skýrslu, sjá allir, að það verður að ráða flugmálunum til lykta eftir okkar hentugleikum. Við getum ekki tekið á okkur byrðar, sem okkur eru ofvaxnar, með skuldbindingum um flugþjónustu fyrir aðrar þjóðir.

Ég ætla að víkja að síðustu spurningunum, sem hæstv. ráðh. svaraði ekki, um Keflavíkurflugvöllinn. Ég skil, að hæstv. ráðh. hefur ekki til tölur um þær endurbætur, sem fyrirhugaðar eru. Mér skilst, að Keflavíkurflugvöllurinn hafi kostað um 150 millj. kr. og að enn þurfi nokkra tugi millj. til þess að gera hann starfshæfan. Hótel og skrifstofupláss er í því ólagi, að stórkostlegt fé, sem við eigum ekki til, þarf til að bæta úr því. Ef völlurinn hefur kostað 150 millj. kr., þarf kannske að bæta þar við 75 millj. kr., til þess að hann verði fullkominn millilandaflugvöllur. Það mundi því binda okkur þungar byrðar, ef við ættum að taka við vellinum, eins og sumir halda fram.

Ég vil þakka fyrir þau mörgu og greiðu svör, sem ég hef fengið, og vil bara að lokum segja frá áætlun, sem ég hef fengið hjá mönnum, sem kunnugir eru tekjumöguleikum Keflavíkurflugvallarins. Þar er áætlað, að Íslendingar geti haft um 10 millj. kr. tekjur á ári af viðkomugjöldum flugvéla, kaupi íslenzkra manna, tollum og andvirði íslenzkra

neyzluvara. Mér þótti þetta gegna nokkurri furðu, og ég hef enga stjórnarheimild fyrir því, að þetta sé skynsamleg áætlun. Ég vil hins vegar skora á hæstv. stjórn að gæta þess, að þetta fé fari ekki, eins og hingað til, í eyðslu fyrir fargjöld Íslendinga út í heim.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir, að hann hefur lagt sig í framkróka með að gefa sem greiðust svör. Þó voru það þrjú atriði, sem hann gaf ekki svar um og ég held, að hann geti svarað, og ég hef áhuga fyrir að fá svör við.

Fyrst var það 4. liður spurninganna. Ég hef áhuga fyrir því að fá að vita, hve margir tæknimenntaðir menn og sérfræðingar vinna á hvorum flugvellinum. Þetta kom ekki fram, en ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geti svarað því. Þá var það viðvíkjandi 6. og 7. lið fsp. Hversu margar herflugvélar koma við á Keflavíkurflugvellinum að meðaltali á mánuði, og hve margar einkaflugvélar á vegum A. O. A., sem annast rekstur flugvallarins. Ég vildi fá það staðfest, hvort það er rétt, sem komið hefur fram, bæði hér á þingi og í blöðunum, að tala herflugvéla sé aðeins 11 á mánuði. Í þriðja og síðasta lagi var það viðvíkjandi 6. liðnum. Ég hef áhuga á að fá að vita, hvort einkaflugvélar greiða öll lendingargjöld.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. spurði, hve margir tæknimenntaðir menn ynnu á flugvellinum. Ég verð að játa, að ég get ekki svarað þessu undirbúningslaust. Það má um það deila, hverjir teljast tæknimenntaðir. Það er hins vegar óhætt að lofa því, að þegar starfsmannaskrárnar koma til fjvn., þá verða þær sundurliðaðar, svo að sjá megi, hvað hver vinnur. Frekari úrlausn get ég ekki gefið.

Þá spurði hv. þm. um það, hve margar herflugvélar kæmu við á Keflavíkurflugvellinum að meðaltali á mánuði og hve margar einkaflugvélar. Um þetta hef ég engar upplýsingar frá flugráði. Það er aðeins talað um gjaldskyldar flugvélar. Ég veit ekki, hvort einkaflugvélar A. O. A. eru taldar gjaldskyldar þar. Það má athuga þetta og síðar gefa upplýsingar um það, ef ástæða er til.

7. Eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Á deildafundum 6. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til samgöngumálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um endurskoðun gildandi laga og reglugerða um eftirlit með verksmiðjum og vélum (A. 88,1).

Á 19. fundi í Sþ., 7. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 25 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 12. nóv., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að gildandi lögum og reglugerðum um eftirlit með vélum og verksmiðjum er ábótavant að mörgu leyti, og hafa þessi lög einkum orðið úrelt vegna hinna öru framfara í véltækni. Með hliðsjón af þessu flutti ég þáltill. á síðasta þingi. Hún var samþ., að vísu nokkuð breytt, 16. maí í vor. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara endurskoðun á gildandi lögum og reglugerðum um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Endurskoðuninni skal hraða sem verða má og árangur hennar lagður fyrir næsta reglulegt Alþ.“

Eftir að þessi þál. var samþ. og þangað til liðið var nokkuð á þetta þing, var mér ekki kunnugt um, að þessi endurskoðun væri komin til framkvæmda. Ég talaði þá við hæstv. samgmrh., og tjáði hann mér, að ætlun ríkisstj. væri að framkvæma hana innan tíðar. Ég tók það gilt og gott, en mér fannst þó sjálfsagt að bera fram þessa fsp. Síðan fsp. var send í prentun, er mér kunnugt um, að Alþýðusambandi Íslands hefur borizt bréf frá hæstv. samgmrh., þar sem óskað er eftir, að það tilnefni einn mann í nefnd til að framkvæma endurskoðunina, og sá maður hefur nú verið tilnefndur. Hæstv. ráðh. mun upplýsa hér á eftir, hverjir hafa verið skipaðir í þessa n. og fleira í því sambandi, en ég fullyrði, að mikla nauðsyn hafi borið til að gera þetta. Ég veit ekki, hvenær álit þessarar n. er væntanlegt, en það ríður á því, að þessi breyting komi fram sem fyrst. Ég hef svo ekki annað í sambandi við þessa fsp. að segja á þessu stigi málsins.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér er það eins ljóst og öðrum og kannske að sumu leyti ljósara, að hér er umbóta þörf, þörf á endurskoðun þessara laga og reglugerða um verksmiðjur og vélar, og ég var þess fýsandi, að hún yrði samþ., og það var gert 16. maí s. l., eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram. Mér var þá kunnugt um, að fram fór athugun á því hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum, hvort unnt mundi í þessu máli að taka upp meiri samvinnu um þetta en verið hefur með þessum þjóðum, en hún hefur nánast engin verið. Fulltrúar frá Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð komu því saman á fund í Danmörku og ákváðu að hafa samstarf um undirbúning, breytingar og samræmingu á sviði þessarar löggjafar. Nokkru eftir að þessi fundur var haldinn sem fyrsta tilraun til samræmingar, var Íslendingum gefinn kostur á að vera með. Bréf þess efnis barst í júlímánuði, og ég svaraði því til, að Ísland mundi telja það ávinning fyrir sig að vera með í þessari samvinnu. Og nú hefur orðið úr, að tilnefndur hefur verið fulltrúi af Íslands hálfu í þessu efni. Þó að mér væri ljóst, að flýta þyrfti þeirri endurskoðun, sem hér um ræðir, taldi ég einnig nauðsynlegt að hafa samvinnu við okkur reyndari þjóðir á þessu sviði, úr því að færi gafst á því, og því frestaði ég nefndarskipun meðan verið var að ganga frá hinni erlendu samvinnu. En strax og því var lokið, skrifaði ég Alþýðusambandinu, Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi íslenzkra iðnrekenda og bað þessi samtök að tilnefna fulltrúa í n. til að framkvæma þá endurskoðun, sem hér er spurt um. Alþýðusambandið hefur nú til-

nefnt Kristin Ágúst Einarsson, Félag íslenzkra iðnrekenda Pál S. Pálsson lögfræðing og Landssamband iðnaðarmanna Guðmund Helga Guðmundsson húsgagnasmíðameistara. Af hálfu ríkisstj. hafa verið tilnefndir dr. Jón Vestdal verkfræðingur og Sæmundur Ólafsson verksmiðjustjóri. N. tekur nú brátt til starfa og mun bæði hafa samvinnu við Norðurlöndin og skipaskoðunarstjóra og fleiri hér heima. Ég vona svo, að hv. fyrirspyrjandi sjái, að dráttur á þessari endurskoðun hefur einmitt stafað af góðum vilja til að ná sem beztum árangri.

Fyrirspyrjandi (Hermann Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans og get alveg fallizt á, að aðferð hans í málinu hafi verið fullkomlega rétt. Það er engum vafa undirorpið, að hinar Norðurlandaþjóðirnar eru lengra á veg komnar um tækni og reynslu í þessum efnum, og er því bæði rétt og skylt að hafa samvinnu við þær. Ég vil enn fremur þakka hæstv. ráðh., að hann skyldi taka tillit til Alþýðusambandsins við nefndarskipunina, því að þál. gerir ekki ráð fyrir slíku, þó að hins vegar samkvæmt eðli málsins þurfi það að vera svo.

8. Innflutningur nýrra ávaxta.

Á deildafundum 6. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar um innflutning nýrra ávaxta (A. 88,2).

Á 19. fundi í Sþ., 7. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 25 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 12. nóv., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Katrín Thoroddsen): Herra forseti. Á síðasta Alþ. var í janúarmánuði samþ. eftirfarandi þál.:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að annast um, að innflutningur nýrra ávaxta verði aukinn svo og skipulagður, að landsmenn eigi alltaf kost á einhverri tegund þeirra. Jafnframt er ríkisstj. falið að gera með leyfisveitingum ráðstafanir til, að nýir ávextir séu keyptir í þeim löndum og á þeim árstímum, þegar varan er góð og tryggt, að innflytjendur flytji vöruna í kælirúmi á skipum og geymi birgðir, sem ekki á að nota strax, í öruggum geymslum hér á landi.“

Þegar þál. þessi hafði verið samþ., vakti hún almenna ánægju. Menn biðu með eftirvæntingu og óþreyju eftir nýjum ávöxtum, en ég hef enn þá ekki orðið vör við áþreifanlegan árangur af þessari till. Almenningur sækist eftir þessari vöru, en hún hefur verið af mjög skornum skammti í búðum eins og endranær, og eru því margir að vonum orðnir langeygir eftir lostætinu og vondaufir um árangur þeirrar till., sem samþ. var hér í fyrra, en gramir við ríkisstj. vegna tómlætis hennar og aðgerðaleysis. Því vildi ég nú fræðast um það, hvað hæstv. ríkisstj. hefur aðhafzt til að vinna það verk, sem Alþ. fól henni, og hvað hún hyggst fyrir í því efni. Hér er ekki um neitt hégómamál að ræða. Ávextir eru holl fæða og innihalda í ríkum mæli (t. d. sítrónur) vitamín, m. a. mikið af c-vitamíni, sem mikill hörgull er á. Rannsóknir á fæðu þjóðarinnar hafa sýnt, að mikill c-vitamínskortur er hér á landi alla tíð, og eftir rigningasumarið í sumar er vitanlega tiltakanlega mikill skortur á þessu fjörefni, enda hefur það sýnt sig, að kvefpestir, sem venjulega eru mest áberandi á útmánuðunum, eru þegar farnar að gera vart við sig. En minna mundi um þær og þær mundu batna fyrr, ef ávextir væru fyrir hendi. Auk c-vitamína hafa ávextir marga aðra góða eiginleika, og íslenzku þjóðinni finnst hún hafa ráð á að borða þessa fæðu, þar sem hún á vöruskipti við lönd, sem rækta og flytja út ávexti, og líkur eru til að komast mætti að hagkvæmum kaupum. Ég vænti þess, að hæstv. viðskmrh. gefi nú upplýsingar um, að úr þessu rætist fljótlega. Ég veit, að það yrði mjög vinsælt, ekki aðeins, að það kæmi smájólaglaðningur, því að ef ekki er um meira að ræða, fylgir því alltaf svolítil gremja, því að þá er eins og litið sé á þessa vöru sem einhvern jólalúxus, þó að hún ætti alltaf að vera á borðum. Ég vona svo, að hæstv. ráðh. gefi góð og greið svör.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi lauk máli sínu á því, að hún vonaðist til, að ég gæfi greið svör og góð í þessu máli, en því miður verð ég að hryggja hana með því, að ekki er útlit fyrir, að hægt sé að veita gjaldeyri til kaupa á nýjum ávöxtum, nema þá tiltölulega lítið af því, sem sjálfsagt hefði þurft. Ég skal ganga inn á, að það má telja nauðsynlegt og er sjálfsagt vinsælt, eins og hún sagði, að flytja inn mikið af ávöxtum til að bæta úr vitamínskorti, þó að við höfum hingað til getað hjarað við sæmilega heilsu, án þess að mikið væri flutt inn af þessari vöru. En það er þó eins og hv. fyrirspyrjandi og aðrir þm. vita, að gjaldeyririnn nægir ekki fyrir brýnustu þörfum, og þar sem talið er, að aðrar þarfir séu brýnni en þessi, hljóta þær að ganga fyrir. Þess vegna hefur ekki verið gengið lengra í innflutningi ávaxta. Þó get ég skýrt frá því, að á árinu hafa verið veitt leyfi fyrir ávöxtum sem samsvarar fjórum milljónum króna, og er það einni milljón meira en í fyrra, þar af voru nýir ávextir fyrir á þriðju milljón. Vera má, að þessa sjái litinn stað og ekki sjáist áþreifanlegur árangur, en gremja vegna aðgerðaleysis og tómlætis ríkisstj. sé mikil, eins og hv. fyrirspyrjandi komst að orði. En skoðun mín og viðskiptanefndar er sú, að svo sæskilegt sem það væri að flytja inn ávexti í ár fyrir meira en 4 milljónir króna, eins og þegar er orðið, þá séu mjög litlar líkur til þess, að hægt sé að bæta við þann innflutning jólasendingu eða öðru, því miður. En opnist einhverjir möguleikar í þessu sambandi, þá verða þeir að sjálfsögðu notaðir, en ég verð að skýra frá málinu eins og það horfir nú.

Hermann Guðmundsson: Herra forseti. Gjaldeyrisástandið ræður vitanlega mestu um innflutninginn á hverjum tíma, en ég er anzi hræddur um, að

æði margt hafi verið flutt inn af óþarfa, ef gefa á í skyn, að nýir ávextir séu óþarfi. Og þó að við höfum hjarað fram að þessu, eins og hæstv. ráðh. komst að orði, án þess að flytja inn mikið af ávöxtum, þá er það vitað mál, að ávextir eru stór liður í mataræði þjóðarinnar og sérstaklega mikilsverðir fyrir börn og unglinga, sem vantar þau bætiefni, sem eru í ávöxtum. Það er líka vitað, að fleiri þjóðir en við eru í vandræðum með gjaldeyri, en kaupa þó hlutfallslega miklu meira magn af ávöxtum en við. Hæstv. ráðh. talaði um, að keyptir hefðu verið ávextir fyrir 4 milljónir á þessu ári. Það virðist í fljótu bragði nokkuð há upphæð, en menn hafa ekki orðið varir við mikið ávaxtamagn, það er alveg víst, og sérstaklega hefur vantað nýja ávexti. Hæstv. ráðh. gat þess, að litlar líkur væru til þess, að hægt væri að flytja inn nokkuð meira af ávöxtum í ár. Ég harma það mjög, ekki síst af því, að nú fer í hönd sá tími ársins, sem ávaxta er mest þörf, og auk þess er jólafagnaðurinn. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki hafi verið reynt að tryggja eitthvert magn af ávöxtum í desember. Það er að sjálfsögðu rétt, að margt verður að kaupa á undan ávöxtum, en ávextir hafa of mjög verið í skugganum fram til þessa. Þeir eru alveg nauðsynlegir. Ég vænti þess svo, að ríkisstj. geri allt, sem í hennar valdi stendur, til að framkvæma yfirlýstan vilja Alþ. og þá jafnframt vilja meginþorra þjóðarinnar í þessu efni.

Fyrirspyrjandi (Katrín Thoroddsen): Herra forseti. Þó að svör hæstv. viðskmrh. væru hvorki góð né greið, þá þakka ég þó upplýsingar hans. Það er betra að jafnaði að vita sannleikann, í stað þess að gera sér tálvonir og lifa í þeirri von of lengi. Og vissulega kann ég að meta hinn góða vilja ráðh. og frómar óskir hans, þó að ég efist nú raunar um, að viljinn hafi verið eins mikill og æskilegt hefði verið. Ég held, að betur hefði mátt á þessum málum halda og að ýmislegt bendi til þess, að ekki sé vanþörf á að reka á eftir þál. Hæstv. ráðh. sagði, að Íslendingar hefðu getað hjarað fram að þessu án þess að lifa á ávöxtum, og þetta orðalag út af fyrir sig bendir til þess, að skilningurinn sé ekki of mikill. Íslendingar hafa hjarað, en hve margir hafa hrunið niður fyrr á öldum úr hungri og hallæri, og fyrir aðeins 100 árum var ungbarnadauðinn í landinu 30%. Þetta er ekkert til að keppa eftir. Annars býst ég við, að þetta orðalag hæstv. ráðh. hafi ekki verið eins illt og það hljómaði.

Fyrir nokkrum árum var skipuð n. til að athuga matvæli Íslendinga. Hún komst að þeirri niðurstöðu, að mjög skorti á c-fjörefni í matvælum hér yfirleitt, og var þó góðæri þá. En sumarið í sumar var sérstaklega óhagstætt og rýrt á Suðurlandi. Það fengust engin ber, mjólk er af skornum skammti og allra síst rík af c-fjörefni eftir slíkt sumar, þá er mikil vöntun á garðávöxtum og skyri, og ég ræð það af bragði smjörsins, að lítið sé nú af c-fjörefni í því, og einnig smjör er af skornum skammti.

Ég vil treysta því, að hægt sé að ráða fram úr þessum málum, því að það hlýtur að vera hægt að fá ávexti frá þeim þjóðum, sem við seljum saltfisk. Þessi þál. var samþ. einróma í janúar í fyrra, en viðskiptanefndin var ekki skipuð fyrr en seint í sumar, svo að ríkisstj. hefði getað beitt áhrifum sínum við n. og lagt nm. skyldur á herðar um þessi efni. Ríkisstj. má sín svo mikils, að hún getur leyst þetta mál, ef hún vill, og ég treysti því, að hún vilji það.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 11. landsk. sagði á þá leið, að sér þætti hart, að innflutningur ávaxta væri talinn til óþarfa. Ekkert í minni ræðu gaf tilefni til þess, því að ég sagði, að innflutningur ávaxta væri bæði æskilegur og nauðsynlegur. En hins vegar eru aðrir hlutir enn þá æskilegri og nauðsynlegri. Meðan ekki er séð, hvernig gengur að greiða matvöru, fóðurbæti, benzín og farmgjöld af þessum brýnustu nauðsynjum, er ekki hægt að flytja inn ávexti fyrir meira en á þriðju milljón króna. Hv. 2. landsk. taldi, að hér hefði mátt betur á málunum halda, og má vel vera, að betur hefði tekizt í hennar höndum, en fjárhagsástandið er þannig, að ríkisstj. hefur ekki talið forsvaranlegt að flytja inn meiri ávexti, á meðan óvíst er um, hvernig brýnustu þörfum verði fullnægt. Um framtíðarinnflutning ávaxta skal ég ekkert segja, en má vera, að eitthvað flytjist inn af þeim, en það fer eftir því, hvernig tekst að leysa þær kvaðir, sem hvíla á bönkunum og gjaldeyrisforðanum um vörur, sem nauðsynlegri eru. Ýmis lönd önnur hafa orðið að grípa til róttækra ráðstafana í þessu skyni. Ég sá í blaði í dag, að í einu nágrannalanda okkar t. d. er innflutningur ávaxta alveg bannaður. Er þar sem hér, að gera verður fleira en gott þykir.

9. Endurgreiðsla tolls af innfluttum timburhúsum.

Á deildafundum 6. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um endurgreiðslu tolls af innfluttum timburhúsum (A. 88,3).

Á 19. fundi í Sþ., 7. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 25 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 12. nóv., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þegar tollalögin voru sett, þá var ástandið þannig, að iðnaðarmenn höfðu ekki nóga atvinnu, og þótti því sjálfsagt að reyna að tryggja þeim vinnu með því að leggja 30% toll á hús, sem voru flutt inn, en ekki nema 8% á ónunið byggingarefni. En þegar lögin um aðstoð við byggingarframkvæmdir, l. nr. 44 frá 1946, voru sett, þá var ástandið orðið breytt. Þá höfðu iðnaðarmenn meira en nóg að gera, og er sagt, að sumir hefðu lagt svo mikið að sér, að þeir hefðu unnið meira en 24 tíma á sólarhring. Þá komu og allir gervismiðirnir, og höfðu einnig allir nóg að gera. Ástæðan fyrir þessum tollmismun var því ekki lengur til staðar, en húsnæðisþörfin á hinn bóginn orðin mjög mikil og brýn nauðsyn að bæta úr henni. Þá flutti fyrrv.

landsk. þm., Sigurður Thoroddsen, brtt. um að undanþiggja innflutt timburhús alveg tolli. Þetta þótti of langt gengið, og flutti ég ásamt öðrum hv. þm. brtt. um, að tollur af innfluttum timburhúsum skyldi vera jafnhár tolli af óunnu timbri. Ástæðuna til tollmismunarins töldum við horfna og því ekki rétt að hafa þann mismun áfram í lögum. Með nafnakalli hér í d. var till. samþ., og með henni greiddi t. d. atkv. núverandi hæstv. fjmrh. Svo að segja allir hv. þm. voru raunar með till., en nokkrir á móti, aðeins vegna þess, að þeir vildu fella tollinn alveg niður. Þessi heimild um að lækka tollinn, sem sett var inn í lögin sem bráðabirgðaákvæði, var ekki notuð af fyrrv. hæstv. fjmrh., og bar hann því við, að ekki væri gott að reikna út mismuninn. Till. fór til fjvn., en kom þaðan ekki aftur, en ég hef fyrir satt, að núverandi hæstv. fjmrh. tæki vel í hana. Nú var það svo, að seint á árinu 1945 voru flutt inn nokkur hús og einnig fyrst á árinu 1947, og vildu innflytjendur þeirra húsa fá sömu tollaívilnun og þeir, sem fluttu inn húsin árið 1946, og var sagt, að ríkisstj. hefði tekið það mál til athugunar. Ég er ekkert á móti því, að þeir, sem fluttu inn hús fyrir 1. jan. 1946, fái þessar ívilnanir, en hins vegar höfðu þeir engin vilyrði fyrir tollaeftirgjöf. Hinir, sem fluttu inn hús árið 1946, eftir að heimildin hafði verið samþykkt, reiknuðu með því, að ríkisstj. notaði þessa heimild, og þeir verða fyrir beinum svikum, verði ráðherra nú ekki við þeirri sjálfsögðu kröfu að endurgreiða hann. Þeir, sem flytja inn hús á þessu ári, hafa heldur engin vilyrði, en hugsazt gat, að þeir byggjust einnig við að verða tollaeftirgjafar aðnjótandi. Síðan þetta þing byrjaði, hefur ekkert heyrzt um þessi mál, og við, sem viljum, að þingið standi við fyrri afstöðu sína, höfum því borið fram þessa fsp., og eftir svari hæstv. ráðh. fer, hvaða afstöðu maður tekur síðar til þessa máls, sem meiri hluti þm. hefur áður lýst stuðningi sínum við.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 1. þm. N-M., að þessi heimild var sett inn í lög nr. 44 frá 1946, en fyrrv. fjmrh. mun ekki hafa treyst sér til að nota hana, vegna þess að örðugt var að reikna út það, sem ætlazt var til. Þessi heimild til tollaeftirgjafar var og bundin við þá, sem fluttu inn hús á árinu 1946, og er næsta óviðfelldið, að þeir, sem fluttu inn fyrr eða síðar, fái ekki sömu eftirgjöf og menn séu þannig flokkaðir sundur. Þetta tvennt mun hafa verið tilefni til þess, að fyrirrennari minn hefur ekki notað þessa heimild. Tollstjóri hefur bréflega látið í ljós það álit, að fyrir þessari tollaívilnun sé ekki lagaheimild, sem verði framkvæmd, svo að samboðið sé Alþingi. Lagaheimild nær aðeins til þeirra, sem flytja inn hús árið 1946, en ef þeir einir fengju eftirgjöf, þá væri verið að mismuna mönnum á mjög óviðfelldinn hátt. Innflytjendur húsanna munu ekki geta lagt fram gögn um það, hve mikið efnið hefði kostað, og yrði þá, ef ætti að veita þeim tolleftirgjöf, að viðhafa slumpareikning, en það tel ég ekki gerlegt, enda gæti það og orðið til þess, að mönnum yrði mismunað. En hitt virðist mér, að þeir, sem fluttu inn sænsku húsin, fái þyngri toll en þeir, sem flytja inn óunnið byggingarefni, en þó hefur ráðuneytið nú ekki beitt tollahækkunum gagnvart þeim. Ég held því, að ef lausn á að fást í þessu máli, þá verði það að gerast með lagabreytingu, og tel tillögur tollstjóra, sem hann setur fram í bréfi frá 18. marz 1947, vera vel athugandi sem grundvöll fyrir þá menn, sem bera þetta mál sérstaklega fyrir brjósti. Ríkissjóður yrði samkvæmt till. tollstjóra að endurgreiða um 700—750 þús. kr. af tollinum, og tæpast getur fjmrh. gengið fram fyrir skjöldu um að rýra tekjur ríkissjóðs, þótt ég hins vegar viðurkenni, að þeir, sem flutt hafa inn tilbúin hús, hafa orðið fyrir of þungum tollamismun, og hafa margir, sem fluttu inn sænsku húsin, orðið fyrir vonbrigðum, því að þeir hafa þar búizt við hagkvæmari kaupum en raun hefur á orðið. Ég get svo látið staðar numið, að gefnum þessum upplýsingum, en lít svo á, að til tollaeftirgjafarinnar sé hvorki til framkvæmanleg né frambærileg heimild, og þarf því lagabreytingu til að leysa þetta mál.

Pétur Magnússon: Herra forseti. Út af því, sem fram hefur komið í þessum umr., vildi ég minna á það, að um það leyti, sem lög nr. 44 frá 1946 voru sett, sat n. á rökstólum, skipuð af fyrrv. hæstv. félmrh., og átti hún að gefa álit um það, hvort hún teldi æskilegt að flytja inn tilbúin hús. Um þetta voru allskiptar skoðanir, en það varð að samkomulagi milli mín og fyrrv. félmrh. og gefin samkvæmt því sú yfirlýsing, að ef heimildin um tollaívilnun væri sett inn í lögin, yrði hún því aðeins notuð, að n. léti í ljós það álit, að stuðla bæri að innflutningi tilbúinna húsa. Álit n. var á þá leið, að hún var mótfallin slíkum innflutningi, og í fullu samræmi við það var það, að ég neitaði um að eftirgefa tollinn. Ég held því, að það sé ekki rétt hjá hv. 1. þm. N-M., er hann telur innflytjendur húsa árið 1946 svikna um fyrirheit. Gerðir fjmrn. eru í fullu samræmi við það, sem kom fram hér á þingi, og vildi ég aðeins benda á þetta, að synjunin á tollaeftirgjöfinni er ekki í ósamræmi við það, sem gerðist hér á Alþ.

Fyrirspyrjandi (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það er ekki búið að prenta þingtíðindin frá síðasta þingi og því ekki hægt að vitna til þeirra, en ég fullyrði, að í umr. um frv. til l. um aðstoð við byggingarframkvæmdir kom ekkert annað fram hjá fyrrv. hæstv. fjmrh. en það, að hann sagði, að tvísýnt væri, hvað happasælt væri að flytja inn hús, og þyrfti að athuga það nánar, en enginn mælti á móti tollaívilnunum við þær umr.

Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans, svo langt sem þau náðu. Hann taldi heimildina bæði óframkvæmanlega og óframbærilega, — en því í ósköpunum voru þá með till. 30 hv. þm.? Þótt ekki sé hægt að reikna upp á eyri, mundi ekki hreyft andmælum af hálfu innflytjenda. Við getum kallað það slumpareikning, en það verður farið eins nærri og hægt er. Þeir, sem flytja inn hús, sem kosta 40000 kr., greiða af því um 11000 kr. í tolla, og þeir og tollstjóri telja, að þeir eigi að fá endurgreitt af því um 7—8 þús. kr. Heimildin er skýr, en hún nær aðeins til þeirra, sem flytja inn húsin 1946. Hvort á að láta aðra fá sömu kjör, verður að athuga, og mér skildist í fyrra, að ríkisstj. væri þá að athuga, hvort ekki væri hægt að láta eitt ganga yfir alla. Það orkar ekki tvímælis, að sá grundvöllur, er var til staðar, þegar tollalögin voru sett, er ekki lengur fyrir hendi. Nál. það, sem hv.

1. þm. Reykv. gat um, hefur aldrei verið gert heyrinkunnugt, og var það ekki tilbúið fyrr en eftir að húsin voru komin og það nokkru eftir. Þá fyrst kom þetta nál., en hefur svo verið geymt hjá ríkisstj. og aldrei verið prentað né niðurstaða þess gerð almenningi kunn, og gat það engu breytt í áður gerðum ákvörðunum Alþingis.

10. Opinberir starfsmenn.

Á 20. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar frá 5. október 1944 um undirbúning löggjafar um opinbera starfsmenn (A. 103).

Á 21. fundi í Sþ., s. d., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 19. nóv., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef borið fram fsp. um, hvað líði undirbúningi löggjafar um opinbera starfsmenn, sem Alþ. fól ríkisstj. að framkvæma með þál. 5. okt. 1944. Í þál. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um opinbera starfsmenn og leggja frv. um þetta efni fyrir Alþ., er það kemur saman næst."

Mér er ekki kunnugt um, að annar árangur hafi orðið af þessu enn sem komið er en reglugerð, sem gefin var út af fjmrn. 11. marz 1946 af knýjandi nauðsyn, vegna þess að lögin vantaði. Reglugerðin ákveður, að þeir, sem starfa í 1. flokki, skuli vinna 35½ klukkustund á viku, eða minna en sex stundir á dag. Í 2. flokki er vinnutíminn bundinn við 45 stundir, í 3. flokki við 36 stundir og í 4. flokki við 48 stundir á viku. Auk þess á að greiða með 50 og 100% álagi þá vinnu, sem unnin er fram yfir þetta. Grunnlaun fyrir slíka vinnu eru 3, 4 og 5 kr. á klukkustund, eftir því um hvaða flokk er að ræða. Það er sýnilega ætlazt til, að með vísitöluuppbót geti þetta orðið allt að 30 kr. á klst., sem greitt er fyrir yfirvinnu.

Þessi reglugerð hefur valdið ýmsum stofnunum ríkisins erfiðleikum, sem þær eru gersamlega að sligast undir, eins og t. d. póstur og sími, og aukið svo rekstrarútgjöld þeirra, að ekki er hægt að láta þær bera sig. Í öðru lagi hefur verið svo mikil óánægja meðal starfsmanna annarra stofnana, þar sem laun eru ákveðin samkvæmt launalögum, að vart hefur verið hægt að halda þeim við störf nema greiða þeim stórar fúlgur fyrir yfirvinnu.

Þetta ætti að vera nóg til þess að sýna, að óhjákvæmilegt er, að lög verði strax samþ. um þessi efni. Ég vildi heyra, hvað gert hefur verið, hvort vænta má, að frv. verði lagt fyrir þetta þing, hvort hæstv. stjórn hefur möguleika á að afnema reglugerðina eða breyta henni eða hvort hún ætlar að hafa hana eins og áður, þar til l. verða samþ. um þetta á Alþ.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Í forföllum hæstv. dómsmrh. tók ég að mér að svara fyrir hans hönd þessari fsp., eins og hún er á þskj. 103. Svarið hljóðar á þessa leið: „Með bréfi ráðuneytisins, dags. 6. jan. 1945, var Gunnari Thoroddsen falið að semja frv. um opinbera starfsmenn og þess óskað, að frv. bærist það tímanlega í hendur ráðuneytisins, að hægt væri að leggja það fram haustið 1945, en það hefur enn ekki borizt. Í sambandi við fsp. get ég upplýst það, að undanfarið hefur verið unnið að samningu frv., en vegna anna og skorts á gögnum hefur hann enn ekki getað lokið því. Hann vonast þó til að geta skilað því til ráðuneytisins um næstu mánaðamót".

Þetta er það, sem fyrir liggur frá hálfu hæstv. dómsmrh. í þessu máli. Viðvíkjandi reglugerð, sem hv. þm. Barð. minntist á í lok ræðu sinnar, þá vil ég ekki að svo komnu máli gefa ákveðið svar um það atriði. Ég tel heppilegt, að stjórnin og fjvn. eigi nokkrar viðræður um þetta. Ef ekki er hægt að fá vissu fyrir því, að fyrirhuguð löggjöf komist í kring á þessu þingi, þá er ég sammála hv. þm. Barð. um það, að reglugerð sú, sem hann minntist á, þurfi að athugast. Væri í sjálfu sér rétt, að stjórnin og fjvn. hefðu þar um samstarf.

Fyrirspyrjandi (Gísli Jónsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Ég vænti þess, að hæstv. stjórn sjái um, að frv. verði lagt fyrir þingið, þegar það er tilbúið um næstu mánaðamót, eins og hann upplýsti, að yrði. Fjvn. mun ræða við hæstv. ráðh. um reglugerðina, áður en gengið er frá næstu fjárlögum. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar.

11. Gistihúsbygging í Reykjavík.

Á deildafundum 10. des. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til samgöngumálaráðherra um undirbúning gistihúsbyggingar í Reykjavík (A. 171).

Á 30. fundi í Sþ., 11. des., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 17. des., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Á Alþingi, 16. apríl 1946, voru samþ. l. um gistihúsbyggingu í Reykjavík. Samkv. l. þessum er ríkissjóði heimilað að verja allt að fimm milljónum króna til byggingar gistihúss í Reykjavík, og jafnframt var ríkisstj. heimilað að reisa slíka byggingu í félagi við Reykjavíkurbæ, stofnanir og einstaklinga, sem kynnu að hafa áhuga fyrir málinu. Síðan mál þetta var afgreitt, hefur ekkert spurzt um afgreiðslu þess. Það er þó vitað, að hæstv. ríkisstj. hefur fengið erlenda sérfræðinga til að gera uppdrætti að þessari hótelbyggingu, en hvað langt þetta er komið, er ekki vitað. Vegna þessa hef ég leyft mér að gera hér fsp. til hæstv. ráðh.,

sem prentuð er á þskj. 171, hve langt sé komið öllum undirbúningi þessa máls og hversu mikið fé hafi verið greitt fyrir teikningu þessa húss. Um þetta óska ég að fá skýrslu.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. þm. N-Ísf. fyrir þann mikla áhuga, sem hann sýnir máli þessu, og mun ég skýra í stuttu máli frá því, sem gerzt hefur í undirbúningi gistihúsbyggingarinnar.

Skömmu eftir að l. þau, sem hér um ræðir, voru samþ. á Alþingi, eða nokkrum vikum síðar, náðist samkomulag milli Reykjavíkurbæjar, Eimskipafélags Íslands og ríkisstj. um, að þessir þrír aðilar skyldu hrinda máli þessu í framkvæmd sameiginlega. Það var og gert ráð fyrir því að hafa samstarf við aðra aðila, sem áhuga kynnu að hafa fyrir því að verða með í gistihúsbyggingu, en samkomulag náðist ekki, og á byrjunar- og undirbúningsstigi málsins voru það því þessir þrír aðilar, sem ég nefndi, sem höfðu forustuna um meðferð málsins, eins og l. gera ráð fyrir. Á fundi, sem þessir þrír aðilar höfðu fulltrúa á, var ákveðið að biðja sendiherra Íslands í Washington, herra Thor Thors, að útvega uppdrætti að gistihúsbyggingu, sem gæti talizt fullkomlega í samræmi við nútímakröfur, sem gerðar eru til slíkra bygginga. Sendiherrann tók beiðni okkar vel og sendi hingað heim skrá yfir helztu húsameistara, sem framarlega þóttu standa þar vestur frá í byggingu gistihúsa. Fyrir valinu varð svo maður að nafni Francis Kelly, sem er mjög frægur hótel-arkitekt í Bandaríkjunum. Hann hefur teiknað og séð um byggingar og fyrirkomulag allt á ótal hótelum í Bandaríkjunum. Þessi arkitekt kom svo hingað heim 1946 til að athuga hér alla aðstöðu. Var það álit allra, sem hér komu við sögu, að hann væri með afbrigðum hugkvæmur, og var dáðst að dugnaði hans. Hann var og mjög fljótur að setja sig inn í íslenzka staðhætti og skildi mjög fljótt, hver þörf okkar væri í þessum efnum. Hann valdi væntanlegri hótelbyggingu stað við Aðalstræti gegnt Austurstræti. Með þetta fyrir augum gerði hann nauðsynlegar mælingar og bráðabirgðauppdrætti að hóteli, sem byggt skyldi á þessum stað. Hann gerði ráð fyrir því að koma hingað til lands með uppdrætti sína í október eða nóvember 1946 og leggja þá fyrir ríkisstj. En um þetta leyti sátu fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík, Bjarni Benediktsson, og fyrrv. dómsmrh., Finnur Jónsson, fund hinna sameinuðu þjóða í New York. Fulltrúarnir íslenzku sáu uppdrætti þá, sem hinn ameríski húsameistari hafði gert, en þeim þótti sem slík bygging, sem þar var gert ráð fyrir, yrði ofviða okkur að stærð og kostnaði. Var þess vegna lagt til við arkitektinn, að hann gerði nýja teikningu, sem yrði ekki eins kostnaðarsöm í framkvæmdinni. Brást hann vel við því og lagði enn mikla vinnu í nýja teikningu. Kom hann hingað s. l. vor og bar hinar nýju till. sínar undir okkur. Þær teikningar eru hinar glæsilegustu, og fannst mönnum, að eðlilegast væri að byggja eftir því, sem þar var lagt til. En er þetta var krufið til mergjar, þá var kostnaður áætlaður 27—34 milljónir króna, og fannst öllum það ofviða. Grundvöllur þessarar teikningar var sem hér segir: Á fyrstu hæð hússins var gert ráð fyrir að hafa sölubúðir, sem var ætlað að bera uppi rekstrarkostnað byggingarinnar. Þeir menn, sem voru kvaddir til að athuga þessar till., en það voru m. a. skipulagsstjóri og vegamálastjóri, töldu stað þann við Aðalstræti, þar sem íhugað var að reisa þessa byggingu, varla geta staðið undir slíku stórhýsi sökum umferðarinnar og þrengsla þeirra, sem eru í þessum hluta bæjarins, og þótt búðir yrðu á neðstu hæð hússins, þá var það talið mikið efamál, hvort þær söpuðu þær tekjur, sem nauðsynlegar yrðu til að standa undir rekstri hússins og byggingarkostnaði. Var því málið tekið upp að nýju. Ameríski arkitektinn var á leið til Gautaborgar, þar sem hann var að undirbúa hótelbyggingu, og lofaði hann að koma hér við í bakaleið. Gerði hann það og tók hann þá til starfa, þar sem frá var horfið, og athugaði till. okkar að nýju. Varð það úr, að hann benti á nýjan stað við enda tjarnarinnar við horn Skothúsvegar og Tjarnargötu. Var þá og athugað að breyta hæð hússins, þannig að sölubúðir þær, sem gert var ráð fyrir á fyrri teikningunni, yrðu ekki á nýju teikningunni. Eftir nána athugun á öllum staðháttum gerði arkitektinn nýja teikningu, og barst bréf frá honum þann 29. október og síðar teikningar. Uppdrættirnir eru glæsilegir, og er gert ráð fyrir, að byggt sé hús, sem sé 30 þúsund m^3 að stærð með 96 hótelherbergjum. Þar af eru 37 herbergi ætluð fyrir einn mann og 59 fyrir tvo. Þeim, sem séð hafa þessa teikningu, lízt vel á þetta, en samkomulag hefur orðið um að láta arkitektinn ekki koma heim að svo stöddu. Fyrirkomulag allt og þægindi verða eins og nútíminn hefur það bezt á að skipa, og verð þessa húss er áætlað um 15 milljónir króna. Teikning sú, sem arkitektinn sendi, er bráðabirgðateikning og er send hingað heim í mörgum eintökum til athugunar. Fyrir teikningar sínar hefur ameríski arkitektinn fengið greiddar kr. 33.906,56, og hefur þessi kostnaður skipzt að jöfnu á milli ríkissjóðs, Reykjavíkurbæjar og Eimskipafélags Íslands.

Fleira held ég sé ekki að segja um málið að svo stöddu.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir skýrsluna, sem hann gaf. Það er rétt hjá honum, það er vegna þess, að ég hef áhuga fyrir þessu máli, að ég hef gert þessa fsp. Þó virtist svo sem hæstv. ráðh. væri fremur óánægður eða hálfönugur yfir þessum áhuga. (**Samgmrh.:** Síður en svo). Það var eins og hann vildi gefa í skyn, að aðrar hvatir en áhugi lægju til grundvallar fsp., en það skal ég ekki ræða nánar. Af skýrslu hæstv. ráðh. sést, að þetta mál stendur eins ömurlega eins og það hefur staðið. Hæstv. ríkisstj. og aðrir hafa fengið erlendan mann, að vísu færan til þess að vinna að teikningum, en þannig hefur til tekizt, að þessi maður hefur orðið að gera þrjár eða fjórar tillögur um málið samkvæmt upplýsingum hæstv. ráðh. Ég skal ekki leiða getur að því, hvernig á þessu stendur. Það er upplýst, að þetta er fær maður og hefur gert teikningar af tugum bygginga af þessari gerð. Það stafar því ekki af reynsluleysi, að svo margar teikningar hafa verið gerðar, heldur hlýtur málið að hafa verið illa undirbúið í hans hendur. Er fyrsta teikningin kemur, er áætlaður kostnaður miklu meiri, 27—35 millj. kr., en hæstv. stj. hafði dottið í hug. Þá verður að fela honum að teikna aðra á sama stað. Enn kemur í ljós, að ekki hentar sú niðurstaða, og þá er flutt um set og búðunum á neðstu hæð sleppt.

Ég dreg þá ályktun af þessu, að málið hafi verið illa undirbúið í hendur sérfræðingsins. Annað verður ekki séð. En það er önnur hlið á þessu máli, sem hv. þm. þekkja, og hún er sú, að hæstv. stjórn hefur með afskiptum sínum af málinu, sem efalaust voru í góðri meiningu gerð, hindrað einstaklinga, sem höfðu fé og voru reiðubúnir að leggja það fram og höfðu látið gera teikningar með viðráðanlegum kostnaði. Þeirra framkvæmdir stöðvuðust, er löggjöf var sett um málið. Að hæstv. stjórn hefur varið mörgum þúsundum dollara fyrir teikningar og stigið víxlspor, er ekki það alvarlegasta í þessu máli, heldur er hitt alvarlegast, að hæstv. stjórn hefur hindrað einstaklingsframtakið með þeim afleiðingum, að ekkert hefur verið gert. Það hefur verið óheppilega haldið á málinu, hverjir sem að því hafa staðið, en ég veit, að hæstv. ríkisstj. hefur haft alla forustuna, og það hefur drepið á dreif tilraunum einstaklinganna til þess að leysa þetta mál. Ég vænti, að það fáist upplýst, hvað hæstv. stjórn ætlar sér að gera, þegar teikningarnar koma.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég lét áðan í ljós þá skoðun mína, að hv. þm. N-Ísf. hefði hreyft þessu máli af áhuga fyrir framkvæmdum. Ég leyfi mér hér með að taka þetta aftur. Fsp. hv. þm. stafaði ekki af áhuga. Þrátt fyrir ljós svör frá minni hálfu voru andsvör hans útúrsnúningur, og hann sagði, að málið stæði jafnömurlega og áður, þótt gerðar hefðu verið þrjár eða fjórar teikningar. Ég get upplýst það, að arkitektinn gerði ráð fyrir því að þurfa að gera fimm til sex teikningar til þess að prófa sig áfram. Ekki veit ég, hver vaninn er hér í þessum efnum, en þeir telja það ekki eftir sér, sem meiri eru. Hv. þm. sagði, að málið mundi hafa verið lélega undirbúið. Það var ekki undirbúið á annan hátt en þann, að sagt var við arkitektinn: „Hér er bær með svona og svona mörgum íbúum, sem vantar hótel, sem kosta má 15—16 millj. kr., viljið þér gera tilraun?“ Ég vil taka það fram, að erfitt var að hafna þeirri tillögu, er frá honum kom, vegna þess, hve glæsileg hún var, þótt neyðzt væri til þess af fjárhagsástæðum. Ég sé ekki, að málinu sé ömurlega komið. Ummæli hv. þm. eru fremur tilraun í þá átt að gera það tortryggilegt. Hann andvarpaði líka í lokin, að ríkisvaldið hefði hér hindrað framkvæmdir einstaklinganna. En það er líka rangt. Ríkisvaldið hefur ekki hindrað framkvæmdir einstaklinganna í þessu máli. Þeim einstaklingum, sem hv. þm. nefndi, var boðið að taka þátt í þessu, og enn fremur var það boðið, að ríkisvaldið drægi sig til baka, en þeir vildu hvorugt. Ég hirði svo ekki um það að elta frekar ólar við aths. hv. þm., sem meira eru gerðar af vilja en mætti og til þess að gera málið tortryggilegt.

12. Áburðarverksmiðja.

Á 31. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt:

Fyrirspurn til atvinnumálaráðherra um undirbúning að byggingu áburðarverksmiðju (A. 211,1).

Alþt. 1947. D. (67. löggjafarþing).

Á 32. fundi í Sþ., 20. des., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 21. jan., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég flyt hér nokkrar fyrirspurnir á þskj. 211 ásamt hv. 1. þm. N-M. (PZ). Sú fyrsta er um áburðarverksmiðjuna.

Svo sem þm. muna, var hér á þingi 1944 rætt um áburðarverksmiðju og gert ráð fyrir framleiðslu köfnunarefnisáburðar og að hún gæti afkastað ca. 3000 smál. á ári. Það var miðað við það, sem landsmenn notuðu þá, en nú er það svo, að þótt landsmenn hafi ekki notað nema 3—4 þús. tonn, þá er áburðarþörfin miklu meiri, en út í það skal ég ekki fara. Ég ætla heldur að reyna að geta um það, hvað hefur gerzt síðan. Málið var mikið rætt á þingi, og höfðu menn ýmsar skoðanir um það. Því var síðan vísað til nýbyggingarráðs. Nýbyggingarráð réð síðan sérfróðan mann til að fara utan og kynna sér slíkar verksmiðjur víða um lönd og afla sér vitneskju um það, hvort heppilegt væri að byggja verksmiðjuna eins og gert hafði verið ráð fyrir. Þessi sérfræðingur er nú kominn heim og hefur gefið skýrslu um störf sín. Eftir því, sem fram hefur komið, virðist ekki ráðlegt að byggja verksmiðjuna eins og ráð hafði verið fyrir gert. Þessi verkfræðingur mun hafa lagt til, að verksmiðjan yrði stærri og með öðru sniði til þess að hún næði tilgangi sínum. Nýbyggingarráð skipaði n. í málið. Sú n. hefur nú setið í tvö ár. Hæstv. núverandi landbrh. er formaður hennar og veit því hvað n. hefur gert. Ég efast ekki um, að n. hafi gert sér grein fyrir því, hvort rétt sé að byggja hér verksmiðju og hvernig verksmiðja okkur hentar o. s. frv. Það er rétt, að menn hugleiði, hvernig áburðarþörfin verður. Undanfarið hafa bændur ekki fengið nema helming af þeim áburði, sem þeir hafa viljað kaupa, en verðið fer alltaf hækkandi. Það, sem bændur spyrja um, er ekki, hvort áburðurinn sé framleiddur í landinu eða erlendis, þeir spyrja um, hvort þeir geti fengið hann og fyrir hvaða verð. Það er spurning, hvort það borgar sig að vinna áburðinn innanlands eða eyða milljónum króna í kaup á tilbúnum áburði.

Ég vænti þess, að hæstv. landbrh., formaður n., sem starfað hefur í 2 ár, geti gefið þinginu skýrslu um þetta mál. Er rétt að byggja hér verksmiðju eða flytja inn erlendan áburð?

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. hafi áhuga fyrir þessu, en býst við, að ef n. teldi ráðlegt að byggja þessa verksmiðju, hefði þessi ráðh. lagt fram frv. um það hér á Alþingi. Það hefur þessi ráðh. ekki gert, og er því ástæða til að ætla, að n. telji framkvæmd vafasama. Ég vil ekki vera með getsakir um þetta, þar sem hæstv. landbrh. mun nú gefa nauðsynlegar upplýsingar.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég skal segja í fáum, stórum dráttum frá því, sem mér er kunnugt um, að gert hafi verið í þessu máli í sambandi við þá nefndarskipun, sem nýbyggingarráð gerði.

Það var í janúarmánuði 1946, að nýbyggingarráð

skipaði n. manna til þess að athuga möguleika á undirbúningi frv., ef til kæmi, um byggingu áburðarverksmiðju, og voru í þeirri n. 3 efnafræðingar, Björn Jóhannesson, sem var formaður n., en ekki ég, Ásgeir Þorsteinsson, sem starfar í rannsóknaráði ríkisins, og sömuleiðis Trausti Ólafsson. Ég fór í þessa n. af hálfu Búnaðarfélags Íslands. N. vann um sumarið og skilaði áliti í nóv. 1946. Var hún þá búin að gera þær athuganir á málinu, sem hún taldi unnt að gera á þeim tíma, og búin að safna þeim upplýsingum, sem þá var unnt að safna, til þess að stjórnarvöldin gætu gert sér grein fyrir, hvort hægt væri að reisa hér verksmiðju og semja um það frv. eða löggjöf. N. gekk út frá verksmiðju, sem framleiddi 2500 tonn af köfnunarefni, sem yrði 7700 tonn af ammoniumnitrati.

Það var byrjað á athugun á raforku, og þá kom í ljós, að nægileg frumorka (þ. e. orka, sem er handbær allan sólarhringinn) verður ekki fáanleg, fyrr en að lokinni næstu Sogsvirkjun, en það verður ekki fyrr en eftir 1950. Umframorka (þ. e. orka, sem rafveitan hefur aflögu á öðrum tímum en þeim, sem álagið er mest) verður heldur ekki fáanleg, fyrr en að lokinni nefndri virkjun. Niðurstaðan er því sú, að ekki sé hægt að fá nægilega orku til verksmiðjunnar, og munar vitanlega miklu, hvort um umframorku eða frumorku er að ræða. Þetta leiddi til þess, að niðurstaða n. varð sú, að eini staðurinn, sem til greina gæti komið með tilliti til orkunnar, væri hér sunnanlands, eftir að lokið er næstu virkjun Sogsins. N. athugaði fleiri möguleika, en niðurstaðan varð sem sagt þessi.

Með því að nota fáanlega umframorku frá Sogsstöðinni eftir stækkun þá, sem ráðgerð er næst, má ætla samkvæmt fengnum upplýsingum, að árlegur rekstrarkostnaður áburðarverksmiðju, sem framleiðir á ári 7700 tonn af ammóníumnitrati, yrði um kr. 350000,00 minni en með því að nota orku jafnt allan sólarhringinn eftir stækkunina. Af þessari ástæðu taldi n. einsýnt, að koma yrði verksmiðjunni upp hér eftir stækkunina.

Vegna dreifingarinnar gerði n. sér grein fyrir því, hvort réttara væri að hafa verksmiðjuna hér eða í nánd við Akureyri, og varð niðurstaðan sú, að dreifingarkostnaður yrði um 100 þús. kr. lægri frá verksmiðju við Reykjavík en frá verksmiðju við Akureyri.

N. áætlaði, að stofnkostnaður verksmiðju af þessari stærð yrði 17.5 millj. kr. Um áburðarverðið kæmu þá þrír möguleikar til greina. 1. að tekið yrði lán með 4% vöxtum, 2. að tekið yrði lán með 2½% vöxtum, 3. að ríkið lánaði stofnféð, sem væri framlag frá því að meira eða minna leyti. Verðið á áburðinum yrði sem sé undir því komið, hver leiðin yrði valin. Ef gert er ráð fyrir 4%, þá sýnir það sig, að áburðarverðið er allmiklu óhagstæðara en frá Kanada. Ef reiknað er með 2½%, yrði það einnig óhagstætt, en legði ríkið fram stofnkostnaðinn, mundi ekki muna miklu, en þó yrði áburðurinn nokkru ódýrari en hann er nú frá Noregi.

Eins og ég sagði, skilaði n. af sér þessum athugunum til nýbyggingarráðs í nóv. 1946. Svo á síðasta sumri var þetta mál rætt í ríkisstj. og ákveðið að taka það upp aftur og endurskoða þessa áætlun með tilliti til verðbreytinga, sem hafa orðið bæði innanlands og utan, og flytja frv. um málið hér á þingi. S. l. haust fól ég Birni Jóhannessyni, sem verið hafði formaður n., að endurskoða útreikningana og undirbúa drög til þess, að hægt yrði að leggja frv. fyrir þingið. Þetta starf hefur hann haft með höndum, en það var seinlegt fyrir hann, því að hann þurfti að umreikna marga liði. Auk þess fól ég honum að gera áætlun um stærri verksmiðju, því að það er vitanlegt, að því stærri sem verksmiðjan er, því ódýrari verður hún og rekstrarkostnaður því minni, þannig að ef við gætum búizt við að reka verksmiðju þrefalt stærri en hér er talað um, þá værum við ekki aðeins samkeppnisfærir innanlands, heldur gæti komið til mála, að við gætum flutt út, en til þess þarf ekki aðeins stórkostlega miklu meira stofnfé, heldur líka orkuver, sem ekki eru líkur til, að við gætum komið okkur upp.

En það er annað, sem hefur gert það, að málið hefur tafizt í meðferðinni — og þá er ég kominn að nýju atriði.

Rannsóknaráð ríkisins — og sérstaklega Ásgeir Þorsteinsson, sem hefur mikinn áhuga á þessu máli — hefur haldið áfram rannsóknum á framleiðslu köfnunarefnisáburðar. Hefur Ásgeir Þorsteinsson vakið athygli stj. á því, að nú fer framleiðsla köfnunarefnisáburðar fram með öðru lagi en verið hefur fram til þessa, þannig að köfnunarefnisáburðurinn er aðeins hálfunninn við það, sem áður var, og fleygir þeirri framleiðslu svo fram, að á yfirstandandi ári er reiknað með, að framleiðsla fljótandi köfnunarefnisáburðar verði 37% af allri framleiðslu Bandaríkjanna af köfnunarefni til áburðar.

Hann segir: „Þær athuganir, sem rannsóknaráð hefur framkvæmt undanfarið, hafa leitt í ljós, að vel gæti komið til mála að hafa á máli þessu allt annan hátt en gert hefur verið ráð fyrir, að hafður yrði, til þessa. Í stuttu máli virðast vera góðir möguleikar til þess að staðnæmast við framleiðslu ammoníaks og einbeina sér að framleiðslu fljótandi áburðarefna yfirleitt í stað fastra efna. Hyrfi þá úr sögunni allur vélakostur, húsakostur og að heita má öll sú vinna, sem fólgin er í því að umbreyta ammoníaki í nitrat og framleiða fast, rakavarið og geymsluhæft ammoniumnitrat, sem í raun*inni hefur engin sérstök efnagæði í sér fólgin* til jarðvegsbætis umfram ammoníakið.“ Þ. e. að í stað þess að binda áburðinn í fast efni með þeim æma kostnaði, sem því fylgir, yrði hann tekinn fljótandi og borinn á eins og fóraráburður, og er talið, að það sé á margan hátt miklu hagkvæmara og ódýrara, þar sem verksmiðjurnar liggja tiltölulega nærri því landi, þar sem áburðurinn er notaður, þó að hann sé ófær til að flytja hann á milli landa. En kosturinn við þessa aðferð er sá, að hægt er að komast af með ódýrar verksmiðjur og að hægt er að reka litlar verksmiðjur. Það þarf minni vélar og minni vinnukraft, og þar sem vinnuaflið er jafndýrt og hér hjá okkur, mundi það muna miklu.

Nú þótti mér rétt að taka þessar upplýsingar til meðferðar, og hef ég fengið Ásgeir Þorsteinsson til þess með Birni Jóhannessyni. Vænti ég þess, þótt þetta hafi tafizt svona, að hægt verði að leggja frv. fyrir þingið bráðum og taka þar ákvörðun um þetta mál. En í sambandi við þetta hef ég falið dr. Birni Jóhannessyni að gera rannsóknir og tilraunir með dreifingu þessa áburðar til þess að hafa nokkuð á að byggja. Auk þess mun ég beita mér fyrir því, að hann fari utan í sumar til þess að kynna sér þetta mál. Í sambandi við þetta

mál hefur það komið til tals milli mín og þessa sérfræðings, að unnt megi verða að blanda fosforefni og kalí á ódýrari hátt en nú er. Er það til athugunar hjá þessum mönnum, og telja þeir, að hægt sé að koma upp á næstu árum verksmiðju, sem framleiði alhliða áburð, bæði fosforsúrt kalí og köfnunarefni.

Það eru mörg rannsóknarefnin í þessu sambandi, t. d. það, hvernig hægt sé að koma áburðinum út á meðal bænda, og mundi sennilega heppilegast að nota tankasystem. Eru líkur til, að það yrði ekki dýrara en sú dreifing, sem við þekkjum nú.

Ég tel ekki þörf að ræða þetta nánar. Ég vildi aðeins láta hæstv. Alþingi vita, hvernig þetta mál er statt. Vænti ég þess, að áður en þingi lýkur, geti það legið fyrir með fyllri upplýsingum en ég hef gefið nú.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þessa ýtarlegu skýrslu, sem hann hefur gefið.

Mér skilst af því, sem fram kom í skýrslu hæstv. ráðh., að það sé ýmislegt, sem bendi til þess, að fært verði að ráðast í byggingu áburðarverksmiðju hér með góðum árangri. En þetta er það umfangsmikið og dýrt, að sjálfsagt er að ráðast ekki í það, nema allt verði tekið til greina, sem þarf í þessu sambandi. Þegar byggt er fyrir tugi milljóna, þarf að gera sér fulla grein fyrir því, að verksmiðjan þarf að framleiða alhliða áburð, því að landsmenn geta ekki orðið sjálfum sér nógir, ef þeir eiga aðeins verksmiðju, sem framleiðir eina tegund áburðar.

Það er vitanlega leiðinlegt að vita það, að við þurfum samt að bíða, þangað til Sogsvirkjunin nýja er komin í framkvæmd, en það verður, eftir því sem ég bezt veit, ekki fyrr en árið 1951 í fyrsta lagi, og er óvíst, að henni verði lokið þá. Þá eru það enn 3—4 ár, sem bændur verða að bíða eftir að fá nægilegan áburð, en eins og ég sagði, er betra að bíða og verja tímanum í rannsóknir og undirbúning. Mér skilst, eftir því sem fram er komið af reynslu og rannsóknum undanfarinna ára, að við megum vera þakklátir fyrir að hafa ekki byrjað verksmiðjubygginguna 1944, þar sem rannsóknir hafa leitt í ljós, að verksmiðja með því sniði, sem þá var hugsað, hefði ekki reynzt vel eða fullnægt áburðarþörf landsmanna.

Ég tel mikilsvert, að þetta mál skuli vera lifandi og í undirbúningi, og vænti ég því, að úr framkvæmdum megi verða, þegar heppilegt þykir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í tilefni af hinum mjög merkilegu upplýsingum hæstv. atvmrh. um, að það gæti komið til mála, að notað yrði fljótandi efni til áburðar í staðinn fyrir fast efni, vildi ég benda á það, að þegar hafa verið gerðar af útgerðarmönnum tilraunir með að nota límvatn, að vísu í smáum stíl, en með þeim árangri, að ef límvatn er tekið og blandað 2 hlutum af vatni og 1 af lími, þá fæst betri spretta af þeirri jörð, þar sem slíkur áburður er notaður, heldur en þótt notað sé venjulegt fast efni. Komi það því til greina að breyta þessu þannig að taka fljótandi efni á þann hátt, sem hæstv. ráðh. talaði um, vildi ég beina því til hæstv. ráðh., hvort ekki væri sérstök ástæða til að láta efnafræðinga háskólans rannsaka þetta mál, því að sannarlega eru ekki lítils virði öll þau tonn af fitu, sem renna frá íslenzkum verksmiðjum til sjávar og þannig mætti nota og spara þar með svo og svo mikinn hluta af þeirri vinnslu, sem hér er um rætt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. landbrh., hvað n. hefur reiknað með mikilli rafmagnsþörf í sambandi við áburðarverksmiðjuna, því að það er vitanlegt, eins og hæstv. ráðh. gat um í sinni ræðu, að það er fyrst og fremst undir rafmagninu komið, hvernig þetta gengur, og þess vegna verður það aðalspursmálið, auk vaxtanna, að geta rekið verksmiðjuna í nægilega stórum stíl. Ég er hræddur um, að einmitt rafmagnsþörfin hér heima og rafmagnsskorturinn komi til með að standa einna mest í vegi fyrir slíkri stóriðju eins og þessari. Það dugir ekki eins og undanfarið að láta þennan rafmagnsskort standa í vegi fyrir þróun stóriðnaðar á Íslandi. Það er talað hér um, að verksmiðjan verði ekki tilbúin fyrr en 1950—1951. Ég get satt að segja ekki séð, að þetta þurfi að taka svo langan tíma, og fæ lítt skilið, hvernig á því stendur, að ekki er unnið skarpar að því að undirbúa að koma þessu upp, og ég vil beina þeirri fsp. til hæstv. atvmrh., hvort ríkið hefur ekki að sínu leyti samið við Reykjavíkurbæ um nýju Sogsvirkjunina, þannig að ekkert sé því til trafala að flýta fyrir þessu eins og hægt er.

Ég er enn fremur hræddur um, að það hafi verið vanrækt að hugsa um að fá nauðsynlegar vélar til raforkuframleiðslunnar. Það er vitanlegt, að það þarf forsjálni um það að gera samninga um þær stóru vélar, sem til þess þarf, en ég álít, að það sé hægt að tryggja slíkar vélar 1949—1950, ef undinn hefði verið að því bráður bugur. Mér skilst, að innlendri vinnu við Sogsvirkjunina ætti að geta verið lokið á sama tíma og hægt væri að fá vélarnar, ef þær væru útvegaðar með svona fyrirvara. Fyrir alla íslenzka framleiðendur, ekki sízt hér í Reykjavík, þýðir það verulega mikið, hvort þetta fyrirtæki, Sogsvirkjunin, kemst upp 1949—1950, og hvað áburðarverksmiðjuna snertir, þá er engin ástæða til annars en að ganga út frá því, að hún geti verið tilbúin á sama tíma og Sogsvirkjunin, og það mundi verða talsvert tap að láta líða tíma þarna á milli og láta Sogsvirkjunina bíða eftir þeim markaði, sem áburðarverksmiðjan yrði fyrir hana. Vélar til áburðarverksmiðjunnar mun því ekki veita af að panta sem fyrst vegna þess langa tíma, sem það tekur að fá vélar afhentar. Hins vegar, ef áburðarframleiðslan ætti að verða mjög stórfelld, þá er ég hræddur um, að rafmagnið frá nýju Sogsstöðinni verði tiltölulega fljótara að étast upp en menn reikna með, og veitti því ekki af að fara þegar að hugsa um stærri rafmagnsframleiðslu í landinu en nú hefur verið gert.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Í sambandi við aths. og upplýsingar hv. þm. Barð. skal ég geta þess, að ég mun taka það til athugunar, sem hann benti á, í sambandi við atvinnudeild háskólans.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði um það, hversu miklu rafmagni hefði verið reiknað með fyrir þessa verksmiðju. Það eru 7000 kw., sem gert er ráð fyrir, að hún muni nota. Í sambandi við fsp. hans um það, hvort samkomulag væri milli Reykjavíkurbæj-

ar og ríkisins um virkjun Sogsfossanna, get ég getið þess, að það hafa farið þar fram samræður milli þessara aðila, og er fullt útlit fyrir, að fullkomið samkomulag náist um áframhaldandi virkjun. Það er aðeins eftir að ganga frá samningum í einstökum atriðum, og verður það gert næstu daga. Sömuleiðis er samkomulag um það milli mín og bæjarstjórnar Reykjavíkur og rafmagnsstjóra Reykjavíkurbæjar, að þeir, sem hafa haft undirbúning þessa máls með höndum, skuli ekki bíða eftir því, að fullkomið samkomulag verði gert milli ríkisins og Reykjavíkurbæjar um undirbúning málsins, heldur skuli þeir vinna að verkinu alveg eins og samkomulag hefði náðst, hvort sem það næst eða ekki, vegna þess að framkvæmdarinnar er þörf, þannig að ég held, að þessi dráttur, sem orðið hefur á að ríki og bær hafi gert fullnaðarsamninga, hafi ekki þurft að tefja fyrir pöntun á vélum og öðrum nauðsynlegum undirbúningi, sem unnt hefur verið að leysa af hendi. Það er rétt, að það tekur mörg ár að fá vélar til stærri framkvæmda og fyrirtækja eins og þessa, og af þeim ástæðum hafði ég kosið, að þetta mál kæmist fyrir þingið, til þess að heimild fengist til að gera ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, panta vélar og annað þess háttar, þó að sýnilegt sé, að slíkri verksmiðju yrði ekki af tekniskum ástæðum komið upp fyrr en um sama leyti og Sogsvirkjuninni, vegna þess að skortur er á rafmagni, sem á að reka verksmiðjuna með. En ef Alþ. féllist á það, þá vildi ég gjarnan, að þessu yrði hagað þannig, að áburðarverksmiðjan yrði tilbúin um það leyti, sem Sogsvirkjunin nýja getur tekið til starfa.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar. Hann telur, að það muni þurfa 7000 kw. til áburðarverksmiðjunnar, en nú hefur hæstv. ráðh. falið n. að athuga að stækka verksmiðjuna þrefalt, og yrði þá tæplega undir 20000 kw., sem áburðarverksmiðjan þyrfti af rafmagni, sem yrði tekið frá Sogsvirkjuninni, svo að það er hlutur, sem þarf að athuga, og býst ég þá við, að það sýni sig fljótlega, að rafmagnsframleiðslan er undirstaða undir öllu þessu.

Viðvíkjandi vélaspursmálinu þá hef ég áður vakið athygli á því, hvað þessi dráttur er óskyggilegur með vélarnar. Það er vitað, að víða á landinu standa nú verksmiðjur, sem búið er að byggja, en vélarnar vantar, og útgerðin hefur sums staðar ekki getað gengið vegna þess, að það vantar vélar, og fiskimjölsverksmiðjur hafa ekki getað tekið til starfa, vegna þess að dieselvélar eru ekki komnar enn. Ég álít, að það hefði átt að vera búið að gera ráðstafanir til þess að tryggja þetta, þar sem nægur gjaldeyrir hefur verið til. Ég veit t. d., að eitt það land, sem stendur bezt að vígi um að framleiða vélar í einstakar verksmiðjur, Tékkóslóvakía, — ég veit, að Íslendingar áttu 7 millj. kr. hjá því ríki í fyrra, og það munu hafa verið möguleikar til þess að semja þá við viðkomandi yfirvöld í því landi og tryggja yfirfærslu á öllum þessum vélum með 2 ára afhendingarfresti. Við höfum sem sé átt peninga þarna inni og gætum á þennan hátt nýtt okkar inneignir mjög skynsamlega. En ég er mjög hræddur um, að það sé ekki enn þá farið að vinna að því að tryggja vélapantanir, hvorki viðvíkjandi Sogsvirkjuninni né Laxárvirkjuninni, og því síður viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni. Ég held þess vegna, að í sambandi við þessi mál þurfum við að fá mun betri upplýsingar en hingað til um það, hvernig framkvæmdum miðar. Það er lagt það vald í hendur okkar embættismönnum, sem eiga að sjá um innkaup á þessum hlutum til landsins, að heilir, stórir atvinnuvegir eiga stundum allt undir því, og ég er hræddur um, að ýmsum þessum mönnum sé ekki ljóst — eða Alþ. og ríkisstj. geri sér ekki fullkomlega ljóst, hvað þarna liggur á: að hinir praktisku hlutir séu ekki langt á eftir. Skortur á forsjálni getur þess vegna orðið svo mikill, að nauðsynlegt sé að gefa betri gaum að því en verið hefur að tryggja slíkar verzlunarlegar framkvæmdir í tíma. Annars væri gott að fá upplýsingar frá hæstv. ráðh. í sambandi við þessa nýju aðferð viðvíkjandi því, hvað sérfræðingar álíta um raforkuþörfina.

13. Endurbygging sveitabýla.

Á 31. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um framlag ríkissjóðs til endurbyggingar sveitabýla (A. 211,2).

Á 32. fundi í Sþ., 20. des., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 21. jan., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þegar l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum voru sett, breyttist verulega viðhorf þeirra bænda, sem þurftu að byggja og bæta jarðir sínar — breyttist á þann hátt, að þeim var með l. gefið fyrirheit um það að geta fengið verulega hærri lán en áður með lægri vöxtum. Til þess að þessi l. kæmu að gagni, var gert ráð fyrir, að sá sjóður, sem bændur gætu fengið lán úr, byggingarsjóður, yrði efldur verulega, og í 12. gr. l. er svo ákveðið, að það, sem vantar til, að stofnfé Búnaðarbankans eða deilda hans væri 10 millj. 1. júlí 1947, skuli ríkissjóður greiða eða útvega að láni vaxtalaust.

Þegar þessi l. voru gengin í gildi, þá byggðu bændur á þeim bjartar vonir um það, að þeir mundu fá nóg lán, og réðust í endurbyggingar á jörðum sínum, svo að það hefur líklega ekki á einu ári verið byggt öllu meira en á árinu 1947. En bændur hafa orðið fyrir sárum vonbrigðum, því að það hefur verið talið lýti á einstökum mönnum að standa ekki við loforð og hlýða ekki l., en það lítur út fyrir, að sjálf ríkisstj. Íslands láti sér sæma að hlýða ekki l., því að afleiðingin af því, að ekki hefur verið greitt það framlag, sem átti að greiða samkvæmt 12. gr. byggingarsjóðslaganna, hefur orðið sú, að það hefur orðið að neita bændum um lán eða skera niður lán úr 75% niður í helming eða ekki það, vegna þess að sjóðsstjórnin hefur verið að reyna að koma á móti

mönnum og miðla því litla, sem hún hefur, milli fjöldans, svo að allir fengju eitthvað, og hefur þó ekki einu sinni getað það. Mér er kunnugt um það, að þótt nú sé komið árið 1948, þá er ekki enn búið að greiða stofnféð, er greiða átti 1. júní 1947, og nú spyr ég hæstv. ríkisstj.: Hvað lengi á þetta að ganga? Það er komið það ástand, að ekki er hægt að veita þessi lán. Býli, sem áttu að fá þau í haust, eru ekki farin að fá þau enn. Það er fjöldi manna búinn að taka byrjunina af sínu láni, en hafa ekki fengið neina viðbót, og mér finnst hart, að ríkisstj. skuli ganga á undan öðrum í landinu með það að hlýða ekki landslögum, því „hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það."

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég veit ekki, hvort þessari fsp. er beint til atvmrh. eða fjmrh., eða ef til vill til okkar beggja. Hins vegar munum við báðir svara því, sem við álítum hér við eiga.

Ég skal geta þess, að fsp. sjálf á þskj. 211 er ekki rétt stíluð. Þar stendur: „Hver er orsök þess, að ekki hefur verið greitt til Búnaðarbankans lögboðið framlag" o. s. frv. Hér er ekki um framlag að ræða, heldur lánsútvegun. Samkvæmt þessum sérstöku l. er um tvenn framlög að ræða, þ. e. samkv. 4. gr. framlag til landnáms, 2,5 millj. kr. á ári næstu 10 ár, og samkv. 13. gr. framlag til byggingarsjóðs, sem nemur 2,5 millj. kr. í 10 ár, m. ö. o. 5 millj. kr. á ári. Bæði þessi framlög hafa verið greidd á árinu, eins og l. standa til, greidd með jöfnum greiðslum mánaðarlega frá byrjun árs til enda. Hitt er annað mál, að ekki hefur enn þá tekizt að útvega sjóðnum það lán, sem hér um ræðir, og er það ekki af því, að ríkisstj. hafi ekki haft viðburði til þeirra hluta. Ég hef iðulega og ýtarlega rætt um þetta við hæstv. fjmrh. og veit, að hann hefur fullan vilja og skilning á að leysa þetta mál. En það eru til hlutir, einir og aðrir, sem eru óleysanlegir. Það er t. d. löggjöf, heimildir og allt að því skylda sums staðar, sem undanfarin ár hefur verið lögð á ríkisstj. um að útvega lán — milljónatuga og hundruð milljóna — bæði lán og ábyrgðir, sem lána á samkv. l. í framkvæmdir. En það hefur sýnt sig, að það er komið þannig fjármálum þessarar þjóðar, bæði banka, einstakra sjóða og ríkisins sjálfs, að það getur engin ríkisstj. útvegað öll þessi lán. Það má alltaf deila um það, hvort meiri áherzlu eigi að leggja á þessa lánsútvegun eða aðra, og ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé eitt af þeim lánum, sem mesta nauðsyn beri til að útvega. En ef málið liggur þannig fyrir, og um það getur hæstv. fjmrh. upplýst, að ríkisstj. telur ómögulegt að útvega lán, þá verður þingið sjálft að hjálpa til að leysa þetta mál. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég legg mjög mikla áherzlu á, að þetta mál verði leyst, og ég hygg, að eins sé um hæstv. fjmrh., og við munum halda áfram, eins og við höfum gert þetta ár, að reyna að leysa þetta mál, þangað til það annaðhvort tekst eða við gefumst upp við það. En það er ekki hægt að dæma, hvorki ríkisstj. né aðra, til þess að gera þá hluti, sem eru óframkvæmanlegir, og það er alveg efalaust, að það eru svo miklar kvaðir og skyldur lagðar á herðar ríkisstj. um að útvega lán til hins og annars, að það er óhætt að segja, að það er óframkvæmanlegt að útvega öll þau lán. Hins vegar, eins og ég sagði áðan, þá legg ég mikla áherzlu á það, að lánið geti orðið útvegað, og mun, meðan ég er í ríkisstj., gera það, sem mér er unnt, til þess að það megi verða.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hef flutt þessa fsp. ásamt hv. 1. þm. N-M. og vil taka í sama streng og hann og leggja áherzlu á það, að þetta fé hefur ekki enn tekizt að útvega Búnaðarbanka Íslands, en samkv. 12. gr. laganna á það að vera gert. Hæstv. atvmrh. talaði um, að fsp. væri tæplega rétt orðuð, þar sem talað væri um framlag, en hér væri um lán að ræða, og það væri ekki spurt um þessi framlög, sem hefðu verið greidd, 2,5 millj. vegna landnáms og 2,5 millj. til byggingarsjóðs. En það vantar til byggingarsjóðs samkv. 12. gr., þar sem segir:

„Stofnfé sjóðsins er:

a. Byggingarsjóður, nýbýlasjóður og smábýladeild Búnaðarbanka Íslands, eins og þessar stofnanir eru nú.
b. Lán, er ríkissjóður veitir eða útvegar vaxtalaust, þannig að stofnféð nemi alls 10 millj. kr. 1. júlí 1947, en síðan leggist árlegur tekjuafgangur sjóðsins við stofnféð."

Og það, sem vantar til þess að stofnfé sjóðsins sé 10 millj., það er, eins og segir í fsp., tæpar 5 millj. kr.

Nú er það, eins og hv. 1. þm. N-M. tók fram, að menn hafa reitt sig ákaflega mikið á þessi l. og byrjað byggingarframkvæmdir í von um að fá lán samkvæmt þessum l., sem eru mjög góð og vaxtavæg, en hafa svo ekki, af því að stofnfé sjóðsins er ekki enn orðið nálægt því eins mikið og til var ætlazt, getað fengið þessi lán, sem þeir gerðu sér vonir um, og þess vegna eru margir menn, sem byrjuðu þessar byggingar, eftir að þessi l. voru samþ., í hreinustu vandræðum, af því að þeir fá ekki lán. Það er þess vegna ekki að ófyrirsynju, þó að spurt sé um það, hvers vegna ríkisstj. hafi ekki útvegað þetta lánsfé til byggingarsjóðs. Hæstv. atvmrh. segir, að þetta hafi ekki verið hægt fram að þessu. Ég skal ekkert rengja það, að það hafi verið örðugleikum bundið. Hæstv. ráðh. segir líka, að þar sem ríkisstj. telji vafasamt, að hún geti leyst þetta mál, þá sé það þingsins að hjálpa til með útvegun á þessu lánsfé. Ég býst við því, að það sé þingsins að hjálpa, þegar stjórnin er í vandræðum með útvegun fjár, en stjórnin hefur ekki enn þá leitað til þingsins í því skyni að fá hjálp til útvegunar á þessu fé. Það er ekki fyrr en þessi fsp. kemur fram, sem ríkisstj. gerir þá játningu, að hún hafi ekki getað útvegað þetta fé. — Ég held, að það verði ekki fram hjá því komizt að útvega þetta fé. Bændur hafa ekki búizt við því, að l., sem Alþ. samþykkti, væru aðeins „blöff", heldur hafa þeir reitt sig á og byggt á því, sem Alþ. hefur gert í þessum efnum. Og það verður að leysa þetta mál þannig, að l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum verði ekki pappírsskraut, heldur komi að þeim notum, sem til er ætlazt.

Ef hæstv. ríkisstj. þarf að leita til þingsins til að útvega fé, þá geri ég ráð fyrir því, að stuðningsmenn hennar leitist við að verða henni aðstoð í þessum efnum, þannig að hægt sé að uppfylla þær kröfur, sem l. ákveða, því að það er ekki langt síðan þessi l. voru staðfest, þau eru síðan 15. apríl 1946. Þeir, sem stóðu að því að samþykkja þessi l.,

munu einnig standa á verði um það, að fé verði útvegað til byggingarsjóðsins. Ég efast ekki um það, að hæstv. ríkisstj. hafi nú ráð í hendi sér til þess að útvega þetta fé, og mér er kunnugt um það, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki enn notað einfaldar tekjuöflunarleiðir, sem fyrir hendi eru, til þess að ná inn milljónum króna. Meðan stjórnin gerir það ekki, þá á hún ekki að vera að berja sér framan í þm. um það, að hún sé með tóman kassann og geti ekki staðið við skuldbindingar samkv. lögum.

Fyrirspyrjandi (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég skal ekki deila um það, hvort rétt er að kalla það fé, sem ríkissjóði ber að útvega, framlag eða lán. En það fé, sem vantar til þess að stofnlánasjóðurinn nái tilskilinni upphæð, á ríkissjóður að leggja fram eða útvega að láni og þá vaxtalaust, og skiptir ekki máli í mínum augum, hvort það er kallað lán eða framlag. Við skulum nú líta á málið.

Þessi l. voru samþ. 1946. Síðan voru samin fjárl. fyrir 1947. Og hvað skeður? Þessir ráðh. töldu ekki þörf á að taka það upp í fjárl., því að það væri lögboðið að greiða það og það yrði gert, þó að það stæði ekki í fjárlögum, þeir hefðu nóg ráð í hendi sinni til þess að útvega ríkissjóði lán eða leggja það beint fram úr ríkissjóði, og með því að taka upphæðina ekki á fjárlög, urðu þau fallegri á pappírnum. En upphæðin var ekki greidd. Nú liggja frammi önnur fjárl., og er ekki sjáanlegt, að þörf hafi þótt að taka upphæðina upp í þau heldur. Enn virðast hæstv. ráðherrar ætla að leysa þetta utan fjárlaga. Og vitanlega hefðu þeir getað verið búnir að því fyrir löngu, ef vilji hefði verið til staðar. En viljann hefur vantað. Er ekkert sölufé til, sem kom inn fyrir hin svo kölluðu aflausnarbréf skattsvikaranna? Hvar er það? En þó að ríkisstj. hafi ekki greitt þetta, þá hefur hún greitt stærri upphæðir án lagaheimildar og án þess að þær hafi verið teknar í fjárlög. **(Atvmrh.:** Hvað er það?) Hefði stjórnin leyfi til að taka víxla í landsbankanum til að greiða með báta, sem keyptir voru og kaupendur gátu ekki greitt að sínum hluta? En þetta var gert, og ég spyr, hvenær var gefin heimild til þess? Ég skal nefna fleiri dæmi, ef óskað er, um það, að stjórnin hafi án heimildar greitt upphæðir, sem hún vildi greiða, þó að hún hafi vanrækt að greiða þetta, sem henni þó bar að greiða eftir lögum.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef fáu að bæta, sem upplýsir málið, við það, sem þegar hefur verið sagt. Mér virðist hv. 1. þm. N-M. vera í einhverjum sérstökum „habít" til að byrja með, og því hef ég ekki neina löngun til að ræða við hann um þetta mál. Hann virðist frekar leggja áherzlu á að bera sakir á menn en að ræða nauðsyn málsins. Ríkisstj. hefur leyst af hendi, eins og tekið hefur verið fram, framlag í báða þessa sjóði. Í byggingarsjóð 2½ millj. kr. og ræktunarsjóð 2½ millj. kr. Ríkisstj. hefur að vísu ekki tekið það mál upp í fjárl., síðast þegar þau voru afgreidd, og ekki lagt til, að það væri tekið upp í þessi fjárl. En það er tækifæri til þess enn, ef hv. þm. N-M. vill og getur fengið Alþ. til þess að koma með tekjur á móti.

Ég veit það, að þau eru ekki fá þau lagaákvæði frá síðustu tímum, þar sem er líkt kveðið að orði um skyldur ríkisins til þess að útvega lán eða lána til ýmissa hluta, en þó ekki tekið upp í fjárl. Manni hefði nú fundizt, að það væri skyldast að reyna að standa við að greiða það, sem í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir. Þetta, sem hv. þm. segir um, að ríkisstj. hafi greitt út mikið fé, sem þingið hafi ekki heimilað, því vísa ég frá mér og þeirri stjórn, sem nú er, a. m. k. er það ekki neitt, sem heitið getur. Það hefur komið fyrir allar stjórnir á öllum tímum, að þær hafi orðið að greiða lítils háttar fé, þótt þingið hafi ekki samþ. Svo var t. d. með kostnaðinn við Snorrahátíðina í sumar, sem ekki var nú gífurlegur, en var ekki samþ. af þinginu. Það þótti skylt og var, að stjórnin greiddi hann. Og svo kann að vera með einhverjar fleiri smágreiðslur. En að bera það fram, að við höfum goldið út fé, svo að nokkru nemi, án samþykkis Alþ., það er ekki rétt. Hv. þm. vitnar hér til mótorbáta og að teknir hafi verið víxlar til greiðslu á mótorbátum. Ég ímynda mér, að þó að farið hafi verið út á þá braut að taka víxla upp í þá mótorbáta að nokkru leyti sem greiðslu, þá hefði það verið mikið álitamál, hvort fremur hefði átt að láta þá standa í naustum, smíðaða, eða fara þá leið, sem ráðuneytið gerði, áður en við komum í það, sem sé að taka að nokkru leyti víxla af bátakaupendum. Ég drep á þetta hér, þó að það sé óskylt þessu máli, því að hv. þm. N-M. gusaði því út úr sér, að þarna hefðu einhver ósköp skeð. En það er ekki af viljaleysi hjá hvorki einum né öðrum, sem með þetta mál fara, heldur hefur stjórninni ekki enn sem komið er tekizt að fá nægilegt fé, því að það er nú svo með margt, sem er ráðið að gera og þingið hefur stefnt út í nú í nokkur ár, að það er eins og Alþ. hafi búizt við því, að hér sé hægt að vinna að öllum framförum með sama hraða. Ég ætla ekki að fara ýtarlega út í það nú, það gefst væntanlega tími, áður en langt um líður, að lýsa því. Við verðum að sætta okkur við þá hugsun að geta ekki haft taumlausan hraða í öllum fjárfestingum og framförum í þessu landi, þótt við höfum eitthvert tímabil látið okkur dreyma um, að það væri hægt.

Ég veit, að það er bagalegt fyrir þá, sem út í framkvæmdir hafa farið í trausti þessara l., að geta ekki fengið allar óskir sínar uppfylltar. Svo er á fleiri stöðum, þar sem stofnað hefur verið til lánveitinga, sem ætlazt er til, að standi opnar, og þær vonir geta líka brugðizt. Það er skemmst að minnast stofnlánadeildarinnar. Menn líða undir því að hafa ekki nema mjög takmarkað fé til umráða. En ég vil taka undir það, sem hæstv. landbrh. sagði, að það er verið að vinna að því að reyna að greiða úr þessu, ekki á einu sviði, heldur mörgum. Ég held, að við ríðum þá úr hlaði bezt í þeim efnum, þegar Alþ., ríkisstj. og bankinn leggja saman krafta sína með góðvilja til úrlausnar á þessum málum, en síður á þann veg að varpa órökstuddum spurningum fram á hendur ríkisstj. í sambandi við skyldur til að útvega fé, sem þó er ekki staðfest í fjárl. ríkisins.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Að gefnu tilefni frá hæstv. atvmrh. vil ég leiðrétta þær fullyrðingar, sem komu fram í svari hans um þetta mál. Hann sagði hér, að hagur ríkissjóðs væri kominn þannig, að hann gæti ekki lengur staðið við þær skuldbindingar, sem honum væru bundnar hér með l.

Vitanlega er hagur ríkissjóðs ekki eins góður og 1947. 1. des., hygg ég, að komnar hafi verið inn 206 millj. kr. tekjumegin og greiddar út 175 millj. kr., eða yfir 30 millj. kr. gróði eða tekjuafgangur á árinu 1947. Ég hygg, að því muni hafa komið upp tekjumegin 225 millj. kr. eða meira. Þetta getur hæstv. fjmrh. náttúrlega upplýst. Þannig er þetta samanlagt stærsta tekjuár ríkissjóðs og bezti tekjuafgangur, sem nokkurn tíma hefur verið. Svo segir hæstv. ráðh., að hagur ríkissjóðs sé þannig kominn, að ekki sé lengur hægt að standa við skuldbindingar, sem honum eru bundnar. Slíkur áróður er óþolandi. Sannleikurinn er sá, að þrátt fyrir góða afkomu er ekki hægt að uppfylla þetta. Sannleikurinn í málinu sést í frv., sem nú liggur fyrir, því að aldrei hefur verið gert ráð fyrir meiri tekjum en á árinu 1948. Aldrei hefur verið flutt eins mikið inn eins og 1947 og útflutningur með mesta móti. En það er annað atriði, að ríkissjóður hefur orðið að sinna mörgu málefni og nota sitt fé til þess, vegna þess að bankinn hefur viljað taka undir þennan áróður um, að hér væri allt að fara í kaldakol, til að reyna að stöðva verðbólguna í landinu.

Ég geri þessa aths. við svar ráðh., sem ég get ekki skilið öðruvísi en að hér sé allt að fara í kaldakol fjárhagslega.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég fæ hér nýjar upplýsingar hjá hv. þm. Barð., þar sem hann upplýsir hér, að ríkið vaði í peningum, sem það hafi ekkert við að gera. Þetta eru öðruvísi upplýsingar en koma frá hæstv. fjmrh., sem eðlilega hefur verið við að greiða þessar upphæðir. Ég skal upplýsa það, að yfirdráttur ríkisins hjá Landsbanka Íslands var kominn í 35—40 millj. um áramót. Ég veit ekki betur en að ríkisstofnanir skuldi hjá Landsbankanum einum um 90 millj. kr. Svo segir hv. þm. Barð., að ríkisstj. og ríkið yfirleitt vaði í peningum, sem þeir hafi ekkert við að gera. Ef hv. þm. N-M. lítur þannig á þetta, þá fer ég að skilja ásakanir hans í garð ríkisstj. um, að hún svíkist um að greiða fjárhæðir, sem hún eigi að greiða og geti greitt. Ég veit ekki, hvaðan hv. þm. Barð. kemur, formaður fjvn., sem búinn er að sitja yfir fjárl. ríkisins og á að hafa allra manna bezta aðstöðu til að kynna sér, hvernig hag ríkissjóðs er komið, að hann skuli rjúka upp með fullyrðingar eins og þessar og segja, að ríkið vaði í peningum, sem það hafi svo að segja ekkert við að gera. Ég get ekki skilið svona fullyrðingar öðruvísi. Sannleikurinn í þessu er, að það er búið að festa allt fé laust í bönkum, sparisjóðum og öðrum sjóðum ríkisins og ríkissjóði sjálfum, þannig að það er ekki leikur fyrir ríkisstj. að svara út milljónum á milljónir ofan, þótt hún sé öll af vilja gerð til að standa við þær greiðslur, sem henni ber að greiða samkv. lögum.

Ég vil heldur þrátt fyrir þessar ástæður, sem verið hafa, segja frá þeim eins og þær eru. Og ég er sannfærður um, að ríkisstj. tekst með aðstoð bankans að greiða úr þessari lánaþörf, sem hér er til umr., eins og henni er skylt að gera. Ég vildi aðeins upplýsa það, að það er ekki af tómum illvilja ríkisstj. í garð landsmanna yfirleitt að tregðast við þessum greiðslum, eins og menn vildu vera láta.

Þetta er sannleikur málsins, og við það höfum við að glíma í ríkisstj. og Alþ. að horfast í augu við þetta, þótt form. fjvn. vilji ekki sjá hlutina í réttu ljósi.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er ekki hægt að komast hjá því að segja nokkur orð um þetta mál, sem er mjög alvarlegt, eins og þetta er nú komið.

Það verður ekki sagt, að fullnægt hafi verið með sæmilegu móti þeirri skyldu ríkisstj. að svara þeim fsp., sem fyrir hana eru lagðar. Þessum málum er svo komið, að þau eru miklu alvarlegri en hér hefur komið fram. Það er með öðrum orðum þannig í sambandi við þessar fsp. og aðrar, sem koma síðar, að bændur hafa gert ýmsar framkvæmdir í trausti þess, að staðið sé við framkvæmd laga, eins og síðuðu þjóðfélagi sæmir. Það er ósæmilegt að setja l. í einu þjóðfélagi og framkvæma þau ekki, sérstaklega þegar svona er ástatt, sem ég kem hér síðar að. Hér er um atriði að ræða, sem ríkisstj. hlýtur að veita mjög mikla athygli af ástæðum, sem ég mun minnast á síðar.

Við verðum að svara þessum mönnum, sem hafa beðið um lán, svo að milljónum skiptir, og eru búnir að gera framkvæmdir og geta síðan ekki staðið í skilum samkvæmt loforðum, sem þeir hafa sjálfir gefið og byggt á l., sem samþ. eru á Alþ. með samþykki ríkisstj. Því að vitanlega á engin ríkisstj. að taka við l., sem hún vill ekki bera ábyrgð á að framkvæma. Það skiptir ekki máli, þótt það sé verið að gera þetta að sið í þessu landi. Það er siður, sem aldrei getur orðið framkvæmdur til lengdar.

Ég veit, að hv. þm., sem farið hafa út á land í jólafríinu, hafa sannarlega orðið varir við þá bændur, sem nú liggja undir vanskilaorði fyrir það, að ekki er hægt að framkvæma það, sem lofað er í l. frá Alþ. Ég vil benda á það, að ég hygg, að ekki mjög mörg ákvæði séu orðuð eins og 12. gr. vísar til. Það er beinlínis tekið fram, að ríkissjóður veiti eða útvegi lán. Og ég hygg rétt fyrir ríkisstj. að athuga, hvort ekki muni vera hægt að fá dóm á hana samkvæmt þessum l., ekki sízt þegar gert er ráð fyrir því, að lánsfé þessara stofnsjóða, sem hér er um að ræða, er samkvæmt ákvæði síðar í greininni samansett af því fé, sem ríkisstj. veitir eða útvegar.

Ég þarf ekki að ræða þetta frekar, en ég geri ráð fyrir því, að það sé erfitt fyrir bankastjórnir og þær stofnanir, sem hér er um að ræða, að neita daglega bændum, sem koma með vanskilaskuldir og eru orðnir vanskila vegna þess, að ekki er hægt að veita þeim þann rétt, sem þeir samkvæmt l. eiga að geta náð. Ég bara bendi á þessi lagaákvæði og hvernig það muni vera fyrir bankastjóra að geta ekki veitt lán, sem eru svo aðkallandi, að fjöldi manna lendir í vanskilum fyrir. Bankastjórinn í útibúinu á Akureyri sendi hraðskeyti um yfirdrátt fyrir ríkisstj. um fjárhæð, sem erfitt væri fyrir bankann að neita, því að hart væri að honum gengið að veita þau lán, sem vanskila væru orðin, því að þeim hefur ekki fundizt þessum ákvæðum vera fullnægt. Það er því vegna þeirra ákvæða, sem hér eru til staðar, sem rekið er hart á eftir því, að þeim sé fullnægt. Það er ekki hægt að komast undan því nema stuttan tíma að greiða það, enda er ég ekki að segja neitt, sem hæstv. fjmrh. gerir sér ekki ljóst. Hann sagði, að hér væri

um skyldur að ræða, og það verður að hjálpast að því að framkvæma þessi ákvæði.

En ég get ekki sem formaður bankaráðs í þeim banka komizt hjá því að benda á það, hvað ástandið er alvarlegt og vil taka undir ummæli hæstv. fjmrh., að menn ríði svo bezt úr hlaði, að þeim sé hjálpað til að greiða úr þessu. En það á ekki að ríða úr hlaði og samþykkja l., sem ekki eru framkvæmanleg. Nú eru komnar vanskilaskuldir, en vegna þessara laga er ekki hægt fyrir ríkissjóð að komast undan því að standa við þau loforð, sem þessum mönnum hafa verið gefin. Fyrst þetta mál er komið inn á fyrirspurnalistann, þá vildi ég sérstaklega undirstrika þetta, því ef þessar upphæðir eru ekki greiddar, þá verður að taka málið upp á öðrum vettvangi, enda sé ég ekki, hvernig ríkisstj. ætlar að hafa þessi ákvæði í gildi, ef þau eru ekki framkvæmd.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 22. jan., var fram haldið umræðu um fyrirspurnina.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Þetta mál var hér til umr. í gær, og liggur það fyrir af upplýsingum hæstv. ráðh., að ríkisstj. hefur ekki getað aflað nægilegs fjár handa lánastofnunum landbúnaðarins. Hæstv. landbrh. benti á, að ríkissjóður væri stórskuldugur og enn fremur það, sem ekki er betra, að ríkisstofnanir væru einnig stórskuldugar. Hæstv. ráðh. sagði, að ríkisstj. væri nú að vinna að því að afla fjár í þessu skyni, en gat þess einnig, að hann mundi þiggja hjálp þm., ef þeir vildu aðstoða sig við það. Ég leyfi mér því að koma fram með bendingu, sem kemur fram í tillöguformi í kvöld eða fyrramálið, um það, hvernig ríkissjóður geti aflað sér þeirra 15 milljóna, sem hann vantar handa lánastofnunum landbúnaðarins. Það má vera, að þessi leið reynist ekki nógu greið eða eins góð og ég álít, en þá er það annarra þm. að benda á nýjar leiðir. Sú bending, sem ég kem fram með varðandi byggingarsjóð bænda, er sú, að ríkisstj. afli sér heimildar til að nota byggingarsjóð Skálholtsskóla í þessu skyni, en það mun vera allmikil fjárupphæð. Ég vil benda á, að þessi skólastofnun mun verða nokkuð dýr. Aðalbyggingin mun kosta um 5 millj. kr., og þá er eftir að rækta tún og garða, reisa peningshús og kennarabústaði og leggja rafmagns- og vatnsleiðslur. Með nauðsynlegum bústofni yrði kostnaðurinn varla innan við 10 millj. kr., sem ríkissjóður yrði á næstu árum að greiða eða taka lán til. Það mætti ef til vill sýnast ósanngirni að vilja stöðva skólabygginguna, en ástandið er nú þannig, að bændur finna sárar til skorts á lánsfé heldur en skorts á skólum, því þó að báðir þeir bændaskólar, sem nú starfa, séu ágætir og hafi beztu starfskröftum á að skipa, þá komu aðeins 9 nemendur í 1. bekk í hvorum skóla í haust. Ef skólarnir hefðu verið þrír, hefðu aðeins sex nýsveinar komið í hvern skóla. Eins og ég sagði, er ekkert út á bændaskólana að setja, en bændur finna bara ekki hvöt hjá sér til að senda syni sína í þá. Legg ég því til, að byggingarsjóður Skálholtsskóla verði tekinn til fyrrgreindra nota.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er ekki tími til að hrekja hér allar þær órökstuddu fullyrðingar, sem hæstv. landbrh. kom fram með í umr. í gær. En vegna fullyrðingar hans um það, að ég sem form. fjvn. hefði lítið vitað, hvað ég fór með, skal ég geta þess, að ég sagði tekjur ríkissjóðs orðnar 206 milljónir króna, en þær reyndust samkv. skjölum ráðuneytisins 206518767 kr. Gjöldin eru hins vegar 175584135 kr., og hef ég því heldur vantalið, þar sem ég taldi aðeins í milljónum. Vænti ég þess, að hæstv. landbrh. hafi eins góðan aðgang og ég að skjölum, sem þetta sýna. Rekstrarafkoma ríkissjóðs er því með bezta móti og hefur raunar aldrei verið svo góð. Ef komið er að skuldunum, þá blandaði hæstv. ráðh. saman skuldum ríkissjóðs og ríkisstofnana og gleymdi alveg að telja eignirnar, sem eru þó um 150 milljónir króna, svo að fullyrðingar hæstv. ráðh. um fjárhagsafkomu ríkissjóðs eru hreinustu blekkingar. Hitt er svo annað mál, og má ekki blanda því saman, þó að á ríkissjóði hvíli lausaskuldir. Ríkissjóður hefur og orðið að greiða um 6 milljónir til strandferðaskipanna, sem hann hafði heimild til að fá að láni, og enn fremur 4 millj. kr. til ríkisstofnana. Hæstv. landbrh. hefur sjálfur greitt stórar upphæðir úr ríkissjóði í ríkisfyrirtæki, m. a. til að kaupa Akur, en þessi sífelldi áróður hér á þingi og í blöðum Framsfl. um, að fjármál ríkisins séu í öngþveiti vegna aðgerða sjálfstæðismanna, er óþolandi og nauðsynlegt, að honum sé mótmælt. Það er nú komið fram, sem ég sagði í fyrra, að hagur ríkissjóðs mundi verða blómlegur á þessu ári, en það, að slíkt gat orðið, er að þakka undirbúningsstarfi fyrrv. ríkisstj. undir forustu Sjálfstfl.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að hefja hér stórpólitískar umr. við þennan þm., hv. þm. Barð., en öll þau orð, sem ég viðhafði í umr. í gær um þetta mál, standa óhrakin, og staðfesti hv. þm. það sjálfur með ræðu sinni. Enda þótt ríkissjóður hafi fengið fé með meira móti, er það allt bundið vegna framkvæmda, sem ákveðnar hafa verið áður, en allt fé, sem ríkissjóður fær inn, fer í þessar framkvæmdir vegna þess, að lánamarkaðurinn er þrotinn. Hv. þm. Barð. taldi nokkur fyrirtæki, sem ríkissjóður hefur orðið að binda fé sitt í af þessum sökum, og mætti mörg fleiri telja, og við þennan vanda hefur ríkisstj. orðið að glíma og meðal annars kemur þar til það mál, sem hér er til umr. Ríkisstj. er stöðugt að leita fyrir sér um lausn þessa máls, og það er ekki af neinu áhugaleysi eða illvilja í garð þessara stofnana, að málin hafa ekki verið leyst, heldur stafar það af þeim fjárhagsörðugleikum, sem ég lýsti í gær. En ríkisstj. mun halda áfram að vinna að lausn í þessu efni, þar til hún finnst, en það álít ég og vona, að verði, áður en langt um líður.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að taka til máls um þessa fsp., en inn í þessa umr. hefur nú blandazt sitt af hverju, sem ætla mætti, að ætti ekki beint við í umr. þessa máls. En sumir eru þannig gerðir eins og barnið, sem alltaf stýður fingrinum á sólargeislann á veggnum, að þeir þurfa að koma eftirlætismálum sínum að í hvert skipti, sem tilefni gefst til, eða jafnvel oftar. Það, sem gaf mér tilefni til þess að taka hér til máls, var það, að hér var mál leitt inn í umr. á mjög skrítinn hátt, og á ég þar við till. hv. þm. S-Þ. um að taka byggingarsjóð Skálholtsskóla í byggingarsjóð landbúnaðarins, en þar gerir hv. þm.

sér von um að fá 10 millj. kr. handa byggingarsjóði. Ég vildi óska, að stofnunin yrði sem vönduðust og fénu hagkvæmlega varið, en ég hef heyrt það utan að mér, að hin fagurfræðilega forstaða málsins hafi talið nauðsynlegt að hafa turn á skólahúsinu. Bændur ætla, að turninn muni hleypa fram byggingarkostnaði, og eru margir ekkert sólgnir í turninn. Skólinn getur orðið dýr, ef hann verður fullkominn, og ég skýt því til hæstv. ríkisstj. að hafa hann ekki dýrari en hin praktiska nauðsyn krefur. En hví er hv. þm. S-Þ. þessi stóra bygging svo hugleikin? Hann hefur hvað eftir annað komið fram með till. þar að lútandi. Í fyrra lagði hann til, að biskup, þjóðminjavörður og búnaðarmálastjóri ráðstöfuðu Skálholti, og nú kemur hann með till. um að hætta við skólabygginguna.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. atvmrh. hefur gefið hér yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstj. um afstöðu hennar til fjárhagsaðstæðna þjóðarinnar, og þær umr., sem hér hafa farið fram, virðast gefa ærið tilefni til þess, að fjárhagskerfi þjóðarinnar sé tekið til athugunar. Nú er hæstv. ríkisstj. að gera þær ráðstafanir, sem í hennar valdi eru, til að gera samdrátt á lánum í þágu atvinnuveganna, en virðist um leið ætla að reyna að tryggja auðmönnum landsins töglin og hagldirnar í allri lánastarfsemi til þess eins, að þeir ríku geti tekið enn hærri vexti af lánum. Að þessu vinnur hæstv. ríkisstj. nú ötullega. Auðmönnunum er gert sem auðveldast fyrir að sölsa undir sig fasteignir fólks og koma fé sínu fyrir á annan tryggan hátt. Og nú er hæstv. atvmrh. að reyna að afsaka, að erfitt sé um lán, þegar ríkisstj. hæstv. er búin að gera allt, sem í hennar valdi hefur staðið, til að loka lánamarkaðinum, en sendir þjóðina í hendur vaxtaokraranna. Nei, það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðh. að ætla sér að afsaka verk, sem búið er að vinna með þessum hætti. Það er vitanlega seðlabanki Landsbankans, sem ákveður, hvernig er um vik á lánamarkaðinum. Hæstv. atvmrh. segir: „Lánamarkaðurinn er lokaður, og ríkisstj. hefur orðið að heyja harðvítuga baráttu við hann.“ Hvað á hæstv. ráðh. við með þessu? Því má ekki segja þjóðinni sannleikann? Nei, hér er orsökin aðeins sú, að yfir fjármálalífi þjóðarinnar ráða menn, sem vitlaust hugsa. Hér er um að ræða blinda menn, sem skilja ekki og kunna ekki á þá vél, sem stjórna á fjármálalífinu í landinu. Illa mun jafnan farnast því skipi, þar sem vélstjórinn kann ekki handbrögð til þess að láta vélar skútunnar ganga á skynsamlegan hátt. Slíkur vélstjóri er til lítils gagns. Það er landsbankavaldið, sem telur sig hafa öll ráð í hendi sér yfir atvinnulífi Íslendinga, og sú gamaldags fjármálapólitík, sem Landsbankinn rekur, hefur verið staðfest með l. um fjárhagsráð. En í nútíma þjóðlífi dugar hvergi gamaldags fjármálaeða bankapólitík, og hæstv. ríkisstj. hefur þó, sem hið æðsta framkvæmdavald, tekið að sér með l. um fjárhagsráð að reka slíka pólitík. Ég hef áður bent á, að Alþ. og ríkisstj. eiga að ráða hér öllu um, hvernig ástandið í fjármálalífinu verður, ráða, hvernig lánamarkaðurinn er á hverjum tíma. Alþ. á að ráða yfir seðlabanka þjóðbankans, og bankinn á að ráðstafa að miklu leyti fé sínu eftir því, sem Alþ. og ríkisstj. ákveða á hverjum tíma. Er hæstv. atvmrh. kvartar yfir því, að erfitt sé um vik á lánamarkaðinum, þá getur hann kennt þar um hæfileikaleysi þeirra manna, sem Alþ. hefur falið að fara með völd yfir fjármálalífi landsmanna. Það eru þeir embættismenn, sem eiga hér sök, og það er hart af ríkisstj. að koma fram og betla í Landsbankanum og segja svo frá því, að ekkert lán fáist. Nei, það á ekki að fara í kringum þetta, hæstv. atvmrh., eins og köttur í kringum heitan graut. Ástæðan er sú, að nokkrir háttsettir embættismenn, sem settir hafa verið yfir fjármálalíf þjóðarinnar, spyrna við fæti og skilja ekki hlutverk sitt, að þeir eigi að vera og standa eins og Alþ. hefur fyrirskipað. Þetta er ástæðan fyrir erfiðleikum ríkisstj., er Landsbankinn neitar um lán til ýmissa framkvæmda.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég ætla að bæta hér nokkru við það, sem ég sagði áðan. Hv. þm. S-Þ. hefur barizt manna mest fyrir því, að bændaskóli sá, sem fyrirhugaður er í Skálholti, verði ekki reistur. Rök þau, sem þessi hv. þm. færir fyrir máli sínu, eru, að þeir bændaskólar, sem fyrir eru í landinu, séu ekki hálfsetnir, að gömlu skólarnir tveir séu hvergi nærri fullskipaðir. Þetta er nú svo viðkvæmt mál, að hv. þm. hefði verið nær að þegja yfir því, og ekki munu slíkar uppljóstranir bæta aðsóknina til búnaðarskólanna. En hver er nú ástæðan til þess, að allir skólar landsins eru yfirfullir að undanskildum bændaskólunum? Er ástæðan kannske sú, að bændur þurfi engrar menntunar við? Því held ég, að ég verði að svara neitandi. Nei, hér er um nokkuð annað að ræða. Það er komin drullupest í lambhúsin, og þá sýkjast gemlingarnir auðvitað líka. Fjöldi nemenda getur borið vitni um þetta. Því er ekki úr vegi að reyna eitthvað nýtt, sem örva mundi aðsókn til þessara stofnana, reyna nýja tækni við kennsluna og gera þennan nýja skóla svo úr garði, að allt sé eftir fullkomnustu nútíma kröfum. Húsmæðraskólar landsins, sem líkja má við bændaskólana sem hliðstæðum stofnunum, eru flestir fullsetnir í vetur. Bændur í Árnes- og Rangárvallasýslum vilja, að fullkominn búnaðarskóli komist sem fyrst á stofn í Skálholti. Þótt nokkuð hafi deilt verið í upphafi þess máls um staðarvalið, þá kemur það þessu máli lítt við. Hitt er aðalatriðið, hvort hæstv. ríkisstj. spillar hér eins konar svikamylnu og svíkst um að veita það fjármagn til þessarar byggingar, sem ákveðið er í l. Að vísu verður að gefa því gaum, að ríkisvaldið er sjálfrátt um það, hversu ört það framkvæmir þá hluti, sem því er falið að framkvæma með samþykki Alþ. Hitt er svo ekki annað en flottræfilsháttur íslenzkra stjórnmála, er heimtað er fé til templarahallar og norrænuhallar, meðan þeir hlutir liggja á hakanum, sem meira liggur á.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Út af turnum þeim á skýjaborg þeirri, sem hv. 2. þm. Árn. vék að í ræðu sinni, þá finnst mér ekki alls ólíklegt, að forráðamenn Skálholts vildu gjarnan, að eitthvert sýnilegt merki væri um hina fornu frægð staðarins. Brynjólfur biskup hafði mikinn turn á sínum húsum, og gæti því hér verið um nokkra eftirlíkingu þeirrar byggingarlistar að ræða, sem minnti menn um leið á forna frægð staðarins. Þessi hv. þm. hefði að öðru leyti átt að spara sér allar dylgjur um dugnaðarleysi og vanmátt skólastjóra og kennara við þá tvo búnaðarskóla, sem nú eru starfræktir, og ég vil skora á hv. 2. þm. Árn. að ræða

þann þátt þessa máls opinberlega, ef hann þorir. Ég spurði hann áðan að því, hverju það sætti, að hann hefði slíkar dylgjur í frammi hér á Alþ., en hann svaraði mér engu til. Ég mun gefa þessum hv. þm. tækifæri til að ræða um þetta síðar í sambandi við annað mál. Varasamt var það fyrir aðstöðu hv. 2. þm. Árn. að fara að minnast á aðsóknina að búnaðarskólunum. Hv. þm. er í sýnilegri hættu. Hann er að verða sér til minnkunar með 10 milljón króna skólabygginguna í Skálholti. Þangað mundu slæðast 5—6 menn, og ekki fengi hv. þm. betri menn til að stjórna 10 milljón króna skólanum en fyrir eru við búnaðarkennslu við gömlu skólana, Hvanneyri og Hóla. Það er líka eftirtektarvert, að er hv. 2. þm. Árn. samdi frv. til l. um búnaðarskóla í Skálholti, þá bjó hann skólanum nákvæmlega sömu skipulagsskrá og hinir skólarnir hafa. Þar var um alveg sama form að ræða, og er það einfalt, hvernig á því stendur. Hv. þm. hefur bara ekkert vit á þeim málum, sem hann er að berja hér fram og barði fram með nokkru offorsi.

Þá vil ég snúa máli mínu til hv. 2. þm. Reykv. Hv. þm. varð fyrir mikilli sorg í vetur, er leið, að verða ekki skipaður bankastjóri Landsbankans. Nú er svo ástatt hjá honum, að honum líkar sinn hlutur líkt og refnum, sem missti skott sitt og vildi, að allir refir væru skottlausir, vegna þess að hann var það sjálfur. Hv. þm. getur litið með ánægju á það, sem flokksbróðir hans hefur framkvæmt á Siglufirði. Á Siglufirði eru að vísu nokkuð ólíkir turnar, sem hallast. Það er fleira, sem hallast, en turninn í Pisa á Ítalíu. Á Siglufirði eru lýsisgeymar, sem hallast, og lýsið rennur niður, og þar er líka mjölhúsið fræga. Þar er einnig síldarverksmiðja, sem ónýtti þúsund smálestir af mjöli á síðasta sumri. Til nokkurs fróðleiks hv. 2. þm. Reykv. segi ég honum, að vegna þessara lélegu mannvirkja, sem sósíalistar reistu á Siglufirði, hefur miklu fé verið eytt úr ríkissjóði, og enn hvílir mikil skuld í Landsbankanum vegna þessara mannvirkja. Of miklu fé hefur verið ráðstafað að láni til manna, sem ekki kunna að fara með fé eða önnur verðmæti. Þess vegna mun hv. 2. þm. Reykv. henta bezt að þegja.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. er einn af fulltrúum Landsbankans hér á Alþ., en átrúnaðargoð hans í öllu fjármálalífi er einn af bankastjórum Landsbankans. Sá maður er Jón Árnason, maðurinn, sem lýsti því yfir, er við sósíalistar börðust sem harðast fyrir því, að 30 nýir togarar yrðu keyptir til landsins, að það væri fásinna. Þetta er spekin, sem hv. þm. S-Þ. dásamar sem mest. Þetta er spekin, sem hann vill láta stjórna Íslandi eftir. Eina ráð Jóns Árnasonar var öngþveiti. En Alþ. tók, sem betur fór, völdin af Jóni Árnasyni og öðrum mönnum með hans steinrunna hugsanagangi, og nú er svo komið, að helmingur nýsköpunartogaranna er þegar kominn til landsins, en hinn helmingurinn er væntanlegur á þessu ári.

Hv. þm. ásakar Áka Jakobsson fyrir það, að nokkur óhöpp hafa komið fyrir nýju mannvirkin á Siglufirði. Þótt Áki Jakobsson sé duglegur maður, hefur hann ekki komið því af að byggja nýju síldarverksmiðjurnar með eigin höndum. Ef verkfræðingar og verkstjórar, sem taka að sér verk, geta ekki byggt öruggar verksmiðjur, þá er ekki að saka Áka Jakobsson eða okkur sósíalista fyrir slíkt. Í sumar er leið var ég á ferð um Þingeyjarsýslu og spurði dreng nokkurn, hver gert hefði brúna við *Ljósavatnsskarð*. *Drengurinn svaraði:* „Jónas". Ef brú þessi mundi nú einhvern tíma laskast eða detta niður, mundi það þá vera Jónasi að kenna? Nei, það mál, sem hér er verið að ræða um, ber að athuga alvarlega. Einn til tveir menn ráða mestu um fjármálalíf okkar Íslendinga, og ef þeir hugsa skakkt og hringlandi vitlaust, þá er það stórhættulegt fyrir þjóðina. Fjármálastjórnin er gæfumál þjóðarinnar. Alþ. á að sýna, að það sé ekki undirlægja embættismanna þeirra, sem fara með fjármál landsins. Hitt er svo vitleysa, sem hv. þm. sagði áðan, að ég hefði viljað verða bankastjóri Landsbankans. Ég hef aldrei haft neina löngun til þess, en ef svo hefði verið, væri ég líklega orðinn það. Nei, það er ekki hægt að afsaka bankapólitík þá, sem nú er rekin, og hún stafar eingöngu af því, að þar ráða menn eins og Jón Árnason og hans líkar.

14. Framlag til Ræktunarsjóðs Íslands.

Á 31. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um framlag ríkissjóðs til Ræktunarsjóðs Íslands (A. 211,3).

Á 32. fundi í Sþ., 20. des., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 21. jan., var fyrirspurnin tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Sþ., 22. jan., var fyrirspurnin aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Páll Zóphóníasson) Herra forseti. Lögin um ræktunarsjóð gera ráð fyrir, að sjóðurinn fái hálfrar milljón kr. framlag úr ríkissjóði í 10 ár. Nú er svo málum háttað, að fé því, sem ræktunarsjóður ráðstafar, er ráðstafað í októbermánuði ár hvert. Á áliðnu hausti var sjóðurinn fjárvana. Hann fékk ekki þessa hálfu milljón, sem hans var samkv. lögum. Þá var spurzt fyrir, hverju slíkur dráttur á greiðslu til sjóðsins sætti. Síðar hefur rætzt úr þessu, en er fsp. þessi var lögð fram hér á Alþ., hafði ekki fengizt nein skýring á þessu. Framan af þingtímanum hafði ekki rætzt úr þessu, og þess vegna kom fsp. þessi fram. En í byrjun þessa árs var upphæðin greidd, og er því fsp. raunverulega úr sögunni. En ég vil benda hæstv. ríkisstj. á, að útlánum úr sjóðnum er svo háttað, að þau fara fram að haustinu, og vonast ég til, að óeðlilegur dráttur verði ekki í framtíðinni á greiðslum ríkissjóðs til sjóðsins.

15. Lánsfjáröflun til Ræktunarsjóðs Íslands.

Á 31. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um lánsfjáröflun til Ræktunarsjóðs Íslands (A. 211,4).

Á 32. fundi í Sþ., 20. des., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 21. jan., var fyrirspurnin tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Sþ., 22. jan., var fyrirspurnin aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Svo bar til, þegar l. um ræktunarsjóð voru til umr. hér á Alþ., að þá strandaði málið vegna þess, að stofnfé það, sem ræktunarsjóðnum var ætlað, reyndist of lítið. Er frv. kom aftur fram, þá lofaði ríkisstj. því, að ákvæði það, sem felst í 8. gr. l., yrði framkvæmt. Margir þm. hafa skilið ákvæði 8. gr. sem ákveðið loforð. Hæstv. forseti Sþ. hefur m. a. skilið þetta ákvæði þannig, að hæstv. ríkisstj. hafi lofað að útvega þær 10 millj. kr., sem þar um getur. Svo er ástatt með það fé, sem ríkisstj. er ætlað að veita til byggingarsjóða, að það fé getur ríkisstj. tekið úr ríkissjóði, en það fé, sem henni ber að veita til Ræktunarsjóðs Íslands, er ríkissjóði ætlað að fá að láni. Hér er því hæstv. ríkisstj. ætlað að útvega lán, en ef hún getur það ekki, eins og hæstv. atvmrh. drap á, þá er ekki svo mikið við því að segja. Þetta er því munurinn, að annars vegar er um framlag úr ríkissjóði að ræða, en hins vegar er ríkisstj. ætlað að útvega lán í banka. Hæstv. ríkisstj. hefur oft útvegað lán til ýmissa fyrirtækja, t. d. ríkisverksmiðjanna. Á svipaðan hátt hefði hún getað afgr. þetta mál. Væri nú fróðlegt að fá að heyra, hvernig hæstv. stjórn ætlar að ráða bót á þessu. Lánbeiðnir úr ræktunarsjóði eru svo margar, að brýna nauðsyn ber til þess, að ráðin sé bót á þessu og fé fáist til sjóðsins. Það er því nauðsynlegt, að tekið sé 10 milljón kr. lán, sem renni til ræktunarsjóðs, svo að hann geti fullnægt hlutverki sínu. Mig langar því að vita, hvað gert hefur verið í þessu og hvað hæstv. ríkisstj. hyggst að gera til þess að hrinda í framkvæmd 8. gr. laga nr. 66 1947. Um það langar mig að heyra frá hæstv. ráðh.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er nú komið að síðasta liðnum á fyrirspurnalista hv. 1. þm. N-M. og hv. 2. þm. Rang. Ég vil taka það fram, að frá minni hálfu hefur ekkert komið fram, er gæfi tilefni til þeirra stórpólitísku umræðna, sem menn hafa komizt út í. Ég vil enn fremur taka það fram, að mér er hið sama í huga og áður, sem ég lýsti yfir í fyrra skiptið, að leysa verður þessi mál með alúð og góðvild allra hlutaðeigenda. Það er happadrýgst og síður ástæða til að hoppa í loft upp til þess að níðhöggvast út af ástandi, sem allir vita, að stafar af þeim erfiðleikum, sem eru á útvegun lánsfjár. Þeir erfiðleikar eru ekki, eins og hv. 2. þm. Reykv. sagði, bara í huga stj., heldur raunverulegir. Þeir stafa ekki einvörðungu af því, að einstakir aðilar standi í vegi, heldur eru afleiðing ofþenslunnar í landinu. Við erum komnir upp í svo háar tölur í öllum greinum og lánsféð orðið fast í svo mörgum fyrirtækjum. Fjárfestingin er svo mikil, en þjóðarauðurinn er takmörkunum háður. Það er þetta, sem í fyrsta lagi veldur lánsfjárerfiðleikunum.

Ég ætla, að stjórnin sé ekki ein til frásagnar um þetta. Svo margir hafa komið að dyrum fjmrn. út af þessum málum, m. a. frá byggingarfélögunum, hverra tala er orðin legió, og Alþ. hefur heitið öllum ábyrgð og fyrirgreiðslu. Allir hafa sagt, að peningamarkaðurinn væri þröngur og litlir lánsfjármöguleikar.

Þeir, sem stjórna Landsbankanum, hafa hér verið bornir þungum sökum. Ég skal ekkert um það segja, hvort sjónarmið þeirra eru rétt eða röng. Hitt veit ég, að Alþ. hefur sett bankanum l. að fara eftir, og þá er það ekki að lasta, þótt stjórn bankans vilji sjá sinni stofnun farborða og halda l. Ég hygg þó, að bera mætti bankastj. sömu sökum og ríkisstj. er borin í einu af dagblöðunum í dag, og haft eftir einum hv. þm. hér í salnum, og segja, að hún hafi brotið l. Ég hygg, að það megi segja það um bankastj., að hún hafi í þessum efnum farið lengra en l. leyfa. Ég segi þetta ekki til þess að draga úr, að reynt sé að fá hana til þess að lána það, sem fært þykir.

Alþ. á sína sök á lánsfjárerfiðleikunum. Leiðin til þess að sigrast á þeim er ekki sú að kastast á hnjóðsyrðum, ef framkvæmdir þykja dragast, heldur að leggja saman kraftana og reyna að leysa erfiðleikana af viti og góðvild eftir beztu getu. Stjórnin hefur haft þetta vandamál til úrlausnar, og undirbúningsvinnu í þessu efni er nú langt komið. Þess er að vænta, að hún beri tilætlaðan árangur og að það fé, sem um getur í 8. gr. l. nr. 66 frá 1947, eða viðunandi hluti þess fáist til þeirra hluta, sem það er ætlað, án þess að stjórnin þurfi að grípa til þess vopns, sem Alþ. hefur lagt henni í hendur. Það er leiðinlegt að skylda Landsbankann til þess að leggja þetta fram, og þá leið á ekki að fara fyrr en í síðustu lög.

Ég vænti þess, að hv. virðulegir fyrirspyrjendur geti látið sér lynda það, sem ég hef upplýst, þótt það sé ekki eins ýtarlegt og hv. 1. þm. N-M. fór fram á.

Ég mun svo, laust við þetta mál, sæta hentugs tækifæris til að gefa hv. þm. upplýsingar um fjármál og fjárhag ríkisins. Það er rétt, að þær séu látnar í té, áður en gengið er endanlega frá afgreiðslu fjárl.

Gísli Jónsson: Það er gott, að hæstv. fjmrh. hefur svarað þessari fsp. Þessar upplýsingar hefðu betur verið gefnar fyrr, því að þá hefði mátt spara þær hnútur, sem ræða hæstv. atvmrh. gaf tilefni til. Kjarni þessa máls eru lánsfjárerfiðleikarnir. Í því sambandi vildi ég spyrja, hvernig stendur á því, að seðlaveltan, sem þegar hún var hæst komst upp í 181 millj. kr., var nú nýlega, þegar seðlarnir voru innkallaðir, aðeins 107 millj. kr. Hér er um 70 millj. að ræða, sem dregnar hafa verið inn, og þó hefur athafnalíf aldrei verið meira en á árinu 1947. Hver er þá ástæðan til þessa? Er hún sú, að þeir, sem þessu ráða, álíta, að ekki þurfi meira en

107 millj. kr.? Ef seðlabankinn liggur með 70 millj. kr., gætu ýmsir fengið lán, ef það væri sett í umferð.

Samkvæmt 3. gr. l. um Landsbankann ber bankanum að sjá atvinnuvegunum fyrir fjármagni. Um það, hvernig það skuli gert og gegn hvaða tryggingum, eru skýrar reglur og ráðh. fylgist með þessum málum. Hvernig er þessu varið nú? Er gefið út eins mikið af seðlum og heimilt er, eða er dregið of mikið inn? Ef of mikið er dregið inn, liggur þá ekki á bak við sú skoðun, að það sé hollt til þess að stöðva útþensluna? Eða er það svo, að tryggingarnar bak við leyfi ekki meiri veltu? Ef svo er, þarf að taka kerfið til athugunar og rannsaka, hvort ekki sé rétt að binda seðlaveltuna við útflutningsmagn og þau verðmæti, sem þjóðin á í landinu. Þá þyrfti ráðh. ekki að ganga bónarveg til bankanna.

Annars er ekki við góðu að búast þegar Alþ. hefur sett vaxtafótinn niður í 1½%. Búnaðarbankinn hefur t. d. lánað fé sitt í brask, verzlun, útveg og iðnað og byggt stóra höll í Reykjavík í stað þess að hjálpa bændum að byggja yfir sig.

Hermann Jónasson: Ég ætla að svara fullyrðingum hv. þm. Barð. viðvíkjandi útlánum Búnaðarbankans. Þær eru af sama tagi og aðrar fullyrðingar hans, t. d. varðandi fjárhag ríkissjóðs.

Búnaðarbankinn hefur sett fé sitt í sjóði og gætt þess betur en nokkur annar banki. Hann á nú stærri sjóði en nokkur önnur lánsstofnun. Auðvitað verður að veita stutt lán til þess að geta kallað þau inn með litlum fyrirvara, en ekki 42 ára lán. — Annars vil ég aðeins minnast á, hvað þetta mál er alvarlegt og leiða athygli að meginmálinu.

Menn verða að gera sér ljóst, að l. frá Alþ. marka fyrst og fremst stefnuna í fjármálum og atvinnumálum. Engin stjórn getur leyft sér að taka við l. frá Alþ., sem hún er ekki samþykk sjálf. Það er grundvallarregla alls þingræðis. Ef stjórn situr og tekur við l., skoðast það sem samþykki. Annars segir hún þinginu, að hún fari. Frá þessari reglu er ekki hægt að víkja.

Annað, sem menn verða að gera sér ljóst, er það, að merkilegustu loforð í þjóðfélaginu eru l. frá Alþ. Engin loforð eru æðri.

Það er eðlilegt, að bændur geri sínar ráðstafanir samkvæmt þessum loforðum. Það er augljóst, að undan þeim verður ekki komizt, nema brjóta niður það, sem sízt af öllu má brotna, loforð frá æðstu stofnun þjóðarinnar. Hæstv. ríkisstj. hefur gert grein fyrir því, hvernig á þessu stendur, en hér er hlutur, sem verður að ganga á undan öllum öðrum. Bændur eru búnir að gera sínar ráðstafanir, og eitthvað annað verður að bíða frekar en að vanefna gefin loforð.

Ég sagði hér í umr. í gær, að þau l., sem ekki væri hægt að framkvæma, væri betra að afnema. Ef skýr rök eru færð fram fyrir því, er ég viss um, að þjóðin sættir sig betur við það en að l. séu ekki framkvæmd.

Það er ekki undarlegt, þótt spurt sé, hvað því valdi, að l. eru ekki framkvæmd. Það væri fremur undarlegt, ef ekki væri spurt. Það er rétt að ræða þetta mál, svo að skýringar komi fram, þjóðin á heimtingu á því.

Það er ekki gott fyrir stjórn Búnaðarbankans að sitja dag eftir dag og neita lánum, nema það komi í ljós, að allt sé gert til þess að koma þessu í lag. Mér er kunnugt um það, að það getur ekki dregizt lengi vegna stöðugra umkvartana, að bankinn gefi út opinbera skýrslu um það, hvað veldur þessu.

Ég vil að lokum segja það, af því hæstv. fjmrh. sagði, að stjórninni hefði verið borið á brýn, að hún hefði brotið l., að í nýbýlal. stendur, að stjórnin eigi „að veita eða útvega lán". Ef skyldan er fyrir hendi, er um brot að ræða, það er ekki nema um einn veg að ræða. Um ræktunarsjóð er það að segja, að stjórnin á að afla ræktunarsjóði lánsfjár. Ákvæðið er ekki ólíkt, en ef stjórnin vill ekki afla þess, getur hún gert seðlabankanum skylt að útvega lánsfé.

Ég ætla svo ekki að ræða þetta frekar. Ég vænti þess, að öllum sé það ljóst, að hér getur ekki orðið nema örstutt bið, þar til þessu verður fullnægt.

Jónas Jónsson: Ég hef orðið þess var, að hjá hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Barð. kennir nokkurs misskilnings á eðli þjóðbankans. Þegar l. um bankann voru undirbúin, var lögð á það megináherzla að tryggja það að bankinn væri óháður ríkisstj., og í því skyni voru sett ströng takmörk í löggjöfina. Eftir þeim mætti stjórnin fá aðeins tvær millj. kr., svo að miskunnsemi bankans hefur verið mikil. Bankinn hefur verið of miskunnsamur með lán til framkvæmdanna á Siglufirði og Skagaströnd og til margra annarra hluta. Þessi frávik hafa orðið fyrir áhrif frá Kommúnistafl., og er hann þar á réttri leið út frá sínum sjónarmiðum, því að hann vill niðurrif, en Landsbankann tókst ekki að drepa, og til hans er leitað nú bæði af ríki og bæjarfélögum, því að ástandið er nú þannig, að t. d. togari Reykjavíkurbæjar, Ingólfur Arnarson, er rekinn með tekjuhalla, þótt fiskverðið sé á hápunkti. Hv. 2. þm. Reykv. ætti að spara sér aðfinnslurnar, hann fær ekki háa einkunn samanborið við Jón Árnason, því að allt, sem þessi hv. þm. hefur komið nærri, hefur farið á hausinn, en allt blessazt, sem Jón Árnason hefur lagt hönd að.

Þá eru það þessar 10 millj. kr., sem ekki hefur tekizt að afla ræktunarsjóði. Ríkisvaldið hefur nú í sumar fengið 10 millj. kr. upp úr eignakönnuninni, þar af rúmar 9 millj. kr. í góðum verðbréfum. Ég álít, að stjórnin eigi að taka þetta fé og leysa þannig þennan vanda. Þetta er sennilega eina úrræðið, sem ríkisstj. hefur nú. Og það er ekkert út á það að setja. Og þegar maður lítur á, hversu mjög var misskipt hjá sósíalistum í stjórnartíð þeirra, þegar stórar fjárfúlgur voru settar út til atvinnuveganna og í einu lagi 100 millj. kr., þá var lítið hugsað um landbúnaðinn, og þá er þetta líklega það eina, sem Alþ. getur gert nú til þess að jafna metin. Það er ekki stórt lóð, sem hér er um að ræða, en kannske nóg til þess að uppfylla þessa lagaheimild. — [Fundarhlé.]

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég sé engan ráðh. hér í d., og það er nú svo, að þessar fsp. eru til ríkisstj., og þá er það spurning, hvort ástæða er til þess að halda umr. áfram fyrr en þeir koma. Það er ekki við þm., sem verið er að ræða, heldur ríkisstj. Ég óska því, að a. m. k. einn ráðh. yrði viðstaddur.

Forseti (JPálm): Stjórnin hefur tilkynnt, að hún yrði á fundi um þetta leyti. Ég vil gjarnan, að

þessar umr. verði þá og þegar búnar. Ég vil gjarnan ljúka við þær, svo að þær standi ekki marga daga.

Einar Olgeirsson: Má ekki fresta þessu til morguns, svo stjórnin geti verið við?

Forseti (JPálm): Ef menn óska eftir því, þá get ég það. — Síðara dagskrármálið er ekki ástæða til að taka fyrir nú. (**IngJ:** Ég óska eftir því.) Þá verður orðið við þeirri ósk að fresta þessum umr. til næsta fundar, og er umr. um þessar fsp. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 27. jan., var fram haldið umræðu um fyrirspurnina.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Tveir hæstv. ráðh., hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh., eru ekki hér viðstaddir, en þeir héldu uppi svörum fyrir hæstv. ríkisstj., er málið var hér til umr. um daginn. En hæstv. dómsmrh. er nú hér inni, og ætti það að nægja, því að honum mun ekki verða svarafátt fyrir hönd hæstv. ríkisstj. og hann er vel kunnugur því, sem hér er um að ræða.

Umr. þær, sem fram hafa farið um fyrirspurnir á undanförnum tveim fundum, hafa verið á víð og dreif, og ekki hafa allir hv. ræðumenn haldið sig við efnið. Ég tel svör þau, sem hæstv. ráðh. gáfu hér, ekki vera fullnægjandi fyrir hv. alþm. yfirleitt. Hæstv. ráðh. sögðust gera allt, sem í þeirra valdi stæði, til þess að leysa þá skyldu, að ræktunarsjóði verði greiddar þær 10 milljónir kr., sem honum ber samkv. l. Það er nú svo, að það er ekki nóg, að hæstv. ráðh. lofi að gera það, sem þeir geti, eða geri það, sem hægt er, eins og oft er til orða tekið, en því hefur stundum verið brugðið fyrir sig, bæði af hæstv. ríkisstj. og öðrum, er illa gengur með framkvæmd mála. Ég tel, að hv. alþm. hafi rétt til að fá skýlaus svör við þessu, hvort ræktunarsjóður fái 10 milljón kr. greiddar, sem honum ber samkv. l., eða ekki. 8. gr. l. um ræktunarsjóð mælir svo fyrir, að ríkisstj. er heimilt að skipa Landsbankanum að greiða þessa upphæð til ræktunarsjóðs. Landsbankanum er skylt að lána þessar 10 milljónir kr. gegn 1½% vöxtum. En á hverju strandar þá? Það virðist stranda á því, að Landsbankinn telur sér ekki vera hag í því að lána fé gegn þessum vaxtakjörum. Þessi orð eru ekki sögð til þess að lasta Landsbankann eða stjórn hans, en ef hæstv. ríkisstj. gengur hart eftir því, að fé þetta verði greitt til ræktunarsjóðsins, þá verður Landsbankinn að láta fé þetta af hendi. Lögin mæla svo fyrir, og annað er ekki sæmandi, hvorki fyrir bændur né Alþingi.

16. Þjóðleikhúsið (fsp. JJ).

Á 38. fundi í Sþ., 28. jan., var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar varðandi tiltekna greiðslu úr byggingarsjóði þjóðleikhússins (A. 286).

Á 39. fundi í Sþ., 29. jan., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Sþ., 4. febr., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Þessi fsp. lýtur að því, að fyrir nokkrum misserum leitaði þáverandi menntmrh., Brynjólfur Bjarnason, eftir því, að þjóðleikhúsnefnd veitti 60 þús. kr. til einhverra sérstakra þarfa í sambandi við leikhúsbygginguna. Þetta kom okkur, sem í n. vorum, nokkuð undarlega fyrir, því að engin stjórn hafði áður farið fram á slíka hluti og af því að n. hafði yfirleitt reynt að hafa ekki annan kostnað við byggingarstarfið en það, sem hún kom beinlínis til með að borga starfsmönnum. Þannig var n. búin að starfa frá 1923—1946, þegar þetta kom, og aldrei fengið kaup sjálf né haft neinn skrifstofukostnað. Nefndarfundir hafa verið haldnir hjá formanni eða heima hjá nm. og þess utan á skrifstofu húsameistara. N. hefur yfirleitt ekki eytt til sinna þarfa, nema hún hefur víst borgað fundargerðabók.

Þegar okkur barst þetta, þá fannst okkur það ekki rétt. Niðurstaðan er sú, að þar sem þarna er yfirmaður menntamálanna, sem fór fram á þetta, að þá sá hann ekki annað en peningana, án þess að vita, hvað með þá var að gera. Ég meina ekki með þessari fsp., að ráðh. hafi notað þá til sinna þarfa. Mér er ókunnugt um það, og ég tel ekki líkur til, að þurfi að nota þá í leikhúsbygginguna. Ég vildi biðja hæstv. ráðh. að gefa mér sundurliðað, hvað hefur orðið af þessum peningum.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Með bréfi 19. febr. 1945 skipaði þáverandi menntmrh. nefnd til þess að undirbúa rekstur þjóðleikhússins. Í n. áttu sæti Þorsteinn Ö. Stephensen, Brynjólfur Jóhannesson, Halldór K. Laxness, Jakob Möller og Ólafur Björnsson. Þegar Jakob varð sendiherra, kom Hörður Bjarnason í hans stað. Með bréfi, dags. 6. júní 1946, lagði menntmrh. svo fyrir, að n. skyldi fá úr þjóðleikhússjóði 60 þús. kr. til þessarar starfsemi. Þannig stóðu málin, þegar ég fékk fyrst kynni af þeim. Síðan skilaði n. frá sér frv., sem var grundvöllur þeirrar löggjafar, sem samþ. var hér á síðasta þingi um þjóðleikhúsið. En 29. ágúst 1947, eða í sumar, ritaði ráðuneytið n. bréf og óskaði eftir því, að n. gæfi lokaskýrslu nú í haust, eða fyrir 1. okt. s. l., og gerði þá full reikningsskil. N. hefur ekki gert það enn, en hefur heitið að senda skýrslu sína í janúar. Hún er að vísu ekki komin enn, en von er á henni mjög bráðlega. En ráðuneytið hefur fengið nú nýlega bráðabirgðaskilagrein frá n. um það fé, sem henni var ávísað, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa þá skilagrein hér upp, og hljóðar hún svo:

Tekju- og gjaldareikningur rekstrarnefndar þjóðleikhússins.

Tekjur:

Innborgað frá þjóðleikhússjóði	kr.	60.000.00
Vextir af bankainnstæðu	—	750.00
	Alls kr.	60.750.00

Gjöld:		
Ferðakostnaður	kr.	16.380.00
Þýðingar	—	2.908.00
Lögfræðileg aðstoð	—	2.000.00
Vélritun	—	385.00
Ýmis kostnaður	—	835.00
Alls.	kr.	22.508.00
Eftirstöðvar til næsta árs:		
Húsgögn	kr. 5.500.00	
Landsbanki Íslands í sparisjóðsbók nr. 54805	— 32.742.00	
	kr.	38.242.00
Alls	kr.	60.750.00

Þannig standa þessi mál í dag eftir upplýsingum n., en hún er nú að hætta störfum, og skýrslu frá henni er að vænta bráðlega ásamt tillögum um rekstur þjóðleikhússins umfram frv., sem ég gat um áðan.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir, að eitthvað er bogið við þessa n., og mun hún eiga eftir að kosta meira en hér hefur komið fram, enda lagt grundvöllinn að þeirri löggjöf, sem mun eiga eftir að kosta þjóðina stórfé. Þá er það og eftirtektarverð ráðsmennska, að í staðinn fyrir að Alþingi hafði frá 1923 fengið menn til að vinna mikið starf í þjóðleikhúsnefnd fyrir ekki neitt, þá kemur sú nýja framkvæmd hjá hæstv. fyrrv. menntmrh., að ekkert er hægt að gera án þess að fá þar til sérstaka peninga, og vildi ég fara nokkrum orðum um nefndarstofnun hans, sem virðist hafa verið nokkuð fljóthugsuð. Þegar n. var stofnuð, var þjóðleikhúsið ófullgert og hafði tafizt á stríðsárunum að halda áfram smíði þess vegna efnisskorts, og þegar framkvæmdir voru hafnar að nýju, sótti enn í sama horfið, og er nú fullkomlega óvíst, hvenær húsið verður fullbúið. Við í byggingarnefnd fengum í fyrra leyfi fyrir efni, en þá voru engir peningar til og hafa enn ekki fengizt, þannig að samningar um efniskaup í útlöndum eru nú fallnir. Það er því furðulegt, að ríkisstj. skyldi fara að skipa n. til að undirbúa rekstur hússins, meðan það var með öllu ófullgert, og gæti svo farið, að það yrði svo í næstu 10 ár. Hæstv. menntmrh. gat þess, að ferðakostnaður n. hefði orðið 16.380.00 kr. Ég vildi nú gjarnan fá það upplýst hjá hæstv. ráðh., hvaða ferð eða ferðir voru farnar, hver för og hvaða árangur hefur orðið af ferðalaginu. Þessi n. byrjaði starf sitt á því að kaupa skrifstofuhúsgögn yfir 5.500.00 kr., og yfirleitt báru aðgerðir n. vott um mikið yfirlæti, en mannavalið var þannig, að sá eini af nm., sem nokkuð hafði ferðazt, var svo ókunnugur þjóðleikhúsbyggingunni, að hann hafði skrifað í grein um húsið, að sá vankantur væri á því, að þegar setið væri á svölunum, þá sæist ekki á senuna, heldur aðeins rendur af senunni. Þegar svo var farið með þennan ágæta rithöfund upp á svalirnar, sá hann ekki einungis senurendurnar, heldur alla senuna og hálfan bakvegginn. Annar nm. sagðist aldrei hafa séð annað leikhús en Iðnó, og undraðist hann ímyndunarafl ríkisstj. að setja sig í slíka n. Það undarlegasta er þó það, að upp úr þessari n. hefur sprottið frv., sem á eftir að gera marga íslenzka fjmrh. gráhærða og láta þá úthella mörgum svitadropum, því að upp úr aðgerðum þessarar n. hefur það verið lögfest að hafa tugi fastra starfsmanna við þjóðleikhúsið, en til þess hafa hvorki Bretar né Bandaríkjamenn treyst sér né heldur Norðurlandaþjóðirnar, nema Danir og stynja nú sáran undir því. En þetta frv., sem lögfest var í fyrra um þjóðleikhúsið, er það vitlausasta og skaðlegasta frv., sem hér hefur verið samþ., og á eftir að verða núv. hæstv. menntmrh. og öllum, sem að því standa, til margfaldrar háðungar.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Mér heyrðist hv. þm. S-Þ. vera að sakast við rekstrarnefnd þjóðleikhússins um frv. hennar, og skal ég ekki deila um það við hann. En það er misskilningur, að rekstrarnefndin tæki fé fyrir störf sín. Hún tók ekki neitt. Annars hefur hæstv. ráðh. gert fulla grein fyrir málinu, fullkomlega tæmandi. Ég vildi aðeins benda á, að orðalag þessarar fsp. er dálítið skrítið. Þar stendur svo, að spurt er, hvað fyrrv. menntmrh., Brynjólfur Bjarnason, hafi gert við 60 þús. kr. úr þjóðleikhússjóði, sem hann hafi notað til annarra þarfa að óvilja þjóðleikhúsnefndar. Nú sagði hv. þm. S-Þ. að vísu, að sér dytti ekki í hug, að ég hefði tekið þetta fé til minna þarfa, en orðalag fsp. er bersýnilega til þess, að menn haldi, þegar þetta t. d. er skýringalaust lesið upp í útvarp, að ég hafi tekið peninga á óheiðarlegan hátt. Hv. þm. hafa heyrt, hvernig í þessu liggur og að ég hef ekkert fé tekið til minna þarfa. Hvað viðvíkur mínum afskiptum af málinu, þá skipaði ég 19. febr. 1945 rekstrarnefnd þjóðleikhússins samkv. till. leikara og áhugamanna um leiklist, og skipaði ég t. d. í n. formenn beggja leikfélaganna í bænum og aðra áhugamenn, svo sem Halldór Kiljan Laxness og Jakob Möller, og er Jakob varð sendiherra, þá tók sæti hans Hörður Bjarnason, sem jafnframt var formaður þjóðleikhúsnefndar. N. tjáði mér síðar, að hún gæti ekki unnið starf sitt án nokkurs fjár til sinna umráða, og mælti ég með því, að n. fengi 60 þús. kr. til starfs síns, enda var það í fullu samræmi við gildandi lög. Þar sem það hafði nú tekið á annan tug ára að byggja þjóðleikhúsið, þá var ekki nema eðlilegt, að leikarar hefðu hug á að gera ráðstafanir til að taka húsið í notkun, strax og það væri tilbúið, og þegar n. var skipuð, var gert ráð fyrir, að það yrði tilbúið á þessu ári. Það var ósk allrar n., að þetta fé yrði greitt, og jafnframt formanns þjóðleikhúsnefndar, Harðar Bjarnasonar, en meiri hluti þjóðleikhúsnefndar vildi hins vegar ekki greiða féð, nema til kæmu bein fyrirmæli ráðherra, og þegar ég hafði gefið þau, þá var það gert, og vona ég, að því hafi ekki verið verr varið en ýmsu öðru fé úr þjóðleikhússjóði. En það er ýmislegt, sem menn vilja gjarnan fá að vita viðvíkjandi byggingu þjóðleikhússins. Ég hef, t. d., verið spurður að því, hvort ekki yrði bráðum farið að halda upp á 20 ára afmælið frá því að byggingin var hafin. Að lokum vildi ég biðja hæstv. ráðh. að gefa upplýsingar um það í fyrsta lagi, hvenær ráðgert er, að húsbyggingunni verði lokið, og í öðru lagi vildi ég óska þess, að Alþ. yrðu gefnar nákvæmar og sundurliðaðar skýrslur um það, hvernig þjóðleikhússjóði hefur verið varið frá upphafi, og þá sérstaklega hvað miklu fé hefur verið varið úr sjóðnum, frá því að framkvæmdir voru hafnar á ný. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort ég megi ekki vænta þessara upplýsinga innan

skamms, en ég vildi það heldur en leggja þessar spurningar fram í fyrirspurnarformi.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. spurði út af grg. n., hver farið hefði í ferðalag á hennar vegum og hvert hann hefði farið og hver árangurinn hefði orðið. Þessu get ég ekki svarað nema að því leyti, að það var form. n., sem fór þessa ferð, en grg. um árangur ferðarinnar hefur ráðuneytið ekki fengið, en ég geri ráð fyrir, að hún komi í skýrslu n., sem lofað hefur verið að kæmi sem fyrst, og getur þá hv. þm. kynnt sér þetta.

Hv. þm. S-Þ. dró hér inn í umr. l. um rekstur þjóðleikhússins og sagði, að þau væru vitlausustu l., sem Alþ. hefði samþ. Þessi l. eru um það, að þjóðleikhúsið skuli rekið sem sjálfstæð ríkisstofnun og verði 45% af skemmtanaskattinum látin ganga til rekstrarins. Engu er slegið föstu um tölu fastra starfsmanna, þar er aðeins sett hámarksákvæði, og má haga starfsmannafjöldanum eftir ástæðum á hverjum tíma.

Hv. 4. landsk. þm. gerði hér tvær fsp., aðra um það, hvenær byggingu þjóðleikhússins mundi lokið, og hina um, hvað greitt hefði verið úr þjóðleikhússjóði. Ég vildi heldur, að hv. þm. gerði skriflegar fsp. um þetta, sem sérstaklega yrðu teknar fyrir, og mun þá ráðuneytið láta athuga þetta hvort tveggja.

17. Ríkisreikningar 1944, 1945 og 1946.

Á 41. fundi í Sþ., 4. febr., var útbýtt:
Fyrirspurn til fjármálaráðherra um ríkisreikninga fyrir árin 1944, 1945 og 1946 (A. 300).

Á 42. fundi í Sþ., 5. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Sþ., 11. febr., var fyrirspurnin tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Sþ., 25. febr., var fyrirspurnin aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Ég hef leyft mér að gera fyrirspurn varðandi ríkisreikningana 1944, 1945 og 1946, og er hún á þskj. 300.

Ég hef ekki orðið var við þessa reikninga og þætti því vænt um að fá upplýsingar um það hjá fjmrh., hvernig á þessum drætti stendur, hvort það er af völdum vöntunar á starfsfólki, húsnæðisleysi eða öðrum ástæðum. Það er dálítið einkennilegt, að einstaklingar og félög skuli þurfa að ljúka reikningsskilum á mánuði, eða í síðasta lagi áður en fyrsta fjórðungi ársins á eftir reikningsárinu er lokið, en ríkið, sem ætti að vera fyrirmynd, skuli láta dragast í 4 ár að leggja ríkisreikninginn fyrir Alþingi. — Ég vil benda á, að 16. febr. 1945 var samþ. þáltill. um þetta efni á þá leið, að reikningunum yrði hraðað. Eftir þessu hefur ekki verið farið, hvorki af fyrrv. ríkisstj. né þeirri, sem nú situr. Hins vegar tel ég nauðsynlegt, að þessu verði kippt í lag, og vil því, um leið og ég vænti svars við þessari fyrirspurn, beina þeirri áskorun til stj., að hún láti lagfæra þetta. Skv. áðurnefndri þál. ætti að leggja reikninginn 1947 fyrir næsta Alþingi, en til þess þyrfti að kjósa nú endurskoðendur fyrir það ár, og það vil ég leyfa mér að leggja til, að verði gert, svo að hægt verði að leggja alla þá reikninga, sem ekki hafa verið samþ., fyrir næsta þing.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég skal geta þess, að ríkisstj. hefur lagt áherzlu á, að reikningurinn 1944 yrði tilbúinn nú, en það hefur ekki tekizt. Allt frá miðju síðastliðnu sumri hafa starfsmenn rn. verið að krefjast athugasemda við reikninginn, en þær hafa ekki borizt fyrr en nú fyrir stuttu, svo að það er nýlega, sem hægt hefur verið að skila aths. til endurskoðendanna. Það ætti að vísu ekki að líða mjög langur tími þar til þessi reikningur verður tilbúinn, en þó er vafasamt, að hægt verði að leggja hann fyrir nú, þar sem nú er nokkuð áliðið þings. — Reikningurinn 1945 er nú prentaður, en endurskoðun hefur ekki verið lokið. Varðandi reikninginn 1946, þá hafa endurskoðendur hans nýlega verið kosnir, svo að endurskoðun á honum er ekki hafin.

Hvað snertir þá ósk flm. að kjósa nú endurskoðendur fyrir 1947, þá skal ég taka það til athugunar. Það er alveg rétt, að þessi dráttur á ríkisreikningunum er óheyrilegur, en fjmrh. verður ekki kennt um þann drátt, sem orðið hefur nú á reikningnum 1944, heldur stafar hann af því, hversu erfitt hefur verið að fá upplýsingar frá ýmsum stofnunum, sem nauðsynlegar eru fyrir endurskoðunina. Þá hefur verið mjög erfitt með húsnæði, en sá annmarki mun nú ekki lengur fyrir hendi. — Ég sé svo ekki ástæðu til að svara þessu frekar, en vænti, að fyrirspyrjandi sætti sig við þetta.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka fjmrh. fyrir svör hans við fyrirspurnum mínum. Af þeim upplýsingum, sem hann hefur gefið, er ljóst, í hvert óefni er komið, — sem sagt, reikningurinn 1944 er enn ekki tilbúinn eftir 4 ár. Dráttur þessi stafar af því, eftir upplýsingum ráðh., að ýmsar stofnanir hafa látið standa á sér með nauðsynlegar upplýsingar. En er ekki óhætt að gera ráð fyrir, að það sé erfiðara með að afla upplýsinganna, eftir því sem fleiri ár líða frá því að hlutirnir gerðust? Þá kom það fram, að reikningurinn fyrir árið 1945 væri prentaður, en að endurskoðun væri ekki lokið, og loks, að ekki væri hafin endurskoðun reikningsins 1946, því að endurskoðendurnir fyrir það ár hefðu nýlega verið kosnir. Það er fráleitt, að endurskoðunin skuli þurfa að bíða, þar til reikningarnir eru prentaðir, ef á því þarf að standa svo mjög eins og undanfarið, og fyndist mér til athugunar, hvort ekki mætti endurskoða þá fjölritaða. Mér þótti gott að heyra undirtektir ráðh. varðandi það að kjósa endurskoðendur nú fyrir 1947, og vænti ég, að úr því geti orðið, svo að allir hinir ósamþykktu reikningar geti legið fyrir næsta þingi.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Aðeins fá orð. Hv. þm. V-Húnv. hefur nú fengið svör frá ráðh.

Þessum þm. þykir að vonum seint sækjast að leggja ríkisreikningana fyrir þingið, og er ekki hægt að undrast það, þó að ekkert sé fært til verri vegar, en það er ýmislegt, sem veldur þessum drætti, sem nauðsyn er að ráða bót á. Í fyrsta lagi tekur nokkurn tíma að semja reikninginn. Þá er að endurskoða hann og gera athugasemdir, en síðan þurfa viðkomandi stofnanir að gera grein fyrir sínu máli, ef eitthvað þykir athugavert, og endurskoðendurnir aftur að athuga það og gera sínar endanlegu athugasemdir. — En það er líka fleira, sem hefur valdið, og það eru húsnæðisvandræði. Í fyrra haust, þegar átti að hefja endurskoðun á reikningnum 1944, þá fékkst ekkert húsnæði, og ekki fyrr en eftir langa bið fengum við loks lánað herbergi á Hótel Borg. Í haust fór á sama veg, þegar átti að fara að endurskoða reikninginn 1945. Þm. þarf því ekki að undra, þótt seint gangi með endurskoðunina. (**Menntmrh.**: Ósköp er að heyra þetta. Hefur endurskoðunin verið húsnæðislaus í 3 ár?). Það er þingið, sem á að sjá um það, þó að það hafi ekki verið gert betur en þetta.

Hv. þm. V-Húnv. sagði, að hægt væri að endurskoða reikningana áður en þeir væru prentaðir, og það getur verið, en mikið yrði að vinna upp af verkinu aftur. (**SkG**: Það er misskilningur.) Hv. þm. gerir sér þá ekki grein fyrir, hvað reikningarnir eru margbrotnir. — Ég vildi aðeins skýra þetta, svo að ekki sé hægt að saka yfirskoðunarmennina um, að þeir hafi ekki unnið eins og kostur var á.

Sigfús Sigurhjartarson: Það hefur komið hér í ljós, í hvílíkt óefni þessum málum er komið. Það er ekki verjandi, að ríkisreikningarnir frá 1944 skuli ekki hafa verið birtir enn. Hvorki húsnæðisleysi né annað getur afsakað það. Svo ekki meira um það. Hins vegar vildi ég benda á það, að ég hygg, að ástæða sé til að athuga, hvernig hin umboðslega endurskoðun fer fram, ekki síður en endurskoðun af hálfu hinna kjörnu fulltrúa þingsins. Um Tryggingastofnun ríkisins er því svo háttað, að ríkið annast endurskoðunina, en á þann hátt, að enn er endurskoðun fyrir árið 1944 ekki lokið. Þetta er ekki sagt í ádeiluskyni á hæstv. núv. fjmrh., heldur fyrrv. Ég vil benda á þetta til að sýna, að ástandið er orðið óþolandi. Yfirstjórn þessarar stofnunar hefur heimtað endurskoðun, og fyrir nokkru var hafizt handa og maður settur í endurskoðunina frá upphafi og einnig fyrir árið 1948. Ef vel á að vera, eiga reikningarnir að koma fram ekki síðar en í marzmánuði ár hvert. Þessi mál eru í öngþveiti, og engar afsakanir er hægt að taka gildar. Sérhvert fyrirtæki lætur þessu vera lokið á útmánuðum.

Ingólfur Jónsson: Vegna þess, sem hv. 1. þm. Árn. sagði um tafir í sambandi við húsnæðiseklu, vil ég benda á það, að áður hefur þetta ekki verið betra. Árið 1945 flutti ég og hv. þm. N-Ísf. till. um að koma þessu í betra horf. Till. var flutt vegna þess, að árið 1945 var lagður fram ríkisreikningurinn fyrir 1941, fjórum árum á eftir tímanum. Eldri þm. hafa sagt mér, að þetta sé löng saga og að það hafi tíðkazt í 10—15 ár, að ríkisreikningarnir hafi ekki verið lagðir fyrir fyrr en 3—4 árum eftir að þeir hefðu átt að koma fram.

Það er merkilegt, að í hvert sinn, er spurt er um þetta í þinginu, koma fram afsakanir fyrir þessu sleifarlagi. Ég hélt, að þegar till. okkar, sem ég vitnaði í, var samþ., þá mundi það hafa áhrif og þessu yrði kippt í lag, en árangurinn hefur enginn orðið. Húsnæðisleysi er engin afsökun. Hitt er ekki undarlegt, þótt illa gangi að fá svör við fyrirspurnum, þegar verkið er unnið 3—4 árum á eftir, kannske búið að skipta um fólk og leita verður í blöðum, sem fyrir löngu hafa verið lögð til hliðar. Ég er hissa á því, að endurskoðendunum skuli detta í hug að reyna að afsaka þetta. Ég er hissa á því, að þeir skuli ekki heldur krefjast þess, að þessu verði kippt í lag og þeim veitt nauðsynleg aðstoð til þess.

Svo ætla ég ekki að segja meira um þetta. Ég vil bara skora á þá, sem með þetta hafa að gera, að kippa því í lag. Það er leitt, að þeir, sem eiga að vinna verkið, skuli reyna að afsaka þetta sleifarlag.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ef hv. 2. þm. Rang. hefði ekki verið hér áðan, er ég sagði þessi fáu orð, þá væru þau ummæli hans skiljanleg, að verið væri að afsaka þann drátt, sem orðið hefur á því, að reikningarnir væru lagðir fram. En hvernig getur hann haldið því fram, að ég sé að afsaka þetta og bera í bætifláka, þegar ég fyrir þremur mínútum síðan lét í ljós þá skoðun fyrir hönd allra yfirskoðunarmannanna, að þetta væri ergilegt og þyrfti að bæta úr því?

Eitt af því, sem torveldað hefur störfin, er það, að við höfum þurft að bíða mánuðum saman eftir húsnæði. Ég veit ekki, hvort ætlazt er til þess, að við hefðum átt að taka hús á mönnum með lögregluvaldi. — Við höfum kvartað við hæstv. ríkisstj., og fer ég ekki að skýra nánar frá því hér, en við höfum gert það engu að síður, þótt það væri gert á kurteisan hátt og verði ekki básúnað hér. Það getur hafa verið gert í fullri alvöru fyrir því.

Það hefur verið rekið eftir í þessum efnum og reynt að flýta verkinu eins og unnt hefur verið, einmitt vegna þess, að yfirskoðunarmennirnir hafa skilið, hve óþægilegt það er, að reikningarnir komi seint fram.

Ég hef aðeins viljað gefa upplýsingar um þetta hér og skýra frá erfiðleikum yfirskoðunarmannanna.

18. Þjóðleikhúsið (fsp. BrB).

Á 43. fundi í Sþ., 11. febr., var útbýtt:

Fyrirspurn til menntamálaráðherra varðandi þjóðleikhúsið (A. 330,1).

Á 44. fundi í Sþ., 12. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 29 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 18. febr., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Þegar fsp. hv. þm. S-Þ. varðandi ákveðna greiðslu úr þjóðleikhússjóði var hér til umr., bar

ég fram þessa fsp., sem ég vænti, að hæstv. menntmrh. muni svara. Ég taldi, að þetta væri hlutur, sem hv. þm. og almenningur mundi hafa mikinn áhuga á að fá upplýsingar um og meira virði en sérstaka skilgreiningu á því fé, sem hv. þm. S-Þ. spurði um, sem reyndist svo ekki meira en 16 þús. kr.

Ég vænti svo að fá að heyra skýrslu hæstv. ráðh. og þarf ekki að fara um málið fleiri orðum að sinni.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af þessari fsp. hef ég skrifað þjóðleikhúsn. og beðið hana um skýrslu og fékk hana í morgun. Er þar vísað í svör frá skrifstofu húsameistara, og geri ég því ráð fyrir, að n. geri svör húsameistara að sínum. Um þetta efni segir húsameistari svo:

„Með þeim takmörkunum, sem nú eru á efnisöflun erlendis frá, get ég ekki sagt um, hvenær húsið geti orðið fullgert, mætti þó gizka á um næstu áramót.“

Auk þess vil ég láta falla þau orð til viðbótar, að skömmu eftir að ég tók við því starfi, sem ég gegni nú, kallaði ég til mín þjóðleikhúsn. og húsameistara til að fá að vita, hvernig væri ástatt með þjóðleikhúsið og efnisöflun til þess. Kom þá í ljós, að byggingin hefur ekki enn þá fengið, svo að teljandi sé, neinn gjaldeyri til efniskaupa erlendis frá, sem á þarf að halda til að ljúka byggingunni og útbúnaði hússins. Ég lagði áherzlu á að fá yfirlit um, hversu mikinn gjaldeyri þyrfti til að ljúka húsinu. Fékk ég þær upplýsingar, að það mundi vera um 2 millj. kr., aðallega vegna innréttingar hússins og útbúnaðar á leiksviði. N. upplýsti, að hún hefði sótt um í þessu skyni 1900 þús. kr. á árinu 1946. en síðar hefði hún með ráði sænsks ráðunautar, sem hún hefur haft, lækkað það niður í 500 þús. sænskar kr. til byggingarinnar, og hefði hann talið, að það mundi nægja. N. hafði í höndum bréflegt loforð frá viðskiptaráði, að gefið skyldi verða leyfi, þegar á þyrfti að halda, fyrir 600 þús. ísl kr. Aðra úrlausn hefur hún ekki fengið í gjaldeyrismálum. Ég lagði strax áherzlu á, að málið yrði tekið upp á ný og leitað eftir því við gjaldeyrisyfirvöldin að fá yfirfærslu tryggða. En það var ljóst, að þar var við ramman reip að draga, þar sem búið var að ráðstafa öllum gjaldeyri og miklir yfirfærsluörðugleikar, enda hefur reynslan sýnt, að þótt mikið hafi verið unnið að því, þá hafa ekki fengizt yfirfærslur, svo að hægt sé að gera samninga viðvíkjandi innréttingu og ljósatækjum. Gjaldeyrisn. hafði veitt leyfi í sambandi við samning við sænskt firma, en yfirfærsla fékkst samt ekki, svo að sá samningur kom ekki að haldi. Ég vil rétt um leið undirstrika, að á sama tíma sem þjóðleikhúsið fær engan gjaldeyri til að koma sínum málum áfram á tímum, þegar nógur gjaldeyrir var til, virtist enginn hörgull á, að einstaklingar gætu fengið gjaldeyrisyfirfærslur til að ljúka bíóbyggingu og öðrum byggingum. Af einhverjum furðulegum ástæðum fór það svo, að öllum gjaldeyrisinnistæðum landsmanna var ráðstafað, án þess að þjóðleikhúsið kæmi þar til greina.

Nú vildu þjóðleikhúsn. og ráðuneytið ekki láta við svo búið standa. Vildu báðir koma þessu máli áfram, þó að svona stæði á. Voru athugaðir möguleikar á því að gera samninga þannig, að gjaldfrestur fengist á upphæð þess samnings, sem gera átti í Svíþjóð á efni til innréttingar. Hafa þessar samningaumleitanir staðið yfir nú um hríð, en ekki borið árangur ennþá. Eins og menn sjá á því síðara fjárlagafrv., sem fram hefur verið lagt, þá er þar lagt til, að stjórnin fái heimild til að ábyrgjast lán í þessu skyni, til þess að hægt sé að fá bæði innréttingu og annan útbúnað, sem þarf í húsið, og er ráðgert að kaupa ljósatækin í einhverju landi, þar sem hægt væri að koma við vöruskiptum.

Eftir að hafa heyrt þessar upplýsingar geta menn skilið, að ekki er óeðlilegt, að það standi í bréfi húsameistara, að erfitt sé að segja um, hvenær húsið verði fullgert. Um það verður ekkert fullyrt, það fer eftir því, hvernig rætist úr gjaldeyrismálunum. Mér skilst á þeim, sem eru kunnugir þessum málum, að ef hægt væri að ganga frá samningum nú strax og fá gjaldeyrisleyfi, þá væri von til, að hægt væri að taka húsið til notkunar um næstu áramót, en það er áreiðanlega allra fyrsti tími, sem kemur til mála, eins og þessi mál horfa nú við, og sjálfsagt ekki skynsamlegt að reikna með, að það geti orðið, hversu mikil áherzla sem lögð er á málið. Þetta læt ég duga um það atriði.

Þá er síðari spurningin, hve miklu fé hafi verið varið til þjóðleikhússins og hvað sé áætlað, að það muni kosta fullgert, og óskað nákvæmrar, sundurliðaðrar skýrslu um allar greiðslur úr þjóðleikhússjóði frá upphafi og sérstaklega tilgreint, hve miklu fé hefur verið varið til byggingarinnar, frá því að vinna við hana var hafin að nýju eftir hernámið.

Um þetta hef ég eftirfarandi upplýsingar:

Byggingarkostnaður til áramóta 1947 var 5806488 kr., en seinna tímabilið var byggingarkostnaður sem hér segir:

1944	740	þús. kr.
1945—1948	4331	þús. kr.

Kostnaðurinn síðara tímabilið er þá m. ö. o. samtals 5071 þús. kr.

Kostnaður við þjóðleikhúsið frá upphafi sundurliðast þannig á ár:

1929	8458,38 kr.
1930	119594,41 —
1931	273427,26 —
1932	204085,67 —
1933	79145,08 —
1934	21533,60 —
1935	4036,63 —
1936	4517,88 —
1937	683,12 —
1938	1587,12 —
1939	3414,78 —
1940	2417,31 —
1941	8597,50 —
1942	3346,73 —
1943	„
1944	740086,36 —
1945	1142863,28 —
1946	1585207,56 —
1947	1603393,96 —
	5806486,64 kr.

Þá er spurt um, hvað sé áætlað, að húsið muni kosta fullgert. Það stendur í bréfinu, að áætlaður kostnaður á útlendu efni og vinnu frá 1/1 1948 til lokasmíðis sé 3200 þús. kr., en að fullgera húsið sé áætlað 4800 þús. kr.

Ég skal geta þess, að þjóðleikhússjóður mun nú eiga í handbæru fé 1750000 kr. og eiga eftir að fá

allan skemmtanaskattinn fyrir 1947, sem menn ímynda sér, að muni nema öðru eins, svo að það verður þá samtals 3½ millj. kr. Á árinu 1948 má gera ráð fyrir tekjum af rekstri á húsinu, þannig að þetta fé verði samtals nokkuð á 5. millj. kr., eða ekki alveg eins mikið og áætlunin hljóðar um.

Ég þykist vita, að hv. þm. þyki eitt skorta á um svör við fyrirspurnunum, en það er sundurliðun á öllum kostnaði, en um það spurði hann m. a. Þessi spurning er þannig vaxin, að erfitt er að gera sér grein fyrir, hvernig fyrirspyrjandi hugsar sér hana. Það er augljóst, að ekki er hægt að leggja fram skýrslu um hverja einstaka greiðslu öll þessi ár, því að þær skipta árlega mörgum þúsundum og sennilega tugum þúsunda. Ráðuneytið hefur óskað eftir gögnum, sem hægt væri að nota sem svör við fyrirspurninni, en annað en það, sem ég hef greint, hefur ráðuneytið ekki fengið. Ráðuneytið hefur óskað eftir því við n. að fá byggingarkostnaðinn sundurliðaðan hæfilega mikið, eins og venjulegt er, þegar grg. eru gerðar um slíka hluti, en hún er ekki komin, en það er sjálfsagt, að hv. þingmaður og aðrir þm. fái aðgang að henni, en ef það er eitthvað sérstakt, sem hv. þm. óskar eftir með þessari fsp., þá vil ég leyfa mér að óska þess, að hann orði fyrirspurnina þannig, að hægt sé að átta sig á, hvað hann vill einkum fá að vita og hvernig hann vill fá byggingarkostnaðinn sundurliðaðan.

Fyrirspyrjandi (Brynjólfur Bjarnason): Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann hefur gefið við þessum fsp. Það virðist sem hann hafi gert sér far um að svara eins greinilega og nákvæmlega og kostur var á. Ég gerði ráð fyrir, að það mundi taka nokkurn tíma fyrir hæstv. ráðh. að afla þeirra gagna, sem nauðsynleg væru til að gefa fullnægjandi svör, enda er ekki enn komið það, sem ég hafði mestan áhuga fyrir, en það var sundurliðuð skýrsla yfir þær greiðslur, sem fram hefðu farið úr þjóðleikhússjóði. Ég bjóst ekki heldur við því, að ráðh. mundi á svo studdum tíma hafa tök á því að leggja þær fram. En hann hefur nú lofað því, að hann skuli afla þessara gagna og leggja þau fyrir þm., og fyrir það er ég honum þakklátur og vona, að það verði eins fljótt og kostur er. Fsp. fjallar ekki um neinar sérstakar greiðslur, heldur um eins sundurliðaða skýrslu og unnt væri úr þjóðleikhússjóði frá upphafi, til þess að þm. gætu gert sér um það eins ljósa hugmynd og unnt væri, hvernig því fé hefur verið varið.

Hvað snertir fyrri lið fsp., þá svaraði ráðh. því, að þjóðleikhúsnefnd gizkaði á, að húsið mundi verða tilbúið, þannig að hægt væri að taka það til notkunar fyrir þjóðleikhússtörf um næstu áramót. Þetta er vitanlega aðeins ágizkun, og hafa áður komið ágizkanir frá þessari nefnd, sem hafa ekki staðizt. T. d. hefur verið gizkað á, að húsið gæti verið tilbúið 1947. Það er nú von, að n. eigi erfitt með að gizka á þetta, þar sem hún á erfitt með að gizka á, hve mikinn gjaldeyri hún fær til efniskaupa, en hins vegar gæti ríkisstj. gefið um það upplýsingar, og óskaði ég þess, þegar ég lagði þetta fram, að það kæmi glögglega fram, hvort ríkisstj. sæi sér fært að láta n. fá það mikið fé í erlendum gjaldeyri, að lokið verði við húsið eins fljótt og hægt er.

Hvað hina fsp. snertir, hefur ráðh. gefið mjög fróðlegar upplýsingar. Það kom fram í því svari, að það fé, sem farið hefur til þjóðleikhússins fyrir stríð, eða fram að þeim tíma, sem herinn tók bygginguna, er aðeins rúmar 700 þús. kr. En það, sem varið hefur verið til hússins síðan, til áramóta 1947, er aftur á móti röskar 5 millj. kr. Þarna er ekki talin með innrétting, en áætlað er, að það, sem á vantar, muni vera um 4 millj. og 800 þús., þannig að alls mun þjóðleikhúsið kosta hátt á elleftu milljón. Og ef þessi áætlun stenzt, lítur dæmið þannig út, að það, sem kostað hefur verið til að koma húsinu upp fyrir stríð, eru 700 þús., en það, sem eftir er, er um 10 millj. Þetta eru raunar ekki sambærilegar tölur, því að byggingarkostnaður fyrir stríð var allur annar en nú, en þó að gert sé fyrir því, þá er hér samt um furðulegan samanburð að ræða. Segjum, að byggingarkostnaður hafi fimmfaldazt. Þá er kostnaðurinn fyrir stríð um 3½ millj. á móti því, sem kostar að fullgera húsið, þ. e. um 10 millj., ef við tækjum sambærilegar tölur. — Þegar litið er á þessar tölur, sem eru ákaflega fróðlegar fyrir alþm., þá er áhugi minn og margra annarra enn meiri fyrir því að fá einmitt þessa sundurliðuðu skýrslu, sem ég var með fsp. minni að óska eftir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af upplýsingum frá hæstv. menntmrh. vil ég gjarnan spyrja, hve mikinn hluta setuliðið hafi greitt fyrir skemmdir á húsinu eða í leigu þann tíma, sem þeir voru í því, á móti þeirri upphæð, sem hér hefur verið varið síðan til þess að halda áfram byggingu hússins. Ég geri ráð fyrir, að húsið hafi verið skemmt mjög mikið í höndum þessara aðila og mjög mikið af þessum kostnaði stafi af því, að bæta þurfti úr þeim skemmdum.

Annars gefa þessar upplýsingar, sem ráðh. gaf, tilefni til þess að athuga, hvort það á að leyfa að láta ákveðið fé, sem er skattur frá þjóðinni, renna til svona framkvæmda svo að segja eftirlitslaust, eins og hér hefur verið gert, því að það er víst, að ef þessar fjárveitingar hefðu verið greiddar árlega úr ríkissjóði, væri búið að segja mörg orð um þetta mál.

Jónas Jónsson: Ég held, að það komi hér fram nokkur ókunnugleiki á þessu máli, t. d. hjá þeim hv. þm., sem síðast talaði. En það er hins vegar heppilegt, að þessar umr. séu hér. Menn veiti því eftirtekt, að húsið var gert fokhelt fyrir 1933 fyrir 700 þús. kr. En hvernig stóð á því, að það var hætt við það þá? Það var Alþ., sem rauf samninga við þjóðleikhússjóð og þjóðleikhúsnefnd, tók alla peningana og lét svo húsið standa, en götustrákar brutu í því rúður og gerðu allt það illt af sér, sem þeir gátu. Þegar svo herinn kom, tók hann það, og sú leiga, sem fékkst eftir það, var miðuð við pakkhúsleigu í bænum og komst í þessu tilfelli upp í eitthvað 200 þús. kr. En það, sem eftirtektarverðast er — og vona ég, að hv. þm. Barð. athugi það —, er það, að ef húsið hefði verið látið hafa sinn sjóð og verið byggt á þeim tíma, sem átti að gera, hefði það verið komið upp, áður en stríðið skall á, og kostað lítið. Hv. 4. landsk. var hissa á því, hvað það væri dýrt að byggja núna. Hverjum er það að kenna? Hverjum er meira að kenna en einmitt honum um vöxt dýrtíðarinnar? Hverjir voru það aðrir en hv. 4. landsk. og hans lið, sem hækkuðu kaupið

með skæruhernaðinum. Nú sjá þeir sig í þessum spegli, og er þó ekki allt komið fram.

Það, sem minnzt hefur verið á erfiðleikana núna að ljúka húsinu, er ákaflega auðskilið. Það hefur alltaf verið unnið á móti þjóðleikhúsinu af fjöldanum í Rvík, síðast og allra mest af hv. 4. landsk. og þeim, sem fetað hafa í hans spor, því að það, sem vakti fyrir þeim, sem komu þessu máli áleiðis, var það, að hér væri þjóðleikhús, sem áhugasamir leikmenn gætu notað, en um leið og hv. 4. landsk. kemst höndum undir, heimtar hann með vafasömum rétti peninga handa vinum sínum og gæðingum til þess að leika sér úti í löndum, og ég óska þess, að einn þátturinn í þeirri skýrslu, sem hann hefur hér óskað eftir, verði sundurliðun á þeim reikningi, þeim 16 þús., sem hans maður fékk til þess að skreppa til Kaupmannahafnar.

Páll Zóphóníasson: Í sambandi við þessa fsp. vildi ég spyrja hæstv. ríkisstj. um það, sem ég hefði kannske átt að vita, hvort reikningar eins og þessi séu ekki endurskoðaðir árlega eins og landsreikningurinn. Og ef það skyldi ekki vera, langar mig til að beina því til hæstv. ríkisstj., hvort það væri ekki rétt að láta gera það.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Mér er ekki kunnugt um það, hvernig reikningar þjóðleikhúsnefndar eru endurskoðaðir, en að sjálfsögðu ætti það að vera þannig, að þeir væru endurskoðaðir árlega. Ef til vill getur hæstv. fyrrv. menntmrh. upplýst það, en ég mun kynna mér það og sjá um, að þeir verði endurskoðaðir, hafi það ekki verið gert.

Hv. þm. Barð. spurði, hvort Bretar hefðu borgað eitthvað fyrir húsið. Það er mér ekki kunnugt um, það var fyrir löngu afstaðið, þegar ég kom að þessum málum, og ef til vill getur fyrrv. menntmrh. gefið upplýsingar um þetta. Annars borgaði herliðið mér vitanlega ekki leigu eftir neitt húsnæði, sem það hafði hér, en mér er ekki kunnugt um það. (**JJ:** Herliðið borgaði 200 þús. fyrir þjóðleikhúsið.) Það er þá upplýst, að herinn hafi borgað þessa upphæð.

Í sambandi við það, sem fyrirspyrjandi sagði, hvort ríkisstj. gæti ekki sagt til um það, hvort gjaldeyrir fengist til þess að ljúka húsinu, þá var ég búinn að upplýsa það, að gjaldeyrisyfirvöldin hafa ekki talið sér fært að verða við óskum þjóðleikhúsnefndar um yfirfærslu gjaldeyris af þeim venjulegu gjaldeyristekjum í þessu skyni, og þess vegna hefur verið farið inn á þá braut að semja um gjaldfrest eða lán í sambandi við það. Ef það tekst, geri ég ráð fyrir, að þetta geti gengið. Annars geri ég varla ráð fyrir, að þetta verði látið. — En þetta gefur mér nokkurt tilefni til þess að minna á það, að fyrrv. menntmrh. ætti að vera nokkuð kunnugt um það, hvernig í þessu liggur, því að hann var menntmrh. í 2 ár a. m. k., og á þeim árum var ráðstafað öllum gjaldeyrisinnistæðum þjóðarinnar, gefin út leyfi fyrir þeim öllum og ríflega það, en þjóðleikhúsið fékk ekki neina úrlausn sinna mála á þeim tíma.

Eins og ég sagði, mun ég óska eftir sundurliðaðri skýrslu yfir byggingarkostnaðinn, eins og venja er til undir slíkum kringumstæðum. En hvort fyrirspyrjanda líkar sundurliðunin á þeirri skýrslu, um það verður auðna að ráða.

19. Áhættuiðgjöld til Tryggingastofnunar ríkisins 1947.

Á 43. fundi í Sþ., 11. febr., var útbýtt:

Fyrirspurn til félagsmálaráðherra um upphæð áhættuiðgjalda og slysabóta hjá Tryggingastofnun ríkisins árið 1947 (A. 330,2).

Á 44. fundi í Sþ., 12. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 29 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 18. febr., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Samkvæmt 113. gr. l. um almannatryggingar eiga allir þeir, sem gjaldskyldir eru samkv. 112. gr. sömu l., einnig að greiða sérstakt áhættuiðgjald í tryggingastofnunina. Í þessari gr. segir einnig, að upphæð áhættuiðgjalda beri að miða við slysahættuna, svo að þau hrökkvi fyrir bótum og þeim kostnaði, sem tryggingastofnuninni ber að greiða vegna slysa. Á sínum tíma var gefin út reglugerð um innheimtu þessara iðgjalda, og vil ég nú bera fram fsp. til hæstv. félmrh. um það, hve miklu nemi þau áhættuiðgjöld, sem tryggingastofnunin hefur innheimt samkvæmt þessum lagaákvæðum 1947, og hvað tryggingastofnunin hefur borgað miklar bætur vegna slysa á því ári. Mér þætti vænt um að fá um þetta upplýsingar frá hæstv. ráðh.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Þessi fsp. barst mér fyrir fáum dögum síðan, og vildi þá svo óheppilega til, að forstöðumaður Tryggingastofnunar ríkisins var farinn burt úr bænum og verður fjarvistum um skeið, en kemur þó væntanlega í næstu viku. Ég gat því ekki aflað mér þeirra upplýsinga, sem ég hefði kannske átt að gefa í sambandi við þessa fsp., en vildi þó til bráðabirgða gefa þær upplýsingar, sem fáanlegar voru. Ég sneri mér til deildarstjórans í tryggingastofnuninni út af fsp., og vil ég með leyfi hæstv. forseta leyfa mér að lesa upp bréf, sem mér hefur borizt frá honum varðandi þessa fyrirspurn:

„Með bréfi, dags. 16. febr. 1948, hefur hið háa ráðuneyti — af tilefni fyrirspurnar Skúla Guðmundssonar alþingismanns — beðið um upplýsingar, hverju numið hafi iðgjöld og bætur slysatryggingarinnar árið 1946, svo og um þær upplýsingar, sem tiltækilegar eru um áhættugjöld samkv. 113. gr. almannatryggingalaganna og slysabætur samkvæmt sömu lögum á árinu 1947. Samkvæmt reikningum Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 1946 hafa iðgjöld iðntryggingar numið kr. 3018341,96, en bætur iðntryggingar kr. 1114009,18. Iðgjöld sjómannatryggingar fyrir sama ár voru kr. 1709081,40, en bætur kr. 1571731,04.

Samtals hafa slysatryggingaiðgjöld skyldutrygginga árið 1946 því numið kr. 4727423,36, en bæturnar kr. 2685740,22.

Fyrir árið 1947 hafa dauðaslys enn ekki öll verið gerð upp að fullu, þ. e. verðmæti allra lífeyrisgreiðslna hefur enn ekki verið reiknað út, en lauslegt yfirlit bendir til þess, að bætur vegna slysa á

árinu 1947 muni nema um 2 millj. króna. Eru þar í ekki taldar tryggingarupphæðir, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt vegna ólögboðinna trygginga á árinu 1947, en þær voru óvenju miklar, og nægir þar að benda á flugslysin þrjú, sem á því ári urðu hér á landi.

Reikningar hafa enn eigi borizt frá innheimtumönnum vorum, en ætla má, að álögð iðgjöld samkvæmt 113. gr. verði sem næst því 5 millj. kr.

Gera má því ráð fyrir, að allverulegur afgangur verði á áhættuiðgjöldum ársins 1947, en á það skal bent, að það ár hafa færri sjómenn drukknað af íslenzkum skipum en dæmi eru til áður, og enn fremur, að reynslan hefur sýnt, að eftir því, sem atvinnuskilyrði eru betri í landinu, verða tiltölulega færri slys, sem bæta þarf, miðað við vinnutíma.

Vér leyfum oss að benda á þessi tvö atriði, sem bætt hafa afkomu þessa þáttar almannatrygginganna mjög s. l. ár, en sem vér verðum að vera viðbúnir að geti breytzt til hins verra."

Þannig eru þessar upplýsingar, sem ég hef fengið hjá slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, og eins og ég tók fram, er þess varla að vænta, að það sé hægt með vissu að upplýsa, hvað útgjöldin mundu nema í sambandi við slysatryggingar á árinu 1947, og ekki heldur hægt að segja um það með vissu, hvað iðgjöldin yrðu, þegar búið væri að gera upp allar iðgjaldainnheimtur fyrir árið 1947. En það, sem kemur í ljós hvað bæði árin snertir, eins og bent er á í bréfinu, er, að það hefur orðið verulegur tekjuafgangur af slysatryggingum, bæði raunverulegur varðandi árið 1946 og útlit fyrir, að svo verði fyrir árið 1947. Ég vil hins vegar undirstrika það, sem segir í niðurlagi þessa bréfs og er viðtekin regla í öllum tryggingum, að ekki má dæma út frá reynslu 1 eða 2 ára, hvorki í þessum tryggingum né öðrum, því að árin eru mjög mismunandi í þessu tilliti. Sum eru á þann veg, að iðgjöldin gera miklu meira en hrökkva fyrir bótagreiðslum, en svo koma ef til vill önnur ár, þar sem iðgjöldin hrökkva ekki til greiðslna á bótum. Það er því mjög óvarlegt að ályktа út frá því, þótt afkoma slíkra trygginga hafi orðið góð um eins eða tveggja ára skeið, því að það þarf miklu lengri reynslutíma til slíks.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur hér gefið. Ég hafði að vísu ekki spurt um útkomuna á þessum þætti í rekstri stofnunarinnar fyrir árið 1946, en hins vegar var gott að fá þær upplýsingar, sem hann gaf um þetta. Samkv. þeim virðist sem þarna hafi orðið rúmlega 2 millj. kr. mismunur á árinu 1946 á innheimtum iðgjöldum og þeim bótum, sem stofnunin hefur orðið að greiða vegna slysatryggginganna, sem iðgjöldin hafa numið hærri upphæð á því ári. Sömuleiðis, samkv. upplýsingum hæstv. ráðh. um árið 1947, sem ég spurði um, hefur orðið mikill tekjuafgangur, en þó eru það að nokkru ágizkanir enn sem komið er. Vildi ég í þessu sambandi beina því til hans, hvort ekki mætti vænta, að hann gæti gefið þinginu um þetta nákvæmari upplýsingar, áður en langt um líður. Gert er ráð fyrir því, að bótagreiðslur nemi um 2 millj. kr., en innheimt slysatryggingaiðgjöld tæpum 5 millj. kr., og er þarna því um ca. 3 millj. kr. mismun að ræða, sem iðgjöldin nema hærri upphæð heldur en það, sem stofnunin hefur þurft að greiða í bætur. Nú er það svo samkv. þessari 113. gr. tryggingal., eins og ég vitnaði í áðan, að þar segir, að ákvarðanir þessara iðgjalda, sem lögð eru á atvinnurekendur, eigi að miða við, að þau hrökkvi fyrir bótum og kostnaði, sem stofnunin eigi að greiða. Hins vegar er það ekki í samræmi við l., að þessi þáttur í starfsemi stofnunarinnar sé tekjustofn fyrir tryggingasjóð að öðru leyti, og mér skilst því, að þar sem innheimt hafa verið miklu hærri iðgjöld heldur en þurft hefur til þess að greiða slysatryggingabætur, þá eigi þeir, sem greitt hafa, þarna inni verulegar upphæðir hjá stofnuninni, sem hljóta að koma þeim til góða, annaðhvort á þann hátt, að iðgjöldin verði nú ákveðin miklu lægri, eða þannig, sem ég álít vera réttara, að þeim, sem greitt hafa þessi óþarflega háu iðgjöld árið 1947, yrði endurgreitt, um leið og nýju gjöldin væru innheimt. Ég álít það sjálfsagðan hlut, að þannig verði þetta framkvæmt, enda skylt að gera það samkv. l., og væri gott að fá að heyra það frá hæstv. ráðh., hvort hann hefur ekki sama skilning á þessu ákvæði l., að þessi rekstur eigi að gerast upp út af fyrir sig.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég vildi fyrst og fremst geta þess út af ræðu hv. fyrirspyrjanda, að mér er skylt og ljúft að gefa, þegar tækifæri gefst, nákvæma skýrslu um afkomu þessara tryggingagreina á árinu 1947, og má vel vera, að svo geti farið, áður en þingi lýkur og sérstaklega, þegar forstjóri tryggingastofnunarinnar væri kominn heim, sem ég þyrfti að ræða nánar við um þessi atriði.

Út af því, sem hv. þm. V-Húnv. sagði um reynslu þessara 2 ára í sambandi við slysatryggingar, þar sem af þeim hefur orðið ágóði árið 1946, sem nam ca. 2 millj. kr., og að áætlað væri eftir þeim tölum, sem ég gaf upp, en tók jafnframt fram, að ekki væru nákvæmar, að afgangurinn af þessum sömu tryggingagreinum gæti orðið allt að 3 millj. kr. fyrir árið 1947, — kom hv. þm. inn á það með tilvísun til 113. gr. almannatryggingal., að rétt væri og skylt að bæta þeim, sem iðgjöld hafa greitt, upp það, sem afgangs hefði orðið í þessari tryggingagrein. Ég vil fyrst og fremst endurtaka það, sem ég sagði hér áður, að í öllum slíkum tryggingum er ekki unnt að miða afkomuna við reynslu eins eða tveggja ára, heldur verður reynslutíminn að vera miklu lengri, því að í þessu tilliti geta sum ár orðið góð og gefið afgang, en önnur slæm í tryggingalegu tilliti, þannig að iðgjöldin standa ekki undir bótagreiðslum, en þó mætti væntanlega sjá, áður en langt um liði, hvort ákvæðin um iðgjöldin hefðu verið sett svo há, að óhætt væri að fenginni reynslu að lækka þau. — Þá leið, sem hv. þm. talaði um, að endurgreiða iðgjaldagreiðendum eitthvað af áður greiddum iðgjöldum, tel ég ekki færa, því að iðgjöldin breytast nokkuð frá ári til árs og því erfitt við það að eiga. Hin leiðin er eðlileg og sjálfsögð, og kæmi það til álita að fenginni reynslu, hvort ekki væri unnt að lækka iðgjaldagreiðslurnar að einhverju leyti. Það er alls ekki meiningin, að ágóði eigi að verða af þessari tryggingagrein, heldur einungis að tryggja það, að iðgjaldatekjurnar standi undir bótagreiðslum, og á ekki að miða við eins eða tveggja ára tímabil, heldur lengri tíma. Ég álít, að fljótlega muni að því koma, að

Tryggingastofnun ríkisins eigi að taka til endurskoðunar þá reglugerð, sem ákvarðar iðgjaldagreiðslurnar, ef unnt væri að gera þar breytingar til lækkunar að fenginni nægilegri reynslu. Um þetta atriði mun ég ræða við forstjóra tryggingastofnunarinnar, þegar þar að kemur, og hann og tryggingaráð munu að sjálfsögðu bera saman bækur sínar um það, hvað rétt sé að gera í þessum efnum. Mun ég svo — að gefnu þessu tilefni — halda málinu vakandi.

20. Bessastaðakirkja.

Á 45. fundi í Sþ., 18. febr., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar varðandi Bessastaðakirkju (A. 360,1).

Á 46. fundi í Sþ., 19. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 25. febr., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Bessastaðakirkja er ein af elztu kirkjum landsins. Hún mun byggð aðallega á árunum 1790—1795 fyrir samskotafé og framlög úr konungssjóði. Gerð kirkjunnar mun ekki hafa verið breytt verulega, frá því hún var byggð, og mun helzta breytingin frá upphafi vera sú, er amtmannsstúkan svo nefnda var tekin úr kirkjunni í tíð Gríms Thomsens. Hér var því um hið merkasta guðshús að ræða, byggingu, sem hafði mikið menja- og minningagildi og sjálfsagt var því að varðveita, þótt kirkjunni hafi því miður ekki ávallt verið haldið svo vel við sem skyldi og brýn nauðsyn hafi því verið á ýmsum endurbótum til að forðast frekari skemmdir á hinni merku byggingu.

Fyrir nokkru barst mér til eyrna, að undanfarið hefði verið unnið að mikilli og dýrri „viðgerð" á Bessastaðakirkju. Ég vil taka það skýrt fram, að ég tel viðgerð á Bessastaðakirkju hafa verið sjálfsagða, ég tel, að hún hefði átt að fara fram fyrir löngu vegna aldurs og virðingar hússins, enda allt of lítið að því gert hér að leggja rækt við gamlar byggingar, og enn sjálfsagðara að gera vel við kirkjuna, eftir að Bessastaðir urðu forsetasetur. Ég tel sjálfsagt, að þeirri viðgerð hefði verið hagað þannig, að hinni gömlu gerð kirkjunnar væri haldið, gripir þeir, sem þar voru, væru þar áfram, þótt nauðsynlegt væri að endurbæta þá, enda sumir þeirra hinir merkustu munir, svo sem hinn meira en tveggja alda gamli prédikunarstóll.

Framkvæmdum öllum hefur þó verið hagað mjög á annan veg, svo að rangt er í sjálfu sér að tala um viðgerð á Bessastaðakirkju. Það er verið að gera nýja kirkju. Þótt ótrúlegt sé, hefur öllu innan veggja í kirkjunni verið rutt burt, hinum ævagamla prédikunarstóli, altari, altaristöflu, kórgrindum, bekkjum, tígulsteinagólfi og legsteinum. Ekkert mun eiga að vera um kyrrt úr hinni gömlu kirkju annað en skírnarfontur og legsteinn Magnúsar Gíslasonar, sem þó hefur verið rifinn af gröf amtmannsins og greyptur inn í vegg. Annar mjög merkur steinn, legsteinn Páls Stígssonar, sem áður var í veggnum, hefur verið tekinn þaðan. Allir þessir gripir munu að vísu hafa komizt í vörzlu þjóðminjavarðar, og munu þeir eftir hrakninga hafa hafnað í hermannaskála á háskólalóðinni. Í stað þess, sem áður var í kirkjunni, mun hafa verið unnið að því að smíða annað nýtt, og hefur mér skilizt, að kostnaður við þessar framkvæmdir sé farinn að nálgast hálfa millj. kr., þótt ekki muni þeim nærri lokið enn.

Húsameistari ríkisins hefur haft þessar framkvæmdir með höndum. Ég hef leitað í fjárlögum undanfarinna ára að fjárveitingu til slíkrar endurbyggingar Bessastaðakirkju. Ég hef enga slíka fjárveitingu fundið. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. ríkisstj.: Hefur hún ákveðið þessar framkvæmdir? Hefur hún lagt fyrir húsameistara ríkisins eða veitt honum heimild til að tortíma einni elztu kirkju á landinu og svo að segja gera nýja í hennar stað? Hefur hún ákveðið að verja til slíks verks því stórfé, sem það er búið að kosta, og þá með hvaða heimild fjárveitingavaldsins? Og hvað er gert ráð fyrir, að framkvæmdirnar muni kosta alls?

Í grein, er birtist í einu af dagblöðum bæjarins fyrir nokkrum dögum, undir nafni húsameistara ríkisins, herra Guðjóns Samúelssonar, er því haldið fram, að samkomulag hafi verið gert um það, að enginn kostnaður við framkvæmdirnar á Bessastöðum skyldi tekinn í fjárlög. Hér er um furðulegar upplýsingar að ræða. Þar eð nafn háttsetts embættismanns stendur undir þessari grein, verður að taka hana alvarlega, og leyfi ég mér því einnig að spyrja hæstv. ríkisstj. og hv. fjvn.: Er eitthvað til í því, að slíkar ákvarðanir hafi verið teknar, og hver hefur þá gert það? Það er mér víðs fjarri að telja eftir fé, sem varið er til skynsamlegra og þjóðnýtra framkvæmda á Bessastöðum. Ég er í hópi þeirra, sem vilja búa sem bezt og veglegast að þjóðhöfðingjanum. En ég kann ekki við, að slíkum framkvæmdum sé haldið utan við lög og rétt, og þykir undarlegt, ef svo er ekki um fleiri hv. þm.

Í grein þeirri, er getið var, er því haldið fram, að fáir þeirra muna, sem úr kirkjunni hafa verið teknir, hafi verið nothæfir, auk þess sem flestir þeirra hafi verið ósmekklegir og ólistrænir. Ég held, að sárafáir, sem í kirkjuna hafa komið á síðustu árum, geti verið þessu sammála, og hinir sérfróðustu menn eru þessu líka ósammála. Ég hef átt tal um þetta mál við fyrrverandi og núverandi fornminjavörð. Þeir telja báðir, að sjálfsagt hafi verið að haga viðgerð kirkjunnar þannig, að hinni gömlu gerð hennar væri haldið og hinir gömlu munir notaðir áfram, enda flestir ágætlega nothæfir, ef vel væri gert við þá. Fyrrverandi fornminjavörður mun því hafa mótmælt þessum framkvæmdum bæði munnlega og skriflega við húsameistara, þótt að vettugi hafi verið virt.

Hér hafa því átt sér stað hin hörmulegustu mistök, sem fyllsta ástæða virðist til þess að ætla, ef ekki koma fram sérstakar skýringar af hálfu hæstv. ríkisstj. Ég veit ekki, hvort hægt er hér úr að bæta og koma kirkjunni aftur í hið fyrra

horf. Mér væri þökk á, ef hæstv. ríkisstj. gæti veitt upplýsingar um, hversu langt verkinu er komið og hvort tök væru á að breyta um stefnu, ef hún þá er mér sammála um, að stefna sú, sem fylgt hefur verið við þessar framkvæmdir, sé röng.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Fyrirspurn sú, sem hér liggur fyrir, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Eru breytingar þær á Bessastaðakirkju, sem nú er unnið að, gerðar að fyrirlagi ríkisstjórnarinnar? Hversu mikið er áætlað, að þær muni kosta, og hversu mikið hefur þegar verið greitt vegna þeirra?"

Eftir því, sem ég hef getað séð, hafa verið höfð þessi afskipti af málinu: Fyrst er til minnisblað í ráðuneytinu, er greinir frá því, að í júní 1945, í tíð fyrrverandi kirkjumrh., hafi forsrh. samþykkt að gera við Bessastaðakirkju fyrir 180000 kr. og hafa samráð um það við fjmrh. Næst er bréf, dags. 7. ágúst 1945, sem ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Húsameistari ríkisins

Reykjavík, 7. ágúst 1945.

Eftir ósk háttvirts kirkjumálaráðherra hef ég athugað, hverjar breytingar og aðgerðir ég tel nauðsynlegt að gera á Bessastaðakirkju, svo að telja megi, að hún sé virðulegt guðshús á forsetastaðnum.

Aðgerðir og breytingar eru þessar:

1. Allt gólf kirkjunnar og bitar undir því er mjög fúið og þarf að endurnýjast.
2. Bekkir allir eru ljótir, og þarf að setja nýja úr eik.
3. Prédikunarstóll, altari og grátur verður allt að endurnýjast.
4. Í kirkjunni er engin altaristafla, og verður því að fá hana.
5. Kirkjan er óupphituð, og geri ég ráð fyrir, að hún verði upphituð með rafmagni. Í hana verður einnig að setja rafljósalögn og tilheyrandi lampa.
6. Í kirkjuna þarf að setja söngpall og prestsherbergi.
7. Tvennar nýjar hurðir úr eik er nauðsynlegt að gera.
8. Loft kirkjunnar er úr timbri og er mjög gisið og þarf mikilla endurbóta eða jafnvel að setja alveg nýtt loft (sjá áætlun 2 og 3).

Fyrir utan áðurnefnt eru ýmsar skemmdir á gluggum og múr, sem þarf endurbótar við. Fyrrnefndar aðgerðir og breytingar má auðvitað gera misjafnlega vel og fullkomið, allt eftir því, hvað vanda skal til kirkjunnar. Ég læt fylgja 3 kostnaðaráætlanir ráðuneytinu til leiðbeiningar, og getur það þá skorið úr, eftir hverri áætluninni aðgerðin og breytingarnar skulu framkvæmdar.

Virðingarfyllst

Guðjón Samúelsson.

Kirkjumálaráðherra."

Síðan hefur skrifstofustjóri ráðuneytisins skrifað húsameistara bréf frá kirkjumrn., dagsett 22. marz 1946, þar sem áætlun 3 er samþykkt og lagt fyrir húsameistara ríkisins, Guðjón Samúelsson, að framkvæma hana.

Ég hef ekki rannsakað, hvort byrjað hefur verið á verkinu áður, en þessi áætlun er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

1.	Gólf, steypt og hellulagt með renningum	kr.	38.000,00
2.	Bekkir úr eik	—	35.000,00
3.	Altari, prédikunarstóll og grátur	—	20.000,00
4.	Altaristafla	—	18.000,00
5.	Hitun og ljósalögn	—	28.000,00
6.	Söngpallur og prestsherbergi	—	15.000,00
7.	Tvennar hurðir	—	6.000,00
8.	Bæsað bitaloft	—	35.000,00
	Skemmdir	—	15.000,00
	Samtals	kr.	210.000,00

Nokkru eftir að ég tók við kirkjumrn., kynnti ég mér dálítið málið, og var mér sagt, að verkinu væri það langt komið, að bundið væri, hvert framhaldið yrði.

S. l. sumar spurðist ég fyrir um kostnaðinn, og var hann þá orðinn 240000 kr., en áætlað, að þurfa mundi til viðbótar 85000 kr., og kostnaður yrði því alls 325000 kr.

Svo var núna síðast á árinu þessari byggingu á kirkjunni ekki lokið. Þá bað ég um skrifaða skýrslu um þetta frá húsameistara ríkisins til samanburðar við það, sem ég þá hafði látið athuga um það, hvað samþ. hafði verið í ráðuneytinu. Þessi skýrsla er undirrituð af Birni Rögnvaldssyni, sem er húsameistari við margs konar verk á vegum ríkisins. Og hér er kafli úr því bréfi, sem er upplýsandi um málið. Bréfið er dagsett 10. jan. 1948. Þessi kafli hljóðar svo:

„Skýrsla yfir endurbyggingu á Bessastaðakirkju samkvæmt teikningu húsameistara ríkisins.

1. Allt tréverk rifið úr kirkjunni, gólf uppfyllt með rauðamel og steypt, á steininn límt eikarparkett.

2. Sett nýtt bitalag ásamt sperrum úr tré og járni, gert samkv. teikningu Sigurðar Thoroddsens verkfræðings.

Á þak lagður steinn enskur með listum undir, á turnþak lagður eir, þakrennur og niðurföll úr eir.

Ofan á bitalag klætt með 1" plægðum borðum, gömlu bitarnir réttir af að neðan og klæddir krossvið, á milli bita klætt með fösuðum panel.

3. Höggvin málning og múrhúðun af öllum veggjum utan og innan, veggirnir húðaðir á ný og málaðir með steinfarfa.

Steypt ofan á hliðarveggi kirkjunnar upp á efri brún hins nýja bitalags.

4. Lögð raflögn til ljósa og hitunar, ofnar á veggjum og undir kirkjubekkjum, gert samkvæmt teikningu Valgarðs Thoroddsens verkfr., Hafnarfirði.

5. Vatnssalerni komið fyrir undir stiga í turn með frárennsli í sjó og vatnsleiðslu frá vatnsbóli Bessastaða.

6. Smíðaðar tvennar hurðir, allir bekkir, altari, altaristafla, prédikunarstóll, stúka fyrir prest og stúka fyrir söngfólk, allt smíðað úr eik samkv. teikningu húsameistara ríkisins.

7. Steypt stétt frá kirkjudyrum að hliði á girðingu. Tröppur við kirkju lagðar steinhellu (norsk). Steyptir stólpar við hlið á girðingu með hlið úr járni.

8. Anddyri kirkjunnar klætt með bílplötum, stigi í turn afbiljaður, og allt málað.

Eftirfarandi atriði ekki fullgerð:

1. Verið að leggja eikarparkett á gólfið. Þegar

það er búið, verða bekkir, prédikunarstóll og prestsstúka sett niður, allt þetta er þegar fullsmíðað.

2. Eftir að draga í rafmagnsrör og tengja ofna undir bekkjum og ljós á veggjum.

3. Altari og altaristafla í smíðum.

4. Eftir að mála anddyri kirkjunnar.

5. Stétt að kirkju og jarðvinna utanhúss eftir."

Enn fremur segir hér í skýrslunni:

„Árið 1945 var verkið áætlað á kr. 210000,00 og þá samþykkt af viðkomandi ráðuneyti að láta endurbyggja kirkjuna. Í þeirri áætlun var ekki gert ráð fyrir þaksteini á þak og eir á turnþak, ekki nýju bitalagi og sperrum með tilheyrandi dregurum og járnstífum, svo og steypu ofan á veggi í sambandi við bitalag og sperrur, þetta gert vegna þess, að gamla þakið bar ekki þaksteininn.

Þá var ekki gert ráð fyrir að höggva málningu og múrhúðun af veggjum utan og innan og múrhúða að nýju.

Ekki gert ráð fyrir salerni með tilheyrandi leiðslum, og margt fleira hefur verið gert, sem upphaflega var ekki tekið með."

Þá er sagt, að búizt sé við, að verkinu verði lokið í febrúarmánuði og að útlagður kostnaður hafi verið 1. jan. nú í vetur kr. 470000,00, en kostnað, sem eftir er, sé ekki gott að áætla nákvæmlega, en ráðgert, að hann verði 50 til 60 þús. kr.

Þetta eru nú þau gögn og sú vitneskja, sem ég hef um þetta mál. Annars hef ég ekki um þetta fjallað að öðru leyti heldur en að afla þessara upplýsinga, þar sem þessar ráðstafanir eru allar fastbundnar, áður en ég hafði nokkuð með þessi mál að gera. Á þessu, sem fram hefur verið tekið, finnst mér, að hv. fyrirspyrjandi geti séð það, sem gleggst er hægt að sjá af plöggum ráðuneytisins um það, hvað ákvarðað hefur verið um þetta af ráðuneytisins hendi. Ég skal aðeins geta þess, að eins og af þessu má sjá, þá hefur kirkjubyggingin þarna verið alveg endurbyggð. Og það er náttúrlega ekki einkennilegt, þó að það kosti talsvert mikið, þegar í slíkar framkvæmdir er ráðizt. Það má sjálfsagt deila um það fram og aftur, hvort það hefði átt að fara nákvæmlega svona að eða öðruvísi heldur en farið var að þessu. Ég skal engan dóm á það leggja. Ég hef ekki heldur rannsakað þetta mál frá því sjónarmiði og ekki heldur, af hverju stafar sá aukni kostnaður, sem hér hefur á orðið frá því, sem gert var ráð fyrir í byrjun í áætlun nr. 3 frá 1945. Um það treysti ég mér ekki til að gefa upplýsingar, þar sem ekki liggja fyrir um það upplýsingar frá fagmönnum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af þeirri fsp. frá hv. fyrirspyrjanda, sem hann beindi til fjvn., hvort gert hefði verið samkomulag við hana um, að ekki skyldi verða fært á fjárl. neitt fé, sem kynni að verða greitt til bygginga á Bessastöðum, vil ég leyfa mér að upplýsa, að síðan ég kom í fjvn. og tók við formennsku þar 1945, hefur aldrei slíkt samkomulag verið gert, enda ekki farið fram á það af neinum. Það eina, sem ég minnist, að hafi verið rætt um framlag til endurbóta á Bessastöðum, var á fundi fjvn. 4. febr. 1946, þar sem þáverandi ráðh. óskaði að fá samþykki fjvn. um framlag til endurbóta á búrekstri á Bessastöðum, vegna skipta á bústjóra, því að sá, sem kom, mun hafa sett það skilyrði, að nokkru fé yrði varið til endurbóta á peningshúsum. Þetta var tekið fyrir á fundi hjá n. daginn eftir og þá óskað eftir að fá upplýsingar um, hversu kostnaðurinn mundi verða mikill, en eftir því, sem ég man bezt, komu þær aldrei. Nokkur hluti n. fór suður að Bessastöðum til að skoða þetta ásamt teikningum, sem við höfðum séð um framkvæmdir á Bessastöðum, en ég hygg, að þessar framkvæmdir hafi ekki verið gerðar, enda minnist ég þess ekki, að n. hafi fjallað um það mál. Ég minnist ekki, að komið hafi til fjvn. nokkurt erindi um fjárframlag til Bessastaða nema til forseta sjálfs.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að upplýsa á þessu stigi.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég hef ástæðu til að lýsa ánægju minni yfir þeirri fsp., sem hér hefur komið fram, því að eins og tekið hefur verið fram, þá hafði fjvn. ónógar upplýsingar um viðreisn Bessastaða.

Ég álít það hrósvert af hæstv. ríkisstj. og forseta Íslands að hafa lagt mikið fé í að bæta staðinn. Það er enginn vafi, að þegar ríkisstj. gerir það upp á sína ábyrgð að útvega peninga til þessara framkvæmda án þess að hafa til þess fjárveitingu á fjárl., þá getur það ekki verið bein sök hæstv. ráðh., vegna þess að þessir sömu menn hafa ekkert gert til að bæta aðstöðu Alþingis og stjórnarráðsins, ef frá er talið það, sem utanþingsstjórnin lét gera fyrir forgöngu Vilhjálms Þórs. Ég álít það dugnað og myndarskap að reisa Bessastaðaheimilið við, en það hlýtur að vera fyrir forgöngu forseta sjálfs. Það getur ekki verið fyrir forgöngu þeirra manna, sem láta okkur sitja hér enn við sömu slæmu kjörin og bæta ekki heldur neitt úr fyrir stjórnarráðið. Ég álít, að það hafi verið rétt og myndarlega gert af forseta að beita sér fyrir að reisa við þennan stað. En þessi fsp. er um svo lítið atriði af þessum endurbótum, að ég hef hugsað mér að bera fram aðra fsp. um aðrar endurbætur, sem þar hafa verið gerðar.

Ég held, að það sé nokkur yfirsjón hjá hv. 4. þm. Reykv. að sjá svo mjög eftir þeim hlutum, sem fluttir hafa verið úr Bessastaðakirkju. Mér virðist hv. þm. ekki átta sig á, að eftir að búið er að breyta Bessastaðaheimilinu, þá var erfitt fyrir forseta að sýna gestum kirkjuna. Hún virðist hafa þegar í upphafi verið illa úr garði gerð eftir því, sem Vilhjálmur Þ. Gíslason segir í Bessastaðasögu sinni. Það sýnir, hvílík ræktarsemi kirkjunni hefur verið sýnd, að kirkjulegar myndir hafa verið teknar þaðan og útskorinn rammi fundizt þar úti á haug. Sá maður, sem fyrstur mun hafa hreyft þessu máli, er prófessor Guðbrandur Jónsson. Hann skrifaði um það grein, sem hann ætlaði að koma á framfæri í einhverju blaði, en greinin hefur ekki birzt. Hann vill láta flytja aftur í kirkjuna þá muni, sem af henni voru teknir. Prédikunarstóllinn var dottinn í sundur. Það virðist hér um bil sannað, að allan þann tíma, sem kirkjan hefur staðið, hafi hún lekið, gólfið fúið og svellað á veturna og allt svo vanhirt sem verða mátti, þegar forsetinn kom þangað. Það þurfti að negla spýtur og spelkur á prédikunarstólinn til að hann héngi saman. Altaristafla var þar, en vantaði neðstu fjölina. Taflan átti að sýna Krist í grasgarðinum, en fæturna vantaði á Kristsmyndina, svo að menn, sem í kirkjuna komu, hefðu getað ímyndað sér, að taflan hefði átt að sýna annan atburð úr lífi

Krists, nefnilega himnaförina, því að myndina vantaði allt samband við jörðina.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. menntmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf varðandi þetta mál.

Ég veitti því athygli, að hæstv. ráðh. færðist undan að láta í ljós nokkra sjálfstæða skoðun á því, hvort sú stefna, sem tekin hefur verið í málinu, sé rétt eða röng, og mun það stafa af því, að hann telji, að ekki sé hægt að bæta úr, eins og komið sé. Af upplýsingum hæstv. ráðh. má sjá, að fyrir tveimur árum hefur ríkisstj. heimilað 210 þús. til viðgerðar á kirkjunni. Hæstv. ráðh. upplýsir nú, að búið sé að verja meira en tvöfaldri þeirri upphæð til kirkjumnar, eða 470 þús. kr., og enn mun vera eftir nokkuð á 6. hundrað þús. kr., sem viðgerðin öll kostar. Af ræðu hæstv. ráðh. varð ekki séð, að ríkisstj. hafi samþ. þessi viðbótarútgjöld. Manni verður á að spyrja: Geta einstakir embættismenn ríkisins ávísað á ríkissjóð, án þess að með því sé haft eftirlit? Ef þessu er þannig varið, þá virðist enn meiri ástæða til að endurskoða ríkisreikningana með meiri hraða en gert hefur verið undanfarin ár.

Um ræðu hv. þm. S-Þ. þarf ég ekki að vera margorður. Ræða hans var öfgar, en þó kannske minni öfgar en við var að búast. Í rauninni var ræðan ekkert annað en stuttur útdráttur úr grein, sem birtist nýlega í Alþbl. eftir Guðjón Samúelsson, og hann einn vill verja þá stefnu, sem upp hefur verið tekin í þessu máli. En þessi skoðun hv. þm. er undarleg, þegar maður athugar afstöðu hans til annarra mála, eins og áhuga hans fyrir að varðveita menntaskólahúsið og halda áfram að hafa skóla á þeim stað. Hann vill með engu móti láta hreyfa við hinu aldargamla menntaskólahúsi. En þá er það undarlegt, að hann skuli ekki eingöngu vilja láta það viðgangast, að gömlum munum úr Bessastaðakirkju sé tortímt, heldur jafnvel fagna því. Annars er öllum kunnugt, hvernig stendur á þessari skoðun hv. þm. S-Þ. Ástæðan er sú, að Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, er þessarar skoðunar og hefur skrifað um það grein. Mér er sem ég heyri þá ræðu, sem hv. þm. hefði flutt, ef þessi grein hefði verið eftir þann húsameistara, sem hefur staðið fyrir framkvæmdunum á Bessastöðum. Ég þarf ekki frekar að fjölyrða um það, en mér þykir þó vænt um að geta staðhæft, að hér liggi eitthvað á bak við annað, sem hann metur meira en sína sannfæringu.

Að síðustu vil ég segja, að af þessu máli tel ég, að megi draga tvenna lærdóma: Í fyrsta lagi, að full ástæða sé til að auka vald þjóðminjavarðar yfir gömlum byggingum, sem nú eru til í landinu. Ef það er ekki gert, þá má búast við, að ákveðið verði að rífa niður Hólakirkju og menntaskólahúsið og ekki einungis það, heldur verði það einnig framkvæmt. Ég álít nauðsynlegt að tryggja, að slíkt geti ekki komið fyrir aftur, eins og það, sem gerzt hefur í Bessastaðakirkju. Í öðru lagi ætti þetta mál að verða til þess, að betur verði gætt að þeim embættismönnum, sem hafa fjárreiður með höndum, og fjvn. gæti betur að stjórninni í slíkum efnum en gert hefur verið undanfarið.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég held, að ég verði að hryggja hv. 4. þm. Reykv. með því, að það getur ekki verið að óleyfi hæstv. ríkisstj., að þetta fé hefur verið látið til framkvæmda og umbóta á Bessastaðakirkju, því að nýlega hefur verið pantað orgel í kirkjuna fyrir 30 þús. kr. og fengin til þess nauðsynleg leyfi hjá hinum erfiðu n. fyrir forgöngu hæstv. stjórnar, svo að ég hygg, að það sé jafnfjarstætt og að ætla að halda því fram, að ríkisstj. og forseti landsins hafi ekki staðið að umbótum á Bessastaðaheimilinu sjálfu. Ég hygg, að hæstv. landbrh. hafi líka þótt nokkuð hár reikningurinn fyrir hænsnahús það hið mikla, er þar hefur verið reist undir stjórn þessa sama húsameistara, en af því að það kemur síðar, skal ég ekki fjölyrða um það nú.

Ég verð líka að hryggja hv. þm. með því, að ef Matthías Þórðarson þjóðminjavörður og hans ungi eftirmaður hafa hylmað yfir með ríkisstj. og húsameistara, þá er það vítavert fyrir þá. Það liggur í augum uppi, að það, sem fornminjavörður hefði þá átt að gera, var að kæra hvern þann mann, sem hefði brotið í þessum efnum. Annars virðist það hafa verið skynsamlegt að taka minnisvarða Magnúsar amtmanns upp úr moldinni og búa virðulega um gröf Magnúsar. En það getur verið huggun fyrir þessa tvo prófessora, Guðbrand Jónsson og þennan unga prófessor, að allt, sem þeir vilja láta gera, það getur stjórnin látið gera tafar- og fyrirhafnarlaust. Hún getur látið setja Magnús Gíslason aftur niður í moldina og hafið upp Pál Stígsson, þann mesta böðul, sem á Íslandi hefur verið, það kostar aðeins nokkrar krónur, og sömuleiðis mun vera hægt að setja þar aftur grindverkið með fangamarki þess konungs, sem Struense starfaði undir. Og þá er hún til altaristaflan með Kristi fótalausum, og það er hægt að flytja hana aftur á sinn gamla stað. Prédikunarstólinn má sömuleiðis flytja í kirkjuna aftur. Og þá er hægt að fela Gunnlaugi Halldórssyni, af því að hann hefur séð um svo miklar umbætur á þessum stað, að smíða merkilegar spelkur með hæfilegum nöglum til að halda brotunum saman. Spurningin er bara þessi: Ef þessi hv. þm. verður bráðlega ráðh., eins og vel má búast við eftir atgervi hans hér í þinginu, og hefur aðstöðu til að framkvæma þetta, vill forseti Íslands taka á móti þessu, Magnúsi Gíslasyni niður í moldina, Páli Stígssyni upphöfnum og Kristi fótalausum, og setja allt í það ástand, sem Guðbrandur Jónsson vill vera láta?

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Út af ummælum, sem féllu hjá hv. 4. þm. Reykv., vil ég geta þess, þar sem hann talaði um, að nauðsynlegt væri, að eitthvað væri gert til þess að tryggja, að slíkt endurtæki sig ekki, þá vill svo vel til, að 12. febr. 1947 voru staðfest l. um viðhald fornra mannvirkja og byggðasöfn, þar sem stjórnarvöldunum og þjóðminjaverði er veitt sérstök aðstaða til að sjá um slíkt. Þjóðminjavörður þarf ekki annað en að fá samþykki ríkisstj. til að setja slík mannvirki algerlega undir vernd þjóðminjasafnsins. Því miður voru þessi l. ekki komin, þegar þær aðgerðir voru gerðar, sem hér er rætt um. Þess vegna var ekki hægt að koma í veg fyrir þau skemmdarverk, sem hér hafa verið unnin. Ég vona, að þessi löggjöf sé nægileg til að fyrirbyggja, að slíkt endurtaki sig.

Pétur Ottesen: Ég hef því miður verið fjarverandi frá þessum umr. og ekki heyrt nema nokkuð af

þeim. Það hefur verið á það minnzt, hvernig hátt-að hafi verið fjárveitingum til ýmissa framkvæmda á Bessastöðum. Mér skildist, að hv. 4. þm. Reykv. hefði sagt og hefði það úr blaðagrein, sem húsameistari ríkisins hefði skrifað, að þar stæði, að tekin hefði verið ákvörðun um það í fjvn., að það fé, sem varið yrði til framkvæmda á Bessastöðum, skyldi eigi tekið upp í fjárl. (**JJ**: Það stendur ekki í greininni, það er rangt haft eftir.) Ég hef ekki lesið þessa grein, svo að ég get ekki andmælt þessu, en þetta eru mjög athugaverð ummæli, ef rétt er farið með, og skírskota ég til hv. 4. þm. Reykv., sem verður að standa þar fyrir sínu máli. Af því að svo hefði mátt líta á, að fjvn. hefði á einhvern hátt haft óeðlileg áhrif á fjárveitingar til þessara framkvæmda, þá vil ég skýra frá, að á þingi 1944 leitaðist þáverandi forsrh., Björn Þórðarson, fyrir um það, hvert væri álit fjvn. og óskaði samþykkis hennar til þess, að nokkru fé væri varið til bygginga á Bessastöðum, og var þar sérstaklega um að ræða stækkun á skála við Bessastaðahúsið, væntanlega sem forseti lætur nota í sambandi við heimsóknir á staðinn. Það voru mjög skiptar skoðanir um málið í n., og við fyrstu atkvgr. um það ætla ég, að meiri hl. n. hafi lagt á móti, að n. mælti með því fyrir sitt leyti, að þessi fjárveiting væri leyfð. Ég skal ekki fullyrða, hvort nm. hafa tekið þessa afstöðu af því, að þeir hafi verið á móti þessari framkvæmd, eða hitt, sem líklegra er, að n. hafi álitið, að stj. bæri að leita heimildar Alþingis um notkun þessa fjár. En málið var nokkuð fast sótt af hálfu stj., svo að það kom til atkvgr. á ný í n., og við endurtekna atkvgr. mun hafa fengizt meiri hl. fyrir því, að þetta væri gert. (**Rödd af þingbekkjum**: Hvernig var sá meiri hl.?) Það má birta það, ef þess er óskað, annars hafa alþm. aðgang að fundarbókum og geta þar séð, hvernig þessi meiri hl. hefur verið og m. a. afstöðu hv. þm. S-Þ. og mína til málsins, því að um það mun hafa verið nafnakall. Þetta eru þau einu afskipti fjvn. og sú eina samþ., sem gerð hefur verið í n. á þessu tímabili um þessi mál. Ég held, að ég muni það rétt, því að ég mun hafa átt sæti í n. öll þau ár, sem þessar framkvæmdir hafa verið gerðar, svo að það virðist hafa verið samkomulag um það hjá þeim ríkisstj., sem hafa staðið að þessum framkvæmdum, að verja fé til þeirra án þess að leita frekar en þeir hafa gert samþykkis Alþingis fyrir að verja fé í þessu skyni.

En ef það er rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., að húsameistari ríkisins hafi borið það fram, að samkomulag hafi verið um það milli stj. og fjvn. að láta þessar fjárveitingar ekki koma fram í fjárl., þá er það athugavert mál, svo að ég tel rétt að krefja húsameistara svara um það, hvað hann hafi fyrir sér í því efni, því að það væri samsæri gegn Alþingi, ef rétt væri með farið.

21. Bifreiðaeign ríkissjóðs, opinberra stofnana og ríkisfyrirtækja.

Á 45. fundi í Sþ., 18. febr., var útbýtt:

Fyrirspurn til fjármálaráðherra um bifreiðaeign ríkissjóðs, opinberra stofnana og ríkisfyrirtækja (A. 360,2).

Á 46. fundi í Sþ., 19. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 25. febr., var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ásamt hv. 1. þm. Rang. hef ég leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 360 til hæstv. fjmrh. svo hljóðandi:

„Hvað eiga ríkissjóður, opinberar stofnanir og ríkisfyrirtæki margar fólksbifreiðar, sem embættismenn eða opinberir starfsmenn hafa til ókeypis afnota? Hvaða embættismenn og opinberir starfsmenn njóta þeirra hlunninda, sem hér er um að ræða?"

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að undanfarin veltuár hefur meðferð á fé ríkisins orðið æ losaralegri. Stjórnarkerfið hefur vaxið svo gífurlega, að nú má telja, að um ríkisbákn sé að ræða. Það er ekki aðeins, að starfsmönnum ríkisins hefur verið fjölgað, heldur hafa risið upp ýmsar stofnanir og ýmisleg störf verið upp tekin, sem hæpið er, að full nauðsyn sé á, og ástæða kann því að vera til að leggja niður. En ekki nóg með þetta. Jafnframt stóraukinni fjölgun ríkisstofnana og opinberra starfsmanna hafa ýmsir þeirra fengið fríðindi, sem hæpið er, að ástæða hefði verið til að veita. Hér í þessari fsp. er vikið að einni tegund slíkra fríðinda, sem fjölmörgum embættismönnum eða opinberum starfsmönnum eru veitt, sem sé þau að hafa til ókeypis afnota bifreið, sem er eign ríkissjóðs og þeir mega nota eftir eigin geðþótta. Þar með er þó ekki sagt, að margir embættismenn eða opinberir starfsmenn hafi ekki fulla þörf fyrir að hafa til umráða bifreið á ríkisins kostnað, en þetta jafngildir því ekki, að svo að segja sérhver hærra settur embættismaður eigi að njóta slíkra fríðinda, og ég hygg, að óhætt sé að fullyrða, að í þessum málum sé stefnt í algert óefni. Sá hópur, sem þessara fríðinda nýtur, er orðinn óeðlilega stór, og margir þeirra hafa ekkert með slík tæki að gera og nota þau ekkert í þágu embættisins, heldur algerlega sem einkaeign, og þegar litið er yfir þennan hóp, er ekki svo að sjá, að neinni skynsamlegri reglu hafi verið fylgt um veiting þessara fríðinda. — Frumskilyrðið er að láta rannsaka, hvað hið opinbera á margar fólksbifreiðar, og er þá fyrst hægt að sjá, hvort ástæða væri til að grípa í taumana. — Af þessum ástæðum er þessi fsp. fram komin.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og ég hef áður vikið að, eru starfandi nokkrir menn í stjórnarráðinu, sem vinna að því að gera ýmsar athuganir á ríkisrekstrinum, sem gætu orðið til ábendingar um sparnað á ríkisrekstrinum, og með það fyrir augum er þeirra starf hafið. Þeir hafa líka það mál með höndum að rannsaka opinbera bifreiðaeign og notkun á þeim tækjum. Hins veg-

ar hafa þeir enn ekki skilað áliti sínu, svo að mér er ekki kunnugt um nema lítinn hluta þessara athugana í einstökum atriðum. En nú hefur þessi fsp. fram komið, og taldi ég rétt að svara því, sem hægt væri í þessum efnum á þessu stigi málsins án þess að fara fram á frest, þangað til sparnaðarn., sem svo hefur verið kölluð, hefði skilað áliti sínu um notkun opinberra bifreiða. Ég vil benda á það, að þær upplýsingar, sem ég hef hér í höndunum, geta vel verið þannig, að þær þurfi áréttinga við síðar meir, og sá embættismaður, sem ég hef beðið að afla þeirra upplýsinga, sem beðið er um í bili, tekur fram í bréfi sínu, að þær upplýsingar, sem hér liggja fyrir, séu frá sparnaðarn., en getur þess um leið, að n. hafi enn ekki lokið gagnasöfnun, hvað bifreiðarnar snertir, og kunni því að vanta eitthvað af bifreiðum á þessa skrá. Skráin er hér fyrir hendi, og vil ég líka taka það fram, að hugsazt getur, að í einstökum tilfellum sé ekki um fólksbifreiðar að ræða. Það er ekki getið um það, en í sumum tilfellum getur verið um jeppabifreiðar að ræða, sem taldar eru sem fólksbifreiðar á skránni. Í þessari skrá segir, að forsetaembættið hafi 2 fólksbifreiðar, auk þess sem Bessastaðabúið hafi eina vörubifreið. Stjórnarráðið er hér talið með 3 bifreiðar, þar af hefur atvmrn. 1 bifreið, sem notuð er af fulltrúa í landbrn., sem hefur það sérstaka verk með höndum að líta eftir ríkisbúunum. Þá hefur forsrn. og utanrrn. hvort um sig eina bifreið, sem notaðar eru af viðkomandi ráðherrum. Bifreiðaeftirlitið er hér talið með 7 bifreiðar, þar af Vesturlandsumdæmi 2, Akureyri 1 og Reykjavík 4. Síðan kemur biskup með 1, borgarfógeti 1, borgardómari 1, háskólinn 1, hæstiréttur 1, lögreglustjórinn í Reykjavík 9, en af þeim er vafalaust eitthvað jeppabifreiðar, fræðslumálastjóri 2, aðra notar fræðslumálastjóri sjálfur, en hina íþróttafulltrúi, útvarpið 6, þar af 1 jeppi á endurvarpsstöðinni á Eiðum, 1 jeppi v/fréttastofu, 2 v/stöðvarinnar á Vatnsendahæð, 1 v/magnarasals og 1 v/viðgerðarstofu, póststofan í Rvík 2, sakadómarinn 4, sauðfjárveikivarnir 1, skipulagsstjóri 1, skógrækt ríkisins 3, húsameistari ríkisins 2, tryggingastofnunin 1, vegagerðin 4, veiðimálastjóri 1, raforkumálastjóri 1, áfengisverzlunin 1, lyfjaverzlunin 1, atvinnudeildin 2. Eru þetta samtals 59 bifreiðar, og er þar a. m. k. 1 vörubifreið og eitthvað af jeppabílum, en eins og ég tók fram, er þessari rannsókn sparnaðarn. ekki lokið, og má því vel vera, að eitthvað kunni að bætast við þessa skýrslu síðar meir, og enn fremur, að fleiri upplýsinga sé þörf í þessu máli, eftir því sem mér skilst á nm. Mun ég svo sjá um, þegar þær liggja fyrir, að þær komist til fjvn. eða Alþ., ef svo ber undir.

Fyrirspyrjandi (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar fyrirspyrjenda að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessar upplýsingar. Hann hefur vafalaust gefið allar þær upplýsingar um málið, sem hægt er að gefa á þessu stigi, en eins og hann tók fram, starfar að þessum málum n., sem væntanlega mun innan ekki mjög langs tíma geta gefið algerlega tæmandi upplýsingar um málið. Ég vænti þá, að hv. þm. hafi orðið ljóst, að ástæða sé til að taka að einhverju leyti í taumana og setja fastari reglur um þessi mál, sem virðast vera komin nokkuð í öfgar, og vona ég, að það verði gert, þegar niðurstöður n. liggja fyrir.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Þessi fsp. hv. 4. þm. Reykv. (GÞG) og hv. 1. þm. Rang. (HelgJ) minnir mig á gamalt umtal, þegar þessi bílanotkun hins opinbera hófst. — Það vorum við Tryggvi Þórhallsson, sem stóðum fyrir því á tímabilinu 1928—1932, að ríkisstj. eignaðist 3 bíla, og sömuleiðis var biskupi, lögreglustjóra, vegamálastjóra, húsameistara og ráðunautum Búnaðarfélags Íslands séð fyrir bifreiðum. Vil ég í þessu sambandi beina því til hæstv. fjmrh., að það var talinn vera nokkur óþarfi, að landið ætti þessar bifreiðar, og mætti þetta töluverðri gagnrýni, en það hefur komið í ljós, að þessi framkvæmd hefur verið í fullu samræmi við kröfur tímans, en hitt er svo annað mál, að ég hygg, að þessi þróun sé önnur en hún hefði átt að vera. Á þessum bifreiðum var alger ríkisútgerð fyrstu árin, og á þeim voru með beztu bílstjórum landsins, er nú vinna við bifreiðaeftirlitið. Hygg ég, að ekki sé hægt að ná þeim tilgangi, sem vakir fyrir fyrirspyrjendum, sem sé að lækka bifreiðakostnað hins opinbera, nema með því að taka upp það fyrirkomulag, sem var hér á þessum málum áður og var þannig að hafa ákveðna tölu bíla fyrir helztu embættismenn landsins með ákveðnum, völdum bílstjórum. Það getur vel verið, að þetta kunni að þykja fátæklegt, en þetta hygg ég einustu leiðina til að ráða bót á núverandi ástandi í þessum efnum og að þannig mætti lækka stórkostlega tölu bifreiða ríkis og ríkisstofnana frá því, sem nú er.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér skildist á svari hæstv. fjmrh., að hann læsi upp þá bíla, sem ríkissjóður er talinn eiga, enda gefur fsp., eins og hún er orðuð, varla tilefni til annars. Ég hjó eftir því við þennan upplestur, að hann taldi hjá sumum stofnunum upp færri bifreiðar en maður veit, að þær nota og telja sínar. Fór ég að íhuga, hvernig á þessu stæði, og minntist þess, að við sumar þær stofnanir, sem hann las upp, eru bifreiðar í eign starfsmanna, sem eru að öllu leyti reknar á kostnað stofnunarinnar. Ég vil því benda hæstv. ráðh. á, að þegar sparnaðarn. rannsakar opinberan bifreiðakostnað, þá er það ekki sjálf eignarheimild ríkissjóðs eða ríkisstofnana yfir bifreiðunum, sem er afgerandi um það, hvort þær eru reknar á kostnað hins opinbera, heldur notkunin, og það eru þó nokkuð fleiri bifreiðar í þeim stofnunum, sem hann las upp, sem að öllu leyti eru reknar á kostnað ríkisins.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af þessum síðustu umr. vil ég vísa til þess, að fyrirspyrjendur spyrja einungis um bifreiðar, sem eru eign ríkissjóðs, og sá maður, sem ég fól að rannsaka þetta mál, hefur því ekki leitað upplýsinga nema um bifreiðar, sem eru í eigu ríkis og ríkisstofnana. Að öðru leyti er það þegar fram tekið af mér, að þær upplýsingar, sem hér lægju fyrir, væru þannig, að þær væru ekki fullnægjandi, af því að málið er enn í athugun, og getur vel verið, að þar eigi eitthvað eftir að upplýsast, sem ég hef ekki á þessu augnabliki eða á þessum lista. Þegar að því kemur, að sparnaðarn. hefur skilað áliti sínu um bifreiðar þessar, verður auðveldur aðgangur að því fyrir sérhvern hv. þm. að kynna sér þetta mál nánar.

22. Síldarverksmiðjur á Skagaströnd og Siglufirði.

Á 47. fundi í Sþ., 25. febr., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um tilkostnað og reikningsskil við byggingu síldarverksmiðja á Skagaströnd og Siglufirði (A. 385).

Á 48. fundi í Sþ., 26. febr. var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 3. marz, var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Þessar verksmiðjubyggingar á Skagaströnd og Siglufirði hafa vakið mikið umtal í landinu vegna þess, hve þær hafa orðið dýrar og að ýmsu leyti eru óheppilega byggðar, og er fullkomin ástæða til þess að fá að vita a. m. k. um fjárhag þessara fyrirtækja. Það var mjög undarleg og óheppileg ráðstöfun, að þáverandi atvmrh. tók málið úr höndum stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, sem hafði reynslu í þessum málum, og fékk til þess að standa fyrir þessum framkvæmdum algerlega nýliða. Og verkinu var hraðað og lítil búhyggja sýnd. Nú er vitað, að þessar verksmiðjur eru orðnar óheyrilega dýrar, þannig að þær munu hvíla sem þungt farg á síldarverksmiðjum ríkisins og á síldarútvegi landsmanna, vegna þess að verð á bræðslusíld verður yfirleitt miðað við verðið hjá síldarverksmiðjum ríkisins. Og þess vegna munu einstakir menn, sem eiga verksmiðjur og hafa þær ódýrari, græða meira á því að reka sínar verksmiðjur, en sjómenn og útgerðarmenn verða að borga brúsann. Ég hygg, að það sé orð í tíma talað að fá að vita hjá hæstv. ríkisstj., hvað þessum fjárhag líður. Og þó að það sé ekki í fyrsta lið fsp., um stofnkostnað verksmiðjunnar á Skagaströnd, vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort honum sé kunnugt um, að einhver byggingarnefnd þar, sem samanstendur af fimm mönnum, hafi fengið 14 þús. kr. í laun hver maður. Það er aðeins dæmi um eyðslu í þessu sambandi. Og verður nánar spurt um slíka eyðslu yfirleitt. Þá er það að segja um síldarverksmiðjuna á Siglufirði, að hún var ekki nothæf í sumar sem leið. Varan, sem þar var, skemmdist stórlega, þannig að það brann mikið af mjölinu, sem átti að fara gegnum hana, af því að hún var ekki í lagi. Þá hefur mikið umtal orðið um lýsisgeymana á Siglufirði. Þeir virðast hafa verið byggðir á svo ótraustum grunni, að þeir hafa sigið og hallazt. Í fyrra sumar mun hafa verið farið að renna lýsi úr einum þeirra, og varð að leggja mikið í kostnað vegna þess. Og ekki verður séð, hvort þeir verða notaðir aftur. Að síðustu kemur mjölhúsið, sem brotnaði niður undan snjóþunga. Og mér er sagt af mönnum, sem þekkja til, að ómögulegt sé að gera við það, heldur muni þurfa að rífa það, reka niður staura með miklum kostnaði og byggja það að nýju. Annars er ég svo ókunnugur, að ég get ekki vitað, hvort rétt væri, að þetta hús væri byggt upp aftur á þessum stað eða öðrum. Ég vil líka beina til hæstv. ráðh. að fá sem gleggst, líkt og kemur fram í fsp., sundurliðaða skýrslu t. d. um, hvað öll stjórn hefur kostað á þessum byggingarframkvæmdum, svo sem við verkfræðinga og húsameistara, sem hafa séð um þetta, hvað þeir hafa fengið mikið borgað í laun, hversu ferðalög hafa verið dýr í sambandi við þetta, og alveg sérstaklega, hvaða eftirvinna hefur verið borguð og hve mikið fé hefur farið til þess og hve há laun greidd einstökum mönnum og hvernig lán og skuldir standa og hvernig kjör eru þar.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þegar mér barst í hendur fsp. á þskj. 385, ritaði ég stjórn síldarverksmiðja ríkisins, og var það gert í því skyni að fá svar eða grundvöll til svars við þeim fyrirspurnum, sem hér eru fram bornar. En því gerði ég þetta, að vitað er, að sérstök byggingarnefnd hafði að vísu haft með byggingu verksmiðjanna að gera, en á s. l. ári lét hún af störfum, og stjórn síldarverksmiðja ríkisins tók að sér bæði að halda áfram eða ljúka því, sem ólokið var eða kann að hafa verið af byggingunum, sem og að gera reikningsskil fyrir kostnaðinum. Og til þess var ætlazt og mun og hafa orðið úr, að öll skjöl varðandi þessar byggingar á Skagaströnd og nýjustu síldarverksmiðjuna á Siglufirði, það færi allt í hendur stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, þar sem hún tók að sér að halda verkinu áfram og ljúka reikningsskilum. Ég taldi mig því hafa bezt tök á að geta fengið svör við fsp. með því að fá það beint frá þessum aðilum.

Ég hef nú móttekið bréf, ritað fyrir hönd stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, frá 2. marz 1948, og tel ég, að bezt fari á því, að ég lesi upp úr því. Og þá get ég reyndar líka tekið það þannig að taka hvern lið fsp. og lesa upp það svar, sem þar er gefið í bréfi verksmiðjanna.

Fyrsti liður fsp. hljóðar svo: „Hve mikill er stofnkostnaður síldarverksmiðjunnar á Skagaströnd?"

Stjórn síldarverksmiðjanna upplýsir varðandi þann lið: „Stofnkostnaður síldarverksmiðjunnar á Skagaströnd nemur nú kr. 19.770.000,00. Þar við bætist áætlaður kostnaður við olíukynditæki, geymir fyrir brennsluolíu o. fl. kr. 450.000,00."

2. liður fsp. hljóðar þannig: „Hve mikill er stofnkostnaður yngstu síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði?"

Svar stjórnar síldarverksmiðjanna, eins og það liggur fyrir í áðurgreindu bréfi, er: „Stofnkostnaður nýju verksmiðjunnar á Siglufirði, SR 46, nemur nú kr. 20.690.000,00. Þar við bætist áætlaður kostnaður við endurbyggingu mjölhúss, kr. 3.000.000,00, kostnaður við olíukyndingartæki, geymir fyrir brennsluolíu o. fl. kr. 600.000,00." Við þetta vildi ég bæta því, að eftir að ég fékk þetta bréf, upplýsti formaður bræðslustjórnar munnlega við mig, að endurbygging mjölhússins mundi reynast þar of lágt áætluð, og vísaði til skýrslu, sem hann taldi hafa verið útbýtt nýverið á Alþ. frá matsmönnum, er hafa verið fengnir til að líta á þessa byggingu og meta skemmdir og orsakir skemmdanna. En þeir hafa gefið skýrslu, sem er dagsett 26. júní 1947, þeir Valgeir Björnsson og Árni Pálsson. Hann vísaði til þessarar skýrslu um það, að þessi 3 millj. króna liður mundi reynast of lágur.

3. liður fsp. á þskj. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hve mikill var byggingarkostnaður tveggja síðast reistu lýsisgeyma ríkisins á Siglufirði, og

hve miklu hefur nú þegar verið varið til viðgerðar á þeim?"

Þessu svarar stjórn síldarverksmiðjanna í bréfi því, er ég áður hef getið, á þennan veg: „Samkvæmt reikningsskilum frá fyrrv. byggingarnefnd síldarverksmiðja ríkisins hefur efni í 2 lýsisgeyma á Siglufirði kostað kr. 259.576,15, en kostnaður við undirstöður og uppsetningu er í reikningum fyrrv. byggingarnefndar ósundurgreindur frá öðrum kostnaði, og verður ekki séð, hve miklu hann nemur. Til viðgerðar á þessum geymum hefur nú verið varið kr. 57.400,00. Að svo stöddu er ekki hægt að segja, hve miklu fé þarf að verja til fullnaðarlagfæringa á þeim."

4. fsp. á þskj. því, er um ræðir, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hver var byggingarkostnaður mjölhúss ríkissjóðs, sem hrundi á Siglufirði? Hve miklu fé hefur nú þegar verið varið til viðgerðar, og hve miklu fé mun enn þurfa að verja til umbóta mjölhúsi þessu, þar til það verður fyllilega nothæft?" Loks er svo sagt á þessu þskj.: „Óskað er eftir, að lögð verði fram nákvæm, sundurliðuð skýrsla um allar greiðslur ríkissjóðs til þessara framkvæmda frá upphafi, svo og, hve mikið fé verksmiðjurnar hafa getað lagt fram sjálfar í þessi fyrirtæki, hve mikið er tekið að láni, hve miklar skuldir eru á hverjum stað, hverjir eru skilmálar um vexti og afborgunartíma.

Svar stjórnar síldarverksmiðja ríkisins við þessum 4. lið fsp. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Samkvæmt reikningsskilum fyrrv. byggingarnefndar síldarverksmiðja ríkisins kostaði efni í stóra mjölgeymsluhúsið á Siglufirði kr. 561.889,33. Ekki verður séð af reikningsskilum nefndarinnar, hve miklu kostnaður við uppfyllingu á grunni og bygging á undirstöðum á gólfi né kostnaður við uppsetningu hússins hefur numið, þar sem kostnaður þessi er ósundurgreindur frá öðrum kostnaðarliðum. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins fól Guttormi Erlendssyni hæstaréttarmálaflutningsmanni endurskoðun á reikningsskilum fyrrv. byggingarnefndar, og hefur hann starfað að endurskoðuninni ásamt Ragnari Ólafssyni hæstaréttarmálaflutningsmanni, sem tilnefndur var af fyrrv. byggingarnefnd til að vera við endurskoðunina af hálfu fyrrv. byggingarnefndar. Þessir endurskoðendur hafa ekki getað séð af gögnum þeim, sem fyrrv. byggingarnefnd lét þeim í té, hvernig byggingarkostnaðurinn skiptist niður á einstaka hluta verksmiðjanna, svo sem mjölgeymsluhús, lýsisgeyma o. fl. Til viðgerða á stóra mjölhúsinu á Siglufirði hefur þegar verið varið kr. 220.000,00.

Eins og að framan greinir, er kostnaður við endurbyggingu mjölhússins áætlaður kr. 3.000.000,00. Í því sambandi skal tekið fram, að áður en húsið var byggt, mun fyrrv. byggingarnefnd ekki hafa látið rannsaka húsgrunninn, en við rannsókn, sem fram hefur farið á honum nú nýlega, hefur komið í ljós, að í grunni hússins eru frá 11,5 til 17,5 metrar niður á fastan grundvöll, en það hefur að dómi verkfræðinga þær afleiðingar, að við endurbyggingu hússins verður að reka niður staura til þess að láta steyptar undirstöður hvíla á, og er áætlað, að reka þurfi niður 192 staura, 5 til 10 metra langa, í þessu skyni.

Síldarverksmiðjur ríkisins hafa lagt fram af byggingarkostnaði umræddra verksmiðja kr. 2.400-000,00 umfram það fé, sem þær fengu endurgreitt frá ríkissjóði. Fé þetta þurfa SR að fá endurgreitt þannig, að það gangi upp í afborganir þær, sem síldarverksmiðjur ríkisins eiga að inna af höndum á verksmiðjunum.

Þar sem endurskoðun á reikningum fyrrv. byggingarnefndar er ekki lokið, getum vér ekki að svo stöddu látið ráðuneytinu í té skuldalista í sambandi við byggingarkostnaðinn. Um greiðslur úr ríkissjóði, lán og lánskjör verðum vér að vísa til fjármálaráðuneytisins."

Þessi svör eru undirskrifuð fyrir hönd síldarverksmiðja ríkisins af Sveini Benediktssyni.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Það er viðvíkjandi efnismeðferð. Ég vil þakka hæstv. ráðh. skýrslu þá, sem hann hefur gefið um málið, en ég vil spyrja hann viðvíkjandi nánari útfærslu á 4. lið, hvort þurfi að koma opinberlega um það sérstök fyrirspurn eða hvort það nægir að snúa sér til hæstv. ráðh. og að framhaldsumr. komi af þessari.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. S-Þ. vil ég segja það, að ég get náttúrlega, án þess að nokkur ný fsp. komi opinberlega fram í þinginu, gefið honum sjálfum þær upplýsingar, sem hann óskar eftir og ég játa fúslega að koma ekki hér fram til fulls. En mér finnst, að ef þessar upplýsingar eiga að koma fram opinberlega á Alþingi, þá þurfi fsp. um það að ganga þá þinglegu leið, sem gert er ráð fyrir um fsp. yfirleitt.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það var fróðlegt að fá upplýst, að byggingarkostnaður við báðar verksmiðjurnar skuli ekki hafa orðið nema röskar 40 millj. kr. Ég geri ráð fyrir, að þeim, sem hafa talað um 45—48 millj. kr., komi það talsvert á óvart. En það er annað, sem ég vil spyrja hæstv. ráðh., en það er, hvort frá þessari upphæð sé búið að draga þann hluta af þessum kostnaði, sem var vegna gömlu verksmiðjanna, en það var helmingur ketilhússins, ⅙ af mjölgeymslunni og að því er mig minnir annar lýsisgeymirinn. Þetta ber að draga frá, því að það tilheyrir gömlu verksmiðjunum. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. upplýsi þetta, ef hann hefur það hjá sér.

Þá var það mjölhúsið. Hæstv. ráðh. upplýsir, að efni til hússins hafi verið 560 þús. kr. Ég fylgdist nokkuð með þessum framkvæmdum, og þá var talað um, að efnið komið á stað kostaði 800 þús. kr. Ég held því, að þessi tala sé nokkuð of lág hjá hæstv. ráðh. og stafar sennilega af því, að ekki hafi verið nægilega vel farið yfir þetta. Byggingarkostnaður skemmunnar umfram efni var 1 millj. kr., svo að byggingin hefur kostað 1,8 millj. kr. að frádreginni lóðinni, en hún kostaði 160 þús. kr., og fór það fé að miklu leyti til Þormóðar Eyjólfssonar, sem átti meginið af lóðinni, og Guðmundur Hannesson hitt. Síðan reyndist þetta sökkvandi mýri, og þurfti að fylla lóðina upp, og kostaði því lóðin upp fyllt 508 þús. kr. Nú er helmingur hússins fallinn, og nú kostar 3 milljónir að byggja upp helminginn af húsi, sem kostaði 1.800 þús. kr., og þó er gólf og undirstaða óskemmt enn. Þetta er vitanlega ekki endurbygging á húsinu, það er bygging á nýju húsi af annarri gerð. En ef húsið er byggt upp aftur, þá kostar það nokkur hundruð

þús. Það er full ástæða til að ætla, að það sé hyggilegast að byggja húsið aftur upp eins og það var. En það er barnaskapur að ætla, að hægt sé að byggja á Siglufirði geymsluhús með miklu flatarmáli án þess að það þurfi að moka snjó af þeim. Það getur enginn hugsað nema sá, sem verið hefur aðeins að sumri til á Siglufirði, enda var rokið til, þegar húsið féll niður, að moka af mörgum þökum. Þegar snjórinn var mestur, var gerð tilraun með að bræða snjóinn. Það var dælt heitu vatni efst á húsið, en snjórinn var mikill og drakk vatnið í sig, og frostið var svo mikið, að allt fraus jafnóðum. Við þetta jókst þunginn á þakinu geysimikið, svo að það þoldi það ekki og brotnaði niður. Það hefði verið ástæða til að láta fara fram rannsókn á þessu. Það er ekki hægt að byggja stórt geymsluhús á Siglufirði án þess að hafa það lag að moka snjóinn burt, þegar snjóþyngslin eru mest. Það vita allir, sem hafa séð, hvílík gífurleg snjóþyngsli eru á Siglufirði.

Rúmmetrinn í þessari byggingu kostaði 30 kr. Það er sennilega alveg met í byggingum. Ef verksmiðjustjórnin vill taka eitthvert mark á þessum verkfræðingum, sem hún hefur, þá er hyggilegast að selja þetta hús, það er auðvelt, því að það er mjög eftirsótt. En að það kosti 3 millj. kr. að gera við hús, sem er fallið að hálfu leyti og kostaði í byggingu ekki nema 1,8 millj. kr., það sér hver maður, að er alger fjarstæða.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég held, að það sé rétt hjá hv. þm. Siglf., að byggingin á mjölhúsinu á Siglufirði hafi verið alveg met og það á fleiri en einn hátt í íslenzkri byggingarsögu, því að engum, sem sá þetta hús, gat dulizt, þó að óverklærður maður væri, að húsið gat ekki staðizt. Það var þannig gert, eins og verkfræðingarnir segja í þeirri skýrslu, sem var verið að útbýta hér, að það stóðst á engan hátt vindþunga, hvað þá snjóþunga þann, sem er á Siglufirði. Húsið var þannig, að þeir, sem áttu bíla þar, tóku þá burt, því að þeir vildu ekki hætta á að eiga þá þar inni, nema verkstjórinn, hann lagði sinn bíl í hættu. Þegar snjórinn var kominn á þakið, fékkst enginn til að fara upp á þak til að moka, því að þakið lét undan manni, það bungaði undan einum lausum manni. Þess vegna fengust engir til að fara upp á þakið.

Ég verð að segja það út af þessari fsp., sem hér er komin fram, að mér þykir undarlegt, að enn skuli ekki vera lokið endurskoðuninni. Vil ég í því sambandi beina því mjög eindregið til hæstv. fjmrh., að hann sjái svo um, að fulltrúi byggingarn. við endurskoðunina, sem er mjög þægt verkfæri í höndum kommúnista, geti ekki ráðið því, að það dragist áfram og áfram að ljúka endurskoðun þessara reikninga. (**ÁkJ:** Hver er það?) Það veit hann eins vel og ég. Það er nauðsynlegt að láta það ekki dragast úr hömlu, að þessari endurskoðun verði lokið, því að það er alveg vitanlegt, að það er mikill áhugi fyrir því hjá þeim, sem stóðu fyrir þessu verki, að láta sem allra minnst verða opinbert um það. Ég vil ekki segja, að þar hafi verið framið neitt glæpsamlegt athæfi, en margt, sem hefur skeð í þessu byggingarmáli, er þess eðlis, að það þarf að rannsaka það nánar. Og það er bezt fyrir alla, sem nærri því koma, að rannsókn fari fram nógu snemma, áður en fyrnt er yfir ýmsa hluti, sem þar hafa farið fram. Ég hef sjálfur orðið nokkuð var við þessa tregðu. Ég átti sæti í verksmiðjustjórninni sem varamaður 1½—2 mánuði. Það var mjög erfitt að fá upplýsingar um þessi mál hjá byggingarn. N., sem hv. þm. Siglf. skipaði á sínum tíma til að sjá um þessar framkvæmdir, virtist gera allt, sem hún gat, til að koma í veg fyrir, að aðrir kæmust í þessa pappíra, sem þar lágu fyrir. Ég ítreka það, að ég hef enga sönnun fyrir, að þarna hafi neitt glæpsamlegt athæfi átt sér stað, en þarna hafa verið unnin ýmis verk, sem eru þess eðlis, að maður verður að spyrja, hver hafi borið þarna tæknilega ábyrgð, t. d. að byggja stærsta mjölgeymsluhús landsins á kviksyndi, þar sem hægt er að reka niður, eins og hæstv. fjmrh. upplýsir, staura, svo að mörgum metrum nemur, þar sem undirstaðan var svo ófær, að þar var hvorki steypustætt né stoðastætt, og svo fellur það niður, án þess að nokkru sinni væri tækifæri til að fylla það af mjöli.

Minn tími er að verða búinn, og ég skal ekki syndga upp á náð hæstv. forseta, en ég ítreka þau tilmæli til hæstv. fjmrh., að hann gangist í að láta rannsaka, hver ber ábyrgð á mistökum eins og þessum, sem munu öll til samans krefja af útgerðarmönnum og sjómönnum þess þyngsta skatts, sem enn hefur verið lagður á þá.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég verð að segja, að það væri ekki of fljótt, þó að þessari endurskoðun væri lokið, þar sem á henni var byrjað á s. l. sumri, en samt sem áður er það svo, eins og sést á bréfi verksmiðjustj., að henni er ekki lokið enn. Ég mun þess vegna taka til greina þá áskorun, sem hv. þm. Ísaf. hefur hér fram borið í þessu máli, þar sem það er rétt athugað, að dráttur á slíku er engum til gagns og bezt að fá sem fyrst greitt úr þeim flækjum og ágreiningi, sem þarna hefur átt sér stað. Ég mun þess vegna herða á því við stjórn síldarverksmiðjanna að fá þessu verki lokið. Um hitt atriðið, þá tæknilegu ábyrgð, þá liggur það í hlutarins eðli, að þegar stjórn síldarverksmiðjanna var falið að taka við þessu verki, þá var henni óbeint falið að athuga allt, sem þar væri ekki í lagi, og koma verkinu í þá fullkomnun, sem til var ætlazt, þegar byrjað var á verksmiðjunum.

Út af fyrirspurn hv. þm. Siglf. um það, hvort dreginn hafi verið frá kostnaður við þær framkvæmdir, sem tilheyrðu gömlu verksmiðjunum, þá liggur ekkert fyrir um það í bréfi verksmiðjustj. Enn fremur vil ég benda á það, að þær upplýsingar, sem hér liggja fyrir um kostnaðinn, eru hér í tveim liðum. Um 3. og 4. liðinn eru engin reikningsskil komin frá byggingarn., en hún mætti gerst um það vita, hvort þessu fé hefur verið varið að einhverju leyti til annars en hinna nýju verksmiðja. Hvað viðvíkur kostnaði á efni til mjölgeymsluhússins, þá áleit hv. þm., að ég hefði farið þar með lægri tölur en fengju staðizt. Þær tölur eru líka byggðar á reikningsskilum byggingarn., en samkvæmt þeim hefur kostnaður við efni til hússins verið 561889 kr., eins og ég áður sagði. Það má vel vera, að það séu ekki réttar upplýsingar, en hér liggur ekki annað fyrir, og ég get ekki sagt annað en það, sem liggur skrifl. fyrir frá stjórn síldarverksmiðjanna.

Annars er það um allar þessar upplýsingar að segja, að meðan endurskoðun á plöggum og reikn-

ingum fyrrv. byggingarn. er ekki lokið, verður að taka allar tölur, sem hér eru, með sömu varúð og gera verður, þegar talað er um kostnað hjá fyrirtæki, þar sem reikningar hafa ekki verið endurskoðaðir, þannig að það getur vel komið í ljós, án þess að ég sé neitt að spá því, að eitthvað af þessum tölum verði öðruvísi, þegar til kemur. Eftir því sem hv. þm. Siglf. upplýsti, þá skildist mér á honum, að efnið muni hafa hlotið að kosta meira. Stendur það allt til bóta, þegar endurskoðendurnir hafa lokið við sitt verk, og ég skal gera mitt til þess að fá því verki hraðað, þannig að það, sem upplýsa þarf í þessu máli, liggi sem fyrst fyrir þingheimi til athugunar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er upplýst í þessum umr., m. a. í þeirri skýrslu, sem er nú nýbúið að útbýta, að það muni kosta 3 millj. kr. að endurbyggja mjölgeymsluhúsið. Stafar þetta mest af því, að þetta verk var falið ábyrgðarlausum mönnum til framkvæmda. Í sambandi við það vil ég leyfa mér að benda á, að í Ed. var fyrir fáum dögum fyrir tilstilli hæstv. fjmrh. afgr. mál um iðnaðarmálastjóra, sem m. a. átti að hafa það hlutverk að bera ábyrgð á svona undirbúningi. Þessu máli var vísað til ríkisstj. til frekari undirbúnings fyrir næsta þing. Í sambandi við það vil ég vænta þess, að hæstv. ráðh., sem þá áleit málið ekki tímabært, gæti af þessum gögnum séð, hvernig hefði mátt fara, ef þetta mál hefði þá verið komið í gegn, því að með þessum ráðstöfunum hefði mátt spara ekki aðeins þetta fé, heldur og miklu meira, öll þau leiðindi, sem af þessu hafa orðið, og alla þá smán, sem af því hefur stafað. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. vinni að því, að þetta mál komi hér fram aftur og verði afgr. sem l., en leggist ekki á þá dagskrártill., sem samþ. hefur verið í málinu.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hvamm-Sturla sagði, að konur hefðu ýmsar leiðir til að sýna mönnum ást sína. Þó að hér sé um að ræða vandamál og leiðindamál, þar sem þessi bygging er, þá sé ég ekki, hvað frv. það, sem var afgr. fyrir fáum dögum í Ed., hefði getað bætt úr því ástandi, sem hér liggur fyrir.

Út af því, að hv. þm. Barð. óskaði, að ríkisstj. legðist ekki á þá dagskrá, sem afgr. var í Ed. um þetta mál, þá vil ég aðeins svara því til í fyrsta lagi, að ég veit ekki, hvort það verður mitt hlutverk að vinna að því, og í öðru lagi veit ég ekki til, að síðan ég kom í stjórnarráðið, hafi samþ. Alþ. verið vanræktar eða lagðar til hliðar, og ég geri ekki ráð fyrir, að það verði heldur sá háttur hafður um það mál, sem hv. þm. hefur hér minnzt á. Það fékk þá afgreiðslu í Ed., að því var vísað til stj., og að svo miklu leyti sem það kynni að verða í mínu valdi, þá get ég fullvissað hv. þm., að ég hef enga tilhneigingu til að draga úr þeirri athugun, sem Alþ. hefur farið fram á, að fari fram á því máli.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að hann hefur, eftir því sem gögn lágu fyrir, reynt að svara fsp. minni og fræða Alþ. um ástandið í þessu máli. Hitt er annað mál, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Ísaf., að það mun vera nokkuð torfengin fræðslan um þetta frá þeirri byggingarn., sem stóð að þessu mikla verki. Ég mun þess vegna nota mér góðvilja hæstv. ráðh. og spyrja ýtarlegar og opinberlega um nokkur atriði, sem skipta máli, og ef til vill um minni háttar atriði leita til hans persónulega, þar sem ég þykist vita, að þær upplýsingar, sem hann gefur þannig, megi verða heyrum kunnar.

Mér finnst ánægjulegt að vita til þess, að hv. þm. Siglf. lítur með nokkurri gleði yfir sín verk í þessu efni, og þess er því meiri þörf, þar sem það munu ekki vera mjög margir menn í landinu, sem geta sett sig í hans spor og notið þeirrar gleði. Aðeins finnst mér það nú liggja fyrir, að til þessarar byggingar hefur verið stofnað með alveg ótrúlegri léttúð og gáleysi. Þegar út í þetta var farið, munu síldarverksmiðjurnar hafa átt skuldlausa eign um 2 millj. kr., og allt hefur það farið í þessa miklu hít, og síðan hefur verið fengið úr einum banka 20 millj. kr., en 14 millj. eru í óreiðu, eitthvað er á ríkissjóði, og yfir eitthvað munu ekki reikningsskil komin enn.

Þegar maður athugar það, sem hér er spurt um, og að það var gengið fram hjá þeim mönnum, sem hafa vit og reynslu á að byggja síldarverksmiðju, og teknir óvanir menn og fákunnandi, og þegar, eins og hv. þm. Ísaf. benti á, þessir menn tregðast svo mjög við að skila reikningum, þá finnst mér ástæða til, að þetta mál verði athugað talsvert, áður en komizt er til botns í þessum vanda.

23. Bein Jóns biskups Arasonar og sona hans.

Á 49. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um uppgröft á meintum beinum Jóns biskups Arasonar og sona hans og óleyfðan burtflutning þeirra frá Hólum í Hjaltadal (A. 420,1).

Á 50. fundi í Sþ., 4. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Það hefur vaknað hér á Alþ. allmikill áhugi á því, að minnisvarði Páls Stígssonar, sem stóð að Stóradómi, væri ekki fluttur úr Bessastaðakirkju, og urðu allmiklar umræður um málið, en bak við þær umr. stóð prófessor og dr. Guðbrandur Jónsson, sem lætur sér mjög annt um fornminjar, og varð þetta allt til þess að vekja áhuga manna á fornminjauppgrefti, sem grunur lék á, að hann hefði verið riðinn við. Guðbrandur Jónsson hefur nú játað að hafa tekið bein Jóns Arasonar fyrir 30 árum úr Hólakirkjugarði og flutt þau hingað til Rvíkur og ráðstafað þeim. Þegar ég fékk vitneskju um þetta, sneri ég mér til fornminjavarðar og innti hann

eftir upplýsingum um málið. Hann sagðist hafa verið erlendis 1918, eða árið sem Guðbrandur gróf upp beinin, og kvað hann Pálma Pálsson hafa gegnt störfum sínum á meðan. Til hans kom Guðbrandur Jónsson og bað um leyfi til þess að rannsaka grunn hinnar gömlu Hóladómkirkju. Ekki segist þjóðminjavörður vita til þess, að hann fengi til þess leyfi þáverandi ráðherra, Jóns heitins Magnússonar. Síðan segir hann, að Guðbrandur hafi komið með mannabein með sér suður, sem hann annars hafði ekkert leyfi til að taka, og hafi beinin síðan að mestu verið í hans vörzlu, og áleit fornminjavörður, að Guðbrandur hefði e. t. v. sent eitthvað af beinunum til Ameríku, en mundi síðan hafa ráðstafað þeim eitthvað öðruvísi.

Allar þær upplýsingar, sem fyrir liggja um málið, gera skýringar Guðbrands mjög ósennilegar. Hann segist hafa haft leyfi frá Jóni Magnússyni, og ætti að athuga, hvort í skjölum ráðuneytisins fyndist eitthvað um það. Sonur Pálma Pálssonar segist aldrei hafa heyrt föður sinn tala um það leyfi. Þá er ósennilegt, að legið hafi fyrir vitneskja Sigurðar Sigurðssonar, skólastjóra á Hólum, sem þá var, því að Helga dóttir hans, sem þá var vön að sýna gestum kirkjuna, sagðist aldrei hafa heyrt föður sinn minnast á, að beinin hefðu verið tekin. Má því gera ráð fyrir, að allar skýringar Guðbrands séu rangar og að hann hafi tekið beinin í leyfisleysi. Hafa merkir Skagfirðingar, t. d. sumir, sem verið hafa þm. þeirra, ekkert vitað um málið. Svo mikil leynd hefur hvílt yfir því.

Sé ég svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira að svo stöddu, en bíð svars hæstv. ráðherra.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Fyrsta spurningin er um það, hvenær beinin hafi verið grafin upp og flutt. Ráðuneytinu hefur borizt bréf frá Guðbrandi Jónssyni, sem segir, að hann hafi grafið upp beinin árið 1918, og svo heldur hann áfram:

„Ég undirritaður gerði það með fullu leyfi ráðherrans, sem þá var, Jóns sáluga Magnússonar, og Pálma heitins Pálssonar, sem þá var í þjóðminjavarðar stað, vegna þess að þáverandi þjóðminjavörður, prófessor Matthías Þórðarson, var, að ég held, erlendis.“

Hann segir enn fremur: „Við sóknarnefnd Hólakirkju átti ég aftur á móti ekki tal um málið, enda átti hún ekki aðild að því.“

Í bréfinu segir Guðbrandur enn fremur: „En þegar ég rakst á beinin,“ — og orðalagið: „ég rakst á“ bendir til þess, að hann hafi farið til þess að athuga grunn kirkjunnar — „þá átti ég ítrekað tal við ofangreinda tvo menn, sem báðir leyfðu mér að taka þau upp og flytja þau hingað suður. Ég tek það fram, að ég gekk svo frá staðnum, þar sem beinin lágu, að hægt væri að koma þeim aftur fyrir nákvæmlega á sínum fyrri stað, og var það svo vandlega gert, að ég efast ekki um, að allt muni vera þar í jörðinni eins og ég gekk frá því. Þegar til Reykjavíkur kom, var mér sagt af ráðherranum, að ég mætti ráðstafa beinunum eftir vild, og ég kom þeim þá fyrir í geymslu hjá þjóðminjaverði. Hafa þau legið þar æ síðan, unz ég tók þau aftur í mínar hendur fyrir tveimur árum og skilaði þeim þá í Kristskirkju í Landakoti, en þar var gert að þeim sómasamlegt skrín, sem nú er geymt í skrúðhúsi kirkjunnar, enda er það sízt óvirðulegri geymsla en bein annarra fyrri tíðar manna fá í þjóðminjasafninu og læknadeild háskólans.“

Þetta eru þær athugasemdir, sem Guðbrandur Jónsson gefur um beinin og hvernig þeim hafi verið ráðstafað. — Enn fremur segir hann, og er þá komið að 2. og 3. lið spurningarinnar: „Bein þessi hafa aldrei farið út fyrir landsteinana, og aldrei hafa verið gerðar tilraunir til anthropometriskra mælinga á þeim, meðal annars af því, að leifarnar voru of litlar til þess, að hægt væri að gera á þeim slíkar mælingar.“

Ég hef látið athuga, hvað um þetta kynni að finnast í ráðuneytinu, og hafa engar bréfagerðir varðandi leyfi til uppgraftar beinanna fundizt, hvorki samþykkt né synjun. — Viðvíkjandi meðferð beinanna að öðru leyti hefur ráðuneytið fengið skýrslu frá fornminjaverði og bréf frá sóknarpresti Landakotskirkju, svo hljóðandi:

„Að gefnu tilefni leyfum vér oss að tilkynna hinu háa dóms- og kirkjumálaráðuneyti, að bein þau, sem álitin eru vera bein Jóns biskups Arasonar og sona hans og grafin voru upp úr Hólakirkjugarði 1918 af prófessor Guðbrandi Jónssyni, eru í vörzlu Kristskirkju í Landakoti, og voru þau afhent kirkjunni 1945 af prófessor Guðbrandi Jónssyni, með leyfi þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra og herra biskupsins yfir Íslandi og þjóðminjavarðar, eftir því, sem fyrrnefndur prófessor tjáði oss. Beinin eru geymd í loftþéttu skríni undir kór kirkjunnar.“

Varðandi þau leyfi, sem hér er talað um, fannst ekkert í vörzlu ráðuneytisins, og biskupinn kannast ekki við eitt né neitt um þetta, en afstaða þjóðminjavarðar er ljós með bréfi, er ég nú skal lesa frá honum, svo hljóðandi:

„Sem svar við eftirgrennslan yðar, hæstvirtur menntamálaráðherra, um mannabeinaleifar þær, sem sumir hafa talið bein Jóns biskups Arasonar og sona hans tveggja, leyfi ég mér að senda yður afrit af tveimur bréfum fyrrv. þjóðminjavarðar, sem hafa að geyma svör við sams konar fyrirspurnum frá biskupi landsins. Af hálfu þjóðminjavarðar eða þjóðminjasafnsins er í raun og veru ekki annað að segja um mannabein þessi en það, sem felst í þessum tveimur bréfum. Staðgöngumaður þjóðminjavarðar gaf Guðbrandi Jónssyni leyfi til að leita eftir grunnmúrum gamalla kirkjubygginga, en til þess að grafa eftir beinum í Hólakirkjugarði gaf hann ekki leyfi, enda sjálfsagt aldrei um það beðinn, þar sem þjóðminjavörður hefur ekki vald til að leyfa eða banna slíkt. Frá 1918 til 1945 voru bein þessi geymd á safninu fyrir Guðbrand Jónsson, en hafa aldrei verið afhent því til eignar og eru safninu á þann hátt óviðkomandi.

Ég vil að lokum leyfa mér að benda á, að það er með öllu ósannað og að líkindum ósannanlegt, að hér sé um að ræða bein Jóns Arasonar og sona hans, þó að ekki sé loku fyrir skotið, að svo geti verið.“

En um þetta segir í þessum bréfum frá fyrrverandi þjóðminjaverði:

„Varðandi þær mannabeinaleifar, sem Guðbrandur Jónsson tók úr kirkjugarðinum á Hólum í Hjaltadal sumarið 1918, er hann að fengnu leyfi Pálma yfirkennara Pálssonar, er þá gegndi fyrir mig störfum í fjarveru minni erlendis, gjörði „útgrepti norður á Hólum í þeim tilgangi að finna grunnmúrana undan hinum fornu kirkjum þar“, sbr. bls.

217—221 í ritgjörð hans „Dómkirkjan á Hólum", sem prentuð var í Safni til sögu Íslands, V. bindi, nr. 6. Beinaleifar þessar eru enn geymdar þar, sem þær voru látnar, er hann afhenti mér þær eftir heimkomu mína, nefnilega í kistu einni í þjóðminjasafninu, en hafa ekki verið tölusettar meðal þeirra mannabeinaleifa og hluta, er tilheyra því."

Enn fremur segir fyrrverandi fornminjavörður síðar frá því, að Guðbrandur hafi tekið beinin aftur og geymi þau í Landakotskirkju.

Þetta er það, sem ég frekast veit samkvæmt gögnum, sem ráðuneytinu hafa borizt. — Viðvíkjandi fjórðu spurningunni er það að segja, að ríkisstj. hefur ekki tekið afstöðu til þess, hvað gera skuli í málinu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Af þessum upplýsingum ráðherra og grein Guðbrands Jónssonar er sýnilegt, að allar skýringar Guðbrands eru ósannar. Hann byrjar á því að segja, að leyfi Jóns Magnússonar hafi verið fyrir hendi til að grafa upp beinin, en það kemur fram, að hann hefur aðeins haft leyfi til að athuga kirkjugrunna. Hlyti enda að finnast leyfi Jóns Magnússonar, ef til væri, því að svo nákvæmur embættismaður sem hann var hefði aldrei gefið leyfið öðruvísi en skriflegt. Í bréfi sínu til ráðh. sleppir hann skröki sínu um viðtal sitt við Sigurð Sigurðsson (**Menntmrh.**: Bréfið er orðrétt eins og greinin í Morgunblaðinu, en ég las ekki þann kafla, sem fjallar um skipti þeirra Sigurðar). Nei, en með því að Helga Sigurðardóttir, sem sýndi gestum kirkjuna, heyrði föður sinn aldrei minnast á þetta, má telja víst, að frásögn Guðbrands sé og röng í þessu atriði.

Það er eitt atriði, sem hæstv. ráðh. þyrfti að upplýsa betur, en það er varðandi bréf fornminjavarðar til biskups. Árið 1943 hafði biskupinn fengið hugboð um beinaflutninginn og skrifaði hann þá forsrh. og fornminjaverði um málið, og gefur þá fornminjavörður skýrslu, en forsrh., sem þá var Björn Þórðarson, sinnti ekki málinu. Og eftir að biskupinn snýr sér til þjóðminjavarðar til þess að fá upplýsingar um málið, þá ber Guðbrandur Jónsson það fram, að biskupinn hafi gefið sér leyfi til að ráðstafa beinunum. Sýnir þetta bezt málflutning Guðbrands, sem allur er ein ósannindaþvæla.

Ráðh. segir, að ríkisstj. hafi ekki enn tekið afstöðu til málsins, og skal ég því skýra frá því, að ég hef flutt till., sem verður líklega útbýtt á morgun, þess efnis, að Alþ. leggi svo fyrir, að beinin verði flutt norður og hafizt verði handa um að skila aftur til kirkna úti á landi þeim góðu gripum, sem fluttir hafa verið hingað á þjóðminjasafnið, og að komið verði í veg fyrir, að menn eins og Guðbrandur Jónsson leiki sér að helgum minjum þjóðarinnar. Ef sú till. nær fram að ganga, má segja, að ráðsmennska Guðbrands hafi þó að einhverju leyti orðið góðs valdandi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þegar ég varð skólastjóri á Hólum árið 1920, vissi hver maður í Skagafirði um þetta beinamál. Og 1918, þegar Guðbrandur vann að greftinum, var Sigurður skólastjóri heima allt sumarið. Í minni skólastjóratíð, laust eftir 1920, komu nokkrir Akureyringar í heimsókn, þar á meðal ritstjóri Íslendings, Gunnlaugur Tryggvi, og sagði ég honum frá beinunum og kvaðst halda, að þau hefðu verið tekin í heimildarleysi. Skömmu síðar kom löng grein í Íslendingi, sem hv. þm. S-Þ. las, — því að honum var hún kunnug, er hann nokkru síðar gisti hjá mér að Hólum, — þar sem athafnir Guðbrands voru taldar óheppilegar og óviðeigandi. Síðan kom í Íslendingi önnur grein um málið, skrifuð af Guðbrandi Jónssyni, þar sem hann telur sig hafa haft fullar heimildir til að grafa upp beinin, og féllu þá niður blaðaskrif um málið. Þetta er því ekki í fyrsta skipti, sem mál þessi eru opinberlega rædd, og skil ég ekki, hví hv. þm. S-Þ. hefur ekki tekið málið fyrr upp, t. d. meðan hann sjálfur var kirkju- og kennslumálaráðherra.

24. Bessastaðastofa o. fl.

Á 49. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar varðandi tilkostnað og útgjöld ríkisins við kaup og endurbætur á Bessastöðum svo og um búrekstur á þeirri jörð (A. 420,2).

Á 50. fundi í Sþ., 4. marz, var fyrirspurnin tekin til *meðferðar, hvort leyfð skyldi.*

Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Það er kunnugt, að einn þm. Reykv. flutti hér á Alþingi fsp. um það, hversu mikið viðgerðir hefðu kostað á Bessastaðakirkju. Í þeim umr. kom fram, að mörgum þótti mikið hafa verið lagt til Bessastaðakirkju. Það er nú búið að ræða þennan lið í kostnaðinum við endurreisn Bessastaða, en mér þótti rétt að spyrja um meira. Ég vildi fá að vita, hversu tilkostnaðurinn væri orðinn mikill vegna forsetasetursins alls. Það er ekki nema eðlilegt, að hlynnt sé að forsetabústaðnum, en ég sé ekki betur en sú mikla viðgerð, sem fram hefur farið á Bessastaðakirkju, hafi farið fram utan fjárl. Ég veit ekki annað en allur sá rausnarlegi tilkostnaður, sem orðinn er vegna þjóðhöfðingjans okkar á Bessastöðum, hafi ekki verið áætlaður á fjárl., en mér finnst, að rétt sé að fá það upplýst, hversu mikið fé hafi þegar farið til staðarins, og með fsp. þessari er bætt úr þessu, og í sambandi við þetta hef ég hugsað mér að hreyfa öðru máli, en það er, að þingmenn fari að hugsa fyrir byggingu nýs þinghúss og stjórnarráðs. Aðbúnaður forsetans þarf að vera góður, en engu síður aðbúnaður Alþingis og ríkisstjórnar. Í skýrslu þeirri, sem hæstv. ráðh. mun nú gefa, ætlast ég til þess að fá upplýst, hversu mikið fé Sigurði Jónassyni var greitt, er hann afsalaði landinu Bessastaði, og hversu mikið endurbætur á jörð og húsum hafa kostað. Á Bessastöðum er nú rekinn mjög óheppilegur búskapur, sem vart mun borga sig. Við hv. þm. Borgf. og ég lögðum til á sínum tíma, að á Bessastöðum yrði rekið fyrirmyndar hestabú, sem mikil þörf var fyrir og líkur

þentu til, að mundi vera hægt að reka hallalaust. Ég skal svo ekki ræða málið frekar fyrr en hæstv. ráðh. hafa svarað fsp.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Áður en ég svara þeim liðum fsp., sem nánast falla undir forsrn., vil ég skýra frá því, að á fundi í júní 1941 hafði þáverandi ríkisstj. ákveðið, að þjóðhöfðingi landsins skyldi hafa aðsetur að Bessastöðum. Og eftir að forsetinn, þáverandi ríkisstjóri, hafði tekið við völdum, þá ritaði þáverandi forsrh., Hermann Jónasson, forsetanum bréf um þetta, sem dags. er 18. júní 1941. Ég les hér kafla úr þessu bréfi. Þar segir svo:

„Jafnframt hefur ríkisstj. samþykkt samkvæmt samtali forsætisráðherra við yður að fara þess á leit, að þér, hæstvirtur ríkisstjóri, látið í samráði við þann húsameistara, sem séð hefur um endurbætur á húsum á Bessastöðum, halda umbótum þessum og breytingum áfram, svo sem telja verður nauðsynlegt, til þess að húsið verði hæfilegur bústaður ríkisstjóra. Enn fremur var samþykkt að óska þess, að þér létuð gera þær umbætur á staðnum að öðru leyti, sem nauðsynlegar eru til samræmis við húsabæturnar. Þá er og gert ráð fyrir því, að reist verði hús á jörðinni fyrir ráðsmann og starfsfólk. Óskar ríkisstj. þess, að þér látið í samráði við umræddan húsameistara reisa slíka byggingu."

Þetta bréf sýnir ljóslega, hvert upphafið var að umbótum á Bessastöðum. Ég er þess fullviss, að bæði Alþ. og ríkisstj. vilja láta gera þær umbætur á Bessastöðum, að sæmandi sé þjóðhöfðingja vorum, og að nauðsynlegt sé að útbúa dvalarheimili hans svo, að sæmandi sé virðingu og sjálfstæði ríkisins. Fyrst eftir að bústaður forseta var tilbúinn, heyrði hann undir forsrn., en árið 1944 ákvað þáverandi forsrh., Björn Þórðarson, að sá rekstur Bessastaða, sem búið snerti, skyldi falla undir landbrn., en að öðru leyti undir forsrn. Af þessum ástæðum, að þessu var skipt niður á tvö ráðuneyti 1944, finnst mér rétt, að ég svari fyrirspurnarliðunum 1—5 og c-lið 7. spurningarinnar, en að hæstv. landbrh. svari þeim atriðum, sem snerta búreksturinn. Ég álít, að þar sem hér er um að ræða umr. um aðsetur þjóðhöfðingja landsins og mál, sem snertir stöðu hans, þá eigi þær að fara fram með þeim hætti og svo virðulega, að samboðið sé því, sem ber, þegar um aðsetur þjóðhöfðingja vors er að ræða.

Ég vík nú að fyrirspurnunum.

1. Hverju sætir það, að aldrei eru tekin í fjárlög útgjöld ríkisins við endurbyggingu Bessastaða?

Þegar ríkisstjórn og þingmeirihluti ákvað 1941, að þjóðhöfðinginn skyldi sitja á Bessastöðum, duldist engum, að miklu fé þurfti að verja til endurbyggingar staðarins. En hvorki þá né síðan mun hafa verið tekin í fjárlög heimild eða fjárveiting til framkvæmda þar. Að sjálfsögðu hefur Alþingi þó ætlazt til, að bústaður þjóðhöfðingjans yrði með myndarbrag og fé varið úr ríkissjóði til umbóta á staðnum. Hins vegar er mér ekki kunnugt um, hvers vegna þessi útgjöld hafa ekki verið tekin á fjárlög, og engin sérstök gögn til skýringa á því hef ég séð í forsrn. Getur það að sjálfsögðu komið til athugunar, hvort breyta eigi til í þessu efni. Hv. fjvn. hefur heldur ekki séð ástæðu til að eiga frumkvæði að því að taka þennan kostnað á fjárlög og hefur t. d. hv. þm. S-Þ. ekki séð ástæðu til þess, en hann átti lengi sæti í fjvn., og var um skeið formaður hennar.

2. Hve mikið greiddi ríkissjóður Sigurði Jónassyni í sambandi við burtför hans af jörðinni?

Í bréfi til Sigurðar Jónassonar, forstjóra, dagsettu 31. maí 1941, skýrði þáverandi forsrh., Hermann Jónasson, frá því, að hann hefði borið fram á Alþ. till. um heimild handa ríkisstj. til kaupa á bústað í næsta nágrenni Reykjavíkur handa væntanlegum ríkisstjóra Íslands. Ef till. verði samþ., sé ætlunin að leita eftir kaupum á Bessastöðum á Álftanesi í þessu skyni. Spyrst ráðh. fyrir um, hvort jörðin muni föl og þá við hvaða verði.

Sigurður Jónasson svarar bréflega 13. n. m. kveðst hann eigi hafa hugsað sér að selja Bessastaði fyrst um sinn, mundi og mat sitt á jörðinni þykja *allhátt, einkum ef ríkissjóður ætti í hlut*, en hann sé sömu skoðunar og þeir, er telji Bessastaði vel fallna til að vera aðsetursstað æðsta manns þjóðarinnar. Bjóði hann því forsrh. f. h. ríkisins Bessastaði að gjöf ásamt Lambhúsum, Skansi og þriðjungi Breiðabólsstaðaeyra með þeim skilyrðum, að honum sé greiddur kostnaður sá, er hann hafi haft af jarðræktarframkvæmdum á jörðinni og húsabótum. Ríkissjóður kaupi alla áhöfn, verkfæri, áhöld og innanstokksmuni, og þar sem kostað hafi verið allmiklu til túns og garða, en sláttur byrjaður, fái hann að mestu sumartekjurnar af garðrækt og heyskap að frádregnum kostnaði. Alls er þetta virt af Sigurði Jónassyni á 120.000 kr. Í fylgiskjölum er fjárhæð þessi sundurliðuð þannig:

a. Kostnaður við landmælingauppdrátt af Bessastaðalandi	kr.	3.000.00
b. Jarðabætur o. fl. 1940—1941	—	21.922.46
c. Kostnaður við viðgerð húsa:		
Árið 1940 ..... kr. 23.123,69		
Árið 1941 ..... — 19.649,98		
	—	42.773,67
d. Áhöfn:		
25 kýr, 2 kvígur, 5 kálfar (vetrungar), 1 naut, 4 hestar	—	17.550,00
e. Verkfæri, búsáhöld og innanstokksmunir samkv. sérstakri skrá	—	12.000,00
f. Afrakstur garða og heyskapar sumarið 1941 að frádregnum kostnaði	—	22.753,87
	kr.	120.000.00
Auk þess voru matarbirgðir, samkv. sundurliðuðum reikningi, fyrir	—	2.659,38
	Samtals kr.	122.659,38

Jarðeigninni skyldi fylgja sparisjóðsinnstæða, er jafngilti áhvílandi skuldum og vöxtum af þeim til 13. júní 1941.

Með bréfi forsrn., dags. 18. júní 1941, er Sigurði Jónassyni tjáð, að ríkisstj. hafi á fundi sínum þann dag ákveðið að veita hinni höfðinglegu gjöf viðtöku með greindum skilmálum.

Samkvæmt framansögðu voru Sigurði Jónassyni forstjóra goldnar kr. 122.659,38 í sambandi við viðtöku Bessastaða.

3. Hve mikið fé hefur ríkið lagt til Bessastaða á síðustu árum til vega, sæsíma, síma og raflagna?

Hinn 9. marz 1942 gerði forsrn. samning við rafveitu Hafnarfjarðar um rafmagn til Bessastaða.

Fyrir afnot af lágspennulínu, er lögð var til bráðabirgða, skyldi greiða .. kr. 2.000,00
Fyrir lagningu háspennulínu og byggingu spennistöðvar á staðnum skyldi greiða 80% af kostnaði við verkið samkv. stofnkostnaðarreikningi, gerðum í samráði við rafmagnseftirlit ríkisins. Rafveitan annast viðhald mannvirkjanna og gæzlu ráðuneytinu að kostnaðarlausu. — Stofnkostnaður háspennulínu og spennistöðvar varð kr. 47.849,91. Af þeim kostnaði greiddi ráðuneytið ..... — 38.279,93

Samtals kr. 40.279,93

Í samningi þessum eru einnig ákvæði um, eftir hvaða verðskrám skuli selja rafmagn til Bessastaða.
Vegagerð og fegrun umhverfis ..... kr. 389.952,54
Stofnkostnaður sæsíma o. fl. að Bessastöðum 1942 ..... — 59.870,00

4. Hve mikið hefur ríkið greitt fyrir viðgerð eða nýbyggingar eftirtalinna húsa á Bessastöðum:

a. Fyrst er forsetahúsið, viðgerð 1941—1943:

Timbur o. fl.	kr.	28.901,51
Sement, járn o. fl.	—	23.525,87
Miðstöð, vatn o. fl.	—	16.413,32
Málning	—	25.838,00
Rafmagn	—	64.369,37
Járn- og blikkvörur	—	19.930,35
Steinsmíði	—	6.165,00
Veggfóðrun og gólfdúkar	—	5.567,59
Ýmislegt	—	14.616,33
Flutningur á efni og verkafólki	—	16.639,89
Vinnulaun	—	130.319.91
Verkfræðistörf	—	802,00
	kr.	363.089,14

Í þessari fjárhæð er talin mikil jarðvinna umhverfis húsið, er framkvæmd var 1942—1943. — Greiðslur til húsameistarans, Gunnlaugs Halldórssonar, verða greindar sérstaklega. Í öðru lagi er móttökusalur, byggður 1944.

Forsrn. gerði samning við Almenna byggingarfélagið h/f um byggingu móttökusalarins. Er hann dagsettur 22. febr. 1944. Skyldi verkið kosta miðað við uppdrætti Gunnlaugs Halldórssonar ..... kr. 231.500.00
Frávik frá samningnum skyldi greiða sérstaklega. Sú fjárhæð reyndist .... — 11.750.00
Raflögn kostaði ..... — 5.170,25

Samtals kr. 248.420,25

Greiðslur til húsameistarans Gunnlaugs Halldórssonar verða greindar sérstaklega.

Á fundi fjvn. 18. jan. 1944 var mælt gegn því með 5:4 atkv., að ráðizt yrði í bygginguna, en á fundi nefndarinnar 9. n. m. leggur n. með 5:4 atkv. samþykki sitt á þessar byggingarfyrirætlanir ríkisstjórnarinnar.

b. Starfsmannahús, byggt 1941—1942:

Byggingarkostnaður	kr.	177.628,43
Íbúð fyrir fjósamann, kostnaður ..	—	63.494,00

c. Gömlu útihúsin, endurbyggð 1944—1945:

Timbur o. fl.	kr.	57.709,26
Sement og sementsvörur	—	14.987,75
Vatnslögn o. fl.	—	9.523,24
Asbest (á þak og innanhúss)	—	19.424.45
Járnvörur	—	5.539,18
Rafmagn	—	33.315,53
Gólfdúkar o. fl.	—	8.407,92
Málning	—	10.398,77
Flutningur (efnis og verkafólks)	—	26.417,39
Járnvörur	—	5.025,88
Ýmislegt	—	4.167,39
Fæðiskostnaður (gr. búinu)	—	6.902,00
Vinnulaun (trésmíði, múrvinna, verkamannavinna)	—	134.292,23
	kr.	336.292,99

d. Fjós og hlaða, byggt 1943—1944:

Timbur o. fl.	kr.	60.828,30
Járn- og blikkvörur	—	19.581,91
Sement og sementsvörur	—	38.616,70
Vatnslögn	—	8.602,22
Asbest á þak	—	9.481,32
Rafmagn	—	39.864,50
Flutningskostnaður	—	31.122,22
Fæðiskostnaður (greiddur búinu) ..	—	5.108,00
Mjaltavélar o. fl.	—	9.698,02
Ýmislegt	—	6.980,69
Súgþurrkunarkerfi með rafhitun	—	60.000,00
Vinnulaun (trésmíði, múrvinna, verkamannavinna)	—	213.506,56
Verkfræðistörf	—	4.700,00
	kr.	508.190,44

e. Alifuglahús, hesthús, búvélageymsla o. fl. (byggt 1947):

Timbur o. fl.	kr.	22.728,94
Sement, járn o. fl.	—	32.703,14
Járnvörur o. fl.	—	15.410,22
Rafmagn	—	35.068,17
Jarðýtuvinna	—	4.050,00
Asbest	—	4.684,89
Vatnslögn	—	3.617,38
Flutningskostnaður	—	22.317,83
Ýmislegt	—	15.473,15
Fæðiskostnaður (gr. búinu)	—	17.354,10
Útungunarvél	—	8.025,82
Vinnulaun (trésmíði, múrvinna, verkamannavinna	—	185.328,71
Verkfræðistörf (Bolli Thoroddsen) ..	—	1.371,65
	kr.	368.134,00

Í þessari fjárhæð er innifalinn kostnaður við lagfæringar umhverfis öll útihúsin, steypta stétt milli fjóss og hesthúss, veg frá útihúsum gegnum túnið með girðingu báðum megin o. m. fl.

Þess skal getið, að Gunnlaugur Halldórsson gerði teikningu að húsi þessu, en vegna utanfarar gat hann eigi veitt byggingunni forstöðu, svo sem öðrum byggingarframkvæmdum á Bessastöðum, að kirkjusmíðinni undanskilinni.

Ýmiss konar viðhaldskostnaður á Bessastöðum 1941—1948 hefur numið um 300.000 kr.

5. Hve mikil húsameistaralaun hefur ríkissjóður greitt fyrir hverja byggingu, sem tilgreind er í 4. lið?

Gunnlaugur Halldórsson hefur annazt húsameistarastörf við umræddar byggingar, og hafa greiðslur til hans verið sem hér segir:

Forsetahúsið, skipulag gatna, garða o. fl. 15.000,00, þar af vegna hússins	kr.	12.000,00
Móttökusalurinn	—	14.336.50
Starfsmannahús	—	4.562,00
Gömlu útihúsin, endurbygging o. fl.	—	3.500,00
Fjós og hlaða, nýbygging	—	7.479,00
Hænsnahús, hesthús, bifreiðaskýli og vélageymsla, ekkert greitt ennþá.		
Samtals	kr.	41.877,50

Enn fremur hefur Gunnlaugi Halldórssyni verið greitt sem hér segir:

Eftirlit með húsbyggingu á Bessastöðum	kr.	6.950,00
53 bifreiðaferðir @ 15/00	—	795,00
Húsameistarastörf, sem hafin voru í tíð fyrrverandi eiganda	—	2.500,00
Teikning af gripahúsi, sem aldrei var byggt	—	1.684,00
Samtals	kr.	11.929,00

7. c. Hve miklu fé hefur ríkissjóður varið til húsbúnaðar í öll hús staðarins?

Til húsbúnaðar handa forseta hefur verið varið	kr.	257.975,94
Fyrir húsbúnað í íbúð ráðsmannsins hafa verið greiddar	—	27.462,96
Samtals	kr.	285.438,90

Þá hef ég gefið svar við þeim af fyrirspurnunum, sem heyra undir forsrn., en hæstv. landbrh. mun gefa svar við þeim atriðum, sem snerta búreksturinn og heyra undir landbrn.

Ég enda svo mál mitt með því að minna hv. þm. á það, að umr. um svona mál, sem snerta aðbúnað þjóðhöfðingja vors, eigi að fara fram á virðulegan hátt og í samræmi við það málefni, sem hér um ræðir.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Eins og hæstv. forsrh. gat um, mun ég gefa upplýsingar um þau atriði fsp. hv. þm. S-Þ., sem snerta búreksturinn að Bessastöðum. Svara ég fyrst 6. lið fyrirspurnarinnar.

Til framræslu, nýræktar og sjóvarnargarða hefur verið varið:

1941—1943	kr.	10.876,55
1944	—	8.942,32
1945 samkv. reikn. búsins	—	1.063,88
— samkv. sérstökum reikn.	—	217.843,55
1946	—	19.620,77
1947 kr. 10.918,02 ÷ jarðabótastyrkir, greiddir vegna jarðabóta 1946, kr. 3.918,02	—	7.000,00
Samtals	kr.	265.347,07

Jarðabótastyrkur mun eigi hafa verið greiddur á jarðabætur unnar 1945 og þær aldrei mældar sem jarðabætur.

Í kostnaði við jarðabætur 1945 mun vera innifalin allmikil vinna við að laga til túnbrekkuna suðaustan við forsetabústaðinn og kirkjuna. Verður sá kostnaður eigi aðgreindur, þótt hann sé venjulegum jarðabótum óviðkomandi.

Þá var það 7. liður a. Til bústofnskaupa á Bessastöðum hefur verið varið sem hér segir:

1942	kr.	7.720,00
1944	—	1.200,00
1946	—	17.500,00
1947	—	8.700,00
Samtals	kr.	35.120,00

Þá er það b-liður, til hvers konar verkvéla.

Til búvélakaupa hefur verið varið sem hér segir:

1942	kr.	1.200,00
1943	—	810,00
1944	—	13.082,09
1945	—	4.112,04
1946	—	45.882,01
1947	—	11.404,65
Samtals	kr.	76.490,79

Varðandi búvélakaupin 1946 er það að segja, að það ár var keypt beltisdráttarvél, notuð, lítill vörubíll, notaður, og þreskivél. Það er rétt að geta þess, að sökum þess, hve búið átti lítinn vélakost, var við hinar miklu fyrirhleðslu- og nýræktarframkvæmdir 1945 keypt vinna með beltisdráttarvél með jarðýtu fyrir 40000 kr. Hefði búið þá betur átt sína eigin jarðýtu.

Þá er það 8. liður: Hve stórt er búið nú, og hver er meðaluppskera, bæði heyfengur og garðmeti?

Bústofn 1. jan. 1948 var sem hér segir:

Mjólkurkýr	31
Naut	1
Uxar	3
Kvígur	5
Hestar	3
Hænsn	450

Uppskeran 1946 og 1947 var þannig:

	1946	1947
Taða (hestar)	1050	1190
Kartöflur (tunnur)	200	50
Korn (tunnur)	45	25

Loks er það 9. og síðasti liðurinn: Hver hefur orðið hagnaður eða tekjuhalli á búrekstrinum á Bessastöðum hvert ár, síðan ríkið hóf þar búrekstur?

Samkvæmt reikningum staðarins hefur tekjuafgangur og rekstrarhalli verið þannig árin 1941—1947:

1941—1942 tekjuafgangur	kr.	20.548,56
1943 ——	—	1.089,53
1944 ——	—	7.033,88
1945 rekstrarhalli	—	23.663,05
1946 ——	—	15.451,87
1947 ——	—	24.485,05

Reikningurinn 1947 er óendurskoðaður.

Á árunum 1941—1944 hefur því tekjuafgangur alls orðið 28.671,97 kr. **(PO:** Eru þá reiknaðir vextir af stofnkostnaði?) Nei. Á árunum 1945—1947 hefur hins vegar orðið tekjuhalli, er nemur 63.599,97 kr. Tekjuhallinn á búinu nemur því tæpum 35.000 kr. fyrir allt tímabilið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að svara þessu frekar.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins segja það, að hæstv. ráðh. hafa svarað skýrt og skilmerkilega og bætt úr því, sem Alþ. hefur látið sér yfirsjást, að láta þetta mál koma til ákvörðunar á þinglegan hátt. Kannske hefur bréf forsrh. frá 1941 um, að gera mætti á Bessastöðum umbætur eins og þyrfti, villt valdamenn. Engin slík heimild hefur þó verið gefin, og það, sem gert hefur verið, er því á ábyrgð þeirra, sem það hafa gert.

Nú er þessari miklu aðgerð á Bessastöðum lokið. Það er stór póstur, en ég endurtek, að það, sem ég átel, er aðferðin, og Alþ. og fyrrverandi stjórnir eiga sökina á því, að þannig hefur verið að farið, og málið ekki fengið þinglega meðferð, þótt verið geti, að fjárveiting hefði ekki fengizt fram, ef hennar hefði verið leitað. Nú er þó til mikið og fullskapað heimili handa æðsta manni þjóðarinnar.

Ég vil skjóta því til hæstv. atvmrh. og hæstv. forsrh., hvort ekki hafi vaxið sá stórhugur í sambandi við þetta mál, að sú smán verði ekki viðhöfð lengur, að þm. séu húsnæðislausir og þurfi að keppa við skólapilta um stofur úti í bæ. Það hefur mikið verið lagt í Bessastaði og myndarlega gengið þar frá, en það stendur enn upp á okkur að búa eins myndarlega að alþingismönnum og stjórnarráðinu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki ræða efni þessarar fsp. mikið. Hæstv. forseti hefur tekið hana á dagskrá vegna þingskapa. En mér þykir ástæða til þess að minna hæstv. forsrh. á það, að fjvn. hefur fengið ósk frá hæstv. ríkisstj. um það, að n. starfaði helzt nótt og dag, svo að lokið yrði þingstörfum fyrir páska. Síðan heldur hæstv. forsrh. langar ræður um það, hvað þessi nagli og þessi sementspoki kosti, þegar aðkallandi mál bíða. Og hæstv. atvmrh. talar um það, hve margar kýr séu í fjósi á Bessastöðum, hve margir gæðhestar og naut séu þar. Jafnframt sendir hæstv. ríkisstj. þm. skilaboð um það að vinna eins og þrælar. Það er misskilningur, ef stj. heldur, að þinginu verði með þessu háttarlagi lokið fyrir páska.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég er dálítið undrandi yfir ræðu hv. þm. Barð. Eins og það er skylda fjvn. að starfa vel, eins og hún hefur gert og gerir, eins er það líka skylda stj. að gefa þær upplýsingar, er þm. krefjast. Ég vænti þess, að sú litla stund, sem þetta mál hefur tekið, hafi ekki þær afleiðingar, að þingstörfum verði ekki lokið á þeim tíma, sem ætlað er.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég missti af því, hvað upphæðin var há, sem lögð hefur verið í Bessastaði alls (**PZ:** Ætli hæstv. forsrh. viti það sjálfur? — **Menntmrh.** Það var ekki um það spurt.) Og ekki þá þótt ástæða til að fara lengra. (**Forsrh:** Ég get upplýst, að það eru um 4 millj. kr.) Það vakti fyrst og fremst athygli mína, að þessu hefur öllu verið varið utan heimilda frá Alþ. Það var athyglisverð yfirlýsing. Við eltum hér ólar við 5—6 þús. kr. til ýmissa framkvæmda, og svo er því lýst yfir, að 4 milljónum hafi verið varið úr ríkissjóði til framkvæmda á þessum eina stað, án þess að leitað væri til Alþ. Þetta eru upplýsingar, sem eru athyglisverðar, og það þarf að athuga vel það pólitíska ástand, sem þær gefa mynd af.

Ein upphæð vakti athygli mína: 368000 kr. til hænsnahúss, eða var ekki svo? (**PZ:** 368134 kr.) Jafnframt er yfirlýst, að á búinu séu 400 hænsni. (**Atvmrh.:** 500.) Mér skilst, að það verði þá um 1000 kr. á pútuna. Þetta er líka athyglisvert. Já, það má hlæja að þessu einu sinni og kannske tvisvar, en ekki oftar.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en það er athyglisvert, að stj. í þingræðislandi skuli taka sér þetta vald.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér inn í þessar umr. Það er á mörkum, að fsp. hv. þm. S-Þ. geti talizt þinghæf. Allar þessar umr. eru með þeim hætti, að ég efast um, að þær gætu farið fram í nokkru nágrannalandi okkar. Ég sé ekki betur en að hv. þm. S-Þ. misnoti algerlega þann rétt, er var veittur á síðasta Alþ. með lögum, er heimila þm. að bera fram fsp. og vekja athygli á þýðingarmiklum málum. Mér virðast fsp. á þskj. 420 og á þskj., sem útbýtt hefur verið í dag frá hv. þm. S-Þ., séu á mörkum þess að vera þinghæfar. Ef þannig heldur áfram, þarf að taka til endurskoðunar fyrirspurnatímana.

Hv. þm. S-Þ. misnotar líka áberandi rétt þm. til þess að bera fram till. og grg. með þeim. Frá honum kemur hver till. af annarri með grg., sem eru heilar blaðagreinar, er ekki koma málinu við, en gerðar eru til þess að fá þær endurprentaðar í blöðunum, eins og stundum hefur tekizt.

Annars kvaddi ég mér nánast hljóðs til þess að tala um ummæli hv. þm. Borgf. út af alifuglarækt á Bessastöðum. Ég er nokkuð kunnugur þessum málum, og það er rétt, að alifuglahúsið varð hneykslanlega dýrt, en ég vil geta þess, að þetta er eina byggingin á Bessastöðum, auk kirkjubyggingarinnar, sem Gunnlaugur Halldórsson hefur ekki gert, og hann hefur enga umsjón haft með þessum framkvæmdum. Hann teiknaði að vísu þessa byggingu, en var fjarverandi, er byggingarframkvæmdir hófust. Húsameistari ríkisins, Guðjón Samúelsson, ber því ábyrgð á þessu. Þetta mun hv. þm. S-Þ. hafa frétt of seint og vakti því ekki athygli á því. (Forseti hringir.) Þetta er einungis á ábyrgð húsameistara ríkisins.

Annars get ég tekið undir það með hv. þm. Borgf., að það er vítavert, að þessar framkvæmdir skuli hafa átt sér stað án heimildar fjárveitingarvaldsins.

25. Njósnir Þjóðverja á Íslandi.

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var útbýtt:

Fyrirspurn til forsætisráðherra um njósnir Þjóðverja á Íslandi (A. 464,1).

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Sþ., 17. marz, var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina þessari fsp. til hæstv. forsrh., sérstaklega með tilliti til þess, að hann var utanrrh., er það gerðist, sem hér er spurt um, og ætti því samkvæmt hlutarins eðli að hafa aðstöðu til að vita það, sem ég spyr um. Ég spyr um þetta af því, að mál þetta er nú nokkuð rætt hér á landi í sambandi við það, að nýlega kom út bók um sögu hernámsins. Í þessari bók eru ýmsar merkilegar skýrslur m. a., og virðast þær bera með sér, að höfundurinn hafi haft aðgang að góðum heimildum, sem fáum einum hefur gefizt kostur á að rannsaka, og öll ber bókin það með sér, að höfundur hefur haft aðgang að valdamönnum við samningu hennar, og er því ástæða til að kryfja efni hennar til mergjar. Þar er sagt frá bréfaskriftum þeim, sem fyrirspurnin fjallar um, og það, sem vekur athygli utanrmn., er það, að veturinn 1939 sendir þáverandi sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn þrjú bréf til ríkisstj. sinnar um það, að njósnarkerfi Þjóðverja í Danmörku sé látið teygja sig til Íslands og sé mjög fjölþætt, og að danska lögreglan vari Íslendinga við þessu. Sendiherra er þetta svo mikið áhuga- og alvörumál, að hann sendir ríkisstj. þrjú bréf um sendiráðið í sama mánuðinum, 2., 10. og 28. marz 1939. Ég var þá formaður utanrmn. og álít, að það hefði verið eðlilegt og sjálfsagt að sýna n. þessi bréf, en það var aldrei gert. Um sama leyti fjallaði n. þó um óskir Þjóðverja um flugvöll hér á Íslandi. Það mál var aðallega tekið fyrir í þessari n., og voru allir sammála um að neita þeim tilmælum, þótt seinna hafi komið fram, að þetta hafi sérstaklega verið baráttumál eins manns í þáv. ríkisstj. Sannleikurinn var sá, að hann gat ekki staðizt þunga þjóðarinnar í þessu efni, hún knúði á, og þeir, sem töluðu við Þjóðverja og færðu þeim svörin, gerðu ekkert annað en tala máli þjóðarinnar allrar.

En utanrmn. fékk sem sagt aldrei að sjá þessi bréf, sem um ræðir, né neitt um málið að vita, og mér hefur skilizt af því, sem hv. þm. Ísaf. og fleiri sögðu hér í fyrra, að sjálfur þáv. utanrrh. hafi ekkert fengið um þetta að vita. Ef það er rétt, þá er sjálfsagt að kryfja þetta mál til mergjar, ekki svo mjög með tilliti til þess, sem liðið er, heldur með tilliti til framtíðarinnar og þess, sem hún ber í skauti sér, því að ekki lítur svo friðvænlega út í heiminum, að betra er að hafa öll utanríkismál í lagi og læra í því efni af mistökum fortíðarinnar.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég hef nú mjög lítið að segja og fáar upplýsingar að gefa í þessu sambandi. Ég tók við starfi utanrrh. í apríl 1939, og hafa þá væntanlega verið komin hingað þrjú fyrstu bréfin, sem um er rætt í fyrirspurninni, og þessi bréf munu vera í utanrrn. Ég get ekki sagt annað en að þrjú fyrstu bréfin munu hafa verið komin áður en ég varð utanrrh., en ég held, að bréfin hafi fremur verið trúnaðarmál til þáv. forsrh., því að þau voru stíluð til hans, ef ég man rétt. Ég get ekkert annað sagt um þetta, né hvers vegna mál þetta var ekki rætt í utanrmn., og ég man satt að segja ekki heldur eftir því, hvenær ég fékk fyrstu vitneskjuna um þetta.

Hvað viðkemur 2. lið fsp. hv. þm. S-Þ., þá get ég þar engu svarað til heldur, því að sá maður, er síðan tók við lögreglustjóraembættinu, fór ekki utan að minni tilhlutan, heldur að tilhlutan þáv. dómsmrh., til þess að undirbúa sig, þessi ungi maður, undir sitt starf.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég geri nú ráð fyrir því satt að segja, að þessar fyrirspurnir, sem hér eru bornar fram og þingið hefur leyft, að bornar væru fram, séu ekki bornar fram til að fá nýjar upplýsingar, og það er sannast að segja illa farið, ef ákvæði, sem sett eru til þess að gera störf okkar lýðræðislegri hér á Alþ., verða misnotuð eins og gert er með þessum fsp. Þessi ákvæði munu hafa verið sett að tilhlutan hv. núv. forsrh., og því kemur mér það dálítið á óvart, hvernig hann svarar fyrirspurnum. Ég hef satt að segja sjaldan komið í fyrirspurnatíma, af því að ég tel þá vera til lítillar ánægju og uppbyggingar, og svör hæstv. forsrh. ollu mér vonbrigðum, af því að ég hélt ekki, að hann væri orðinn svo gamall maður og kalkaður, að hann myndi ekki eftir þeim upplýsingum, sem gefnar voru hér fyrir ári síðan. Þá voru öll þessi bréf lesin hér upp og standa því prentuð í Alþt., að einu atriði undanskildu, sem þáv. stj. vildi ekki láta gera kunnugt, en það atriði var varðandi eitt erlent stórveldi, sem varað var við í bréfunum. Ég skrifaði þá þáv. forsrh. og bað hann um að birta bréfin þá þegar, svo að þau væru ekki misnotuð af mönnum, sem hafa tilhneigingu til slúðurburðar, en hæstv. forsrh. varð ekki við þeirri ósk, hvernig sem á því stendur, og nú skora ég á núv. hæstv. forsrh. að birta þessi bréf. Niðurstaða þessara bréfa var sem sagt sú, að ekki væri um neina hættu af njósnum að ræða, Þjóðverjar hefðu aðeins haft einn gamlan karl héðan að heiman með höndum, sem þeir hefðu að líkindum verið að reyna að hafa eitthvað upp úr, en sá hinn sami var eiginlega orðinn elliær. Þessi bréf las ég hér upp í fyrra, eins og áður er sagt, fyrir öllum þingheimi, og sami þingheimur leyfir nú fyrirspurn um þetta, þó að hann hafi heyrt bréfin lesin upp og geti lesið þau í þingtíðindunum. Það er vitað mál og öllum ljóst, að þessi fyrirspurn er aðeins borin fram í þeim eina tilgangi að reyna að læða því inn hjá mönnum og láta líta svo út, að eitthvað hafi verið grunsamlegt við mig sem ráðh. í þessu sambandi. Mér dettur ekki í hug að svara þessum dylgjum einu orði og elta ólar við það, sem bak við þær býr. Maður, sem neitaði Þjóðverjum um flugvelli hér, þegar engin þjóð svo að segja neitaði þeim um nokkuð, sá maður, sem tók svo vinsamlega á móti Englendingum hér fyrst, að lengi var talið aðfinnsluvert af ýmsum, þó að það þætti gott seinna, maður, sem beitti sér fyrir herverndarsamningnum við Bandaríkin, er Bretar stóðu sem tæpast, sá maður þarf ekki á neinum vörnum að halda í þessu sambandi. Ég sagði, þegar Bretar stóðu sem tæpast, — það vissu allir, og ég get sagt það nú eftir á, — að sendiherra Breta tjáði mér það þá í einkaviðtali, að Bretum væri það lífsnauðsynlegt, vegna þess hve tæpt þeir stæðu í stríðinu, að Bandaríkjamenn kæmu hingað.

Þessi auðhrakti rógburður, sem felst í þessari fyrirspurn, sýnir aðeins, af hvaða efnum er að taka. Og ég vildi að lokum segja það, að ég held, að ef Alþ. ætlar að hafa gagn af fyrirspurnum, þá ætti það ekki að leyfa fyrirspurnir, sem eru því til minnkunar og valda almennu athlægi meðal þjóðarinnar.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Hv. þm. Str. þóttist vera undrandi á því, sem ég sagði áðan. (**HermJ:** Ég hélt, að ráðh. myndi betur.) Ég man ekki, hvenær ég sá þessi bréf fyrst, það má hver lá mér það, sem vill, en ég man það ekki nákvæmlega. Ég upplýsti það eina, sem ég gat, að bréfin bárust ekki til mín og að þrjú þeirra voru komin áður en ég varð ráðh., og ég er alveg hissa á því, að hv. þm. Str. skuli vera það undrunarefni, að ég segi það eina, sem ég get sagt, og bæti þar engu við.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Það fór eins og ég bjóst við, að hæstv. forsrh. hefur ekki fengið þá vitneskju í þessu máli, sem eðlilegt var, að hann fengi á sinni tíð sem utanrrh. A. m. k. hefði hann þó alltaf átt að fá bréfið frá 28. marz til meðferðar, er hann var orðinn ráðh. Og ég álít, að þjóðin eigi að vita þetta vel. Þjóðin á ekki að láta það viðgangast, að of fljótt fenni yfir spor pólitískra óhappamanna, heldur eiga þeir að þola sinn dóm.

Það er mjög eftirtektarvert, sem komið hefur fram hjá hv. 4. þm. Reykv. og nú hjá hv. þm. Str., að leyfa sér að segja það hér á Alþ. um njósnir útlendinga, að hér sé svo lítilfjörlegt mál, að ekki megi tala um það. Ég skal með mikilli ánægju halda áfram umr. um þetta mál utan þings, ef ekki hér á hæstv. Alþ., til þess að vita, hvort þjóðin álítur rétt að hafa það að engu, þegar sendiherra, sem í þessu tilfelli er Sveinn Björnsson, skrifar þrjú bréf sama manninum og varar við njósnum Þjóðverja á Íslandi. Yfir slíka menn, sem vilja leyna þjóðina þessu og ekki ræða það á Alþ., á að ganga réttlátur dómur almenningsálitsins og almenn fyrirlitning á þeim, sem vilja leyna slíku, hvað sem þeir heita. Ég býst við, að hæstv. Alþ. hafi veitt því eftirtekt, að hv. þm. Str., sem þá var forsrh. og tók við þessu bréfi, áleit ekki ástæðu til þess að segja, hvers vegna hann talaði ekki við utanrmn. eða Alþ., þegar hann fékk þessi bréf, og enn fremur, hvers vegna hann sendi ungan mann, sem átti að verða lögreglustjóri hér í Rvík, til Þýzkalands eftir þetta. Hvers vegna sendi fyrrv. forsrh. þennan unga mann beint í fangið á Himmler og Gestapo til þess að fræðast þar? Það liggja fyrir í stjórnarráðinu skýrslur um það, að þessi ungi maður hafi þar verið, og í þeirri skýrslu minnist hann á þá blóðhunda, sem lögreglan hafði þar í sinni þjónustu. Hvers vegna sendir ráðh. þennan unga mann til Þýzkalands 1939, þegar menn vissu, að Þjóðverjar voru að búa sig undir stríð og þegar búið var af sendiherra okkar í Danmörku að aðvara okkur? Mér þykir mjög fróðlegt að heyra, hvaða skýrslu hv. þm. Str. gefur um þetta efni.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Mér finnst það heldur raunalegt fyrir hæstv. Alþ., að hv. þm. S-Þ. skuli ekki geta látið sér nægja að nota sitt málgagn, sem hann gefur út til rógsiðju sinnar, heldur skuli hann nota aðstöðu sína hér á hæstv. Alþ. til þess að bera fram fyrirspurnir í sama tilgangi. Og svo hefur kveðið mikið að þessum skrifum hér á þingi í grg. hv. þm., að þingheimur má skammast sín fyrir, að sá maður skuli vera á þingi. Og komið hefur til orða út af þessum ósköpum að banna að hafa grg. með þáltill. Þessu hef ég heyrt greinda menn halda fram. Slíkt er að mínum dómi ekki rétt, og verði menn heldur að þola þennan kross að hafa svona grg. og spurningar.

Nú er farið að nota fyrirspurnatímann á annan hátt en upphaflega var ætlazt til. Hér er um að ræða fyrirspurn, sem í raun og veru er ekkert annað en rógur, þar sem verið er að reyna að læða inn hjá þjóðinni, að fyrrv. dómsmrh. hafi leynt stjórnbræður sína og þjóðina alla einhverjum mikilsverðum upplýsingum, sem honum bárust 1939. Nú er mér vel kunnugt um, að hér er ekki um að ræða annað en rógburð, því að þessi bréf, sem hér er verið að tala um, voru ekkert leyndarmál, hvorki fyrir þjóðstj. né heldur stj., sem var þar áður. En bréfin voru ekki þannig vaxin, að ástæða þætti til að gera út af þeim sérstakar ráðstafanir. Menn geta lesið bréfin, því að þau hafa verið lesin upp hér í þinginu, til þess að rifja upp fyrir sér, hvað í þessum bréfum stóð.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þegar ungir menn ætla út til framhaldsmenntunar, er það þeirra sjálfra að ákveða, hvert þeir fari, og þeir ákveða það líka sjálfir, hvað sem hv. þm. S-Þ. segir um það, hvort þeir séu sendir eða ekki. Það sýnir aðeins, til hvers er að eiga orðastað við hv. þm., þegar hann fullyrðir, að ég hafi sent ungan mann í skóla til Himmlers.

Um bréfin er það að segja, að þau eru í þingskjölum, sem hver hv. þm. getur farið yfir og kynnt sér. Og svo segir hv. þm. S-Þ., að hér sé um leyndarmál að ræða, sem aldrei hafi mátt tala um og enginn fengið að vita um. Til hvers er að eiga orðastað við mann af þessari tegund? Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem þessi þm. kemur svona fram. Ég man, að menn ráku hér upp stór augu, þegar fyrirspurn kom frá þessum hv. þm. um bein Jóns Arasonar. Þá stóð þessi hv. þm. hér upp og þóttist ekkert vita um þessi bein eða neitt í því máli. En þá stendur annar hv. þm. upp og upplýsir, að einmitt hv. þm. S-Þ. hafi um þetta vitað í 20—30 ár. Hvað er meint með svona fyrirspurnum? — Þá mátti líka skilja fyrirspurn hv. þm. S-Þ. varðandi þjóðleikhússjóðinn þannig, að hv. 4. landsk. (BrB) hefði tekið hann til eigin þarfa, — mig minnir það hafi verið um 60 þús. kr. Þannig er fyrirspurninni dreift út um landið. Svo kemur það í ljós hér á Alþ., að það er n., sem tók við þessu fé. En fyrirspurnin gaf allt annað til kynna. — Svo er fyrirspurnin um Bessastaði á þann veg, að arkitektinn, sem sér um verkið, hefur spurt um það, hvernig hann geti varið sig, því að í útvarpinu er með fyrirspurninni gefið í skyn, að um óheiðarlegan verknað sé að ræða. Það er spurt að því, hve mikið ríkissjóður hafi greitt Sigurði Jónassyni í sambandi við burtför hans af jörðinni. Með þessu er aðeins verið að reyna að ná til manns eins og Sigurðar Jónassonar með miður sæmandi dylgjum. En Sigurður Jónasson segir við ríkisstj.: Ég gef ríkinu jörðina nákvæmlega eins og ég tók við henni, en ég hef ekki efni á að gefa meir. Ríkið verður að taka við þeim aðgerðum, sem ég er að láta gera á húsinu, og einnig jarðabótum. Ég hef ekki efni á að gefa fræ og áburð á túnið og í garða, áhöfn jarðarinnar eða verkfæri og þess háttar. En ég gef ríkinu jörðina til forsetabústaðar, ef þið viljið taka við henni eins og ég keypti hana. — Það hvíldu á jörðinni 92 þús. kr., en Sigurður Jónasson rétti ríkinu þessar 92 þús. kr., til þess að

ekkert hvíldi á henni. En ríkið keypti áhöfn og vélar o. fl. og borgaði viðgerðarkostnað, sem Sigurður hafði lagt í fyrir 122 þús. kr., og það liggja fyrir hjá forsrh. plögg um hvert einasta atriði þessu viðkomandi. Svo er notaður fyrirspurnatími hér á hæstv. Alþ. til þess að reyna að dreifa því út um landið, að hér hafi mikið svindl átt sér stað.

Viðvíkjandi þessum bréfum, sem hv. þm. S-Þ. er mest að tala um nú, þá liggja fyrir upplýsingar um þau í rn., og þau hafa áður verið lesin upp hér á þingi. — Að öðru leyti ætla ég ekki að svara hv. þm. S-Þ. Þetta er aðeins einn þáttur í rógburði hans gegn mér, mér dettur ekki í hug að eltast við slíkt og álít, að ég standi jafnréttur fyrir því. Það hefur rækilega verið gerð grein fyrir þessum bréfum, þegar um þau var spurt.

Ég vil leyfa mér að skora á hæstv. forsrh. — og ég veit, að hann verður við þeirri áskorun — að birta bréfin og það næsta dag. Það gæti kannske orðið til þess að opna augu manna fyrir því á Alþ. og utan þings, til hvers þessi fyrirspurnatími er orðinn notaður, þegar menn sjá þessi bréf. Mér dettur ekki í hug að væna hæstv. forsrh. um þann ódrengskap að neita að birta bréfin. Ég skora á hann í viðurvist þings og þjóðar að birta bréfin, — ekki mín vegna, heldur til þess að það komi fram, til hvers hv. þm. S-Þ. ber fram þessar fyrirspurnir og til hvers fyrirspurnatíminn er notaður á Alþ.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Það er alveg sjálfsagt að verða við þessari ósk hv. þm. Str. Og það var í raun og veru samþ. af hæstv. fyrrv. ríkisstj., en ég veit ekki, hvernig á því stendur, að þessi bréf hafa ekki verið birt. Ég hef hér í höndunum afrit af bréfi hæstv. fyrrv. forsrh., þar sem hann svarar hv. þm. Str. og segir, að rétt sé að birta þessi bréf. En hvers vegna það var ekki gert, er mér ókunnugt um. Og mér finnst sjálfsagt, þar sem fyrir liggur samþykki fyrrv. ríkisstj., að þetta sé gert.

26. Rekstur Reykjavíkurflugvallar.

Á 51. fundi í Sþ., 10. marz, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar varðandi rekstur og sér í lagi gistihúsrekstur á flugvelli Reykjavíkur (A. 464,2).

Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Sþ., 17. marz, var fyrirspurnin tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég held, að menn ættu ekki að vera óánægðir yfir fyrirspurnatímanum á Alþ. Þeir geta verið ánægðir með hann, því að hver fyrirspurn, sem borin hefur verið fram, hefur upplýst fyrir almenningi þá hluti, sem hann gjarnan vildi fá að vita um. Það kom t. d. Skagfirðingum dálítið óvart, þegar þeir vissu, að stolið hafði verið beinum Jóns Arasonar og þau flutt hingað, sem mér er ekki hægt um að kenna. En ég hef orðið til þess að ljóstra málinu upp, og hvort sem hv. 1. þm. N-M. hefur eitthvað sagt um það, sem hafi átt að gerast fyrir 20 árum, þá skal ég ekkert segja um það, ég veit ekkert um það, en ég trúi svo að segja engu, sem sá maður segir.

Þá vil ég láta í ljósi gleði mína yfir því, að bréfið um njósnirnar verður birt, en þá vil ég skora á hæstv. forsrh. að birta líka bréf varðandi sendiför lögreglustjórans til Berlínar og skýrslu hans, svo og það, sem hann segir um blóðhundana o. fl.

Þá verð ég að hryggja hæstv. menntmrh. með því, að fólkið í landinu er alls ekki eins óánægt með fyrirspurnirnar og hann heldur. Það verður fegið, þegar eitthvað kemur betra en það, sem hann getur lagt hér fram. Þess vegna reyni ég upp á gamlan kunningsskap að bæta úr hans andlegu fátækt.

Ég hef borið fram fyrirspurn í vetur, sem er nokkuð svipaðs eðlis og það, sem hér er um að ræða. En hér er um svo stórt mál að ræða, nokkrar millj. króna, sem eytt hefur verið vegna gistihússins á flugvellinum, og þegar þar við bætist, að útlit er fyrir, að stolið hafi verið mjög miklu af eignum hússins í sumar, einmitt um leið og þessi hæstv. ráðh. tók við, — en mér dettur ekki í hug að halda, að hann hafi stolið því, — þá er ég ekki hissa á því, þó að almenningur í landinu láti sig það varða, sem líka sjálfsagt er.

Það var ákaflega óviturlegt hjá hæstv. ráðh., þegar hann tók við þessari eign hjá kommúnistum, þar sem hann mátti vita, hvernig fólk hafði verið ráðið þar, að hafa þar ekki meira eftirlit í sumar. Það er ákaflega erfitt að átta sig á því nú, hvað þetta fólk hefur flutt með sér, af því að það var svo gersamlega eftirlitslaust. Stjórnarfarið þar á flugvellinum sést bezt á því, að það skyldi kosta 200 þús. kr. að mála þetta litla braggahús. En hæstv. ráðh. gerði rétt í því að hætta þjóðnýtingu á gistihúsinu, a. m. k. nú um stund, og mun allt vera í betra horfi nú. En samt sem áður er það fullkomlega eðlilegt, að þjóðin vilji fá að vita, hvernig þetta stendur nú.

Hæstv. ráðh. verður að gera sér ljóst, að fullkomin óánægja ríkir um það, hvernig flugmálin eru rekin, og þá sérstaklega út af þessum velli, að hann skuli vera rekinn með svo gífurlegum tekjuhalla. Og það sýnist eins, þó að stj. reyni að ráða bót á þessum málum, að þá haldi það ófremdarástand áfram.

Menntmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra froseti. Ég ætla ekki út í almennar umr. um flugmálin, þótt ástæða væri til þess út af því, sem fyrirspyrjandinn segir, þar sem hann tók fram, að menn væru ekki ánægðir með það, hvernig flugvöllurinn væri rekinn. Ég vil benda á, að samkvæmt því sem forráðamenn, sem tekið hafa þar við, hafa upplýst, er áætlunin, sem þar hefur verið gerð, á þann veg, að gert er ráð fyrir, að rekstrarhallinn verði 1700 þús. kr. lægri á árinu, sem nú er að byrja, en hann var 1946 og 1947. Og ég verð að segja það, að ef einhver hliðstæð breyting yrði annars staðar á starfsemi og rekstri hjá ríkinu, þá held ég, að margt mundi betur fara en í raun og veru á sér stað og

margt mundi horfa til bóta. Sumt af þessu, sem gert er ráð fyrir að megi reikna til hagnaðar, er vegna þess, að búizt er við meiri tekjum af flugvellinum. En lækkun á rekstrarkostnaði er einnig fólgin í því, að í framkvæmdinni verður viðhafður meiri sparnaður vegna fækkunar starfsfólks og komið í veg fyrir alls konar eyðslu í þessum rekstri, sem furðulegur var í sumum greinum. Það væri hægt að upplýsa þetta nánar, en það er búið að upplýsa það áður. En hvað hv. þm. S-Þ. segir um þetta, veit ég ekki, og ég ætlast ekki til af honum, að hann viðurkenni nokkuð, sem ég geri, eða menn, sem ég hef ráðið til þess.

En fyrsta spurningin er: Hver voru útgjöld og tekjur af flugvellinum í jan. 1948? Samkv. skýrslunni, sem ég hef fengið, voru útgjöldin kr. 95176,46, en tekjurnar kr. 56294,45. Spurning: Hve margar útlendar vélar komu á völlinn á þessum tíma, og hver var hagnaður af þeim? Á vellinum lentu erlendar vélar 7 sinnum í janúar og greiddu kr. 1485,00 í lendingargjöld. Spurning: Hve margar íslenzkar vélar komu á völlinn? Íslenzkar vélar lentu í 291 skipti á völlinn í janúarmánuði.

Þá er spurt: Hve margir fastráðnir menn unnu þar í janúarmánuði, og hvernig skiptast þeir eftir starfsgreinum? Þeir skiptast þannig:

Við flugumferðarstjórn	4	menn
— slökkvistöðina	6	—
— vélaverkstæðið	2	—
— sjóflughöfnina	2	—
— verkstjórn	2	—
— benzínafgreiðslu	1	—
— birgðavörzlu	1	—

Samtals eru það 18 menn, sem eru fastráðnir, en auk þeirra unnu í janúarmánuði 24 daglaunamenn og 4 vikukaupsmenn, og er skipting þeirra í starfsgreinar þannig: 17 verkamenn, 7 vélvirkjar og bifreiðastjórar, 4 trésmiðir, sem unnu að ýmiss konar lagfæringu. Kaup starfsmanna vallarins í janúar var kr. 89279,34. Við flugvallarstjórn vinna 14 menn, og greiðir Reykjavíkurflugvöllurinn kostnaðinn af 4 þeirra. Skrifstofukostnaður flugvallastjóra ríkisins er ekki talinn með að framan, þar sem erfitt er að segja um, hve mikið af þeim kostnaði ætti að færast á Reykjavíkurflugvöllinn og hve mikið á aðra flugvelli. Laun flugvallastjóra og starfsmanna hans á skrifstofunni og starfsmanna í sameiginlegri skrifstofu flugvallastjóra er sem hér segir:

Skrifstofa flugvallastjóra 3 menn ..	kr.	6475,00
Sameiginleg skrifstofa 4 menn	—	6750,00
Bifreiðastjóri og innheimta 1 maður	—	1875,00
Kynding og umsjón á húsi 1 maður ..	—	1650,00
Ræsting	—	350,00

Þessi skýrsla gefur í raun og veru enga mynd af þessum rekstri, þó að tekinn sé einn mánuður, en ég svara aðeins því, sem að er spurt.

Þá er spurt að því, hve mikið landið hafi fengið greitt á þessu ári úr alþjóðasjóðnum upp í skuld fyrir flugþjónustu, og hve mikið enn er ógreitt til ríkissjóðs. Þetta er eiginlega sams konar fyrirspurn og hv. þm. S-Þ. hefur borið fram hér áður, en það er að vísu dálítið liðið síðan, og get ég vel svarað honum aftur. En málið horfir þannig við, að það er samningur um, að alþjóðaflugmálastofnunin borgi 95% af kostnaðinum við Loranstöðina í Vík. Frá því stöðin var afhent Íslendingum þann 7. nóv. 1946 og til 31. des. 1947 greiddi alþjóðaflugmálastofnunin ICAO 79555 dollara fyrir þjónustu stöðvarinnar. Skilagrein hefur ekki borizt fyrir 4500 dollurum af ofangreindri upphæð. Fullt samkomulag hefur náðst um rekstur stöðvar þessarar, og er alþjóðatillag til rekstrar stöðvarinnar 6000 dollarar á mánuði. Ísland tekur þátt í þeirri upphæð, sem nemur 5%. Greiðsla fyrir mánuðina janúar og febrúar hefur enn ekki borizt. Svo er fjarskiptaþjónustan. Ísland hefur gert kröfu til greiðslu fyrir flugfjarskiptaþjónustuna, sem innt er af hendi í stöðvunum á Rjúpnahæð, í Gufunesi og flugturninum á Reykjavíkurflugvellinum ásamt þjónustu veðurstofunnar, fyrir umferðarstjórn á gæzlusvæði Íslands á Norður-Atlantshafi. Kröfur okkar eru sem hér segir: Fyrir árið 1946 316374,52 dollarar, fyrir árið 1947 577104,13 dollarar. Hlutfallslega er þá krafa okkar fyrir janúarmánuð og febrúar 1948 96184 dollarar, eða samtals: 989662,65 dollarar. Innifalið í ofangreindum upphæðum eru tryggingargjöld fyrir starfsmenn stöðvanna og skrifstofukostnaður þeirrar stofnunar, sem um þetta á að sjá.

Ekki hefur fengizt nein lausn á máli þessu enn sem komið er. Ástæða er þó til þess að vona, að kröfurnar verði greiddar, þar eð Bandaríkjamenn hafa heitið aðstoð sinni í því sambandi. En Bandaríkin munu verða stærsti greiðandinn, því að þau greiða 70% af kostnaðinum við Loranstöðina. Geta má þess, að formaður flugráðs, Agnar Kofoed-Hansen, er nú sem stendur í Bandaríkjunum og mun m. a. athuga þetta mál.

Ég vil lýsa því yfir, að það er alveg óhugsandi, að íslenzka ríkið geti haldið áfram þessari þjónustu, nema því aðeins að þessi endurgreiðsla fáist. Hins vegar er ekki því að leyna, að það yrði talsvert áfall, ef sú þjónusta legðist niður. Það er áreiðanlegt, að allt hefur verið gert, sem unnt er, til þess að herða á því máli, og ekkert tækifæri látið ónotað til þess að þoka því áleiðis.

Þá er hér spurt: Hve mikið tap hefur ríkið nú þegar beðið við eign og rekstur gistihússins á flugvellinum? Frá því að hótelið var yfirtekið þann 1. maí 1946 og þar til einstaklingi var fenginn í hendur rekstur þess, þann 1. okt. 1947, var rekstrarhalli hótelsins kr. 214183,88. Kostnaður við innréttingu, endurbætur og viðgerðir var á sama tímabili kr. 249887,83. Brunabótaverð hússins er kr. 845100 og innbú er vátryggt fyrir kr. 500000.

Út af því, sem hv. þm. sagði um hótelið, skal ég taka það fram, að ég lagði það fyrir flugráð að taka þá þegar allan rekstur flugvallarins til ýtarlegrar endurskoðunar. Þá var öllum starfsmönnunum sagt upp, til þess að þeir væru lausir. Sérstaklega var lagt fyrir flugráð að taka fyrir rekstur hótelsins líka. Þeir komu nú ekki hótelinu af sér fyrr en 1. okt., og hef ég ekki fengið neina skýrslu yfir rekstur hótelsins á þeim tíma og get því ekki vitað um það.

Þá er það spurningin, hve mikið af lausum munum Bretar létu samkvæmt úttektarskrá fylgja gistihúsinu, þegar þeir afhentu það. Þetta er næsta fyrirspurnin, og hún sýnir, hvernig þessi fyrirspurnatími er notaður, ekki vegna þess, að ekki væri fróðlegt að vita þetta, heldur vegna þess, að það væri ekki hægt að telja þetta upp. Ég hef hér lista. Hann er 4 vélritaðar síður, og svo hef ég annan álíka lista yfir koddaver, sængurver, steikar-

pönnur, könnur o. s. frv., sem til var, þegar einstaklingur tók við hótelinu. En þó að ég legði út í að lesa þennan lista, sem tæki allan daginn, þá væru ekki neinar upplýsingar í því.

Þá er hér næsta spurningin (3. b): „Hve mikið var eftir af þessum lausu munum, þegar ríkið lánaði einstökum manni gistihúsið?“ Um þetta segir skrifstofa flugvallastjóra, að er tekið var við hótelinu, var lausaféð keypt fyrir 125 þús. kr., og er hótelið var afhent einstaklingi, var gerð nákvæm skrá yfir lausafé þess, en eins og áður er sagt, var ómögulegt að vita, hvað af mununum voru nýir, nema með því að fara yfir allt bókhald hótelsins frá byrjun. Af þessum ástæðum er óframkvæmanlegt að svara þessari fyrirspurn.

Hins vegar skal ég segja það út af fyrirspurninni í c-liðnum, að flugráðið hefur í samráði við mig falið mönnum að fara gegnum reikningana fyrir árin 1945 og 1946 til þess að fá yfirlit um reksturinn og það sem ýtarlegast og gleggst. Ég fékk afrit af þessum reikningum, en flugráðinu voru afhentir þeir fyrst og fremst. Það kemur fram, að þarna hefur átt sér stað alveg óverjandi sukk. Nú bíð ég eftir till. flugráðs um það, hvað það telji, að eigi að gera í þessu máli, en ég geri ráð fyrir, að óskað verði eftir opinberri rannsókn, a. m. k. út af rekstri hótelsins. Sem sagt, ég bíð eftir þessari skýrslu, en tel óframkvæmanlegt að svara a- og b-liðunum öðruvísi en ég hef gert, enda skortir mig gögn til þess á þessu stigi, en það verður sjálfsagt tekið til athugunar ásamt öðru, sem tilheyrir þessum rekstri.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég skal taka það strax fram, að ég álít, að ráðh. hafi svarað a- og b-liðunum nægilega með því, sem hann sagði um c-liðinn í fyrirspurninni, því að það, sem fyrir mér vakti, var það, að þm. og almenningi yrði kunnugt, hvílíkur rekstur var á hótelinu, að þrátt fyrir allan tilkostnaðinn er þetta í svo hörmulegu ástandi, m. a. fyrir það, að húsgögn og munir hafa horfið, eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að slíks munu engin dæmi, og ég þykist vita, að betur muni séð fyrir réttlæti í landinu, ef þetta er ekki svæft, heldur látin ganga í því rannsókn og dómur. Það að eyða ½ milljón á einu bretti er alveg einstakt þrekvirki.

Ég vil benda á það, að af þessari fyrirspurn kemur í ljós, að flugvöllurinn okkar hefur tapað nálega öllum útlendum viðskiptum, og eru ekki líkur til, að þau náist aftur. Flugvöllurinn er bara notaður af íslenzkum flugvélum, og við hann er mikill tilkostnaður, sem fer vaxandi, þegar kemur til með meira viðhald, og er þetta mikið umhugsunarefni. Ég býst við, að leggja megi við þennan tilkostnað nokkuð af kostnaði við yfirstjórn flugmálanna.

Þá er það annað, sem fyrirspurnin hefur einnig leitt í ljós, en það er það, að svo hörmulega sem mest má vera hefur verið gengið frá greiðslum út af þessu. Fyrrv. flugmálarh. sendi hverja n. á fætur annarri, sumar til Kanada og sumar til Dublin, — ég held að það hafi verið 7 menn í sumum n. Þarna eru milljónaskuldir, og ef stj. getur ekki fengið þær greiddar, verður að hætta þessari þjónustu. Þarna er glöggt dæmi um það, hvernig flugmálunum hefur verið stjórnað. Þetta er eðlilegt, þar sem þessir menn vildu umfram allt losna við að láta Bandaríkjamenn hafa þessa þjónustu og taka hana, án þess að hafa nokkur ráð til þess. Vel getur farið svo, að við verðum að henda þessu öllu í Bandaríkjamenn og segja, að við höfum ekki ráð á þessu.

Ég tel það heppilegt, að nú hefur ráðh. tvisvar gefið þinginu skýrslu um þessi mál, og nú fær þjóðin að vita, hvernig gengur til þarna suður frá, því að annars hefði þessu verið leynt af núv. stj., sem hefur gert það, sem unnt hefur verið, til þess að bæta úr því, sem fyrrv. stj. hafði gert.

Annars er það alveg einstakt, að það skuli liggja við, að loka verði gistihúsi í nánd við Rvík, gistihúsi með um 80 rúmum, þar sem vantar gistihús, og kemur það einnig Rvík og ríkinu við, því að gestakoma er þeirra mál beggja. Ég vona, að haldið verði áfram að reka þetta hótel og að þjófar verði ekki látnir ráða þar lögum og lofum, eins og átt hefur sér stað.

27. Drykkjumannahæli og Skálholtsskóli.

Á 55. fundi í Sþ., 17. marz, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um drykkjumannahæli og um fyrirhugaðan bændaskóla í Skálholti (A. 536).

Á 56. fundi í Sþ., 18. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Forseti (JPálm): Ég vil taka fram vegna þess, hvernig stendur á um þingslit, að ég get ekki lofað, að fyrirspurnin verði rædd.

ATKVGR.

Fyrirspurnin leyfð með 25 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HV, HelgJ, HermG, IngJ, JóhH, JG, JJ, KTh, PO, SigfS, SB, SG, SÁÓ, StJSt, StSt, StgrA, ÞÞ, ÁS, BSt, BBen, BK, GJ, GTh, JPálm.

PÞ, SkG, BÁ, GÞG greiddu ekki atkv.

23 þm. (HB, HermJ, JJós, JS, JörB, LJóh, LJós, ÓTh, PZ, PM, SEH, SK, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, BG, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÍG) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Í fyrsta lagi tel ég, eins og nú er komið störfum þingsins, vafasamt, að tími verði til að ræða þessa fyrirspurn, og í öðru lagi eru sumar spurningarnar þannig, að mér sýnist lítið gagn muni að því verða að bera þær fram í fyrirspurnarformi, eins og það, þegar spurt er um, hver muni verða kostnaður ríkissjóðs við ótal mannvirki, sem er ekki farið að reisa. Ég greiði því ekki atkv.

Bernharð Stefánsson: Í því trausti, að þessi fyrirspurn seinki ekki afgreiðslu fjárl., segi ég já.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Með sama fyrirvara og hv. 1. þm. Eyf. segi ég já.

Björn Kristjánsson: Með sama fyrirvara og hv. 1. þm. Eyf. segi ég já.

Gylfi Þ. Gíslason: Ég tel, að þessi fyrirspurn sé misnotkun á fyrirspurnatímanum, en þar sem hefur verið venja hingað til að leyfa allar fyrirspurnir, mun ég ekki greiða atkv. og sit hjá.

Fyrirspurnin var ekki á dagskrá tekin framar.